Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Varnir gegn mengun.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um ráðstafanir gegn mengun [26. mál] (A. 26).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 26 leyft mér að flytja till. til þál. þess efnis, að ríkisstj. sé falið að láta undirbúa löggjöf um ráðstafanir til varnar gegn mengun. Það fer ekki á milli mála, að mengunarvandamálið, ef svo má segja, er eitt alvarlegasta vandamál, sem mannkynið stendur nú andspænis. Fram að þessu hafa margir talið það okkur Íslendingum nokkuð fjarlægt. Ýmislegt bendir þó til þess, að það hafi nálgazt okkur iskyggilega mikið. Við getum því vissulega ekki leitt það hjá okkur, heldur er brýn nauðsyn á, að við séum vel á verði í þeim efnum, verjumst mengunarhættunni eftir því sem kostur er og gerum í tæka tíð allar skynsamlegar varúðarráðstafanir.

Um þetta vandamál hefur mikið verið rætt og ritað að undanförnu. Fjölmiðlar hafa flutt okkur iskyggilegar fréttir af því. Heimspekktir vísindamenn hafa mælt alvöruþrungin varnaðarorð. Það væri að sjálfsögðu auðvelt að rekja hér margar umsagnir slíkra manna. Ég mun þó ekki fara út í það á þessu stigi, enda geri ég ráð fyrir því, að hv. alþm. hafi fylgzt allvel með því, sem sagt hefur verið um þessi mál að undanförnu, og ég vona, að flestir alþm. hafi fullan skilning á þessu máli og sé ljós sú nauðsyn, sem á því er, að þessu máli sé sinnt í tæka tíð hér hjá okkur, á meðan vandamálið er viðráðanlegt. Ég skal því reyna að stilla máli mínu í hóf. En ég hef að sjálfsögðu með því að flytja þessa till. viljað vekja athygli á þessu máli almennt og skapa þannig tilefni til þess, að það verði tekið til almennrar umræðu á hv. Alþingi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hvers kyns mengun í lofti, í vatni og á gróðri er orðin eitt allra mesta vandamál í þéttbýlum og iðnvæddum löndum. Eitrun lofts og vatns er orðið alvarlegt böl hjá iðnaðarþjóðum. Andrúmsloft sumra stórborga er orðið svo mengað, að til stórkostlegra vandræða horfir. Má heita, að þar sé orðið illbúandi. Geta naumast aðrir áttað sig á því en þeir, sem þangað hafa komið og þar hafa búið. Er stjórnendum þessara stórborga ekki annað meira áhyggjuefni. Fiskur drepst víða í ám og vötnum af völdum mengunar. Særinn við strendur landa er sums staðar orðinn hættulega mengaður, og það er ekki aðeins sjórinn við strendur landanna, sem er orðinn þannig mengaður, heldur berast iskyggilegar fregnir af því hvað eftir annað, að sjálf úthöfin séu orðin alvarlega menguð. Hafa jafnvel fréttir borizt af því ekki alls fyrir löngu, að úrgangsefni ýmiss konar séu flutt út á haf og kastað þar, og sjórinn þannig hafður fyrir ruslatunnu. Það er enginn vafi á því, hve þetta er hættulegt, og um þessi mál hafa, eins og ég sagði áðan, einmitt sérstaklega rætt heimspekktir vísindamenn og bent á þá stórkostlegu hættu, sem þessu væri samfara fyrir allt líf í sjónum. Og þeir hafa einmitt í því sambandi mælt mjög alvöruþrungin orð, sem ástæða er fyrir menn að hlusta á.

Það er einnig kunnugt, að gróður eitrast og eyðileggst í nágrenni iðjuvera og stórborga, og jafnvel er talið, að lífi fólks sé hætta búin. Kunnáttumenn spá því, að í sumum stórborgum verði orðið nær ólíft eftir nokkur ár, ef svo heldur fram sem nú horfir. Það fer því ekkert á milli mála, að hin sívaxandi mengun og mengunarhætta er að verða einn mesti bölvaldur mannkynsins. Og þetta er ekki aðeins vandamál stórþjóða og milljónaborga. Það er t. d. orðið vandamál hjá nágrannaþjóðum okkar, og þær munu þegar hafa gripið til ýmiss konar ráðstafana hjá sér til varnar gegn mengun og ráðgera að taka þessi mál til alveg sérstakrar athugunar.

Hér á landi var það að vísu svo, að það var lítið rætt um mengun til skamms tíma, og flestir hér munu hingað til hafa litið hana sem fjarlægt fyrirbæri. En þó hafa menn vaknað til umhugsunar um þessi mál á allra síðustu tímum. Það hefur vaxið hér áhugi og skilningur á gildi óspilltrar náttúru, og hefur komið til aukinn áhugi fyrir náttúruvernd. Það hefur svo leitt til þess, að menn hafa farið að hugleiða þessi mál nokkru meira en áður.

Það er sjálfsagt rétt, að enn höfum við hér á landi að miklu leyti sloppið við hættulega mengun. Þó er sannleikurinn sá, að það mál er engan veginn enn fullkannað. Það má vel vera, að mengun hér sé orðin meiri en menn almennt gera sér grein fyrir. Það er a. m. k. víst, að hér hefur orðið vart nokkurrar mengunar, enda þótt hún sé smámunir hjá því, sem annars staðar er. Enn þá er sem betur fer loftið hér yfirleitt hreint og tært, og landið er enn tiltölulega hreint og vötn og sjór að ætla má að mestu leyti laus við hættulega mengun. En

hættan er hér augljós og vaxandi, eftir því sem verksmiðjum fjölgar og iðnvæðing færist í aukana. En mjög er nú um það rætt, að hér þurfi að koma á fót stórfyrirtækjum, og m. a. hefur í því sambandi alveg sérstaklega verið rætt um olíuhreinsunarstöð, en það mun viðurkennt, að af slíkum olíuhreinsunarstöðvum geti stafað mikil mengunarhætta, a. m. k., ef ekki eru gerðar viðeigandi varúðarráðstafanir. Þess vegna er vissulega ástæða til að ihuga þessi mál mjög nákvæmlega, áður en ráðizt verður í þvílík stórfyrirtæki. Og það er áreiðanlegt, að hér þarf að vera vel á verði og gera í tæka tíð viðeigandi varnarráðstafanir.

Raunar er það svo, eins og áður er sagt, að hér munu engar fullnægjandi rannsóknir hafa farið fram til þessa á mengun. Helzt mun hér hafa verið athugað um mengun neyzluvatns og vatns, sem notað er í sambandi við fiskvinnslu. Munu þær athuganir hafa leitt í ljós talsverða mengun sums staðar. Einhver mengun mun og hafa komið í ljós í sjó í nágrenni þorpa og bæja.

Í sambandi við það, sem ég sagði um neyzluvatn, er rétt að minna á það, að það var að frumkvæði sveitarfélagasambandsins og vegna ályktunar, sem gerð var á fulltrúaráðsfundi þar 1966, skipuð af félmrh. haustið 1967 þriggja manna nefnd til að athuga og gera tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja verndun grunnvatns gegn hvers konar mengun. Þessi nefnd lauk störfum í árslok 1967 og sendi þá til ráðherra tillögur í frv.-formi ásamt ítarlegri grg. svo og uppkast að reglugerð. Þetta frv. fól í sér lagaheimildir til friðlýsingar neyzluvatnssvæða. Þetta frv. var lagt fyrir Alþ. haustið 1968, en dagaði þá uppi og mun ekki hafa verið endurflutt síðan, hvað sem því veldur. En það verður að segjast eins og er, að það er nokkuð óskiljanlegt, ekki sízt þar sem upp á síðkastið hafa farið fram miklar umr. um þessi mál öll og mengunarvandamálin verið mjög á dagskrá.

Ég sagði áðan, að það væri kunnugt um það, að einhverrar mengunar mundi hafa orðið vart í sjó í nágrenni þorpa og bæja. Þess er nú skemmst að minnast í því sambandi, að sjóbaðstað Reykvíkinga, Nauthólsvík, hefur verið lokað vegna óþrifa eða mengunar þar. Kunnugir telja, að allmikið kveði að því á fjörum í nágrenni höfuðborgarinnar, að þar reki ýmiss konar úrgang, sem reynzt gæti skaðlegur og mengað umhverfi sitt. Á s. l. sumri mun hafa farið fram allumfangsmikil rannsókn á vegum Reykjavíkurborgar á mengun sjávar umhverfis Reykjavík. Þessar athuganir á mengun, sem ég hef minnzt á, viðvíkjandi neyzluvatni og vatni í sambandi við fiskvinnslu munu einkum hafa farið fram á vegum tiltekinna rannsóknarstofnana, sem hafa eitthvað fylgzt með í þeim málum.

Það er og kunnugt, og hefur raunar verið rætt um það nýlega á hv. Alþ., að fram hafa farið athyglisverðar athuganir á gróðri í nágrenni álverksmiðjunnar. Athuganir Ingólfs Davíðssonar grasafræðings benda til þess, að þar geti verið um hættulega flúormengun að ræða. Sérstaklega benda til þess þær athuganir, sem hann hefur gert á gróðri í Hafnarfirði. Það mál mun nú vera í nánari rannsókn, og skal ég ekki ræða það sérstaklega hér. E. t. v. hafa fleiri slíkar rannsóknir varðandi þessi mál farið hér fram, þó að mér sé ekki kunnugt um það. En ég verð að segja, að frá leikmanns sjónarmiði lítur þetta þannig út, að þörf sé meiri rannsókna á því, hver mengun sé hér, og í annan stað virðist af því, sem þegar er kunnugt, sú ályktun liggja nærri, að mengunar muni gæta hér nú þegar meira en menn hafa gert sér grein fyrir hingað til. Hér þarf því að bregðast við skjótt og gera viðeigandi ráðstafanir. Í þessum efnum megum við vissulega ekki fljóta sofandi að feigðarósi, og í því sambandi eigum við að láta víti annarra þjóða verða okkur til varnaðar. Og ég kem að því aftur og undirstrika það, sem ég sagði áðan, að því meiri ástæða er einmitt nú til árvekni í þessum málum, að það er verið að tala um og bollaleggja um að setja hér upp ýmiss konar iðjuver og þá alveg sérstaklega olíuhreinsunarstöð. Auðvitað dettur mér ekki í hug að halda því fram, að vegna mengunarhættu í sambandi við iðjuver megum við eða getum lagt hendur í skaut og hætt að hugsa um slíkt með öllu. Auðvitað verðum við að iðnvæðast, en það verður að halda þannig á málum, að það sé fyrst og fremst athugað, áður en í slíkt er ráðizt, hver hætta stafar af, og um leið og stofnað er til þvílíkra fyrirtækja gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að afstýra hættu, eftir því sem kostur er.

Ég hygg, að allir geti orðið sammála um það, að við megum ekki glata þeim auði, sem við eigum í óspilltri náttúru. Við megum ekki láta mengun spilla hér okkar hreina andrúmslofti. Við megum ekki láta mengun spilla lífinu í sjónum við strendur þessa lands. Við megum ekki láta óhreinindi og mengun eyðileggja hinar dýrmætu ár okkar og fiskivötn. Hér ber því allt að sama brunni, að hér má ekki sofa á verðinum. Það þarf þegar að rannsaka, hvernig ástatt er. Það þarf að rannsaka löggjöf alla, sem að þessu lýtur, og það þarf að hefjast handa um setningu nauðsynlegrar löggjafar og fylgja henni fram undanbragðalaust.

Ég veit vel, að það eru ýmsir aðilar, sem sinna þessum málum, og ég veit, að það er til ýmiss konar löggjöf, sem grípur inn á þessi mál. Má þar náttúrlega fyrst nefna lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ríkisins, þar sem sú stofnun á einmitt m. a. að hafa glöggar gætur á þessum málum. Og enn fremur má náttúrlega nefna lög um náttúruvernd, sem koma mjög inn á þetta efni. Og þar er auðvitað fjallað um mál, sem mjög eru skyld þessum efnum, sem hér er um að ræða. En ég undirstrika það, sem ég sagði, að Heilbrigðiseftirliti ríkisins ber auðvitað sérstaklega að fylgjast með í þessum efnum, en það er gert ráð fyrir því í þessum lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem sett voru hér á árinu 1969, að það verði sett ein heilbrigðisreglugerð fyrir landið allt, sem gildi fyrir öll sveitarfélög, og í þeirri reglugerð á að taka fram um efnisatriði heilbrigðiseftirlitsins, svo sem um valdsvið heilbrigðisnefnda, hreinlæti utanhúss, t. d. á götum, lóðum og fjörum, um vatnsveitur, salerni, frárennsli, um hirðingu á sorpi, um eftirlit með matvælaframleiðslu, um varnir gegn mengun o. fl. Það er, eins og ég drap á áður, kunnugt, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur haft með höndum eitthvert eftirlit í sambandi við frystihúsin og það vatn, sem notað er þar við matvælaframleiðslu. Rannsóknastofnun iðnaðarins mun hafa fengið það hlutverk að fylgjast með hugsanlegri mengun af völdum álverksmiðjunnar. Það er ekki langt síðan hér var sett sérstök eiturefnalöggjöf, sem auðvitað kemur mjög inn á þetta efni, sem hér er fjallað um, mengun og mengunarhættu.

Það eru þannig í gildi hér ýmis lög, sem snerta þessi mál og veita ýmsar og sjálfsagt víðtækar heimildir til aðgerða í þessum efnum. En ég held, að það sé þörf á alveg sérstakri löggjöf um þessi mál. Ég held, að það þurfi að fela einhverjum ákveðnum aðila, ráði eða stofnun, meðferð þessara mála eða yfirstjórn þessara mála. Annars er hætta á, að eyður verði, að mismunandi framkvæmd verði hjá hinum ýmsu aðilum, sem um þessi mál eiga að fjalla, að einn vísi e. t. v. frá sér til annars, að einn treysti á annan í þessu sambandi o. s. frv. Ég held, að það sé brýn nauðsyn, að við tökum þessi mál mjög alvarlegum tökum. Ég held, að við getum í því efni tekið okkur Dani til fyrirmyndar. En þar er mengunin orðin alvarlegt vandamál. Þar var s. l. sumar sett á stofn sérstakt opinbert ráð eða nefnd til þess að koma fastri skipan á þær ráðstafanir, sem Danir telja að gera verði til þess að verjast menguninni og standa betur að vígi í þeirri baráttu. Þetta mengunarráð í Danmörku er þegar tekið til starfa og hefur þegar gert ýmiss konar ráðstafanir, sem m. a. hefur verið skýrt hér frá í blöðum, að ég hygg á þessu sumri. En þetta mengunarráð, ef kalla má það því nafni, hefur alveg sérstaklega tekið til rannsóknar afrennslisvatn frá iðnverum, skolpleiðslur, staðsetningu sorphauga og fleira af því tagi. Enn fremur hefur það alveg sérstaklega tekið til athugunar, að ég hygg, olíumengunina og þá ekki hvað sízt í höfnum, og það hefur verið bent á nauðsyn þess, að komið væri upp sérstökum geymum fyrir úrgangsolíu frá skipum og öll skip væru skylduð til þess að tæma og hreinsa alla úrgangsolíu í slíka geyma. Og fleira mætti segja um það. En eins og kunnugt er af fregnum, þá er olíumengunin í höfunum orðin eitt mesta áhyggjuefnið.

Ég skal nú ekki rekja þessi mál neitt sérstaklega frekar hjá Dönum, en það er einmitt ástæða til þess að kynna sér það, hvað þeir hafa gert og hvað þeir hyggjast gera, og það mundi að sjálfsögðu verða gert í sambandi við setningu þvílíkrar löggjafar, sem hér er lagt til, að unnið verði að. Og ég hygg reyndar, að það sé mjög sömu sögu að segja frá öðrum Norðurlandaþjóðum í þessu efni.

Ég held sem sagt, að það sé mikil þörf á því að setja hér stranga allsherjarlöggjöf um þessi mengunarvandamál og gera það í tæka tíð, áður en þau eru orðin eins brennandi hjá okkur og hjá nágrannaþjóðum okkar. Og ég held fyrir mitt leyti, að það væri eðlilegast að skipa þessum málum þannig, að setja upp sérstakt mengunarráð eða mengunarmálastofnun, sem hefði mjög víðtækt vald til að stöðva framkvæmdir t. d., víðtækt vald til þess að krefjast öryggisráðstafana í sambandi við framkvæmdir o. s. frv. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma. Ég geri ráð fyrir, að ef þessi till. verður samþ., sem ég vona, þá verði kvaddir til sérfróðir menn til þess að fjalla um þessi mál og til þess að undirbúa löggjöf um þessi efni.

Ég hef með flutningi þessarar þáltill. viljað koma málinu af stað og hef viljað vekja menn til þess að sinna þessu máli. Vel má vera, að það megi breyta þessari þáltill. minni í einhvern annan búning, gera hana ítarlegri og segja nánar fyrir um það, hvernig ætlazt er til, að ríkisstj. sinni þessu verkefni, t. d. með aðstoð sérfræðinga og því um líkt. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að taka allar þvílíkar ábendingar til greina og vona, að sú n., sem fær þessa þáltill. til meðferðar, íhugi þau atriði, og mun ekki standa á mér um samvinnu í því efni, því að auðvitað er orðalag og form þessarar till. ekkert aðalatriði í þessu sambandi.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að umr. um þessa þáltill. verði frestað og henni vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (A. 26, n. 144).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Efni þessarar till., sem hér liggur fyrir á þskj. 26, er að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um ráðstafanir til varnar gegn skaðlegri mengun í lofti og vatni. Eins og segir í grg. till., er það nú svo, að mengun lofts og vatns er orðin eitt af mestu vandamálum í þéttbýlum iðnaðarlöndum. Hér á landi hefur þegar orðið vart nokkurrar mengunar, sem má þó teljast smámunir hjá því, sem annars staðar er við að stríða. Hér er loft enn þá yfirleitt tært og landið tiltölulega hreint og vötn og sjór að mestu ómenguð. En hættan er hér augljós og vaxandi, þegar verksmiðjum fjölgar og iðnvæðing færist í aukana. Flestir munu sammála um það, að koma verði í veg fyrir, að mengun spilli sjávarlífi við strendurnar eða andrúmsloftinu og dýrmætum ám eða fiskivötnum. Allshn. hefur athugað þessa till., sem fyrir liggur á þskj. 26, og leggur til, að hún verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 183).

2. Skoðanakannanir.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á framkvæmd skoðanakannana [27. mál] (A. 27).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Till. sú, sem fyrir liggur á þskj. 27, var flutt af mér á síðasta Alþ., en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu. Allshn., sem till. var vísað til, hafði þó skilað áliti, þar sem sex af sjö nm. mæltu með samþykkt hennar, þó með einni breytingu, sem mér finnst ekki skipta máli efnislega. Ég hef að þessu sinni flutt till. eins og n. lagði til, að hún yrði, í von

um, að samkomulag gæti þá orðið um hana þannig breytta.

Síðan till. þessi var flutt, hafa töluverðar umr. orðið um skoðanakannanir á opinberum vettvangi hér á landi. Eru það einkum tvær tegundir skoðanakannana, sem áhuginn hefur beinzt að, kosningaspá annars vegar og hins vegar skoðanakannanir til undirbúnings framboðum. Ég mun síðar í öðrum samböndum víkja fáum orðum að þessum atriðum hvoru um sig, en hér vil ég aðeins taka það fram, að hvoruga þessa tegund skoðanakannana hafði ég í huga, er ég flutti till., enda eru þessar skoðanakannanir að mínu áliti ekki þess eðlis, að ástæða sé til þess að óbreyttum þeim viðhorfum, sem nú eru a. m. k., að Alþ. hafi af þeim afskipti.

En jafnhliða umræðum um skoðanakannanir hefur mikið verið talað um nauðsyn þess að efla lýðræðið, eins og það er orðað. Ekki skal hér farið út í það að skilgreina, hvað sé lýðræði, enda býst ég við, að í hópi svo margra æfðra stjórnmálamanna sem hér eru verði slíkt talið fánýtt, þar sem lýðræði sé glamuryrði, þannig að notkun þess þjóni ekki öðrum tilgangi en þeim að skella í eyrum áheyrenda, en merking orðsins eins og annarra glamuryrða geti verið hver sem verkast vill, ef hún sé þá nokkur. Í þessu er vafalaust sannleikskjarni, og skal ég því eftir megni sneiða hjá öllum bollaleggingum um það, hvað sé lýðræði. En hvað sem því líður, þá virðist sú skoðun eiga vaxandi fylgi að fagna, bæði hérlendis og í nágrannalöndunum, að æskilegt sé, að kannað sé, hver sé vilji almennings, áður en stjórnvöld og eftir atvikum aðrir aðilar taka ákvarðanir sínar.

Á síðasta Alþ. var, eins og hv. þm. er kunnugt, m. a. samþykkt þáltill. um athugun á því, hvort ekki væri unnt að rýmka um möguleika á því að skjóta málum undir þjóðaratkvgr. frá því, sem nú er. Ekki er að mínu áliti nema gott eitt um þetta að segja, en þjóðaratkvgr. eru kostnaðarsamar og henta ekki, nema málin liggi svo einfaldlega fyrir, að aðeins sé um tvo kosti að velja. Því hljóta þannig alltaf að verða þröng takmörk sett, hvaða málefni er hægt að bera undir þjóðaratkv. En stjórnvöld geta oft talið það æskilegt að kynna sér skoðanir og vilja almennings eða tiltekins hóps í ýmsum öðrum málum en þeim, sem henta fyrir þjóðaratkvgr., og er þá erfitt að koma auga á aðra leið en þá, að efnt sé til skoðanakannana í einni eða annarri mynd. Ef um afmarkaðan, fámennan hóp er að ræða, er hægt að hafa beint samband við hvern einstakan, t. d. með því að senda út spurningalista, og má nefna ýmis dæmi um það, að sú leið hefur verið farin. Mig minnir, að þegar ég talaði fyrir þessari till. á síðasta þingi, þá nefndi ég sem dæmi ýmsar skoðanakannanir, sem framkvæmdar hafa verið í þessa átt á vegum skólanna eða nefnda eða annarra aðila, sem um þau hafa fjallað. Leitað hefur verið t. d. álits kennara á hugsanlegum breytingum á tilhögun námsefnis o. s. frv. Í öðru lagi má beita þeirri aðferð að velja úrtak, og oft er það þetta, sem öðru fremur er haft í huga, þegar um skoðanakannanir er rætt. Ég vil þó vekja athygli á því, að hugtakið skoðanakannanir er víðtækara en svo, að endilega þurfi að vera þar átt við úrtaksrannsóknir.

Kostur þess að velja úrtak er í fyrsta lagi sá, að sé úrtakið valið eftir réttum reglum, getur lítið úrtak verið fullnægjandi til þess að gefa rétta mynd af vilja eða skoðunum fjöldans. Sem dæmi um þetta má nefna það, sem ég drap á í upphafi, að við kosningaspár, þegar þær eru gerðar, er það venjulega þessi aðferð, sem beitt er. Á s. l. sumri urðu einmitt nokkrar umræður um kosningaspárnar, gildi þeirra og réttmæti í íslenzkum blöðum. Af hálfu sumra þeirra aðila, sem í þessu tóku þátt, fannst mér gæta mikils misskilnings og ókunnugleika á því, hvað hér er um að ræða. Þar var m. a. dregin sú ályktun af því, að kosningaspár, sem gerðar voru fyrir kosningarnar í Bretlandi á s. l. vori, hefðu ekki staðizt, að þar með væri skorið úr um það, að slíkar kosningaspár væri ekki neitt að marka. Nú vildi svo vel til, að skömmu eftir kosningarnar í Bretlandi fór ég til Englands og dvaldi þar í nokkrar vikur. Um þetta var töluvert skrifað í enskum blöðum, en þar voru dregnar af þessu allt aðrar ályktanir. Í fyrsta lagi má segja, að þó að slík skekkja kunni að koma fyrir, þá væri fljótfærnislegt að draga af því þá ályktun, að ekkert sé að marka slíkar spár. Það getur, eins og við vitum, endrum og eins komið fyrir, að spár veðurstofunnar um veður standist ekki, en ekki hefur þó almennt verið dregin af slíku sú ályktun, að leggja bæri veðurþjónustuna niður. Það er mál út af fyrir sig. En í því, sem í ensku blöðunum var skrifað, var í fyrsta lagi á það bent, að tæknin við að gera slíkar kosningaspár væri komin á það stig, að þær mættu teljast nokkurn veginn nákvæmar, og var vitnað í fjölda kosninga, sem farið hefðu fram að undanförnu, þar sem þessar spár hefðu yfirleitt fullkomlega staðizt. Hér væri þó um undantekningu að ræða að vísu. En það, að spáin stóðst ekki, var skýrt á þann veg, sem nærtækt er í rauninni, að af tæknilegum ástæðum hljóti niðurstöður slíkrar skoðanakönnunar alltaf að vera nokkrum dögum á eftir. En á síðustu dögum fyrir kosningarnar ensku komu einmitt fram upplýsingar um viðskiptajöfnuð landsins. Hann var óhagstæðari en menn höfðu gert ráð fyrir, og það kom verkamannastjórninni og málflutningi hennar í opna skjöldu, þannig að taldar voru líkur á því, að þessi kosningaspá hefði verið rétt, þegar hún var gerð, þó að viðhorf í þessum efnum breyttust svo á þessum síðustu dögum. Nei, ég held, að menn séu sammála um það, að tæknin í þessum efnum sé komin á það hátt stig, að slíkar kosningaspár sé mjög mikið að marka og undantekning, ef þær standist ekki. Hitt er svo annað mál, hvort æskilegt er að gera slíkar spár, hvort þær þjóna skynsamlegum tilgangi. Um það má auðvitað deila, og mín skoðun er sú, að þó að það skaði að vísu ekki, að slíkar spár séu gerðar, þá megi þetta teljast frekar með ómerkari tegundum skoðanakannana, því að í rauninni þjóna þær þeim tilgangi einum að svala forvitni manna um það, hver úrslit kosninganna verði, áður en úrslitin liggja fyrir.

En annar kostur er líka á úrtaksaðferðinni, nefnilega sá, að sé henni beitt, fyrirbyggir sú aðferð eða a. m. k. torveldar mjög alla áróðursstarfsemi. En sú hætta er vissulega fyrir hendi, ef skoðanakannanir eru með kosningafyrirkomulagi, að þær skekkist vegna áróðurs, sem beitt er til að hafa áhrif á þátttakendur skoðanakannana. Rétt væri kannske, áður en lengra er haldið, að ég gerði aðeins í örstuttu máli grein fyrir skoðun minni á því, hver sé munur á kosningum og skoðanakönnunum.

Í stuttu máli er hann sá, að eðlilegt er að tala um kosningar, ef niðurstaða skoðanakönnunarinnar er

bindandi, þannig að vald liggi þá að baki kosningafyrirkomulaginu. Um eiginlega skoðanakönnun er hins vegar að ræða, ef niðurstöðurnar eru aðeins til hliðsjónar fyrir þá aðila, sem ákvarðanirnar taka. Nú eru þessar markalínur auðvitað ekki skýrar, því að oft getur það verið þannig, að raunverulega telja þeir aðilar, sem ákvarðanirnar taka, niðurstöður skoðanakannana bindandi, þó að svo sé ekki formlega. Af þessu leiðir í rauninni, að eðlismunur á kosningum og skoðanakönnunum er lítill, þannig að telja má eðlilegt, að það séu nokkurn veginn sömu reglur, sem mundu vera látnar gilda í báðum tilvikum.

En annar kostur úrtaksathugana er fólginn í því, að sé þeirri aðferð beitt, þá torveldar það áróðursstarfsemi. Nú geta menn auðvitað um það deilt, hvort áróður beri að telja af því góða eða því illa. En það er nú þannig með allan áróður gagnstætt hlutlausum upplýsingum, sem kunna að vera gefnar og vissulega eru leiðbeinandi fyrir þá, sem láta skoðun sína í ljós, og ekki nema gott eitt um það að segja, að áróðurinn er, jafnvel þó að rekinn sé með tiltölulega heiðarlegum hætti, einhliða og villandi og því æskilegt, að honum sé haldið í skefjum. Í öðru lagi má á það benda, að fram hjá því verður ekki komizt, að allur skipulagður áróður kostar fé og skapar því sérstaka aðstöðu þeim til handa, sem geta og vilja beita fjármunum til þess að hafa áhrif á niðurstöður skoðanakannana sér í vil, og sama á í rauninni við um kosningar. Það var a. m. k. skoðun forfeðra okkar, að það væri að hafa rangt við í spilinu að bera fé í dóminn, eins og þeir orðuðu það. Og þó að ég telji mig að vísu ekki neinn sérfræðing um þau efni, sem hér eru til umr., þá held ég, að ég megi fullyrða það, að skoðun vísindanna á þessum efnum er sú sama og forfeðra okkar, að það skekki niðurstöðuna, ef tækifæri er gefið til þess að bera þannig fé í dóminn.

Það eru slíkar skoðanakannanir á vegum stjórnvalda, sem óska að kynna sér vilja almennings og hafa hann til hliðsjónar, þegar ákvarðanir eru teknar, sem ég hef hér fyrst og fremst í huga. En einkaaðilar geta auðvitað líka haft áhuga á skoðanakönnunum, og gætu þeim komið að gagni niðurstöður þeirrar athugunar, sem hér er lagt til, að gerð verði. Fyrirtæki geta t. d. haft áhuga á því að kynna sér smekk og viðhorf viðskiptavina sinna, fjölmiðlar á því að kynna sér viðhorf almennings til dægurmála, sem ofarlega eru á baugi hverju sinni, o. s. frv. Þá má og nefna það, sem ég drap á í upphafi og veitt hefur verið mikil athygli hér á landi að undanförnu, en það eru prófkjör og skoðanakannanir fyrir framboð á vegum stjórnmálaflokkanna. Fyrirmyndin er bandarísk, eins og kunnugt er, og þar í landi þykir sjálfsagt, að rekin sé áróðursstarfsemi í sambandi við slíkar kosningar á svipaðan hátt og ef um almennar kosningar væri að ræða, þannig að enginn býður sig fram við slík prófkjör, nema hann eða stuðningsmenn hans hafi yfir miklu fjármagni að ráða til þess að leggja í kosningabaráttu. Að taka þátt í slíkri baráttu án þess að geta lagt slíka fjármuni fram, væri jafnfráleitt og að ætla sér að taka þátt í skíðakeppni án skíða og skíðaútbúnaðar.

Nú er auðvitað ekki svo að skilja, að fólki sé beinlínis mútað til þess að kjósa tiltekinn frambjóðanda. Leynilegar kosningar útiloka slíkt, því að ef kosningar eru leynilegar, þá er aldrei hægt að tryggja það, að við gefin loforð í því efni verði staðið, það er mér fyllilega ljóst. En hitt er ekki álitamál, eins og ég áðan sagði, að allur skipulagður áróður kostar fé, hvort sem hann er í mynd blaðaútgáfu, fundahalda eða þeirri, að menn eru gerðir út á vinnustaði eða aðra staði, þar sem fólk kemur saman, til þess að bera lof á kandidatinn og segja misjafna hluti, sanna eða ósanna eftir atvikum, um keppinautana. Þeir lítilþægari láta sér kannske stundum nægja þá umbun að fá veitingar í föstu eða fljótandi eftir atvikum, en aðrir kunna að ætlast í því efni til fleira, og veitingarnar kosta líka peninga, ef það er fjölmennur hópur, sem hlut á að máli, undir öllum kringumstæðum. Eins og ég þó þegar hef sagt, er það auðvitað mál stjórnmálaflokkanna, hvaða starfsreglum þeir fylgja í þessu efni, og að mínu áliti utan verkahrings Alþingis að hafa áhrif þar á. Þó mundi það auðvitað breyta viðhorfum í þessum efnum, ef farið væri inn á þá braut, að flokkarnir yrðu styrktir af almannafé, og í rauninni má segja, að inn á hana hafi þegar verið farið með styrkjum til dagblaða. Hugmyndir eru uppi um það, og má vissulega færa fyrir því viss rök, að til þess að skapa flokkunum jafnréttisaðstöðu til þess að túlka málstað sinn fyrir kjósendum, geti komið til greina og jafnvel verið eðlilegt, að starfsemi þeirra sé styrkt af almannafé. En ef svo er, væri ekki óeðlilegt, að Alþ. gerði það a. m. k. að skilyrði fyrir styrkveitingum, að flokkarnir fylgdu starfsreglum, sem væru í samræmi við skoðanir meiri hluta Alþingis á því, hvað væru réttar starfsaðferðir í samskiptum manna á milli. Þetta mál kemur e. t. v. síðar fyrir Alþ. í einni eða annarri mynd. Mér skilst, að á nýafstöðnu flokksþingi eins stjórnmálaflokksins hafi verið samþykkt að beita sér fyrir því, að Alþ. setji löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokkanna, og kann það mál þá að koma upp að nýju.

En hvað sem þessu líður, og þó að það sé auðvitað mál flokkanna að ákveða starfsreglur sínar, þá á það sama við um þá og aðra einkaaðila, sem ég nefndi, að óski þeir að nýta reglur skoðanakannana bæði við val frambjóðenda og til þess að kynna sér vilja flokksmanna í öðrum efnum, gæti niðurstaða þeirrar athugunar, sem hér um ræðir, komið að miklu gagni. Ef flokkarnir óska t. d. að fá fram vilja flokksmanna sinna eða stuðningsmanna, eins og hann kæmi fram, ef þeir beittu dómgreindinni óbrjálaðri af áhrifum áróðurs, þá væri t. d. úrtaksathugun ein þeirra leiða, sem til greina kæmi. Ef úrtaksathugunin er t. d., svo að dæmi sé nefnt af handahófi, framkvæmd á þann hátt, að aðeins þeir, sem fæddir eru í júlímánuði, eru látnir taka þátt í skoðanakönnuninni, þá mundi það þýða, að 11/12 af þeim fjármunum, sem lagðir væru í áróður, væri kastað á glæ, því að auðvitað fær enginn að vita um það, hvernig úrtakið er valið, þannig að a. m. k. við okkar aðstæður, þar sem það er þó undantekning, að menn hafi peninga alveg eins og vatn, — við þekkjum það ekki, sem til mun vera í Bandaríkjunum, að í finum samkvæmum eru 10 dollara seðlar notaðir sem sígarettukveikjarar, í þeim tilvikum mundi þetta kannske ekki vera hemill, en miðað við okkar aðstæður hlyti þetta undir öllum kringumstæðum að draga mjög úr allri áróðursstarfsemi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til tiltölulega ítarlegrar grg. minnar fyrir þáltill., sem í rauninni er tekin að

mestu óbreytt frá því, er ég flutti málið á síðasta þingi.

Ég vil svo að lokum leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 27, n. 138).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. þessi til þál. um athugun á framkvæmd skoðanakannana lá fyrir Alþ. í fyrravetur og var þá afgreidd frá allshn. með tilmælum um samþykkt, en sökum tímaskorts var hún þá ekki afgreidd. Nú hefur hún verið endurflutt og afgreidd á sama hátt frá allshn. Meiri hl. hennar leggur til, að till. verði samþ. Flm. till. gerði ítarlega grein fyrir því, hvað að baki till. lá, þegar hún var lögð fram, og sé ég ekki ástæðu til þess að ræða málið frekar, hygg, að öllum þingheimi sé innihald till. full ljóst og sú hugsun, sem að baki þessu liggur. En sem sagt, eins og ég gat um áðan, leggur allshn. til, að till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 184).

---

3. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á deildafundum 16. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar [180. mál] (A. 269).

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég flyt hér þáltill. á þskj. 269 um að Alþ. álykti að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá morgundeginum eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman að nýju eigi síðar en 25. jan. Þessi till. er í samræmi við slíkar till., sem áður hafa verið hér til meðferðar undir slíkum kringumstæðum. Ég hef ástæðu til þess að ætla, að menn séu yfirleitt sáttir á þennan tíma, sem ætlaður er til þinghlésins. Ég held, að það hafi oftast verið svo, að þessi till. hafi ekki farið til n., og vildi þess vegna mega leggja til, að svo yrði enn, að till. yrði afgr. án þess að hún færi til n., og vil biðja forseta að hlutast til um, að hún geti náð samþykki í dag. Þá er gert ráð fyrir, að við getum lokið störfum þingsins í dag eða ekki síðar en á morgun, sem kynni að verða, ef þingstörfin drægjust eitthvað á langinn, þau, sem eftir eru nú í dag.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 293).

---

4. Æðarrækt.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um stuðning við æðarrækt [49. mál] (A. 49).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. og 11. fundi í Sþ., 17. og 24. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 49 flyt ég ásamt nokkrum hv. þm. till. til þál. um stuðning við æðarrækt. Till. þessi felur það í sér, að ríkisstj. láti athuga, á hvern hátt bezt verði unnið að stuðningi við ræktun og verndun æðarfugls, og sérstaklega verði athugað að láta nú þegar endurskoða ákvæði laga um eyðingu svartbaks og annarra vargfugla með það fyrir augum að beita raunhæfari aðgerðum en hingað til hefur verið beitt í þessum efnum.

Um þetta efni hefur að sjálfsögðu oft verið fjallað á sviði löggjafar. Löggjöf, sem markaði hvað mest þáttaskil á þessu sviði, var frá 1913, en áður giltu lög frá 1890, og enn fyrr voru aðalákvæðin um þetta efni í veiðitilskipun frá 1849. Ég vil geta þess áður en lengra er haldið, að þessi till. var flutt á síðasta þingi, og var þá 1. flm. hennar Sigurður Bjarnason, núv. ambassador Íslendinga í Kaupmannahöfn. En það er nokkuð táknrænt, að það var einmitt séra Sigurður Stefánsson í Vigur, sem var einn helzti hvatamaður að setningu laganna 1913, þáv. þm. Ísfirðinga. Það er einmitt hann, sem mest og ítarlegast hefur skrifað um þessi efni. Má þar benda á hina merku ritsmíð hans, sem birtist og var gefin út sem sérprentun úr Búnaðarritinu 1917. Til þess að gefa örstutt yfirlit yfir það, um hvað þessi sérprentun fjallar, má geta þess, að henni er skipt í fimm aðalkafla.

Það er ágrip af sögu æðarvarpsins, æðarvarpið um varptímann, aldur æðarfuglsins, nýverpi og loks er greint frá félagsskap og samtökum varpbænda á ýmsum tímum.

Svo sem kunnugt er, hefur æðarfuglinn löngum verið einn mesti nytjafugl á Íslandi. Æðarrækt er því forn og þjóðleg búgrein, sem því miður hefur ekki blómgazt eins og ætla mætti á síðustu árum. Liggja til þess ýmsar ástæður. Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir þá lögvernd, sem gilt hefur á hinum ýmsu tímum, hefur æðarstofninum hnignað mjög á undanförnum árum og eftirtekja hans nú orðin mjög rýr miðað við það, sem verið gæti. En æðardúnninn er, eins og öllum er kunnugt, mjög dýrmæt vara, hvar sem vera skal.

Fyrir um það bil ári síðan var stofnað Æðarræktarfélag Íslands, félag eigenda æðarbyggða og annarra áhugamanna um þessi málefni. Það markaði stefnuskrá m. a. á þá leið að láta vinna að endurskoðun laga um verndun æðarfugls og fá einnig sett lög um gæðamat á æðardún. Frv. um það efni var lagt fyrir síðasta Alþ. og náði greiðri afgreiðslu sem lög um gæðamat á æðardún. Hins vegar dagaði þessa þáltill. uppi á síðasta þingi, en hún er nú endurflutt fyrir eindregin tilmæli áhugamanna á þessu sviði.

Það má að vísu segja með réttu, að lög um þessi efni eru tiltölulega ný af nálinni. Núgildandi ákvæði er að finna m. a. í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33 1966 og lögum um eyðingu svartbaks nr. 50 frá 1965. Eigi að síður er talin mikil þörf á að láta endurskoða lög þessi. Hingað til hefur þetta verið stöðugt viðfangsefni þeirra, sem hug hafa á þessum málum. Vil ég geta þess, að snemma árs 1969 fluttu tveir hv. þm. Vestf. frv. til laga um breytingu á lögum um eyðingu svartbaks. Því frv. var vísað frá með rökstuddri dagskrá, en til þess má þó væntanlega rekja reglugerð, sem sett var í maí 1969 um eyðingu svartbaks með phenimali. Var hún gefin út af menntmrn. 5. maí 1969. Þrátt fyrir þessar heiðarlegu tilraunir til þess að koma þessum málum í viðunandi horf, þá hefur það ekki tekizt betur en svo, að æðarstofninum hnignar stöðugt og eftirtekjan rýrnar, eins og ég gat um áðan. Það er t. d. að heita má almennt álit manna, að hin svokölluðu skotlaun hafi sáralitla þýðingu. Það sé miklu áhrifameira að beita lyfjum, sem stuðlað geta að fækkun vargfugla. Það fer ekki á milli mála, að svartbakurinn er skæðasti óvinur æðarfuglsins. Í því efni má líka geta þess, að það er ekki nóg með það, að svartbakurinn sé skæðasti óvinur æðarfuglsins, heldur hefur hin mikla fjölgun þessa vargfugls leitt það af sér, að hann er farinn að verpa uppi um heiðar og hálendi og leggjast á mófugl og fiska, sem hann nær í.

Það er athyglisvert í þessu máli, að þar hafa nú tekið höndum saman eigendur æðarbyggða, áhugamenn og einnig færustu vísindamenn okkar í þessum efnum. Hafa þeir ákveðið að vinna saman og reyna að leysa þetta mál með þeim aðferðum, sem nú eru helzt uppi meðal þeirra þjóða, sem þurfa að fást við svipuð viðfangsefni. Og þegar till. þessi er nú loks tekin á dagskrá til umr., vil ég biðja þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hraða afgreiðslunni sem mest hún má, því að þeir menn, sem ég áðan nefndi, hafa hug á því að fá samþykkta ákveðna fjárveitingu í fjárlögum, sem verða samþ. hér á þingi væntanlega eftir nokkra daga eða vikur, og einnig er ætlun þeirra að koma nýju frv. fram á þessu þingi og stuðla að því, að það verði samþykkt sem lög áður en þingi lýkur.

Ég vil því biðja hv. allshn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hafa snör handtök og afgreiða málið hið fyrsta. Ég legg svo til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. landbrh. er ekki viðstaddur hér, en ég hefði viljað beina til hans fsp. Það væri e. t. v. hægt, herra forseti, að stuðla að því, að hæstv. landbrh. yrði viðstaddur hér í salnum.

Ég er einn af flm. þeirrar till., sem hér hefur verið mælt fyrir, og ég hef í rauninni engu við það að bæta, sem hv. 1. flm. sagði um það mál. Ég geri ráð fyrir, að ef málið fer til allshn., þá muni verða reynt að hraða afgreiðslu þess, því að í þeirri n. hafa mál yfirleitt verið tekin svo fljótt til afgreiðslu sem unnt er.

Það var ekkert ofmælt, sem hv. 1. flm. sagði um það tjón, sem verður á æðarfuglastofninum af völdum svartbaks, og um fjölgun svartbaksins í landinu. Þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar til útrýmingar svartbaks, hafa ekki borið nægan árangur, og kann að vera, að þær greiðslur, sem nú koma fyrir að vinna svartbak, hafi ekki fylgzt með þróun verðlagsins, og yrði það þá að sjálfsögðu eitt af því, sem þyrfti að athuga.

Eins og hv. 1. flm. gat um, þá voru á síðasta þingi samþ. lög um mat á æðardún, og sú fsp., sem ég vil bera fram hér til hæstv. landbrh. eða til hæstv. ríkisstj., ef hæstv. ráðh. er ekki hér nærri, er varðandi framkvæmd þessara laga, hvort framkvæmd laganna sé hafin og þar með það mat á æðardún, sem þar er gert ráð fyrir. Ef þeir hæstv. ráðh., sem hér eru viðstaddir, treysta sér ekki til þess að svara þessu, þá vil ég mega vænta þess, að þessi fsp. verði flutt hæstv. landbrh., sem þetta mun heyra undir, eða e. t. v. er það menntmrh., það er ekki gott að greina þar á milli í þessum málum, en flutt þeim ráðh., sem með þessi mál hafa að gera, þannig að þeir geti þá gefið þinginu upplýsingar um þetta, sem ég er að spyrja um.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get ekki leyst úr þessari fsp. núna, en ég skal hlutast til um, að henni verði komið á framfæri og svar fengið við henni fyrir hv. þm.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 25. jan., var fram haldið einni umr. um till. (A. 49, n. 229).

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í fjarveru framsögumanns, hv. 3. þm. Austf., vil ég segja örfá orð um þetta nál. Þáltill. um stuðning við æðarrækt var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Snemma á þessu þingi var sams konar till. flutt af mér ásamt nokkrum öðrum hv. alþm. Allshn. hefur nú fjallað um þetta mál. Nm. urðu allir sammála um, að hér væri um þjóð-

nytjamál að ræða og beita þyrfti ákveðnari og sterkari aðgerðum til þess að koma í veg fyrir fjölgun svartbaks og annarra vargfugla og efla að öðru leyti stuðning við æðarrækt á allan hátt. Samkvæmt þessu mælir allshn. einróma með því, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 311).

5. Hitun húsa með raforku.

Á 4. fundi í Nd., 22. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um hitun húsa með raforku [50. mál] (A. 50).

Á 7. og 12. fundi í Nd., 29. okt. og 4. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Á þskj. 50 er þáltill. flutt af okkur sex þm. Sjálfstfl. hér í hv. d. um hitun húsa með raforku. Tillgr. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á iðnrh. að beita sér fyrir aukinni notkun raforku til húsahitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa. Stefnt skal að því að gera 5 ára áætlun um framkvæmd hitunarmálsins þannig, að innlendar orkulindir hiti hvert híbýli landsins að þeim tíma liðnum."

Nú veit ég, að hv. alþm. kannast við það, að þetta er ekki með öllu nýtt mál á dagskrá hér á Alþ., en málið er á hinn bóginn það stórt að áliti okkar flm., að það sé nauðsyn á að hreyfa því að þessu sinni. Auk þeirra raka, sem fram eru talin í stuttri grg., sem fylgir þessari þáltill., má draga fram ýmislegt fleira, og ég vil þá í örstuttu máli víkja að nokkrum frekari rökum. Ég veit það, að af sumum er talið, að vegna raforkukerfanna og orkuöflunar í landinu sé þetta mál ekki eins einfalt til skjótra framkvæmda og ýmsir og m. a. við flm. viljum vera láta. En út af því vil ég sérstaklega benda á eftirfarandi: Vélaafl vatnsorkuvera er yfirleitt ekki nýtt að fullu nema stutta stund á hverjum sólarhring, og þess vegna er auðvelt að auka nýtingu þess með orkusölu til húsahitunar utan há-álagstíma orkuveranna. Það má enn fremur benda á, að flutningslínur og dreifikerfi þau, sem nú eru til, geta tekið á sig aukinn orkuflutning, sem fylgir rafhitun utan há-álagstímans, að vísu ekki nema að vissu marki, án þess að leggja þurfi í fjárfestingar til þess að styrkja þessi mannvirki. En auk þess liggur í augum uppi, að það getur reynzt og verður yfirleitt arðbært að auka flutningsgetu gamalla kerfa vegna húsahitunarinnar og þá í sumum tilfellum að byggja eða koma upp nýjum kerfum með hliðsjón af slíkum orkuflutningi til viðbótar við almennan orkuflutning eða til almennrar notkunar.

Þá má einnig benda á, að á raforku, sem unnin er utan há-álagstíma í vatnsaflsstöðvum og flutt um dreifikerfi rafveitna, er mun lægar verð en þeirri forgangsorku, sem segja má, að nú sé mest notuð, og það leikur enginn vafi á því, að þessi afgangsorka, umframorka, er mjög vel samkeppnisfær við aðra orku til húsahitunar, jafnvel í sumum tilfellum við jarðvarmann.

Ýmsir aðilar hafa látið þessi mál til sín taka, þ. á m. Samband ísl. rafveitna, en það eru samtök rafveitnanna í landinu. Ég vil minna í því sambandi á nokkra þætti, t. d. það, að á fyrri hluta þessa árs, 1970, gekkst Samband ísl. rafveitna í samvinnu við Ljóstæknifélag Íslands fyrir sýningu, sem nefnd var Lýsing og hitun, og þáttur íslenzkra rafveitna var einmitt sá að annast þann hluta sýningarinnar, sem fjallaði um búnað til rafhitunar húsa. Upphaflega var einungis ætlunin að hafa þessa sýningu í Reykjavík, en þá kom strax í ljós mikill áhugi fyrir því, að farið yrði með hana víðar, og það varð því úr, að sýningin var sett upp á Akureyri í samvinnu við Rafveitu Akureyrar og að hluta á hennar kostnað, og enn fremur var hún sett upp á Egilsstöðum í samvinnu við Ragmagnsveitur ríkisins og að lokum í Vestmannaeyjum í samvinnu við Rafveitu Vestmannaeyja og á kostnað hennar. Í sambandi við sýningarnar á Akureyri og Egilsstöðum hélt framkvæmdastjóri Sambands ísl. rafveitna, Gísli Jónsson, sérstök erindi á vegum S.Í.R. um rafhitunina. Þá hefur Samband ísl. rafveitna gefið út leiðbeiningar um hönnun eða byggingu safnhitunargeyma fyrir næturhitun, og S.Í.R. hefur jafnan verið reiðubúið og látið í té margháttaðar upplýsingar og leiðbeiningar um rafhitun og lagt sig fram um að fylgjast með þessum málum og læra af því, sem gerist í nágrannalöndum. Þá er enn fremur rétt að minna á það, að hér kom fram um rafhitunarmálið fsp. á síðasta þingi, og þá var upplýst, að starfandi er nefnd á vegum Orkustofnunar til rannsókna á þessum málum. Ég hef að vísu ekki mikið frá þeirri nefnd heyrt, og ég tel það mjög miður, vegna þess að þetta mál er ákaflega þýðingarmikið og raunar eitt af stærstu sviðum til aukins framleiðslugildis í þjóðfélaginu, eitt af stærstu sviðum og auðnýttustu, sem við eigum nú völ á.

Það hefur alltaf nokkuð borið á því, að menn hafa viljað bera saman rafhitun og olíuhitun, og þar sem gengislækkun íslenzku krónunnar hefur nú á seinni árum ásamt öðrum atriðum leitt til hækkunar olíuverðsins, hefur þessi samanburður vitanlega orðið æ hagstæðari fyrir rafhitunina. Ég hef hér fyrir framan mig tölur, sem mér voru látnar í té, þar sem reiknað er út frá vissum forsendum, að þegar rafhitunin var 100, þá var olíuhitunin 112. Hlutfallstölurnar voru þessar, en nú hefur þetta eftir síðustu hækkanir á olíu breytzt þannig, að miðað við 100 á rafhituninni er olíuhitunin 117.5. Nú skal ég ekki fullyrða, að þessar tölur stæðust alla gagnrýni. Mér eru látnar þær í té af Sambandi ísl. rafveitna, og m. a. vil ég upplýsa það, að talið er, að greiðsluþol rafhitunar sé orðið 103 aurar á kwst. í samanburði við olíu. En öll þessi atriði leiða til þess og mörg fleiri, að þetta er, eins og ég sagði, stórmál, sem verður að taka miklu fastari tökum og knýja til meiri framkvæmda á næstunni en verið hefur að undanförnu. Það

eru að vísu mestar líkur til þess, að þar sem auðvelt er að nýta heitt vatn, verði það hagkvæmara m. a. vegna þess, að auk þess að fullnægja hitaþörfinni með heita vatninu er líka fullnægt verulegum hluta af vatnsþörfinni, sem í ýmsum tilfellum er mjög kostnaðarsamt. En þó er það svo, að ef ekki er því hagstæðari aðstaða til þess að afla heita vatnsins, þá mun rafhitunin í mörgum tilfellum geta keppt þar við. En svo eru stór svæði landsins, sem enga möguleika hafa til þess að nýta jarðhitann, þ. á m. yfirgnæfandi fjöldi sveitabýla í landinu og mjög margir þéttbýlisstaðir víða um land. Ekki er t. d. vitað um nema einn stað á Austurlandi, a. m. k. enn sem komið er, þar sem möguleiki mun vera á að ná í heitt vatn, sem nýtanlegt væri til hitunar í þéttbýlishverfi. Það er í nágrenni Egilsstaða. Nú kunna ýmsir að draga í efa, hversu mikið gildi slíkur tillöguflutningur kann að hafa til framdráttar málinu, en vitanlega er það aðalatriði málsins, og þess vegna setjum við viss stefnumörk í niðurlag till. um, að það sé gerð ákveðin áætlun, sem miðist við 5 ár um það að leysa þetta upphitunarmál, leysa það á þann hátt, að raforka hiti öll híbýli landsins, eins og þar er komizt að orði, ekki einasta íbúðir, heldur einnig vinnustaði, þar sem ekki verður hægt að fullnægja þessari hitaþörf á annan hátt með innlendum orkulindum.

Ég vænti þess og við flm. allir, að þessi till. fái góðan hljómgrunn hjá hv. alþm., og við viljum einnig vænta þess, að samþykkt hennar megi bera árangur. Við teljum það eðlilegt og raunar sjálfsagt, að þetta mál sé falið iðnrn. fyrst og fremst til þess að beita sér fyrir. Og ég held, að það sé að mörgu leyti sérstaklega heppilegt tækifæri um þessar mundir. Ég held, að það sé rétt, að áhuginn fyrir nýtingu raforkunnar til hitunar sé mjög mikill og skilningur á gildi þess. Það kann að vera, að hið háa verð á olíunni eigi þar verulegan þátt í, en ég held einnig, að það sé vaxandi skilningur á því, að það er ekki sama, hvort við greiðum andvirði hitans fyrir olíu og látum það þar með að mestu leyti fara út úr landinu eða við greiðum það fyrir raforku, þar sem meginhluti greiðslunnar verður greiðsla á orkuveri, sem nýtist í raun og veru líkt og sparifjárinnlegg eftir mismunandi langan tíma. En það er kunnugt og vita allir, að vatnsorkuverin endast mjög lengi og þau eru hrein gullnáma eftir að þau hafa verið afskrifuð til fulls.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. iðnn.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál nú, en ég vildi ekki láta umr. um það ljúka og málið fara til n. án þess að tjá mig um það, að ég tel, að hér sé hreyft mjög mikilvægu og merku máli, að auka upphitun húsa í landinu með raforku, og ég hygg, að það sé líka rétt metið hjá 1. flm., að það sé vaxandi áhugi á þessu, sem m. a. kemur fram í tillöguflutningi, sem fram er kominn á fundinum, þar sem vissir þm. vilja leggja áherzlu á, að sveitarstjórnirnar taki raforkumálin meira í sínar hendur en áður var, og þannig var nú eiginlega upphaf að raforkuframkvæmdum hér á landi, þó að nokkrar sveiflur hafi orðið á þessu bæði frá einum tíma til annars og á síðari árum. Það kom t. d. mjög greinilega fram í sambandi við Lagarfossvirkjunina, í grg. Rafmagnsveitna ríkisins, að þeirra hugmynd væri að byggja upp nýjan markað, nýjan raforkumarkað, í sambandi við áætlanir um húsahitun.

Það var lögð fram fsp. hér frá hv. 1. þm. Norðurl. e. til ríkisstj. um rannsókn á möguleikum til notkunar raforku til upphitunar. Hún er flutt í Sþ. og verður væntanlega svarað þar í næstu viku, ef hún kemst þá að, þegar þar að kemur, og þess vegna skal ég ekki víkja fleiri orðum að því nú, en það liggur í augum uppi, að við getum orðið á ýmsum stöðum í nokkrum erfiðleikum með hagnýtingu á raforku, enda þótt mjög hagkvæmt sé að virkja þar, vegna þess að okkur vanti neytendur. Þá liggur í augum uppi, að að mörgu leyti gætum við bætt aðstöðu okkar með því að auka okkar eigin rafnot einmitt til upphitunar á húsum, og er það einnig réttilega tekið fram, að aðstaðan til upphitunar frá orkulindunum er mjög misjöfn í landinu. Orkulindir okkar yrðu þá aðallega tvær. Það er annars vegar varmaorkan og hins vegar raforkan, sem fæst að mestu leyti úr fallvötnunum, en kynni líka á síðari stigum að fást frá varmaorkuverum eða gufuaflsvirkjun.

Ég lýsi ánægju minni yfir framkomu frv. og tel eðlilegt, að það fái skjóta og eðlilega meðferð í þinginu. Ég vara aðeins við þeirri miklu bjartsýni, sem kemur fram í till., að það skuli stefnt að því að gera 5 ára áætlun á framkvæmd hitunarmálsins þannig, að innlendar orkulindir hiti hvert híbýli landsins að þeim tíma liðnum. Það er stundum betra að fara sér hægt og rannsaka málin gaumgæfilega en að hrapa að rannsóknum, sem því miður geta leitt til niðurstöðu, sem yrði óhagstæðari en ef menn gæfu sér miklu lengri tíma. Það er því miður rétt, að rannsóknir á möguleikum á notkun rafmagns til upphitunar og íslenzkra orkulinda til upphitunar gengur nokkuð seint. Hún er kostnaðarsöm. Rannsóknarmöguleikar okkar eru því miður ekki nægilega miklir, en að því máli mun ég víkja nánar, þegar kemur að svörum við þeirri fsp., sem ég vék að áðan.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að í fyrri hl. þessarar till. felst stórmál. Fyrri hl. till. fjallar um það, að Nd. Alþ. álykti að skora á iðnrh. að beita sér fyrir aukinni notkun raforku til húsahitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa.

Það er að vísu augljóst mál, að ef raforka yrði almennt notuð til upphitunar húsa á Íslandi, þar sem jarðhitanotkun verður ekki við komið, þá þyrfti vafalaust til þess margföldun á raforkuframleiðslu í landinu. Það þyrfti að ráðast í stórvirkjanir til þess. En verulegur hluti af öllum virkjunarkostnaði við raforku liggur í dreifikerfunum, og dreifikerfin eru komin um flestar byggðir okkar lands og að því stefnt að tengja dreifikerfin svo saman, að þau myndi eina samfellda heild. Og fjarri því marki, mjög fjarri því marki erum við ekki. Það er búið að leggja of fjár í dreifikerfin í landinu, en svo eru þau út um hinar dreifðu byggðir aðeins notuð til lýsingar og ýmiss konar annarrar notkunar, en í fæstum tilfellum til hitunar á húsunum, sem víðast hvar mætti gera jafnframt, meðan orkan endist a. m. k., án þess að auka virkjunarkostnað, því að dreifikerfin eru fyrir hendi. En þau eru ekki fullnýtt og fram hjá því gengið að nota dreifikerfið til þessarar mikilsverðu notkunar. Mér sýnist því, að þó að ekki yrði framkvæmd á þessari till. að öðru leyti en því, sem

raforka er fyrir hendi í landinu, þá væri það strax betri nýting á því mikla fjármagni, sem liggur í dreifikerfunum. Auk þess mundi þessi lausn á upphitun húsanna spara geysilega mikið fjármagn, erlendan gjaldeyri, vegna sparnaðar á innkaupum á brennsluolíum. En ekki nóg með það. Það kostar okkur ærið fé að koma hinum erlenda orkugjafa, olíunni, út um byggðir landsins. Um vegi okkar vaða olíubílar frá þremur olíufélögum og gera óskaplegan usla í vegakerfi okkar vor og haust, þegar vegir okkar eru í versta ástandi. Þegar drekarnir koma, margra tonna þungir olíuflutningabílar frá Esso, BP og Shell, stundum í halarófu, þá skilja þeir eftir gereyðilagða vegi. Og það kostar ekki lítið fé að bæta þau stórkostlegu vegaspjöll, sem af þessu leiðir. Að þessu leyti yrði vegakerfinu hlíft við stórkostlegum spjöllum árlega, ef raforkan væri notuð til húsahitunar úti um hinar dreifðu byggðir landsins.

Ég held, að það sé stórkostlegt hagsmunamál fyrir okkur að gefa gaum þessari till. og hafa áhrif á það, að stjórn raforkumálanna fallist á, að það beri að nota raforkuna í ríkari mæli en verið hefur til upphitunar á húsum okkar og nýta þannig betur það ofmagn fjár, sem liggur í dreifikerfunum, og spara okkur erlendan gjaldeyri og draga úr stórspjöllum á vegakerfi landsins vegna flutninganna á olíu til húsahitunar út á yztu hjara okkar lands. Ég tel þessa till. stórmál og vil vænta þess, að hæstv. iðnrh. láti rannsaka málið gaumgæfilega og láti framkvæmdir fylgja, að svo miklu leyti sem við höfum nú þegar raforku til ráðstöfunar til þess að fullnægja þessari brýnu þörf, sem að mörgu leyti mundi aðeins vera betri nýting á því fjármagni, sem þegar hefur verið varið til raforkumálanna. Ég tel svo mjög athugandi, hvort ekki sé eins hagkvæmt fyrir okkur að ráðast í stórvirkjanir með upphitun húsa á Íslandi fyrir augum sem aðalmarkað rafmagnsins og t. d. í ýmiss konar stóriðjuáætlanir, sem ná því aðeins fram að ganga, að við seljum raforkuna mjög ódýrt.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þessa till., en lýsi eindregnum stuðningi mínum við hana og vænti þess, að henni verði fylgt eins fast eftir til framkvæmda og ýtrustu möguleikar eru til.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég get tekið undir með öðrum þm. og lýst yfir ánægju minni yfir því, að þessi þáltill. er hér flutt um þetta mál. Ég vil aðeins minna á það í þessu efni, að nú eru liðin allmörg ár síðan við þm. Alþb. í þessari deild fluttum till. um sama efni með mjög ítarlegum rökstuðningi, þar sem rök voru leidd að því, að við ættum að notfæra okkur rafmagn til húshitunar í miklu ríkari mæli en gert hefur verið hér á landi. En auðvitað fór þannig fyrir þeirri till., sem þá var hér flutt, af því að hún var flutt af stjórnarandstöðunni, að hún komst aðeins til n. og ekki lengra. Nú virðist málið vera komið á það stig, að þm. Sjálfstfl., þeir, sem stutt hafa raforkumrh. um langan tíma, sjá, að það er nauðsynlegt að hefjast handa í þessum efnum, og þá ætti þó a. m. k. að vera kominn tími til þess að láta fara fram þessa athugun, sem hér er lögð til.

Ég tek fyllilega undir það, sem hér hefur verið sagt í sambandi við þetta mál, og það, sem fram kemur í till. og grg. Ég efast ekkert um, að það mundi verða okkur miklum mun hagkvæmara, þjóðhagslega á málið litið, að auka stórlega frá því sem nú er upphitun húsa í landinu með raforku og jafnvel að ráðast hreinlega í virkjanir í vissum tilvikum til þess að geta innt þessa þjónustu af hendi. Sem sagt, ég vona það, að þegar málið er nú komið á þetta stig, þá verði úr því, að það verði gerð ítarleg athugun á þessu máli með það í huga að ráðast síðan í framkvæmdir. Ég efast ekkert um það, að þegar svo er komið, að flokksmenn hæstv. raforkumrh. hafa nú ýtt á eftir málinu, þá hlýtur að vera kominn tími til þess að framkvæma þessa rannsókn, og ég fagna því tillögunni.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka þær góðu undirtektir, sem flutningur þessarar till. hefur fengið hér. Ég vil aðeins segja það út af ræðu hæstv. 4. þm. Austf., að ég mundi svo sem eftir till. og ég hef enga tilhneigingu til þess að reyna að draga fjöður yfir það, að þeir hafi líka haft áhuga á þessu máli, enda veit ég það, að þetta mál nýtur almenns skilnings hjá hv. þm.

Um leið og ég þakka einnig undirtektir hæstv. ráðh., langar mig til að minnast á það, sem hann vék að, að áætlunin væri nokkuð djörf, þar sem þetta ætti að gerast á næstu 5 árum. Ég verð dálítið var við það, að menn telja í öllum atriðum, hvort sem það er um hitun eða eitthvað annað að ræða, að það sé nú orðin þörf ákaflega ítarlegra og vandaðra rannsókna. En sum mál eru þess eðlis, að þau liggja nokkurn veginn augljóslega fyrir hverjum manni, og mér finnst, að þetta hitunarmál sé svo einfalt og augljóst, að það sé ekkert áhorfsmál að ráðast beint í það. Hitt er rétt, að það þarf að njóta tæknibekkingar við framkvæmdina. Ég veit það, að það skiptir nokkru máli t. d., hvort um er að ræða að hita hús, sem nú eru í byggingu, hvort það eru gömul hús með olíuhitun fyrir eða kannske annarri hitun. Það skiptir örlitlu máli. En öll þessi atriði er þó í raun og veru tiltölulega einfalt að leysa. Og ég hef nú sagt það áður, og ég er þeirrar skoðunar, að það sé fyrst og fremst hvers húseiganda að gera það upp við sig, hvort hann vill leggja í nokkurn aukakostnað, nokkra tugi þúsunda t. d., til þess að breyta úr olíuhitun í rafhitun. Það leggja margir talsvert fé í að endurnýja, breyta um hurðir og ýmislegt annað í húsum sínum, sem kannske gefur þó raunverulega miklu minni arð. Ég held þess vegna, að menn geri allt of mikið úr því, hversu hér sé um mikið rannsóknarefni að ræða. Og eftir því sem ég hef kynnt mér, þá mun vera völ á tiltölulega mjög hagkvæmum rafhitunartúpum, sem eru framleiddar hér á landi, en þær geta í mjög mörgum tilfellum og kannske flestum leyst þetta mál að verulegu leyti að því er snertir eldri byggingar og þar sem við erum að breyta úr olíuhitun eða annarri hitun í rafhitun. En auk þess eru svo sífellt að koma fram ný og endurbætt tæki, ný og endurbætt tækni, sem kemur að liði, þegar um er að ræða að taka upp hitakerfi alveg að nýju, t. d. í nýjum húsum. En sem sagt, ég vildi bara segja það í tilefni af þessari aðvörun hæstv. ráðh. um, að það væri nokkuð mikil bjartsýni að tala um að hrinda þessu öllu í framkvæmd á 5 árum, að ég held, að þetta mál sé einfaldara og það kalli einungis á meira áræði og framkvæmdir heldur en rannsóknir. Það er komið á það stig, og á 5 árum má gera mikið að mínu viti.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal nú

ekki lengja fundartímann og allra sízt í deilur um mál, sem allir virðast vera sammála um. En það er nokkur misskilningur hjá hv. 9. þm. Reykv., að við höfum svo mikið línukerfi, að ef við hefðum raforkuna, þá værum við nokkuð vel stæðir við upphitunina, því að flestar af þessum línum eru of veikar til upphitunar á húsum. Það kemur t. d. fram hjá flm. till. núna í sambandi við raflögn til Vestmannaeyja, sem útbýtt var í dag, að þeir hafa þurft að sækja um skömmtun, vegna þess að línan ber ekki þá orku, það afl, sem þarf að nota til þessara þarfa. Þetta kemur nú aftur til rannsóknar, en svo er það einnig, að þó að fluttar hafi verið till. hér áður fyrr á þingi og fyrir mörgum árum, þá fleygir auðvitað fram tækni á þessu sviði og þá ekki sízt í sambandi við flutning á raforku, sem er framkvæmanlegri í dag en fyrir mörgum árum.

Mér fannst alveg óþarfi fyrir hv. 4. þm. Austf. að gera ráð fyrir því, að þó að stjórnarþingmenn væru að flytja málin, þá mætti búast við, að þau gengju fremur fram en þegar stjórnarandstaðan flytur málin. Ég vil segja það að gefnu tilefni, að ég vil eindregið skora á nefndirnar, sem fengið hafa mál frá stjórnarandstöðunni til meðferðar og koma til með að fá þau til meðferðar á *næstu dögum, um áskorun til ríkisstj. að gera hitt* og þetta, sem ríkisstj. var búin að lýsa yfir strax í upphafi þings, að hún væri að vinna að, að afgreiða í öllum guðanna bænum þessi mál frá sér og vera ekki að eyða tíma þingsins í að hafa slík mál lengi til meðferðar, því að það ætti að vera vandalaust að afgreiða slík mál á venjulegan þingmáta með rökstuddri dagskrá. Það þarf ekki að skora á ríkisstj. að gera eitthvað eða vinna að einhverju máli, sem hún er sjálf búin að lýsa yfir, að hún sé að vinna að.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 52. og 53. fundi í Nd., 24. og 25. febr., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 50, n. 392).

Frsm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um þetta mál, rafhitun húsa, og gert örlitla breytingu á niðurlagi tillgr., sem hún var sammála um, að væri til bóta.

Þetta mál er mjög þýðingarmikið. Vaxandi ný tækni gerir það að verkum, að það er mjög álitlegt að fara að *hita híbýli manna yfirleitt með rafmagni. Olíuverð fer* hækkandi í heiminum og mun gera það áfram. Það er sjáanlegt, að nauðsynlegt er að gera skipulegt átak til þess að skapa innlendan markað fyrir rafmagn í þessu skyni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða tillgr., en vænti þess, að hún verði samþykkt.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég vil nú fyrir hönd okkar flm. þakka hv. n. fyrir afgreiðslu á þessari till., en ég vil þó jafnframt láta í ljós þá skoðun mína a. m. k., að að því leyti sem till. hefur verið breytt, þá tel ég, að ekki hafi það verið til bóta. Það hefur sem sé verið fellt niður úr till. að gera 5 ára áætlun, og í staðinn er það aðeins að gera áætlun og ótímabundið. Þetta finnst mér heldur veikja málið, hefði þá fellt mig betur við, að tíminn hefði eitthvað verið lengdur. Ég vænti þess, að menn átti sig á því, hvað ég á við með þessu. Það er eins og meiri festa í þeim ályktunum, þar sem tímatakmörk eru sett. Þetta vildi ég aðeins láta koma hérna fram. Hins vegar er ég samþykkur till., eins og n. gengur frá henni.

ATKVGR.

Brtt. 392 (ný tillgr.) samþ. með 19:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 421).

---

6. Eftirlit með dráttarvélum.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um eftirlit með dráttarvélum og ráðstafanir til aukins öryggis við notkun þeirra [107. mál] (A. 114).

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17., 20., 23. og 24. fundi í Nd., 12., 18., 25. og 26. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 3. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Till. þessi fjallar um eftirlit með dráttarvélum og ráðstafanir til aukins öryggis við notkun þeirra. Hún er flutt af Ásgeiri Péturssyni sýslumanni, sem hér sat á þingi fyrir skömmu, og er svohljóðandi:

„Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstj. að lögfesta aukið eftirlit með öryggisbúnaði dráttarvéla og annarra vinnuvéla, annaðhvort með undirbúningi löggjafar eða setningu reglugerðar á grundvelli núgildandi umferðarlaga, svo og að setja reglur, sem miða að auknu öryggi stjórnenda slíkra tækja. Verði þá kannað, hvort eigi þyki rétt að gera auknar kröfur til þekkingar og þjálfunar þeirra, er við slíkar vélar starfa."

Till. þessari fylgir nokkuð itarleg grg., en henni er hér fylgt úr hlaði með nokkrum orðum samkv. beiðni flm.

Það er í fyrsta lagi getið um hin tíðu slys, sem orðið hafa hér á landi af notkun dráttarvéla, og bent á nauðsyn þess, að hamlað sé gegn slíkum áföllum. Það eru ýmsir þeirrar skoðunar, að dráttarvélaslys hendi einkum unglinga eða börn, en reynslan sýnir, að það eru einnig menn á bezta aldri, sem vanir eru að fara með ýmsar vinnuvélar, sem fyrir slysunum verða. Það er ljóst, að dráttarvélar eru framleiddar í löndum, sem eiga við önnur skilyrði að búa en hér á landi eru. Hér eru víða ýmsar torfærur og landslagi háttað á þann veg,

að fulls öryggis þarf að gæta miðað við það, að slík vél sé notuð á sléttlendi. Þessa hefur einnig verið gætt, og menn hafa komið auga á nauðsyn þess að setja öryggisreglur á þessu sviði. Þannig voru settar reglur um það, að allar dráttarvélar, sem yrðu fluttar inn eftir 1. jan. 1966, væru búnar öryggisgrindum eða húsum, og er þessum reglum nánar lýst í reglugerð nr. 51 frá 1964 og breytingum, sem á henni voru gerðar 24. ágúst 1966. En það þykir ástæða til þess að endurskoða ýmis ákvæði, sem um þetta fjalla, og endurbæta þau.

Þær meginreglur, sem nú eru í gildi um notkun þessara véla, að því er varðar kunnáttu ökumanns, eru í fyrsta lagi, að venjulegt ökuskírteini veitir sjálfkrafa rétt til aksturs slíkra véla. Í öðru lagi er heimilt að veita sérstaka heimild til aksturs dráttarvéla þeim, sem hafa náð 16 ára aldri. Í þriðja lagi er þess að geta, að ekkert ökuskírteini eða sérstaka ökuheimild þarf, þegar dráttarvélar eru notaðar við jarðyrkjustörf utan alfaravegar. En það er augljóst mál, að fyllilega er athugandi, hvort ekki beri að endurskoða þessar reglur og færa þær í fastara horf. Það er einnig nauðsynlegt að efla fræðslu um þessi öryggismál eins og önnur slík mál. Vil ég benda þeirri n., sem fær þessa till. til meðferðar, á niðurlag grg., en þar segir svo:

„Æskilegt væri, að um þetta málefni yrði haft samráð við bifreiðaeftirlit ríkisins, umferðarráð, öryggismálastjóra, Slysavarnafélag Íslands og samtök bænda."

Ég læt þessi fáu orð nægja til að fylgja till. úr hlaði, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil fyrst lýsa eindregnum stuðningi við þessa till. Hún er vissulega ekki ófyrirsynju fram borin, eins og öllum hv. þdm. á að vera ljóst.

Bændasamtökin hafa nokkuð fjallað um þetta mál á undanförnum árum og einkanlega um einn þátt þess, þ. e. vissan útbúnað á dráttarvélum, öryggisgrindurnar. Könnun, sem fram hefur farið á vegum bændasamtakanna, sýnir það, að mjög fá slys hafa orðið á vélum, sem búnar eru öryggisgrindum. Við höfum í Stéttarsambandi bænda gert ráðstafanir til þess að gera bændum auðveldara fyrir að búa allar vélar öryggisgrindum. Eins og kunnugt er, er bannað í lögum að afhenda nokkra nýja vél, án þess að henni fylgi öryggisgrind, en bein ákvæði eru ekki til um eldri vélarnar. Ég vil láta það koma fram hér, að fyrir forgöngu Stéttarsambandsins hefur verið leitað tilboða í smíði og innflutning öryggisgrinda, og það mál er komið það langt, að nú er hafin hjá tveimur fyrirtækjum smíði á öryggisgrindum eftir þessum tilboðum. Og það hefur verið skrifað til allra bænda í landinu og þeim sendar lýsingar á grindum og upplýsingar um verð þeirra frá þessum tveim aðilum og frá einum innflutningsaðila, sem einnig hefur gert tilboð. Í þessu bréfi eru bændur hvattir til þess að kaupa slíkar grindur á alla sína traktora. En þetta er auðvitað ekki nema einn þátturinn, og þessi till. er eins og vera ber víðtækari og fjallar um fleiri atriði.

Það hefur komið í ljós við athugun, sem gerð hefur verið á vegum Slysavarnafélags Íslands í nokkrum hreppum, að ástand dráttarvéla er vægast sagt víða hörmulegt og þær eru alls ekki þannig búnar, að forsvaranlegt geti talizt. Og þessar upplýsingar kalla á það, að gerðar séu ráðstafanir til þess að bæta hér um, en það verður ekki gert öðruvísi en með eftirliti. Þá hefur það komið í ljós við aðra könnun, að tiltölulega mjög mikill hluti af dráttarvélaslysum eða um 40% verður ekki í akstri, heldur út frá vinnuvélum, út frá reimskífum og reimum og vinnuvéladrifi. En einnig það sýnir, að óhjákvæmilegt er að herða eftirlit á þessum sviðum. Auðvitað þarf um leið og lögboðin verður skoðun og eftirlit að gera ráðstafanir til þess að afla fjár vegna þess, og er þess þá að vænta, að það verði gert með líkum hætti og nú á sér stað um bifreiðar, að ríkið greiði nokkurn hluta af því, en hitt verði lagt á sem skoðunargjöld. En það verður auðvitað allt skoðað, ef þessi till. verður samþ., sem ég vil fastlega vænta og eindregið mæla með.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég get vel gengið inn á, að það sé eftir atvikum rétt að vísa þessari till. til n. og að þetta sé athugað, en það er nú þannig með eftirlit með vélum eins og ýmislegt fleira, að það má ekki ganga út í öfgar.

Hv. 5. þm. Austf. gat þess hér áðan, að 40% af slysunum væru í sambandi við vinnutækin. Ég las þessa skýrslu um slysin, og þau eru af ýmsum ástæðum, og við vitum það, að það er erfitt að komast alveg hjá slysum. En við skulum bara gera okkur það ljóst, að það, sem fyrst og fremst veldur því, að dráttarvélarnar eru ekki í lagi, er skortur á fjármagni þeirra, sem eiga vélarnar. Ég veit t. d. með þessa bíla, að það eru orðnar fáránlegar kröfur um ýmislegt viðvíkjandi þeim, sem skapar feiknakostnað fyrir bíleigendur. Það er t. d. eitt, þessir svokölluðu drullusokkar, sem eru festir aftan á og eiga að varna því, að grjót kastist á rúður. Við, sem búum uppi um sveitir og erum lítið í kappakstri á þessum brautum, verðum að gera svo vel að hafa þetta allt í topplagi. Svo slitnar þetta af í vinnunni og skapar okkur mikinn aukakostnað, og þannig er ýmislegt viðvíkjandi þessu, að það væri hægt að nota miklu meiri hagsýni. Þetta er eiginlega alveg tilgangslaust.

Ég er hræddur um það, að ef einhverjir sérfræðingar fara að líta eftir dráttarvélunum, þá gangi þetta út í öfgar. Tökum t. d. ljós á dráttarvélum. Ef þær eru eingöngu notaðar við vinnu, þá er ekki brýn þörf á að hafa ljós á þeim. Ég hef átt dráttarvél í um 20 ár og hef alls ekki haft ljós á henni. Ég nota hana aldrei í myrkri. Við vinnum að björtum degi. Þeir, sem eiga jeppa, þurfa ekki að nota dráttarvélar yfirleitt, þegar dimmt er. En bara þetta, að fara að krefjast þess, að dráttarvélar séu með ljós, þó að þess gerist ekki þörf, þær séu ekki notaðar nema að deginum, það eykur ekki lítið kostnað.

Ég gæti vel gengið inn á, að það væri eitthvert öryggi í þessum grindum. Þó munu nú margs konar slys geta komið fyrir, þó að grindur séu á vélum, eins og minnzt var á hér áðan, einmitt af tækjunum, því að þau eru orðin öllu hættulegri en sjálf vélin í mörgum tilfellum, blásarar og alls konar tæki. Það er ekkert á móti því að gera þetta. En það kostar 20 þús. kr. á dráttarvél.

Nú hefur Stéttarsambandið mikinn áhuga á því, að þetta sé gert, og ég get vel skilið það. Á öllum þingum og fundum þurfa menn eitthvað til að ræða um. Eitthvað þurfa menn að hafast að. Stundum er það til ills,

stundum til góðs, eins og gengur. Þeir skattleggja okkur meira til Stéttarsambandsins en þörf er á. Bændur greiða það og ýmislegt fleira. Ef Stéttarsambandið vildi nota það fé, sem það tekur af bændum og þarf alls ekki allt til eigin þarfa, til þess að hjálpa fátækari bændum, sem ekki hafa haft efni á að setja grindur á traktorana sína, til þess að gera það, þá væri ekkert nema gott um það að segja. En ég veit bara ekki, hvort allir bændur hafa handbærar 20 þús. kr. til þess að gera þetta. Sannleikurinn er sá, að það er þannig með fjölda af bændum, að þeir hafa ekki efni á að kaupa þau tæki, sem þeir þurfa að kaupa, alveg sérstaklega má nefna áburðardreifarana. Húsdýraáburðurinn er ekki borinn á alls staðar, eingöngu af því að menn hafa ekki efni á að fá sér góða dreifara.

Það er sjálfsagt að reyna að hafa þessar vélar í eins góðu lagi og hægt er. En enda þótt hert væri mikið á öllum þessum ákvæðum, þá verða alltaf einhver slys, og sannleikurinn er sá, að það er stórhættulegt að láta unglinga og krakka vera með vélarnar. En þótt við settum aldurslágmark, þá er svo að segja útilokað að vera öruggur með vélarnar fyrir börnunum. Þau sækja svo eftir að grípa í þær. Þau eru undarlega fljót að sjá, hvernig á að fara að aka þeim, og eru afar fljót að læra. Þau hafa ekki eins mikið og gott vald á vélunum eins og þeir, sem eru stærri og sterkari, sérstaklega ekki stærri vélunum. Þær eru of þungar fyrir börn að stjórna þeim, en það er erfitt að ráða við þetta í mörgum tilfellum.

Það er ekkert skemmtilegt, þegar slys verður á tökubörnum úr kaupstöðunum. Það eru vissir hlutir, sem verða skilyrðislaust að vera í lagi á vélunum, eins og hemlar og stýrisútbúnaður. En kröfur viðvíkjandi ljósaútbúnaði og fleiri atriði viðvíkjandi vélunum geta gengið út í öfgar, þannig að það baki eigendunum óþarfa kostnað. Því þarf að stilla þessu öllu í hóf. En út af fyrir sig ætti ekki að vera saknæmt að samþykkja þessa till., ef hún er rétt og skynsamlega framkvæmd. En ég hygg, að það, sem á meginþáttinn í því, að dráttarvélar sumra bænda eru ekki í fullkomnu lagi, sé fjármagnsskortur þeirra. Ef fara þarf með vél á verkstæði, kostar þetta tugi þúsunda.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr., en ég vil taka undir það, að það er auðvitað full ástæða til þess að fylgjast betur með ásigkomulagi dráttarvéla. En hitt er alveg rétt náttúrlega, að það má ekki fara með slíkar kröfur út í öfgar. Á eitt vil ég benda í sambandi við það, sem síðasti ræðumaður sagði, hv. 3. þm. Norðurl. v. Það er um aldur unglinga til að aka þessum vélum. Þó að hv. Alþ. vildi setja um það reglur, að yngri unglingur en 16 ára mætti alls ekki aka dráttarvél, þá er ekki hægt að framfylgja því, og ég veit ekki, hvort það er skynsamlegt heldur. Ég þekki vel inn á þessi mál, og ég vil staðhæfa það, að beztu dráttarvélakeyrarar, sem ég hef haft, hafa verið 12—14 ára unglingar. Hins vegar þarf auðvitað að kenna þessum unglingum, og þeir þurfa að taka próf, og það er ekki forsvaranlegt að setja unglinga kannske úr kaupstöðunum upp á þessar vélar, sem lítið eða ekkert kunna á þær. Það er það, sem er hættulegt. En varðandi þetta aldurstakmark, þá er í fyrsta lagi ekki hægt að fara eftir því, og það er alger fjarstæða að halda því fram, að bráðþroska unglingar, sem eru 13, 14 og 15 ára, séu ekki alveg eins færir til þess að aka þessum vélum, sérstaklega við heyskap og önnur störf, og fullorðið fólk. Ég vil bara vekja athygli á þessu, að þegar farið er að tala um að setja svona reglur, þá má það ekki ganga út í öfgar. Hitt þarf að gera, að fylgjast betur með þessu og kenna unglingunum að fara með þessar vélar og athuga hæfni þeirra, áður en þeim er sleppt til þess að vinna með vélunum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég bjóst nú ekki við að koma hér aftur í ræðustól. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég veit ekki, hvaða erindi svona ræða á hér á Alþ. og það í þessu máli. Ég veit ekki betur en þetta sé eitthvert alvarlegasta slysamál okkar, ef einstök mál eru tekin, dráttarvélaslysin. Svo kemur hér bóndi norðan úr landi og vill telja sig tala hér sem fulltrúa bænda, og hann er með úrtölur í þessu máli. Ég verð að segja það, að svona ræðuhöld finnast mér til skammar, hreint og beint. Það er fánýtt að vera að tala um, að það sé skortur á fjármagni, fávíslegt, að það sé skortur á fjármagni, sem veldur því, að menn trassa að hirða vélar sínar eða bíla, hafa bremsur í lagi og annan öryggisútbúnað, sem skylt er að hafa á öllum vélum. Þetta er fávíslegt að heyra. Tökum t. d. öryggisútbúnað á aflúrtaki á dráttarvél. Það er ekkert ofsalegt fjármagn, sem þarf til þess að hafa þann öryggisútbúnað í lagi. Það vita þeir, sem einhvern tíma hafa ekið dráttarvél eða fengizt við vinnu með henni, að þær hlífar, sem þar er um að ræða, kosta ekki mikla fjármuni, en það er bara að hafa þær á sínum stað, og þar ætti aukið eftirlit að koma að fullu gagni, að svo miklu leyti sem eftirlit á annað borð getur gert, því að þar er ekki um neinn stóran kostnaðarlið að ræða. Og þó að öryggisgrindur séu nokkuð dýrar, þá kosta þær ekki nándar nærri eins mikið og þessi hv. þm. vildi vera láta. Og það sjá auðvitað allir, að sá kostnaður er smámunir einir, ef borinn er saman við mannslífið. Og það er ekki heldur hægt að ætlast til þess, að það verði gert á einum degi eða einni viku eða einum mánuði að koma öryggisgrindum á allar dráttarvélar í landinu, en það ber að vinna að því með öllum ráðum, að þær komist á allar vélar, því að það er búið að sýna sig bæði hér og annars staðar, að þær veita mikið öryggi. Og ég held, að það sé óhætt að segja það um vélarnar eins og yfirleitt allar eignir, að það verður trassaskapurinn og vanhirðan, sem verður þar dýrast, en ekki hitt að halda eigninni í lagi. Það er víst óhætt að segja það. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég gat ekki látið hjá líða að láta í ljósi undrun mína yfir málflutningi af þessu tagi frá þm. úr bændastétt.

Ég vænti þess og treysti því raunar, að þessi hv. deild samþykki þessa till. og að þessu máli verði síðan fylgt eftir af fullri festu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég held, að það hafi ekki verið dráttarvélarnar eða orð mín um þær, sem kveiktu í hv. 5. þm. Austf., heldur hitt, að ég minntist á tillagið til Stéttarsambandsins.

Í raun og veru vorum við Stefán Valgeirsson alveg sammála um þetta. Það er ágætt og nauðsynlegt að reyna að hafa dráttarvélar í sem beztu lagi, en ef farið verður að skipa nefnd í þetta, þá finnur hún upp ótal atriði, eins og flestar nefndir gera, og það getur gengið

út í öfgar. Ég hef ekkert á móti þessum grindum. En hitt fullyrði ég, eins og ég gerði áðan, að það sem fyrst og fremst veldur því, að menn hafa ekki vélar sínar í lagi, það er skortur á fjármagni. Ég keypti þessar grindur. Þær kostuðu 7 eða 8 þús. kr., og núna er gengið breytt, munar helmingi á því, þannig að ég ætla, að nú kosti uppsettar grindur 15—20 þús. kr. Viðgerðir eru orðnar svo dýrar, að margir eru í vandræðum með að greiða þær. Ég þurfti að láta gera við dráttarvél hjá mér í sumar. Það kostaði 65 þús. kr. Það þurfti að taka vélina upp og setja smávegis aukahluti í hana, þannig að við skulum ekki gera of lítið úr því. Það er sjálfsagt að gera þetta og athuga þetta á skynsamlegan hátt, en það má bara ekki ganga út í öfgar, þannig að bændur verði fyrir óþarfa kostnaði með viðgerðir á þessum vélum. Það er fyrst og fremst efnaskortur, að menn hafa ekki vélar sínar í lagi.

Viðvíkjandi því með unglingana er ég ekki alveg sammála Stefáni um 12 ára aldurinn. Ég tel hann of lágan, sérstaklega við stærri vélar. Þær eru of erfiðar í stjórn. Það eru ekki allir unglingar 12 ára, sem hafa afl til að stjórna þeim.

Að láta 12—14 ára börn taka próf, það er ákaflega örðugt. Þau eru of ung til þess. Það er ekki alltaf auðvelt að ráða við þau. Annars eru svo margþætt slys í kringum allt þetta vélakerfi, sem orðið er svo að segja á hverjum einasta bæ, að eigi verður komizt hjá slysum, þó að við setjum grindur á alla traktora. Það væri ekki mikið að gera það, ef það eitt dygði. En slys geta orðið svo að segja við flesta vinnu. Það er orðin svo mikil véltæknin.

Svo læt ég það liggja milli hluta, þó að það fyki í hv. 5. þm. Austf. Það er eins og gengur, menn eru viðkvæmir, ef að einhverju er fundið, en hitt veit ég, að Stéttarsambandið hefði ekki endilega þurft að skattleggja okkur bændur jafnmikið og það hefur gert. En þó að fjúki í félaga manns, tekur maður það ekki alvarlega.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52. og 53. fundi í Nd., 24. og 25. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 114, n. 389).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur fjallað um þessa till. og leggur hér til á þskj. 389, að hún verði samþ. með þeirri breytingu, sem þar er orðuð.

ATKVGR.

Brtt. 389 samþ. með 22 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 422).

7. Varnir gegn sígarettureykingum.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um varnir gegn sígarettureykingum [81. mál] (A. 83).

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 13., 14. og 17. fundi í Sþ., 24. nóv., 3., 8. og 15. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Sþ., 25. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Dagana 11., 12. og 13. sept. 1967 var haldin í New York alþjóðleg ráðstefna, sem 500 fulltrúar frá 34 þjóðlöndum sátu, og var umræðuefnið reykingar og heilsufar. Dr. Luther L. Terry, vel þekktur bandarískur skurðlæknir og landlæknir í Bandaríkjunum í eina tíð, hélt þar m. a. mjög athyglisverða ræðu, en einmitt þessi maður hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir því, bæði í sínu heimalandi og eins annars staðar, að menn drægju úr sígarettureykingum, og hefur haft í frammi mörg og þung rök um skaðsemi sígarettureykinga á heilsu manna. Á þessu þingi sagði hann m. a.:

„Við erum nú staddir á tímamótum í sögu reykinga og heilsugæzlu. Tímabil efasemdanna er nú liðið. Vafalítið munu vísindamenn okkar halda áfram á næstu árum að reyna að svara spurningunni, hvers vegna sígarettureykingar séu hættulegar heilsu manna, en enginn minnsti vafi er á því lengur, að þær eru bein ógnun við heilbrigði manna. Við vitum þegar með vissu, að lungnakrabbi, sem nú vex óðfluga um veröld víða, er beint tengdur sígarettureykingum. Við vitum þegar, að ört vaxandi dánartala þeirra, er deyja úr hjartasjúkdómum á bezta aldri, stendur í beinu orsakasamhengi við sígarettureykingar."

Þessi orð hins heimsþekka læknis vöktu á sínum tíma mikla athygli þeirra, er á hlýddu, og má raunar telja þetta heimsþing upphaf þeirrar baráttu, sem háð hefur verið síðan undir forustu lækna og ýmissa mætra manna víða um heim, baráttu, sem ætlað er að draga úr sígarettureykingum í fyllingu tímans. Markmiðið er að sjálfsögðu að vekja almenning til vitundar um, að sígarettur út af fyrir sig eru eitur og menn þurfi að marka afstöðu sína til þeirra með þeirri vitund. Allar vísindalegar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á síðustu árum, benda eindregið til þessarar niðurstöðu. Þeir, sem gerst þekkja til, hafa líka margir hverjir breytt sínum eigin lífsvenjum til þess að verða fyrirmynd öðrum, sem síður vissu um hættur sígarettureykinganna, og sennilega er eitt frægasta dæmið í þeim efnum, þegar nokkur hundruð brezkra lækna ákváðu fyrir nokkrum árum að hætta sígarettureykingum algerlega. Um það var skrifað mikið í brezku blöðin, og nokkrir þættir voru fluttir í brezka sjónvarpinu í tilefni af þessari ákvörðun brezku læknanna, og vakti þetta allt mikla athygli. En þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir um skaðsemi sígarettureykinga, er staðreyndin því miður

sú, að þær hafa enn þá farið vaxandi, bæði hér á landi og eins erlendis, víðast hvar a. m. k. Ekki hvað síst er það áhyggjuefni margra, hve unglingar byrja nú fyrr að reykja en áður var. Það er orðið nokkuð algengt, að unglingar um fermingaraldur, bæði hér og erlendis, séu farnir að reykja í miklum mæli, og veit ég til þess, að í sumum skólum er þetta mjög verulegt vandamál, sem kennararnir hafa áhyggjur af.

Á Íslandi er nú vaxandi áhugi á því að herða baráttuna gegn sígarettureykingum. Landssamtökin Hjartavernd ásamt ýmsum fleiri félögum og einstaklingum hafa lagt fram drjúgan skerf í þeirri baráttu. En betur má, ef duga skal. Sú þáltill., sem ég mæli hér fyrir, um varnir gegn sígarettureykingum, er flutt af fimm hv. alþm., einum úr hverjum þingflokki. Hún er flutt og samin í samráði og í samvinnu við nokkra lækna hér á landi, sem sérstaklega hafa lagt sig fram í baráttunni gegn sígarettureykingum. Með henni á að freista þess m. a. að vekja forsvarsmenn hins opinbera, — en eins og menn vita, hefur ríkið einkasölu á tóbaki hér á landi, — vekja forustumenn ríkisvaldsins til betri vitundar um þær skyldur, sem þeir hafa vegna þessarar einkasölu sinnar við landsmenn almennt og þá ekki síst unga fólkið í landinu. Þáltill. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr tóbaksreykingum og þá sérstaklega sígarettureykingum:

1. Víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðsamlegar afleiðingar sígarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.

2. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga.

3. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.

4. Stofnaðar verði „opnar deildir" (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.

5. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi eftirfarandi hlutverk: a) að safna upplýsingum um, hversu víðtækar reykingar séu, t. d. meðal skólabarna og unglinga, b) að stjórna vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga, c) að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði."

Ég gat um það áðan, að síðan heimsþingið var haldið í New York fyrir þrem árum, hefðu vísindalegar rannsóknir allar leitt til einnar niðurstöðu um skaðsemi reykinga og þá fyrst og fremst sígarettureykinga. Hér á Íslandi hefur síðustu tvö árin fyrst og fremst verið mikið rætt og ritað um þessi mál. Í Læknablaðinu frá því í júní 1970 er m. a. að finna grein um tóbaksreykingar. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á 23. þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem haldið var í Genf í maí í ár, var lögð fram skýrsla aðalforstjóra stofnunarinnar varðandi takmörkun tóbaksreykinga. Skýrslu þessa höfðu samið tveir af ráðunautum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, og nefnist hún á ensku Smoking and Health. Segja má, að í skýrslu þessari felist raunar fátt nýtt varðandi skaðsemi tóbaksreykinga fyrir heilsu manna. Hins vegar er röksemdafærsla sú, sem fram kemur í skýrslunni, gagngerðari en flest, ef ekki allt, sem hefur birzt að þessu lútandi hingað til. Þykir því rétt að draga fram og leggja áherzlu á í þessum dálkum þau sjö meginatriði, sem telja má niðurstöðutölur og ályktunarorð skýrslunnar.

1. Dánarhlutfallstala (mortality ratio) þeirra manna, sem reykja sígarettur, er 30—80% hærri en þeirra, sem ekki reykja.

2. Dánarhlutfallstalan eykst með auknum sígarettureykingum.

3. Aukning dánarhlutfallstölunnar meðal sígarettureykingamanna er tiltölulega meiri á aldrinum 45—54 ára en á aldursskeiðunum fyrir og eftir.

4. Aukning dánarhlutfallstölu er meiri meðal þeirra, sem byrja ungir að reykja, en meðal þeirra, sem byrja síðar á ævinni.

5. Dánarhlutfallstalan er hærri meðal sígarettureykingamanna, sem segjast anda að sér reyknum, en meðal þeirra, sem gera það ekki.

6. Dánarhlutfallstalan er lægri meðal sígarettureykingamanna, sem hætt hafa að reykja, og þess vegna því lægri sem lengra er um liðið síðan þeir hættu að reykja.

7. Dánarhlutfallstala þeirra, sem reykja pípu eða vindla, eykst í heild sinni lítið eða ekkert. Svo virðist sem pípureykinga- og vindlareykingamenn séu yfirleitt hófsamir reykingamenn, sem anda ekki að sér reyknum. Hins vegar virðist vera ástæða til þess að ætla, að dánarhlutfallstala þeirra, sem reykja mikið pípu eða vindla og anda að sér reyknum, aukist um 20—40%.

Af framansögðu má beinlínis ráða, að sígarettureykingar stofna lífi og heilsu fjölda manna á bezta aldursskeiði í voða. Er vandfundið nokkurt annað einstakt atriði í líferni nútímamanna, er stenzt samanburð við sígarettureykingar í þessu tilliti. Augljóst má því vera, að brýna nauðsyn ber til þess að draga úr og stórminnka sígarettureykingar."

Í desembermánuði s. l. var haldinn blaðamannafundur hér á Íslandi að undirlagi fyrirsvarsmanna Hjartaverndar. Þar voru m. a. staddir Sigurður Samúelsson prófessor og Hrafnkell Helgason læknir, en við báða þessa mætu lækna höfum við flm. þessarar till. haft hina beztu samvinnu og þegið góð ráð við samningu hennar. Á þessum blaðamannafundi sagði Sigurður Samúelsson prófessor m. a., að allir kransæðasjúklingar, sem lagðir hefðu verið inn á lyfjadeild Landsspítalans s. l. 3—4 ár og voru undir 50 ára aldri hefðu verið reykingamenn. Hann sagði enn fremur á þessum fundi, að í hópi kransæðasjúklinga væri meðalaldur reykingamanna um 11.4 árum lægri en þeirra, sem ekki reyktu. Fleira fróðlegt kom fram á þessum fundi, sem ég tel óþarft að rekja nánar hér.

Um þessi mál hefur, eins og ég gat um í upphafi, mjög mikið verið ritað síðustu mánuðina, og skal ég því ekki taka mér langan tíma þingsins til þess að fara út í það, því að ég geng út frá því, að mönnum hér inni sé það almennt ljóst, því að þeir hafi fylgzt með þeim skrifum, auk þess sem með þáltill. þessari fylgir sem fskj. m. a. mjög fróðleg ræða, sem Hrafnkell Helgason læknir hélt árið 1969 og í er að finna óyggjandi upplýsingar um vissar staðreyndir í sambandi við sígarettureykingar. Vænti ég, að hv. þm. hafi lesið það fskj.

Að endingu vil ég aðeins segja það, að það er mat

flestra, að nú sé mál til komið, að Íslendingar og þá fyrst og fremst hið opinbera hafist eitthvað að til þess að draga úr þeirri geigvænlegu hættu, sem orðin er í þjóðfélagi okkar, hættu, sem steðjar að hjá sífellt stækkandi hópi þjóðfélagsborgara, sem verður sígarettunum háður. Er tillaga sú, sem ég er hér að mæla fyrir, flutt í þeim tilgangi og í þeirri von, að hún verði samþ. og þar með verði mótuð stefna hins opinbera frá afskiptaleysi því, sem nú ríkir, yfir í markvissa forustu til þess að draga úr sígarettureykingum. Við leggjum megináherzlu á, að mestum hluta þeirrar baráttu, sem fyrir höndum er í þessum efnum, verði beint að skólum, þar sem unglingarnir eru, sú kynslóð, sem nú er að vaxa upp í landinu og bráðum tekur við af okkur, og þeim verði gert það vel ljóst, hversu hættulegt það getur verið að byrja á því að fikta við sígarettureykingar, og að auðveldara sé að byrja þann leik aldrei en að reyna að hætta, þegar menn hafa vanið sig á þetta eitur.

Ég held, að það sé ekki úr vegi að enda þessi fáu orð með því að vitna til ræðu, sem haldin var á þingi því, sem ég gat um í New York, en hún hafði mikil áhrif á þingfulltrúa. Þessa ræðu flutti maður, sem öllum hér inni er af afspurn kunnur, Robert Fitzgerald Kennedy, fyrrverandi öldungadeildarþingmaður í Bandaríkjunum. Hann sagði m. a. um þetta efni:

„Á hverju ári deyja fleiri Bandaríkjamenn af völdum sígarettureykinga en féllu í heimsstyrjöldinni fyrri, Kóreustríðinu og í Víetnam. Og næstum eins margir og féllu í allri heimsstyrjöldinni síðari. Á hverju ári deyja fimm sinnum fleiri Bandaríkjamenn af völdum sígarettureykinga en farast árlega í umferðarslysum í Bandaríkjunum. Á hverju ári deyja jafnmargir úr krabbameini í lungum og farast úti á vegum. Sígarettur hefðu verið bannaðar með lögum fyrir mörgum árum, ef ekki kæmi til hið gífurlega fjármálavald tóbaksframleiðenda. Ef auður sígarettuframleiðenda væri svipaður og þeirra, sem framleiða marijúana, þá væru sígarettur vissulega ólöglegar nú og sala á þeim refsiverð að lögum."

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um till. þessa verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu um þetta mál. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við till. En ég vil aðeins drepa á eitt þýðingarmikið atriði, sem mér virðist vera, í sambandi við fræðslu um skaðsemi tóbaksreykinga. Það varðar ungu kynslóðina. Það er með þessi mál eins og mörg önnur, að unga fólkinu virðist, að það skorti einlægnina hjá þeim eldri, þegar verið er að tala um þau. Hér er gert ráð fyrir reglubundnum fræðsluerindum. Slík fræðsla hefur átt sér stað á undanförnum árum. Þegar ég var við kennslu, þá var það næstum árlega, að menn komu til þess að fræða um skaðsemi tóbaksreykinga. Oft var nú reyndar þannig til þessa stofnað af þeirra hálfu eða málflutningur þeirra var slíkur, að hann skírskotaði síður en svo til ungu kynslóðarinnar. Þetta var yfirleitt flutt í þvílíkum prédikunartón, sem á ekki hljómgrunn hjá því fólki og gerði oft illt verra að mínum dómi. En eitt var þó verst, og það var, að þegar kom til okkar kennaranna, þegar kom til okkar að fræða um skaðsemi tóbaksreykinganna, brýna fyrir unglingunum að reykja ekki, þá höfðu þeir alltaf svar á reiðum höndum: Hvað með kennarastofuna? Ég hef kennt við allmarga skóla, og þar hefur ekki verið sett bann — eða ég man ekki eftir, að það væri nokkurn tíma sett bann við tóbaksreykingum gagnvart kennurum, þó að það gilti yfirleitt gagnvart nemendum. Í þessu virðist unga fólkinu lítið samræmi. Þessu fólki er bannað að reykja, og margt af þessu fólki í skólunum, sem ég kenndi við, þó að það væru aðeins gagnfræðaskólar, var kannske 17—18 ára. Þessu fólki er bannað að reykja, þó að reykjarmökkurinn standi út úr kennarastofunni í hverjum frímínútum. Og unga fólkinu virðist að sjálfsögðu lítið samræmi í þessu. Það er sem sé fordæmi eldri kynslóðarinnar, sem skiptir máli. Þegar við erum að brýna fyrir ungu fólki, hver hætta fylgir tóbaksreykingum, þá leyfir það sér að vefengja málflutning okkar hinna eldri, því að það stendur okkur að því allt of marga að reykja, og jafnvel þá, t. d. kennara og aðra slíka, sem mest hafa á móti því talað. Það vantar sem sagt einlægnina í þetta og gott fordæmi gagnvart unga fólkinu. Ég er ekki að leggja það til, að tóbaksreykingar verði bannaðar í kennarastofum þessa lands, en ég held, að það væri stórt skref í áttina, ef kennarar yfirleitt tækju sig saman um það að hætta tóbaksreykingum a. m. k. í skólunum.

Sama gildir, virðist mér, um lækna. Maður kemur á stofnanir, þar sem verið er að berjast gegn þeim sjúkdómum, sem tóbaksreykingar valda, og maður ræðir e. t. v. við þá lækna, sem fremst standa í slíkri baráttu, og þá eru þeir hinir sömu að reykja um leið og þeir ræða við mann um alvöru málsins. Þarna vantar sem sé líka einlægnina. Nú skilst mér að vísu, að það hafi komið fram í sjónvarpinu nýlega, að læknar hefðu dregið mikið úr tóbaksreykingum hér á Íslandi, en mér vitanlega hafa þeir þó ekki bundizt samtökum eins og ensku læknarnir gerðu, sem hv. 2. þm. Reykn. minntist hér á áðan. Ég teldi það mjög þýðingarmikið atriði, ef t. d. stór hluti læknastéttarinnar lýsti því yfir, að hann væri hættur að reykja. Þá sýnist mér, að unga fólkið eigi erfiðara með að vefengja það, að eldri kynslóðin meini það, sem hún segir um skaðsemi tóbaksreykinga.

Mér dettur nú í hug atvik í sambandi við það, sem ég nefndi áðan um skólana, þessa tvo mælikvarða, sem eldri kynslóðin hefur alltaf á takteinum, annan gagnvart sjálfri sér og hinn gagnvart yngri kynslóðinni. Það var einu sinni í skóla, að nemandi hafði verið tekinn á salerni við að reykja, og út af þessu var haldinn fundur. Skólastjórinn hélt fund og áminnti nemendur rækilega í sambandi við þetta mál, og þá fékk hann fyrirspurn utan úr salnum: Hvað þá með kennarastofuna? Og hann svaraði: „Það er allt annað, kennari á kennarastofu eða nemandi niðri á klósetti." En nemendunum virðist þetta ekki vera allt annað, heldur ættu að gilda um þetta allt sömu reglurnar. M. ö. o., siðferðilegar skyldur og kröfur, sem menn gera til annarra, eigi menn ekki síður að gera til sjálfra sín. Og ég ætla að lokum að benda á eitt, sem gæti orðið mjög áhrifaríkt í baráttu okkar Íslendinga gegn skaðsemi tóbaksreykinga. Ég nefni það einmitt í sambandi við þetta mál, hvort ekki mætti fylgja því t. d. eftir með samkomulagi hér innan þingsins um það, að þingmenn reyktu ekki í alþingishúsinu. Ég efast nú um, að þetta yrði samþ., en ég vil þó segja, að ef það yrði samþ., þá yrði varla völ á öllu áhrifameiri aðgerð til þess að berjast gegn skaðsemi tóbaksreykinga.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í raun og veru þarf ekki að hafa mörg orð til viðbótar orðum frsm. um þessa till., en hún er þó svo vel úr garði gerð og skynsamlega samin, að rétt er að veita henni stuðning þegar í upphafi.

Ég varð til þess að flytja hér lítið frv. í Ed. um bann við tóbaksauglýsingum í haust. Ég hef orðið var við svo góðar undirtektir í því efni, að það er ástæða til þess að vænta þess, að nú sé fyrir hendi möguleiki á að gera átak í því að hefta útbreiðslu sígarettureykinganna. Raunverulega er þessi þáltill. svo vel samin, að að mínu mati mætti vel gera hana að lögum þegar í stað, því að hún sameinar svo mikið, að það er nauðsyn að fá kjarna hennar eða hana raunverulega alla tekna í lög.

Það fer víða hreyfing um lönd núna vegna þeirrar staðreyndar, hversu alvarlegar sígarettureykingar eru. Þá er hreyfing víða um það að draga úr reykingum vindlinga eins og hægt er, og þá beinist baráttan aðallega að því að fá ungmenni til þess að hefja ekki reykingar. Verra er viðureignar að fá menn, sem hafa reykt í mörg ár, til að láta af vana sínum. En það er líka lagt til hér í þessari þáltill. og er sérstaklega athyglisvert, að stofnaðar verði opnar deildir, sem stjórnað væri af sérfróðum læknum, og þar gefist reykingamönnum kostur á að hætta að reykja.

Núna er á hinum Norðurlöndunum uppi mjög sterk hreyfing meðal þm. um það að reyna að fá aðra landsmenn til þess að draga úr reykingum og hvetja unglinga til þess að hefja ekki reykingar, og það er meginatriðið, að við stuðlum að því, að ungmenni hefji ekki reykingar þegar á fermingaraldri eða jafnvel undir fermingu, eins og framsögumaður gat um. Þess vegna er það nauðsyn og virðingarvert, að svona till. komi fram, og hún er svo góð, — ég vil endurtaka það, — að það ætti að gera efni hennar sem fyrst að lögum.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 83, n. 339).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. þessi er flutt af þm. úr öllum þingflokkum og fjallar, eins og tekið er fram, um varnir gegn sígarettureykingum. Henni var vísað á sínum tíma til allshn. Sþ., og varð n. sammála um að mæla með samþykkt till., að því breyttu, að í stað 4. liðar, sem hljóðar svo í þáltill.: „Stofnaðar verði opnar deildir“ o. s. frv., komi: Athugaðir verði möguleikar á að stofna. Nefndinni þótti of ákveðið tekið þarna til orða, þar sem ekki væru fjármunir, a. m. k. eins og sakir stæðu, fyrir hendi til þess að opna þessar deildir, en hún tekur undir, að þessa sé þörf, og leggur til, eins og ég nefndi áðan, að tillgr. orðist svo:

„Athugaðir verði möguleikar á að stofna opnar deildir (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.“

Að öðru leyti vísa ég til till., eins og hún er á þskj. 83.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil alveg sérstaklega fyrir hönd okkar flm. þessarar þáltill. þakka hv. nm. í allshn. fyrir afgreiðslu þá, sem till. hefur hlotið hjá n., og vænti ég þess, að hún eigi greiðan byr hér út úr þinginu eftir þetta. Ég vék að því, þegar ég talaði fyrir þessari till. fyrr á þinginu og vitnaði þar til ummæla heimsþekkts sérfræðings, læknis, sem gegnt hafði landlæknisembætti í Bandaríkjunum í eina tíð, að hann sagði, að tími efasemdanna um skaðsemi og hættu sígarettureykinga væri fyrir löngu liðinn. Nú væri fengin fyrir því óyggjandi vissa, að sígarettureykingar væru einhver mesti skaðvaldur heilsufari manna um heimsbyggð víða og nú væri um að gera að hefja framkvæmdir og athafnir til þess að vinna á móti þessari hættu við líf og heilsu manna.

Ég vitnaði enn fremur í hluta af ræðu, sem Robert Kennedy hafði haldið fyrir nokkrum árum á þingi, þar sem fjallað var um þessi mál, þar sem hann gat þess m. a., að sígarettureykingar legðu fleiri Bandaríkjamenn í gröfina en þeir hefðu misst í mörgum styrjöldum, sem hann taldi þar upp, og skal ég ekki tefja tíma þingsins við að endurtaka það hér. Ég vil sérstaklega fagna því, að með væntanlegri samþykkt þessarar till. hefur Alþ. þar með ákveðið, að hið opinbera, ríkisvaldið, ætli að hefja ákveðna baráttu gegn útbreiðslu sígarettureykinga í þjóðfélagi okkar. Sú barátta verður væntanlega fyrst og fremst háð, eins og segir í tillgr., með fræðslustarfsemi um skaðsemi sígarettureykinga, og aðaláherzlunni verður beint að skólunum, að unga fólkinu, sem á að erfa landið og á miklu veltur, að haldi sínu heilbrigði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég vil þakka nm. fyrir hönd okkar flm. fimm fyrir afgreiðsluna á þessu máli, og ég vona, að samþykkt þess eigi eftir að hafa í för með sér ýmsar aðgerðir af hálfu hins opinbera, er til þess séu fallnar að koma í veg fyrir, að margt ungmennið byrji að reykja sígarettur.

ATKVGR.
Brtt. 339 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 431).

8. Vetrarorlof.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um vetrarorlof [31. mál] (A. 31).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. og 7. fundi í Sþ., 28. okt. og 3. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. þessi um vetrarorlof var flutt hér á Alþ. í fyrravetur, og var þá mælt fyrir henni, en hún komst ekki til afgreiðslu í þn. Í grg. er gerð allítarleg grein fyrir, hvað fyrir flm. vakir, en það er, að hægt sé að nota lengri tíma ársins en verið hefur, til þess að fólk geti notið hvíldar og orlofs, og líka hugleitt út frá því, að vinnutíminn nýtist betur. En svo sem kunnugt er, munar miklu, a. m. k. með alla útivinnu, hvað erfiðara er að framkvæma hana um vetur en um sumar. Til þess að þessi till. eða sú hugmynd, sem liggur að baki henni, nái fram að ganga og verði að fullum notum, mun þurfa að breyta orlofslögum, því að í þeim er gert ráð fyrir, að a. m. k. verkamenn taki frí sitt frá því um miðjan maí og fram á haustdaga, en ekki er gert ráð fyrir því, að þeir taki það um veturinn. Þetta hefur náttúrlega af löggjafans hálfu verið hugsað þannig, að verkamenn yrðu ekki knúðir til þess að taka frí sitt að vetri til og gætu ekki haft upp úr því svipaða hvíld og ánægju eins og að sumri til, en nú teljum við flm. þessa frv., að ýmislegt hafi breytzt síðan orlofslögin voru sett og þetta þurfi endurskoðunar við. Ég vil geta dæma eins og t. d. þeirra, að það er að verða erfitt fyrir margar opinberar stofnanir að láta starfsfólk sitt taka orlof yfir sumartímann, því að það raskar svo mjög vinnutilhögun. En ef hægt væri að dreifa þessu á allt árið og fólkið, sem vinnur að þessu, væri jafnánægt með að taka frí á vetrum sem sumrum, þá mundi viðhorfið breytast verulega, hvort sem menn vildu fara utan til Suðurlanda, eins og hér er nefnt, eða njóta orlofsins heima við ýmiss konar íþróttaiðkanir eða eitthvað því um líkt. Að sjálfsögðu tækju ekki allir vetrarfrí. Það væri hægt að víxla þessu alla vega til. Einn gæti tekið fríið að vetrinum og svo aftur næsta ár að sumri og svo koll af kolli. Menn tækju það ekki alltaf á veturna eða alltaf á sumrin, en til þess að þetta geti orðið ódýrt og almenningseign, þurfa samtök stórra stofnana að koma þarna við sögu, eins og hér er drepið á, Alþýðusamband Íslands og önnur stéttarsambönd í landinu, en hagkvæmt er, að ríkið hafi þarna hönd í bagga, eins og hér er lagt til.

Mig langar að segja þingheimi frá því, að í raun og veru hefur verið gerð eins konar frumtilraun með framkvæmd þessarar hugmyndar, þannig að ein stofnun hér í Reykjavík eða atvinnufyrirtæki, Gamla kompaníið, hafði þann hátt á nú í haust í samráði við sitt starfslið, að það frestaði öllu orlofi þangað til í október og þá fór starfsfólkið á vegum ákveðinnar ferðaskrifstofu suður í lönd og naut þar hálfs mánaðar orlofs. Munu allir hafa verið ánægðir með það.

Það gefur auga leið, að til þess að þetta verði hagkvæmt, eins og ég tók fram áðan, þarf að vera á þessu gott skipulag og mikil samtök, og fleira mætti koma til. M. a. hafa nágrannar okkar á Norðurlöndum, í Svíþjóð og Noregi og ég hygg Danmörku einnig, tekið það til bragðs að koma sér upp hvíldarheimilum eða jafnvel endurhæfingarheimilum suður í löndum, sem þeir senda sjúklinga til, sem þurfa hvíldar og hressingar við. Þeir hafa tekið þarna hús á leigu eða jafnvel keypt og reka þarna, eins og ég segi, hvíldar- eða endurhæfingarheimili. Möguleikarnir eru margir, ef menn vilja sameinast um að nota þá, en fyrst og fremst er þál. flutt til þess að auðvelda almenningi að nota lengri tíma til orlofs og hvíldar og hressingar en nú, en einnig til þess að gera atvinnuvegunum hægara fyrir um framkvæmd þessara mála.

Ég ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta, en leyfi mér að leggja til, að þessu verði vísað til allshn. að frestaðri þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 31, n. 352).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 432).

9. Fiskileit og fiskirannsóknir.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa [37. mál] (A. 37).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram till. til þál. á þskj. 37 um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa. Till. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara vísindalega fiskileit og nákvæmar fiskirannsóknir í Húnaflóa undir stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands. Rannsóknir þessar skulu miða að leit nýrra fiskimiða, könnun á því, hvers konar fiskveiðar væru hagkvæmastar og hvaða stærð fiskiskipa hentaði bezt á þessum slóðum. Þá verði einnig rannsakað, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskrækt og fiskuppeldi í Húnaflóa."

Með hverju ári sem líður verður mönnum það ljósara, að uppbygging atvinnulífsins hér á landi verður að

vera höfuðverkefni okkar, eða m. ö. o., við verðum að tryggja öllu vinnufæru fólki næga atvinnu, hvar sem það býr í landinu. Því miður hefur verið mikill misbrestur á þessu, og við vitum, að á velgengnisárum þjóðarinnar var allt of mikið einblínt á síldina og síldargróðann. Við könnuðum ekki og notfærðum okkur ekki marga möguleika, en við vitum, að um leið og síldin brást, fór strax að síga á ógæfuhliðina, og við verðum að viðurkenna, að við sýndum litla fyrirhyggju í atvinnumálum þjóðarinnar.

Í þessari till. til þál. er gert ráð fyrir, að gerðar verði víðtækar fiskirannsóknir og fiskileit í Húnaflóa, og ástæðan til þess að Húnaflói er valinn frekar en aðrir flóar eða firðir, er sú, að fyrir 20—30 árum var Húnaflói ein af gullkistum þjóðarinnar, en allir vita, að á síðari árum hefur þar verið mikil aflatregða og afleiðing þess hefur orðið atvinnuleysi og fólksflótti úr sjávarþorpum. Og það má sjá það í opinberum skýrslum, að launatekjur fólks hafa verið minni á þessu landssvæði en víða annars staðar. Við vitum líka, að það er árið 1965, sem fyrst er farið að veiða rækju og rækjuvinnsla hefst. Og sannleikurinn er sá, að það er í raun og veru þetta, sem hefur bjargað afkomu fólksins á þessu svæði. En það sjá allir í hendi sér, að rækjuveiðar og rækjuvinnsla er of einhæf atvinnugrein. Og hvað skeður, ef þessar veiðar bregðast?

Eins og ég sagði áðan, vitum við, að með aflaleysi kemur fljótlega atvinnuleysi og tilhneigingin til að fara brott til annarra staða, þar sem lífsafkoma er betri og öruggari. Unga fólkið getur valið þessa leið, en fjölskyldufólkið ekki, því að það hefur yfirleitt bundið allt sitt í húseignum eða öðru á þessum stöðum. Og þó að það vildi selja eignir sínar, þá eru kaupendur tæplega finnanlegir. Og það er hægara sagt en gert að ganga frá eignum sínum, flytja burt með tvær hendur tómar, og það má því segja, að þetta fólk sé í sjálfheldu. En það hefur lifað í þeirri von, að fiskurinn kæmi aftur og atvinnulífið yrði aftur eðlilegt.

Að undanförnu hefur verið unnið að svokallaðri Norðurlandsáætlun og sá þáttur tekinn fyrir, sem snýr að almennri uppbyggingu atvinnulífsins á Norðurlandi. Húnaflói fellur undir þessa áætlun. Í skýrslu, sem Efnahagsstofnunin lét gera um Húnaflóasvæðið og lögð var fyrir stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs 16. ágúst 1966, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þýðingarmikið er, að athugun fari fram á fiskimiðum í Húnaflóa, jafnt miðum fyrir þorskfisk sem fyrir aðrar tegundir, sem lítt hafa verið veiddar fram að þessu. Jafnframt er þýðingarmikið, að athugað sé, hvaða veiðiaðferðir og bátastærðir geti gefið bezta raun."

Á öðrum stað í þessari sömu skýrslu stendur:

„Ástæður fyrir þessu aflaleysi eru ekki vel kunnar. Er því þýðingarmikið að fá fiskifræðinga til þess að framkvæma nánari athugun á Húnaflóasvæðinu og raunar Norðurlandi öllu, bæði til þess að vita, hvort afli getur fundizt á öðrum slóðum en hefur verið áður, hvort hægt sé að ná aflanum með öðrum veiðarfærum eða hvort hægt sé að veiða aðrar tegundir sjávardýra en áður hafa verið veiddar. Slík rannsókn er verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar."

Og í þriðja lagi stendur í þessari skýrslu:

„Hugsanlegt er, að kúfiskur gæti komið til greina. Allt þetta þarf frekari athugunar við, og kemur þá fyrst og fremst til greina skipulögð fiskileit undir umsjá Hafrannsóknastofnunarinnar."

Niðurstaðan í þessari skýrslu Efnahagsstofnunarinnar frá árinu 1966 um Húnaflóasvæðið er því sú, að höfuðnauðsyn sé, að framkvæmd verði fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa. Við vitum, að atvinnuástandið á Húnaflóasvæðinu í sjávarþorpunum hefur verið mjög bágborið á undanförnum árum. En þrautseigja þessa fólks hefur verið aðdáunarverð. Það hefur trúað því, að fiskurinn kæmi aftur í flóann og þá skapaðist næg atvinna. En við vitum nú, að þessi bið er orðin bæði löng og ströng og þolinmæði fólksins er á þrotum. Það hefur vantað ákveðinn skilning til þess að gera raunverulegt átak til þess að efla atvinnuþróunina á þessum stöðum. Viðfangsefnið í dag hlýtur því að vera að bæta hvers konar skilyrði til atvinnuuppbyggingar, þannig að lífsafkoma þessa fólks sé tryggð. Það liggur ljóst fyrir, að hráefnisöflun þarf að auka og treysta ekki um of á eina veiðiaðferð og eina fisktegund. Þess vegna þarf að kanna vísindalega alla tiltæka möguleika og skapa sem mesta fjölbreytni í fiskútgerð og fiskvinnslu. Það er aðkallandi, að nú þegar verði kannaðir allir möguleikar á meiri fjölbreytni í þessum efnum. Efling og örvun atvinnulífsins á svæðinu er grundvallaratriði fyrir heilbrigða atvinnuþróun.

Við vitum, að á mörgum fundum útvegsmanna og sjómanna hefur á undanförnum árum verið rætt um nauðsyn þess, að hafizt verði handa um fiskrækt og uppeldi nytjafiska í fjörðum landsins. En því miður hefur allt of lítið af þessu verið gert hingað til. Hér bíður okkar vissulega stórt verkefni, sem við verðum að vinna að á næstunni, og ég tel einmitt, að í Húnaflóa séu margvíslegir möguleikar á að koma upp fiskrækt eða fiskuppeldi. Við vitum, að á þessum stöðum, í sjávarþorpunum í kringum Húnaflóa, eins og á Drangsnesi, Hólmavík og Skagaströnd, eru frystihús, hafnir, atvinnutæki og þjálfað starfsfólk í fiskvinnslu, sem gæti afkastað miklu meira framleiðslumagni en nú er, ef nægilegt hráefni væri fyrir hendi.

Nú er unnið að Norðurlandsáætlun, að alhliða uppbyggingu atvinnulífsins, og Húnaflóasvæðið fellur undir þessa áætlun. Það er því brýn nauðsyn, að einmitt nú verði framkvæmdar þær rannsóknir í Húnaflóa, sem till. þessi fjallar um.

Herra forseti. Eftir þessa umr. legg ég til, að till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 37, n. 353).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til afgreiðslu, fjallar um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa. Hún er flutt af hv. 8. landsk. þm., Steingrími Pálssyni. Allshn. Sþ. hefur fengið þessa

till. til umsagnar og sent hana til athugunar bæði Fiskifélagi Íslands og Hafrannsóknastofnuninni, sem bæði mæla með till., en Hafrannsóknastofnunin vill benda á bæði í sambandi við þessa till. og ýmsar aðrar, sem liggja fyrir Alþ., að til þess að hún geti annað öllum þeim óskum, sem koma fram frá hv. þm. á Alþ. varðandi leit að fiski og rækju o. fl. kringum allt land, þá mætti Alþ. muna eftir því að veita meira fé til stofnunarinnar.

Að athuguðu máli leyfði n. sér að gera tilteknar breytingar á till., og eru þær gerðar í samráði við flm. Eins og stendur í nál., er bætt inn í, á eftir orðunum fiskirannsóknir í Húnaflóa: „og annars staðar fyrir Norðurlandi", og í lokin: „verði einnig rannsakað, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskirækt eða fiskuppeldi í Húnaflóa og annars staðar í fjörðum norðanlands." Með þessum tilteknu breytingum, sem fylgja á þskj., leggur n. til, að till. verði samþ.

Steingrímur Pálsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir að afgreiða þessa till. mína um fiskileit og fiskirannsóknir. Ég vænti þess, að till. verði samþ. og í framhaldi af því verði brugðið skjótt við og byrjað á fiskileit og fiskirannsóknum í Húnaflóa og við Norðurland. Ég er sammála þeim brtt., sem hv. allshn. gerði, og ég vonast til, að niðurstaðan af þessari leit og þessari rannsókn geti orðið lyftistöng fyrir það fólk, sem býr í þessum landshluta.

ATKVGR.
Brtt. 353,1 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
— 353,2 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 827), með fyrirsögninni:
Þál. um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa og annars staðar fyrir Norðurlandi.

10. Strandferðir.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um strandferðir [28. mál] (A. 28).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef ásamt fjórum öðrum þm. af Austfjörðum og Vestfjörðum flutt hér till. um strandferðir, en í tillgr. segir:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj. að láta gera áætlanir um smíði og rekstur strandferðaskips til farþegaflutninga."

Till. um þetta efni hefur verið flutt áður hér á hv. Alþ. oftsinnis, og hv. þm. er málið vafalaust vel kunnugt, svo að ég get þess vegna komizt af með frekar stutta framsögu.

Skipaútgerð ríkisins er orðin nokkuð gamalt fyrirtæki. Það byrjaði smátt, eins og fleiri fyrirtæki hér á landi. Um skeið var Skipaútgerðin það vel skipum búin, að hún hafði til umráða sex skip, eitt olíuflutningaskip, tvö stærri skip, sem voru jöfnum höndum ætluð fyrir farm- og farþegaflutninga, tvö minni skip til vöruflutninga eingöngu eða fyrst og fremst og loks eitt minna skip, sem var sérstaklega sniðið fyrir Vestmannaeyjaferðir og Hornafjarðar. Þegar þessari uppbyggingu var lokið eða í þann mund, gerðist svo það, sem öllum er kunnugt, að flugið ruddi sér til rúms og með mjög skjótum hætti og öll aðstaða varðandi fólksflutninga gerbreyttist. Varðandi Skipaútgerðina var ekki brugðizt við á þann hátt að samhæfa skipakost hennar og aðstöðu þessu nýja fyrirkomulagi. Þvert á móti er hægt að segja, að starfsemi Skipaútgerðarinnar væri brotin niður, m. a. með því að selja skipin, áður en önnur komu í staðinn, og að gera ekkert til þess að aðskilja farmflutninga og farþegaflutninga í samræmi við breyttar kröfur í farþegaflutningunum og einnig með því, að alls ekkert eða nálega ekkert var gert til þess að bæta úr aðstöðu Skipaútgerðarinnar í Reykjavík til þess að annast meðferð vöru. En bara þetta út af fyrir sig háði starfseminni mjög. Þessa sögu ætla ég ekki að rekja frekar. Við, sem á ströndinni búum, teljum þetta sorgarsögu.

Nú hefur aftur á móti verið tekið til við þann þáttinn, sem að vöruflutningunum snýr. Snúizt hefur verið við þeim þætti með því að láta byggja hér innanlands tvö ágæt vöruflutningaskip. Aftur á móti virðist mér það liggja í loftinu, og ég veit a. m. k. ekki betur en að ekkert sé áformað um aðgerðir í sambandi við farþegaflutninga á sjó. Esja og Hekla hinar eldri voru mjög myndarleg skip. Að þeim var mikið öryggi fyrir strandbyggðirnar, og þær veittu þeim mjög mikilsverða þjónustu. Með þessum skipum var búið að byggja upp hringferðir að sumarlagi fyrir skemmtiferðafólk, innlent jafnt sem erlent, og þær ferðir nutu orðið mjög mikilla vinsælda, enda þótt þær væru bæði byggðar upp með skipum, sem voru orðin nokkuð gömul og ekki fyllilega nýtízkulega búin, og byggðar upp með skipum, sem ekki gátu — ekki heldur í þessum sérstöku ferðum — látið þjónustu við farþegana vera einráða um tilhögun, heldur urðu einnig að taka nokkurt tillit til vöruflutningahagsmunanna. En þrátt fyrir það voru þessar ferðir mjög vinsælar, og mátti segja, að uppantað væri í þær fyrir fram á síðustu misserunum, sem þær voru reknar.

Það er skoðun mín og okkar, sem flytjum þessa till., að þegar farþegaflutningar á sjó hafa raunverulega verið dæmdir úr leik af hálfu stjórnarvalda, þá sé það gert á röngum forsendum. Sú reynsla, sem hægt var að byggja á, var eingöngu bundin við skip, sem voru jöfnum höndum byggð fyrir vöruflutninga og farþega, og þá með þeim afleiðingum, að viðkoma eða viðdvöl á einstökum höfnum gat farið upp í eitt dægur vegna lestunar og losunar, þar sem mest var að gera. Það er því ekki nema að takmörkuðu leyti hægt að draga ályktanir af þessari reynslu um það, hvort eðlilegt sé og réttmætt að halda uppi myndarlegu farþegaskipi til siglinga umhverfis landið. Við lítum svo á, að enn þá séu mikil verkefni fyrir myndarlegt farþegaskip og þá fyrst og fremst tvíþætt. Annars vegar það að þjóna strandbyggðum, alveg sérstaklega á Austfjörðum og Vestfjörðum, á þeim árstímum, þegar samgöngur á landi eru erfiðastar. Slík þjónusta mundi auðvitað veita hvort tveggja í senn, tengingu þessara svæða við aðal-

þéttbýlissvæði landsins, og hins vegar, og það er ekki lítið atriði, mjög mikilsverða tengingu á milli hinna ýmsu þéttbýlisstaða á þessum svæðum, á milli þeirra innbyrðis. Menn kunna að deila um það, hvort það sé réttlætanlegt að veita þessa þjónustu, jafnvel þó að það kynni að verða einhver halli á slíkum rekstri út af fyrir sig. Og eins og ég sagði áðan, þá er engin reynsla af svona starfsemi, þannig að það er í raun og veru ekki hægt að fullyrða um það fyrir fram, hvernig hún kæmi út. En um hinn þáttinn, starfsemina að sumarlagi, má slá því föstu, að úr því að ferðirnar með gömlu skipunum voru svo vinsælar sem raun bar vitni, þá yrðu ferðir með nýrra skipi, sem að sumrinu þjónaði eingöngu hagsmunum skemmtiferðafólks, þá hlytu þær að verða mjög notaðar. Annað má telja útilokað, einkum þegar það þá einnig er haft í huga, að ferðamannastraumurinn til landsins vex hröðum skrefum og einnig ferðalög manna innanlands. Það kann auðvitað að vera, að þegar til kæmi með rekstur slíks skips, kynnu að koma þau tímabil árlega, þar sem ekki væri full þörf fyrir farþegaskip á ströndinni, ég skal ekki taka fyrir það. En ég álít, að það ætti þá að vera hægt að finna önnur verkefni fyrir nýtt og vel búið skip, finna verkefni fyrir það annars staðar.

Ég vil að lokum minna á það, að hjá Norðmönnum, sem hafa einna líkastar aðstæður og við af þeim þjóðum, sem við höfum verulegar spurnir af, eru núna uppi ráðagerðir um að aðskilja miklu meira en verið hefur farm- og farþegaflutningana. En það eru áreiðanlega engar ráðagerðir uppi um það hjá Norðmönnum — og ég vil segja hjá engri þjóð, sem býr við líkar aðstæður og Íslendingar og Norðmenn, að þjóðin er dreifð víðs vegar á langri strönd með góðum höfnum, — það eru áreiðanlega hvorki þar eða nokkurs staðar annars staðar undir slíkum kringumstæðum uppi ráðagerðir um það að leggja með öllu niður farþegaflutninga á sjó. Og ég vil aftur minna á það alveg sérstaklega, sem ég hef þegar vikið að, með ferðamennina, innlenda og erlenda, að það virðist ákaflega vafasamt, að á sama tíma og stefnt er að því að margfalda ferðir erlendra manna til Íslands og á sama tíma og verið er að vinna að því, að menn geti jöfnum höndum eytt sumarleyfinu í ferðir innanlands, þá sé þessi þáttur samgangna alveg lagður niður. Ég segi það að lokum, að mér og okkur, sem flytjum þessa till., finnst það algert lágmark, sem í till. felst, að ríkisstj. láti gera áætlanir um smíði og rekstur strandferðaskips til farþegaflutninga og síðan yrði málið þá skoðað nánar, áður en endanlegar ákvarðanir yrðu teknar.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð í sambandi við þessa till., sem er 28. mál. Það er um það, að Alþ. skori á ríkisstj. að láta gera áætlun um smíði og rekstur strandferðaskips til farþegaflutninga. Ég held, að það sé rétt að leggja megináherzluna á það, að athugun verði gerð um rekstur slíks skips, áður en farið væri að gera áætlun um smíði. Það er hægt að gera sér grein fyrir því, hvað skip muni kosta, sem væri hentugt í þessu skyni, og út frá því er hægt að gera rekstraráætlunina.

Það er ekki nema eðlilegt, að menn velti því fyrir sér, hvort það geti verið hagkvæmt eða hvort það sé nauðsynlegt að fá strandferðaskip til fólksflutninga. Tímarnir eru breyttir. Það vita allir, og það tók hv. 1. flm. fram, að það eru breyttir tímar frá því, sem áður var, þegar fólkið gat ekki ferðazt á milli héraða eða landsfjórðunga nema með skipum eða þá á hestum. Meginhluti fólks, sem nú ferðast innanlands, fer í bifreiðum eða flugvélum. Mér skilst á hv. flm., að þeir leggi mikla áherzlu á það, að þetta skip gæti verið eftirsótt og mikið notað af erlendum ferðamönnum, sem vildu sigla í kringum landið og njóta náttúrufegurðar og góðs veðurs. Þeir hafa ábyggilega eitthvað til síns máls, en hversu mikið það yrði notað, það er náttúrlega erfitt að fullyrða um það, vegna þess að útlendingarnir vilja ekki síður ferðast á landi, í bifreiðum og í flugvélum og jafnvel á hestum. Og útlendingarnir sækja ekki síður inn til dala og upp til öræfa heldur en út til strandarinnar. Allt þetta þarf að taka með í reikninginn og athuga og þá einnig, hvernig ætti að nýta skipið, þegar minnst væri fyrir það að gera og skemmtiferðamennirnir ekki til staðar, hvernig ætti að koma í veg fyrir aukinn taprekstur hjá útgerðinni og nýta þetta skip. Það er alveg sjálfsagt, að athugun fari fram á þessu. Þriggja manna stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins og svo náttúrlega framkvæmdastjóri Skipaútgerðarinnar munu gera þessa athugun. Þeir munu leggja áherzlu á það að gera sér grein fyrir rekstrarútkomu svona skips, sem þeir áður hafa athugað, hvað muni kosta, því að það er fljótlegt að gera sér grein fyrir því. Og það verður að liggja fyrir rekstrarathugun, áður en farið er að leggja í nokkurn verulegan kostnað að öðru leyti í sambandi við þetta.

Það er aðeins þetta, sem ég vildi segja, alls ekki, að ég sé að mæla á móti till. út af fyrir sig, en leggja áherzlu á, að það mun verða gerð athugun, rekstrarathugun á slíku skipi sem hér er um að ræða.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér, að athugun yrði nú látin fara fram á þessu máli. Mér þykir vænt um að heyra þetta. Við erum búnir að tala um þetta mál fyrir daufum eyrum árum saman, ýmsir, sem áhuga hafa fyrir því, ekki einasta með tillöguflutningi hér á hv. Alþ., heldur einnig með samþykktum frá ýmsum samtökum fólksins í strandhéruðunum. Ég hef aldrei fyrr fengið jákvæðar undirtektir frá stjórnarvöldum, og ég vil þakka þessa yfirlýsingu.

Ég ætlaði annars ekki að segja miklu fleira, en mér er það auðvitað ljóst, að það þarf að gera rekstraráætlun, enda er það sagt í till., en ég hafði nú haldið, að rekstraráætlun byggðist m. a. á áætlunum um kostnað við byggingu slíks skips. Ég vildi aðeins árétta það, sem ég sagði áðan, að í mínum huga er ekki nokkur minnsti vafi á því, að verkefnin að sumrinu eru alveg yfirfljótanleg. Hringferðir í kringum landið yrðu ekki margar sumarlangt. Og þó að það sé auðvitað hárrétt, sem hæstv. ráðh. segir, að erlendir ferðamenn koma hér ekki síður til þess að skoða öræfi og óbyggðir og leita inn til dala, enda yrði sá hópur, sem þessar ferðir gæti tekið, náttúrlega ekki nema örlítið brot af þeim ferðamannastraumi, sem til landsins liggur. Og vegna þess að ferðirnar með gömlu skipunum, sem þó voru tengd

vöruflutningum að nokkru og höfðu auðvitað að mörgu leyti miklu lakari útbúnað en nýtt skip mundi hafa, vegna þess hversu mikið þær voru notaðar, þá held ég, að það sé hafið yfir allan vafa, að sumarferðir með nýju skipi yrðu fullnýttar. En hitt þarf auðvitað að athuga.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 28, n. 381).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þessa till. og sent hana til umsagnar nokkrum aðilum. Eftir að hafa kynnt sér svör þeirra og rætt málið að öðru leyti, varð n. ásátt um að leggja til, að till. yrði samþ., með lítils háttar breytingu þó, sem liggur hér fyrir á þskj. 381. En það felst í þeirri breytingu, að úr tillgr. verði fellt orðið smíði. Segir í tillgr. eins og við fluttum hana, flm., að „Alþ. álykti að leggja fyrir ríkisstj. að láta gera áætlanir um smíði og rekstur strandferðaskips til farþegaflutninga", en allshn. hefur lagt til, að till. orðist þannig: „Alþ. ályktar að leggja fyrir ríkisstj. að láta gera áætlun um rekstur strandferðaskips til farþegaflutninga." Ég er meðnm. mínum þakklátur fyrir þessa afgreiðslu málsins. Ég tel þessa breytingu ekki skipta máli, því að vitanlega gera menn ekki rekstraráætlun öðruvísi en að kynna sér stofnkostnaðinn einnig.

Ég og meðflm. mínir höfum flutt hliðstæðar till. þessari á þremur þingum áður. Þær hafa ekki hlotið afgreiðslu. Áður hafði Halldór Ásgrímsson alþm. flutt till. í þessa stefnu, svo að það er kannske ekki óeðlilegt, þó að manni þyki betur, að málið fær nú jákvæðar undirtektir.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef áður lýst hér, þegar ég hef gert grein fyrir þessum till., að fyrir þjóð með aðstöðu Íslendinga, þjóð, sem býr á langri strandlengju, sé það nánast útilokað að fella farþegaflutninga á sjó með öllu úr samgöngukerfinu. Og ég vona, að það eigi eftir að sýna sig að lokinni nauðsynlegri rannsókn, að grundvöllur sé fyrir þeirri starfsemi, sem þessi till. fjallar um.

ATKVGR.

Brtt. 381 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 828).

---

11. Fiskileit við Austfirði.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fiskileit við Austfirði [92. mál] (A. 96).

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. um fiskileit við Austfirði. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hið fyrsta fara fram ítarlega fiskileit úti fyrir Austfjörðum og verði sérstök áherzla lögð á leit að rækju, humar og skelfiski.

Fiskileit þessi verði gerð í samráði við Hafrannsóknastofnunina og samtök sjómanna og útvegsmanna á Austurlandi."

Þessari till. fylgir ítarleg grg., og sé ég því ekki ástæðu til þess að flytja hér langt mál sem rökstuðning fyrir þessum tillöguflutningi. Ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á þeirri þörf, sem hér er um að ræða. Það er enginn vafi á því, að það hefur verið lagt allt of lítið í það á undanförnum árum að framkvæma fiskileit víðs vegar við landið, en þó hygg ég, að fiskileit fyrir Austurlandi hafi verið minni en alls staðar annars staðar við landið nú í allmörg ár.

Það er komið svo, að almennt er talið mjög óhagkvæmt að byggja rekstur fiskvinnslustöðva eða frystihúsa á því einu saman að hafa til úrvinnslu nýveiddan þorsk eða annan slíkan fisk og þurfa síðan að stöðva að mestu fiskvinnsluna, þegar slíkur fiskur er ekki fyrir hendi. Því hefur hugur manna beinzt meira og meira að því að leggja sig eftir ýmsum öðrum fisktegundum, sem hentara er þá að vinna á þeim tíma, sem minna er um þorsk til vinnslunnar. Það hefur t. d. komið í ljós, að það getur verið mjög hagkvæmt að geta unnið humar, en það er tiltölulega auðvelt í rauninni að safna honum saman á grófan hátt eða að forfrysta hann og geyma hann síðan sem hráefni í marga mánuði og vinna úr honum útflutningsvöru síðar. Sama er að segja um skelfiskvinnslu. Hún yrði á margan hátt rekin þannig, að hægt væri að nota hana til þess að fylla upp í eyður í rekstri húsanna og tryggja þannig miklu samfelldari og öruggari vinnu fyrir fólkið, sem annars vinnur aðallega í þessum fiskvinnslustöðvum.

Ég hef í nokkur ár lagt fram till. við afgreiðslu fjárlaga um það, að varið yrði meira fjármagni en þar hefur verið áætlað að gera í þessu skyni, og hef þá auðvitað sérstaklega haft í huga, að það þyrfti að auka verulega fiskileit fyrir Austurlandi. Þessi till. er flutt í framhaldi af þessu, þó að ég sjái ekki ástæðu til þess að ræða hér frekar um hana. En ég vænti þess, að sú n., sem fær till. til athugunar, kynni sér málið, og þá efast ég ekki um, að hún mun viðurkenna það, að hér er um þarfamál að ræða og það sé réttmætt að samþykkja þessa till.

Herra forseti. Ég óska svo eftir því, að þessari till. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 96, n. 382).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. hefur einnig um þessa till. orðið sammála og leggur til, að hún verði samþ. óbreytt.

Borizt hafði svar frá Hafrannsóknastofnuninni við bréfi n. um þessa till. Þar kemur það fram, að í sumar er fyrirhugað að leita að skelfiski í fjóra mánuði fyrir Norður- og Austurlandi. En þess er getið, að sú leit hafi ekki verið ákveðin í smáatriðum, og tæplega verði hafizt handa fyrr en í vor. Það kemur einnig fram í umsögninni, að frekari rækjuleit við Austfirði hefur ekki enn verið ákveðin.

Austfirðingum hefur þótt sem ekki hafi verið nægilegur gaumur gefinn að þessum rannsóknum við Austfirði, og hefur verið mikið eftir því leitað á undanförnum árum að fá þar úr bætt. Hafrannsóknastofnunin hefur haft mörgum verkefnum að sinna og hefur talið, að þess vegna hafi ekki verið unnt að sinna þessu eins og skyldi. Í bréfi Hafrannsóknastofnunarinnar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafrannsóknastofnunin tekur fyrir sitt leyti undir framangreinda þál., en eigi að gera miklu meira en þegar hefur verið lýst, þarf aukið fé til stofnunarinnar og eins vil ég benda á, að stofnunina vantar fleira starfsfólk, ef hún á að sinna öllum þeim verkefnum, sem vissulega eru fyrir hendi og þurfa úrlausnar."

Við væntum þess, að samþykkt þessarar till., þessi viljayfirlýsing Alþ., megi leiða til þess, að aukin áherzla verði lögð á leit þeirra sjókinda fyrir Austfjörðum, sem till. fjallar um, því að þar er, ef af líkum má ráða, nokkuð mikils að vænta.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka allshn. fyrir góða afgreiðslu á þessari till. og vænti, að hún verði hér samþ. og þeir, sem með framkvæmd þessara mála hafa að gera, fallist á það að verja nokkru meira fé til þeirra rannsókna, sem lagt er til, að efnt verði til með þessari till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 841).

12. Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Sviþjóðar.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um fullgildingu á samkomulagi um breyt. á samstarfssamningi frá 23. marz 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar [287. mál] (A. 587).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða löngum tíma þingsins í að gera grein fyrir þessari till. til þál. Í henni felst, að Alþ. álykti að veita ríkisstj. heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningi frá 23. marz 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem var undirritaður í Kaupmannahöfn, meðan Norðurlandaráðsfundurinn stóð þar yfir, 13. febr. 1971, og er hann prentaður hér sem fskj. Örfá atriði í aðdraganda málsins og hvernig það stendur vil ég nefna.

Á fundi forsrh. Norðurlanda í októbermánuði 1967 var ákveðið að skipa nefnd til þess að athuga árangur af starfi Norðurlandaráðs og öðru norrænu samstarfi, er verða mætti til að efla samstarf Norðurlandanna á grunni þeirrar reynslu, sem fengizt hefði af starfsemi Norðurlandaráðs. Í þessari skipulagsnefnd var fulltrúi frá hverju landi, en Finninn Karl August Fagerholm hefur allan tímann verið formaður nefndarinnar, og þykir starf hans á þessu sviði hafa verið bæði gott og mikið. Það hefur verið góð eining um þessar breytingar, sem í heild sinni eiga að stuðla að nánari tengslum eða samstarfi milli ríkisstjórnanna og Norðurlandaráðsins, sem sumum fannst, að væri að vissu leyti óskipulegt og kannske ekki í nógu traustum böndum. Fljótlega komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að setja á svokallaða fasta norræna ráðherranefnd, og það má segja, að að vissu leyti sé það kannske verulegasta efnisbreytingin í þessum samstarfssamningi, en ákvæðin um ráðherranefnd Norðurlandanna er að finna í 55.—62. gr. samstarfssamningsins.

Þegar þing Norðurlandaráðs var haldið hér í Reykjavík í febrúarmánuði 1970, var samþykkt þar till. skipulagsnefndar um breytingar á hinum svokallaða Helsingforssamningi, og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs samþykkti svo á fundi sínum 16. marz 1970 að mæla með till. með óverulegum breytingum, sem embættismannanefndin hafði gert. Síðan var þetta rætt á fundi stjórnarnefndar íslenzku deildarinnar, á fundi Íslandsdeildar Norðurlandaráðsins og utanrmn., sem að minni tilhlutan var kvaddur hér saman í okt., en þá stóð til, að fundur stjórnarnefndarinnar og forsrh. yrði næstu daga í Kaupmannahöfn, og var hann haldinn 2. nóv. Var þá ekki endanlega gengið frá undirskriftum þessa samnings, en gert ráð fyrir að ljúka því, eins og raun varð á, þegar Norðurlandaráðsfundurinn væri haldinn í Kaupmannahöfn nú í vetur.

Það má segja, að ákvæði þessa samnings um ráðherranefndina feli ekki í sér grundvallarbreytingu á stöðu Norðurlandaráðs. Ráðið hefur áfram frumkvæðisrétt og ráðgjafarvald, og ætla má, að með því móti, að einn ráðherra frá hverju landi fjalli sem aðalráðherra, ef við getum sagt svo, um Norðurlandamálefni, þá er ekki ólíklegt, að af því kynni að skapast meiri festa í meðferð þeirra mála. Það er hins vegar gert ráð fyrir því, að áfram haldi hér eftir sem hingað til einstakir ráðherrafundir ráðherra á Norðurlöndum, eins og hv. þm. er kunnugt um, að iðulega eru haldnir. Það er einnig gert ráð fyrir því í ákvæðunum um ráðherranefndina, að það kunni að vera fleiri ráðherrar á nefndarfundi, þegar sérstök málefni eru rædd, sem sérstaklega heyra undir ákveðna fagráðherra. Og einnig er þá hugsanlegt, að fasti ráðherrann, sem á sæti í nefndinni, gæti veitt öðrum fagráðherra umboð til að mæta þar fyrir sína hönd, en séu þeir fleiri en einn frá einu landi, þá er aldrei um að ræða nema eitt atkv., og

ályktanir þessarar ráðherranefndar verða að vera einróma, en í því felst, að ráðherranefndin getur ekki tekið ákvörðun á móti vilja neinnar ríkisstjórnar. Mér er ekki kunnugt um, hvaða ráðherrar í hinum löndunum koma til með að sitja í þessari ráðherranefnd, en get látið þess getið, að samkv. reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands, sem samþ. var á grundvelli laga, sem sett voru 1969, en gengu í gildi um áramótin 1969—1970, þá heyra þessi málefni hjá okkur undir forsrh.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til meðferðar utanrmn. Ég legg á það áherzlu, að við getum afgreitt það, áður en þingi lýkur, en það geri ég m. a. vegna þess, að mér er ekki kunnugt um, að það sé neinn ágreiningur um þetta mál. Það er gert ráð fyrir, að þjóðþingin staðfesti samninginn, þannig að hægt sé að fullgilda hann eigi síðar en 1. júlí 1971.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 24. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 587, n. 706).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Mál þetta hefur verið til meðferðar í utanrmn. hv. Alþ. og hlotið þar samhljóða meðmæli nm. Málið mun þm. svo almennt kunnugt, að ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni þess í einstökum atriðum. Kjarni málsins er, að það á að efla á raunhæfan hátt norræna samvinnu. Geri ég ráð fyrir, að allir þingflokkar séu þar næsta sammála. Hins vegar get ég persónulega ekki hjá því komizt að láta þau orð falla, að mér hefur virzt norræn samvinna svokölluð hvað Ísland áhrærir ekki alltaf vera nægilega raunhæf, ekki þegar til hagsmunakastanna hefur komið a. m. k. Rómantískur aldamótaskandinavismi var í þá tíð vafalaust góðra gjalda verður, en síðari hluti 20. aldar krefst raunhæfari viðhorfa, og einmitt þetta frv. tel ég spor í þá réttu átt.

Meginbreytingar, sem þetta samkomulag felur í sér frá fyrri samningi, felast í upphafi þess, er hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem vilja treysta og efla enn grundvöll samstarfs Norðurlanda og skipulag;

sem telja ráðvænlegt að breyta í þessu skyni samstarfssamningi Norðurlanda frá 23. marz 1962;

sem hafa þess vegna ákveðið að fella inn í samstarfssamninginn grundvallarákvæði þau, er Norðurlandaráð varða;

sem jafnframt hafa ákveðið að bæta inn í samstarfssamninginn ákvæðum um ráðherranefnd Norðurlanda, en undir hana falla málefni norrænnar samvinnu."

Sannfæring mín er sú, að þetta ákvæði geti gert svokallaða norræna samvinnu virkari en verið hefur.

Þá fagna ég því, sem 39. gr. framangreinds samkomulags ákveður, að í störfum ráðsins, Norðurlandaráðs, taki þátt lögþing og landsstjórn Færeyja og landsþing og stjórn Álandseyja. Að mínu viti er þarna að vísu um vanda- og viðkvæmnismál að ræða, sem ég tel, að viðkomandi ríkisstjórnir hafi sýnt viðsýni í að leysa. Persónulega fagna ég því sérstaklega, að Færeyingar skuli þarna fá möguleika á að láta skoðanir sínar í ljósi, því að þeim er ég öðrum fremur kunnugur af erlendum þjóðum og met þá mikils og þeirra vináttu í garð Íslendinga. Álendinga þekki ég að vísu minna, en hef heyrt rök þeirra fyrir sínum málstað, og finnst mér þau hafa fulla stoð í starfi. Þess vegna er það till. mín og utanrmn., að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 734).

---

13. Rækjuveiðar og rækjuvinnsla.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Till. til þál. um skipulagningu rækjuvinnslu á Suðurnesjum [99. mál] (A. 104).

Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Ed., 12. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl G. Sigurbergsson): Herra forseti. Till. til þál. um skipulagningu rækjuvinnslu á Suðurnesjum, sem ég flyt hér í hv. deild, miðast við það að skora á ríkisstj. að hafa forustu um alhliða uppbyggingu í þeim efnum, og að hún hlutist til um, að fyllstu hagsýni í fjárfestingu sé gætt.

Þó hér sé eingöngu nefnd rækjuvinnsla á Suðurnesjum, er átt við, að ríkisstj. eigi og henni beri skylda til að koma í veg fyrir óeðlilega fjárfestingu í ýmsum greinum atvinnuuppbyggingar í landinu. Það hefur því miður komið allt of oft fyrir í einstökum þáttum atvinnulífsins og þá ekki sízt í sjávarútvegi, að fjárfesting hefur þróazt án nokkurrar heildarforustu, án nokkurrar könnunar á því, hver þörfin væri, og þá ekki gætt nægjanlegrar hagsýni eða raunhæfrar hagkvæmni í stofnun atvinnufyrirtækja. Í þessum efnum hefur ríkt sannkölluð gleypigangsstefna, þar sem aðallögmálið er að drepa og drepa, drepa sem mest og fljótast þann stofn af sjávardýrum, sem athyglin beinist að hverju sinni. Afleiðingin hefur oftast orðið sú, að nær heilum stofnum er útrýmt, svo að aðeins lifa eftir tiltölulega fáir einstaklingar af hverri tegund. Nægir í því sambandi að minna á síldarstofninn hér við land, sem nær er uppurinn. Sömu sögu er að segja um aðra fiskistofna, svo sem

bolfisktegundirnar þorsk og ýsu, sem talið er, að séu í mikilli hættu vegna ofveiði og ágangs, ef ekkert verður aðhafzt. Telja má einnig, að eins geti verið ástatt með loðnuna. Á meðan stefnan er mótuð einungis af því að drepa, er ekki von, að vel fari.

Þannig hagar til í sjávarplássum á Suðurnesjum, að fiskvinnslustöðvar hafa þar margar verið byggðar eingöngu til þess að nýta í þeim þann þorskafla, sem á land berst í aflahrotum á vetrarvertíðum, en standa svo meiri partinn af árinu ónotaðar. Alls staðar í sjávarþorpum úti um land er mikill áhugi manna fyrir því, að fiskvinnslustöðvarnar, sem til eru á hverjum stað, séu nýttar betur en verið hefur, svo að þær verði í notkun meiri part árs eða helzt allt árið. Það er liðinn tími, að menn sætti sig við það ástand, að margar og dýrar fiskvinnslustöðvar séu aðeins reknar fáa mánuði ársins eða aðeins, þegar mest aflast af bolfiski. Það er sjálfsagt og skylt að láta fara fram leit að nýjum fiskimiðum umhverfis landið og stuðla með því að fjölbreyttari veiði og vinnslu sjávarafurða. Jafnframt því, að ný mið séu fundin og nýir möguleikar til fjölbreyttari framleiðslu skapist við það, þarf að hafa í huga, að því aðeins kemur það þjóðinni til tekna, að fyllstu hagkvæmni sé gætt í hvívetna. Á ég þar við, að fjárfestingunni sé stjórnað af hagsýni og öll vinnsla skipulega upp byggð.

Það er heldur ekki nóg að finna ný mið. Það þarf að varast rányrkju á þeim miðum. Í því sambandi vil ég benda á, að fylgjast þarf rækilega með því frá byrjun, hvað t. d. rækjustofninn þolir mikinn ágang, og haga fjárfestingunni í samræmi við það þol. Við megum ekki láta koma fyrir hér það sama og lýst var fyrir nokkrum dögum hér í hv. deild, hvernig þessum málum er háttað vestur í Ísafjarðardjúpi, þar sem útlit er fyrir, að gleypigangsstefnan hafi ráðið ferðinni og hver og einn hafi reynt að hrammsa sem allra mest, áður en allt væri uppurið. En það er hætt við, ef ekkert verður aðhafzt, að hér gæti skapazt sams konar ástand, að þar syðra risu upp vinnslustöðvar, sem ekki væru nauðsynlegar, svo að hinar, sem fyrir eru, stæðu ónotaðar.

Það hefur allt of oft gerzt hér og þá sérstaklega í sambandi við sjávarútveginn, að einstakir aðilar hafa rokið til, þegar útlit hefur verið fyrir fljóttekinn gróða, og reynt að krækja sér í fé til stofnunar og rekstrar atvinnufyrirtækja. En þá hefur fyrirhyggjan ekki ætíð ráðið stefnunni. Ekkert hefur verið farið eftir því, hver þörfin væri, né hvað eðlilegt mætti teljast í þeim efnum hverju sinni. Svo þegar atvinnufyrirtækin eru orðin of mörg í hverri grein og fjárfestingin of mikil, hrynur rekstrargrundvöllurinn. Þegar slíkt ástand skapast, skeður það ætíð, að öll vinnsla hráefnisins verður of kostnaðarsöm, svo að sífellt þarf meira og meira magn til þess að standa undir kostnaði. Það orsakar ofveiði og rányrkju, sem ætíð bitnar fyrst á þeim, sem afla verðmætanna. Eru það sérstaklega sjómenn og útvegsmenn, sem selja hráefnið óunnið til vinnslufyrirtækja í landi, sem verða fyrir því.

S. l. sumar, eða frá því að rækjuveiðar hófust á miðunum út af Reykjanesi, hefur rækjan verið unnin í þeim fiskvinnslustöðvum, sem fyrir eru í sjávarplássunum, sem annars hefðu staðið svo til ónýttar þann tíma. Það hefur komið sér einkar vel bæði til þess að lengja rekstrartíma vinnslustöðvanna og ekki síst til þess að skapa verkafólki vinnu, sem annars hefði orðið lítil á þessu tímabili, sérstaklega eftir að humarvertíð lauk. Ég vil benda á, að það væri mjög hagkvæmt, þegar veiðiþolið hefur verið kannað, að láta veiðina og vinnsluna fara fram á þeim tíma, þegar lítið annað aflast og atvinna dregst saman af þeim sökum. Það gæti orðið mikil atvinnubót fyrir fólkið og lyftistöng fyrir atvinnulífið yfirleitt í sjávarplássunum í þessum landshluta eins og annars staðar, þar sem slík þróun yrði.

Margir atvinnurekendur á Suðurnesjum hyggjast nú hefja rækjuvinnslu og afla sér tækja til þeirrar vinnslu. Ég segi margir atvinnurekendur, því að það er vitað um aðila, sem ætla sér að byggja frá grunni slíkar vinnslustöðvar, þó verið geti, að nógu margar séu þegar fyrir á þessum stöðum. Vissulega þarf að fullvinna rækjuna og sjóða hana niður og afla til þess þeirra tækja, sem með þarf. En það þarf að gerast í fullu samræmi við þörfina, sem fyrir hendi er. Ég tel það skyldu ríkisstj. hverju sinni að láta fara fram könnun á því, hvað hagkvæmt er í þessum efnum, og taka tillit til þess í fjárfestingunni, hvað eðlilegt er. Í till. legg ég til, að haft sé samráð við sveitarstjórnir og samtök atvinnurekenda, verkafólks og sjómanna á hverjum stað. Það tel ég nauðsynlegt vegna þess að þeir aðilar munu bezt geta gert sér grein fyrir ástandinu í þessum efnum í sinni heimabyggð.

Hér á Alþ. hafa á undanförnum árum verið fluttar ótalmargar till. og frv. af þm. Alþb., sem allar hafa miðazt við það, að heildarstjórn yrði höfð á fjárfestingu í uppbyggingu atvinnuveganna í því skyni, að sem bezt nýting fengist af þeirri fjárfestingu og stefnan, sem réði, væri ekki stefna einkagróða og einstaklingshagsmuna. Stefnan væri miðuð við félagsleg sjónarmið í stað handahófs og tilviljana og gert ráð fyrir, að ríkisstj. hefði forgöngu um, að áætlun yrði gerð um framkvæmdir í uppbyggingu atvinnulífsins í landinu og að hún sæi um, að peningastofnanir tækju skipulegan þátt í þeirri uppbyggingu. Stefnan væri miðuð við það, að sjávaraflinn t. d. yrði sem mest fullunninn til útflutnings, sem margfalda mundi verðmæti þeirra vara, sem nú eru fluttar út að mestu sem óunnið hráefni. Það væri t. d. haft í huga við þá uppbyggingu að nýta aukna raforku til fullvinnslu sjávarafla og iðnaðar á því sviði. Ef slíkur iðnaður væri efldur til muna, þyrftum við ekki að viðhafa gegndarlausa ofveiði og rányrkju, eins og nú á sér stað. Ég ætla ekki að ræða meira um þennan þátt hér. Það verður eflaust gert síðar við önnur tækifæri.

Herra forseti. Till. mín er einn þáttur í þeirri heildarstjórn fjárfestingarmála atvinnuveganna, sem ég hef hér lýst að þurfi að eiga sér stað, til þess að komið verði í veg fyrir hið gegndarlausa dráp og ónauðsynlega dráp, ef rétt væri á málum haldið. Hún miðar í þá átt, að félagsleg og þjóðhagsleg sjónarmið sitji í fyrirrúmi fyrir gleypigangsstefnunni, sem einkennir einstaklingspotið og einkagróðahyggjuna.

Að endingu vil ég leyfa mér að fara fram á, að till. verði að þessari umr. lokinni vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 13 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 85. fundi í Ed., 1. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 104, n. 739).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. til þál. um skipulagningu rækjuvinnslu á Suðurnesjum var vísað til sjútvn., og hefur n. rætt þetta mál á tveim eða þrem fundum sínum. Till. var send til umsagnar þeim aðilum, sem talið var, að hér hefðu sérstaklega hagsmuna að gæta og efni till. ætti erindi til. Það komu svör og umsagnir um málið frá tveim eða þremur aðilum, og í þeim umsögnum, sem n. bárust frá Suðurnesjum, kom það fram, að menn eru á einu máli um það, að rækjustofninn beri að kanna sérstaklega og rannsaka, eftir því sem mögulegt er. Að öðru leyti telja menn ekki rétt að miða þá skipulagningu, sem um er rætt í till., við Keflavík eða Suðurnesin ein út af fyrir sig, heldur telja menn, að það gildi þar einu, hvort um sé að ræða skipulag varðandi fjárfestinguna í sambandi við vinnsluna í landi eða á þeim veiðitækjum, sem notuð eru til að afla hráefnisins. Það var álit sjútvn., að efnislega ætti till. þessi rétt á sér, en n. taldi hins vegar, að efni till. skyldi breytast þannig, að það væri meira almenns eðlis.

Í umsögn frá skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi í Keflavík segir um þetta mál m. a., með leyfi forseta:

„Við viljum benda hv. sjútvn. á, að þar sem ókannað er að okkar áliti, hve mikið veiðiþol rækjunnar er hér við land, og jafnframt allt í óvissu um, hvort rækjuveiðin hefur ekki í för með sér meira og minna óþarfa dráp á ungfiski, svo sem hrognum og ýsuseiðum, er að okkar dómi knýjandi þörf á ítarlegri rannsókn á því sviði og sú niðurstaða jafnframt höfð í huga, þegar unnið er að skipulagningu atvinnutækjanna."

Í umsögn útvegsmannafélagsins á Suðurnesjum kemur það fram, að þeir vilja ekki einoka málið sérstaklega við Suðurnesin út af fyrir sig, en þar segir, með leyfi forseta:

„Hvað viðvíkur hömlum á uppbyggingu vinnslustöðva fyrir rækju á Suðurnesjum einum, sér félagið ekki ástæðu til, að sérstakar hömlur verði þar gerðar, vegna þess að rækjan er nú þegar flutt af Eldeyjarmiðum allt vestur til Vestfjarða, til Reykjavíkur og austur að Selfossi."

Það er með hliðsjón af þessum umsögnum og áliti sjútvn., að hún kom sér saman um að umorða till. og afgreiðir málið eins og fram kemur á sérstöku þskj., og vil ég leyfa mér að lesa tillgr., eins og þar er lagt til, að hún verði, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að rækjuveiðar og rækjuvinnsla verði reknar á sem hagkvæmastan hátt og fyllstu hagsýni gætt um fjárfestingu. Til að ná þessu marki skal leita samstarfs við sveitarstjórnir, atvinnurekendur og verkalýðs- og sjómannafélög á þeim stöðum, þar sem rækjuveiði er stunduð.

Jafnframt skorar deildin á ríkisstj., að hún beiti sér fyrir því, að Hafrannsóknastofnunin kanni hið fyrsta, svo sem við verður komið, hvert sé veiðiþol rækjustofnsins hér við land. Þá verði Hafrannsóknastofnuninni einnig falið að rannsaka nú þegar, hvort rækjuveiðar í þeirri mynd og með þeim veiðarfærum og stærð fiskibáta, sem þær eru nú stundaðar, valdi ekki verulegu tjóni á öðrum fiskstofnum, svo sem þorski og ýsu."

Með þannig breyttu orðalagi leggur sjútvn. til, að mál þetta verði afgr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér um ræðir og sjútvn. hefur fjallað um, var flutt hér snemma á þingi af Karli G. Sigurbergssyni varaþm., sem þá átti hér sæti. N. varð sammála um, eins og hv. frsm. hennar og form. hefur þegar gert grein fyrir, að gera nokkrar brtt. við till., hina upphaflegu till., gera hana almenna og bæta tveimur atriðum við. Ég hef borið þessa málsmeðferð undir flm., og hann hefur ekkert við það að athuga og telur það jafnvel til bóta, að till. verður nú almenn en ekki bundin sérstaklega við skipulagningu rækjuvinnslu á Suðurnesjum. Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram.

ATKVGR.

Brtt. 739,1 (ný tillgr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 739,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 777), með fyrirsögninni:

Þál. um rækjuveiðar og rækjuvinnslu.

14. Skelfisk- og rækjuveiðar á Breiðafirði.

Á 4. fundi í Sþ., 4. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn og skipulag skelfisk- og rækjuveiða á Breiðafirði [45. mál] (A. 45).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 2. og 4. þm. Vesturl. að flytja till. til þál. á þskj. 45 um rannsókn og skipulag skelfisk- og rækjuveiða á Breiðafirði. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á sjútvrh. að beita sér fyrir því, að settar verði nú þegar reglur um skelfiskveiðar á Breiðafirði. Jafnframt verði áherzla lögð á aukna leit að rækju, skelfiski og öðrum slíkum verðmætum á þessum slóðum með skynsamlega hagnýtingu fyrir augum."

Skelfisksveiðar er nýr atvinnuvegur á Íslandi. Það eru aðeins tvö ár síðan hafin var hörpudiskaveiði í Jökulfjörðum, og það var gert frá Bolungarvík af þeim feðgum Einari Guðfinnssyni og sonum. Í sumar fundust mjög mikil hörpudiskamið í Breiðafirði, og nýting þeirra var hafin nú í haust. Það byrjuðu nokkrir bátar mjög nálægt Stykkishólmi, en fljótlega voru komnir þarna 12—13 bátar af ýmsum stærðum, allt frá 30 og upp í 70 tonn. Þegar maður lítur á eðli skelfisksveiðanna, þá er hér um náttúruauðlind að ræða, sem mjög auðvelt er að eyða. Skelfiskurinn vex upp á tiltölulega takmörkuðum svæðum, og hann hreyfir sig lítið eða

ekki. Kúfiskurinn grefur sig mjög niður í sandbotninn, en hörpudiskurinn er hins vegar meira á yfirborðinu og hreyfir sig, að vísu aðeins örfáa faðma. En ef á að nýta þessi svæði á skynsamlegan hátt, verður að taka þau fyrir samkv. skipulagi. Það er talið, að hörpudiskur vaxi upp í fulla stærð á um 8 árum. Þannig verður að fyrirbyggja það, að þessi mikla auðlind verði rányrkt með því að taka ákveðin svæði fyrir og gefa þeim tóm til þess að vaxa upp að nýju. En eins og veiðin er stunduð í dag af mjög mörgum bátum, sem fara í svæðin þvers og kruss, þá á sér stað gífurleg eyðilegging á skelfiskinum, og þessi svæði verða meira og minna óvirk og ónýt í framtíðinni. Þetta má ekki eiga sér stað. Það verður að komast á fast skipulag, að taka ákveðið svæði fyrir, taka það fyrir helzt þannig, að sneiða þetta eins og rúgbrauð og tæma það og hvíla það síðan í 7—8 ár. Þá má gera ráð fyrir, að nýr stofn sé kominn upp.

Það er líka dálítið slæmt að veiða hörpudiskinn alveg uppi í landsteinum fyrir framan íbúa fátækra byggðarlaga og keyra hann síðan burt langar leiðir, vegna þess m. a., að geymsluþol skelfisks er mjög takmarkað. Víða erlendis eru gífurleg mið hörpudisks, t. d. við Bretlandseyjar, við Nýfundnaland, Flórída og núna síðast við Ástralíu, þannig að út af fyrir sig er markaðurinn stór. En það er erfitt að vera að fiska þetta af aðkomubátum uppi við landsteina, eins og gert var við Stykkishólm, og það var raunar ástæðan til þess, að við hreyfðum þessu máli.

Eins og vinnslunni er hagað í dag, nýtum við aðeins vöðvann sjálfan, en það er ekki nema lítill hluti af öllum fiskinum. Auk þess er mikið af hrognum í hörpudiskinum, og þau geta verið allt upp í 5—8% af heildarþunganum, en vöðvinn sjálfur 10—12%. Nú er aðeins vöðvinn hirtur, en öllum hrognunum hefur verið hent, vegna þess að það er gengið að þessu með ofurkappi.

Það hefur komið fram brtt. frá hv. þm. Sigurvin Einarssyni, viðbótargrein, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Jafnframt ályktar Alþingi, að leyfi til þessara veiða á Breiðafirði beri eingöngu að veita þeim útgerðarmönnum, sem búsettir eru við Breiðafjörð og landa aflanum þar til vinnslu.“

Ég er samþykkur þessari viðbótartillögu og tel, að þessar veiðar séu fyrst og fremst fyrir þá, sem búa næst þessum veiðisvæðum. Þetta er eins og með skógrækt, það verður að standa þannig að henni að höggva ekki meira en sáð er til. Þessar veiðar eru alveg við landsteina fólks, sem lifir á sjávarútvegi, og reglurnar hljóta að verða þannig, að bátafjöldinn verði takmarkaður, og þeir, sem búa næst svæðunum og þekkja bezt til þeirra, hljóta að hafa forgangsrétt til þessarar atvinnu. En ég vil vara við, að staðið sé að þessum veiðum eins og gert hefur verið, að leyfa hverjum sem er og hvaðan sem hann er að koma á þessi mið. Ég vil líka vara við því að henda kannske upp undir helmingnum af þessum verðmæta fiski, af því að við höfum ekki tíma til þess í óðagotinu að nýta hann. Ég er sannfærður um það, að hrogn hörpudisksins, þó að þau séu kannske ekki nema 50—60% af þunga vöðvans, eru eins mikils eða meira virði en vöðvinn sjálfur, en það er aðeins hann, sem hirtur hefur verið.

Við flm. treystum því, að ráðh. setji reglur um þetta nú í vetur. Þegar vertíð byrjar, mun ásóknin í hörpudiskinn minnka. Reglurnar þurfa að vera tilbúnar að vori, þegar um hægist eftir vetrarvertíð og hörpudiskaveiði hefst að nýju.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það var snemma á s. l. sumri, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu sótti um fjárframlag úr Fiskimálasjóði til að leita að rækju- og hörpudisksmiðum á Breiðafirði. Ólafur Ólafsson kaupfélagsstjóri í Króksfjarðarnesi hafði forgöngu um þetta mál við sýslunefndina þar. Stjórn Fiskimálasjóðs varð við þessari beiðni og veitti verulega fjárhæð í þessu skyni, enda færi leitin fram undir yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar. Stjórn Fiskimálasjóðs hefur mjög oft á undanförnum árum veitt fé til skelfisksleitar, þar sem fjárveitingar á fjárlögum til þessara rannsókna hafa náð allt of skammt. Ég get nefnt sem dæmi, að Fiskimálasjóður hefur veitt Hafrannsóknastofnuninni styrk í þessu skyni. Sjóðurinn hefur veitt styrk til leitar að skelfiski, hörpudisk og rækjum í Ísafjarðardjúpi, við Arnarfjörð, við Húnaflóa, við Vesturland og Norðvesturland, við Norðausturland, við Faxaflóa, á Breiðafirði og við Austurland. Skelfisksleitin á Breiðafirði fór fram 23. júlí til 21. ágúst s. l. sumar, en ég lít svo á, að henni sé ekki lokið, því að stjórn Fiskimálasjóðs gerði það að skilyrði fyrir fjárveitingunni, að leitin stæði í tvo mánuði. En hún stóð, eins og áður er getið, í einn mánuð.

Þessi leit á Breiðafirði mun aðallega hafa beinzt að hörpudiski á þessum eina mánuði, sem hún stóð yfir. Henni var stjórnað af sérfræðingnum Hrafnkatli Eiríkssyni frá Hafrannsóknastofnuninni, en hann hafði sér til aðstoðar tvo menn af Breiðafirði nákunnuga á öllum þessum slóðum. Árangurinn af þessari rannsókn má teljast góður, því að hörpudiskur fannst á 23 leitarsvæðum víðs vegar á Breiðafirði, bæði sunnanverðum og norðanverðum. Að vísu var magnið mismunandi á þessum slóðum. En þá fannst einnig verulegt magn af öðuskel, einkum á grunnu vatni, og auk þess kúskel og báruskel á nokkrum stöðum, en lítið magn af þeim.

Það virðist ekki hafa liðið langur tími frá því, að þessum leiðangri lauk, sem ekki var nein fullnaðarrannsókn á þessum skelfiskmiðum, þar til sjútvrn. fór að veita veiðileyfi á skelfisk á Breiðafirði og þar á meðal allstórum fiskiskipum frá Faxaflóa. Og það er svo að sjá, að ásóknin í hörpudiskinn hafi verið úr hófi fram, þegar þess er gætt, að rannsóknir á hörpudisksmiðunum voru nánast á byrjunarstigi og því mjög ókunnugt um, hvað þessi mið mundu þola. Aflinn var svo að mestu fluttur til Reykjavíkur til vinnslu. Þetta hefur eðlilega valdið mikilli óánægju þar vestra, og það hefur eðlilega valdið ótta við það, að þessi nýfundnu og lítt rannsökuðu mið yrðu eyðilögð á skömmum tíma.

Nú hafa þrír hv. þm. flutt till. til þál., þá, sem hér er til umr., á þskj. 45, þar sem skorað er á hæstv. ríkisstj. að setja reglur um skelfisksveiðar á Breiðafirði og auka þar skelfisksleit. Ég vil lýsa ánægju minni með þessa till., er henni algerlega sammála, og ég tel mikla nauðsyn á, að þetta verði gert hið allra fyrsta, því að það er hægt að vinna þarna mikið tjón, ef látið er dragast að setja slíkar reglur. Eins og hv. frsm. till. nefndi réttilega hér áðan, þá getur verið mikið í húfi, að hér séu ekki eyðilögð mikilsverð mið.

Ég hef leyft mér að flytja viðbótartillögu á þskj. 55 við þessa þáltill. Hún er þess efnis, að leyfi til skelfisksveiða á Breiðafirði eigi að veita eingöngu þeim mönnum, sem eru búsettir við Breiðafjörð og landa aflanum þar til vinnslu. Hv. frsm. þessarar till. lýsti fylgi sínu við þessa brtt., og þykir mér vænt um það, enda er honum ljóst, eins og mér, hvað það getur haft í för með sér, ef ekki eru settar hér reglur, eins og bæði aðaltillagan og viðbótartillaga mín miða að.

Það hefur verið föst venja fram á þennan dag, eftir því sem ég veit bezt, að leyfi til rækjuveiða og skelfisksveiða í fjörðum og flóum hafa aðeins verið veitt þeim, sem búsettir eru í nágrenni við þessi veiðisvæði. Nefna má það sem dæmi, að á Arnarfirði, þar sem mjög lengi hefur verið stunduð rækjuveiði, hefur enginn leyfi til þess að veiða nema útgerðarmenn á Bíldudal, í þessu eina sjávarplássi við Arnarfjörð. Í Ísafjarðardjúpi mega engir veiða nema útgerðarmenn frá Bolungarvík, Hnífsdal, Ísafirði og Súðavík, þ. e. útgerðarbæjunum við Ísafjarðardjúp. Á Ingólfsfirði á Ströndum eru rækjumið, og þar má enginn veiða nema útgerðarmennirnir tveir, sem eru búsettir á Eyri við Ingólfsfjörð. Við vestanverðan Húnaflóa hafa fundizt rækjumið, og þar hafa verið stundaðar rækjuveiðar allmörg ár. Þar mega engir veiða nema útgerðarmenn frá Hólmavík, Drangsnesi og Skagaströnd, og svona ætla ég, að þetta sé allt í kringum landið. Mér kom það því mjög á óvart, að á Breiðafirði skyldi vera farið allt öðruvísi að. Auk þess að takmarka þannig veiðarnar við næsta nágrenni veiðisvæðanna, þá hefur leyfilegt aflamagn verið takmarkað, og svo var einnig um bátafjölda til skamms tíma og er kannske víða enn, að bátafjöldinn er líka takmarkaður. Í Ísafjarðardjúpi er hann þó ekki, að ég ætla, takmarkaður samkv. síðustu ákvörðun, en veiðimagnið er takmarkað. Þetta hefur allt saman verið gert til þess að vernda miðin fyrir ofveiði, en á Breiðafirði skeður það, að um leið og þar finnast hörpudisksmið, þá er allt í einu kominn þangað hópur báta sunnan úr Reykjavík og margir þeirra stórir og farnir að plægja upp hörpudiskinn, án þess að nokkur viti, hvað þessi mið þola. Þarna gerist þess vegna tvennt í senn. Annars vegar, að lítil aðgæzla er höfð í því að ofbjóða ekki þessum nýfundnu og lítt rannsökuðu skelfisksmiðum, hins vegar er ekkert hirt um atvinnuöryggi þeirra byggðarlaga, sem eru þarna í nágrenni við Breiðafjörð, þvert á móti því, sem alls staðar annars staðar hefur verið gert. Ég vona því, að hv. þd. fallist bæði á aðaltillöguna og á brtt. mína, eins og hv. frsm. hefur líka gert grein fyrir í framsöguræðu sinni, því að hér er verið að vernda mikilsverð skelfisksmið, sem enginn veit enn, hvað þola, og því getur tjón hlotizt af, ef ekki verða settar þessar reglur.

Ég sé eftir, að hæstv. sjútvrh. er ekki hér staddur í dag, þar sem þetta mál var á dagskrá og að ég held í þriðja sinn. En það er ekki hægt að gera við því. Ég vildi minna á það, að á síðasta þingi var samþ. þáltill., sem við Þorsteinn Gíslason fluttum, en Þorsteinn Gíslason var þá hér varaþm., sat hér um stund á þinginu, en hann er auk þess varafiskimálastjóri. Þessi þáltill., sem við fluttum og var samþ. svo að segja óbreytt, hljóðar svo, eins og hún var samþ. frá þinginu:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að ráðinn verði til reynslu á vegum Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar vel hæfur erindreki, sem ferðist um landið til að glæða áhuga og kynna mönnum nýjungar við leit, útbúnað báta, veiðar og vinnslu á rækju og þá sérstaklega eins og það gerist meðal þeirra þjóða, sem lengst eru komnar á þessu sviði.“

Mér hefur verið tjáð, að það hafi ekkert verið gert í þessu máli, enginn erindreki ráðinn. En því miður er hæstv. ráðh. ekki við, svo að ég verð að láta það niður falla að ræða frekar um þetta eða fá svar við því, hvernig því víkur við, að ekkert hefur verið aðhafzt í málinu, en það kann að vera, að ég geti komið því að síðar eða þá flutt formlega fsp. um þetta í þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 31., 34., 35., 36. og 38. fundi í Sþ., 5., 16., 19., 23. og 30. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 45, 55, n. 407).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa till. um rannsókn og skipulag skelfisk- og rækjuveiða á Breiðafirði til athugunar og leitað um það umsagnar hjá Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi Íslands. Að fengnum þessum umsögnum varð n. sammála um að leggja til, að þessi till. verði samþ. Hins vegar tók n. ekki sem slík afstöðu til þeirrar viðaukatillögu, sem hv. 1. þm. Vestf. flutti, þegar þetta mál var til umr. hér í vetur.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því, að mál þetta skuli nú vera tekið til endanlegrar afgreiðslu, en það er búið að prýða dagskrár nokkuð lengi. Ég þakka meðnm. mínum í n. fyrir góða samvinnu í þessu efni og öðrum þeim, sem hafa sent um þetta vinsamlegar umsagnir, þ. á m. Útvegsmannafélagi Snæfellsness, sem sendi umsögn í bréfi, dags. 29. okt. 1970. Ég held, að nm. hafi allir, eins og frsm. raunar tók fram, verið sammála um þetta mál. En um brtt. hv. 1. þm. Vestf. vildu menn hafa óbundnar hendur. Þó að ég skilji vel þá hugsun, sem í henni felst, og viðurkenni, að rök liggja henni til grundvallar, þá held ég, að betra sé að ná þeim markmiðum, sem þar eru sett fram, eftir öðrum leiðum og það megi takast, einkum ef haft er í huga, að nú eru að finnast góð hörpudiskamið á fleiri svæðum umhverfis landið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og tekið hefur verið fram, voru nm. í allshn. sammála um það að mæla með þáltill. á þskj. 45, en hins vegar áskildu þeir sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram eru komnar eða fram kunna að koma. Minn fyrirvari um þetta varðar brtt. á þskj. 55 um viðbót við tillgr., eins og hún liggur fyrir, og mun ég vera því fylgjandi, að sú brtt.

verði samþ., en vil ekki lengja mál mitt og vísa til rökstuðnings við till., sem fram kom við byrjun umræðunnar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef, eins og áður hefur verið getið, flutt brtt. við þessa till. Ég er þál-till. sjálfri sammála, en ég legg til, að bætt verði við hana þessari setningu: „Jafnframt ályktar Alþ., að leyfi til þessara veiða á Breiðafirði beri eingöngu að veita útgerðarmönnum, sem búsettir eru við Breiðafjörð og landa aflanum þar til vinnslu."

Hv. frsm. gat þess áðan, að hann hefði fulla samúð með þessari brtt., en samt er það nú svo, að nm. virðast ekki hafa tekið afstöðu til hennar, þó að hún lægi fyrir strax við 1. umr. málsins, að undanteknum hv. 1. þm. Norðurl. e., sem mælir með þessari till. Ég held, að þetta sé alveg í samræmi við það, sem felst í umsögn sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem fylgir sem fskj. með aðaltillögunni. Þar leggur hann áherzlu á, að sú hætta sé yfirvofandi, að verðmæti þessi, þ. e. hörpudiskurinn, verði uppurinn á skammri stund, eins og hann segir alveg réttilega. Það, sem fyrir mér vakir, er það, að upp verði tekin sama regla um hörpudisksveiðar eins og við rækjuveiðar, en sú regla hefur verið, að ég held frá upphafi, að fara með varúð í þessar veiðar, hlífa þeim svo, að ekki verði um ofveiði að ræða, og þess vegna hefur hvort tveggja verið gert: takmarkaður fjöldi veiðiskipa eða nú á síðustu tímum takmarkað veiðimagnið, sem má afla á hverjum degi eða hverri viku, og jafnframt hafa leyfin verið einskorðuð við nágrannahéruð veiðisvæðisins. Þetta er það sama sem vakir fyrir mér, að nú verði upptekið við hörpudisksveiðar.

Nú er ætlazt til þess í þessari till., að settar verði reglur um þær veiðar, eins og líka rétt er að gera, og þá væntanlega á þann hátt, að leyfi verði veitt til þeirra, alveg eins og leyfi eru veitt til rækjuveiða. Þá ætlast ég til, að sömu reglum verði fylgt um það, að heimahéruðin hafi forgangsrétt til þeirra og eingöngu rétt til þeirra alveg eins og um rækjuveiðar í því skyni að vernda þessi mið, sem er mjög fjarri, að séu nægilega rannsökuð.

Síðan þetta gerðist hefur okkur nokkrum þm. borizt bréf frá hreppsnefndinni í Flateyjarhreppi á Breiðafirði ásamt samþykkt hreppsnefndarinnar, og segir í þeirri samþykkt m. a., með leyfi forseta:

„Hreppsnefndin hefur oft áður bent á nauðsyn þess, að tekið sé tillit til sérstöðu hreppsins, sem eingöngu er byggður á eyjum, en hlunnindi þeirra eru fyrst og fremst afkomugrundvöllur íbúanna ásamt veiðum í næsta nágrenni eyjanna."

Nú kvarta þeir undan því, að það kunni svo að fara, ef þessir íbúar njóti ekki einhverrar verndar, að byggð verði með öllu útrýmt þarna úr eyjunum, en eins og menn vita, þá lifa eyjabúar fyrst og fremst á hlunnindum, selveiði og dúntekju, en auk þess á lúðuveiði, sem þeir nefna í þessu sambandi. Ef nú verður gengið til þessara veiða á hörpudiski í viðbót við aðrar veiðar, þá eru þeir óttaslegnir um, að þeir séu í yfirvofandi hættu með atvinnulíf sitt. Í bréfi, sem oddvitinn sendir, og ég fékk með þessari samþykkt, segir m. a., með leyfi forseta:

„Ég sendi þér hér með fundarsamþykkt, sem hreppsnefndin gerði í nóv. s. l. Ég hef dregið nokkuð að senda hana, og ég vildi sjá, hvað gerðist í hörpudisksveiðinni, þó segja megi, að afleiðingarnar sæjust í upphafi, eins og að var unnið, enda er nú hægt að segja, að hreinsað hafi verið veiðisvæðið sunnan fjarðar, og er það stærst þeirra, sem vitað er um enn þá."

Það er orðið talsvert alvörumál, ef á að hafa óheftar veiðar með öllu þarna á Breiðafirði, en eins og menn vita, þá hrúguðust skipin þangað strax og hörpudiskurinn fannst, svo að á milli 15 og 20 skip, — og það öll stór skip, — voru komin héðan sunnan úr Faxaflóa til að veiða þarna á Breiðafirði. Hér er ekki um sams konar veiðarfæri að ræða og við rækjuveiðar. Hér er um nokkurs konar plóg að ræða, sem rífur upp botninn og skelfiskinn, hörpudiskinn, og það er ómögulegt að vita, nema á örskammri stund verði eyðilögð þessi hörpudisksmið, ef ekki er fullrar varúðar gætt. Þess vegna er þessi brtt. mín flutt.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég get verið sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að hafa beri alla varúð bæði við þessar veiðar og aðrar, en ég tel, að ef þessi till. yrði samþ., þá væri mörkuð nokkur stefna í sambandi við fiskveiðar hér við land. Það hefur ekki verið talið fært fram að þessu að ákveða það hér á hinu háa Alþingi, að eitt byggðarlag hefði forgang umfram aðra staði til veiða í sínu nágrenni. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Vestf., ræddi um aðstöðu eyja í þessu sambandi, og vissulega ber að taka tillit til allra hluta, en ég hygg þó, að þetta mál sé mun fjölþættara en fram kemur í þessari till. og fram hefur komið í þeim umr., sem hér hafa orðið um málið. Það er vitað, að þarna er um veiðar á viðkvæmum skeldýrum að ræða, sem án efa er hægt að eyðileggja, ef um of mikla sókn er þar að ræða, en ég hygg, að það verði þó frekar að fara inn á það að takmarka veiðarnar alveg, veita leyfi til að veiða ákveðið magn, annaðhvort hverju skipi eða ákveðið heildarmagn á þessu svæði, en að veita forgang einstökum útgerðarstöðum, sem að þessu svæði liggja.

Það er fleira en skelfiskur, sem hægt er að eyðileggja með of mikilli sókn. Má t. d. benda bæði á rækju- og humarveiðar. Það er vitað, að þeir, sem þessar veiðar hafa stundað undanfarin ár á öðrum stöðum við landið, eru nokkuð uggandi yfir því, að of langt sé gengið í stofninn, og óttast, að hann fari minnkandi og veiðarnar dragist kannske upp. Ég vil benda á, að þetta óttast ég t. d. varðandi humarveiðarnar við Vestmannaeyjar. Á þau mið hafa sótt bátar úr ýmsum öðrum byggðarlögum, og við höfum ekki enn þá treyst okkur til þess að fara fram á, að öðrum skipum yrðu bannaðar þessar veiðar. Við mundum telja það mjög æskilegt, en auðvitað kemur þar á móti, hlyti að koma á móti, að þá yrðu bátum frá þessum útgerðarstað kannske bannaðar veiðar við aðra landshluta. Ef t.d. bátar frá Breiðafirði eiga að hafa sérstakan forgang í Breiðafirði, en hafa svo einnig óheftan aðgang að veiðisvæðum annars staðar við landið, þá er búið að skapa þar misrétti, sem ég held, að Alþ. geti ekki gengið inn á. Annaðhvort verður að skipuleggja veiðarnar í heild, að hafa veiðisvæði fyrir hverja veiðistöð, sem ég hygg nú, að mundi eiga allerfitt uppdráttar hér á Alþ., eða þá að hafa þetta með því frjálsræði, sem verið hefur, að sjómenn ráði því sjálfir, hvaða mið þeir

stunda og hvaða veiðar á hverjum tíma, innan ramma þeirra laga, sem um veiðarnar gilda almennt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar skelfisksveiðarnar í Breiðafirði byrjuðu í haust, var það fjölmennur floti, sem sótti í þær, og var allmikill fyrirgangur í þeirri veiðiaðferð í upphafi, svo að menn uggðu um, að hér væri hranalega að farið og mundi fyrr eða síðar verða búið að eyðileggja þessi mið, sem þarna höfðu fundizt. Á þessum tíma ræddi ég m. a. við Hafrannsóknastofnunina um þetta mál og spurðist fyrir um það, hvort ekki væri eðlilegt, þegar slík mið fyndust, að þeir gerðu till. til stjórnvalda um það, hvort setja ætti reglur um að nýta miðin. Forstöðumaður stofnunarinnar taldi, að þetta væri á margan hátt eðlilegt. Þeim væri þetta ekki uppálagt og hefðu ekki gert það í þessu tilfelli, enda teldu þeir, að hér væri um mikið magn að ræða og það mundi endast verulega, svo að ekki væri að óttast, þó að nokkuð væri veitt, eins og gert var í haust.

Enda þótt þá væru ekki settar reglur, lít ég svo á, að það sé nauðsyn að setja reglur um þetta, og er því fylgismaður þeirrar till. á þskj. 45, sem hér er til afgreiðslu, og tel, að nokkur reynsla hafi fengizt um þessi mál, sem geti styrkt þær reglur, sem settar kunna að verða og nauðsyn ber til að gera að minni hyggju.

Út af till. á þskj. 55 verð ég að segja það, að mér kom til hugar í haust, þegar mest var um þetta rætt, að svona till. gæti verið hugsanleg. En eftir því sem ég hef kynnt mér þetta mál betur og hugsað það meira, þá sýnist mér, að hún sé ekki framkvæmanleg. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ef þannig væri að farið, þá væri ekki hægt nú að nýta þessi mið, vegna þess að t. d. á Snæfellsnesi er nú hvergi tekið á móti skelfiski, þar sem frystihúsin hafa ekki tekið á móti skelfiski eftir að fiskvinnsla byrjaði á vertíðinni. Þetta mundi þýða það, að þessi veiði hefði lagzt niður, ef slíkar reglur væru settar. Enn fremur hefur það komið í ljós í viðræðum við útgerðarmenn og sjómenn, að ef farið væri að setja slíkar takmarkanir eins og hér er lagt til, þá væri strax skapað fordæmi, eins og hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, vék hér að áðan, sem ekki væri séð fyrir, hvaða enda mundi hafa. Þess vegna get ég ekki fylgt brtt. af þessum tveimur ástæðum, sem ég hef nú greint, og tel, að hún gæti skapað fordæmi, sem væri hættulegt.

Hins vegar tel ég nauðsyn bera til, að því verði fylgt framvegis að setja reglur um nýtingu slíkra nýfundinna miða, eins og hér er fjallað um, og enn fremur og sérstaklega að halda áfram að leita að nýjum miðum og nýjum fisktegundum, sem ekki hafa áður verið nýttar hér á landi, en virðist vera mikið af. Ég verð að segja það í þessu sambandi, að í mínum fyrri viðræðum við Hafrannsóknastofnunina um þessi mál var því lengi haldið fram, að rækja væri ekki finnanleg í Breiðafirði. Það hefur hins vegar sýnt sig, að hún er þar. Ég vil því leggja áherzlu á það, að frekari leit að nytjafiski verði fram haldið fyrir Vesturlandi, meira en áður hefur verið. Endurtek ég svo fylgi mitt við till., sem ég hef áður lýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 55 felld með 28:13 atkv.

Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 855).

15. Jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi [51. mál] (A. 51).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Áður en ég vík að því máli, sem hér er á dagskrá, vildi ég gjarnan koma á framfæri gagnrýni á verkstjórn hæstv. forseta í Sþ. Þegar þing hófst hér í haust, var fundartími Sþ. færður til yfir á þriðjudag með þeim rökum, að þá yrði lengri tími til þess að fjalla um mál og koma málum til nefnda. Og það var sannarlega brýn þörf á því að reyna að bæta dálítið vinnubrögðin í Sþ. En því aðeins er bót að þessu, að hér sé um raunverulega fundi að ræða, og fundur eins og sá, sem við erum staddir á hér núna, er auðvitað enginn raunverulegur þingfundur. Hér er enginn ráðh. mættur, og hér eru mættir örfáir hv. þm. Fyrir utan okkur þrjá, sem gegnum hér skyldustörfum núna, þá tel ég fimm menn í salnum. Vinnubrögð af þessu tagi tel ég vera algera óvirðingu við Alþ., og ég tel það algerlega fráleitt hjá hæstv. forsetum t. d. að halda áfram þingfundum án þess að gefa kaffihlé. Ég veiti því athygli, að jafnvel samvizkusömustu og þaulsætnustu þm. fara og fá sér kaffi, vegna þess að þeim finnst það vera ærið langur tími að sitja hér þrjá klukkutíma án þess að hreyfa sig, og það skil ég ákaflega vel. En þegar þessi háttur er hafður á störfum, hljóta hæstv. forsetar að líta svo á, að það sé mjög eðlilegt, að menn séu ekki staddir hér í þingsölunum. Hins vegar lít ég svo á, að það sé hluti af störfum þm. að taka þátt í fundum hér og hlýða hver á annan. Það er sem betur fer oft þannig, að menn leggja allmikla vinnu í þau mál, sem þeir flytja, og þm. eiga að hlýða hver á annan, hlusta á þær röksemdir, sem fluttar eru, og reyna að meta þær sjálfstætt. Ég segi fyrir mig, ég hef reynt að hafa þann hátt á að hlusta á mál manna hér í þessum þingsal, og ég hef haft af þessu mikið gagn og lært mikið af þessu. Ég beini þessu ekki að þeim hæstv. forseta, sem situr hér fyrir aftan mig, sérstaklega, en ég vildi biðja hann um að

koma þessum sjónarmiðum mínum á framfæri við félaga sína einnig.

Sú till., sem hér er til umr., till. til þál. um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi, fjallar um stórmál. Bæði hér á landi og víða erlendis hafa á undanförnum árum orðið miklar umr. um það misrétti þegnanna, sem tengt er kynferði þeirra, að hve miklu leyti konur njóta sama raunverulegs réttar í þjóðfélaginu eins og karlar. Aðstöðu til þess að þroska hæfileika sína, afla sér menntunar, hagnýta menntun sína og starfa við hlið karlmanna og fá sömu laun fyrir sömu vinnu. Hér er vissulega ekki um neitt nýtt vandamál að ræða, en nú er það á vissan hátt kannað frá nýjum sjónarhóli af mörgum. Sú var tíð, að menn héldu, að hægt væri að tryggja jafnan rétt kvenna og karla með löggjöf einni saman, með því að setja í lög ákvæði um jafnan kosningarrétt, löggjöf um sömu laun fyrir sömu vinnu og með annarri hliðstæðri lagasetningu, sem átti að tryggja þennan formlega rétt. En nú vita menn, að þó að slík löggjöf sé vissulega forsenda jafnréttis, þá hrekkur hún engan veginn til. Eigi konur að fá sama rétt og karlar, verða að koma til fjölþættar breytingar á sjálfri gerð þjóðfélagsins. Það verður að hugsa ýmsa vinnutilhögun í þjóðfélaginu á nýjan hátt, og það verður að koma upp ýmsum félagslegum stofnunum í miklu ríkari mæli en gert hefur verið hingað til, leikskólum, barnaheimilum og öðrum slíkum stofnunum. Og síðast en ekki sízt verður að breyta hugsunarhætti manna og viðhorfum, og vafalaust er það erfiðasta verkefnið og það verkefni, sem tekur lengstan tíma. Því aðeins, að barátta sé háð fyrir þessum atriðum öllum, þá getur þokazt í þá áttina, að komið verði á raunverulegu jafnrétti karla og kvenna, þeim jafna rétti, sem ég tel fullvíst, að allir íslenzkir alþm. vilji stefna að. Slík barátta fyrir auknu jafnrétti er nú háð víða um lönd umhverfis okkur, og einnig hérlendis hefur henni verið gefinn vaxandi gaumur, ekki sízt fyrir tilstuðlan ýmissa ungra kvenna, sem hafa vakið athygli á þessu vandamáli á hugkvæman hátt og myndarlega, enda hygg ég, að það sé mála sannast, að við Íslendingar séum eftirbátar ýmissa þjóðfélaga umhverfis okkur á þessu sviði.

Oft er minnt á þá staðreynd, sem okkur ætti að vera ríkari í huga en flestum öðrum, að á Alþingi Íslendinga situr aðeins ein kona. Hún hefur nú verið flutt í ráðherrastól, og það eru annars tíðindi, að kona verður ráðherra í fyrsta skipti á Íslandi, en engu að síður held ég, að það sé staðreynd, sem við getum varla hugsað um án þess að blygðast okkar, að hér skuli aðeins vera ein kona í okkar hópi. En þetta ástand hér á hinu háa Alþingi er því miður engin undantekning. Það er mynd af þjóðfélaginu í heild.

Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar á Íslandi voru starfandi 1159 trúnaðarmenn á vettvangi sveitarstjórnanna. Af þessum 1159 mönnum voru aðeins 18 konur. Það varð víst einhver fjölgun á konum í þessum verkefnum í kosningunum í vor og raunar ekki sízt fyrir tilstuðlan þess flokks, sem ég tilheyri. En samt er þarna ekki um að ræða neina umtalsverða breytingu enn þá, og sama blasir við, hvert sem litið er. Í Stjórnarráði Íslands mun engin kona vera með hærri titil heldur en fulltrúi, flestar eru ritarar eða bókarar, engin deildarstjóri eða ráðuneytisstjóri. Engin kona hefur enn verið skipuð sendiherra á Íslandi, engin kona er hæstaréttardómari, og ég hygg, að það séu ekki nema tvær konur, sem hafa réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti. Engin kona situr í Rannsóknaráði, og engin kona veitir forstöðu vísindalegri rannsóknarstofnun. Engin kona er bankastjóri, og það var ekki fyrr en á síðasta ári, að fyrsta konan var skipuð prófessor við Háskóla Íslands. Og aðeins ein kona gegnir yfirlæknisstöðu á sjúkrahúsum landsins. Þetta er ástand, sem full ástæða er til að hugleiða af fullri alvöru.

En sama ástand og á sér stað í embættiskerfinu blasir raunar einnig við, þegar maður athugar hina frjálsu félagsstarfsemi á Íslandi. Ég sá um daginn bréf um stöðu kvenna í heimili og þjóðfélagi, sem gefið er út af Bréfaskóla Sambands ísl. samvinnufélaga og Alþýðusambands Íslands. Það bréf er þýtt úr norsku, en hefur verið staðfært af frú Sigríði Thorlacius. Þar rak ég augun í þessi dæmi um hina frjálsu félagastarfsemi á Íslandi. Hún hefur athugað nokkur félög, sum frá 1965 og sum frá 1966, og dæmin, sem hún tekur, eru þessi: Í stjórn Alþýðusambands Íslands sitja 10 manns, ein kona. Félagar í sambandinu eru skráðir 20443, þar af 7163 konur. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, 11 manna stjórn, ein kona. Samband ísl. berklasjúklinga, sjö manna stjórn, engin kona. Samband ísl. samvinnufélaga, sjö manna stjórn, engin kona. Slysavarnafélag Íslands, sjö manna stjórn, tvær konur. Stórstúka Íslands, 12 manna framkvæmdanefnd, tvær konur. Verzlunarráð Íslands, 16 manna stjórn, engin kona. Landssamband blandaðra kóra og kvennakóra, fimm manna stjórn, engin kona. Samband ísl. barnakennara, sjö manna stjórn, engin kona. Í því sambandi eru 992 félagar, þar af 460 konur. Og síðan bætir frú Sigríður Thorlacius við: „Það er varla von, að þetta breytist mikið, á meðan konur eru ekki einu sinni kosnar í trúnaðarstöður í þeim samtökum, sem þær eru jafnfjölmennar í og t. d. í samtökum barnakennara, þar sem þær hafa þó launajafnrétti."

Ég held, að það geti varla verið deilumál, að þetta ástand er gersamlega óeðlilegt, og þarna er um að ræða fjölþættar torfærur, sem verður að ryðja úr vegi á skynsamlegan hátt. Ein ástæðan fyrir minni hlutdeild kvenna en karla í opinberu lífi er vafalaust sú, að konur hafa allt til þessa notið minni skólamenntunar en karlar. Það hefur verið miklu minna um það, að konur hafi stundað framhaldsnám heldur en karlar. Í grg. með þessari till. hef ég tekið dæmi um það, hvernig skiptingu kynjanna var háttað í menntaskólum og háskóla á síðasta skólaári. Veturinn 1969—1970 stunduðu nám í öllum menntaskólum landsins 2400 nemendur. Af þeim voru stúlkur aðeins 850 eða rétt rúmlega þriðjungur. Í Háskóla Íslands voru veturinn 1969—1970 skráðir 1400 stúdentar. Af þeim voru 325 konur eða 23%. Auk þess vita allir, að stúlkur, sem innritaðar eru til náms við Háskólann, halda ekki eins áfram námi, raunverulegu námi, og piltar gera, og það kemur raunar fram í dæmi um þá, sem fá lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna, vegna þess að þar reynir á, hverjar kröfur eru gerðar til manna um raunverulegt nám. Í fyrra fengu úr lánasjóðnum af þeim, sem stunda nám við Háskóla Íslands, 716 lán samkv. þeim lágmarkskröfum, sem sjóðurinn hefur sett. Af þeim voru 96 konur eða 13%. Þetta hlutfall er að sjálfsögðu algerlega óeðlilegt, og þó að mikið hafi áunnizt á þessu sviði, þarf þarna

sannarlega að taka til hendi, og samt er þetta það svið, t. d. menntun í menntaskóla, sem almennur skilningur er orðinn á, að eðlilegt sé, að stúlkur stundi þar nám við hlið pilta.

Samt held ég, að alvarlegasta hlið þessa máls sé mismunun í launakjörum. Svo á að heita, að hér á landi eigi að gilda sú regla, að menn fái sömu laun fyrir sömu vinnu á flestum sviðum. En fram hjá þeirri reglu er farið með því að líta á tiltekin störf sem kvennastörf og greiða lægra kaup fyrir þau heldur en störf karla. Ég vitna hér í grg. í rannsókn, sem nýlega var framkvæmd af tveimur konum, sem vinna hér í bankakerfinu. Þær hafa kannað skipan karla og kvenna í launaflokka í öllum bönkum landsins. Þar reyndust vera 979 starfsmenn, 525 konur og 454 karlar. Í fimm kauplægstu flokkunum reyndust konur vera í yfirgnæfandi meiri hluta, en í efri flokkunum voru karlar í þeim mun stærri meiri hluta, sem ofar dró, unz þeir voru einir í þeim efsta. Stundum hefur þetta verið skýrt með því, að konur séu ekki eins varanlegur vinnukraftur og karlar, þær komi og fari. En rannsóknin leiddi í ljós, að meðalstarfsaldur kvennanna í bönkunum var hærri en meðalstarfsaldur karlanna. Þarna er um mjög augljósa mismunun að ræða, og ég er hræddur um, að þetta dæmi um bankana gæti orðið enn þá alvarlegra, ef athuguð væru fleiri svið. Ég held, að ástandið í þessu efni sé ekki sízt alvarlegt innan verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Mér hefur t. d. skilizt það, að þegar gerðir eru kjarasamningar fyrir Iðju, þar sem vinnur mikill fjöldi kvenna, þá séu samningarnir í rauninni aðeins samningar um kaup kvenna. Það sé orðin föst hefð, að karlarnir séu yfirborgaðir. Það er ekki litið svo á, að verið sé að semja fyrir þá. Ég hygg, að nokkuð svipað sé ástatt í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, að þar sé kvenfólkinu hópað saman í launalægstu flokkana, en eftir því sem ofar kemur í launastigann fjölgi körlunum. Þetta er afar fróðlegt rannsóknarefni, og raunar hefur verið rætt um það áður hér á þingi, að þetta þyrfti að rannsaka. Það kom fram hér fyrr á fundinum í dag, að það skeður stundum, að þáltill. detta niður, þannig að jafnvel ráðherrar vita ekki um þær.

Árið 1957 var samþ. hér þáltill. um rannsókn á launajafnrétti á Íslandi. Hún var flutt af Öddu Báru Sigfúsdóttur og var samþ. Þessi rannsókn hefur aldrei verið framkvæmd. En ég held, að það sé orðið mjög tímabært að framkvæma þessa rannsókn nú.

Hliðstæðar rannsóknir hafa verið framkvæmdar í ýmsum grannlöndum okkar á undanförnum árum og hafa gefið býsna fróðlegar niðurstöður. Í löndum Efnahagsbandalagsins er t. d. fyrir alllöngu búið að lögfesta sömu laun fyrir sömu vinnu. Þar hefur verið kannað, hvernig háttað sé meðalkaupi kvenna annars vegar og hins vegar meðalkaupi karla. Sú könnun leiddi í ljós, að meðalkaup kvenna var 70% af meðalkaupi karla, vegna þess að það er litið á sérstök störf sem kvennastörf, og þau eru launuð miklu lægra en störf karla, og þannig komast menn fram hjá ákvæðinu um sömu laun fyrir sömu vinnu.

Á Norðurlöndum er ástandið ögn skárra. Í Danmörku og Svíþjóð kom í ljós, að meðalkaup kvenna var um 80% af meðalkaupi karla, en engu að síður er þarna um að ræða mjög mikinn mun. Hliðstæðar tölur þessu eru því miður ekki til hér á landi, og það er ein ástæðan fyrir því, að ég hef flutt þessa till., að ég tel algerlega óhjákvæmilegt, að hliðstæðar rannsóknir verði gerðar hér, bæði til þess að við vitum, hvernig ástatt er á þessu sviði í þjóðfélagi okkar, og einnig til þess að við fáum vitneskju um, hvernig við erum á vegi staddir í samanburði við aðra. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að síðustu árin hafa einmitt þjóðþingin í ýmsum nágrannalöndum okkar í Vestur-Evrópu og í Bandaríkjunum ákveðið að efna til rannsókna af þessu tagi. Og nú þegar er um að ræða mjög miklar og ítarlegar rannsóknir um þessi efni. Ég hef t. d. séð stórar bækur gefnar út af danska þinginu um sérstaka rannsókn, sem framkvæmd var um stöðu kvenna í þjóðfélaginu í Danmörku, öllum hugsanlegum þáttum, sem þar koma við sögu. Af slíkum rannsóknum, sem framkvæmdar hafa verið í grannlöndum okkar, gætum við lært skynsamleg vinnubrögð í þessu og ekki sízt það að átta okkur á því, hvar við erum á vegi staddir í þessu efni. Þess vegna vænti ég, að þessari till. verði vel tekið, bæði af þeim hv. þm., sem hér eru staddir, og eins þeim, sem hafa öðrum hnöppum að hneppa. Og að sú vitneskja, sem síðan fæst við rannsókn, verði okkur leiðsögn til skynsamlegra ákvarðana í þessum efnum.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að þegar rætt er um jafnrétti, þá njótum við Íslendingar þess, að við erum smáríki. Það er hvergi jafnauðvelt að koma á raunverulegu jafnrétti og í litlu þjóðfélagi eins og því íslenzka. Hér er á ýmsan hátt styttra bil á milli manna en í flestum öðrum þjóðfélögum, og ég held, að það eigi að vera okkur keppikefli að halda því og auka þennan jöfnuð, og einmitt frumkvæði að því, er varðar jafnan rétt karla og kvenna, mundi geta orðið myndarlegt framlag af okkar hálfu til annarra þjóðfélaga, sem eiga við mun alvarlegri vandamál að stríða á þessu sviði.

Ég vil að lokum minna hv. þm. á það, að þessari till. hefur verið veitt athygli utan þingsalanna. Okkur hafa borizt óskir frá samtökum kvenna um að samþykkja hana. Fyrir nokkrum dögum fengum við bréf frá aðstöðunefnd íslenzkra kvenna, sem er óháð nefnd með fulltrúum frá nokkrum kvenfélögum og stéttarfélögum, og beinir hún þeim eindregnu tilmælum til Alþ., að það samþykki till. til þál. á þskj. nr. 51 um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi. Í grg., sem þessari samþykkt fylgir, er á það bent, að við getum ekki gerzt raunverulegir aðilar að ýmsum alþjóðasáttmálum, sem við höfum tekið þátt í að samþykkja, m. a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, án þess að framkvæma slíka rannsókn og geta svarað ýmsum spurningum, sem bornar verða upp við okkur, þegar við fullgildum slíka samninga. Hin samþykktin barst okkur í dag. Hún var frá fundi Kvenréttindafélags Íslands, en þar var gerð eftirfarandi samþykkt 18. nóv., með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur Kvenréttindafélags Íslands haldinn 18. nóv. 1970 fagnar því, að fram er komin á Alþ. till. til þál. á þskj. 51, um að gerð verði rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi, og beinir þeirri eindregnu áskorun til hv. alþm. að samþykkja hana."

Hér er um að ræða samtök kvenna, sem hafa haft mjög lofsverðan áhuga á þessum málum að undanförnu, og ég held, að sómi Alþingis yrði að meiri með því að taka undir með þessum konum.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 31., 32., 34., 35., 36. og 38. *fundi í Sþ.*, 5., 9., 16., 19., 23. og 30. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 51, n. 424 og 442).

Frsm. *meiri* hl. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. þessi hefur legið fyrir hjá allshn. og var send nokkrum aðilum til umsagnar þ. á m. Stéttarsambandi bænda, BSRB, Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og eru hér tvö nál., eins og kemur fram á þskj. 424 og 442. Meiri hl. n. leggur til, að till. sé samþ., og vekur í því sambandi athygli á umsögnum, sem n. bárust frá Kvenfélagasambandi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Þær umsagnir eru einnig prentaðar á þskj. 424. Minni hl. leggur til, að þáltill. sé vísað til ríkisstj.

Jafnrétti þegnanna er nú mjög á dagskrá, og sýnist oft sitt hverjum. Menn tala um misrétti milli kynja, misrétti milli þéttbýlisbúa og strjálbýlisbúa, misrétti til náms, misrétti til áhrifa ýmiss konar o. s. frv. Um það deila menn hins vegar ekki, að hér er vissulega ýmislegt misrétti, en hve mikið og hvort og þá hvernig þurfi og skuli úr bæta, er fremur deiluefni. Enginn vafi er á, að víðtæk hlutlæg athugun og alhliða samanburður á aðstöðu manna mundi glöggva þessi mál og vísast leiða ýmislegt óvænt í ljós, misrétti þar sem fáir veita því athygli t. d. vegna siðvenja, og meiri jöfnuð annars staðar, þar sem flestir halda misrétti ríkjandi. Engum dylst að auðveldara verður úr því að bæta, sem miður fer, þegar á því hefur farið fram hlutlæg rannsókn.

Alkunnugt er, að sjaldgæft er, að konur komist hérlendis í hinar hæstlaunuðu stöður. Í aðalatriðum er þó viðurkennt launajafnrétti kvenna við karla. Þetta er oftast varið með því, að vinna kvenna sé ekki jafntraust og karla. Þær forfallist fremur. Hinu er sjaldnast haldið á lofti, að einhver bezti og traustasti vinnukraftur á vinnumarkaðinum eru eigi að síður konurnar, þá ekki sízt þær, sem fara að vinna úti, eins og kallað er, eftir að hafa alið börn sín og komið þeim á legg. Þær eru yfirleitt vinnusamari körlum og stundvísari og lausari við smámunaelting við yfirvinnumínútur. Samt er það grunur minn, að þessi vinnufylking hafi farið harla illa út úr starfsmati ríkisins, þekki enda eitt átakanlegt dæmi, sem hér verður þó ekki rakið.

Þá benda sumir á misrétti milli þéttbýlis- og strjálbýlisfólks, en það er grunur minn, að margt óvænt geti komið upp við nánari athugun. Strjálbýlisbúar eiga sem sé viss forréttindi, sem þeir mega ekki vanmeta né gleyma í glýjunni frá þéttbýlisdýrðinni, en út í þá sálma skal ekki heldur farið hér að sinni.

Þótt athugun á jafnrétti þegnanna frá ýmsum sjónarhornum séð verði aldrei tæmandi, er hún þó eigi að síður næsta forvitnileg og óumdeilanlega upplýsandi. Með þetta m. a. í huga leggur meiri hl. allshn. til, að umrædd þáltill. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, þá leggur minni hl. n. til, að till. verði vísað til ríkisstj. Það er birt hér nál. á þskj. 442, þar sem aðalrökin eru færð fyrir þessari niðurstöðu, og það skal viðurkennt og er viðurkennt í þessu stutta nál., að það gæti verið fróðlegt að kanna þetta mál, en við teljum ekki, að það kalli svo nauðsynlega á, að til þess sé miklu kostandi, a. m. k. verði það þá lagt í vald ríkisstj., ef hún telur, að málið sé þannig vaxið, að rétt sé að láta einhverja rannsókn fara fram.

Ég vil aðeins undirstrika það, sem nokkuð er vikið að hér í þessu stutta áliti, að menn tala ákaflega mikið um það, að það sé misrétti í þjóðfélaginu á milli kynja. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé ákaflega mikið byggt á misskilningi. Þetta misrétti milli kynja var að vísu til skamms tíma mjög áberandi, og m. a. fólst það í því, að það var verulegur munur á kaupi. Þetta hefur nú á síðustu árum verið fært í betra horf, þannig að það eru sömu laun fyrir sömu störf, eins og sagt er, og ég verð að segja það, að þær bollaleggingar, sem eru hafðar hér uppi í grg. þessarar till. um mismun á tölu eftir kynjum við ýmis störf í þjóðfélaginu, þær segja í mínum augum ákaflega lítið um þetta atriði, og þær staðfesta yfirleitt ekki að minni hyggju, að þarna sé um verulegt misrétti að ræða. Það eru allt aðrar ástæður, sem til þess liggja, að sumu leyti e. t. v. venjur, en meginorsök er, eins og þar er sagt, hið misjafna hlutverk, sem kynjunum er ætlað frá sköpun heims. Ég vil t. d. koma að í þessu sambandi: Mig minnir, að hér sé einhvers staðar minnzt á sendiherra, að það sé engin kona sendiherra, en ég held, að þrátt fyrir það, þá sé ákaflega mikið litið á það, að hjónin bæði, ef um gifta menn er að ræða, séu í raun og veru fulltrúar landsins út á við.

Það mætti sjálfsagt flytja langar ræður um þetta mál. Ég ætla ekki að gera það nú, en ég vil aðeins undirstrika það, að það er a. m. k. mín skoðun og ég held okkar, sem að þessu nál. stöndum, að þær séu verulega á misskilningi byggðar margar hugmyndir um misrétti þegnanna, sérstaklega að því er varðar á milli kynja. Það er ákaflega falleg hugsjón, að allir menn séu jafnir og nái fullu jafnrétti, en ég er nú þeirrar skoðunar, að svo lengi sem mannkyn stendur, þá verði um nokkra baráttu að ræða, áður en því marki er náð, að hægt verði að segja, að það ríki fullkomið jafnrétti. Til þess liggja ótal ástæður. Og þrátt fyrir það, að ég held, að það sé allt að því 100% skoðun manna, að það sé æskilegast að ná sem allra fyllstu jafnrétti. Sem sagt, niðurstaða minni hl. n. er sú, að þessari till. verði vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 442 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 26:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GeirH, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JP, JR, MJ, MB, ÓB, PJ, SI, StG, SvG, EKJ, AJ, ÁS, BGuðm, EggÞ. EmJ.

nei: EystJ, GeirG, GíslG, GilsG, HS, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, VH, ÁÞ, ÁB, BGr, BK, StH, BP, BrS, EðS, EÁ, BF.

12 þm. (GuðlG, HV, JÁH, JÞ, KGuðj, MÁM, PS, SP, ÞÞ, AuA, BFB, BJ) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 31:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 856).

16. Skipulag vöruflutninga.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar [58. mál] (A. 60).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef ásamt átta öðrum þm. flutt hér till. til þál. um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar. Í tillgr. segir svo:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna mþn. til þess að athuga vöruflutninga landsmanna og gera till. um bætta skipan þeirra.

Stefna ber að því að gera flutningakerfið sem hagkvæmast og hraðvirkast án óhæfilegs tilkostnaðar. Leita skal leiða til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þeim efnum, eftir því sem við verður komið."

Ég vænti, að hv. alþm. geti verið sammála mér og okkur flm. um það, að ekkert sé óeðlilegt við það, þó að nú þurfi að taka þessi mál til yfirvegunar. Í okkar búskap, bæði einstaklinga og þjóðfélagsins, hafa breytingar orðið gífurlegar á síðustu tímum. Einhvers staðar hefur verið sagt, að við höfum horfið frá frumbúskap yfir í viðskiptabúskap, og hygg ég, að þetta sé algerlega sannmæli. Búskapur Íslendinga bæði á heimilum og þjóðarinnar út á við byggist á ákaflega mikilli verzlun. Framleiðsla okkar er tiltölulega einhæf, og við þurfum þess vegna að flytja ákaflega mikið inn og dreifa þeirri vöru út um landið. Af þessu öllu hefur leitt stórkostlega vaxandi flutninga og auðvitað um leið flutningskostnað fyrir einstaklingana og atvinnuvegina og alla aðila. Nú hefur íslenzka ríkið vissulega haft mikil og bein afskipti af þessum málum að undanförnu, af flutningunum, a. m. k. innanlands. Ríkið byggir upp vegakerfið að langmestu leyti. Það hefur alveg veg og vanda af flugvöllunum. Það stendur undir höfnum að mjög miklu leyti. Og ríkið hefur sjálft gert út flutningaskip í marga áratugi. Það er þess vegna ekkert nýtt, þó að gert sé ráð fyrir því, eins og er í þessari till., að ríkið hafi afskipti af þessum málum, af flutningamálunum, og í þessu tilfelli af vöruflutningunum.

En er þá nokkur sérstök þörf fyrir meiri afskipti, fyrir nýjar aðgerðir? Ég held, að það sé ekkert um að villast, að slík þörf sé fyrir hendi og hún brýn. Og þetta er af augljósum ástæðum og þá þegar af því, sem ég hef nú minnzt á, hinum miklu og öru breytingum, sem orðið hafa á búskap þjóðarinnar, og einnig hinu, að í samgöngum okkar og samgöngutækjum öllum hafa orðið gífurlegar breytingar á allra síðustu áratugum. Viðvíkjandi vöruflutningunum er breytingin fyrst og fremst fólgin í því að því er varðar flutningatækin og flutningaaðferðirnar, að bílar og flug hafa komið til sögunnar, þar sem áður mátti segja, að þungavöruflutningar á sjó væru næstum eina úrræðið, a. m. k. með allri ströndinni. Og núna alveg nýlega eru komin ný skip, búin nýrri tækni til vöruflutninganna. Það er því þjóðfélagslega séð full þörf á því, að unnið sé að aukinni hagræðingu og aukinni skipulagningu á þessum málum.

Eitt allra augljósasta atriðið er þetta, sem ég nefndi, að það eru komin ný skip með miklu meiri flutningagetu en áður var fyrir hendi hjá strandferðaskipunum, og þau þarf að nýta og þá um leið að hlífa vegakerfinu, sem er ákaflega veikt og þolir illa þá miklu þungaflutningaumferð, sem á það hefur fallið á síðustu árum. Ég hef bent á það fyrr, bæði á þessu þingi og raunar áður, að um sumt í þessum efnum er þörf skjótra aðgerða. Það á að vera hægt að koma þeim við. Þar á ég m. a. við taxta ríkisskipanna og hafnargjöld, sem ég tel, að þurfi að samræma, og einnig og ekki síður að gera ráðstafanir til þess að greiða fyrir umhleðslu og framflutningi innfluttrar vöru. En í þessum efnum er vissulega að mörgu að hyggja og miklu fleira en því, sem hægt er að taka til meðferðar fyrirvaralítið og afgreiða með tiltölulega skjótum hætti. Annar þáttur till., sem fjallar um skipulag vöruflutninga, gerir ráð fyrir því, að málið sé athugað á breiðum grundvelli.

Hinn þáttur till. er um jöfnun flutningskostnaðar. Þetta er ekki heldur nýtt mál fremur en afskipti ríkisins af flutningunum sjálfum. Samkv. sérstökum lögum hafa nú þegar verið gerðar alveg ákveðnar ráðstafanir í þessu efni. Þannig er það t. d. með olíur og benzín, að flutningar á þeim vörum eru jafnaðir út, einnig á einkasöluvörunum. Og svo að hinu leytinu, og því taka menn nú sennilega síður eftir, þó að það sé kannske enn augljósara, ef menn bara gefa því gaum, að þýðingarmestu landbúnaðarvörurnar eru útjafnaðar í flutningum, allar þær þýðingarmestu, kjöt og mjólk og mjólkurvörur. Flutningar þeirra vara eru jafnaðir út. Með till. er lagt til, að leitað verði leiða til víðtækari jöfnunar á flutningskostnaði en nú á sér stað. Það mætti vitanlega í löngu máli leiða mörg rök að því, að slíkra aðgerða sé þörf. En hér skal ég aðeins árétta það, sem fyrr var sagt, að almenn viðskipti og þar með flutningar hafa margfaldazt, vaxið ár frá ári, og flutningskostnaðurinn verður þess vegna alltaf stærri og stærri liður í útgjöldum hverrar fjölskyldu og í útgjöldum atvinnufyrirtækjanna víðs vegar um landið. Einnig er svo hitt, að mjög mikill hluti innfluttrar vöru fer í gegnum höfuðborgina, og þróunin hefur verið í þá átt, að sá hluti, sem fer þar í gegn, fer vaxandi. Og af því leiðir það, að aðstöðumunur höfuðborgarsvæðisins og þeirra landshluta, sem fjærst því liggja og þurfa að sæta umhleðslu hér, er alveg gífurlega mikill að því er varðar flutningskostnað allrar innfluttrar vöru, sem fer hér í gegn, og svo annarrar þeirrar vöru, sem vissulega er einnig þung á metum, sem flytja þarf frá höfuðborgarsvæðinu. Þessi aðstöðumunur er svo mikill, að flutningur á vöru,

bara þeirri, sem er ódýr í flutningi og flutt með ódýrustum hætti, með skipunum, nemur að öllu meðtöldu þúsundum króna á hvert einasta tonn. Ég býst ekki við því, að nokkur óski eftir breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er á flutningi mjólkur og kjöts, og að hætt verði að verðjafna þessa flutninga. Ég held, að það sé enginn, sem óskar þess. Og þá virðist mér í framhaldi af því mjög eðlilegt að álykta, að rétt sé og skynsamlegt að athuga þá einnig um jöfnun á öðrum flutningskostnaði.

Að lokum vil ég svo aðeins minna á það, að samkv. þeirri meginstefnu Íslendinga að byggja land sitt allt, þá hefur síma og útvarpi verið komið til allra landsmanna, og slíkt hið sama má og einnig segja um fleiri þætti. Vegakerfið er komið heim að hverju byggðu bóli, þó að það sé víða ófullkomið, og það er stefnt að því, — ég vona, að ég megi segja það, — það er stefnt að því, að allir landsmenn fái hagnýtt sér rafmagnið og fái notið sjónvarps. Flm. þessarar till. líta svo á, að það sé alveg í samræmi við þessa meginstefnu þjóðarinnar, að ríkisvaldið beiti sér nú fyrir hvoru tveggja í senn, bættu skipulagi á vöruflutningum landsmanna og svo fyrir því að leita leiða til þess að jafna flutningskostnaðinn meira en enn hefur verið gert.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 60, n. 683).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. þessi, sem hér er til afgreiðslu, er flutt af nokkrum þm. Framsfl. 1. flm. er Vilhjálmur Hjálmarsson, og till. fjallar um það að kjósa fimm manna mþn. til að athuga vöruflutninga landsmanna og gera till. um bætta skipan þeirra. Allshn. fékk þessa till. til athugunar, sendi hana allmörgum til umsagnar svo sem Skipaútgerð ríkisins, Eimskipafélagi Íslands, Skipadeild SÍS, Flugfélagi Íslands, Félagi ísl. vöruflutningabifreiðastjóra og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Yfirleitt voru umsagnir þessara aðila jákvæðar. Þeir töldu nauðsynlegt að láta fara fram slíka athugun, en í n. varð það ofan á að leggja til, að till. væri orðuð nokkuð öðruvísi en flm. höfðu lagt til eða eins og stendur á þskj. 683. Öll n. var sammála um að leggja til þessa breytingu og að till. þannig orðuð yrði samþykkt.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja umr. um þetta mál, veit að tími þingsins er orðinn knappur, en ég tel, að hér sé hreyft mjög stóru og viðamiklu máli, sem hlýtur að koma til kasta Alþ. að afgreiða í framtíðinni. Það er alveg rétt, sem fram kemur í till. og um þetta mál hefur verið sagt, að það hlýtur að verða stefnt að því að jafna nokkuð þá aðstöðu, sem hjá landsmönnum er almennt í sambandi við mismunandi flutningskostnað á neyzluvarningi, sem dreift er út um landsbyggðina. Það er orðið svo, að mestu af nauðsynjavörum landsmanna er skipað í land hér í Reykjavík. Sumt af þeim er að vísu flutt fraktfrítt áfram út til hinna ýmsu staða á landinu, en flestar vörur eru það þó, sem þarf að borga aukafrakt á frá Reykjavík til annarra staða á landinu. Þetta þýðir auðvitað það, að þessi aukni flutningskostnaður leggst á vöruna, svo að hún er seld hærra verði úti um landið en hér í höfuðstaðnum. Nú er það vitað, að launakerfi landsmanna er orðið svipað og má segja það sama um land allt. Vísitala er reiknuð út eftir verði, sem á vörunni gildir við Faxaflóa, og verða þeir þá, sem úti á landsbyggðinni, í strjálbýlinu búa, fyrir auknum kostnaði í sambandi við framfærslu sína og heimila sinna umfram það, sem hér á þéttbýlissvæðinu er. Þess vegna tel ég, að það hljóti að koma að því fyrr en síðar, að Alþ. geri beinar ráðstafanir til þess, að jöfnuður verði gerður þarna á. Þetta mætti að sjálfsögðu gera með mismunandi hætti. Skal ég ekki fara út í það, því að það yrði of langt mál, en ég vildi láta þá skoðun mína koma fram hér í sambandi við umr. um þessa till., að ég tel, að þetta mál hljóti að verða tekið fyrir til afgreiðslu á Alþ. í framtíðinni og þá stefnt að því að jafna aðstöðu landsmanna a. m. k. hvað viðkemur þeim nauðsynjavörum, sem inn í vísitölu eru reiknaðar, þannig að launþegar um land allt búi við sömu aðstöðu hvað þetta atriði snertir.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég er meðnm. mínum þakklátur fyrir afgreiðslu á þessu máli, og ég vil einnig þakka hv. þm., sem talaði hér seinast, fyrir þann ákveðna og jákvæða skilning, sem hann lét hér í ljósi.

Ég get vel fallizt á það, að ríkisstj. annist þessa könnun, en ekki mþn. Ég vil þá líka mega vænta þess, að ríkisstj. hagi þeirri könnun þannig, að sem flest sjónarmið komi fram við athugunina og þá auðvitað alveg sérstaklega sjónarmið dreifbýlisins. Ég vil einnig láta það koma fram hér, að ég vil mega vænta þess, að sú athugun, sem hér um ræðir, heildarathugun, sem væntanlega tekur nokkurn tíma og er viðamikil, að hún verði ekki látin tefja það eða koma í veg fyrir það, að ríkisstj. athugi nánar um það sérstaka atriði, framflutninga innfluttrar vöru, sem var hér til umr. í fyrirspurnatíma nú fyrir stuttu.

Ákvörðun um innflutningshöfn á Reyðarfirði var þýðingarmikil leiðrétting, þar sem einn landshluti hafði orðið út undan varðandi innflutningshafnir. En það er aðeins einn þáttur málsins, einn þáttur þess að ná aftur þeirri stöðu, sem dreifbýlið hafði 1962 en síðan hefur farið versnandi. Og ég vil mega vænta þess, að hvað sem líður þessari athugun, þá verði haldið áfram aðgerðum af hálfu hæstv. ríkisstj. til að fá fram þær breytingar varðandi framflutninga innfluttrar vöru, sem þarf til þess, að dreifbýlið búi ekki við verri kjör að því leyti en það naut fram til 1962.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 683 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 857).

17. Haf- og fiskirannsóknir.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um haf- og fiskirannsóknir o. fl. [61. mál] (A. 63).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi þáltill. fjallar um, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta gera fimm ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskveiðiflotann. Áætlunin sé gerð af sérfræðingum í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna og verði lögð fyrir Alþ., svo fljótt sem verða má.

Ég er alveg sannfærður um það, enda skýrist það alltaf betur og betur, að velmegun Íslendinga og efnalegt sjálfstæði veltur framvegis eins og fram að þessu meira á því en nokkru öðru, að vel takist að hagnýta auðæfi hafsins og landgrunnsins. Það væri freistandi að eyða nokkrum tíma til þess að færa rök fyrir þessari ályktun, en ég fell ekki fyrir þeirri freistingu núna, vegna þess að ég veit, að hæstv. forseta er mikið áhugamál að koma áfram þáltill. Ég mun því segja það eitt nú til stuðnings þessu, að við búum ekki við stórfellda yfirburði í neinu öðru en því, sem í hafinu býr. Við búum ekki við stórfellda yfirburði í neinu öðru nema það skyldi þá vera í því, að við eigum óvenjulega fallegt og sérkennilegt land, sem ekki er mjög mengað. Í flestu öðru stöndum við svona álíka að vígi og margar aðrar þjóðir, sem sé svona sæmilega að vígi. En í sjávarútvegi og öllu því, sem lýtur að auðæfum hafsins, eigum við að geta búið við stórfellda yfirburði, ef við förum skynsamlega að.

Þetta hefur kannske aldrei verið augljósara en nú, eftir að búið er að gera nokkurt yfirlit um mögulega orkunýtingu í fallvötnum á Íslandi og þegar farið er að gera því skóna, að Íslendingar verði að nýta alla sína orku á næstu 20 árum og selja hana, mest útlendingum, fyrir slikk. Sá þjóðarauður, sem við höfum talið, að væri í fallvötnunum, væri sem sé í raun og veru ekki meiri en svo, að við yrðum að flýta okkur að nýta hann allan á næstu 20 árum og selja hann fyrir lítið, ef hann ætti ekki að verða lítils virði á næstunni í samanburði við kjarnorku. Auðvitað eru þessar kenningar alger fásinna og út í bláinn, að slíkt komi til greina, hvað þá að skynsamlegt væri að fara þannig að. En þetta sýnir manni þó framan í það, að þarna er að dómi sumra a. m. k. alls ekki sá stórfelldi þjóðarauður í ónotaðri orku, sem við höfum haldið. Og ef við svo ættum enga aðra leið til þess að gera þessa orku að peningum en þá að taka hér inn útlenda stóriðju og orkan öll samanlögð sé eitthvað álíka og þarf handa 20 álbræðslum svipuðum eins og þessi verður, sem við höfum, eftir að hún hefur verið stækkuð, þá er komin fram nýstárleg mynd. En þegar þessar myndir eru dregnar upp og aðrar slíkar, sem eru nú sums staðar upp dregnar, og þótt þær séu ekki alveg sannar, þá skýrist það þó fyrir mönnum betur en nokkru sinni fyrr, hvað Íslendingar eiga undir hafinu framvegis og þeim auðæfum, sem í því finnast.

Rétt er að gera sér grein fyrir því, að hagnýting hafsins og landgrunnsins verður að byggjast framvegis miklu meira á þekkingu en nokkru sinni áður. Menn verða að þekkja hafið eins og bezt má verða og lífið í sjónum og sjálfan hafsbotninn. Skynsamlegar fiskveiðar og önnur hagnýting sjávargæðanna samhliða nauðsynlegri verndun þeirra auðæfa, sem í hafinu er að finna, hljóta því í vaxandi mæli að byggjast á þekkingu, sem hverjum einstaklingi verður alveg ofviða að afla sér á eigin spýtur og á eigin kostnað.

Ég vil leggja sterka áherzlu á, að þetta á ekki aðeins við rannsóknir á hafstraumum, hafsbotninum, fiskistofnunum, stærð þeirra og öðru, sem snertir verndun þeirra og viðhald, heldur á þetta einnig við um sjálfar fiskveiðarnar. Ég er alveg sannfærður um, að þess er ekki langt að bíða, að fiskveiðar, sem eru byggðar á því, að hver einstaklingur leiti að fiskinum handa sér, verða taldar úreltar. Ef vel á að takast, verður fiskveiðiflotinn að hafa í sinni þjónustu leitarskip, sem kynna sér hafið og finna fiskinn, sem fylgjast með göngum og vita, hvar fiskinn er að finna. Slík þjónusta hlýtur að koma í vaxandi mæli. Það verður sem sé að leggja stóraukið fé til sjálfra grundvallarrannsóknanna á hafinu og fiskstofnunum og einnig til hagnýtrar leitar í þjónustu fiskveiðanna.

Það má ekki horfa í að leggja fram það fé, sem þarf til þess að rannsaka hafið og hafsbotninn og lífið í sjónum, og það verður í vaxandi mæli að veita fiskveiðiflotanum þjónustu við fiskileit og öflun þeirrar þekkingar, sem þarf við nýtízku fiskveiðar, en einstaklingum er um megn að kosta.

Æðimikið hefur verið unnið að því að rannsaka fiskistofnana og hafið, og ber að meta og virða mikils það, sem gert hefur verið. En samt kemur alltaf betur og betur í ljós, að það nær mjög skammt, og því fer fjarri, að hægt hafi verið að kanna hafið og fiskstofnana sem skyldi eða veita fiskiflotanum þá þjónustu, sem þörf er á, og því er þörf nýrra stórátaka í þessum efnum.

Við vorum hér rétt áðan að ræða um aðra þáltill., og þar kom fram hjá einum hv. þm., að þegar hann spurðist fyrir um það hjá fiskifræðingum okkar og þeirri stofnun, sem hefur með höndum þessi mál, hvernig ástatt væri um spærlinginn og sandsílið og hvað skynsamlegt mundi vera að gera í sambandi við þá fiska, þá kom það undir eins fram, sem við vissum fyrir fram, að þekking er ekki nægilega mikil til þess, að hægt sé að svara slíkum spurningum. Þó er þar um að ræða verulegan þátt í fæðu hinna stærri fiska, sem við fram að þessu höfum lifað á. Þannig mætti endalaust telja dæmi þess, hvernig ástatt er í þessum efnum.

Nú verður að hefjast ný sókn í landgrunnsmálinu og varðandi hafsbotninn, sem áður hefur ekki komið mjög mikið inn í þessa mynd. Þá koma til nýir rannsóknarþættir, sem verður að sinna, og því hljótum við að

stórauka rannsóknir í tengslum við sjálft landgrunnsmálið.

Ég hef ekki lagt það í vana minn að stuðla svo mjög að því, að menn læsu Morgunblaðið, en ég vil nú gera þá undantekningu að vísa hv. þm. á ritgerð í Morgunblaðinu 11. okt. s. l. eftir Svend Malmberg haffræðing. Þessa ritgerð ættu allir þm. að lesa með athygli, því að höfundur opnar þarna ný svið og sýnir fram á, að ef við ætlum að fylgja eftir landgrunnsmálinu og búa okkur undir að vera færir um að gera okkur grein fyrir þeim möguleikum, sem framtíðin ber í skauti sér á hafsbotninum og í hafinu, þá verðum við að endurskoða öll þessi mál frá rótum og leggja út í nýjar rannsóknargreinar, sem ekki hafa áður komið til.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þeim fyrirætlunum, sem hæstv. ríkisstj. hafði uppi um að selja Hafþór við þessar ástæður, mun hafa verið breytt, og Hafþór, sem er þægilegt, lítið en gott og vel útbúið rannsóknarskip, verður ekki seldur, en heldur áfram í þjónustu þessara málefna. Sannleikurinn er sá, að mikil nauðsyn er á því að stórauka þann flota, sem að þessu starfar.

Ég tel, að þessi rannsóknarmál séu á því stigi, að lífsnauðsyn sé að gera á þeim heildarúttekt, og þess vegna legg ég til með þessari þáltill., að fimm sérfræðingum verði falið að gera fimm ára áætlun um verkefni á sviði haf- og fiskirannsókna og þjónustu við fiskveiðiflotann og að sú áætlun verði gerð í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Ég legg hina allra þyngstu áherzlu á, að þessi áætlun verði gerð í nánu samráði við samtök þeirra manna, sjómanna og útvegsmanna, sem búa yfir stórfelldri þekkingu nú þegar um ýmis atriði, sem þarna verða að koma til greina. Ég held því hiklaust fram, að því aðeins sé góðs árangurs að vænta af þessu starfi, að áætlunin verði gerð í nánu samstarfi sérfræðinga og sjómanna.

Það hefur verið gerð áætlun um rannsóknir á fallvötnum landsins, og álít ég, að þar hafi verið mjög skynsamlega að farið að gera einmitt áætlun um og skoða ofan í kjölinn, hversu miklu vatnsafli við eigum yfir að ráða og annað, sem lýtur að hagnýtingu þess. Ég tel, að nú verði að gera hafrannsóknum hliðstæð skil og megi ekki seinna vera, að þau mál séu tekin álíka myndarlegum tökum. Það verði nú reynt að gera sér grein fyrir því með ráði beztu manna, hvar við stöndum í þessu efni og hvaða starfrækslu við verðum að koma á fót, til þess að sæmilega sé fyrir þeim séð.

Okkur er lífsnauðsyn að vita, hvernig ástatt er með fiskistofnana og annað líf í sjónum. Hvað má veiða og hvað þarf að vernda? Og þá ekki síður að taka þá rannsóknaþætti, sem snerta beinlínis okkar fyrir landgrunninu og hagnýtingu þess í þágu okkar sjálfra.

Það er sannfæring mín, að viðhorf allt sé nú orðið svo gerbreytt varðandi fiskistofnana og annað, sem býr í sjónum, fiskveiðarnar og möguleikana til þess að fá vitneskju um hafið sjálft og hafsbotninn, að það verði að skoða þessi rannsóknarmál frá alveg nýjum sjónarhóli og gersamlega í nýju ljósi, og á þetta vil ég leggja alveg sérstaka áherzlu með flutningi þessarar þáltill. Ég vona, að henni verði vel tekið og að úr framkvæmdum verði eins og þar er gert ráð fyrir. Að sjálfsögðu gæti komið til greina að haga þessari athugun öðru vísi en þarna er upp á stungið, en áríðandi er, að sérfræðingar vinni að þessu verki í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna. Það tel ég þýðingarmikið.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 35., 36. og 38. fundi í Sþ. 19., 23. og 30. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 63, n. 478).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. á þskj. 63 um haf- og fiskirannsóknir o. fl. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta gera fimm ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskveiðaflotann.

Áætlunin sé gerð af sérfræðingum í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Áætlunina skal leggja fyrir Alþ. svo fljótt sem verða má.“

N. ræddi þetta mál og leitaði jafnframt umsagna nokkurra aðila um það. Það var álit n., að hún væri í sjálfu sér samþykk efni þessarar till. að verulegu leyti, en taldi þó, að það væri hæpið að samþykkja, að það væri hægt að gera slíka áætlun um fiskirannsóknir svo langt fram í tímann, fimm ár fram í tímann, og þess vegna felur brtt. n. það í sér, að aðeins verði lagt til, að gerð verði áætlun um rannsóknir til þriggja ára. Þá er í tillgr. lagt til, að áætlunin sé gerð af sérfræðingum í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Þetta orðalag vorum við ekki ánægðir með. Það vill oft brenna við hjá okkur hér á Alþ., að ef við ætlum að taka eitthvert mál til meðferðar og láta rannsaka það, þá þarf alltaf að stofna nýjar nefndir, fela það nýjum sérfræðingum, þó að við séum með ýmsar rannsóknastofnanir, sem kostaðar eru af ríkisfé og varið er til stórum fjárupphæðum á hverju einasta ári. Við þekkjum þetta í sambandi við landbúnaðinn, kalrannsóknir og fleira. Ef ný verkefni koma, þá þarf alltaf að fela einhverjum nýjum aðilum, en ekki þessum stofnunum, sem þó ætti að líta svo á, að væru kjörnar til þess að leysa þessi verkefni. Það er því till. n., — og það má segja, að það sé verið að fela þetta sérfræðingum eftir sem áður — að láta Hafrannsóknastofnunina taka þetta verkefni að sér, án þess að orða það nokkuð öðruvísi, og þess vegna hljóðar okkar till. svo, eins og fram kemur í nál. á þskj. 478, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta gera þriggja ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskveiðiflotann. Áætlunin sé gerð af Hafrannsóknastofnuninni í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Áætlunina skal leggja fyrir Alþ. svo fljótt sem verða má.“

Aðrar breytingar sjáum við ekki ástæðu til að gera á þessari till. og leggjum til, að hún verði samþ. þannig breytt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu á till., og ég er alveg

samþykkur þessum breytingum á fyrirkomulagi áætlunargerðarinnar, sem n. stingur upp á. Það var í þáltill. talað um, að ríkisstj. ætti að fela þetta sérfræðingum, og ég get fallizt á, að það sé berum orðum tekið fram, að það skuli vera Hafrannsóknastofnunin.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan lýsa stuðningi mínum við þessa till., en vildi geta þess, að það er ekki nýtt, að reynt sé að gera áætlanir um þessa þætti. Það er búið að leggja áherzlu á það í nokkur ár, a. m. k. þrjú, fjögur eða fimm, og ekki eingöngu við Hafrannsóknastofnunina heldur raunar við allar rannsóknastofnanirnar, því að við erum margir þeirrar skoðunar, að rannsóknir eigi að byggjast á áætlunum nokkuð fram í tímann, verklýsingum og starfslýsingum. Því miður verð ég að upplýsa það, að þetta hefur gengið heldur treglega. Því fagna ég þessari till., ef hið háa Alþingi getur komið því til leiðar, að þessi sjálfsögðu vinnubrögð verði upp tekin. En ég vil aðeins nefna það hér, að mér sýnist, að þetta mætti raunar gera við allar aðrar rannsóknir, sem skipulagðar eru á vegum hins opinbera og kostaðar af opinberu fé. Hygg ég, að hv. fjvn. mætti gjarnan leggja ríkari áherzlu en hún gerir nú á slík vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu fjárlaga til rannsóknastofnana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 478 (ný tillgr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 858).

18. Kynferðisfræðsla í skólum.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um kynferðisfræðslu í skólum [97. mál] (A. 102).

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. aftur tekinn til einnar umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Hér á landi hafa nú að undanförnu orðið miklar umræður um kynferðismál eða réttara sagt kynlífsmál. Og margt hefur þar verið sagt af töluverðum skaphita. Aðalorsök þessara umræðna hefur verið það aukna frjálsræði í túlkun kynlífsmála, sem borizt hefur hingað frá nágrannaþjóðum okkar og birzt hefur í blöðum og bókum og tímaritum, en einkum þó í kvikmyndum. Sumir hafa kallað þetta hina örgustu spillingu og hafa hinir fornu staðir Sódóma og Gómorra heyrzt nefndir í því sambandi, en aðrir hafa hins vegar fagnað frjálsræðinu af miklum ákafa, og hefur jafnvel mátt skilja á málflutningi þeirra, að Íslendingar hafi allt frá öndverðu verið algerir glópar í þessum málum. Þjóðin hafi alla sína tíð búið við misheppnað kynlíf, og því sé ekki seinna vænna, að þessu verði komið í lag.

Tilgangurinn með flutningi þessarar till., sem hér liggur fyrir, er ekki sá að hrinda af stað hér á hinu háa Alþingi umræðum um kynlífsmál í þeim dúr, sem ég var nú að nefna, þó að hugsazt gæti reyndar, að hv. alþm. hefðu engu minna vit á þeim málum heldur en ýmsir þeir, sem talað hafa um þau sem mestir spakvitringar að undanförnu. Nei, tilgangurinn með flutningi þessarar till. er sá að taka undir eða fara þess á leit við hv. alþm., að þeir taki undir hógværar óskir þeirra, sem vilja, að kynlífsmál hætti að vera einhvers konar vandræða- og feimnismál í skólum okkar á meðan segja má, að þjóðfélagið sé að öðru leyti undirlagt af þeim og hinir og aðrir aðilar hampa þeim linnulaust framan í börn og unglinga, oft af harla lítilli hæversku. Tilgangurinn með þessari till. er sem sé í stuttu máli sagt að fá fræðslu um kynferðismál eða um kynlífið viðurkennda sem einn þáttinn og ekki þann þýðingarminnsta í almennri líkams- og heilbrigðisfræðslu skólanna. Sú fræðsla er nú lítil sem engin, eins og fram kemur í ummælum ýmissa skólamanna, sem birt eru í grg., sem fylgir þessari till., en af vanþekkingu barna og unglinga á þessu sviði geta orsakazt miklir og alvarlegir erfiðleikar, eins og fram kemur í ummælum hins ágæta læknis Jónasar Bjarnasonar, sem einnig er vitnað til í grg. En Jónas hefur manna mest barizt fyrir skynsamlegri skipan þessara mála innan fræðslukerfisins, enda hefur hann vegna starfs síns, vegna sérgreinar sinnar, flestum mönnum frekar getað gert sér grein fyrir þeim vanda, sem hér er við að stríða, og þá um leið hvernig helzt væri hægt að leysa þennan vanda. Jónas læknir segir m. a. í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít, að kennsla í þessum efnum þoli enga bið. Sennilega verður erfitt að fá nógu vel menntað fólk til þess að taka hana að sér, en ég tel, að e. t. v. verði að byrja á því að halda námskeið fyrir kennara, sem hefðu áhuga á því að veita slíka tilsögn. Einnig gæti komið til greina, að skólar réðu lækna í þjónustu sína til þess að tala um þessi mál, því að þeir hafa mesta og bezta menntunina og aðstöðu til að gera það. Á þennan hátt hygg ég að megi upphefja vankunnáttu þá, sem ríkir í þessum efnum hér hjá okkur."

Áðurnefndir skólamenn og aðrir þeir, sem af alvöru hafa rætt þessi mál, eru sammála Jónasi Bjarnasyni um það, að enda þótt þörfin sé brýn að leysa þennan vanda, þá sé ekki þar með sagt, að lausnin verði auðfundin. Hvað sem líði tali manna um frjálsræði, þá séu þetta óneitanlega vandasöm mál og viðkvæm. Og ekki megi kasta til höndunum við undirbúning þeirra og framkvæmdina. En jafnframt ætti þá líka hitt að vera ljóst, að ekki má lengur dragast, að tekið sé til við að athuga þessi mál og undirbúa, og sýnist mér, að rétti tíminn til slíks sé einmitt núna, þegar gagnger endurskoðun á sér stað á öllu skólakerfinu.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar. Ég geri ráð

fyrir því, að n. sú, sem fær málið til meðferðar, sendi það til umsagnar ýmsum þeim aðilum, sem trúandi er til að leggja gott til þessara mála.

Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 102, n. 655).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ein af hinum mörgu þáltill., sem rak á fjörur allshn. Sþ., er mál nr. 97, till. til þál. um kynferðisfræðslu í skólum.

Ég býst við, að hv. alþm. reki minni til þess, að hér fyrr á vetrinum var kannske um fátt meira talað almennt, bæði í blöðum og fjölmiðlum, en kynferðismál. Stóð það í sambandi við kvikmynd eina, sem var sýnd hér í kvikmyndahúsi í borginni við meiri aðsókn en dæmi munu vera til nokkurn tíma áður.

Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 102, var tekin fyrir í hv. n. og send til umsagnar nokkrum aðilum, þ. á m. Sambandi ísl. barnakennara, Læknafélagi Íslands og Æskulýðssambandi Íslands, og enda þótt það komi oft fyrir, að umsagnir berist misjafnlega greiðlega um mál, sem send eru til umsagnar, þá gekk vel að innheimta umsagnir um þessa till. Þær bárust frá öllum þessum aðilum, og þær eru yfirleitt á eina lund, að þær mæla með, að till. verði samþ. Í umsögn Læknafélags Íslands er sérstaklega bent á nauðsyn þess, að jafnhliða þessari fræðslu, sem aukin yrði, þyrfti að taka upp fræðslu um kynsjúkdóma.

Það er skemmst af að segja um athugun n. á þessu máli, að hún komst að þeirri niðurstöðu að leggja til, að till. yrði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. e., skrifar undir með fyrirvara. Ég vil aðeins taka það fram, að að því er til grg. kemur, þá hefur n. ekki tekið afstöðu til þess, sem sérstaklega er þar sagt í upphafi. Með leyfi hæstv. forseta, er þar komizt svo að orði:

„Sérstök fræðsla í kynferðismálum er lítil sem engin í skólum þessa lands, og til þeirrar staðreyndar virðist mega rekja orsakir margra alvarlegra vandamála í lífi ungs fólks."

Það er nú fjarri því, að n. mundi skrifa undir þetta. Það ber ekki að líta svo á meðmæli n. með till., að hún líti sömu augum á þetta og hv. flm. En ég held, að það verði nú almannadómur, að í þeirri stórauknu fræðslu, sem almennt er uppi höfð í þjóðfélaginu, þá sé eðlilegt, að þessi þáttur verði ekki undanskilinn, og það er gert ráð fyrir því, að þessi fræðsla verði skipulögð í samráði við sérfróða lækna, kennara og forustumenn æskulýðsmála.

Sem sagt, allshn. leggur til, að þessi till. verði samþ. óbreytt, eins og hún liggur fyrir á þskj. 102.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 859).

19. Bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi [108. mál] (A. 115).

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þessi þáltill. á þskj. 115, sem hér er á dagskrá, er flutt af okkur þremur þm., en þeir eru auk mín Halldór E. Sigurðsson og Ásgeir Bjarnason. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir samkomulagi Evrópuþjóða um algert bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi."

Ástæðan til þess, að till. er flutt, er sprottin af þeim áhyggjum, sem margir hafa nú vegna hinna miklu laxveiða í hafinu við Grænland, sem Danir hafa stundað nú hin síðari ár, og að því er fullyrt er af mörgum eru alveg mokveiðar. Ekki liggja fyrir neinar ábyggilegar upplýsingar um magn þessara veiða, en þó er talið, að árleg veiði Dana við Vestur-Grænland sé 2000 tonn af laxi, og samkv. fréttaskeyti, sem birtist í Morgunblaðinu 19. jan. s. l., þá er þar haft eftir vísindafréttaritara blaðsins Politiken, að sérfræðingar telji, að þessar veiðar bitni einkum á laxastofninum í brezkum og kanadískum ám. En einnig er talið, að 2000 tonna veiði Dana á laxi við Vestur-Grænland verði til þess að minnka stórlega í heild veiði í laxveiðiám Evrópulanda og kunni sú veiðirýrnun að geta skipt 600—1600 tonnum árlega. Þó er rétt að geta þess, að uppi eru mjög skiptar skoðanir um þetta, og telja ýmsir, að veiðar Dana skipti litlu eða engu máli fyrir laxveiðiþjóðir í Evrópu, og segja, að fyrir hver 1000 tonn, sem Danir veiða við Grænland, þá minnki veiðin í einstökum Evrópulöndum ekki nema um ca. 100 tonn. Það er t. d. í Englandi, Skotlandi og Írlandi minna en 300 tonn alls og í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Íslandi og Frakklandi miklu minna. Veiði Skota hefur verið talin vera um 2000 tonn á ári, Íra um 1200 tonn og Englendinga um 400 tonn. Slíkar magntölur um veiði Bandaríkjanna og Kanada eru hins vegar ekki fyrir hendi, en talið er, að Kanadalaxinn gangi á Grænlandsmið og því kunni Kanada að tapa hundruðum tonna af laxi við veiðar Dana.

Á Íslandi var veiðin á árunum 1959—1968 að með-

altali um 100—150 tonn af laxi á ári. En þó að veiðin sé ekki meiri en þetta hér að magni til, þá eru laxveiðar hér vaxandi tekjulind fyrir þjóðina og fyrir eigendur veiðihlunnindanna, því að eftirspurn fer sívaxandi bæði innanlands og utan eftir stangaveiði í hinum fögru og laxauðugu ám hér, þar sem bæði árnar og náttúran er enn að heita má óspillt, vatnið tært, loftið hreint og kyrrt og friður meiri en er víðast annars staðar við slíkar veiðar. Það eru þessi skilyrði, sem gera íslenzku laxveiðiárnar mjög eftirsóknarverðar og að sívaxandi tekjulind fyrir eigendur þeirra og skapa um leið auknar gjaldeyristekjur, sem þjóðin þarfnast einnig, í sambandi við aukin ferðalög útlendinga til Íslands, sem af slíkum veiðiferðum leiðir. Þetta hefur bæði ríkisstj. og Alþ. skilið á undanförnum árum með því að stofna til og veita fé í tilrauna- og laxeldisstöðina í Kollafirði, og er það starf þegar farið að sýna árangur, og lofar reynslan þar góðu, ef ekki gerast þeir hlutir, sem því starfi geta spillt, eins og t. d. hinar stórmiklu laxveiðar við Grænland hugsanlega gætu gert, ef slíkar laxveiðar yrðu upp teknar annars staðar hér í Norður-Atlantshafi. Það ætti því að vera áhugamál Íslendinga, að komið yrði í veg fyrir slíkar veiðar og rányrkju. Við höfum bitra reynslu af því Íslendingar, hvernig síldin, sem var oft okkar stærsta tekjulind, hefur verið drepin, svo að hún má heita horfin, a. m. k. um sinn.

Nú skal það að sjálfsögðu tekið fram, að engin sönnunargögn eru enn fengin fyrir því, að íslenzkur lax hafi verið veiddur að nokkru marki við Grænland. Talið er, að aðeins einn lax merktur hér hafi veiðzt við Vestur-Grænland. En sá lax var merktur í Kollafirði vorið 1966 og þá sleppt þar sem gönguseiði, en hann veiddist við Sukkertoppen á Austur-Grænlandi í sept. 1967. Þetta bendir til þess, að lax, sem ekki elst upp hér, gangi til Grænlands. En vísbendingar hafa komið um það, að íslenzkur lax fari víðar, því að 1. júlí 1968 veiddist við Færeyjar lax, sem merktur var í eldisstöðinni að Keldum, og var honum sleppt sem gönguseiði í Tungulæk í Landbroti vorið 1967. Og nýjasta dæmið um ferðalög íslenzka laxins á fjarlægar slóðir kom fram í fréttatilkynningu frá Veiðimálastofnuninni um það, að 29. júlí á s. l. ári hefði veiðzt íslenzkur lax í Norðurfirði í Vestur-Noregi, og var hann merktur í laxeldisstöðinni í Kollafirði 6. maí 1969. Þarna eru nýlega komnar þrjár sannanir fyrir því, að íslenzki laxinn fer víða og það á fjarlægar slóðir.

Við sjáum á þessu, að allt okkar starf að ræktun á þessum dýrmæta nytjafiski gæti orðið til lítils, ef honum yrði ausið upp með drápstækni á fjarlægum eða þá á nálægum hafsvæðum af öðrum þjóðum. Okkur ber því að vera strax á verði, eftir því sem hægt er, um hagsmuni okkar á þessu sviði og leita samvinnu við þær þjóðir um þetta, sem líka eiga svipaðra eða sömu hagsmuna að gæta, en eins og ég nefndi, þá eru það margar þjóðir í Evrópu, sem stendur þannig á um. Í Ameríku eru það bæði Kanadamenn og Bandaríkjamenn, sem óttast mjög laxveiðarnar við Vestur-Grænland, og hafa þegar heyrzt frá þessum ríkjum harðorðar tillögur og hótanir um mótaðgerðir gegn Dönum á viðskiptasviðinu, ef þeir haldi þessum veiðum áfram, og í Morgunblaðinu í dag sá ég fréttatilkynningu um það, að svo lítur út sem Danir séu nú að bogna að einhverju leyti fyrir þessum hótunum, því að þeir eru að hefja starf til þess að breyta sumum af sínum laxveiðiskipum í skip til rækjuveiða.

Skynsamlegast væri og eðlilegast og um leið vænlegast til varanlegs árangurs, að tekizt gætu samningar um það milli þeirra þjóða, sem hér eiga einkum hlut að máli, að hætt yrði öllum laxveiðum á Norður-Atlantshafi. Það væri bæði veglegt hlutverk og líka stórt hagsmunamál um að tefla fyrir þjóðina, ef stjórnvöld okkar hefðu forgöngu um samkomulag hlutaðeigandi ríkja um þetta mál. Það hefur fleirum en okkur flm. þessarar till. dottið slíkt í hug, og vil ég geta þess, að Búnaðarþing gerði um þetta ályktun í fyrra, sem fór í líka átt og sú, sem hér er flutt. Vel má vera, þó að mér sé ekki um það kunnugt, að ríkisstj. hafi eitthvað um þetta fjallað, og þykir mér það mjög trúlegt, en þó að svo væri, þá ætti ekki að spilla neinu, þó að Alþ. gerði um svo stórt mál ályktun. Tel ég, að það gæti orðið máli þessu til gagns, og því er till. þessi flutt og þá í trausti þess, að málið fái jákvæða afgreiðslu á þessu þingi. Vel getur verið, að Alþ. kynni að vilja hafa annað form eða orðalag á samþykkt sinni um þetta en till. þessi hefur, og erum við flm. fúsir til samkomulags um slíkt.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess, að ég hafi um þetta lengri framsöguræðu, en vil leyfa mér að gera till. um það, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Till. þessi, sem hér um ræðir, er um það, að Alþ. skori á ríkisstj. að beita sér fyrir samkomulagi Evrópuþjóða um algert bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi. Það er enginn vafi á því, að hv. alþm. hafa aðeins eina skoðun á þessum málum og hún er sú að koma í veg fyrir rányrkju og laxveiði í sjó, eftir því sem mögulegt er, og þannig hefur verið að málinu unnið. Flm. þessarar till. hafa ekki vitað vel um það, sem gerzt hefur í málinu, og ekki heldur um afstöðu ríkisstj. í þessu máli á erlendum alþjóðaþingum, og kom það reyndar fram hjá frsm. till. hér áðan. En út af fyrir sig er þá ekki óeðlilegt, að till. sem þessi kæmi fram, úr því að flm. voru ekki alveg vissir um gang málsins. Ég tel ástæðu til að gera nokkra grein fyrir því, hvað gerzt hefur í þessum málum, því að vissulega er það mikið atriði fyrir okkur Íslendinga, og við eigum þar mikilla hagsmuna að gæta, að það takist að koma í veg fyrir rányrkjuna.

Laxveiði er mjög mikilvæg fyrir Íslendinga nú orðið. Það hefur mikið verið unnið að fiskirækt síðustu árin, og árangurinn er farinn að koma í ljós. Íslenzkar veiðiár eru nú að verða mjög verðmiklar og eftirsóttar. Og það er enginn vafi, að að fáum árum liðnum munu margar ár, sem nú er lítil veiði í, verða góðar veiðiár. Það er þess vegna mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga, að við getum beitt áhrifum okkar í þá átt að banna laxveiði í sjó eða annað það, sem hindrar, að við getum haldið áfram ræktunarstarfinu hér á landi.

Laxveiði í sjó meðfram ströndum laxveiðilandanna við Norður-Atlantshaf er gamalt fyrirbæri nema hér við land, þar sem laxveiði í sjó er bönnuð. Hefur þessi veiði verið stunduð innan landhelgi viðkomandi landa að langmestu leyti. Mikil breyting á laxveiði í sjó varð, er lax fór að veiðast við Vestur-Grænland að ráði fyrir einum áratug, en veiði þessi hefur aukizt úr 55 tonnum 1960 upp í 2144 tonn 1969. Framan af var laxveiðin við

Vestur-Grænland eingöngu stunduð innan landhelgi, en 1965 var hafin laxveiði utan landhelgi, og hefur hún aukizt ár frá ári síðan. Árið 1965 veiddust á þeim slóðum rúmlega 36 tonn, en 1969 1204 tonn. Laxinn, sem veiðist við Vestur-Grænland, er að langmestu leyti lax á öðru ári í sjó, og hefur laxinn samkv. niðurstöðum og merkingum verið að verulegu leyti frá Kanada og þar næst frá Bretlandseyjum.

Vorið 1965 hófu Danir laxveiðar í sjó út af norsku ströndinni, en lengi þar áður höfðu Norðmenn veitt lax utan landhelgi við Norður-Noreg í smáum stíl. Úthafsveiðar vestur af Noregi hafa farið vaxandi síðan 1965, og hafa Svíar, Færeyingar og Þjóðverjar bætzt í hóp veiðimanna hin síðari ár. Veiði hefur farið fram 30—150 sjómílur undan landi. Veitt er að vorinu á línu. Laxinn, sem þarna veiðist, er mestmegnis norskur lax. Mestur hluti hans er lax, sem hefur verið tvo vetur í sjó. Veiðimagnið 1969 nam 929 tonnum. Laxveiðar í sjó hafa verið reyndar við Færeyjar 1968 og 1969, og veiddu þeir 5 tonn af laxi fyrra árið, en eitthvað minna seinna árið.

Tveir laxar, sem merktir hafa verið sem gönguseiði hér á landi, hafa veiðzt utan Íslands. Annar var merktur vorið 1966 í Kollafirði og sleppt þar. Hann veiddist nálægt Sukkertoppen á Vestur-Grænlandi í sept. 1967. Hinn veiddist við Færeyjar hinn 1. júlí 1967, en honum hafði verið sleppt í Tungulæk í Landbroti árið áður. Og á síðasta ári hafa veiðzt tveir laxar merktir á Íslandi við Grænland og á norskum miðum. Nú er það ekkert ótrúlegt, að það veiðist meira af laxi frá Íslandi en það, sem gefið er upp, eins og geta má nærri. Það er ekki víst, að það sé alltaf tekið eftir merkingunum. En sem betur fer er nú talið, að enn sem komið er sé það tiltölulega lítið, sem hefur veiðzt af íslenzkum laxi.

Hinn öri vöxtur á laxveiðunum við Grænland, sem varð á árunum eftir 1960, olli mörgum áhyggjum um framtíð laxveiðanna í heimalöndum laxins, þar sem vitað var, að laxinn, sem veiddist við Grænland, var ekki upprunninn þar í landi. Í Kanada voru menn mest uggandi, enda er grænlenzka veiðisvæðið þar í næsta nágrenni. Kanadamenn urðu því fyrstir til þess að vekja máls á hættunni, sem löndunum, sem laxinn elst upp í, stafaði af sjóveiðunum við Grænland, á fundum fiskveiðinefndar Norðvestur-Atlantshafsins í Halifax í júní 1965. Samþykkti nefndin áætlun um rannsóknir, sem miðuðu að því að kanna uppruna laxins, sem veiddist við Vestur-Grænland, svo og um veiði og veiðiálag í heimalöndum laxins og áhrif Grænlandsveiðanna á hann. Á fundum Alþjóðahafrannsóknaráðsins, sem haldnir voru í Róm í okt. þá um haustið, var gerð samhljóða samþykkt sama efnis og jafnframt lagt til, að stofnað yrði til samstarfs við Norðvestur-Atlantshafsnefndina um áðurnefnd rannsóknaráform. Hefur samstarfsnefnd þessara aðila starfað síðan, og á Ísland fulltrúa í henni.

Fiskveiðinefnd Norðvestur-Atlantshafsins hélt fund í Boston 1967 og lagði fram tillögu um að banna laxveiðar á úthafinu, en auk Kanadamanna studdu Bandaríkin og Spánn tillöguna. Var henni vísað frá á þeim grundvelli, að vísindalegar sannanir skorti til þess, að hægt væri að samþykkja hana, sbr. ákvæði VII. kafla starfsreglna fiskveiðinefndar Norðvestur-Atlantshafsins.

Vorið 1968 hélt fiskveiðinefndin hinn árlega fund sinn í London. Kom þar fram á síðustu stundu önnur tillaga frá Kanada um laxveiðar á úthafinu. Var hún á þá leið, að takmarka bæri laxveiðar á úthafinu við það veiðimagn, sem þá fékkst. Kom þessi tillaga fram svo seint, að lítill tími var til þess að undirbúa málið heima fyrir í þátttökulöndunum, enda hafði málið ekki verið kynnt með nægum fyrirvara. Tillagan var ekki borin undir atkvæði, þar sem augljóst þótti, að hún mundi ekki hljóta tilskilinn meiri hluta atkvæða. Fulltrúar Íslands, Noregs, Frakklands og Spánar höfðu skýrt frá því, að þeir mundu sitja hjá við atkvgr. að því sinni, og fleiri þjóðir höfðu látið í það skína, að þær mundu einnig sitja hjá, ef til atkvgr. kæmi. Danir höfðu lýst sig andvíga tillögunni. Það kom því aldrei til atkvgr. í málinu.

Á fundi í London í apríl 1969 kom fyrst fram tillaga um algert bann við laxveiðum í úthafinu, og var hún studd af flestum þátttökuþjóðunum þ. á m. Íslandi.

Í maí 1969 hélt fiskveiðinefnd Norðaustur-Atlantshafsins fund í London, þar sem samþ. var bann gegn laxveiðum í úthafinu með 10:3 atkv., og ein þjóð, Portúgalar, sat hjá. Á móti tillögunni voru Danmörk, Vestur-Þýzkaland og Svíþjóð. Á fundi nefndarinnar í Varsjá í júní það ár var samþykkt tillaga sama efnis, og var hún samþykkt með atkvæðum 11 þjóða, en á móti voru Danir og Vestur-Þjóðverjar, og Portúgalar sátu hjá. Þannig hafa 14 lönd af 18, sem aðild eiga að hinum tveimur alþjóðlegu fiskveiðinefndum við Norður-Atlantshaf, greitt atkvæði með banni við laxveiði á úthafinu, og þrjú lönd hafa verið andvíg, en eitt land setið hjá.

Í starfsreglum fiskveiðinefnda Norðvestur- og Norðaustur-Atlantshafsins er svo ákveðið, að ef þjóð hefur tjáð sig fylgjandi takmörkunum á veiði fisktegundar, hefur hún siðferðilegar skuldbindingar til þess að fylgja slíkum takmörkunum eftir í sínu landi. Ef á hinn bóginn þjóð lýsir sig andvíga samþykkt nefndra alþjóðastofnana og sendir andmæli innan þriggja mánaða frá samþykkt veiðitakmarkana, er hún ekki skuldbundin til þess að fara eftir samþykktinni, en tillagan þarf ⅔ atkvæða til að hljóta samþykki. Nú hafa Danir, Svíar og Vestur-Þjóðverjar andmælt samþykkt Norðvestur- og Norðaustur-Atlantshafsnefndanna og telja sig ekki vilja hlíta henni. Hafa þessar þjóðir borið því við, að óheimilt sé að gera samþykktir um algert bann við veiði á fisktegund í úthafinu og hafa vísað í starfsreglur alþjóðastofnana í því sambandi. Danir hafa tjáð sig reiðubúna til þess að ræða takmarkanir á laxveiðum í úthafinu, sem mundu hugsanlega geta náð til takmarkana á möskvastærð laxaneta, á lengd veiðitíma og jafnvel stærð veiðisvæða.

Á fiskveiðinefndarfundi Norðvestur-Atlantshafsins í London í maí 1970 var laxveiðin í úthafinu enn á dagskrá. Vestur-Þjóðverjar lögðu fram tillögu til málamiðlunar, þar sem gert var ráð fyrir að takmarka laxveiðar á Austur-Atlantshafinu. Í tillögunni var lagt bann við laxveiði á svæðum 1 og 2 úti fyrir Noregsströndum, á starfssvæði Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar, utan landhelgi, frá 1. júlí til 5. maí, bann við að hirða minni lax en 60 cm að lengd, að nota minni möskva en 160 mm og bann við notkun á önglum undir vissri stærð. Þá var ákveði um lágmarksstyrkleika

tauma og bann við notkun botnvörpu, eingirnisneta og færa. Þessar tillögur voru samþykktar, og gengu þær í gildi 1. jan. s. l. Má endurskoða samþykktina eftir tvö ár. Ísland greiddi atkvæði gegn þessari málamiðlun og lýsti yfir vilja sínum á fullu banni við laxveiðum í úthafinu.

Á fundi fiskveiðinefndar Norðvestur-Atlantshafsins á Nýfundnalandi í júní 1970 var samþykkt að takmarka tonnafjölda laxveiðiskipa á starfssvæði nefndarinnar við Vestur-Grænland við það, sem hann var 1969, að binda laxveiðitímann á úthafinu við tímabilið frá 1. ágúst til 30. nóv. og að nota ekki botnvörpu, eingirnisnet eða færadrátt, en þó má nota þau eingirnisnet, sem keypt höfðu verið fyrir 1. júlí 1970. Þessar veiðitakmarkanir gildi árið 1971. Með tillögunni greiddu 10 þjóðir atkvæði, en fjórar þjóðir voru á móti, Kanadamenn, Íslendingar, Pólverjar og Rússar.

Nú nýverið hafa Bandaríkjamenn og Kanadamenn lagt aukna áherzlu á það að hindra veiðar Dana við Grænland, og er það rétt, sem frsm. minntist hér á áðan, að útlit er fyrir, að Danir séu að láta undan síga í þessu máli, vegna þess að þeir hafa fengið almenningsálitið á móti sér. Er fróðlegt að vita, hvernig afstaða þeirra verður á næsta alþjóðafundi um þessi mál, sem verður snemma á þessu ári.

Hér að framan hafa verið rakin nokkur helztu atriði varðandi laxveiðar í úthafinu og meðferð mála, er þær veiðar varða, á alþjóðlegum vettvangi. Kemur þar fram, að Ísland hefur fyllt þann flokkinn, sem vill algert bann við laxveiðum á úthafinu. Eins og fram kom hér áður, hafa einstaka þjóðir í þeim alþjóðlegu fiskveiðinefndum, sem hér að framan getur, neitunarvald um samþykktir gerðar á fundum nefndanna, en af því leiðir, að fara verður samkomulagsleiðir til þess að ná fram meiri takmörkunum.

Ég hef talið ástæðu til þess að rekja þessa sögu nokkuð, til þess að hv. alþm. geti gert sér grein fyrir því, hvernig á þessum málum hefur verið haldið. Það kemur þá í ljós, að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því, að það verði gert í þessum málum, sem þáltill. fer fram á. Það verður svo Alþingis að ákveða, hvort ástæða þykir til, þrátt fyrir afstöðu ríkisstj. á undanförnum árum og þrátt fyrir það hvernig haldið hefur verið á þessum málum og unnið er að samkomulagi og algeru banni af Íslands hálfu, að samþykkja tillöguna. Um það ætla ég ekkert að segja að þessu sinni, en ég legg áherzlu á það og vek athygli á því, að ríkisstj. hefur þá stefnu í þessu máli og hefur unnið eftir þeirri stefnu, sem gert er ráð fyrir, að mörkuð verði af hálfu Alþingis með þessari tillögu, ef hún yrði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 115, n. 720).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. þessi fjallar um bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi, og eru flm. alþm. Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson og Ásgeir Bjarnason. Allshn. hefur fjallað um þessa till. og leggur til, að henni sé örlítið breytt, eins og kemur fram á þskj. 720, að tillgr. orðist svo:

„Í samræmi við eindregna stefnu Íslands á alþjóðavettvangi ályktar Alþingi að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir samkomulagi Evrópuþjóða um algert bann við laxveiði í Norður-Atlantshafi."

Allir nm. rituðu undir það að leggja til, að till. yrði samþ. þannig orðuð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 720 (ný tillgr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 860).

20. Kalrannsóknir á Akureyri.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um eflingu kalrannsókna á Akureyri [112. mál] (A. 121).

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. og 24. fundi í Sþ., 29. jan. og 2. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir, var flutt á fyrri hluta þings af hv. varaþm. Jónasi Jónssyni. Þar sem hann er nú ekki á þingi, hefur það komið í minn hlut sem 2. flm. að mæla fyrir till., en hún fjallar um eflingu kalrannsókna á Akureyri og hljóðar svo:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að sjá til þess, að efldar verði verulega kalrannsóknir á Akureyri, þannig að þar verði í framtíðinni höfuðstöðvar þessa þáttar gróður-, jarðvegs- og ræktunarrannsókna."

Ég vil í meginatriðum til rökstuðnings þessari till. vitna til grg., sem till. fylgir, og þá jafnframt til grg., sem fylgdi sams konar máli, sem flutt var á Alþ. 1969. En í þessari grg. er gerð grein fyrir því mikla tjóni af völdum kals, sem hefur orðið í landinu á undanförnum tímum, og þá ekki sízt á Norðurlandi. Á Akureyri er ein af jarðræktartilraunastöðvum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, en þar er einnig Rannsóknarstofa Norðurlands, sem Ræktunarfélag Norðurlands rekur og fæst við jarðvegsrannsóknir og efnagreiningar. Sami maðurinn, Jóhannes Sigvaldason, sérfræðingur í jurtanær-

ingarefnum, veitir báðum þessum stöðvum forstöðu, og tryggir það samstarf þeirra. Nokkrir starfskraftar til rannsókna eru þegar fyrir hendi á Akureyri, en við þá þarf þó að bæta, svo að hægt sé að sinna kalrannsóknum verulega.

Varðandi rannsóknir á kali á Norðurlandi og raunar einnig á Austurlandi þá gefur auga leið, að miðstöð rannsókna í þessum landshluta er hvergi betur sett en á Akureyri, og þar eru þegar fyrir hendi skilyrði til þess, að hægt sé að framkvæma þessar rannsóknir, og get ég vísað til grg. þar um. Nú er það að vísu svo, að kalrannsóknir hafa farið fram hér á landi, og er miðstöð þeirra hér í Reykjavík, en að margra manna áliti væri það mjög til stuðnings þessum allsherjarrannsóknum, ef aðalstöðvar kalrannsóknanna fyrir Norðurland og einnig Austurland væru á Akureyri. Veit ég, að ýmsir eru þessarar skoðunar, ekki aðeins menn nyrðra, sem áhuga hafa á þessum málum og sérþekkingu, heldur hef ég einnig rætt við menn, sem standa að kalrannsóknum hér syðra, sem hafa verulegan áhuga fyrir því, að þessi kalrannsóknarstöð verði sérstaklega efld.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég vil leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 121, n. 685).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa till., sem er 112. mál á þskj. 121, til athugunar. Hún sendi þessa till., sem er um eflingu kalrannsókna á Akureyri, nokkrum aðilum til umsagnar: Búnaðarfélagi Íslands, Ræktunarfélagi Norðurlands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Það komu umsagnir frá þessum aðilum öllum. Búnaðarfélag Íslands mælir með samþykkt till. í stuttri grg. Ræktunarfélag Norðurlands eða framkvæmdastjóri þess, Jóhannes Sigvaldason, sendir einnig umsögn, sem er meðmælt, en bendir þó einnig á, að það muni e. t. v. verða til bóta, að nokkur breyting á starfsemi tilraunastöðvarinnar eða framkvæmd starfseminnar megi eiga sér stað.

Eins og fram kemur í áliti allshn., leggur hún til, að till. verði samþ. með breytingu, eins og segir á þskj. 685. Þessi breyting er í raun og veru mjög í samræmi við þá umsögn, sem barst frá Ræktunarfélagi Norðurlands. Hins er rétt að geta, að í umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er bent á það, að einmitt nú á s. l. vetri var aukið verulega fjármagn til hennar til kalrannsókna og þar er nú verið að efla þær með frystiskápum innanhúss. Enda þótt í umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins megi fremur teljast lagzt á móti því, að þessi till. verði samþ., þá var n. nær þeirri skoðun, sem kom fram í umsögn Ræktunarfélags Norðurlands, og þess vegna er till. eða breytingin orðuð á þá leið sem segir á þskj. 685. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hana:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj. að láta endurskoða rannsóknakerfi landbúnaðarins, sérstaklega með það í huga, að vænlegra sé til árangurs að efla sjálfstæði tilraunastöðvanna í landsfjórðungunum um staðbundin verkefni og dreifðar tilraunir og að höfuðstöðvar kalrannsókna verði á Akureyri."

Því er sem sagt skotið undir frekari athugun, hvort þessi stefna, sem n. telur, að eigi að fylgja, muni vera rétt.

Ég vil taka það fram hér, að ég var um rösklega fjögurra ára skeið formaður í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, allt frá byrjun þeirrar starfsemi og fram til ársloka 1969, og ég verð að játa það, að sá lærdómur, sem ég fékk af því, hann hneig í þá átt, sem þessi breyting á þáltill., sem allshn. leggur til, beinist að, en það er, að það muni síður en svo hafa verið til bóta að reyna að þjappa svo saman í kerfi sem gert var með lögum um rannsóknastofnanirnar. Það muni síður en svo hafa verið til bóta. Það eru, eins og menn vita, búnar að starfa um fjöldamörg ár tilraunastöðvar í öllum landsfjórðungum, og þó að ýmsir muni nú telja, að Ísland sé ekki stórt, þá eru ákaflega breytilegar aðstæður í landshlutunum, bæði hvað snertir jarðveg og gróður og þó sérstaklega kannske veðurfar, eins og mjög oft hefur komið fram nú síðustu árin. Þetta kalvandamál, sem hérna er sérstaklega tekið til meðferðar, hefur verið eitt mesta vandamál landbúnaðarins núna þessi síðustu köldu ár, en miklu stórfelldara um landið norðanvert en hér um Suðurland, og það leiðir af þessu, að það eru dálítið mismunandi viðfangsefni, sem mönnum sýnist, að séu mest áríðandi á hinum ýmsu landsvæðum. Enda þótt það ætti ekki að hindra á nokkurn hátt, að þessi mál væru rædd og ákvörðuð af einni yfirstjórn, þá finnst mér, að reynslan hafi staðfest það, að við njótum betur starfskrafta ýmissa ágætra búfræðinga, ágætra manna, sem hafa numið búfræði og starfað í ýmsum rannsóknarmálum, ef þeir hafa sem mest sjálfstæði og sjálfsákvarðanir til starfa, og það er á grundvelli þessara raka, sem breytingin á þáltill. er gerð, sem hér liggur fyrir á þskj. 685. Allshn. mælir sem sagt einróma með því, að þessi till. verði samþ. með þeirri breytingu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. frsm., að það er áreiðanlega nokkuð vafasamt að draga allar rannsóknir um of inn í eina stofnun, eins og e. t. v. hefur verið gert með lögunum frá 1965. Þó hygg ég, að þetta sé nú fremur framkvæmdaatriði. Ég hygg, að það mæli ekkert gegn því í þessum lögum, að útibú, eða hvað við viljum kalla það, deildir í þessum stofnunum starfi sem víðast um landið. Ég fyrir mitt leyti er mjög hlynntur því, að sú stefna sé upp tekin, að settar séu upp einhverjar stofnanir úti um landið á hinum ýmsu sviðum rannsókna, ekki aðeins landbúnaðar, heldur einnig t. d. fiskiðnaðarrannsókna og þess háttar. Hafrannsóknir mætti einnig nefna. En ég tel, að það sé mjög nauðsynlegt, að gott samband sé á milli þessara stöðva og miðstöðvarinnar, sem verður að öllum líkindum hér í Reykjavík. Við eigum lítinn fjölda vísindamanna á þessu sviði, það er staðreynd því miður, og það er einnig mjög erfitt að dreifa kröftum um of, og það hefur einnig sýnt sig t. d. í sambandi við kalrannsóknir, að þar er mikil þörf á sérfræðingum á mörgum sviðum. Það er mjög margt, eins og hv. alþm. þekkja, sem hefur áhrif á kal, og það eru áreiðanlega engir sérfræðingar á einu sérstöku sviði, sem geta náð til allra þeirra greina. Ég hygg því,

að það sé vafasamt, sem lagt er til í þáltill., að höfuðstöðvar kalrannsókna eigi að vera á Akureyri. Ég hygg, að þar eigi að vera sterk rannsóknarstöð í kalrannsóknum, en réttara, að höfuðstöðvarnar séu hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að það er kal víðar en í kringum Akureyri. Það er t. d. kal á Vestfjörðum, og var kannske verst þar á s. l. ári, og ég efast mjög um það, að ein stofnun á Akureyri geti sinnt þeim kalrannsóknum eins og skyldi. Sömuleiðis er kal fyrir austan og jafnvel hér fyrir sunnan, eins og kemur fram mjög greinilega í skýrslu, sem bráðlega kemur út, frá þýzka prófessornum Ellenberg, sem hér var á síðasta ári og reyndar tvö sumur.

Ég get tekið undir það, sem mér skildist á hv. frsm., að kalrannsóknir hafi ekki verið eins miklar og þær þyrftu að vera hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, því miður. Þær þyrfti að efla. Hitt er hins vegar staðreynd, eins og einnig kom fram hjá honum, að nú er verið að byggja þar mjög sérstaka klefa. Það eru ekki aðeins frystiklefar, það eru klefar, sem eiga að geta skapað næstum því hvaða veðuraðstöðu sem hægt er að hugsa sér, og einn slíkur klefi kostar líklega um tvær milljónir. Fjármagn var veitt til þessa klefa fyrir rúmu ári. Það er verið að ljúka við hönnun hans, og ég tel mjög vafasamt vægast sagt, að slíkir klefar verði byggðir víða um landið. Við verðum að hafa þetta í huga. Og við þær rannsóknir eru nauðsynleg mörg önnur afar kostnaðarsöm tæki, þótt þau séu ekki eins kostnaðarsöm og þessi klefi. Ég fyrir mitt leyti fylgi því brtt. í nál., þar sem lagt er til, að ríkisstj. láti endurskoða rannsóknakerfi landbúnaðarins. Það tel ég eðlilegt. Vil ég geta þess í þessu sambandi, að allar rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru nú í endurskoðun, og vonandi fær næsta Alþingi að sjá frv. um það mál, og kemur þetta einnig þar að sjálfsögðu til meðferðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 685 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 861).

21. Útflutningur á neyzluvatni.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á möguleikum á útflutningi á hreinu neyzluvatni [114. mál] (A. 123).

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. og 24. fundi í Sþ., 29. jan. og 2. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef hér leyft mér að flytja svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að rannsókn verði gerð á möguleikum á útflutningi hreins vatns í stórum stíl frá Íslandi. Niðurstöður þessara athugana verði lagðar fyrir Alþ. svo fljótt sem auðið er, svo að frv. um útflutning á hreinu íslenzku vatni verði samið sem fyrst."

Það kann nú í fyrstu lotu að vera broslegt að vera að tala um útflutning á hreinu vatni, heldur ættu menn að fjalla hér um útflutning á bjórnum, svo oft sem hann hefur verið á dagskrá, en við nánari athugun kemur það í ljós, að víða erlendis er orðinn hörgull á hreinu vatni og það er til sölu í sérstökum flöskum gerilsneytt og kostar stórfé, jafnvel tugi króna lítrinn. Það er því ekki úr vegi að hugleiða það, hvort við eigum ekki möguleika á því að fá hér tært vatn og gerilsneyða það eða tryggja það svo hreint, að það verði hæft til notkunar erlendis.

Frá því var skýrt ekki fyrir löngu í sjónvarpinu, og þótti það mikil frétt á Norðurlöndum, að Noregur hefði hafið útflutning til Svíþjóðar á vatni í flöskum. Þetta er í litlum mæli enn þá, en fregninni fylgdi, að menn væru bjartsýnir á möguleika í þessu efni.

Það, sem ég legg hér til, er, að hafizt verði handa um að rannsaka þau svæði, sem til greina koma, taka sýni af vatninu og fá það viðurkennt erlendis. Það hefur þegar verið gert af einkaaðila hér og líkað vel, en endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir enn þá. Þó er komið svo langt, að það er búið að móta hér innanlands hjá ákveðnu fyrirtæki gerð ákveðins vatnsbrúsa, sem mun taka hálft ameríska gallon, tæpa tvo lítra, og eru menn dálítið bjartsýnir um, að þetta sé fyrsta skref að því að geta flutt hér vatn út í stórum stíl. En til þess þarf nokkuð víðtækar rannsóknir, áður en slíkt getur hafizt, og er því nauðsynlegt að veita þeim aðilum fullan stuðning, sem hafa áhuga á að koma slíkum útflutningi á.

Hinn möguleikinn, sem fjallað er um og e. t. v. gæti orðið í mun stærri stíl, er sá, hvort kostur væri á að flytja vatnið út laust í tönkum. Það getur verið, að það líði of langur tími frá töku vatnsins, þar til það er komið í hendur neytenda eða á flöskur erlendis, og þess vegna sé þessi framkvæmd ekki möguleg. En báða möguleikana þarf að athuga gaumgæfilega og velja svo þann, sem gefur okkur hagkvæmari niðurstöðu og skapa hér nýja útflutningsgrein. Það er ekki nokkur vafi á því, að ef vel er að unnið, þá er það bara spurning um tíma, hvenær hægt verður að koma hreinu, íslenzku vatni á markað erlendis.

Það voru fregnir frá Þýzkalandi á s. l. ári um það, að þrjár borgir þyrftu að leggja í milljarðafjárfestingu til að tryggja sér hreint vatn, og var þá talað um að leggja leiðslu frá Sviss eða þá möguleika á leiðslum frá Svíþjóð. Fyrir tæpum tveimur árum, ef ég man rétt, var við hátíðlega athöfn í Strasbourg undirritaður svo kallaður vatnssamningur milli Evrópuþjóðanna til þess að

tryggja það, að viðkomandi þjóðir ættu kost á sem hreinustum vatnsbólum vegna þeirrar þróunar, sem er að verða í Evrópu, að mengunin heldur innreið sína æ víðar og auknir erfiðleikar eru á því að tryggja stórborgunum hreint neyzluvatn. Það er því víða hugleitt, með hvaða hætti menn eiga kost á því að tryggja sér hreint neyzluvatn, og ég tel, að við eigum hér nokkra möguleika á Íslandi, og er því tímabært að fela Rannsóknaráði ríkisins athugun á slíkum svæðum og einnig að gefa sér tíma til athugunar á því, með hvaða hætti vatnið yrði flutt út.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa þessa framsögu lengri, en þáltill. er til einnar umr., og legg ég til, að það verði gert hlé á henni og till. vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 123, n. 692).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Allshn. Sþ., sem þetta mál hafði til meðferðar, varð sammála um að mæla með samþykkt þessarar þáltill., en þó með nokkurri breytingu, eins og fram kemur á þskj. 692. Þetta mál var sent til umsagnar Rannsóknaráði ríkisins eða framkvæmdanefnd þess, og þaðan kom umsögn, þar sem að vísu er talið, að þetta mál hafi nokkuð verið til athugunar að undanförnu, sérstaklega á vegum Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson og e. t. v. fleiri aðila. Það er viðurkennt í umsögninni, að málið sé merkilegt og þess virði að sinna því, en dregið kannske nokkuð í efa, að til þurfi að koma íhlutun af opinberri hálfu. En n. var þó þeirrar skoðunar, að einmitt það væri rétt.

Það er, eins og menn hafa veitt athygli í frásögnum frá Noregi, allmikið talað þar um útflutning á vatni og það jafnvel í mjög stórum stíl, og það kom mjög upp, þegar n. var að ræða þetta, að þarna væri um að ræða útflutning, sem e. t. v. gæti orðið umtalsverður, og þá væri sannarlega tækifæri til þess að leggja til grundvallar við þessa rannsókn það atriði að styrkja einhverja af strjálbýlisstöðum landsins með því að þar yrði sérstaklega stefnt að því að koma upp slíkum útflutningi, ef um hann yrði að ræða. Það liggur í augum uppi, að það má ætla, að eftir því sem strjálbýlla er, þá sé vatnið hreinna. Það má enn fremur benda á það, að umhverfis allt land og ekkert síður á þeim svæðum, þar sem snjóar eru meiri, eins og norðanlands og austan og vestan, þar er gnægð neyzluvatns. N. varð sammála um að láta það koma fram í þessu stutta nál., sem hér er á þskj. 692, að það væri sérstaklega litið á það við rannsókn þessa máls, hvort ekki væri möguleiki til þess að láta þessa starfsemi, ef eitthvað gæti orðið úr henni, verða til þess að styrkja strjálbýlið í landinu.

Sem sagt, n. mælir með samþykkt till. með tiltekinni breytingu, sem birt er á þskj. 692.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 692 samþ. með 33 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 862).

22. Útflutningur á framleiðsluvörum gróðurhúsa.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á möguleikum á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa [129. mál] (A. 151).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 151 er að finna till. til þál., sem ég hef leyft mér að flytja, og er tillgr. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka það rækilega, hvort möguleikar séu á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa og þá sérstaklega blómum. Rannsókn þessari skal hraðað svo, að niðurstöður hennar geti legið fyrir næsta reglulegu Alþingi.“

Eins og fram kemur í grg. með till., hafa einstakir garðyrkjubændur gert tilraun til útflutnings á blómum, en í svo smáum stíl og af vanefnum undirbúið, að ekki er unnt að nema neina reynslu af þeim tilraunum, þótt ætla megi, að byggja mætti upp í framhaldi af þeim blómarækt við þær aðstæður og í því formi, að góðs árangurs mætti vænta af útflutningi. Þegar þess er gætt, að málefni af þessu tagi hafa ekki verið til umr. fyrr hér á hinu háa Alþingi, þykir mér rétt að rekja nokkuð þær hugmyndir, sem menn hafa áður og annars staðar sett fram um útflutning blóma.

Það mun hafa verið í ársbyrjun 1953, að prófessor Níels Dungal flutti erindi í Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi um orkideurækt. Erindi þetta er prentað í 3. hefti Náttúrufræðingsins 1953. Þegar ég las erindi þetta, þótti mér það strax nýstárlegt og ánægjulegt og í hugleiðingum prófessorsins um ræktun og útflutning á orkideum kveða við nýjan tón um útflutning á landbúnaðarvörum. Ég hygg, að fullyrða megi, að prófessor Níels Dungal hafi haft nokkra faglega þekkingu á þessum málum. Sjálfur fékkst hann við ræktun í gróðurhúsum, og á mörgum ferðum sínum erlendis gafst honum tækifæri til að tala við blómaræktarmenn í ýmsum löndum og ræða við þá um möguleika á ræktun ýmissa tegunda og við ólík skilyrði. Þá hefur hann og rætt við fjölmarga erlenda menn um markaði og aðra þá þætti, sem varða útflutning á blómum. En niðurstaða prófessors Níelsar Dungal er í stuttu máli þessi, og

vitna ég þá til eigin orða hans, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir:

„Ég skal ekkert um það segja, hvort það muni eiga eftir að borga sig að rækta orkideur fyrir innanlandsmarkað. Fólkið þarf að venjast notkun þessara blóma og spyr ekki eftir þeim, nema þegar þau eru til, og hefur enga hugmynd um þau né hvernig þau eru notuð. En sennilegt þykir mér, að sumar tegundir a. m. k. eigi eftir að verða markaðsvara hér, sérstaklega cymbidium. Þau blóm hafa marga og mikla kosti, í fyrsta lagi eru þau flestum fegurri og vel til þess fallin að prýða barm velbúinnar konu. Þau vaxa hér vel og blómstra, og blómin halda sér svo lengi, að hægt er að hafa þau á plöntunni vikum og mánuðum saman og bíða rólega tækifæris til að selja þau, en eru ekki eins og flest önnur blóm, sem verða að skerast og seljast strax, ef þau eiga ekki að fölna og visna. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að hér sé hægt að reka orkideurækt í stórum stíl sem atvinnuveg, sérstaklega eigum við að rækta odonto glossum og cymbidium og hvort tveggja til útflutnings. Sannleikurinn er sá, að þótt ameríski markaðurinn sé að fyllast af cattleyum, svo að það getur ekki lengur talizt mikill gróðavegur að rækta þær eins og hingað til hefur verið, þá er stöðugur og mikill markaður fyrir odonto glossum. Við gætum áreiðanlega selt odonto glossum fyrir milljónir dollara í Ameríku, ef við tækjum upp slíka rækt í stórum stíl og hefðum nógu góða fagmenn til þess að sjá um ræktunina."

Þetta segir prófessor Níels Dungal. Við þessi orð þarf ég engu að bæta og legg engan dóm á réttmæti þeirra, en mér þykir rétt að vekja athygli á þeim, þegar rætt er um þetta fjölþætta mál.

Þá þykir mér rétt að vekja athygli á því, að nokkrir garðyrkjubændur hafa gert tilraunir til þess að flytja út blóm. Á þeirri starfsemi hefur ekki orðið framhald, enda voru þær tilraunir gerðar í smáum stíl og án nauðsynlegs undirbúnings og skipulagningar heima fyrir og erlendis. Ráðunautarnir Axel Magnússon og Óli Valur Hansson hafa skýrt mér frá athugunum, sem þeir hafa hvor í sínu lagi gert til þess að kanna möguleika á útflutningi framleiðsluvara gróðurhúsanna. Þeir hafa rætt þetta við starfsbræður sína erlendis og blómakaupmenn og gert margs konar samanburð á verði varanna og aðstöðu við ræktun. Hér heima fyrir þarf að kanna og gera áætlanir að nýju um furðumarga þætti þessa máls, svo sem val á tegundum til ræktunar, gerð og stærð gróðurhúsanna sjálfra, svo og stærðir framleiðslustöðvanna. Þá þarf og að tryggja, að verði á jarðhitanum og aðstöðu til nýtingar hans verði stillt í hóf og einnig verði á raforku, sem trúlega þarf að nýta í stórum stíl til lýsingar, svo að vetrarnóttin verði ekki sá þrándur í götu þessum atvinnuvegi, sem margur ætlar, að hún verði alla tíð. En það þarf ekki að vera, ef rétt er á málum haldið, því að sannað er, að rafljós gegna hér stóru hlutverki við blómarækt, og mun ég koma nánar að því síðar.

Þá þykir mér rétt að kynna lítillega hugmyndir um ræktun og útflutning blóma, sem Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur hefur sett fram og er að finna í grein eftir hann í Morgunblaðinu 20. des. 1969. Sveinbjörn Björnsson sótti skömmu áður ráðstefnu um kjarnorkuver, þar sem m. a. var fjallað um sölu á raforku og gufu til stóriðju og hugsanlega nýtingu á heitu vatni til gróður- og fiskiræktar. Sveinbjörn telur, að ýmsar hugmyndir og nýjungar, sem komu fram á ráðstefnunni, geti komið að notum við nýtingu jarðhita hér heima. Þær hugmyndir, sem Sveinbjörn Björnsson setur fram í blaðagrein þeirri, sem ég gat um, þykja mér hinar athyglisverðustu og það svo, að mér virðist nauðsynlegt að kanna þær nánar af þeim mönnum, sem bezta þekkingu hafa á ylrækt og blómarækt og væntanlega verða valdir til þeirra rannsóknarstarfa í nefnd, sem umrædd till. mín til þál. gerir ráð fyrir.

Ég sé ástæðu til að kynna þessar hugmyndir lauslega hér til þess að vekja á þeim athygli, og kýs ég að gera það með því að vitna til eigin orða Sveinbjarnar Björnssonar, með leyfi hæstv. forseta. Sveinbjörn segir svo:

„Nýting jarðhita til gróðurræktar hefur hingað til verið í mjög smáum stíl og miðast eingöngu við innlendan markað. Með inngöngu Íslands í EFTA gæti hins vegar opnazt markaður 100 millj. neytenda fyrir þessar afurðir, og gæti það breytt viðhorfunum um alla framleiðslu og rekstur. Þessi stóriðja yrði að því leyti hagkvæmari okkur en efnaiðja, að hún þyrfti að öllum líkindum hlutfallslega minna stofnfé og meira vinnuafl en verksmiðjur til sjóefnavinnslu, magnesíumvinnslu eða álbræðslu."

Enn fremur segir Sveinbjörn:

„Stóriðja gæfi tækifæri til hagnýtingar ýmissa tækninýjunga í ræktun, sem ekki þykja arðbærar eða framkvæmanlegar, þegar reksturinn er í smáum stíl, og verða hér tínd til nokkur dæmi.

Stuttur sólartími á vetrum veldur erfiðleikum í gróðurrækt hér. Ef raforka er ódýr, mætti e. t. v. bæta nokkuð um með raflýsingu, einkum ef notaðir eru lampar, sem gefa frá sér mestan hluta ljósorkunnar í bláum og rauðum bylgjulengdum, sem nýtast plöntunni bezt til kolsýruvinnslu. Til eru einnig fluorsent, sem bera má á fleti. Þessi efni drekka í sig sólarljós og rafljós og breyta þeim í ljós með bylgjulengdum, sem plantan nýtir bezt. Með þessum efnum mætti auka nýtingu á því litla sólskini, sem fáanlegt er á vetrum. Tilraunir hafa sýnt aukna blómgun og ávaxtaframleiðslu og í öðrum tilvikum hraðari vöxt og stærri laufblöð, þegar plöntur eru lýstar á þennan hátt. Þá hafa verið gerðar tilraunir til að örva vöxt með því að bæta kolsýru í loft í gróðurhúsum, og hafa þær gefið góða raun. Á jarðhitasvæðum er yfirleitt mikið um kolsýru í vatni og auðvelt að koma þessari tækni við."

Enn segir Sveinbjörn Björnsson um einn þátt til viðbótar í þessum efnum:

„Goodyear Rubber fyrirtækið framleiðir hús úr gegnsæju plasti, sem blásin eru upp með lofti. Eitt hús án súlna getur þakið tvo hektara lands. Byggingarkostnaður á fermetra er nú um helmingur af kostnaði við venjulega gerð gróðurhúsa, en mun lækka verulega, þegar skriður kemst á framleiðsluna. Vinna má inni í húsunum með öllum landbúnaðarvélum, og gefur það tækifæri til stórtækari vinnslu."

Ég hef kynnt þessar hugleiðingar Sveinbjarnar Björnssonar, til þess að það liggi ljóst fyrir, að þær hafa komið fram, og hvort sem við lítum á þær sem raunsæjar eða ekki, þá er fyllilega ástæða til að kanna þær og nýta þær, ef þær reynast vera nothæfar. Það er komið hér inn á ýmsar nýjungar, sem sérfræðingar

þurfa um að fjalla. Sumt af því er vel þekkt hér heima, en aðra þætti mætti kanna nánar og þá í ljósi þess, að í stóriðju má ná árangri með dýrari stofnaðgerðum en unnt er að koma á við smærri framleiðslustöðvar. Að lokum segir Sveinbjörn Björnsson svo:

„Ef áhugi er á frekari könnun þessa máls, væri e. t. v. bezt að stofna til fámenns umræðuhóps landbúnaðarsérfræðinga, garðyrkjumanna, verkfræðinga og sölumanna, sem ynnu úr þessum hugmyndum raunhæfar tillögur og hönnuðu rannsóknarverk, sem síðan yrðu falin ráðgefandi verkfræðingum til endanlegrar athugunar á vænlegum leiðum til stóriðju á þessu sviði."

Ég hef talið rétt að kynna hv. alþm. þessar hugmyndir, eins og ég áðan sagði, og ég vænti þess, að mönnum sýnist eins og mér, að þetta mál sé þess vert að kanna það og kanna það til hlítar. Ég ætla, að hér geti verið um eins konar stóriðju að ræða, eins og fram hefur komið í ræðu minni. Ef sú stóriðja kemst á, þá hefur hún þá sérstöðu, að hún tekur til sín allmikinn vinnukraft, en tiltölulega lítil stofnfjárframlög, og enn fremur ber að minna á það, að þeirri stóriðju fylgir ekki mengunarhætta, svo að teljandi sé.

Herra forseti. Ég tel, að ekki sé ástæða til að hafa fleiri orð um þá till., sem hér liggur fyrir til umr., nema sérstakt tilefni gefist til, og spara mér því frekari orðræður í bili, en ég legg til, að á einhverju stigi þessarar umr. verði umr. frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 151, n. 541).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þessi þáltill. á þskj. 151 um rannsókn á möguleikum á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa hefur verið athuguð í hv. allshn. og send til umsagnar, og niðurstaðan af þeim athugunum er, eins og fram kemur í nál. á þskj. 541, að n. leggur einróma til, að till. verði samþ.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég finn hvöt hjá mér til þess að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessarar till. og er ánægður yfir því, að þær umsagnir, sem bárust um hana, hafa allar átt það sameiginlegt að vera mjög jákvæðar og hvetjandi til þess, að till. yrði samþ. Sjálfur hef ég aldrei verið í vafa um það, að þessa rannsókn bæri að gera, og er enn sannfærðari um það eftir en áður, að af þeirri rannsókn gæti orðið miklu meira og stærra mál en margur áttar sig á enn. Ég þakka n. kærlega fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 863).

23. Flöskuverksmiðja á Íslandi.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um athugun möguleika á byggingu og rekstri flöskuverksmiðju á Íslandi [141. mál] (A. 173).

Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Á þskj. 173 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi þáltill. um athugun á byggingu og rekstri flöskuverksmiðju á Íslandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna, hvort tiltækilegt sé að byggja og reka flöskuverksmiðju á Íslandi. Sérstaklega skal haft í huga við þá könnun, hvort ekki sé unnt að nýta fyrir starfsemi umræddrar verksmiðju að einhverju eða öllu leyti eitthvað af byggingum Síldarverksmiðja ríkisins, sem nú standa ónotaðar víða um land."

Í grg., sem fylgir þessari till., rifja ég upp, að Íslendingar hafa flutt inn árið 1969 tómar flöskur og önnur glerílát fyrir ca. 12 millj. kr., og svo virðist sem upphæð sú fari hækkandi, er við greiðum erlendum fyrirtækjum fyrir þennan varning. Á s. l. sumri skoðaði ég flöskuverksmiðjur í Póllandi og Frakklandi, misjafnar að stærð og öllum útbúnaði, og þá vaknaði á ný þessi spurning, sem áður hafði leitað á hug minn: Getum við ekki framleitt hér á landi þær flöskur og önnur glerílát, sem iðnfyrirtæki okkar og lyfsalar þarfnast?

Ég hef minnzt á það á öðrum stað, að fyrir um 40 árum reistu nokkrir Reykvíkingar flöskuverksmiðju hér í Reykjavík og hófu rekstur hennar í trausti þess, að nægilegur markaður væri hérlendis fyrir framleiðslu verksmiðjunnar. Þessi von brást. Nú eftir fjóra áratugi er fyllsta ástæða til þess að kanna, hvort ekki sé tími til kominn að athuga möguleika á byggingu og rekstri nefndrar verksmiðju á ný. Þess ber hér að geta, að fram hefur farið hjá Rannsóknastofnun iðnaðarins hér í borg athugun á þessu máli, og til er yfirlit og grg. þar að lútandi. Ég hef rætt þetta mál allítarlega við forstjóra stofnunarinnar, Pétur Sigurjónsson, og dr. Ásbjörn Einarsson efnafræðing og nú síðast við Guðmund Óskarsson verkfræðing. Allir hafa þeir fyllsta skilning og áhuga á þessu máli, og í ljós hefur komið, að þeir eru bjartsýnir varðandi þetta mál, stofnun og rekstur flöskuverksmiðju, en um staðsetningu verksmiðjunnar var ekki rætt. Um hana hafa menn sjálfsagt skiptar skoðanir. Það er unnt að fá vélasamstæðu, sem hæfir okkar kröfum, þriggja tonna sólarhringsframleiðslu, en í dag er markaður fyrir ca. tveggja og hálfs tonns sólarhringsframleiðslu. Slík verksmiðja ætti að framleiða

allar flöskur, er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins þyrfti á að halda, Lyfjaverzlun ríkisins, Mjólkursamsalan, ölgerðir og efnagerðir í landinu svo og aðrar flöskur, sem með þarf. Öll glös undir lyf, vatnsglös, krukkur t. d. fyrir hrogn eða kavíar og aðrar niðursuðuvörur og ýmislegt fleira.

Ég er ekki á þessu stigi málsins bjartsýnn um, að um útflutning geti verið að ræða, a. m. k. ekki fyrstu árin, en þó verður að telja, að um nokkurn markað gæti e. t. v. síðar orðið að ræða, bæði í Grænlandi og Færeyjum, en í þessum tveimur löndum er mikið notað af glerumbúðum undir sjávarvörur.

Hráefnisöflun fyrir umrædda verksmiðju er þýðingarmikið atriði. Svo virðist í fyrstu, að við þyrftum að kaupa allt hráefni til flöskugerðar erlendis frá eða hluta þess. Þó vaknar sú spurning: Er hluti þess til hér á landi og þá hvar? Tæknileg rannsókn þarf að fara fram á þessu sviði sem fyrst. Er eitthvað af okkar sandi nýtilegt til framleiðslunnar, eða er hann of leirkenndur? Er hægt að þvo hann, og hvað kostar það? Þannig mætti lengi spyrja. Eru hér finnanleg og fáanleg skeljalög, sem unnt væri að mala og blanda í hráefnið? Það er vitað, að ýmis efni eins og natríumsódi og dólomít eru notuð við flöskugerð, en efni þessi þarf að flytja inn, en í tiltölulega litlum mæli, eftir því sem kunnugir menn upplýsa.

Ég hef ekki í höndum, hve margar flöskur og hve mörg glös hafa verið flutt til landsins á s. l. árum, en stykkin skipta milljónum hvert ár. Allmikið er hér um endursölu að ræða. Þannig kaupa ölgerðirnar aftur verulegt magn af ölflöskum, en þó ganga þær úr sér. Allar gamlar flöskur, hvort sem þær eru undan öli eða öðru, sem eru ekki seljanlegar og nýtilegar, er unnt að bræða upp, sömuleiðis annað gler, sem unnt væri að koma með og selja til þessarar verksmiðju. Þetta er hægt að bræða upp í nýjar flöskur, eins og þessi verksmiðja er fyrirhuguð.

Ég hef í blaðagrein látið orð falla um það, að eigi væri eins vandasamt að framleiða flöskur og rúðugler. Var þetta gert að gefnu tilefni, þar sem nokkur ótrú hefur ríkt varðandi glergerð á Íslandi. Engu að síður er mér ljóst, að framleiðsla flaskna og annarra glerílát krefst sérþekkingar. Það þarf að fylgjast vel með veggþykkt þeirra, stútlagi og hvernig þær þola þrýsting og yfirleitt frágangi öllum, en ég er viss um, að við Íslendingar eigum það mikið af tæknimenntuðum mönnum, að við ráðum vel við þessa hlið málsins.

Ég minntist á Guðmund Óskarsson verkfræðing. Hann hefur samkv. ósk minni látið gera mjög ítarlega skýrslu um þetta mál, og er þar reiknað með nokkru stærri verksmiðju en ég greindi frá hér áðan. Ég talaði um verksmiðju, þar sem væri þriggja tonna sólarhringsframleiðsla, sem þýðir svona 1000—1200 tonna framleiðsla á ári, en Guðmundur Óskarsson verkfræðingur hefur gert samkv. ósk minni till. eða frumathugun um flöskuverksmiðju, sem væri af stærðinni um 2000 tonn. En ég held, að ég fari rétt með það, að notkun okkar núna sé um 800 tonn. Segja má, að sú verksmiðja, sem hann athugaði, sé nokkru stærri en við höfum not fyrir í dag.

Guðmundur Óskarsson segir, að þessi skýrsla sín sé byggð á upplýsingum, sem hann og hans félagar hafi aflað á liðnum árum með bréfaskriftum við vélaframleiðendur og hönnuði verksmiðja svipaðra og hér um ræðir, þ. e. 2000 tonna verksmiðjur. Kostnaður er áætlaður í hærra lagi miðað við ofangreindar upplýsingar, og ættu niðurstöður því ekki að gefa of bjarta mynd. Við endanlega skýrslugerð er sjálfsagt að styðjast við tilboð í vélar og hráefni frá fleiri en einum aðila og áætla nánar ýmsa rekstrarliði svo sem launakostnað, orkuverð og annað, sem máli skiptir, en sumt af þessu er aðeins lauslega kannað. Það er nauðsynlegt, segir verkfræðingurinn hér í skýrslunni, að athuga nánar, hvort unnt sé að fá afkastaminni vélar en hann gerir hér ráð fyrir, ódýrari vélar og ekki eins mannfrekar og þessi áætlun gerir ráð fyrir. Ég vil skjóta því inn í, að verkfræðingarnir, sem ég minntist á áðan, Pétur Sigurjónsson og dr. Ásbjörn Einarsson, fullyrða, að það sé hægt að fá það litlar vélar, að þær afkasti aðeins þremur tonnum á sólarhring, en engu síður þó að hér sé um stærri verksmiðju að ræða, er fróðlegt að vita, hvernig útkoman er hugsuð. Nauðsynlegt framleiðslumagn til þess að standa undir rekstrarkostnaði og skila sæmilegum tekjuafgangi virðist vera 2000 tonn af glerílátum á ári miðað við núverandi tollvernd og aðrar forsendur, sem gefnar eru. En eins og ég tók fram áðan, þá erum við aðeins með 800 tonna notkun í dag.

Guðmundur Óskarsson verkfræðingur segir í skýrslu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðaltal innflutningsins undanfarin fimm ár er 800 tonn, en í fyrra var hann á sjöunda hundrað tonn og hafði hækkað nokkuð frá árinu áður. Með hliðsjón af ofangreindu virðist rekstrargrundvöllur því ekki vera fyrir verksmiðju af þessari stærð miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja um afköst véla, verð þeirra og annað, er snertir reksturinn. Áformuð er aukin flöskunotkun hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins vegna eigin töppunar áfengis, og niðurlagning á hrognum og ýmiss konar matvörum mun aukast. Hér er ekki ósennilegt, að notkunin geti orðið 1200 tonn á ári innan 2—3 ára.“

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að það er fyrir neðan allar hellur, að við skulum flytja út hrogn í stórum stíl eins og við gerum í dag í staðinn fyrir að fullvinna þau og flytja þau síðan út í glerílátum sem kavíar. Ánægjulegt er til þess að vita, að nú er byrjað að flytja út og vinna hrogn sem íslenzkan kavíar, og líkar erlendum kaupendum varan mjög vel.

Ég hef í þessari þáltill. minnzt á Skagaströnd eða Siglufjörð sem hugsanlega staði fyrir flöskuverksmiðju. Ég vil aðeins í framhaldi af því segja þetta: Skagaströnd og Siglufjörður byggja afkomu sína að verulegu leyti á útgerð og vinnslu sjávarafurða. Tilfinnanlega hefur skort iðnrekstur norðanlands, sem skapar grundvöll jafnrar atvinnu allt árið. Verksmiðja sem þessi, flöskuverksmiðja, mundi hafa töluverð áhrif á allt atvinnulíf á hvorum þessara staða sem er. Í kjölfar hennar ykist verzlun, vinna á viðgerðarverkstæðum og flutningafyrirtæki o. fl. fengju meira að gera. Fleiri fá vinnu við sitt hæfi. Í stað þess, að íbúafjöldi stendur í stað eða minnkar, mun fólki fjölga. Tekjur sveitarfélagsins munu aukast með hinu nýja fyrirtæki og eflingu þeirra, sem fyrir eru, og staðurinn, sem yrði fyrir valinu, yrði á allan hátt búsældarlegri.

Verkfræðingurinn, sem ég vitna hér til, Guðmundur Óskarsson, gerir ráð fyrir, að umrædd verksmiðja yrði

rekin með hagnaði og unnið yrði í henni a. m. k. 334 daga á ári. Vaktavinna verði allan sólarhringinn og um 85% nýting, en reikna má með framleiðslutöfum, þegar skipt er um mót og annað þess háttar. Hann segir um markaðinn:

„Ekki hefur verið gerð nema mjög takmörkuð markaðsathugun, og sennilega er heildarnotkun í dag ekki meira en 50% af afkastagetu þessarar verksmiðju. Með aukinni niðurlagningu, þar sem glerílát eru enn þá það bezta, og aukinni flöskunotkun getur þetta hlutfall breytzt verulega. Reynslan erlendis er einnig sú, að eftirspurn eftir framleiðsluvörum eykst verulega, eftir að verksmiðja sem þessi tekur til starfa."

Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að vélar, sem eru miðaðar við að geta framleitt flöskur og krukkur af mjög breytilegri stærð eða allt frá 4 grömmum að eigin þyngd og upp í 1700 grömm, muni kosta um 38 millj. kr. Og hann telur, að 10 millj. kr. þurfi í rekstrarfé, þannig að fjárþörfin sé: beinn stofnkostnaður 38 millj. kr. og rekstrarfé 10 millj. kr. Þá gerir hann ekki ráð fyrir því, að byggt sé yfir fyrirtækið, en telur, að byggingarkostnaður eða kostnaður við að byggja verksmiðjuhús yfir slíka verksmiðju sem þessa mundi verða um 25 millj. Hann gerir ráð fyrir, að söluverðmæti framleiðslunnar mundi verða um 58 millj. kr. Flöskur væri hægt að selja fyrir 11.9 millj., glös fyrir 4 millj., gos- og pilsnerflöskur fyrir 3.6 millj., krukkur fyrir 6 millj. og krukkur og aðrar flöskur fyrir 4.5 millj. Þetta eru 30 millj., og síðan bætir hann við öðrum tegundum flaskna og bjórflöskum fyrir um 28 millj., þannig að framleiðslan, ef tækist að selja hana, yrði fyrir um 58 millj. kr. Árleg hráefnisþörf er áætluð 2500 tonn af sandi og öðrum efnum til að framleiða 200 tonn nettó af flöskum og krukkum. Verð á hráefni komið í verksmiðju er áætlað 2400 kr. pr. tonn, þannig að kostnaður, hráefniskostnaður, verður 6½ millj. kr. Miðað við, að 40 manns vinni í verksmiðjunni og unnið verði á þremur vöktum og sex manns starfi á skrifstofu og við yfirstjórn, þá telst mér svo til að vinnulaun verði um 16.8 millj. kr. Síðan er í skýrslunni sundurliðað ýmislegt annað, smurolíur, viðhald, efni og annað þess háttar, sem ég ætla ekki að ræða nánar. Niðurstaða verkfræðingsins er, að um 7 millj. kr. hagnað gæti orðið að ræða af verksmiðju eins og hann hefur rætt hér um, verksmiðju, sem vinnur og skilar um 2000 tonnum á ári.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar hér um þessa till., en vil að lokum minna á, að lögin um iðnþróunarsjóð gera ráð fyrir að lána til byggingar nýrra verksmiðja og styðja við bakið á nýjum framleiðslugreinum landsmanna. Með það í huga og svo það, að okkur finnst þörf á að auka fjölbreytni í framleiðslu okkar, þá óska ég þess, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 3. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 173, n. 684).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þáltill. um athugun möguleika á byggingu og rekstri flöskuverksmiðju á Íslandi til könnunar og sendi hana m. a. til umsagnar Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem mælti með, að slík könnun, sem till. gerir ráð fyrir, færi fram. Að athuguðu máli leggur allshn. til, að tillgr. verði örlítið breytt, eða eins og stendur á þskj. 684, að hún orðist þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna, hvort tiltækilegt sé að stofna og reka flöskuverksmiðju á Íslandi. M. a. sé haft í huga við þá könnun, hvort unnt sé að nýta fyrir starfsemi slíkrar verksmiðju að einhverju eða öllu leyti eitthvað af byggingum Síldarverksmiðja ríkisins, sem nú standa ónotaðar víða um land."

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum þakka hv. allshn. fyrir jákvæðar undirtektir, og ég fellst alveg á þessa orðalagsbreytingu. Sömuleiðis er ég þakklátur Iðnaðarmálastofnuninni fyrir umsögn hennar um þessa þáltill., sem ég vona, að verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 684 (ný tillgr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 864).

24. Aðstaða æskufólks til framhaldsnáms.

Á deildafundum 28. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á aðstöðu æskufólks til framhaldsnáms [190. mál] (A. 313).

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Við hv. 11. þm. Reykv. höfum leyft okkur að flytja till. til þál. á þskj. 313 um rannsókn á aðstöðu æskufólks til framhaldsnáms. Efni till. er það, að ríkisstj. verði falið að hlutast til um, að stjórnir sveitarfélaga rannsaki, hvort og hversu margir unglingar, sem luku skyldunámi vorið 1970, hafa sótt skóla á yfirstandandi skólaári og af hvaða ástæðum það er, sem þeir hafa ekki gert það, að því leyti sem það kemur fram í rannsókninni.

Það er almennt viðurkennt, að æskufólkið í landinu eigi að hafa sem jafnasta aðstöðu til menntunar. Og þessi viðurkenning kemur mjög ljóst fram í frv. hæstv.

ríkisstj. um skólakerfi, sem nú liggur fyrir Alþ. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í lýðræðisríki, sem vill leggja áherzlu á jafnrétti þegna sinna, hlýtur opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum, að bera afdráttarlaus skylda til að sjá um, að búseta og misjafn efnahagur nemenda og forráðamanna þeirra valdi ekki misrétti um aðstöðu ungmenna til menntunar. Þessi skylda mun vera almennt viðurkennd í landinu, bæði af almenningi og kjörnum leiðtogum þjóðarinnar."

Það vantar því ekkert á, að það sé viðurkennt, a. m. k. í orði, að það þurfi að tryggja æskufólki í landinu þetta jafnrétti, en ég held, að flestir muni nú fallast á, að það skortir mikið á þetta jafnrétti til handa æskufólki. Ég hef áður drepið allrækilega á þetta mál í sambandi við annað mál, sem liggur nú fyrir Alþ., um þetta misrétti og geri ekki þá hlið þessa máls að umræðuefni hér.

Með till. þessari á þskj. 313 vekjum við flm. athygli á öðrum vandkvæðum, öðrum vandamálum í þessu sambandi en felast í frv. því, sem ég nefndi áðan. Ég ætla, að margir foreldrar og forráðamenn barna hafi rekið sig á það, þegar þeir hafa sótt um skólavist fyrir börn sín eða unglinga, að þeir hafa orðið of seinir, skólinn var fullskipaður og það jafnvel fyrir löngu, þegar þeir sendu sína umsókn, og afleiðingin varð því sú, að umsókninni var synjað af þeirri ástæðu, að skólinn var yfirfullur, sem sótt var um inntöku í. Við flm. till. vitum ekki, hversu víðtæk þessi vandkvæði æskufólksins eru, og það, sem verra er, það veit það enginn í landinu. Við höfum að vísu, eins og greint er frá í grg. till., kannað með viðtölum við skólastjóra héraðsskólanna, hvernig þessu er háttað þar, en þar sem skólastjórar þessara skóla sjá að sjálfsögðu ekki ástæðu til að skrásetja munnlegar umsóknir um skólavist, sem ekki var hægt að sinna, vegna þess að skólinn var fullskipaður, þá áætluðu þeir, hversu margar þessar synjanir voru s. l. haust vegna yfirstandandi skólaárs. Niðurstaðan varð sú í þessum átta héraðsskólum, eins og segir í grg., að nýir nemendur s. l. haust urðu 541 í þessum skólum, en 370—400 umsækjendum var synjað um skólavist af fyrrnefndum ástæðum, skólarnir voru yfirfullir.

Nú er engin vitneskja til um það, hvernig ástatt er í þessum efnum í öðrum skólum landsins. Við skulum vona, að ástandið sé eitthvað betra í skólum þéttbýlisins. Nógu slæmt er það samt. Þó má t. d. minna á blaðaskrif, sem urðu um það fyrir ekki löngu síðan, að stúlkur verði að bíða í 2—3 ár til þess að komast í Hjúkrunarskóla Íslands á sama tíma og hjúkrunarkvennaskorturinn er svo alvarlegur, að fjarri er, að sjúkrahús séu að fullu starfrækt, en sjúklingarnir bíða og bíða í heimahúsum eftir sjúkraplássi. Þá má minna á hina gífurlegu aðsókn að Kennaraskóla Íslands á undanförnum árum, þar sem nemendur voru orðnir u. þ. b. 1000 í 250—300 manna skóla. Hvað hefði orðið um þessa nemendur, ef Kennaraskólinn hefði ekki tekið við þeim? Í hvaða skóla áttu þeir að fara? Nú er ráðgert að leggja Kennaraskólann niður, og væntanlegur kennaraháskóli tekur aðeins við stúdentum. Hvaða skólar eiga þá að bæta á sig þeim nemendum, sem annars mundu hafa sótt Kennaraskólann, ef hann hefði starfað áfram? Þannig mætti spyrja á ýmsa vegu um skólana í landinu.

Annar alvarlegur þröskuldur við framhaldsmenntun æskufólks er fjárskortur foreldra án tillits til búsetu. Það vandamál er sannarlega fyrir hendi, þótt nemandinn eigi kost á heimangönguskóla, sérstaklega þegar þarf að kosta marga unglinga úr sömu fjölskyldu í nám samtímis, og þetta vandamál fer vaxandi með sívaxandi dýrtíð.

Við flm. þessarar till. leggjum til, að hæstv. ríkisstj. hlutist til um það, að fram fari rannsókn á því, hversu mikil brögð eru að því, að æskufólk, sem vill stunda framhaldsnám, geti ekki gert það, og af hvaða ástæðum það er. Ef brögð eru að því, að verulega skorti skólarými fyrir æskufólk til framhaldsnáms eða fjárskortur útiloki það frá námi, teljum við það með öllu óviðunandi. Það á enginn unglingur að halda út í lífið að okkar dómi með skyldunámið eitt að baki. Hver sem það gerir er illa settur í samanburði við aðra, sem framhaldsmenntunar hafa notið, og geri unglingurinn sér ekki grein fyrir því á unglingsaldri þá mun hann finna fyrir því síðar. Þjóðfélagið má ekki við því, að á það skorti, að allir fái nokkra framhaldsmenntun.

Við flm. leggjum til, að fyrrnefnda rannsókn framkvæmi stjórnir sveitarfélaga, þar með taldar bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur. Þeim er þetta starf auðveldara en öðrum, og ríkinu yrði þetta kostnaðarlaust. Þótt rannsóknin nái ekki nema til yfirstandandi skólaárs, á hún að geta gefið fullnægjandi yfirlit um ástandið í þessum efnum, eins og það er nú. Það getur hins vegar komið til greina, að síðar þurfi að endurtaka slíkar rannsóknir. Í trausti þess, að Alþ. vilji vita, hversu háttað er framhaldsmenntun æskufólks, þá væntum við flm. þessarar till., að hún fái viðunandi afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35., 36. og 38. fundi í Sþ., 19., 23. og 30. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 313, n. 545).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi till. til þál. á þskj. 313, sem flutt er af Sigurvin Einarssyni og Einari Ágústssyni, hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að stjórnir sveitarfélaga í landinu rannsaki hver í sínu umdæmi, hvort og þá hversu margir unglingar, sem luku skyldunámi vorið 1970, eru án skólanáms á yfirstandandi skólaári, og af hvaða ástæðum það er. Skýrsla um niðurstöður þessarar rannsóknar skal lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Allshn. tók þessa till. til athugunar og afgreiðslu, og eru sex nm. allshn. sammála um að mæla með, að þessi athugun fari fram og till. verði samþ. Einn nm. var andvígur samþykkt tillögunnar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. allshn. tók fram, þá er efni þessarar till. að fela sveitar-

stjórnum í landinu að kanna það, hvort mikil brögð séu að því, að æskufólk sé án skólanáms eða menntunar, annaðhvort vegna þess, að skólar eru yfirfullir, fjárhagurinn hamli því, að þeir stundi nám, eða aðrar ástæður komi þar til. Hv. allshn. hefur nú mælt, að mér skilst, einróma með þessari till., og vil ég flytja henni þakkir fyrir afgreiðslu hennar á málinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 865).

25. Ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Á deildafundum 1. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki [194. mál] (A. 317).

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að bjóða hæstv. heilbr.- og félmrh. sérstaklega velkominn í salinn. Það sannast á honum í tilefni af því, sem sagt var hér áðan, að oft kemur góður þá getið er, og ég a. m. k. varð feginn að sjá hann, því að þetta mál, sem ég ætla að hafa hér örstutta framsögu um, lýtur að hans rn. Munu koma fram frá mér nokkrar spurningar um það.

Ég flyt hér ásamt hv. 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni, till. til þál. um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki. Till. er stutt. Hún er svona:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera þegar í stað raunhæfar ráðstafanir til þess að ráða bót á þeim skorti hjúkrunarfólks, sem nú veldur því, að sjúkrahúsin í landinu geta ekki veitt fulla þjónustu."

Í okt. s. l. gerði ég nokkra könnun á því, hvernig ástatt væri með hjúkrunarlið á Borgarspítalanum og ríkisspítölunum, og ég greindi frá því hér á Alþ. Ástæðan til þess var sú, að þá hafði ég nýlega farið í kynnisferð sem borgarfulltrúi hér í Reykjavík á Borgarspítalann og orðið þess vísari, að tvær nýjar deildir voru þar óstarfhæfar, vegna þess að engin hjúkrunarkona fékkst til að starfa á þeim. Enn fremur var mér þá sagt, að álagið á öllu hjúkrunarliðinu væri allt of mikið og þó alveg sérstaklega á skurðstofunni, því að þar væru aðeins 5 hjúkrunarkonur, sem störfuðu að verkefnum, sem 12 hjúkrunarkonum væri ætlað samkv. fjárhagsáætlun spítalans. Svo koma sumarleyfin, sögðu menn þar suður frá, og þeir hugsuðu til þeirra með kvíða, því að svo erfitt sem það er að halda spítalanum gangandi við venjulegar aðstæður, keyrir þó fyrst um þverbak, þegar hjúkrunarliðið þarf að fá sitt eðlilega og raunar lögboðna sumarleyfi.

Á ríkisspítölunum var ástandið þannig í okt. að af leyfilegum fjölda hjúkrunarkvenna, sem samkv. fjárlögum 1970 og raunar fjárlögum 1971 líka eru 190.5, voru 155.5 í starfi, og vantaði þar með 35. Rétt um þetta leyti, sem þessar upplýsingar fengust, var verið að útskrifa úr Hjúkrunarskólanum 39 stúlkur, og þá hefði mátt ætla, að vandinn væri leystur að verulegu leyti, en svo mun þó ekki vera, eins og þær tölur, sem ég mun nefna nú, sýna. Þær upplýsingar, sem ég ætla að greina frá hér nú, eru nýlegar. Þær eru að vísu ekki alveg nýjar, því að ég hef átt von á því, að þessi till. kæmist fyrr á dagskrá og var vanbúinn að afla alveg nýrra upplýsinga, en þær eru frá 15. febr. Þá er ástandið svona: Á Borgarspítalanum eru hjúkrunarstöðurnar 107 samkv. fjárhagsáætluninni. Það er skipað í 102, og vantar þar af leiðandi ekki nema 5 til þess að fjárhagsáætluninni sé fullnægt. Ég vil greina frá því, af því að ég minntist á þær deildir, sem lokaðar voru í okt., að þær hafa nú tekið til starfa og eru innifaldar í þessum tölum. Forstjóri spítalans sagði þó, að álagið væri enn þá allt of mikið og algerlega óséð, hvernig hægt yrði að koma við sumarleyfum starfsfólksins. Það væri alveg óleyst verkefni, sem einhvern veginn yrði að finna lausn á. Á ríkisspítölunum eru tölurnar hins vegar þessar: Landsspítali, þar er heimilaður fjöldi 122.5, í starfi 102, vantar 20.5. Fæðingardeild, þar er heimilaður fjöldi 18, í starfi aðeins 7, vantar 11. Á Vífilsstaðahæli er ástandið bezt. Þar er heimilaður fjöldi 12, í starfi eru 11, vantar aðeins eina, og á Kleppsspítala eru 38 stöður, en í starfi 36, vantar tvær. Alls er þetta 190.5 á fjárlögum yfirstandandi árs, eins og við vitum, og í starfi eru 156, vantar 34.5, þannig að þetta hefur lagazt um hálfa hjúkrunarkonu á ríkisspítölunum á þeim fimm mánuðum, sem liðnir eru síðan þessar tölur voru síðast nefndar hér. Og í þessu sambandi vil ég þó líka bæta því við, sem við vitum og hér hefur verið rætt á Alþ., að mjög fer fjarri því, að í fjárlögunum hafi verið fallizt á allar þær till., sem yfirmenn sjúkrahúsanna gerðu og telja nauðsynlegar, eins og t. d. á Kleppsspítala, sem hér var rækilega rætt um í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og fékkst ekki lagfært, þannig að raunverulega er vandinn miklu meiri en þessar tölur sýna.

Þann 1. jan. 1970 voru í landinu 922 lærðar hjúkrunarkonur og 196 nemendur. Þá voru starfandi 483 hjúkrunarkonur, en þar af 135, sem aðeins voru í starfi að hluta, en það þýðir, að 348 voru þá í fullu starfi. Athugun hefur verið gerð fyrir nokkrum árum á starfsaldri og fleiru, sem hjúkrunarkonum viðkemur. Við þá athugun kom það í ljós, að 34 af 100 útskrifuðum hjúkrunarkonum hverfa frá starfi sama ár og þær eru kaupskráðar. Að tveimur árum liðnum hafa 60% þessa hóps horfið frá störfum, og aðeins 23% starfa að loknum námstíma og þangað til þær hætta sökum aldurs.

Hæstv. heilbrmrh. upplýsti hér fyrr í vetur, að í sambandi við stækkun sjúkrahúsanna í landinu og þá alveg sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki sam-

tímis verið gerð áætlun um það, hvernig skyldi manna þessar stofnanir, hvorki hvað snertir lækna, hjúkrunarlið eða annað starfslið, og ráðh. bætti við orðrétt, að ég held, með leyfi forseta:

„Þetta er raunar í samræmi við það, að engin heildaráætlun hefur enn verið gerð um störf sjúkrahúsa eða heilbrigðisstofnana, hvorki fyrir landið allt eða einstök byggðarlög."

Já, það vantar ekki samræmið í hlutina. Það hefur hvorki verið gerð áætlun um eitt né annað.

Í skýrslu um sjúkrarúmaþörfina í Reykjavík, sem borgarlæknirinn, Jón Sigurðsson, tók saman og ég hef raunar áður gert hér að allrækilegu umtalsefni af öðru tilefni, þá benti hann á, að vegna skorts á heildaryfirstjórn sjúkrahúsamálanna værum við þannig á vegi staddir, að í ýmsum þáttum stæðumst við þær kröfur, sem annars staðar eru gerðar um fjölda sjúkrarúma, það væri rétt að gleðjast yfir því. En hins vegar vantaði algerlega aðrar deildir, ég held, að hann hafi nefnt bæði augnlækningadeild og heyrnardeild og háls-, nef- og eyrnadeild, og mjög skorti á rúm fyrir geðsjúklinga. Þetta var auðvitað alvarlegt umhugsunarefni. Nú hafa þau ánægjulegu tíðindi gerzt, að heilbrmrn. hefur fyrir margítrekuð tilmæli borgarstjórnar Reykjavíkur, vil ég segja, ákveðið að koma á fót samstarfsnefnd í sjúkrahúsamálum, og þá fer kannske að verða einhver von til þess, að vinstri höndin hafi a. m. k. hugboð um það, hvað sú hægri er að gera. En það hefur hún ekki vitað hingað til, og það er svo sem ekki vonum fyrr, að sú skipan komist á. En engu að síður ber að fagna þessu skrefi, sem stigið hefur verið undir forustu núv. hæstv. heilbrmrh.

Allir hljóta að geta verið sammála um það, að algerlega þýðingarlaust er að byggja dýr sjúkrahús með nýjustu og fullkomnustu tækjum til þess að láta þau standa ónotuð, og það er óverjandi sinnuleysi að ráðast í byggingu slíkra húsa, án þess að fyrst sé tryggt, að starfskraftar fáist, til þess að húsin og tækin komi að fullum notum. Þess vegna hljóta alþm. að krefjast þess, að úr hjúkrunarkvennaskortinum verði bætt með öllum tiltækum ráðum. Til þess sýnist vera hægt að gera tvennt: Annars vegar að auka þann fjölda, sem lærir hjúkrun, og fá þannig fleira fólk til starfa, hins vegar að gera ráðstafanir til þess, að fleiri, sem þegar hafa lært starfið, vinni við það og þeir, sem vinna við það að hluta, vinni við það meira. Og ég ætla að leyfa mér að fara örfáum orðum um hvorn þessara liða fyrir sig.

Það er þá fyrst um það, hvernig hægt sé að auka þann fjölda, sem lærir hjúkrun. Á árinu 1967 var Hjúkrunarskólinn stækkaður upp í það að geta tekið á móti 80—90 nemendum í einu. Og það stóð ekkert á því, að hann fylltist, því að árið 1968 voru nýir nemendur þar yfir 80. En í tímariti Hjúkrunarfélags Íslands, 2. og 3. hefti á s. l. ári, segir skólastjórinn svo um þetta, með leyfi forseta:

„En á síðasta ári neyddumst við til að skera töluna niður í 60 þrátt fyrir mikla aðsókn. Útskrifaðir nemendur í ár og næsta ár verða ca. 85 1970 og um 80 1971, en tæpast útskrifast fleiri en 50—60 nemendur 1972, og þetta dugar tæpast til að mæta þeirri miklu eftirspurn eftir hjúkrunarkonum, sem nú er fyrir hendi."

Það er ekki beysið að heyra þetta. Eftir 4—5 ár frá stækkun skólans verður aftur farið niður í sömu tölu og var með útskrifaða nemendur. Og af hverju ætli þurfi nú að skera þessa tölu svona mikið niður? Er þá ekki pláss í skólanum? Jú, jú, hann hefur ekkert minnkað síðan 1967. Hann getur enn þá tekið við 80—90 nemendum. Ætli það sé þá ekkert pláss á sjúkrahúsunum fyrir það nám, sem þarf að fara þar fram? Jú, þau hafa ekki heldur minnkað síðan 1967. Þvert á móti hafa þau stækkað og fleiri deildir komið til skjalanna, og það eru nóg verkefni fyrir alla nemendur, þó að þeir væru 80—90 og sennilega miklu fleiri. Er það þá vegna þess, að enginn vill fara í þennan skóla? Nei, það er alls ekki vegna þess. Aðsóknin er næg. Hún er meira að segja svo mikil, að skólinn er hættur að afhenda umsóknareyðublöð, af því að það er þýðingarlaust að sækja um skólavist eins og sakir standa. Það er bara tímaeyðsla að vera að fylla út þessi eyðublöð. Og inntökuskilyrðin eru alltaf að þyngjast, en það eru nægir nemendur fyrir því. Nú er búið að gera það að skilyrði, eftir því sem ég bezt veit, að hafa tveggja ára nám eftir gagnfræðapróf í framhaldsdeildinni við Lindargötuskólann. Fyrir fáum árum dugði eitt ár þar, örfáum árum, og fyrir nokkru fleiri árum, en þó ekki mörgum, þurfti ekkert viðbótarnám eftir gagnfræðaprófið. Það er ágætt að auka menntun hjúkrunarfólks. En þessar ráðstafanir draga ekkert úr aðsókninni, eftir því sem mér skilst. Stúlkurnar setja það ekkert fyrir sig að hafa lengra nám að baki, áður en þær fara í þennan skóla, þær, sem áhuga hafa á starfinu. Og hvað sem um þetta má annars segja, þá er það alveg víst, að fækkun nemendanna í Hjúkrunarskólanum stafar ekki af því, að engir vilji fara þangað. Þvert á móti þarf árlega að bægja miklum fjölda ungmenna frá skólanum, svo slæmt sem það þó er. En hver er þá ástæðan fyrir þessari lokun skólans? Hún er sú, eftir því sem næst verður komizt, að skólinn getur ekki tekið við fullri nemendatölu vegna kennaraskorts. Það fást, eftir því sem mönnum skilst, ekki kennarar til að kenna nema 60 nemendum, en alls ekki 80. Það er hart að þurfa að trúa því, að þetta sé raunverulega svona. Og í tilefni af því er þá kannske ástæða til þess að spyrja: Hvað hafa heilbrigðisyfirvöldin gert til þess að útvega þá kennara, sem okkur vantar? Hefur hið opinbera til að mynda tekið upp þá tilhögun að styrkja fólk til þess að verða þarna kennarar? Skólastjóri Hjúkrunarskólans benti á þetta sem hugsanlega leið til úrbóta í áðurnefndri grein, sem ég minntist á. Hefur þetta verið reynt? Ég veit það ekki. Væri ekki hægt að fá útlenda kennara að skólanum, ef enginn Íslendingur er til, sem vill gera þetta eða getur það? Væri ekki hreinlega hægt að mennta fólk til þessara starfa? Mér skilst, að t. d. í Noregi standi hjúkrunarkonum til boða eins og hálfs árs framhaldsnám í kennslu og kennslufræðum. Gætum við ekki komið því upp hér á sjúkrahúsunum, svo að við hefðum þá eftir 1 eða 1½ ár nægа kennara til þess að stunda þessi störf? Jafnvel kemur til greina að setja upp deild í Háskólanum fyrir hjúkrunarkennara, því ekki það? Allt kennaranám er að fara á háskólastig, og ég sé ekki annað en það sé fyllilega til athugunar að setja hjúkrunarkennarana þar með. En þangað til verður að bjargast við eitthvað annað, og mér dettur í hug: Getur ekki hjúkrunarkona með t. d. mikla alhliða starfsreynslu kennt hjúkrunarnemum, kennt því fólki, sem okkur vantar svona sárlega, því að eitthvað verður að

reyna? Það dugar ekki að halda að sér höndum og taka því eins og óumbreytanlegu náttúrulögmáli, að enginn kennari fáist, ef það er þá raunverulega ástæðan fyrir því, að skólinn getur ekki tekið fleiri nemendur en hann gerir nú, sem ég skal út af fyrir sig ekki leggja dóm á.

Ég álít, að það sé fullkomlega óverjandi að horfa á það, að ekki sé hægt að veita viðtöku fullri tölu nemenda í þessum skóla, eins og ástandið í sjúkrahúsunum er og eins og það hlýtur að verða í vaxandi mæli í framtíðinni. Ég held, að það væri miklu fremur ástæða til þess að stækka þennan skóla eða stofna annan, t. d. í sambandi við Borgarspítalann, eins og sumt fólk, sem að þessum málum starfar, hefur hugmyndir um, að gæti verið heppilegt. En það er náttúrlega alveg þýðingarlaust, ef enginn fæst til þess að kenna. Það segir sig sjálft. Þetta mundi þá verða annað atriðið, sem væntanlega kæmi til athugunar, ef þessi páltill. yrði samþ.

Um síðara atriðið, hvað hægt sé að gera til þess að fá lærðar hjúkrunarkonur til þess að starfa við sérgrein sína, fleiri og kannske meira en þær gera nú, get ég e. t. v. ekki gefið miklar bendingar, en þó skal ég leyfa mér að drepa á örfá atriði, sem mér hefur verið sagt af kunnugum, að til greina gætu komið. Það er þá fyrst starfsaðstaðan. Hjúkrunarfólk kvartar undan því, að hún sé hvergi nærri nógu góð víða, vaktherbergin séu fá og lítil og álagið gífurlega mikið, þrengsli og ýmislegt óhagræði, sem dragi úr áhuga á þessu starfi. Launakjörin hafa vissulega mikið að segja. Hjúkrunarkonurnar voru ákaflega óánægðar með starfsmatið. Þeim fannst þær lágt metnar. Í þessu þjóðfélagi okkar, sem gerir ráð fyrir miklum launamismun, enn sem komið er a. m. k., er það auðvitað afgerandi í mörgum tilfellum, hvar í launastiganum fólk lendir, og þetta er eitt af því, sem hlýtur að hafa áhrif á það, hvort fólk fæst til þess að vinna við þetta eða ekki. Þá hefur mér verið sagt, að það væri talið mikils virði að geta haldið þekkingu sinni við. Það væri hægt að glæða áhugann með því að hafa kennsluhjúkrunarkonur, sem veittu alhliða uppfræðslu í þessum fræðum, því að það er alltaf að koma, eins og við vitum hér, ekkert síður og kannske frekar en í mörgum öðrum greinum, nýtt til skjalanna, sem fólk þekkti ekki áður. Þetta er mjög tíðkað á spítölunum erlendis, eftir því sem mér er sagt. Þar eru kennsluhjúkrunarkonur, sem ekkert gera annað en að kenna útskrifuðum hjúkrunarkonum nýja hluti. Það er til vísir að þessu hér að vísu, bæði á Borgarspítalanum og á Kleppi, en það er víst, eftir því sem mér er sagt, bæði of lítið og þó kannske umfram allt of óvíða. Þá er talið líklegt í framhaldi af þessu, að ýmiss konar sérnám, sérhæfing í ákveðnum störfum, sem gefur þá tiltekin réttindi, gæti laðað hjúkrunarfólkið að og gæti orðið til þess, að það vildi fremur starfa. Barnaheimili hafa verið reist við nokkur sjúkrahús. Þau eru, skilst mér, ekki næg. Það er t. a. m. hvergi, held ég, tekið við nema einu barni af hverri móður, en það er í mörgum tilfellum of lítið og veldur því, að þær, sem vildu vinna, komast ekki til þeirra starfa. Það væri kannske hægt að huga að þessu fyrir þær giftu. Fyrir þær ógiftu mætti hugsa sér, að komið yrði upp húsnæði. Það er allt miðað við það, sem gerist erlendis. Það er gert erlendis. Hjúkrunarkonum er útvegað húsnæði í grennd við sjúkrahúsin, þar sem þær vinna, með viðráðanlegum og góðum kjörum, og þær hjúkrunarkonur, sem starfa erlendis, sem eru nokkrar, hafa búið um sig þar, búa við þann aðbúnað, sem þar er veittur, og ég held, að Ísland þurfi að bjóða upp á eitthvað sérstakt til þess að fá þær til þess að taka sig upp og koma heim. Þetta mætti kannske reyna. Mér dettur auðvitað ekki í hug, að ég gæti talið það upp tæmandi, sem hér væri hægt að gera, og það er vafalaust margt enn þá ónefnt, sem til greina kemur. Hæstv. ríkisstj. með sínu starfsliði hefur auðvitað alla möguleika á því að kanna þetta, og það á hún að gera.

Þann 28. okt. s. l., þegar þessi mál voru hér síðast rædd, boðaði hæstv. heilbrmrh., að sett yrði á fót nefnd, sem hefði það hlutverk að semja lög um námstilhögun og starfsréttindi fólks, sem vinnur á sjúkrahúsum, og þess væri vænzt, að slíkt lagafrv. yrði lagt fyrir þetta Alþ. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. heilbrmrh.: Hefur þessi nefnd verið skipuð? Hvenær var hún skipuð? Hvernig miðar hennar störfum? Og hvenær kemur frv. fram? Það er aðeins eftir af þessu þingi um það bil mánuður, eftir því sem við óbreyttir alþm. vitum bezt, og ef hér á að koma frv., sem á að hafa eitthvert raunhæft gildi í þessum málum, þá þarf það að fara að koma.

Ég skal svo ekki, herra forseti, fjölyrða meira um þetta og legg svo til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég verð að lýsa ánægju minni yfir því, að hv. stjórnarandstæðingar eru farnir að fagna því að sjá ráðh. í þingsalnum, og virtist mér þó ræða hv. 11. þm. Reykv. fremur miðast við pallagesti en að sannfæra þm., því að þessa ræðu hefur hann haldið hér tvívegis á þessu þingi áður svo að segja orðrétta.

Ég skal fúslega og fyrstur manna taka undir það, að hér er um mjög alvarlegt vandamál að ræða. Það er staðreynd, að það skortir ekki fé til rekstrar Hjúkrunarskóla Íslands, heldur fyrst og fremst skortir þar kennara. Það eru mjög skiptar skoðanir í hópi starfsfólks sjúkrahúsanna, af hvaða ástæðum þessi kennaraskortur sé. Svo að ég fari ekki lengra út í þá sálma, þá hefur verið bent þar á ýmis persónuleg vandamál og svo hitt, sem sjálfsagt flestir í þjóðfélaginu geta kvartað yfir, að þeir þurfa að vinna of mikið fyrir of lág laun. Og það er rétt hjá hv. þm., að hjúkrunarkonur almennt, og þá sjálfsagt ekkert síður hjúkrunarkennarar, voru óánægðar með sinn hlut í sambandi við starfsmatið. En ég hygg, að þetta sé ekki eini hópurinn, sem um er að ræða. Það er einnig rétt, að stórum hluta af því sjúkrarými, sem til er í dag, fást ekki starfskraftar til að sinna, og má þess vegna segja, að frá þeim sjónarhóli séð hafi verið byggt of mikið miðað við þá starfskrafta, sem fyrir hendi eru eða fáanlegir eru til þessara starfa. Allt þetta eru staðreyndir, sem liggja fyrir.

Að ég hafi lýst því yfir hér á s. l. vetri, eins og þm. sagði í lok ræðu sinnar, að skipuð skyldi nefnd til þessara starfa, minnist ég nú ekki. Ég lýsti því hins vegar yfir, að rannsókn skyldi fara fram á þessu. Ég skal ekki segja, hvort það er orðrétt, enda skiptir það ekki máli. Hins vegar er það rétt, að ég lofaði því, að rannsókn skyldi fara fram á málinu, og sú rannsókn stendur enn þá yfir, og það eru vægast sagt í hópi þessa starfsfólks sjálfs mjög skiptar skoðanir um það, hvernig beri að

leysa þennan vanda, sem þarna er fyrir hendi, og svo hitt, af hvaða ástæðum þessi vandi er.

Það er staðreynd, sem hv. þm. benti hér á, að fjárlagafé til Hjúkrunarskóla Íslands er ekki að fullu nýtt, vegna þess að fólk fæst þar ekki til starfa. Það er staðreynd.

Af því að hv. þm. vék að því, sem ég hafði sagt hér áður, þá vildi ég endurtaka það, að sú athugun, sem ég lýsti yfir, — ég skal ekki fullyrða um það, hvort það átti að vera í formi nefndar eða annars, — hún er í fullum gangi, og það verður að segjast eins og er, að þetta er mjög viðkvæmt mál, svo að ekki sé meira sagt, og snertir þarna ábyrgðarmiklar stöður eða ábyrgðarmikla starfsemi og mjög skiptar skoðanir um, af hverju þessi vandi er fyrir hendi. En til þess að geta komið fram með till. til lausnar á þeim vanda er að sjálfsögðu nr. eitt að gera sér ljóst, af hverju vandinn stafar. Af hverju fást svona fáar konur til þess að kenna við skólann. Það er fullyrt af mönnum, sem hafa lengi í þessum störfum unnið, að starfskraftar séu fyrir hendi, þeir séu til í landinu, en fáist ekki til starfa af einhverjum ástæðum, og það er um þessar ástæður, sem deilt er, og skal ég ekki fullyrða neitt á þessu stigi, enda óeðlilegt, að ég geri það, þar sem ég hef ekki niðurstöður þessarar athugunar fyrir framan mig. En það var aðeins þetta síðasta, sem kom mér til þess að leiðrétta hér, að af hálfu rn. hefur verið dyggilega að því unnið í samráði við Hjúkrunarkvennafélag Íslands, með hvaða hætti mætti leysa þetta. Og það liggur nú þegar fyrir ein till. frá þeim, sem sjálfsagt gæti þarna að nokkru um bætt, og það er að stofna til sérstaks hjúkrunarmálafulltrúaembættis við rn. sjálft. Undir þetta hefur verið tekið af hálfu ríkisstj., og ég vona, að efndir verði á því á þessu ári. En það leysir ekki þann vanda, sem við stöndum frammi fyrir í dag. Það mætti frekar skipa því á bekk með vandamálum framtíðarinnar og framtíðarlausnum.

Það er augljóst, að hið fyrsta þarf að komast til botns í því, hvers vegna ekki er hægt að nota það fé, sem Alþ. veitir á fjárl. til Hjúkrunarskóla Íslands. Ég efast ekki um, að hv. þm., sem er yfirleitt heiðarlegur í sínum málflutningi, hefur aflað sér réttra talna um vöntunina á hjúkrunarkonum og skal þess vegna ekki vefengja eina einustu tölu af því. Það sýnir bezt, hver vandinn er, og sannar okkur, í hvaða vanda við stöndum. Og það er alls ekki af því, að okkur í heilbrmrn. sé þessi vandi ekki ljós. Við viljum fyrst og fremst komast að því, hvers vegna hann er fyrir hendi. Það eru ekki margir liðir fjárlaga, sem eru ekki fullnýttir, og í fleiri tilfellum mun það vera, að það sé farið heldur yfir fjárlögin en þau séu ekki fullnýtt. Þessa spurningu þarf að fá upplýsta, áður en við göngum til þess vandamáls að leysa þann tvímælalausa vanda, sem hér er fyrir hendi, og ég vona, að okkur takist það, ekki síst þegar við eigum einlæga og góða stuðningsmenn að lausn vandans í sjálfu stjórnarandstöðuliðinu. Enda hygg ég, að ágreiningur verði ekki um það mál, sem þarna mætti til bóta horfa, hér á hv. Alþ.

Það er svo og svo mikið af íslenzkum hjúkrunarkonum starfandi erlendis. Ég hygg, að þetta sé alveg rétt. Sama gildir einnig um læknana. Fjöldi lækna, sem íslenzka ríkið hefur meira og minna kostað til náms með styrkjum og lánum og skilyrðum um að starfa hér heima á eftir svo og svo langan tíma, starfar samt sem áður erlendis og kemur ekki heim. Hér er vissulega annað vandamál á ferðinni, þegar tekið er tillit til þess, hve mikill læknaskortur er, sér í lagi í dreifbýli landsins. Ég hygg, að ástæðan til þessa sé fyrst og fremst launamismunur. Ég hygg, að svo sé. Í ýmsum sérgreinum kann hann að stafa af því, að þær sérgreinar hafi betri aðstöðu erlendis. Þó eru a. m. k. nýrri sjúkrahús okkar talin í fremstu röð hvað útbúnað snertir og fyllilega sambærileg við sjúkrahús nágrannalandanna.

Ég vil sem sagt ítreka það, að ég held, að þó að flest, sem þm. benti hér á áðan, kynni að eiga einhvern þátt í hjúkrunarkennaraskortinum, þá er það ekki raunverulega meinsemdin. Það eru ekki háværar kröfur um það, að það sé of mikið á þær lagt, heldur vilja þær ekki til þessara starfa koma. Og það eru líka uppi fullyrðingar þeirra, sem þykjast gerst til þekkja, að kennarar séu fyrir hendi í landinu. Það er til fjárlagafé samkv. launaskrá hins opinbera, fé fyrir þessa starfskrafta, en þeir fást eigi að síður ekki. Það er ónotað allt að því 40% af húsrými skólans vegna kennaraskortsins, og þar af leiðandi fækkar nemendum. Og ef svo horfir áfram sem nú er í dag um þessi mál, þá er það alls ekki ósennilegt, að niðurstaða þm. um það, að við séum komnir aftur á bak um 6—7 ár, verði staðreynd. En ég veit, að hann mun vandlega vinna með mér að þessum málum og öðrum, sem við viljum vinna að í einlægni, að komast til botns í því, hvers vegna ástandið er svona, en það er alger forsenda þess, að nokkrar úrlausnir fáist. Þau atriði, sem hann nefndi hér, kunna að eiga einhvern þátt í því, en ég er viss um af þeirri athugun, sem ég þegar veit um, að þetta er ekki aðalástæðan, — alls ekki það, að kennararnir hafi kvartað undan því, að þeim þyki aðstaðan slæm eða of mikið álag á sig. En endanlegar upplýsingar um það, hvers vegna kennarar fást samt sem áður ekki, get ég því miður ekki gefið hér á þessari stundu. En ég vænti þess, að þær geti legið fyrir, áður en langur tími líður.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það er nú misskilningur hæstv. ráðh., að þessi ræða hafi verið flutt fyrir áheyrendur, hún var flutt fyrir hann. Hún var flutt til þess að minna hann á þessi mál, hún var flutt til þess að rifja það upp fyrir honum, sem hann sagði hér 28. okt. s. l., en er greinilega búinn að gleyma, því að þótt siðferðisvottorð mitt frá hæstv. ráðh. væri gefið með nokkrum semingi, þá hef ég engan fyrirvara með siðferðisvottorð gagnvart honum. Hann hefur gleymt þessu, sem hann sagði 28. okt. Ég ætla að minna hann á það, með leyfi forseta:

„Í sambandi við skort sérmenntaðs fólks og starfsliðs fyrir sjúkrahús, þá hefur rn. nú ákveðið að setja á laggirnar nefnd, sem hefur það hlutverk að semja lög um námstilhögun og starfsréttindi slíks fólks, og er þess að vænta, að nýtt lagafrv. verði lagt fyrir þetta Alþingi."

Þetta er í skjölum Alþ., ræða Eggerts G. Þorsteinssonar ráðh., sem svar við fsp. frá mér um skort á hjúkrunarfólki, og ég held, að það fari nú ekkert á milli mála. Það er náttúrlega leiðinlegt, að hæstv. ráðh. skuli ekki aðeins hafa vanrækt þetta heldur hreinlega vera búinn að gleyma því, að hann ætlaði að setja nefnd til að vinna að þessu máli. Mér þykir það leiðinlegt.

Hæstv. ráðh. minntist á ýmsar ástæður, sem ekki valda því, að kennarar fást ekki að skólanum. Hann veit um þær nokkrar, en hann virðist ekki vita enn, hvaða ástæður það eru, sem valda því, að kennarar fara ekki að skólanum. Það eru til tvær leiðir að markmiðunum. Önnur er sú að leita að orsökinni, hitt er útilokunaraðferðin, sem hæstv. ráðh. virðist beita í þessu tilviki. Og ég vona, að áður en langt um líður verði hann búinn að útiloka allar aðrar ástæður en þær, sem raunverulega valda þessum kennaraskorti, og komast þannig að því, hvað það er, sem honum veldur. Því að það verðum við að fá að vita.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði. Það er nauðsynlegt til þess að leysa hvert mál að vita, hvað að er. Hæstv. ráðh. fagnaði því að eiga vísan stuðning stjórnarandstæðinga til þess að lagfæra þessi mál. Ég get náttúrlega ekki svarað fyrir aðra en mig, en ég hygg þó, að það sé alveg óhætt fyrir hann að aðhafast eitthvað í málinu þess vegna. Hann verður ekki dreginn fyrir lög og dóm, og það verður ekki einu sinni gerð till. um landsdómsmeðferð þessa máls, held ég, þó að þessi mál yrðu leyst.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. gaf um það, að hjúkrunarmálafulltrúi, væntanlega þá hjúkrunarkona, yrði ráðin til starfa í rn. Það er eitt af því, sem þetta fólk, sem ég hef talað við, hefur haft mikinn áhuga á að fá, og það er mjög gott, að það skuli nú komast í höfn, en það leysir auðvitað ekki þennan vanda, eins og hæstv. ráðh. sagði.

Ég hef enga löngun til þess að karpa um þetta við hæstv. heilbrmrh., sem er nú nýtekinn við þessum málum og vafalaust vill bæta ástand þeirra. Ég bara vænti þess, að hv. alþm. hafi fengið næga sönnun á því hér, að það veitir ekkert af því, að Alþ. veki þá, sem sofa þyrnirósarsvefni í hjúkrunarkvennamálunum.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Hv. flm. þessarar þáltill. nefndi hér allmargar tölur um skort á hjúkrunarkonum við sjúkrahús í Reykjavík. Ég efast ekki um, að allar þær tölur séu réttar og sýni það ástand, sem í þeim málum ríkir hér. En ég vil láta það koma fram við þessa umr., að þetta ástand, sem hann lýsti hér í Reykjavík, er alveg hátíð á móts við það, sem gerist víðs vegar úti um landsbyggðina. Mér er kunnugt um sjúkrahús úti á landi, þar sem eiga að vera 10—12 hjúkrunarkonur, og það þykir gott, ef hægt er að fá sex eða sjö. Mér er kunnugt um sjúkrahús, þar sem eiga að vera sex eða átta, og þeir, sem þeim stjórna, þykjast góðir að hafa tvær eða þrjár. Og mér er kunnugt um sjúkrahús, þar sem þykir gott, ef hægt er að fá eina einustu hjúkrunarkonu, þótt þar ættu að vera þrjár, fjórar eða fimm, ef það væri fullskipað. M. ö. o., vandinn hér í Reykjavík er nokkur, en vandinn úti á landsbyggðinni er margfalt, margfalt meiri, og hann er svo mikill, að til stórkostlegra vandræða horfir í rekstri sjúkrahúsanna af þessum orsökum. Það hefur verið gripið til þess ráðs á nokkrum stöðum að stofna til námskeiða fyrir hina svonefndu sjúkraliða, og það hefur nokkuð bætt úr vandræðunum, en það er vitanlega engin lausn á þessu stórkostlega vandamáli. Það verður að gera ráð fyrir því, að mikil vanhöld verði alltaf á hjúkrunarkonum. Það eru sem betur fer ekki allt nunnur, sem fara í Hjúkrunarskólann, og þess vegna má gera ráð fyrir því, að margar hjúkrunarkonur heltist úr lestinni. Það er því mál málanna að efla þennan skóla svo rækilega, að hjúkrunarkvennastéttin þoli þau miklu vanhöld, sem alltaf hljóta að verða í sambandi við hana.

Nú hefur mjög mikið verið rætt um að auka sjúkrahúsakost í landinu. Allmikið af sjúkrahúsum er í byggingu, en vitanlega er allt slíkt unnið fyrir gýg, ef það stórkostlega vandamál, sem hér hefur verið til umr., verður ekki leyst. Efling Hjúkrunarskólans og viðunandi kjör hjúkrunarkvenna er það, sem hér skiptir mestu máli.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til þess að þakka hv. 11. þm. Reykv. og viðurkenna það, að hann hafði á réttu að standa um það, að ég hafi mælt þessi orð hér í haust, og tel, að ég sé sízt minni maður fyrir það að viðurkenna það, sem réttara er.

Hann var mér sammála um það, hv. 11. þm. Reykv., að aðalatriðið er ekki nefndarskipanir og ýmis smærri atriði, sem hafa verið nefnd í þessu máli. Vandinn er sá að komast til botns í málinu.

Þá greip hv. þm. Hannibal Valdimarsson hér fram í og spurði í tilefni af því, að ég fagnaði samvinnu við stjórnarandstæðinga um þetta mál, hvort þeir hefðu yfirleitt verið að þvælast fyrir mér í störfum. Er það ekki rétt eftir haft? Ég vænti þess, að þó að ég kunni að vera gleyminn á einstök orð, sem ég hef sagt hér einhvern tíma í haust, þá sé hv. þm. ekki búinn að gleyma því, að hann var í tvö og hálft ár heilbrigðismálaráðherra, og það væri kannske ekki úr vegi að líta aftur til þess tíma og vita, hvernig ástand þessara mála var þá, í tvö og hálft ár. Því hefur væntanlega ekki verið gleymt öllu saman.

Ég kemst nákvæmlega að sömu niðurstöðu og ég komst í minni fyrri ræðu, og ég tel, að við hv. 11. þm. Reykv. séum alveg sammála um, að vandinn í þessu máli er ekki sá, sem í flestum tilfellum er, að okkur vanti peninga. Okkur vantar ekki húsrými til þess að leysa þennan vanda. Þarna er annar vandi fyrir höndum, sem við verðum að finna, áður en við getum lagt fram till. til lausnar. Það er algert grundvallaratriði, að það sé fundið fyrst, af hverju þessi vandi stafar, áður en till. til lausnar koma.

Hv. þm. Daníel Ágústínusson skýrði frá því, að vandinn hér í Reykjavík væri snöggtum minni, svo að ég taki ekki dýpra í árinni, en úti á landi. Þetta er alveg rétt. Þetta vandamál er mjög tengt vandamálinu um læknana. Í dag gegnir einn læknir jafnvel 2—3 læknishéruðum. Og þetta er ekki heldur talið stafa af beinum læknaskorti, heldur af því, að menn fást ekki til að stunda þessa faggrein sína, lækningar, úti í hinum dreifðu byggðum, og hafa þeir sjálfir til þessa borið því við, að aðstaðan til lækninga á þessum stöðum, fyrst og fremst læknisaðstaðan eða starfsaðstaðan, væri það slæm, að það væri ekki hægt að taka á sig þá ábyrgð að bjóða upp á læknisþjónustu undir þeim kringumstæðum, sem þar væru fyrir hendi. Hér er vandinn annar. Hér virðumst við hafa byggt fleiri sjúkrarúm en við fáum starfsfólk til að sinna, svo að það má segja, að þetta sé gagnstætt vandamál, þótt hvort tveggja sé að sjálfsögðu alvarlegur vandi.

Ég vil nú leggja það út á betri veg, sem hann sagði, að það væru vanhöld á hjúkrunarkonum. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Kvenfólk er yfirleitt ekki stöðugur vinnukraftur. Þeim hefur verið falið það af hendi skaparans að sjá um önnur störf, sem daglega eru nefnd heimilisstörf, og þurfa að sjálfsögðu að sinna þeim eins og flest annað kvenfólk, sem vinnu stundar.

Hv. 11. þm. Reykv. benti á það, að tilraunir hafa verið gerðar í þá átt að aðstoða einmitt þessar konur til þess að koma til starfa á ný. Það kann að vera einn þáttur í lausn þessa vanda að auka þessa aðstoð. Þó mundi það hvergi nærri bæta úr þeim mikla skorti, sem hér er um að ræða, og hlýtur að þurfa að koma meira til.

Ég er, eins og ég áðan sagði, ekki tilbúinn til að segja, hver endanleg lausn þessa máls er, en það er unnið að því á vegum heilbrmrn. í samráði við Hjúkrunarfélag Íslands fyrst og fremst og í samráði við þá lækna, sem gerst til þekkja, að finna lausn á þessu máli. Það er rétt að undirstrika það einnig, að uppi eru hugmyndir um, að það kynni að vera nokkur lausn á þessum vanda að stofna annan skóla, sem veitti núverandi hjúkrunarskóla einhvers konar aðhald eða myndaði samkeppni, ef ég mætti orða það svo. Þetta er ein af þeim till., sem ég veit að hafa þegar komizt á blað. En það er svolítið erfitt að kyngja þessari hugmynd á sama tíma og húsrými er fyrir hendi og þörfin er fyrir hendi til þess að fylla þann skóla, sem við höfum þó starfandi. En hugmyndinni hefur verið hreyft, og það skyldi enginn maður kasta neinum hugmyndum, sem til bóta mættu horfa, fyrir borð, án þess að þær fái sína könnun.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 317, n. 719).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. þessi fjallar um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki. Allshn. fékk þessa till. til athugunar og sendi hana til umsagnar Hjúkrunarskóla Íslands, Hjúkrunarfélagi Íslands og Hjúkrunarnemafélagi Íslands. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum og voru að því leyti athyglisverðar, að a. m. k. í þremur atriðum mátti segja, að þeim bæri alveg saman.

Í fyrsta lagi, að það þyrfti að sjá um, að hjúkrunarkonum, sem hefðu þegar lokið námi og kannske verið frá vinnu um alllangan tíma einhverra hluta vegna, væri séð fyrir möguleikum til að endurþjálfa sig í starfi, og mun þar vafalaust átt við giftar konur, sem um tíma hafa horfið frá hjúkrun, en seinna, þegar létta fer af þeim heimilisstörfum, hafa viljað taka upp hjúkrun aftur.

Í öðru lagi var bent á það, að við sjúkrahúsin þyrfti nauðsynlega að koma upp dagheimilum fyrir börn, og þá átt við það, að börn hjúkrunarkvenna, sem væru í starfi, gætu notið þar umönnunar yfir daginn, meðan mæður þeirra væru í starfi við sjúkrahúsin.

Í þriðja lagi var bent á, að á það skorti, að til væru nægilega margar konur í landinu til þess að annast kennslu við Hjúkrunarskóla Íslands, eða a. m. k. væru launakjör kennaranna ekki það miklu betri en hjúkrunarkvenna, er við hjúkrunarstörf fengjust, að það freistaði til þess, að þær, sem hefðu hæfileika og menntun til þess að annast kennsluna, færu frekar í kennsluna en hjúkrun.

Þessi atriði öll vildi ég láta koma hér fram, af því að það voru sérstakar ábendingar í þessum umsögnum.

Að öðru leyti féllst n. á að mæla með samþykkt till. með þeirri breytingu, sem kemur fram á þskj. 719, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að ráða bót á skorti hjúkrunarfólks til starfa í landinu."

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessari till. Ég er alveg samþykkur þeirri breytingu, sem n. hefur gert á till. Hún er eðlileg miðað við það, hve samþykktin er seint gerð á þinginu. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þau rök, sem lágu til flutnings þessarar þáltill., þar sem hv. allshn. hefur þegar á þau fallizt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 719 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 866).

26. Rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi.

Á deildafundum 17. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi [215. mál] (A. 372).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um rannsóknir á hrognkelsastofninum fyrir Norðurlandi og athugun á nýtingu hans. Eins og mörgum er kunnugt, eru hrognkelsaveiðar og söltun grásleppuhrogna veruleg atvinnugrein, sérstaklega fyrir Norðurlandi og Norðausturlandi, og hafa sumir óttazt það, að kannske væri sóknin í þennan stofn óþarflega mikil, en aðrir segja, að þarna sé um slík verðmæti að ræða, að þau þurfi að rannsaka miklu betur og reyna að hagnýta miklum mun betur en við höfum enn gert. Mig langar að leyfa þingheimi að heyra hér hugleiðingar nokkurra Húsvíkinga um þessi mál, en einmitt á Húsavík hefur hrognkelsaveiðin staðið með miklum blóma sem og verstöðvum þar í

kring. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér ályktun, sem gerð var á fundi atvinnumálanefndar Húsavíkur í haust, en hún hljóðar svo:

„Grásleppuveiði hefur á síðustu árum farið vaxandi við Norðurland. Er veiðin eingöngu stunduð vegna grásleppuhrognanna, sem söltuð eru í tunnur og síðan að mestu seld úr landi sem hráefni í grásleppuhrognakavíar. Kemur nú verulegur hluti heimsframleiðslunnar af þessu hráefni frá Íslandi og þá einkum frá Norðurlandi. Við Skjálfandaflóa voru á s. l. vori saltaðar um 2300 tunnur af grásleppuhrognum auk þess sem Húsvíkingar söltuðu nokkurt magn á Kópaskeri. Útflutningsverð hrognanna hefur sætt miklum sveiflum á undanförnum árum, og hefur góð veiði á Íslandi yfirleitt þrýst verði hrognanna niður á heimsmarkaði. Getur því stóraukin sókn í þessar veiðar bæði gengið of nærri hrognkelsastofninum og stórlækkað verð hrognanna. Til þess að atvinnugreinin megi halda áfram að verða Norðlendingum arðbær á komandi árum, er að áliti nefndarinnar nauðsynlegt, að gerðar verði ráðstafanir af opinberri hálfu, og er þess hér með farið á leit, að forganga verði höfð um slíkt. Þessar ráðstafanir eru:

1. Að hafnar verði fiskifræðilegar rannsóknir á hrognkelsastofninum, um stærð hans og lífshætti.

2. Setja ákvæði um veiðitíma hrognkelsa, svo að einhver hluti stofnsins fái frið til hrygningar á helztu veiðisvæðum.

3. Setja ákveðnar reglur í því skyni að auka vöruvöndun við söltun og frágang grásleppuhrognanna.

4. Að athuga í sambandi við niðurlagningu hrogna, að þetta er geysileg eða gæti verið geysileg atvinnugrein hér á landi, ef þetta væri unnið meira en nú er gert, hrognin ekki flutt sem hráefni úr landi, heldur lögð niður hér á landi."

Eins og alþm. munu hafa veitt athygli, er sjútvrn. nýlega búið að setja allítarlega reglugerð um þessi mál og mun hún ugglaust verða til verulegra bóta í þessari atvinnugrein. En auk þessa, sem hér var talað um, þá bendir sú nefnd, sem ég var að vitna í áðan, á það, að fiskinum sjálfum, grásleppunni, er nú fleygt víða um land, svo að hundruðum tonna skiptir. Einu sinni þótti þetta ágætur matur, og væri ugglaust hægt að gera að góðum mat enn, ef að því væri unnið á skynsamlegan hátt.

Tillögugerðin, sem ég er hér með, miðar sem sagt að því, að í fyrsta lagi verði stofn þessa fisks athugaður og hvort nokkur hætta sé á, að um ofveiði sé að ræða. Í öðru lagi, að kannaðir verði möguleikar á því að vinna þetta hráefni, grásleppuhrognin, sem mest hér í landinu, því að það væri mikið atvinnuspursmál, sérstaklega fyrir verstöðvar norðanlands, og í þriðja lagi, að reynt væri að hagnýta fiskinn sjálfan, grásleppuna, þjóðinni til hagræðis og skapa úr henni verðmæta útflutningsvöru.

Ég drap á það áðan, að íslenzku grásleppuhrognin væru flutt svo til eingöngu sem hráefni úr landi og þetta er síðan framleitt sem kavíar í öðrum löndum, sérstaklega í Danmörku og Þýzkalandi, og ég hef hér fyrir framan mig tölur, sem sýna það, að Íslendingar hafa á undanförnum árum verið aðalframleiðendur hráefnis fyrir þessa kavíarframleiðslu Dananna og jafnvel Þjóðverjanna, þannig að ef þeir hefðu ekki hráefni frá okkur, þá mundu þeir ekki geta framleitt þessa vöru í nokkuð svipuðum stíl og þeir gera. Það virðist liggja á borðinu, að það væri skynsamlegt fyrir Íslendinga að reyna að breyta hér til, taka þessa framleiðslu í sínar eigin hendur og flytja það síðan út sem miklu dýrmætari og verðmeiri vöru.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en vænti þess, að málinu verði frestað og vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 8. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 372, n. 656).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Efni till., sem hér liggur fyrir á þskj. 372, er að fela ríkisstj. að láta gera fiskifræðilegar athuganir á stærð og lífsháttum hrognkelsastofnsins fyrir Norðurlandi og möguleikum til að gera grásleppu að söluvöru og grásleppuhrogn að sem verðmætastri útflutningsvöru. N. hafa borizt umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélagi Íslands, og eru þær umsagnir jákvæðar. Að þessum umsögnum athuguðum og eftir að hafa rætt málið, leggur n. til, að till. verði samþ., eins og hún liggur fyrir á þskj. 372. Það má geta þess, að á s. l. ári mun framleiðsla grásleppuhrogna hér á landi hafa verið á milli 12 og 13 þús. tunnur, og mikill meiri hluti grásleppunnar hefur veiðzt fyrir norðan land að meðtöldum Húnaflóa.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka meðnm. mínum fyrir afgreiðslu þessarar till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 867).

27. Raforkumál Vestfjarða.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um raforkumál Vestfjarða [218. mál] (A. 383).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Till. sú á þskj. 383, sem hér liggur fyrir til umr., er flutt af öllum þm. Vestf. Fjallar hún um raforkumál á Vestfjörðum, og er það ætlun flm. hennar, að hljóti till. samþykki hæstv. Alþ., geti það orðið upphaf að nýju átaki í byggingu raforkuvera fyrir Vestfirði.

Þar ríkir nú mjög brýn þörf fyrir aukna rafmagnsframleiðslu, eins og rakið er í grg. með þáltill. Það kemur ljóslega fram í ályktun frá bæjarstjórn Ísafjarðar, sem Vestfjarðaþm. fengu senda í haust, hvernig ástand ríkir í þessu efni, og vil ég þess vegna leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þá ályktun. Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar, sem haldinn var 2. des. s. l., var eftirfarandi bókun samþ. samhljóða:

„Alvarlegt ástand er yfirvofandi í raforkumálum Vestfjarða, verði ekki fljótlega hafizt handa um raunhæfar framkvæmdir í þeim efnum. Nú er svo komið, að rafmagnsframleiðsla á Vestfjörðum gerir vart betur en að fullnægja aðkallandi og daglegri raforkuþörf fjórðungsins. Ekkert má út af bera í þeim fullnýttu raforkustöðvum, sem fyrir eru á svæðinu, svo að alvarlegt vandræðaástand og stórfellt fjárhagslegt tjón skapist ekki hjá atvinnufyrirtækjum og einkaheimilum. Með tilvísun til þess, hversu alvarlega horfir í þessum efnum, og með þá staðreynd í huga, að eðlileg og nauðsynleg atvinnuuppbygging Vestfjarða byggist á öruggri nægilega ódýrri raforku, skorar bæjarstjórn Ísafjarðar enn einu sinni á Alþ. og viðkomandi stjórnarvöld að láta nú þegar gera nauðsynlegar athuganir og undirbúa raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum, er tryggi kjördæminu nauðsynlegt framtíðaröryggi í rafmagnsmálum og sömu aðstöðu varðandi verð orkunnar og aðrir landsmenn njóta. Jafnframt skorar bæjarstjórnin á sömu aðila að hraða sem mest þessum aðkallandi og nauðsynlegu framkvæmdum og heitir á alla þm. kjördæmisins að fylgja málinu fast eftir og tryggja framgang þess."

Þannig hljóðaði þessi samþykkt frá bæjarstjórn Ísafjarðar, sem þm. Vestf. fengu senda á s. l. hausti. Málum er nú svo háttað á samveitusvæðinu í báðum Ísafjarðarsýslum og í V.-Barðastrandarsýslu, að þar eru þrír aðilar, sem annast orkuvinnslu og orkudreifingu. Þessir aðilar eru: Rafmagnsveitur ríkisins, Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps og Rafveita Patrekshrepps. Vatnsaflsvirkjanir Rafveitna ríkisins eru tvær, Reiðhjallavirkjun við Bolungarvík, 400 kw., og Mjólkárvirkjun í Arnarfirði, 2400 kw., samtals 2800 kw. Rafveita Ísafjarðar á tvær vatnsaflsvélasamstæður í rafstöð sinni í Engidal, alls 1160 kw. Þar með er upp talið virkjað vatnsafl í þessum hluta Vestfjarða, og nemur það þá í heild 3960 kw. Rafmagnsveitur ríkisins eiga síðan dísilstöðvar í Súðavík, á Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal, Sveinseyri og í Tálknafirði, misjafnlega stórar, og sumar eingöngu notaðar sem varaaflstöðvar. Dísilstöð Rafveitu Patreksfjarðar er 480 kw., og á Patreksfirði er auk þess í frystihúsi 280 kw. dísilvarastöð. Dísilvélasamstæður í rafstöð Rafveitu Ísafjarðar í Engidal eru tvær, samtals 890 kw. Samtals mun uppsett dísilafl á svæðinu vera um eða yfir 3000 kw., þar af eru um 2000 kw. að staðaldri notuð til orkuframleiðslu, en dísilvélar með um 1000 kw. afl eru eingöngu hafðar til vara, og í grg. með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er ekki getið um þessar varastöðvar.

Af þessu yfirliti er auðsætt, að vélakosturinn til raforkuframleiðslu á Vestfjörðum er í heild um 7000 kw. Þar af eru um 43% dísilvélasamstæður og 57% vatnsaflsvélar. Þetta þýðir þó ekki, að orkuvinnslan fari fram í sömu hlutföllum. Að sjálfsögðu er reynt að nýta vatnsaflsvélarnar til hins ýtrasta, en eins og sakir standa nú, er ekki hægt að mæta aukinni raforkuþörf nema með meiri notkun dísilvéla. Þannig er þess getið í grg. með till., að orkuvinnslan hafi á árinu 1969 verið 19.4 gwst., þar af 2 gwst. framleiddar með dísilvélum. En árið 1970 var orkuvinnslan 20.9 gwst. og þar af 3.4 gwst. frá dísilvélum. Heildaraukning framleiðslunnar 1969 var 7.6% miðað við árið á undan, en s. l. ár var hún 7.7%. Aukning orkuframleiðslu með dísilvélum var hins vegar 76%, og nemur þá olíukostnaður með núverandi olíuverði yfir 5 millj. kr. Mun olíukostnaðurinn með sama áframhaldi vaxa um a. m. k. 2.5 millj. kr. á ári, og verður þá næsta ár um 10 millj. kr., en þar að auki er svo mikill kostnaður við viðhald og aukningu dísilvéla.

Snemma á þessu þingi fóru fram umr. um Lagarfossvirkjun í hv. deild, og notaði ég þá tækifærið til þess að fara þess á leit við hæstv. iðnrh., að hann upplýsti, hvaða ráðagerðir væru uppi um úrbætur í raforkumálum Vestfirðinga. Fengu þm. Vestfjarða í framhaldi af því senda skýrslu frá Rafmagnsveitum ríkisins, dagsetta 5. nóv. s. l. Í þeirri skýrslu segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á Vestfjörðum hefur verið skortur á raforku frá vatnsaflsstöðvum, og hefur, eins og áður er sagt, orðið að mæta vaxandi þörf með dísilorku. Þetta mun hafa verið ein af ástæðum fyrir hægari þróun raforkunotkunar í þessum landshluta en víða annars staðar. Að vísu er raforkunotkun á íbúð hér og meðaltal fyrir allt landið og á svæðum rafmagnsveitnanna, eða um 2100 kwst. árið 1969, en þó verður að taka tillit til þess, að á Vestfjörðum er meiri orkufrekur iðnaður á mann en í flestum öðrum landshlutum, og hefur það atriði mikil áhrif á þessar einingatölur. Ef heimilisnotkun er hins vegar athuguð ein, er hún um 900 kwst. á mann á ári á Vestfjörðum, en um 1600 kwst. á Suðurlandi og Norðurlandi."

Þessar upplýsingar úr skýrslum Rafmagnsveitna ríkisins eru vissulega athyglis- og íhugunarverðar. Vestfirðingar fá minni raforku en aðrir landsmenn, en auk þess er hún seld þeim á hærra verði en öðrum. Ég hygg, að ég fari rétt með það, að Vestfirðir séu í hæsta gjaldskrárflokki hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og þeirri aðferð hefur að nokkru leyti verið beitt að draga úr raforkunotkuninni með því að hafa rafmagnsverðið hátt. Það er vissulega rétt, sem segir í áðurnefndri skýrslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Brýnasta verkefnið í raforkuframleiðslu á svæðinu er nú að auka framleiðslu vatnsorkuvera og draga þannig úr þeirri þróun undanfarandi ára, að dísilstöðvar annist svo til alla aukningu á raforkuþörf."

Ástandið í rafmagnsmálum á Mjólkársvæðinu er vissulega ekki glæsilegt samkvæmt því, sem ég hef rakið hér að framan. Ekki er það þó ætlun mín að áfellast einn eða annan fyrir það, hvernig komið er. Eins og ég sagði í upphafi, hafa þrír aðilar þessi mál

með höndum á umræddu svæði, og vera má, að í því felist nokkur skýring, sem sé sú, að hver þessara aðila hafi ónóga yfirsýn yfir vandamálið og samvinna þeirra í milli sé ekki nægileg. Í till. okkar, Vestfjarðaþm., sem hér liggur fyrir, leggjum við þess vegna til, að jafnhliða því, að nýjar virkjunarframkvæmdir verði undirbúnar, verði kannaður vilji þessara þriggja aðila til sameiningar á þann hátt, sem í till. segir, þ. e. að stofnað verði sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæðinu. Höfum við þá í huga svipaða tilhögun og nú á sér stað varðandi Landsvirkjun á Suðurlandi og Laxárvirkjun á Norðurlandi. Mundi þá væntanleg Vestfjarðavirkjun vera sameign ríkisins og sveitarfélaga á samveitusvæðinu, og eiga að reka orkuver og aðalflutningsvirki, en sveitarfélögin gætu átt þess kost að eiga og reka dreifiveitur, eitt eða fleiri saman. Teljum við eðlilegt, að ríkið hafi forgöngu um að kanna, hvort grundvöllur er fyrir stofnun slíks fyrirtækis. Ætti sú athugun að fara fram hið allra fyrsta af augljósum ástæðum.

Mér þykir skylt að geta þess, að allir aðilarnir, sem nú annast raforkuframleiðslu á Mjólkársvæðinu, hafa á prjónunum nokkrar ráðstafanir til úrbóta í starfsemi sinni. Rafveita Ísafjarðar gerði þannig á s. l. ári ráðstafanir til þess að nýta betur vatnsforða í Nónhornsvatni, og hafa þær borið góðan árangur, sem kemur fram í minni notkun dísilvéla í vetur en var á s. l. vetri. Er það ætlun forráðamanna rafveitunnar, að kanna frekari möguleika til betri nýtingar vatnsins, bæði úr Nónhornsvatni og úr Fossavatni. Rafmagnsveitur ríkisins hafa, að því er segir í áðurnefndri skýrslu, hafið framkvæmdir, sem miða að því að auka framleiðslu Mjólkárvirkjunar um 1.2 gwst. Þetta er fyrirhugað, að því í skýrslunni segir, með miðlun vatnsrennslis úr Langavatni og Hólmavatni, en þessi vötn eru ofan Mjólkárvirkjunar í um 500 m hæð yfir sjó. S. l. ár var lagður vegur að þessum vötnum, og kostaði hann um 1.5 millj. kr., og í ár er fyrirhuguð dýpkun farvegs milli vatnanna og stíflugerð, sem áætlað er að kosti alls um 11 millj. kr., að því er í skýrslunni segir. Það kemur einnig fram í henni, að ýmsir virkjunarmöguleikar í Arnarfirði hafa verið kannaðir og gerðar um þá frumáætlanir, sem þarfnast nánari athugunar. Koma til álita ýmsar smávirkjanir við Mjólká, 3000 kw., 1200 kw. og 1500 kw., en á Dynjandasvæðinu er talið að virkja megi allt að 10000 kw.

Þá er þess að geta, að sýslunefnd V.-Barðastrandarsýslu hefur hug á því að hefjast handa um virkjun Suðurfossár á Rauðasandi. Hafa fulltrúar sýslunefndar verið hér syðra undanfarna daga og rætt mál við þm. Vestfjarða og við iðnrn. Hafa þeir með bréfi til rn., dags. 4. þ. m., farið fram á leyfi rn. til þess að hefjast handa um að virkja þarna allt að 2000 kw. afl. Í viðtölum þeirra við okkur þm. kom það fram, að þrátt fyrir þessa ráðagerð eru fulltrúar sýslunefndarinnar síður en svo andvígir till. okkar um stofnun sameignarfélags ríkisins og sveitarfélaganna. Hins vegar töldu þeir úrbætur í rafmagnsmálum svo brýnar, að undirbúningur nýrra framkvæmda yrði að halda áfram, hvernig sem færi um þessa tilraun til sameiningar. Þessi afstaða kemur einnig skýrt fram í bréfi til ráðh., sem ég gat um áðan. Meðal röksemda fyrir staðsetningu orkuvers við suðurenda samveitukerfisins milli Ísafjarðardjúps og Patreksfjarðar segir svo í grg. Patreksfirðinganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Staðsetning orkuvers á suðurenda samveitukerfis Vestfjarða er hagstæð, og má því til stuðnings sérstaklega benda á eftirfarandi:

1. Virkjunin mundi bæta rekstursöryggi á öllu Vestfjarðakerfinu, en þó sérstaklega á svæðinu sunnan Arnarfjarðar.

2. Nýting 30 kw. flutningskerfisins mundi aukast með framleiðslu inn á enda kerfisins og fresta þannig fjárfestingu við að styrkja flutningskerfið.

Bent er á, að virkjunin hefur án efa verulega þýðingu fyrir atvinnulíf héraðsins, en þar skortir nú verkefni fyrir iðnaðarmenn og vinnuvélar. Stærð virkjunarinnar og gerð mannvirkja krefst tiltölulega lítillar sérþekkingar utan verkfræðiþjónustu. Geta heimamenn því annazt því nær alla framkvæmd verksins. Athuganir og undirbúningur verksins er það langt á veg kominn, að óhætt er að fullyrða, að ekki er að vænta jarðfræðilegra eða verkfræðilegra erfiðleika. Lokahönnun verksins tekur því mjög stuttan tíma, en ekki þykir ástæða til þess að hefja hana fyrr en heimild til framkvæmda liggur fyrir. Orkuverið gæti hafið orkuvinnslu 18—19 mánuðum eftir að heimild hefur verið veitt."

Ég hygg, að þótt Suðurfossárvirkjun komist upp og þó að vötnin við Engidal í Skutulsfirði og vötnin upp af Mjólká verði betur nýtt en nú er, þá muni samt ekki af veita að virkja hið fyrsta 3—5 þús. kw. til viðbótar við Arnarfjörð. Það nær engri átt að brenna dísilolíu í jafnríkum mæli og nú er gert á Vestfjörðum, en láta vatnið renna óbeizlað til sjávar áratug eftir áratug. Vestfirðingar framleiða tiltölulega meiri verðmæti til útflutnings en flestir aðrir landsmenn úr þeim ágæta fiski, sem þeir draga úr sjó. Hraðfrystihús þeirra verða stundum að stöðva vélar sínar vegna rafmagnsskorts, og meðan fiskiðnaðurinn fær ekki nóg rafmagn, er heldur ekki við því að búast, að annar iðnaður blómgist á Vestfjörðum. Ónógt rafmagn og verðlagning þess hefur gert það að verkum, að árleg aukning raforkunotkunar hefur aðeins orðið 6—7% á Vestfjörðum á móti 10% annars staðar á landinu. Og það mun varla þekkjast, að á Vestfjörðum sé raforka notuð til upphitunar íbúðarhúsa. Á því sviði er algerlega um ónumið land að ræða, þ. e. orkusölu, sem gæti út af fyrir sig staðið undir allstórri virkjun.

Eins og fram kemur í till., teljum við flm. hennar, að miða beri stærð fyrirhugaðra vatnsaflsvirkjana við sennilega aukningu raforkuþarfar á næstu 10 árum, og enn fremur við það, að unnt verði að selja raforku til upphitunar húsa. Leyfi ég mér að leggja sérstaka áherzlu á það, að áhugi er mjög vaxandi á Vestfjörðum, eins og víðar um landið, fyrir upphitun húsa með raforku. Mælir það sérstaklega með því, að Vestfirðingar fái raforkuna til þessara nota, að þeir eru afskiptir með jarðhita, sem nýtanlegur sé í þessu augnamiði. Olíuverðið er nú orðið svo hátt, að raforkan hlýtur auðveldlega að geta keppt við það, auk þess sem hún er á allan hátt þægilegri í notkun heldur en olía, sem stöðugt þarf að mjatla á geyma, oft með tilheyrandi óþrifnaði.

Herra forseti. Það kann að koma ókunnugum spánskt fyrir sjónir, að mælt sé með því, að á einu og sama samveitusvæði séu orkuver reist á mörgum stöðum. En þetta umrædda svæði er stórt, vogskorið og

fjöllótt. Þar gerast veður oft válynd, og fyrir hefur komið, að háspennulínur hafi slitnað og truflanir orðið á orkuflutningi frá Mjólká af þeim sökum, eins og bent er á í grg. með þessari þáltill. Orkuver nyrzt og syðst og á miðju samveitusvæðinu draga mjög úr þeim óþægindum sem notendur rafmagnsins verða fyrir vegna slíkra truflana. Með því fyrirkomulagi notast flutningsvirkin einnig betur, eins og áður var fram tekið, en þau eru sem kunnugt er mjög dýr mannvirki. Á sínum tíma var það mikið átak að koma upp bæði orkuverinu við Mjólká og flutningsvirkjum og dreifiveitum um alla Vestfirði, eins og gert var á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Það var einnig stórt og merkilegt átak, sem Ísfirðingar og Eyrhreppingar gerðu á árunum 1936—1937, þegar þeir komu upp Fossavatnsvirkjun og fengu kaup sitt borgað í skuldabréfum til margra ára. Á Patreksfirði starfaði lítil rafstöð á árunum 1911—1918, og þar hefur alltaf síðan ríkt mikill áhugi fyrir raforkumálum. Á árunum 1940—1946 fóru fram allverulegar athuganir á virkjunarmöguleikum í Arnarfirði á vegum sveitarfélaga á Vestfjörðum, einkum Ísafjarðarkaupstaðar og Patrekshrepps, en eftir samþykkt raforkulaganna frá 1946 var hætt við það áform, og settu menn upp frá því traust sitt á forsjá ríkisins í þessu efni. Árið 1955 hófust síðan framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins, er miðuðu að því að koma upp Mjólkárvirkjun í Arnarfirði og Reiðhjallavirkjun hjá Bolungarvík.

Herra forseti. Þannig er í hnotskurn saga raforkumálanna á Vestfjörðum. Ég hef tröllatrú á því, að unnt sé að fá þá aðila, sem nú koma þar við sögu og hver um sig hefur gert margt vel, til að gera stórt og myndarlegt átak til þess að koma þessum málum í gott horf.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að umr. verði frestað og þáltill. vísað til fjvn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Með örfáum orðum og í framhaldi af því, sem hv. 5. þm. Vestf. hefur rakið hér, vildi ég leggja áherzlu á það, að þáltill. þessi fái skjóta afgreiðslu hjá hv. Alþ.

Hv. 5. þm. Vestf. hefur gert grein fyrir því, hvernig ástand í raforkumálum er á Vestfjörðum, og hef ég litlu við það að bæta. Þó er rétt að hafa í huga, þegar hlustað er á þá lýsingu, að það er ekki aðeins óhagræði, sem hlýzt af raforkuskorti, heldur einnig mjög mikið fjárhagslegt tjón. Það er staðreynd, sem við allir þekkjum, að þar sem spennuföll eru tíð og rafmagnsskortur, brenna yfir rafmagnsmótorar og eyðileggjast kostnaðarsöm og dýr tæki. Þetta er mjög algengt á Vestfjörðum og er ástand, sem ekki verður þolað til lengdar í mikilvægum atvinnugreinum og á heimilum.

En nú hafa heimamenn m. a. gert myndarlegt átak og beitt sér fyrir hönnun virkjunar í Suðurfossá, eins og skýrt var frá hér áðan. Þetta virðist vera mjög hagkvæm virkjun, kostnaður aðeins rúmar 60 millj. kr. eða undir 30 þús. kr. á hvert kw., og veit ég ekki, að annars staðar sé hagkvæmara nema í hinum stærstu virkjunum hér sunnanlands og þeim, sem verið er að vinna að á Norðausturlandi. Sýnist því rík ástæða til þess að stuðla að því, að þessi virkjunarframkvæmd geti hafizt sem allra fyrst. Mér skilst, að til þeirra þurfi í ár ekki nema um það bil 10—15 millj. kr., þannig að sæmilega vel verði af stað farið. Virðist það ekki vera nein ofrausn, þó að til þess verði ætlazt af hæstv. ríkisstj., að lánsfé verði útvegað til þessara framkvæmda hið allra fyrsta. Geri ég mér vonir um og við flm. þessarar þáltill., að samþykkt hennar verði til þess, að svo verði.

Ég vildi einnig jafnframt gjarnan taka undir það, sem kom fram áðan um nauðsyn þess að athuga betur en gert hefur verið notkun raforku til upphitunar húsa. Við Íslendingar höfum gert allt of lítið af þessu. Staðreyndin er sú, að mjög miklar framfarir hafa orðið erlendis í þeirri tækni, sem þarna er notuð. Byggist það einkum á því, að næturhiti er notaður til þess að hita upp ákveðna ofna, með sérstökum steinum, sem geyma hitann, sem er síðan notaður yfir daginn. Þetta hefur tekizt mjög vel. Er hér um tækni að ræða, sem algerlega hefur farið fram hjá okkur. Sýnist mér ástæða til þess að leggja áherzlu á, að þetta verði kannað betur en gert hefur verið.

Ég er að vísu þeirrar skoðunar, að rafmagnsmál þessa lands í heild verði ekki komin í viðunandi horf fyrr en samtenging hefur átt sér stað á milli hinna fjölmörgu litlu rafveitna og þær komnar inn á hið stóra kerfi, sem nú er um Suðurlandið og raunar varla hægt að segja, að það nái miklu lengra. Hins vegar eru rafmagnsmál Vestfjarða nokkuð sérstæð vegna legu Vestfjarða og ekki sýnt, að raforkuþörf þar verði fullnægt nema með virkjunum heima fyrir, enda er það vitanlega staðreynd, að þótt samtenging verði síðar, þá koma slíkar virkjanir að mjög góðum notum í því kerfi.

Ég vil þá ljúka þessum orðum mínum með því að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég vona, að hv. Alþ. hraði afgreiðslu þessarar þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 8. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 383, n. 703).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. til þál. um raforkumál Vestfjarða hefur verið til athugunar í fjvn. Ég ætla að leyfa mér að lesa tillögugreinina, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka hið fyrsta ákvörðun um aukningu vatnsaflsvirkjana á samveitusvæði Vestfjarða og stefna að því, að framkvæmdir verði hafnar eins fljótt og framast er auðið. Stærð fyrirhugaðra virkjana verði miðuð við, að nægileg orka fáist frá vatnsaflsvirkjunum til þess að fullnægja orkuþörf á orkusvæðinu, og þá tekið tillit til sennilegrar aukningar á raforkuþörf næstu 10 ár og jafnframt séð fyrir nægilegri raforku til upphitunar húsa. Jafnhliða þessum athugunum verði kannaðar óskir sveitarfélaga um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæðinu."

Eins og fram kemur í grg. með þessari þáltill., byggist öll sú aukning, sem á sér stað á raforkuneyzlunni á Vestfjörðum, á viðbótarorku frá dísilvélum. Og það kemur fram, að aukning dísilvélaorkunnar á seinustu tveimur árum, 1969 og 1970, hefur numið hvorki meira

né minna en 76%. Olíukostnaðurinn hefur þá orðið um 5 millj. kr., og það er gert ráð fyrir því, ef áfram heldur sem horfir með það og ekki koma til nýjar vatnsaflsvirkjanir, að þá muni aukning orkuneyzlunnar verða sem næst 2½ millj. kr. með núverandi olíuverði á ári, og væri þá orðin um 10 millj. kr. árið 1972. Það er mjög eðlilegt og sjálfsagt, þar sem talið er, að um nægilegt vatnsafl sé að ræða á Vestfjörðum til þess að virkja, að undinn sé bráður bugur að því að kanna sem fyrst, hvað hægt er að gera í þessum efnum og hrinda í framkvæmd byrjunarvirkjunum.

Það segir sig sjálft, að eftir því sem það verður óhagstæðara að framleiða rafmagnið með olíu, þá verður að leggja meiri áherzlu en áður á það að byggja upp fleiri vatnsaflsstöðvar víðs vegar um landið. Það, sem mælir einnig með því, er, að nú eru menn farnir að tala um það miklu meira en nokkru sinni áður að taka raforkuna til þess að hita upp íbúðarhúsin. Og samanburðurinn á því fer að verða hagstæðari með hverju árinu, sem líður, svo að hægt verður að ráðast í vatnsaflsvirkjanir með það fyrir augum að byggja orkuneyzluna að verulegu leyti í sumum tilfellum á upphitun húsa.

Fjvn. taldi ekki ástæðu til þess að senda þetta mál til umsagnar, en leggur einróma til, að till. verði samþ. óbreytt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar flm. þessarar till. að þakka frsm. og hv. fjvn. fyrir mjög góða afgreiðslu á till., og ég vona, að með samþykkt þessarar till. verði tekin hið fyrsta ákvörðun um verulega aukningu á vatnsaflsvirkjunum á samveitusvæði Vestfjarða og að því stefnt, að framkvæmdir verði hafnar eins fljótt og unnt er. Eins og fram hefur komið fyrr í umr. um þetta mál, er tilfinnanlegur skortur á vatnsorku á Vestfjörðum, og verður því að mæta nær allri aukningu raforkunnar með keyrslu dísilvéla, sem sést á því, að aukning dísilvélaorku frá árinu 1969 til 1970 er um 76%.

Þessi fáu orð eiga að nægja til þess að sýna fram á þá miklu þörf, sem er fyrir nýtt orkuver eða stækkun á orkuveri á Vestfjörðum, og ég vænti þess, að ríkisstj. geri sitt til þess að hraða mjög framkvæmd þessarar till., sem er mjög aðkallandi fyrir þessi byggðarlög, því að sennilega eru engin byggðarlög á landinu jafnilla sett með raforku og Vestfirðir eru nú orðnir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 868).

28. Menntaskólar í Reykjaneskjördæmi.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi [47. mál] (A. 47).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 9., 10., 11., 13., 22. og 24. fundi í Sþ., 10., 17. og 24. nóv., 3. des., 26. jan. og 2. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef ásamt nær öllum þm. úr Reykjaneskjördæmi flutt á þskj. 47 till. til þál. um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrn. að láta nú þegar hefja athugun á því, hvar og hvenær stofnsetja skuli menntaskóla á þéttbýlissvæðum Reykjaneskjördæmis. Verði sérstaklega athugað í bæjarstjórn Hafnarfjarðar um stofnsetningu menntaskóla í Hafnarfirði á næsta ári.“

Eins og kunnugt er, hefur nemendafjöldi í menntaskólum landsins mjög aukizt á undanförnum árum, og er nú svo komið, að hér í Reykjavík hafa verið stofnsettir tveir nýir menntaskólar, svo að þrír menntaskólar eru nú hér í Reykjavík. Auk þess hefur verið settur á stofn menntaskóli á Ísafirði, en áður voru starfandi menntaskólar á Akureyri og á Laugarvatni. Till. þessi, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir því, að menntmrn. láti nú þegar hefja athugun á því, hvar og hvenær stofnsetja skuli menntaskóla á þéttbýlissvæðum Reykjaneskjördæmis, en það gefur auga leið, að næstu skólum, sem stofnsettir verða hér á þéttbýlissvæðunum við Faxaflóa, verði dreift á stærra svæði en nú hefur verið gert, og þá kemur til greina, eins og hér er gert ráð fyrir, að menntaskólar verði stofnsettir í Reykjaneskjördæmi. Nemendafjöldi í menntaskólum landsins úr Reykjaneskjördæmi er við upphaf þessa skólaárs 444 samkv. þeim tölum, sem aflað var og upplýsingar voru gefnar um frá skólum, þannig að væri stofnaður menntaskóli í Reykjaneskjördæmi nú þegar, þá er þar um að ræða nemendafjölda, sem gæti og væri mjög hæfilegur í nýjum menntaskóla. Þessi nemendafjöldi skiptist þannig, ef athugaðar eru tölur sunnan Hafnarfjarðar, úr Hafnarfirði, Garða- og Bessastaðahreppi, Kópavogi og Kjósarsýslu, þ. e. úr hreppunum hér ofansveitar og af Seltjarnarnesi, að þá eru sunnan Hafnarfjarðar 64 nemendur, úr Hafnarfirði, Garða- og Bessastaðahreppi 121 og úr Kópavogi og Kjósarsýslu 259. Það sýnist því einsýnt, að næsti menntaskóli, sem stofnsettur verður, og næstu menntaskólar, sem stofnsettir verða, verði staðsettir í Reykjaneskjördæmi, og þá er einmitt gert ráð fyrir því í þessari till., að rn. láti nú þegar fara fram athugun á því, hvar og hvenær þessir skólar verði stofnsettir.

Síðari mgr. þessarar till. er fram komin vegna beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, er óskar eftir því, að þm. kjördæmisins beiti sér fyrir því, að menntaskólakennsla hefjist nú þegar í Hafnarfirði. Það hafa verið gerðar

samþykktir í fræðsluráði Hafnarfjarðar og bæjarstjórn Hafnarfjarðar á undanförnum árum um þetta efni, en eins og lög um menntaskóla eru, þarf engin lagabreyting til að koma, til þess að þessi skólastofnun geti átt sér stað, því að menntmrh. hefur heimild til þess að gefa skólum tækifæri til þess að gerast menntaskólar, ef þeir uppfylla ákveðin skilyrði, sem rn. hefur sett. En þar sem þessi beiðni kom fram frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar og önnur sveitarfélög höfðu ekki óskað aðstoðar þm. við að hrinda þessu máli í framkvæmd, þá var þessi síðari mgr. till. tekin með. Í Hafnarfirði er menntastofnun, Flensborgarskólinn, sem allir þekkja, og ég sé ekki ástæðu til þess að rifja hér upp sögu þess skóla, hún er öllum kunn, en ég held, að allir geti verið sammála um það, að það væri mjög viðeigandi, ef hægt yrði að verða við þeirri beiðni, að Flensborgarskóli fái tækifæri til þess að gerast menntaskóli og útskrifa stúdenta.

Í sambandi við flutning þessarar till. hefur gætt frá ákveðnum sveitarfélögum í þessu hinu virðulega kjördæmi töluverðs misskilnings, sem ég vil tvímælalaust leiðrétta hér og undirstrika, að er misskilningur frá þeirra hendi. Hér er alls ekki gert ráð fyrir því, að stofnsettur verði aðeins einn menntaskóli í þessu kjördæmi. Hér er gert ráð fyrir því, að stofnsettir verði fleiri menntaskólar, eftir því sem ástæður eru fyrir hendi og sveitarfélögin óska eftir og geta uppfyllt þau skilyrði, sem rn. setur, og veit ég, að þeir hv. þm., sem eru flm. þessarar till., eru fúsir til þess að aðstoða þessi sveitarfélög í þeim efnum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessa till. og legg til, að umr. verði frestað og henni vísað til fjvn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar með örfáum orðum til þess að lýsa samþykki mínu við því, sem segir í grg. þessarar till., en þar segir, að af þeim tölum, sem í grg. eru birtar, sýnist tímabært, að næsti menntaskóli verði stofnsettur í Reykjaneskjördæmi, og kemur Hafnarfjörður þá til athugunar af fjölmörgum ástæðum. Það hefur reyndar lengi verið augljóst mál, að sá tími mundi koma, að menntaskóli yrði staðsettur í Reykjaneskjördæmi og þá einkum og sér í lagi í Hafnarfirði. En utan Reykjavíkur eru sem kunnugt er starfandi menntaskólar á Akureyri og Laugarvatni, sem lengi hafa starfað, og nýstofnaður menntaskóli á Ísafirði. Auk þess hefur verið afráðið að stofna menntaskóla á Austfjörðum, og hefur þegar nokkurt fé verið veitt til hans. Nú alveg nýlega hefur menntmrn. ákveðið staðsetningu þessa skóla á Egilsstöðum, og er það í samræmi við það, sem ég tel vera yfirgnæfandi vilja Austfirðinga varðandi staðarval menntaskóla í þeim landsfjórðungi.

Varðandi ummæli hv. 1. flm. þessarar till. um ósk af hálfu forráðamanna Flensborgarskóla um að fá á næsta hausti að hefja menntaskólakennslu er það að segja, að forustumenn bæjarfélagsins og skólans hafa rætt við mig um það mál, og hef ég lýst því yfir við þá, að það leyfi skuli fúslega veitt, ef fullnægt er þeim almennu skilyrðum, sem rn. hefur sett fyrir slíkum leyfum. En nokkuð á annan áratug hefur gagnfræðaskólinn á Ísafirði starfrækt 1. bekk menntaskóla með miklum ágætum. Nýlega barst hliðstæð ósk frá gagnfræðaskólanum á Akranesi, og var hún veitt.

Ég endurtek það hér, að það hefur þegar borizt ósk frá forráðamönnum Flensborgarskólans í Hafnarfirði, og hefur henni verið jákvætt tekið, þó að formleg bréf muni ekki hafa gengið um það mál enn þá, og sama gildir um aðra hliðstæða gagnfræðaskóla eða hliðstæða framhaldsskóla, sem bera fram rökstuddar óskir um það að starfrækja 3. bekk eða 1. bekk menntaskóla, hafa til þess húsnæði, hafa til þess kennslukrafta og hafa til þess nægilega marga væntanlega nemendur, en þar hefur verið miðað við 15 nemendur í bekk sem lágmark, þá mun menntmrn. taka jákvætt á slíkum málaleitunum, enda hefur það tvímælalausa heimild til þess að gera það.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 47, n. 526).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Eins og sjá má á þskj. 526, sem er nál. hv. fjvn., þá leggur n. til einróma, að þessi þáltill. verði samþ. óbreytt. Sú skoðun kom raunar fram í n., að vera mætti, að tillöguflutningur sem þessi væri ekki bráðnauðsynlegur, vegna þess að það er svo tekið fram í lögum um menntaskóla, sem voru samþ. á síðasta Alþ., að menntaskólar skuli vera svo margir sem þörf er á. Og ég held, að ég megi segja það, að n. varð sammála um, að það væri orðið tímabært að setja á stofn menntaskóla á fjölbýlissvæðunum hér við Faxaflóa, fleiri en þá, sem nú þegar eru í Reykjavík, og ég held, að mér sé óhætt að segja það, að hæstv. menntmrh. hefur skilning á þessu máli, og marka ég það af því, að ég las fyrir nokkru viðtal við hann, sem var birt í málgagni sambands menntaskólanema. Þar minnist hæstv. ráðh. einmitt á þetta og telur þörf á því, að stofnsettur verði menntaskóli, og nefnir alveg sérstaklega Hafnarfjörð í því sambandi. Það er eins og ég sagði, að n. leggur til, að þessi þáltill. verði samþykkt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 869).

29. Samgöngur við Færeyjar.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samgöngur við Færeyjar [164. mál] (A. 210).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt fimm öðrum hv. alþm. eftirfarandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að vinna að því, að samgöngur milli Íslands og Færeyja verði sem beztar. Jafnframt verði keppt að því að efla samskiptin við Færeyinga, bæði á sviði viðskipta- og menningarmála."

Þegar þessi till. var flutt, lá fyrir, að breytingar mundu verða á Færeyjaflugi. Undanfarin ár hefur Flugfélag Íslands annazt þetta flug í samvinnu við SAS, en flugið milli Færeyja og Danmerkur er talið innanlandsflug, og heimila loftferðasamningar ekki flug Flugfélags Íslands milli þessara landa án samþykkis danskra yfirvalda. Hisn vegar er, eins og kunnugt er, í gildi samningur um millilandaflug, og er Flugfélagi Íslands heimilt að halda áfram flugi til Færeyja og þaðan til Skotlands og Noregs, ef félagið telur sig geta haldið uppi slíkum samgöngum. Nú hefur sú breyting, sem boðuð hafði verið, tekið gildi, og Flugfélag Íslands er ekki lengur aðili að flugi milli Færeyja og Danmerkur, heldur hefur SAS tekið að sér það flug og fengið það á hendur litlu flugfélagi, sem Mærsk nefnist, en verið er að stofna félag með nafninu Danair, og hugmyndin er, að það annist þetta flug. Þrátt fyrir þessar breytingar heldur Flugfélag Íslands áfram nokkru flugi héðan til Færeyja, og er nú ein ferð farin í viku hverri milli Íslands og Færeyja, en þær verða væntanlega tvær í sumar, og eitthvað mun verða flogið frá Færeyjum til Glasgow. Ljóst er, að það er miklum annmörkum háð að sinna þessu flugi án þess að njóta hagnaðar af fjölförnustu grein þess, sem er milli Færeyja og Danmerkur. Kann þess vegna að verða hætta á því, að flugsamgöngur milli Íslands og Færeyja verði strjálli í framtíðinni en verið hefur og jafnvel, að þær falli alveg niður, ef verulegur halli yrði á þessu flugi. Nauðsynlegt er þess vegna, að íslenzk stjórnvöld fylgist með framvindu mála og veiti atbeina sinn til þess að treysta samgöngur milli landanna. Ljóst er, að Færeyingar eru ekki ánægðir með þá þróun, sem orðið hefur í þessum málum að undanförnu, enda meta þeir mjög mikils starfsemi Flugfélags Íslands. Vafalaust hefði verið æskilegast, að samkomulag hefði tekizt milli Færeyinga, Dana og Íslendinga um samvinnu um þetta flug, og er eðlilegt, að íslenzk stjórnvöld styðji að slíkri samvinnu, þótt vera kunni, að ekki sé grundvöllur fyrir henni nú sem stendur.

Eins og að er vikið í grg., hafa samskipti Færeyinga og Íslendinga verið allt of lítil að undanförnu og raunar alla tíð. Leikur ekki á tveim tungum, að báðar þjóðirnar gætu haft margvíslegan hagnað af því að auka samband sín á milli, ekki sízt á þeim tímum, þegar bæði smáþjóðir og smáfyrirtæki eiga undir högg að sækja vegna voldugra heilda, margháttaðrar samvinnu og samsteypu fyrirtækja. Bættar samgöngur á undanförnum árum hafa stuðlað að því, að nokkuð hefur mjakazt í þá átt, að samskiptin ykjust á milli þjóðanna, en miklu meira má gera í því efni. En þótt samvinna á sviði viðskipta og efnahagsmála sé báðum þjóðunum mikilvæg, þá er hitt þó aðalatriðið, að Íslendingar og Færeyingar eru náskyldar þjóðir og ekki er vansalaust, hve takmörkuð samskipti þeirra á sviði menningarmála hafa verið. Það er ekki óeðlilegt, að Íslendingar hefðu frumkvæðið að því að auka þessi samskipti, og kemur þá margt til greina. T. d. mætti auðvelda færeyskum námsmönnum að sækja menntun til Íslands með því að veita færeyskum stúdentum styrki til náms við Háskólann og raunar líka að athuga, hvort unnt væri að gera færeyskum stúdentum kleift að verða aðilar að lánasjóði stúdenta, ef þeir sæktu nám hingað til lands. Áherzlu ætti að leggja á sölu færeyskra bóka á Íslandi og íslenzkra bóka í Færeyjum. Íslenzkir og færeyskir blaðamenn þyrftu að auka samskipti sín, embættismenn og stjórnmálamenn að sækja Færeyjar heim og bjóða færeyskum starfsbræðrum að koma hingað til lands, og atvinnurekendur og sérfræðingar þyrftu að skiptast á skoðunum og auka samvinnu sína. Margt fleira kemur auðvitað til greina, svo sem aukin samskipti íþróttamanna, heimsóknir íslenzkra leikflokka til Færeyja og færeyskra leikflokka hingað, sýningar á málverkum hvorrar þjóðarinnar fyrir sig í hinu landinu, samvinna tónlistarmanna o. s. frv. En tíminn mun leiða það í ljós, hvernig þessu samstarfi verður bezt háttað. Meginatriðið er, að ekki falli niður það samband, sem á s. l. árum hefur verið á milli þjóðanna, heldur verði allt gert, sem unnt er, til að auka það og bæta.

Ég sagði áðan, að samskipti milli Íslendinga og Færeyinga hefðu verið allt of lítil. Á þessa staðreynd hefur raunar áður verið bent, þó án þess að verulegar úrbætur yrðu. Þannig má t. d. til gamans rifja það upp, að Jón Helgason ritaði árið 1919 grein, sem hann nefndi „Færeysk þjóðernisbarátta", og í henni segir m. a. um leiðir til þess að auka samskipti Íslendinga og Færeyinga, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrst og fremst getum við keypt færeyskar bækur miklu meira en við gerum, við munum ekki iðrast þess. Aldrei er verra að vita, hvernig aðrir hugsa en maður sjálfur. Og ef við komum á annað borð auga á, hve náskylt bæði mál og annað er með okkur og Færeyingum, er engin hætta á, að okkur líði það nokkru sinni aftur úr minni. Ef Færeyingar gætu treyst því, að nokkur hundruð eintök mundu seljast á Íslandi af hverri nýtilegri bók, sem þeir gæfu út, ætti það að geta orðið þeim nokkur styrkur. Bezta ráðið að kenna Íslendingum að læra færeysku er sennilega það að gefa út nokkra færeyska leskafla með íslenzkum skýringum, málfræði og orðasafni. Þá þyrfti að gefa út tilsvarandi bók handa Færeyingum með íslenzkum lesköflum, því að þeir eiga að sjálfsögðu eigi síður að lesa okkar mál en við þeirra. Íslenzk blöð ættu að flytja ritdóma um færeyskar bækur og helzt líka greinar á færeysku við og við. Íslenzkir bókaútgefendur ættu að senda fáein eintök af því, sem þeir gefa út, til bókasafnanna í Færeyjum, svo sem amtsbókasafnsins og bókasafna skólanna, fyrst og fremst lýðháskólans. Íslenzkir unglingar þurfa að komast í bréfaskipti við jafnaldra sína færeyska. Málið ætti ekki að vera til baga. Það þarf að fá til Íslands færeyska fyrirlesara og Íslendinga til Færeyja í sama skyni. Og væri loks ekki ráð að stofna íslenzk-færeyskt félag til að vinna að öllu þessu og mörgu öðru?"

Þótt þegar fyrir hálfri öld og raunar nokkru sinni síðar hafi þannig verið vakin athygli á því, hve fráleitt það er, að samskipti Íslendinga og Færeyinga skuli ekki

vera meiri en raun hefur á orðið, hefur lítil breyting orðið til bóta. Helzt er það nú hin allra síðustu ár, að fólk í báðum löndunum gerir sér grein fyrir því að auka þarf samstarfið milli þjóðanna, og er það vafalaust fyrst og fremst að þakka flugsamgöngum, sem haldið hefur verið uppi.

Að till. þessari standa þm. úr öllum þingflokkum, og leyfi ég mér að vænta þess, að allir hv. alþm. séu sammála um það, að eðlilegt sé að Alþingi Íslendinga samþykki till. sem þessa. Af þeim sökum ætti að vera óþarft að hafa um hana öllu fleiri orð. Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn. og vænti þess, að n. afgreiði hana frá sér fljótlega, þannig að hún verði samþ. sem ályktun Alþingis.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að halda ræðu, því að það er óþarfi að bæta við það, sem hv. 1. flm. sagði um þetta mál, en ég gerðist meðflutningsmaður þess með mikilli ánægju, enda geri ég ráð fyrir, að segja megi, að það standi ekki öðrum nær en fulltrúum Austfirðinga að stuðla að auknum samskiptum við Færeyjar, því að þótt Færeyingar hafi á liðnum tíma haft mikil samskipti við marga Íslendinga, þá hafa þau þó ekki verið jafnnáin við aðra en einmitt Austfirðinga.

Ég átti því láni að fagna að dvelja í Færeyjum eina viku s. l. sumar, þegar menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hélt þar fund sinn í Þórshöfn. Ég hafði lengi hugsað sér að reyna að komast til Færeyja í heimsókn, en þessi draumur rættist s. l. sumar, og ég verð að segja, að það rann upp fyrir mér á þessum dögum, sem við vorum í Færeyjum, hvílíkt tjón það hefur verið, ekkert síður Íslendingum en Færeyingum, hvað samskipti þessara þjóða hafa í raun og veru verið lítil, sérstaklega á menningarsviðinu, þó að samskipti þeirra í atvinnumálum hafi verið ærið náin. Ég vil því mjög eindregið vænta þess, að hv. Alþ. styðji þessa till. og hún verði upphaf nýrra tíma í þessum efnum.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað,

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 210, n. 490).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þessa till. á fundum sínum og leggur einróma til, að hún verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 870).

---

30. Verknáms- og þjónustuskylda ungmenna.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna [135. mál] (A. 165).

Á 27., 31. og 32. fundi í Sþ., 23. febr., 5. og 9. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Mál þetta hefur verið flutt með líku sniði á þremur þingum áður, 1967—1968, 1968—1969 og 1969—1970, og er nú flutt í fjórða sinn. Það hefur þó tvisvar fengið afgreiðslu úr n., að vísu ekki samhljóða, en nál. með og móti kom á þinginu 1968—1969. Þar er getið umsagna, sem hv. allshn. bárust um málið, og meiri hl. þessara umsagna var meðmæltur því, að till. yrði samþykkt, og einkum voru á þann veg umsagnir, er bárust frá ýmsum félögum yngri manna.

En í nál. meiri hl. þá, þar sem mælt var gegn því, að till. yrði samþ., er m. a. vitnað í lög, sem sett voru 1941 um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á hjá sér þegnskylduvinnu. Þau lög eru aðeins heimildarlög, og samkv. þeim er ýmsum erfiðleikum háð að koma þessu á, m. a. krafizt verulegs meiri hluta kosningarbærra manna, til þess að þetta verði samþykkt, að þátttaka í atkvgr. sé svo og svo mikil. Þar er talað um, að aldursmörkin verði 16—25 ár, 2—6 vikur árlega fyrir hvern, en þó eigi lengur en þrjú ár samtals. Það er gert ráð fyrir því, að þessi vinna verði kauplaus, en frítt fæði sem kallað er og dvalarkostnaður. Og samkv. þessum lögum er gert ráð fyrir viðurlögum, ef þessi skylduvinna er ekki innt af hendi. En það, sem ég hef aðallega við þessi lög að athuga, er það, að þau eru of svæðisbundin að mínu viti, þar sem þetta er bundið innan ákveðinna sveitarfélaga.

Ég birti fyrir tveimur árum allítarlega grg. með þessari till. og ætla nú að leyfa mér, þar sem nokkuð er langt um liðið frá því að hún lá hér frammi, að lesa hér meginefni hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég nefni nú viðfangsefnið verknáms- og þjónustuskyldu og hef fellt úr tímalengd og aldursskeið. Læt ég væntanlegri mþn. þá ákvörðun eftir með öðru, ef Alþ. vildi nú fallast á till. Ég hef ekki horfið frá þessari hugsjón, þessu uppeldis- og mannbótamáli, þessum farvegi orku, velvilja og vitsmuna til að styrkja og efla land og þjóð. Og mig undrar, hve hljótt er um þennan þátt í öllum þeim þunga nið, er um þjóðlífið fer, í þeim stormandi kröfum um skóla og nám, sem sífellt rísa hærra og hærra. Þykir mér sem sá þáttur, er ég er hér að fjalla um, falli um of í skuggann, því að mér sýnist, að verknáms- og þjónustuskylda sé nauðsynleg jafnvægishreyfing í þjóðfélagi síaukins skólanáms, síaukins bóknáms og skólabygginga. Ég hef vakið athygli á með þeirri till., er ég hef áður flutt, að málið sé vandasamt, krefjist mikils undirbúnings, vandaðrar og einbeittrar stjórnar. Viðfangsefni á ekki að skorta í stóru landi fámennrar þjóðar, sem á það sjálfstæðismál mest að gera landið allt sem byggilegast, með samgöngukerfi og samfélagsumbótum, sem jafna búsetuaðstöðuna.

Þótt ég felli úr till. aldursmörk unglinga og tímalengd verknáms- og þjónustuskyldu, er ég sem fyrr þeirrar skoðunar, að aldursmörkin eigi að vera á 4—5 ára

skeiði og tímalengdin þurfi að vera a. m. k. 3—4 mánuðir og jafnvel lengri. Og verkefnin eru ekki sízt á sviði skógræktar og landgræðslu, bygginga í þágu almennings, svo sem skóla og sjúkrahúsa, vegagerðar og græðslu vegasára, snyrtingu útisvæða, hjálpar- og líknarstarfa. Jafnvel við sjóvinnu og landbúnaðarstörf.

Ég hef undrazt tómlæti um þetta mál. Ekki síður beina andstöðu. Og þó skyldi það ekki vekja svo mjög undrun. Einhver hættulegasti þjóðarkvilli nú er sjálfsmeðaumkunin. Og ýmsa grípur þessi hugmynd um þjónustuskyldu líkum tökum og tugthússdómur, útlegð, smán eða pynding. Hin hliðin er ekki skoðuð, þar sem skyldur þjóðfélagsins eru skráðar, né réttindi unglinganna í fræðslu- og skólamálum. Ég efast ekki um, að flestir muni a. m. k. með árunum viðurkenna réttmæti þessarar skyldu og fagna því að hafa notið hennar og hafa goldið samfélaginu með gagnlegum stundum, líka þeir, sem misskilja gildi þessa og tilgang á þjónustualdrinum. En það er ekki einungis sjálfsmeðaumkunin, sem er meinsemd, heldur og ekki síður meðaumkun margra, sem við uppeldi fást. Steingrímur segir um Ísland:

Oft finnst oss vort land eins og helgrindahjarn.
En hart er það aðeins sem móðir við barn.
Það agar oss strangt með sín ísköldu él,
en á samt til blíðu, það meinar allt vel.

Þetta á ekki beint við um verknáms- og þjónustuskyldu, — ég held, að flestum verði sá tími eins og bros — verði beinar yndisstundir — æskan er yfirleitt heilbrigð, — en ég dreg þetta fram til umhugsunar fyrir þá, sem þjást af sjálfsmeðaumkun og meðaumkun sinna *nánustu*.

Ég hef að yfirlögðu ráði orðað þáltill. á þann veg nú að tala um verknáms- og þjónustuskyldu. Ekki af ótta við tal um þrælahald né til þess að reyna að blekkja um það, sem á bak við býr: Nei! Heldur vegna þess, að slík þjónustuskylda, sem um ræðir í till., er í mörgum tilfellum nám og því fleirum sem velferðarþjóðfélaginu miðar meir áfram. Já, mörgum nám og flestum eða öllum aukin menntun með margvíslegum hætti. Menntun er ekki aðeins nám og þekkingaröflun á skólabekk — jafnvel miklu fremur snerting við almenn störf þjóðarinnar, t. d. ekki sízt ræktunarstörf til nytsemdar og fegrunar. Störf, sem opna flestum nýjan heim, nýja rökhyggju, nýjan skilning á samræmi þjóðlífs og því, hvar ræturnar liggja, sem í þjóðfélagi jafnt og jurt er ekki aðeins festan, heldur er þannig aflað næringarinnar fyrst og fremst til viðhalds og vaxtar. Slíkt verknám og þjónustuskylda þyrfti að koma öllum unglingum í skilning um það, að rætur þjóðlífs liggja í frumframleiðslunni."

Þetta vildi ég endurtaka nú, er ég mæli fyrir þessari till. hér á hv. Alþ. í fjórða skipti. Ég vil minna á það, að í 4. hefti Sveitarstjórnarmála 1970 er frásögn af umræðufundi um unglingavinnu. Þar segir, að á öllu landinu muni hafa verið um 4600 börn í slíkri vinnu hjá kaupstöðum og kauptúnum, svo og um 550 við skógræktarstörf. Þetta finnst mér benda til þess, að það sé býsna mikið svið, sem þessi hugmynd hefur í þjóðlífinu, en ég vil aðeins vekja athygli á því hér enn í sambandi við málið, að þessi unglingavinna er bundin innan hvers sveitarfélags fyrir sig.

Ég rakst á klausu í Frjálsri þjóð, sem birtist þar sem heitir „Lítið fréttablað". Það er lítil pistilsyrpa í Nýju landi, Frjálsri þjóð, og þessi pistilögn heitir þjónustuskylda. Og með leyfi forseta vil ég lesa það, sem þar stóð:

„Jónas Pétursson alþm. hefur endurflutt till. sína til þál. um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna. Þessi till. er ekki frumleg, heldur gömul hugmynd íklædd nýjum skrúða og ber með sér, að flm. hennar lifir í grárri forneskju. Vissulega er það göfugt verkefni fyrir ungmenni að vinna í þágu þjóðfélagsheildarinnar, en er Jónasi Péturssyni ókunnugt um, að í þessu neyzluþjóðfélagi er ekkert gert nema fyrir peninga, að í þessu fyrirmyndarríki svíkja menn, sé þess nokkur kostur, sbr. vinnu-, skatt- og kosningasvik, að í þessu velmegunarríki nægir ekki öllum fjölskyldum ein fyrirvinna, að námsfólk þarf a. m. k. að vinna á sumrin til að geta stundað nám að vetrinum.

Ó, hve margur yrði sæll
og elska mundi landið heitt
mætti hann vera í mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt.

Þessi vísa gildir enn sem svar við hugmyndunum um þegnskyldu. Við leysum ekki unglingavandamálin með því að láta unglingana vinna kauplaust fyrir þjóðfélagið."

Svo mörg eru þessi orð í Litlu fréttablaði Frjálsrar þjóðar. Ég vil aðeins segja það út af þessari klausu, að mér sýnist, að rakanna sé sérstaklega leitað í þessari vísu Páls heitins Árdals aftur til aldamóta eða um það bil, og sá, sem sækir rökin gegn þegnskylduvinnu þangað, hann finnst mér ekki lifa síður í grárri forneskju en flm. þessarar þáltill.

En ég hef mikið velt fyrir mér, hvernig stendur á þessari dæmalausu tregðu hv. alþm. að taka afstöðu til þessa máls, tregðu, því að á annan veg verður tæpast skilið, að ekki hefur fengizt afgreiðsla á till., þrátt fyrir margendurtekinn flutning og afgreiðslu úr n. Í fyrsta lagi fær málið sjálft, ákvörðun um þjónustuskyldu, ekki afgreiðslu með þessari till. Hins vegar má ætla, að þeir, sem eru till. samþykkir um rannsókn málsins, séu a. m. k. ekki beint andvígir málinu, en þó er eins og einhver beygur í mörgum alþm. Er það vegna þess, að þeim kemur þrælahald í hug, þegar skylduvinna er nefnd? Er svo kynsterk sú erfðahugsun, þau andlegu áhrif, sem erfið lífsbarátta margra alda hafði á Íslendinga, að velsældarskeið slík sem verið hafa síðustu áratugi megna ekki að má þau í burtu? Svo sterk, að margslungin verkefni samfélagsins, sem falla sífellt til og þarf að sinna og eru kjörinn menntabrunnur, a. m. k. lítt vinnuvönum unglingum, og öllum heilsu- og sálubót, megna ekki að kalla fólk til fylgis við þessa till. Mörgum hefur reynzt vel, til að brynja sig gegn einhverri skoðun eða hugmynd, að mála fjandann á vegginn. Því flestir eru a. m. k. í orði kveðnu honum andstæðir. Ég held þó, að sífellt hækki gengi heilbrigðrar hugsunar, eigin mats á rökum máls. Vinna er blessun, en ekki bölvun, sérstaklega líkamleg vinna. Þjóðfélagi fylgja réttindi og skyldur, ella stenzt það ekki. Réttindi ókeypis kennslu í skólum eru mikil. Ég tel t. d. eðlilegt, að einhver skylda komi þar á móti. Hugsa ég þó svo, að jafnframt yrði skylduþjónustan liður í kennslu, enda nú orðið mörgum hvað mest nauðsyn að læra að vinna og hljóta þá

þjóðfélagslegu menntun, sem í vinnunni býr, tengja þegn og þjóðfélag. Viss þáttur þessa máls er viðurkenndur með unglingavinnu í þéttbýlinu. En það vantar tilfinninguna fyrir því, að verið sé að gegna skyldu við þjóðfélagið, og það vatnar þá þjóðfélagsjöfnun, sem unglingavinnan, skyldaþjónustan, þarf að fela í sér með því að taka fyrir verkefni viðs vegar í strjálbýlinu, sem æskufólk þéttbýlisins leysir af hendi. Þannig mætti og á að stuðla að þjóðfélagslegum jöfnuði. Þess vegna tel ég ranga hugsun í lögunum frá 1941, sem miðuðu við innbyrðis skyldu hvers sveitarfélags.

Ég hef síðustu árin sérstaklega hugleitt frágang og snyrtingu við vegalagningu og græðslu og jöfnun sára, sem hljóta að koma, eru afleiðing vegalagningar. Ég tel mjög óhyggilegt, að framkvæmdaflokkur, sem sannarlega þarf að beita allri orku í hraða, trausta og ódýra framkvæmd, eigi jafnframt að annast snyrtingu og græðslu sáranna í landið og fegrun vegkantanna. Þarna, einmitt þarna, er kjörið verkefni unglingaflokka. Þetta er geysimikið verkefni um land allt, nauðsynjaverkefni, og tilgangurinn ljómar við æskufólkinu, að hraða vegagerð enn meira. Þeir leggja viðbótarafl í verkefnið að byggja vegakerfið í landinu. Þeir græða sárin, sem því miður verður að valda, og fegra það land, sem við flestum blasir, íslenzkum jafnt sem erlendum, sem um landið ferðast, og þeir jafna aðstöðu fámennra og fjölmennra byggðarlaga, sem í mínum huga er hvað mest um vert. Áhrif slíks starfs eiga að glæða guðsneistann í sál unglingsins, áhrif starfs, sem bætir, fegrar og jafnar.

Nú er ný skólalöggjöf í mótun. Hún hefur verið rædd hér á Alþ. Margt er vel um hana, mest þó um vert að minni hyggju strjálbýlisins vegna, að landsprófið er lagt niður og þar með sú tvískipting gagnfræðanámsins, sem hefur komið í veg fyrir, að gagnfræðanámið gæti færzt svo nærri heimilunum sem æskilegt og nauðsynlegt er. Fámenn byggðarlög hafa með landsprófsvenjunni misst aðstöðu til þess að koma við hjá sér því námi og þeirri kennslu, sem gagnfræðanámið hefur fólgið í sér, og af því hefur svo leitt meiri kostnað heimilanna, sem þess vegna hafa orðið að senda börn sín og unglinga lengra í burtu. En lenging skólanámsins í 9 mánuði á ári er að mínu viti ekki við hæfi sveitanna. Það ákvæði grunnskólalaganna felli ég mig ekki við. Ég hef þá trú á þátttöku barnanna og unglinganna í atvinnulífinu, ég hef þá trú á þátttökunni sem menntabrunni, að ógæfa sé að kippa þeim tengslum frekar í burtu. Verknáms- og þjónustuskylduna á að tengja skólanáminu, gera þann tíma gildan námstíma, a. m. k. öllum þeim unglingum, sem þess óska.

Nú liggur þessi till. mín fyrir í því formi, sem fimm allshn.-menn af sjö felldu sig nokkurn veginn við á síðasta þingi. Þess vegna vil ég nú vona, að málið geti gengið fljótt og komið til atkv. á Alþ. En ég tel þó rétt, þrátt fyrir það, að allshn. afgreiddi það á þennan hátt á síðasta ári og sé enn skipuð sömu hv. alþm. sem þá, að því verði vísað til n. að þessari umr. lokinni, og legg ég svo til, að málinu verði jafnframt vísað til síðari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 165, n. 649).

Frsm. meiri hl. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. þessi, sem hér er til afgreiðslu, hefur legið fyrir allshn. raunar bæði í vetur og í fyrravetur og var send þá til umsagnar ýmsum aðilum, svo sem kennarasamböndum og fleiri slíkum, sem yfirleitt studdu það, að slík athugun, sem till. gerir ráð fyrir, færi fram. Hins vegar var allshn. ekki að öllu leyti sammála um afgreiðslu málsins, en meiri hl. n. leggur til, eins og segir á þskj. 649, að till. verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 26:7 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 871).

---

31. Vegáætlun fyrir árin 1971 og 1972.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgða-vegáætlun fyrir árið 1972 [251. mál] (A. 482).

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Með hækkun á benzíngjaldi og þungaskatti, sem samþ. var á Alþ. fyrir lok síðasta árs, voru tekjur Vegasjóðs áætlaðar hækka um 255.3 millj. kr. Samkv. því er gert ráð fyrir, að tekjur af benzíngjaldi á árinu 1971 nemi 613.1 millj. kr., á þungaskatti 197.7 millj. kr. og af gúmgjaldi 44 millj. kr. Ríkisframlag er 47 millj. kr. Brúttótekjur verða því 901.8 millj. kr. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu á benzíngjaldi, 14 millj., og þungaskatti, 4 millj. kr. Nettótekjur á árinu 1971 eru því áætlaðar 883.8 millj. kr., en á árinu 1972 943.1 millj. kr. Auk þess verða tekin framkvæmdalán til vegagerðar á þessu ári að upphæð 328.8 millj. kr. Á árinu 1972 er einnig gert ráð fyrir að taka framkvæmdalán til hraðbrauta og fleiri framkvæmda. Meiri hlutinn af þeim lánum, sem tekin verða til vegaframkvæmda, er vegna hraðbrautagerðar og einnig vegna Austfjarðaáætlunar og til vegaframkvæmda á Norðurlandi. Hraðbrautaframkvæmdir þær, sem nú standa yfir, munu kosta rúmlega 800 millj. kr. Eru þær fjármagnaðar með framlögum frá Vegasjóði og lánum, mest frá Alþjóðabankanum. Árið 1971 og 1972 verða þessar framkvæmdir því fjármagnaðar að hálfu úr Vegasjóði og að hálfu með láni úr Alþjóðabankanum.

Á árinu 1971 mun ríkissjóður greiða auk afborgana 59.4 millj. í vexti af vegalánum, en Vegasjóður 13.1 millj. Til nýbygginga þjóðbrauta verður varið á árinu 66.1 millj. kr., til landsbrauta 79.6 millj. kr. Þá verður

nokkru fé varið til girðinga og uppgræðslu, byggingargjalda, orlofs og til rannsókna á Skeiðarársandi. Til viðhalds þjóðvega er gert ráð fyrir að verja á þessu ári 250 millj. kr. Þá er einnig til vegmerkinga 1.8 millj. kr. Til fjallvega, aðalfjallvega og annarra fjallvega, reiðvega og tryggingargjalda er varið 3.3 millj. kr. Til brúa 10 metra og lengri er gert ráð fyrir að verja 49 millj. kr., til smábrúa 8.2 millj., til tryggingargjalda, orlofs o. fl., sem leggst við þennan kostnað, 2.1 millj. kr. Til sýsluvegasjóða og vega í kaupstöðum og kauptúnum verður varið 85.5 millj. kr., til véla- og áhaldakaupa 15 millj., til byggingar áhaldahúsa 4 millj., til tilrauna í vegagerð 4.5 millj., til greiðsluhalla á vegáætlun ársins 1969 25.2 millj. kr. Hallinn frá árinu 1970 reyndist vera 73.8 millj. kr., sem stafar af því, sem áður hefur verið greint frá, þegar rætt var um framkvæmdaskýrslu ársins 1970. Gert er ráð fyrir, að hallinn 1971 verði 29.8 millj. kr., og er þá greiddur rúmlega helmingurinn af halla ársins 1970. En þegar gerð verður áætlun á næsta hausti fyrir árin 1972—1975, verður vitanlega tekið til athugunar, hvernig megi brúa þetta bil. Eins og fram er tekið, er till. til vegáætlunar fyrir árið 1972 aðeins bráðabirgðaáætlun, og þykir því ekki eðlilegt á þessu stigi málsins að ræða áætlun fyrir það ár frekar að sinni.

Í áætluninni er framlag ríkissjóðs 47 millj. kr. Sú upphæð verður til endurskoðunar á næsta sumri og hausti, þegar fjárlög fyrir árið 1972 verða samin. Liggur ljóst fyrir, að þegar rætt verður um framkvæmdaáætlun ársins 1972, er ekki nema um tvennt að ræða, að ýta hallanum á undan sér og hækka ekki þær fjárveitingar, sem fyrir liggja í bráðabirgðaáætluninni, eða fá auknar tekjur úr ríkissjóði. Ég hygg, að fæstir leggi það til að auka tekjur Vegasjóðs á næsta hausti með því að hækka benzíngjald og þungaskatt. Það væri ekki skynsamlegt. En þetta atriði verður til athugunar og umr., þegar fjárlög verða samin fyrir árið 1972, hvort þá þykir fært að auka tekjur Vegasjóðs með hækkuðu ríkisframlagi, eins og æskilegt væri að gera.

Þótt tekjur Vegasjóðs hafi aukizt mikið og unnið sé nú fyrir margfaldar þær upphæðir, sem miðað var við fyrir fáum árum, þá er þörfin fyrir vegabætur það mikil, að allir geta verið sammála um, að enn sé nauðsynlegt að auka tekjur Vegasjóðs. Eins og áður er sagt, greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af meginhluta þeirra lána, sem á Vegasjóði hvíla, auk framlags, sem áður getur, 47 millj. kr.

Lagt er til að breyta nokkuð flokkun vega: á Vestfjörðum Súgandafjarðarvegi, í Norðurlandskjördæmi eystra Svarfaðardalsvegi, Laxárdalsvegi og einnig Fagranesvegi, í Suðurlandskjördæmi Þjórsárdalsvegi; í stað þess, að vegurinn nái að Ásólfsstöðum, komi: að vegamótum að Stöng austan Fossár. Þá er og breyting á aðalfjallvegum, þ. e. Sprengisandsleið; í stað „hjá Haldi, Búðaháls" komi: hjá Sigöldu, vestan Þórisvatns um brú á Köldukvísl, en eins og kunnugt er, hefur nú verið lagður vegur alla leið þarna inn eftir, og er kominn góður áfangi á leiðinni norður í land. Enn fremur bætist við 2. mgr.: Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug og Vesturdalsveg hjá Litlu-Hlíð.

Launaliður hefur hækkað af eðlilegum ástæðum í samræmi við hækkað kaupgjald. Auk þess hafa eftirlaunagreiðslur hækkað nokkuð og skrifstofukostnaður, sem stafar mest af verðbreytingum. Gert er ráð fyrir hækkun viðhaldsfjár úr 206.9 millj. kr. í 250 millj. kr. Er það nokkru meira en nemur verðhækkunum, ekki síst með tilliti til aukinnar hagræðingar í vegagerð og breyttum vinnubrögðum. Í láni því til kaupa á vegagerðarvélum, sem tekið var hjá Alþjóðabankanum jafnhliða láni til hraðbrautaframkvæmda og nemur 45 millj. kr., er einn stærsti liðurinn ætlaður til kaupa á nýrri mulningsvélasamstæðu til vinnslu á slitlagi á malarvegi. Mulningsvélar þessar kosta um 15 millj. kr., og er gert ráð fyrir, að vél þessi verði staðsett á Norðurlandi til vinnslu malar í slitlag frá Holtavörðuheiði til Norður-Þingeyjarsýslu. Sams konar mulningsvélasamstæða hefur verið rekin á Suður- og Vesturlandi frá árinu 1966 með mjög góðum árangri. Það hefur sýnt sig, þegar borið hefur verið ofan í malarvegi mulið grjót úr þessari vélasamstæðu, að ofaníburðurinn hefur reynzt miklu betur en þegar borið hefur verið ofan í veginn venjuleg möl eða sandur, eins og oft hefur þurft að grípa til. Með því að fá þessa vélasamstæðu nýtist vegafé mun betur en áður. Gert er ráð fyrir, að rekstrarkostnaður þessarar vélar sé yfir árið 8.5 millj. kr.

Hækkun framkvæmdafjár til þjóðbrauta og landsbrauta miðast við það að geta haldið vegáætluninni þrátt fyrir þær hækkanir, sem orðið hafa á framkvæmdakostnaði vegna verðhækkana. Talið er, að hækkun á framkvæmdakostnaði nemi um 17.5% frá því, að áætlunin var upphaflega gerð. Sama máli gegnir með brúafé, að hækkun til brúagerða miðast við það að geta gert allar þær brýr, sem upphaflega voru á áætluninni. Á árinu 1971 verða tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. gr. innheimtar miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1970, og hækkar framlag til sýsluvegasjóða í samræmi við það.

Vegasjóður hefur aldrei haft eins mikið fé til framkvæmda um allt land og á þessu ári. Mun mest bera á hraðbrautaframkvæmdum á Suðurlandsvegi og á Vesturlandsvegi. Þessum framkvæmdum á að ljúka á næsta ári. Þá verður einnig byrjað á að vinna að Austurlandsáætlun og nýjum vegaframkvæmdum á Norðurlandi, einkum út frá Akureyri. Með þeim tekjum, sem Vegasjóði hafa verið tryggðar, verður hægt að halda áfram hraðbrautaframkvæmdum, eftir að því er lokið, sem nú er unnið að. Enginn vafi er á því, að með þessu framkvæmdafé er stigið stórt spor til þess að gera varanlega vegi í landinu og til þess að bæta vegakerfið í heild, þótt enn sé ekki fært að setja varanlegt slitlag nema á þá vegi, þar sem umferðin er mest. Samkv. þessari áætlun eru 39.2 millj. kr. til nýrra framkvæmda, sem verður skipt upp á landsbrautir og þjóðbrautir. Mun fjvn. gera till. um skiptingu þessa fjár í einstök kjördæmi og þm. hvers kjördæmis síðan skipta fénu á ýmsa vegi í kjördæminu, þar sem þörfin er mest.

Vonir standa til, að tekjuáætlun Vegasjóðs standist. Ekki er þó unnt að áætla tekjur af þungaskatti með fullri nákvæmni, vegna þess að enn er of skammt síðan nýja kerfið var upp tekið með gjaldmæla í dísilbifreiðum. Þó er talið fært að gefa ríflegan afslátt til þeirra, sem mest aka, og í gær var gefin út reglugerð, sem gerir þetta mögulegt. Með þessari reglugerð og þessum afslætti, sem ákveðinn er, er gengið eins langt og fært þykir, og talið er, að tekjur Vegasjóðs standist þrátt fyrir

það, eins og reiknað er með í till. til vegáætlunar, sem hér er til umr. Í hinni nýju reglugerð er aukinn afsláttur til sérleyfisbifreiða og strætisvagna, þ. e. að sá þungi, sem áður var frá dreginn og miðaðist við 25%, er hækkaður upp í 30%. Þetta léttir nokkuð gjöldum af þessum bifreiðum. En sérleyfishafar hafa óskað eftir því, að til móts við þá væri gengið. Og með þessari reglugerð er gert ráð fyrir því, að þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið samkv. 1. gr. reglugerðarinnar, sem miðast við 1. gr. vegalaga, og ekið hefur verið yfir 30 þús. km á einu ári, skuli endurgreiða 15% af kílómetragjaldi, sem fellur umfram 30 þús. km og að 45 þús. km, en 25% af kílómetragjaldi umfram 45 þús. km. Endurgreiðsla þessi kemur til frádráttar ársfjórðungsgjaldi, er akstur hefur náð 30 þús. km. Með þessu er komið verulega til móts við þá, sem hafa mest kvartað undan hækkun á þungaskattinum, og er enginn vafi á því, að þessari reglugerð verður fagnað, og það hefur ekki verið búizt við því, að afslátturinn gæti numið svona hárri prósentu, 25%. Það er gott að geta komið þannig til móts við þá, sem mest aka, en halda þó þeim tekjum, sem reiknað er með í áætluninni.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og fjvn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í því, sem ég kann að segja hér á eftir, mun ég víkja nokkuð jöfnu að vegamálunum í landinu og till. til þál. um vegáætlun, sem hér liggur fyrir, og taldi það heppilegri málsmeðferð en fara að ræða sérstaklega um vegamálin í sambandi við skýrslu hæstv. samgrh.

Þáltill. til vegáætlunar er með öðrum hætti nú en verið hefur það ár, sem raunveruleg endurskoðun hefur átt sér stað, og stafar það af þeirri lagabreytingu, sem gerð var fyrir jólin í vetur á vegalögum, þar sem þessi till. er sjálfstæð till. Hins vegar lít ég svo á, að þær ákvarðanir, sem teknar voru með vegáætluninni, sem afgr. var á þinginu 1969, muni halda áfram í þeirri nýju vegáætlun, sem hér verður gerð, enda þótt formið á till. nú sé ekki með þeim hætti. Ég tel, að að þessu leyti hljóti meðferð málsins að vera sú sama og um endurskoðun á vegáætlun verði að ræða og svo verði fyrir árin 1971 og 1972, þó að lagabreyting hafi verið gerð, sem breyti forminu á þessu.

Ég get ekki látið hjá líða að víkja að því, hvað þetta mál er seint á ferðinni hér á þessu hv. Alþ. Nú er 19. marz í dag, og það er gert ráð fyrir því, eða það hefur a. m. k. komið til umr., að Alþ. því, sem nú situr, ljúki fyrir páska, svo að tími sá, sem þetta mál verður hér til meðferðar á hv. Alþ., verður mjög skammur, ekki sízt þegar það er haft í huga, að nú er komið hér mikið af málum, sem þarfnast afgreiðslu og verða til meðferðar þingsins á sama tíma. Það er enginn vafi á því, að nauðsyn ber til, að hv. Alþ. hafi lengri tíma til að fjalla um mál eins og vegáætlun heldur en nú kemur til með að verða.

Í framhaldi af þessu vil ég svo víkja að þeim viðhorfum, sem eru í vegamálum nú, þegar þessi endurskoðun á vegáætlun fer fram. Eins og upplýst hefur verið, hefur bílum landsmanna mjög fjölgað á seinustu árum. Árið 1960 voru hér 21 600 bifreiðar í landinu, en í lok ársins 1970 var talið, að hér væru um 47 þús. bifreiðar. Þeim hefur því fjölgað á annað hundrað prósent á þessu tímabili. En jafnhliða því, sem þessi fjölgun bifreiða hefur átt sér stað, hafa þær einnig orðið miklu stærri, og sérstaklega hefur orðið sú breyting á í sambandi við vöruflutninga um landið og meðfram ströndum þess, að þetta hefur færzt mjög inn á landleiðirnar og vöruflutningar með stórum vöruflutningabílum hafa aukizt verulega. Þessi þróun, bílafjölgunin, stærri bílar og vöruflutningar á landi, gengur öll í sömu átt, hún krefst meiri aðgerða í vegamálum en áður hafa verið og knýr þungt á um framkvæmdir þar. Til viðbótar þessu er svo það, að margir af elztu vegum þessa lands eru einmitt á þeim leiðum, sem eru einna fjölfarnastar, það er á aðalleiðunum, og það er svo komið, að víða er á aðalleiðum orðið þannig, að vegakerfið þolir ekki umferðina. Ég tel, að svo sé orðið um nokkurn hluta Vesturlandsvegar. Þar eru vegir af eldri gerð á aðalleiðunum, vegir, sem voru gerðir meðan handverkfæri voru ráðandi í vegagerð, og þessir vegir þola ekki umferðarþungann. Ég ferðaðist nokkuð um það kjördæmi nú í vetur, og þá voru vegir alauðir, en þeir voru þá svo illa farnir, að mér er það fullkomlega ljóst, að nauðsyn ber til að endurbæta þá nú þegar.

Það, sem mestu máli skiptir í sambandi við vegaframkvæmdir í landinu, er að sjálfsögðu það fjármagn, sem hægt er að ná til þess að standa undir framkvæmdunum. Á kjörtímabilinu hefur benzínskattur verið hækkaður um 68.5%. Ástæðan til þessarar hækkunar á benzínskattinum hefur verið knýjandi nauðsyn á því að auka tekjur Vegasjóðs, og hefur svo farið, að þm. hafa yfirleitt staðið saman um þetta. Nú er það hins vegar ljóst, eins og fram kom í ræðu hæstv. samgrh., að hér er svo langt gengið, að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að auka tekjur Vegasjóðs með þessum hætti. Það hefur sýnt sig á síðustu árum, að magn það, sem selt hefur verið af benzíni, hefur minnkað, þó að bifreiðunum hafi fjölgað, og t. d. vil ég geta þess, sem fram kemur í skýrslu hæstv. samgrh., með leyfi hæstv. forseta, að á árinu 1967 voru seldir hér 72.2 millj. lítrar af benzíni, árið 1968 71.5, 1969 69.3 og 1970 69.7. Þessi þróun sýnir það, að ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að hægt verði að auka tekjur Vegasjóðs með sama hætti og gert hefur verið nú á þessu kjörtímabili. Hér verða ný ráð að koma til, ef vegagerðin í landinu á ekki að dragast saman.

Það hafa oft verið um það deilur hér á hv. Alþ., hvernig með tekjur til vegamála skyldi farið, og ég hef verið í þeirri sveit, sem hefur deilt á hæstv. ríkisstj. fyrir það, að ríkissjóður tæki til annarra þarfa of mikið af þeim tekjum, sem umferðin í landinu gefur, í staðinn fyrir að láta það ganga til vegaframkvæmda í landinu, eins og nauðsyn bæri til. Á árinu 1963, þegar vegalögin voru afgreidd, var ákveðið, að framlag ríkissjóðs skyldi verða 47 millj. kr. En þetta stóð ekki lengi, heldur gilti þetta á árinu 1964, en á næsta ári á eftir, 1965, var þessi fjárveiting skorin niður með lögum þar að lútandi um 20%, og á árinu 1966 voru allar fjárveitingar frá ríkissjóði til vegamála felldar gersamlega niður. Þetta var að minni hyggju mjög misráðið. Og í landi, sem hefur lélegt vegakerfi en ríka þörf fyrir samgöngur, þá var þetta óframkvæmanlegt, enda hefur það orðið til þess að skapa margvíslega erfiðleika í vegaframkvæmdum hér á landi. Það var ekki fyrr en á árinu 1969 í sambandi við benzínskattshækkun, sem þá var gerð, sem tókst að

fá ríkissjóð til þess að greiða aftur þetta framlag til vegamála, sem gert var með þeim hætti, að hann tók að sér að greiða vexti og afborganir af lánum, sem Vegasjóður hafði tekið.

Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um það, hve miklar tekjur ríkissjóður hafi fengið af umferðinni á áratugnum 1960—1970 að báðum árum meðtöldum, þ. e. 11 árum, umfram það, sem gekk til samgöngumálanna. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið þar um, sem ég held, að séu öruggar, því að þær hef ég fengið bæði frá Hagstofu Íslands og eins frá FÍB, þá mun ríkissjóður hafa fengið í sinn hlut í tekjur af umferðinni á þessu 11 ára tímabili yfir 4 milljarða kr. eða nákvæmlega 4 300 millj. kr. Hér er um geysilega háa fjárhæð að ræða, og ekki sízt er það alvarlegt, þegar haft er í huga, hvernig ástandið er í vegagerð á okkar landi og hve mikla nauðsyn ber til að ýta þeim málum áfram. Það gladdi mig því stórum, þegar ég heyrði það í ræðu hæstv. samgrh. hér áðan, að hann taldi, að leiðin til aukinna tekna nú yrði að vera aukið framlag ríkissjóðs, því að aðrir möguleikar væru ekki fyrir hendi. Ég vil taka undir þetta og tel, að benzínsalan síðustu árin hafi einmitt sannað það, að við erum komnir svo langt í álagningu á benzínsöluna, að lengra er ekki hægt að fara í þeim efnum. Þess vegna verður að hverfa að þeirri leið, sem ég hef margoft lýst hér yfir fyrir hönd Framsfl., að yrði að hverfa að, að ríkissjóður verði að leggja fram af þeim tekjum, sem hann hefur frá umferðinni, til vegamálanna.

Annað atriði, sem hefur haft geysileg áhrif á vegamálin hér á landi á þessu kjörtímabili og reyndar lengur þó, er sú stefna í efnahagsmálum, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt. Kostnaðurinn við vegagerðina hefur vaxið það mikið á síðustu árum, að hann hefur gleypt verulegan hluta af þeim tekjum, sem Vegasjóður hefur haft og ætlaðar voru til framkvæmda í vegamálum. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að gengisbreytingarnar 1967 og 1968 kostuðu Vegasjóð 164 millj. kr. Erlendar skuldir Vegasjóðs hækkuðu þetta mikið við gengisbreytinguna. Vextir af lánum Vegasjóðs á þessu tímabili eru 100 millj. kr., og verðhækkunin á framkvæmdaliðum vegáætlunarinnar, sem gerð var 1969 og gilda átti til 1972, er svo mikil, að á árunum 1971 og 1972 er hér um 240 millj. kr. að ræða. Gengisbreytingarnar og verðhækkanirnar vegna þeirra á þessum tveimur árum kosta Vegasjóð um 400 millj. kr. Hér er um geysilega háar fjárhæðir að ræða, og Vegasjóð, sem nú hefur um 900 millj. kr. í tekjur eftir að þær voru hækkaðar um síðustu áramót, munar um minna en 400 millj. kr. á þessu tímabili. Þess vegna er ljóst, að það skiptir vegagerðina í landinu meginmáli á næstu árum, svo sem það hefur gert á síðustu árum, hvernig á efnahagsmálum þjóðarinnar verður haldið, því að ef áfram verður haldið að fella gengið og verðbólga verður með sama hraða og hún hefur verið á þessu kjörtímabili, þá munu tekjur Vegasjóðs hrökkva skammt.

Í sambandi við vegamálin vil ég svo minna á það, að þegar sú ákvörðun var tekin í vetur að hækka benzínskattinn og þungaskattinn, þá varð af sjálfu sér að leggja til grundvallar þau auknu útgjöld, sem Vegasjóður stóð frammi fyrir á þeim árum, sem eftir voru af áætlunartímabilinu. Og á árinu 1971 hefði þessi mynd verið þannig, að verðhækkunin nam 128 millj. kr. Afborganir og vextir af lánum voru 83 millj. kr., og tekjurýrnunin frá því, sem gert var ráð fyrir, var 29 millj. kr. Hér er um 240 millj. kr. að ræða, sem staða Vegasjóðs versnaði um frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar vegáætlunin 1969 var samin fyrir árin 1969—1972. Og hvað þýddi þetta í raun og veru fyrir Vegasjóð? Það var gert ráð fyrir því, að Vegasjóður greiddi 100 millj. kr. í framkvæmdir í hraðbrautum á árinu 1971. Til þjóðbrauta átti að verja á því ári 55.3 millj. kr., til landsbrauta 63.3 millj. og til brúagerða 48.8 millj. Þetta eru samtals 267.4 millj. kr. Þetta dæmi segir það, að ef ekkert hefði verið að gert í vetur til að auka tekjur Vegasjóðs, þá hefðu orðið 27.4 millj. kr. til framkvæmda í allri vegagerð á Íslandi á árinu 1971. Við þetta bætist svo það, að hallinn á vegáætluninni 1969 var 25.2 millj. kr., svo að þegar hann er tekinn með, þá er búið að nota það fjármagn, sem átti að fara til vegaframkvæmda í landinu. Þegar þetta er haft í huga, þá þarf ekki að taka það fram, sem öllum hv. þm. var ljóst í vetur, að hér var mikið alvörumál á ferðinni, sem varð að mæta með þeim hætti, sem gert var, því að ekki voru möguleikar á því að mæta því á annan hátt, þar sem ekki voru tök á því hjá þeim þingmeirihluta, sem ræður hér á hv. Alþ., að auka framlög ríkissjóðs til vegamálanna.

Í sambandi við fjármál Vegasjóðs vil ég vekja athygli á því, eins og fram kom í skýrslu hæstv. samgrh. hér áðan, að hallinn á vegáætluninni er 73 millj. kr. á árinu 1970, svo að samanlagður halli á Vegasjóði 1969 og 1970 er 99 millj. kr. Hér er um mjög alvarlega hluti að ræða, sem ekki verður komizt hjá að horfast í augu við. Og þegar vegáætlunin er lögð fram, þá er gert ráð fyrir því, að halli á vegáætlun 1972 verði 29.8 millj. kr., en þá er hins vegar gert ráð fyrir, að búið verði að greiða hallann, sem hér hefur verið tilgreindur. Hæstv. ráðh. vék að því hér áðan, að það yrði að mæta þessu með framlagi úr ríkissjóði, því að ekki yrði um frekari aukningu á tekjustofnum þeim að ræða, sem Vegasjóður hefur. En hér er að sjálfsögðu um verulegt vandamál að ræða, þegar halli á vegáætlun er kominn á annað hundrað millj. kr.

Þá vil ég geta þess, að eins og fram kemur í skýrslu hæstv. samgrh., þá eru skuldir vegna vegagerðar í landinu í árslok 1970 um 720 millj. kr., eða 750, þegar landsbrautir og þjóðbrautir eru teknar með. Gert er ráð fyrir verulegum lántökum á árinu 1971, og má því gera ráð fyrir, að skuldir vegna vegamála, sem ríkissjóður og Vegasjóður standa undir, verði á annan milljarð á þessu eða næsta ári. Ef svo það ætti að henda, að gengi yrði lækkað hér á næsta kjörtímabili, eins og gert hefur verið á því, sem nú er senn á enda, þá eru alvarlegar horfur með fjárhag í vegamálum. Og ef verðbólgan þróaðist á svipaðan hátt og nú síðustu fjögur árin, þá sjáum við, hvert stefnir í vegagerð hér á landi. Það ætti því að vera öllum ljóst, að efnahagsstefna þjóðarinnar eða stjórnvalda verður að vera gætnari en hún hefur verið, ef halda á áfram með verulega uppbyggingu í vegamálum, svo sem við stefnum allir að. Það er því stór þáttur í vegamálum á Íslandi, að fylgt sé gætinni stefnu í efnahagsmálum, ekki sízt þar sem svo gífurlega há erlend lán eru komin í vegagerðina hér á landi.

Hvað er svo fram undan í vegamálunum hér almennt séð? Það, sem fram undan er, er það, að umferðin eykst.

Hjá því verður ekki komizt. Það stefnir allt að því, og við verðum að gera ráð fyrir, að svo verði. Það þýðir einnig, að við verðum að gera ráð fyrir auknum framlögum og auknum átökum í vegamálum.

Í sambandi við vegáætlunartillöguna, sem hér liggur fyrir til fyrri umr., vil ég vekja athygli á því, að kostnaður við stjórn vegamála og undirbúning framkvæmda í vegamálum hefur hækkað verulega frá því, sem gert var ráð fyrir í vegáætluninni 1969. Eins og lagt er til í vegáætlun nú, mun kostnaður við stjórn og undirbúning vegaframkvæmda verða 41.2 millj. kr. á árinu 1970 í staðinn fyrir 24.5 millj., eins og vegáætlunin, sem nú gildir, gerði ráð fyrir. Hér er um að ræða 68% hækkun. Á árinu 1972 er gert ráð fyrir, að þessi kostnaður fari upp í 46.7 millj. kr. eða 83% hækkun frá því, sem vegáætlunin gerði ráð fyrir. Hér er orðið um verulega háar fjárhæðir að ræða, og það verður að gera ráð fyrir því, að hér sé fyllstu hagsýni gætt í meðferð þessa máls, en framkvæmdin er farin að hafa veruleg áhrif á útgjöld Vegasjóðs.

Þá vil ég vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir, að til viðhalds á þjóðvegum á landinu fari 250 millj. kr. Er hér um hærri upphæð að ræða en áður hefur verið, en notagildi fjárins er ekki miklu meira en reiknað var með vegna þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefur síðan vegáætlunin var samin. Til hraðbrauta á að verja 162 millj. kr. af fé Vegasjóðs og til landsbrauta, þjóðbrauta og brúagerða 232.4 millj. kr., þegar þessar 39 millj. kr. eru teknar með. Þegar þessar tölur eru athugaðar, þá kemur í ljós, að hv. Alþ. situr yfir því að skipta fjármagninu fyrst og fremst til landsbrauta og þjóðbrauta og til brúa, sem er þó ekki orðið nema lítill hluti af því fjármagni, sem til meðferðar er á vegáætluninni. Það er um 24% af heildarfjármununum. Það vaknar því sú spurning, hvort hér sé ekki verið að viðhafa mjög skrýtin vinnubrögð, að sitja yfir því að skipta 24% af fjárhæðum, og að Alþ. hafi svo engin áhrif á það fé, sem fer til viðhalds á vegum á landinu eða til hraðbrautaframkvæmda. Því að þannig er það í raun og veru, að Alþ. hefur ekki áhrif á meðferð þess fjár. Ég vek athygli á þessu vegna þess, að hér er orðið um svo lítinn hluta að ræða af heildarfjármagni Vegasjóðs, sem Alþ. raunverulega skiptir sér af. Ég dreg í efa, að þessi stefna sé rétt eða farsæl, en sú þróun hefur orðið á síðari árum, ekki eingöngu í vegamálum, heldur einnig í öðrum flokkum framkvæmdafjárins, að embættisvaldið hefur haft meira um framkvæmdirnar að segja og ráðstöfun fjárins en Alþ. hefur haft. Á þessu vildi ég nú vekja athygli hv. alþm., því að ljóst er, að í sambandi við vegamálin er hlutur Alþingis að verða nánast mjög lítill og næstum því enginn.

Í sambandi við það, sem hæstv. samgrh. vék að í ræðu sinni hér áðan, kaupin á grjótmulningsvélum og staðsetning þeirrar vélar, sem nú á að kaupa til Norðurlands, þá vil ég taka undir það með hæstv. ráðh., að reynslan af þessum vélum er mjög góð, og vegir, sem slíkur ofaníburður hefur verið notaður í, eru allt aðrir en þeir þjóðvegir, sem ólagaður ofaníburður hefur verið notaður í, því að oft er þá mikil mold keyrð í vegina. Ég vil þess vegna spyrja um staðsetningu á vél á Vesturlandi og hvort ekki verður ákveðin vél, sem verður þar til notkunar, eða hvort það verður aðeins vél, sem einnig er notuð á Suðurlandi. Ég tel, að ekki verði komizt hjá því, að við vegáætlun nú verðum við þm. Vesturl. að beita okkur fyrir því að fá lánsfé til vegaframkvæmda á þessu og næsta ári, þar sem sumir vegir á aðalleiðum eru algjörlega að brotna undan umferðinni. Í því sambandi kemur notkun á slíkri vél sem þessari og viðhald á vegum yfirleitt mjög til þess að hafa áhrif á framkvæmdina.

Ég skal nú ekki lengja þessar umr. öllu lengur að þessu sinni. Ég vil undirstrika það, að ég tel brýna nauðsyn bera til að marka nú stefnu í samgöngumálum þjóðarinnar yfirleitt, og þar á ég við samgöngumál hennar á landi, í lofti og á legi. Það hefur ekki verið mörkuð nein stefna í samgöngumálunum í heild, en það ber brýna nauðsyn til að gera það. Við höfum á sama tíma verið að bæta vegina, við erum að byggja ný strandferðaskip, og við erum með nokkurn flugflota. Við þurfum að byggja upp mikið af flugvöllum, og við eigum að gera þetta með ákveðnu kerfi og tengja þetta samgöngukerfi í heild saman, en ekki að hafa í því happa- og glappaleið, eins og við nú gerum.

Þetta vildi ég leggja áherzlu á í sambandi við þessi mál hér og tel brýna nauðsyn á, að það verði farið að vinna að því þegar á næsta Alþ. Ég vil líka taka það fram, að ég tel, að brýna nauðsyn beri til, að mörkuð verði ákveðnari stefna í vegagerð en hér hefur verið gert.

Undirstaða undir þeim framkvæmdum, sem af Vegagerðinni verða unnar á næstunni, er fjármagnið, eins og ég sagði áðan, og því verður að ná með því, að ríkissjóður láti Vegagerðinni meira í té af þeim tekjum, sem af umferðinni fást. Hjá því verður ekki komizt, og vel má vera, að skynsamlegasta leiðin í því, á meðan verið er að færa þetta til baka, verði sú, að ríkissjóður taki að sér lán vegna vegagerðarinnar og dreifi þannig byrðinni á lengra tímabil, enda gæti það komið Vegasjóði að sömu notum. En að marka stefnuna um það, hve langan tíma það taki, að Vegasjóður fái allar tekjur af umferðinni, það verður að gera nú þegar, og að mæta því m. a. í sambandi við lán til vegagerðar. Í öðru lagi verður að marka ákveðna stefnu í uppbyggingu varanlegra vega í landinu. Það er ljóst, að við höfum ekki ráð á því, eins og nú er, að byggja vegina varanlega upp með þeim hætti, sem nú er gert hér í kringum Reykjavík, þar sem skipt er algjörlega um jarðveg og síðan gert varanlegt slitlag á þá vegi. Þetta er ekki framkvæmanlegt nema á þeim vegum, þar sem umferðin er allra mest, eins og hér er, en hins vegar er nauðsynlegt að gera slitlag á vegi, þar sem mikil umferð er, og gera það úr betra efni en nú er. Í því sambandi finnst mér nauðsyn bera til að marka stefnuna um það, að hve miklu leyti á að styðjast við þá vegi, sem nú eru á aðalleiðunum. Mér er það ljóst, að í sumum tilfellum er það ekki framkvæmanlegt, en í sumum tilfellum er það vel framkvæmanlegt, þegar um er að ræða slitlag úr olíumöl eða malbiki, og enda þótt lega vegarins gæti verið betri með því að skipta um jarðveginn, eins og nú er gert við hraðbrautir, þá tel ég, að við verðum enn að styðjast við það kerfi, sem nú er til í landinu, og leggja slitlag á það, sem gerir vegina holulausa og ryklausa. Þetta er sá þáttur í vegagerðinni, sem við eigum að marka nú og beina fjármagninu að, jafnhliða því, sem við vinnum að þeim verkefnum, sem enn þá eru alveg óleyst, eins og víða er í þjóðbrautum og

landsbrautum. Fullkomnar hraðbrautir verða svo framtíðarmálið. En meginmálið, undirstaðan undir þessu öllu saman, er þó það, að hér verði fylgt þeirri efnahagsstefnu, að stöðugra verðlag verði í landinu og að gengisbreytingarnar tvöfaldi eða þrefaldi ekki erlendu lánin, sem Vegagerðin hefur nú á sinni könnu og mun hafa á næstu árum. Ef svo fer, þá horfir illa um vegagerð okkar. Þess vegna er það stærsti þátturinn í vegamálum þjóðarinnar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég veit, að við erum hér mjög tímabundin, og mun ég því ekki tala langt mál, þó að ástæða væri kannske til þess, en mun aðeins drepa hér á örfá atriði, sem mér finnst, að ég geti ekki komizt hjá að ræða við þessa fyrri umr. um vegaskýrsluna.

Það hefur verið okkur ýmsum allveruleg ráðgáta, hvernig viðhaldsfénu sjálfu sé skipt. Og það fer ekki á milli mála, að ýmsir telja, að viðhald veganna sé mjög misjafnt eftir héruðum. Ég veit, að sú skoðun er t. d. í Eyjafirði sérstaklega, að þar hafi viðhaldið verið mjög lélegt undanfarin ár. Að vísu má segja, að öllu vegakerfinu hjá okkur hafi stórhrakað á liðnum árum, og það er varla hægt að kalla sumt af þessu vegi, heldur miklu frekar troðninga, þar sem þeir eru sokknir niður í mýrarnar, og landið umhverfis er víða hærra en vegurinn. Ég fór og fékk verkfræðing Vegagerðarinnar til þess að ferðast um þessa vegi í sumar og líta á þá, og hann viðurkenndi, að vegirnir væru miklu lakari en hann hefði séð þá annars staðar. Og ég spurði eftir því, hvað hann teldi, að við þyrftum mikið fjármagn til þess að koma þeim í sæmilegt ástand á næstu þremur árum, t. d. hliðstætt ástand og aðrir vegir, sem hefðu líka flutninga og vegir Eyjafjarðar, og hann taldi, að það þyrfti að tvöfalda viðhaldsféð á næstu þremur árum til þess að ná þessu marki. Ég vildi fá upplýsingar um það, hvernig þessu er skipt á milli héraða. Ég sé t. d., að einn vegur hér, vegurinn um Landsveit, að mig minnir, fór illa í fyrra, og það voru fengnar að láni 3 millj. kr. til þess að gera við hann. Vegirnir í Eyjafirði voru ófærir langan tíma, þannig að það var ekki hægt að koma mjólkinni nema á dráttarvélum, og við fórum fram á það að fá aukið viðhaldsfé. Við gátum ekki fengið það öðruvísi en að taka það af uppbyggingarfé, sem var á vegáætlun á árunum 1971 og 1972. Mér sýnist því, að það gildi alls ekki sama reglan hvar sem er á landinu í þessum efnum. Ég vildi fá upplýsingar um þetta, hvaða regla þetta er, eða er það bara þessi á einum stað og önnur á hinum. Ég held, að þegar vegirnir eru eins og þeir voru í fyrra hjá okkur, þá verði, burtséð frá því, hvers vegna þeir eru svona, að gera við þá þannig, að þeir séu færir. Ég verð því að mælast til þess, að það verði einhvern veginn greitt til baka, þannig að þeir í Öngulsstaðahreppi og Hrafnagilshreppi fái aftur þetta fé í nýbyggingar, þar sem ég sé það í skýrslu hér, sem hæstv. samgrh. hefur lagt fram og var til umr. hér fyrr í dag, að þegar eins stendur á annars staðar, þá er tekið lán til slíks viðhalds.

Ég harma það, hvernig þessari niðurröðun á vegauppbyggingunni er fyrir komið. Ég tel, að það væri eðlilegra að byggja upp vegina á snjóþyngstu svæðunum og láta það ganga fyrir. Ég var að tala við bílstjóra hér fyrir nokkrum dögum. Það er ekki Eyfirðingur, það er maður úr öðru byggðarlagi, sem hefur ekið veginn hér norður og til Ólafsfjarðar. Hann taldi Dalvíkurveginn langversta veginn á allri leiðinni, sem hann æki. Ég held, að það sé ekki hægt að komast hjá því að taka upp aðra stefnu í þessum málum og það verði ekki gert öðruvísi en að taka meiri lán. Og mér finnst eðlilegt, að þeir, sem búa við enga vegi eða mjög takmarkaða, eins og ég tel, að sé um marga í okkar kjördæmi, þeir sitji fyrir við framkvæmdir, en ekki hið gagnstæða, eins og nú horfir. Ég vil skora á hæstv. samgrh. að athuga það, hvort ekki er hægt að fá meira fjármagn t. d. í Dalvíkurveginn á þessu sumri, því að hann þjónar á fjórða þúsund manns. Sá vegur er þannig, að ef koma einhverjir snjóar, þá er hann tepptur langtímum saman, en yrði það ekki, ef hann yrði byggður upp. Það hefur komið hingað nefnd manna til þess að reyna að fá þarna eitthvað gert, en ég sé það, að þessir menn hafa ekki náð eyrum ráðh. miðað við þau plögg, sem okkur hafa borizt í hendur. En fyrst og fremst vil ég óska eftir því á þessu stigi að fá upplýsingar um það, hvernig viðhaldsfénu sé skipt og hvort héruðin búi við eitthvað misjafnar reglur í þessu sambandi. Það er auðvitað eðlilegt, að þeir vegir, sem eru orðnir elztir og í mestri niðurníðslu, þurfi meira viðhald en nýbyggðir vegir, og það verður auðvitað að taka tillit til þess, þegar þessu viðhaldsfé er skipt. Ég vil svo endurtaka það, að það þarf að breyta þessari skiptingu á vegafénu, og ég vil fá upplýsingar um það, ef hægt er, eftir hvaða reglum þetta er gert.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vænti þess, að mér gefist bráðlega tækifæri til þess að mæla fyrir öðru máli, sem hér er á dagskrá, þáltill., sem er 9. liður á dagskránni, um áætlun um ráðstafanir til að binda enda á vanþróun Íslands í vegamálum, sem við flytjum allmargir þm. Get ég af þeim ástæðum geymt mér ýmislegt, sem ég vildi segja um vegamál almennt, og skal ekki verða langorður að þessu sinni. En ég geri ráð fyrir því, að það megi líta svo á, að þó að hér sé rætt um 5. mál dagskrárinnar, þá sé 4. málið, þ. e. skýrsla ráðh., einnig til umr. fyrir þá, sem hana vilja ræða, vegna þess að sú skýrsla var ekki rædd hér fyrr í dag.

Það er að vísu ekki margt, sem ég ætlaði að segja um þessa skýrslu, en ég vil samt nota tækifærið til þess að óska upplýsinga um Stafnsveg í Reykjadal. Þetta er vegurinn af þjóðbrautinni um Narfastaði og Stafn, og voru á árinu veittar í þennan veg 200 þús. kr. Það er sagt, að framkvæmdum sé frestað, og vil ég þá spyrjast fyrir um það, hvort þetta eigi ekki að skilja svo, að þetta fé sé geymt til næsta árs og verði notað þar þá án tillits til þeirrar vegáætlunar, sem nú verður samþ. fyrir árið 1971.

Í skýrslunni er á bls. 4 rætt um vetrarviðhald þjóðvega, þ. e. snjómokstur, og hefði ég gjarnan viljað ræða það mál nokkuð í þessu sambandi, en fresta því að ræða um það þangað til við 2. umr. vegáætlunarinnar. Vera má, að það liggi þá ljósara fyrir, sem ég þarf að spyrja um í því sambandi.

Ég vil þá með örfáum orðum víkja hér að till. þeirri til þál. um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972, sem hér liggur fyrir. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. um form þessarar till., hvernig beri

að skilja það. Í till., eins og hún liggur fyrir, eru áætlaðar tekjur Vegasjóðs í I. kafla, og síðan er í II. kafla skipting útgjaldanna, þ. e. ráðstöfun fjárins. Síðan er í IV. kafla brtt. við vegaskrána, að mér skilst, eins og hún er í vegáætlun, eins og hún gildir fyrir árið 1969—1972. Ég vil í fyrsta lagi spyrja um það, hvort ekki sé litið svo á, að áfram gildi óbreyttur fyrir árið 1971 og 1972 III. kaflinn, hvort ekki megi skilja það svo, að hann gildi óbreyttur, ef honum verður ekki breytt í meðförum þingsins, en þessi kafli fjallar um framkvæmdir við hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, sem ekki verða að öllu leyti greiddar af fé Vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Og ef menn vilja gera brtt. um lánsfé, hvort það eigi þá ekki að vera brtt. við þennan kafla úr hinni eldri vegáætlun. Ég átta mig ekki fullkomlega á því, hvernig þetta liggur fyrir formlega.

Eins og ég sagði áðan, þá eru hér í IV. kafla gerðar till. um breytingar á IV. kafla áætlunarinnar, sem í gildi er, um flokkun vega. Og þetta eru ekki margar breytingar, en nokkrar samt, og ein þeirra er um aðalfjallvegi. Þar er gert ráð fyrir, að því er mér skilst, að bætt sé við upptalninguna á aðalfjallvegum. Ég vil í þessu sambandi beina því til hæstv. ráðh., hvort hann gæti ekki hugsað sér að vera því fylgjandi, að þarna yrði bætt við enn einum fjallvegi, sem er mjög mikið notaður, en það er Dettifossvegur, þ. e. vegurinn úr Kelduhverfi og upp að Dettifossi og þaðan upp á þjóðbrautina á Mývatnsöræfum. Þessi fjallvegur er mjög mikið farinn af ferðamönnum á sumrin, en þetta er aðeins ruddur vegur, og sums staðar er naumast hægt að telja hann ruddan, og mér finnst vera ástæða til þess, að hann verði talinn í flokki aðalfjallvega og ætla nokkurt fé til hans samkvæmt því. En ég vil biðja hæstv. ráðh. að taka þetta til athugunar áður en lengra er farið í afgreiðslu áætlunarinnar.

Ég get í sjálfu sér tekið undir margt af því, sem fram hefur komið í ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem talað hafa, t. d. það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði um viðhald vega, en ég skal ekki ræða það nánar. Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um þann kafla eða þá liði í II. kafla till., sem flokkast undir nýja þjóðvegi. Hann ræddi sérstaklega um 7. tölulið í þessum þætti, sem heitir Til nýrra framkvæmda samkv. 2.3.2. og 2.3.3., sem eru þjóðbrautir og landsbrautir. Mér skilst, að það hafi verið reiknað út fyrir árið 1971, að þegar búið er að hækka þessa tvo liði sem nemur hækkun vegagerðarkostnaðar frá því sem var, þegar gildandi áætlun var samþ., þá séu eftir 39.2 millj. kr., sem gæti þá verið til nýrra framkvæmda í þessum vegaflokkum, þjóðbrautum og landsbrautum, sem er náttúrlega ákaflega lág upphæð, en þetta er upphæðin, sem talið er, að sé um að ræða. Hæstv. ráðh. ræddi nokkuð um þetta og sagði, að hv. fjvn. mundi gera till. um skiptingu þessarar upphæðar milli kjördæma, og síðan er þm. kjördæmanna ætlað að reyna að koma sér saman um, hvernig því yrði skipt, sem kæmi í hlut hvers kjördæmis. Ég geri nú ráð fyrir því, að ef þm. eiga að taka það að sér að skipta slíkum upphæðum, þá verði þeir að fá upplýsingar um það, eftir hvaða reglum þessari aðalupphæð er skipt á milli kjördæmanna. Það verður að liggja fyrir og hlýtur að eiga að byggjast á lengd þjóðvega í hverju kjördæmi eða ástandi þjóðvega í hverju kjördæmi og þá kannske e. t. v. einnig á því, hvernig sérstakar fjárhæðir eru lagðar til vega í einhverjum kjördæmum samkv. svo kölluðum áætlunum um það efni. Þetta vil ég láta koma fram, og mér finnst, að þetta eigi að liggja fyrir.

En í öðru lagi vil ég vekja athygli á því, að á bls. 5 er till. um hækkun fjárveitinga til þjóðbrauta fyrir árin 1971 og 1972, og sú till. á að fela í sér þá hækkun á núgildandi upphæðum, sem stafar af hækkun vegagerðarkostnaðar. Á árinu 1971 er þessi hækkun vegna kostnaðarauka áætluð 9.7 millj. til þjóðbrauta og til landsbrauta 11.1 millj. En í bráðabirgðaáætluninni fyrir árið 1972 er ekki gert ráð fyrir þessari kostnaðarhækkun. Og afgangsupphæðin á því ári er því miklu lægri en hún sýnist og nefnt er á öðrum stað í grg. Það er auðvitað alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er ekki hægt að vita um það nú, hver kostnaðaraukinn verður á árinu 1972, en það er vitað, hver hann er á þessu ári, og mér finnst, að viðkunnanlegra hefði verið að gera áætlun til bráðabirgða, þetta er hvort eð er ekki nema bráðabirgðaáætlun, gera ráð fyrir þeirri kostnaðarhækkun á árinu 1972, sem líkleg er á árinu 1971. Þetta gæfi réttari mynd af því, sem til ráðstöfunar er á því ári.

Ég held, að ég láti þessar spurningar nægja, sem ég hef borið fram, og þetta, sem ég hef að öðru leyti sagt um nokkur atriði skýrslunnar og till., sem fyrir liggur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það væri nú kannske ástæða til þess að ræða svona almennt um vegamálin meira en ég hef gert og stefnuna í efnahagsmálum og nýja stefnu í samgöngumálum, eins og hv. 3. þm. Vesturl. var að tala um hér áðan. En það verða nú sennilega tækifæri til þess að taka upp umr. um það, þegar rætt verður um till. til þál. um að binda endi á vanþróun í vegamálum á Íslandi, þannig að það getur beðið þangað til. En í tilefni af beinum fsp., sem til mín hefur verið beint, þá er sjálfsagt að leitast við að svara þeim.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. var að spyrja um það, hvort framkvæmdafé til ákveðins vegar sé ekki geymt, þar sem framkvæmdum var frestað. Þannig er það alltaf, að ef framkvæmdum er frestað af hagkvæmnisástæðum, kannske til þess að safna saman hærri fjárhæð og gera vinnubrögðin þar með hagkvæmari, þá er féð geymt, og þannig hlýtur það að vera með þennan veg eins og aðra. Þá var hv. þm. að spyrja um það, hvernig það væri með III. kafla í sambandi við brtt. um flokkun nokkurra vega. Mér sýnist þetta ekki vera vandskilið, og ef menn flytja brtt., þá megi gera það alveg með eðlilegum hætti, og efast ég ekkert um, að hv. 1. þm. Norðurl. e. geri sér grein fyrir því, að þótt þarna sé breytt um flokkun á nokkrum vegum, þá sé hægt að komast fram hjá því að villast á því.

Þá spyr hann, hvort ég vilji styðja það, að Dettifossvegur verði tekinn í fjallvegatölu, aðalfjallvegatölu. Ég get vel trúað því, að það væri réttmætt, og ég vil gjarnan ræða það nánar við hv. þm. Ég veit, að þessi vegur er notaður töluvert af ferðafólki á sumrin og býst alveg við, að það geti verið réttmætt, en áður en ég vil nokkuð fullyrða um það, þá tel ég betra að athuga það, og ég vil ræða það við hv. þm., þegar ég hef athugað það nánar, en ég skal skoða það með fullum velvilja.

Þá talaði hv. 1. þm. Norðurl. e. um það, að fjvn.

mundi gera till. um skiptingu á þessu nýja framkvæmdafé, 39.5 millj. kr. Þannig hefur það alltaf verið, að fjvn. hefur gert till. um skiptingu fjár til hinna einstöku kjördæma. En að sjálfsögðu eiga þm. rétt á því að ræða við fjvn. og fá að kynnast því, eftir hvaða reglu fénu er skipt á milli kjördæmanna. Það finnst mér alveg sjálfsagt, og endanlega verður þetta allt að gerast með samkomulagi, því að það er þá undir þm. komið að lokum, hvernig með þetta er farið.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. var að tala um bráðabirgðaáætlunina 1972 og um fé til landsbrauta og þjóðbrauta, að það væri ekki gert ráð fyrir neinni hækkun í þessari bráðabirgðaáætlun á þeim leiðum. Það er alveg rétt, og það er einfaldlega vegna þess, að eins og bráðabirgðaáætlunin liggur fyrir, þá er ekkert fé til þess, og það verður bara að athuga það í sumar og í haust, hvað mikið það verður, sem er úr að spila. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er vitanlega nauðsynlegt að hækka framlag til þessara vega a. m. k. sem nemur áorðnum verðhækkunum. En eins og ég minntist á hér áðan, þá er það ekki vitað nú, hverju verður úr að spila í haust, þegar samin verður endanleg áætlun fyrir árin 1972—1975.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. beindi nokkrum spurningum til mín og vildi nú svona láta á sér skilja, að viðhaldsfénu væri misjafnlega skipt og jafnvel af einhverri hlutdrægni. Hann spurði að því, hvort það gilti ekki ein og sama reglan eða eftir hvaða reglum væri farið. Nú er það svo, að það eru vitanlega vegaverkstjórar í öllum kjördæmum og í sumum kjördæmum fleiri en einn og jafnvel tveir. Þá eru og verkfræðingar, deildarverkfræðingar, sem ferðast um kjördæmin og kynna sér ástand veganna. Vegamálastjóri safnar saman skýrslum um ástand veganna í hverju héraði. Það er vegamálastjóri, vegamálaskrifstofan, en ekki rn., sem skiptir þessu viðhaldsfé, og ég efast ekki um, að vegamálastjóri og verkfræðingar hans gera það á eins hlutlægan og sanngjarnan hátt og unnt er. Þar ræður ekki hlutdrægni. Það er áreiðanlega ekki meiningin hjá þeim að láta Eyfirðinga fá minna en þeim ber miðað við aðra. Nú veit ég það, að í Eyjafirði eins og víða má finna lélega vegi, það er alls staðar hægt að finna lélega vegi. Hv. 5. þm. Norðurl. e. talar oft um lélegan búskap hjá bændum. Og ef maður ætti stundum að taka það alvarlega, sem þessi hv. þm. segir um búskapinn og bændurna, þá væri nú ekki hátt risið á bændastéttinni. Nú er það svo, að í Eyjafirði eru ágætir bændur og myndarlegir og tiltölulega tekjuháir vegna dugnaðar síns og myndarskapar og vegna þess, að héraðið er gott. Mér dettur nú í hug, hvort það geti nú ekki verið, að vegirnir í Eyjafirði séu dálítið betri en hv. þm. lýsir þeim, eins og bændurnir í Eyjafirði eru miklu betri en hv. 5. þm. Norðurl. e. lýsir þeim venjulega. En samt sem áður get ég alveg samþykkt það, að það hljóti að finnast lélegir vegir í Eyjafirði og það sé æskilegt, að það verði veitt meira viðhaldsfé í Eyjafjörð eins og víða annars staðar á landinu. En reglan er þessi, að Vegagerðin, vegamálastjóri, skiptir vegafénu eftir að hann hefur aflað sér upplýsinga um ástand veganna. Og ég fullyrði, að það er gert á eins drengilegan og hlutlægan hátt og þeir geta.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. minntist á Landveginn. Það er ekkert leyndarmál, að það var tekið lán til þess að endurbyggja Landveginn. En hv. 5. þm. Norðurl. e. veit það eins og aðrir, af hverju þetta var gert. Það var vegna þess að Hekla gaus, og í staðinn fyrir það, að um þennan veg færu 10—20 bílar á dag, þá fóru suma dagana á meðan klakinn var að fara úr veginum 500—600 bílar á dag, og vegurinn datt niður og var eitt svað. Ég veit nú ekki, hvað bændur í Landsveit og Holtasveit hugsa til hv. 5. þm. Norðurl. e., þegar þeir heyra það, að hann vildi láta bændur í þessum sveitum hætta að selja mjólk og vera veglausa s. l. ár. Ekki get ég nú kallað þetta stéttvísi, því að það eru eingöngu bændur, sem búa þarna, og ég hef engan þm. heyrt tala um það, að þetta hafi ekki verið sjálfsögð framkvæmd miðað við það tilefni, sem var. Og ég er bara undrandi á því, að hv. þm. skuli reyna að gefa það í skyn hér, að hlutdrægni hafi ráðið í þessu, þegar fjár var aflað til þess að gera við þennan veg. Og hv. þm. sagði, að það hefði alveg eins átt og með sama hætti að útvega fé til vegar í Eyjafirði. Hann hefur kannske verið slæmur, þessi vegur, en ekki af sama tilefni og áreiðanlega ekki neitt svipað því eins illa farinn.

Hv. þm. talaði um, að það þyrfti að taka upp nýja stefnu. Það ætti að láta þá vegi ganga fyrir, sem eru snjóþyngstir, og hlaða þá upp, en þá væntanlega að fresta hraðbrautagerð hér út frá Reykjavík. Ég get samþykkt það, að æskilegt er að geta byggt upp snjóþunga vegi, því að séu þeir háir og vel upp byggðir, þá tollir snjórinn síður á þeim og þeir eru lengur færir. En hitt vil ég ekki samþykkja, að það eigi að leggja til hliðar að gera varanlega vegi, þar sem umferðin er mest. Þegar því hefur verið lokið að gera varanlegt slitlag á þá vegi, þar sem umferðin er mest, þá verður aukið fjármagn laust til vegagerðar og vegaviðhalds annars staðar, og því ætti hv. þm. að gera sér grein fyrir. Ég vænti nú þess, að hv. þm. sé ljóst, með hverjum hætti viðhaldsfénu er skipt, og læt þá þessi orð nægja um það.

Við hv. 3. þm. Vesturl. vil ég tala síðar í sambandi við stefnuna í efnahagsmálum, stefnuna í samgöngumálum. Við höfum séð till. hv. framsóknarmanna um flugmál, sem er ekki flutt að ósk atvinnuflugmanna, — ég tek það fram, — og við höfum séð till., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist á hér áðan, en þessar till. bæta ekki úr. Þær marka ekki neina stefnu nema þá að skipa nefnd og aftur nefnd, og hv. þm., sem standa að flutningi þessara till., vita, að það er verið að endurskoða áætlun um flugvelli og flugmál og að Vegagerðin var að vinna að allsherjarvegáætlun árið, sem leið, og löngu áður en þessi till. var flutt. Það er alveg út í bláinn, að engin stefna sé í samgöngumálum. Það er úr lausu lofti gripið, eins og seinna má ræða nánar um.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það hefði mátt ætla eftir ræðu hæstv. samgrh., að hér væri verið að ræða um landbúnaðarmál, en ég mun nú ekki ræða um þau að þessu sinni, þó að ráðh. hafi kannske gefið tilefni til þess.

Ég var ekki að finna að því, eins og ráðh. sagði, að það hefði verið gert við Landveginn. Það er alveg út í hött. Ég var bara að segja, að það þyrfti að gera við fleiri vegi. Ef vegir norður í Eyjafirði, eða hvar sem þeir eru, eru ófærir eins og vegurinn hefur eflaust verið í Landsveit, þá þarf líka að gera við þá, þeir hafa líka sinn rétt. En það er eins og hæstv. samgrh. skilji það alls ekki.

Það er ekki rétt skilið hjá hv. 3. þm. Vesturl., að það sé ekki stefna í vegamálum. Hún kom greinilega fram. Það á að ganga fyrir að byggja vegina hér á Suðvesturlandi, aðrir þurfa ekki á neinum vegum að halda. Þeir eiga bara að bíða í nokkra áratugi, eftir því sem hæstv. ráðh. sagði hér í ræðustól núna síðast. Ég geri ráð fyrir því, að flestir hv. þm. hafi áttað sig á því, að það verður ekki gert á einum áratug að byggja upp vegina og koma varanlegu slitlagi á þá. Ég tel bara, að þeir, sem hafa enga vegi, eigi að sitja fyrir annarri framkvæmd. Það er eitt að hafa vegi og annað að hafa enga vegi, og ef ekki verður komið til móts við þessa menn, þá helzt ekki byggð á þessum stöðum. Ráðh. skilur það kannske ekki. Hann hefði átt að sjá vegina í Eyjafirði s. l. sumar. Hann hefur kannske séð þá í Landsveit, en hann sá þá ekki í Eyjafirði. En þeir hafa forgang í Landsveit, ekki Eyfirðingar.

Ég hef ekki talað um það, að bændur væru eitthvað verri eða betri. Ég hef talað um efnahag bændanna. Það er annað mál. En um það ætla ég ekki að ræða frekar nú. Það var hægt að heyra það á ráðh., að þetta væri allt annað, af því að Hekla gaus. Það er eins og það skipti einhverju máli, hvers vegna vegirnir eru í svaði. Ef vegurinn er ófær, þá þarf að gera við hann, af hvaða ástæðum sem það er.

Ég sé ekki ástæðu til þess að eltast við fleira af því, sem ráðh. sagði. Það kom greinilega fram, og það er mjög gott, það kom greinilega fram, hvernig hann hugsar í þessum málum. Ég gat um það í minni ræðu áðan, að ég hefði farið með verkfræðinginn, sem stjórnar á Norðurlandi og hefur eftirlit með vegagerðinni. Ég sagði hans dóm, en ekki minn, og ef ráðh. vill tala við hann, þá er hann sjálfsagt reiðubúinn til þess að staðfesta það. En ég verð að segja það, að það er almenn skoðun, — ég vil endurtaka það, — það er almenn skoðun, að viðhaldið sé minna í sumum landshlutum en öðrum, hverjum sem þar er um að kenna, og það væri þarft verk fyrir ráðh. að tala við sína undirmenn hjá vegamálaskrifstofunni til þess að fá upplýsingar frá þeim, þar sem hann efar það, sem við segjum hér í þinginu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör, sem hann veitti við fsp., sem ég bar fram hér fyrr á fundinum, en ég kvaddi mér hljóðs út af því, sem stendur á bls. 2 í till. undir 7. tölul., þar sem segir: Til nýrra framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum á árinu 1971 39.2 millj. og á árinu 1972 32.8 millj. Í sambandi við þetta var ég að gera aths. við það, að í bráðabirgðaáætluninni fyrir 1972 væri ekkert gert ráð fyrir kostnaðarhækkun við vegagerð. Ég gerði þessar aths. vegna þess, að það leiðir af sér, að talan á bls. 2 um fé til nýrra framkvæmda til landsbrauta og þjóðbrauta, 32.8 millj., er af þessum ástæðum ekki rétt. Frá henni hljóta að dragast a. m. k. í kringum 20 millj., ef ég skil þessa tölu rétt, sem er 17.5% hækkun á þeim upphæðum, sem í gildi eru til einstakra vega, en þessi 17.5% hafa, ef ég hef skilið töluna rétt, ekki verið lagðar ofan á fyrir árið 1972, þó að þær hafi verið lagðar ofan á, eins og rétt er, fyrir 1971. Af þessum ástæðum gefur talan 32.8 millj. á bls. 2, 7. tölul., ekki rétta hugmynd um það, sem til nýrra framkvæmda verður á því ári. Mér sýnist, að í staðinn fyrir 32.8 millj. ættu frekar að koma 12 millj., ef ég skil þessa tölu rétt. Vera má, að þar sé misskilningur í. Ég held, að það sé samt ekki. Ég sé, að tölurnar á bls. 4, tölurnar fyrir 1972, eru ekki hækkaðar, hvorki til þjóðbrauta né landsbrauta af þessum ástæðum.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til fjvn. með 41 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 482, 823, n. 824 og 825).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 41 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgðaáætlun fyrir árið 1972 var vísað til fjvn. þann 19. marz s. l. Hefur n. síðan rætt málið á nokkrum fundum sínum og átt viðræður við vegamálastjóra, Sigurð Jóhannsson, og fengið hjá honum margvíslegar upplýsingar varðandi till. auk þess sem einstakir nm. og þm. aðrir hafa fengið upplýsingar hjá vegamálaskrifstofunni um einstakar framkvæmdir.

Þegar um það var rætt á s. l. hausti, að auka þyrfti tekjur Vegasjóðs til þess að mæta þeirri verðhækkun, sem átt hafði sér stað frá árinu 1969, þegar fjögurra ára áætlunin var samin, svo að ekki þyrfti til þess að koma að draga úr áður ákveðnum framkvæmdum, voru þm. yfirleitt á einu máli um það, að viðbótartekjuöflun yrði að vera það rífleg, að nokkurt fé væri afgangs til nýbyggingar vega og þá fyrst og fremst landsbrauta og þjóðvega umfram það, sem fyrir var í vegáætluninni frá 1969. Heildarupphæðin, sem þannig var til ráðstöfunar, nam þó ekki hærri upphæð en 39.2 millj. kr. Samkv. áætlunum vegamálaskrifstofunnar nema verðhækkanir, sem átt hafa sér stað á þessu tímabili, um 17.5%, og er sú prósenta alls staðar reiknuð með í þessari endurskoðuðu áætlun, sem hér liggur nú fyrir. Varðandi skiptingu á því fé, sem ég áðan nefndi, eða þessum 39.2 millj. kr., varð um það samkomulag í n., á hvern hátt upphæðinni skyldi skipt á milli kjördæma, en síðan komu þm. hver í sínu kjördæmi sér saman um innbyrðis skiptingu á því fjármagni, og náðist þar alger samstaða, eftir því sem ég bezt veit, enda gerði fjvn. þær till. að sínum. Þess skal þó getið, að áður en umræddu fjármagni var skipt, voru teknar 4 millj. kr., sem verja skal til undirbúningsrannsókna á fjórum stöðum, þ. e. í Hvalfirði, Borgarfirði, Eyjafirði eða Vaðlaheiði og til rannsóknar á brúarstæði á Ölfusá við Óseyri. Þá var einnig ákveðið að verja 200 þús. kr. af þessari fjárupphæð til fjallvegasjóðs. Það voru því réttar 35 millj. kr., sem komu til skipta og varið var til nýrra vegaframkvæmda og með þeim hætti, sem ég hef þegar greint frá. Ég tel þó rétt að skýra frá því, að af þeim upphæðum, sem skipt var á milli kjördæma, tóku þm. Norðurl. e. þá ákvörðun, að veita skyldi um 700 þús. kr. til skíðavegar í Hlíðarfjalli og 100 þús. kr. til Dettifossvegar. Og þm. Vestfjarðakjördæmis ákváðu einnig að verja af því, sem í þeirra hlut kom, 650 þús. kr. til skíðavegar í Seljalandsdal við Ísafjörð. Það er nauðsynlegt, að þessar upplýsingar liggi fyrir með hliðsjón af

því heildarfjármagni, sem fjallvegasjóður hefur til ráðstöfunar á yfirstandandi ári.

Til hraðbrautaframkvæmda á yfirstandandi ári er, eins og till. ber með sér, um hækkun fjárveitingar að ræða, sem nemur um 62 millj. kr., og samkv. bráðabirgðaáætluninni nemur hækkun á næsta ári til hraðbrautaframkvæmda um 70 millj. kr. frá fyrri áætlun. Þessar fjárveitingar eru, svo sem kunnugt er, í sambandi við ákveðnar framkvæmdir, sem nú þegar er búið að bjóða út og einnig að semja um að verulegu leyti.

Þá vil ég geta þess, að n. leggur til, að samþykktar verði heimildir til lántöku samtals að upphæð 50 millj. kr. Hér er um vegakafla að ræða, sem nm. voru sammála um, að æskilegt væri að flýta framkvæmdum við. Umræddar framkvæmdir eru í fyrsta lagi við Heydalsveg. Þar vantar nú um 10 millj. kr. til þess að ljúka þeirri vegarlagningu. Segja má, að undirbyggingu vegarins sé nú að mestu leyti lokið, en þá er eftir að bera ofan í veginn slitlagið og ganga frá nokkrum lækjum og tveim smábrúm. Með þessu fjármagni ætti að takast að sjá fyrir endann á þessu verki og koma á langþráðum samgöngubótum. Þá er lagt til að taka 10 millj. kr. lán til Djúpvegar við Ísafjarðardjúp, en þar er mikið verkefni enn óleyst, en mundi miða verulega í áttina með umræddu fjármagni. Til Norðurlandsvegar í Langadal og Ólafsfjarðarvegar um Dalvík eru einnig till. um lánsheimildir að upphæð 10 millj. kr. til hvors vegar. Talið er, að brýn nauðsyn sé að endurbyggja báða þessa vegakafla, og jafnvel talað um, að þörf hefði verið fyrir hærri upphæð. Um það geta að sjálfsögðu allir verið sammála, en í vegamálum verður sennilega lengst af í mörg horn að líta, og þar sem fjármagn til framkvæmdanna verður sennilega einnig um langan tíma takmarkað, verður ekki hjá því komizt að miða fjárveitingar, hvort heldur þær eru teknar að láni eða eru til ráðstöfunar af handbæru fé, við þær staðreyndir. M. a. með tilliti til væntanlegrar þjóðhátíðar árið 1974 er talið óhjákvæmilegt að bæta veginn til Þingvalla og einnig vegarlögn um sjálfan þjóðgarðinn á Þingvöllum. Til þess að byrja á þessum framkvæmdum er lagt til að veita heimild til lántöku fyrir Þingvallaveg utan og innan þjóðgarðsins, 7 millj. kr., og loks 3 millj. kr. vegna Fjallabaksvegar um Syðri-Ófæru, en þessi vegarkafli er talinn geta komið að verulegu gagni eða jafnvel orðið eini tengiliðurinn fyrir byggðina þar eystra, ef til þess kemur, að Kötlugos eigi sér stað að nýju.

Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir brtt. fjvn. við till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972. Mér er það ljóst, að óteljandi verkefni bíða úrlausnar, sem þessi vegáætlun getur ekki leyst úr, en hvað sem menn vilja að öðru leyti segja um áætlunina, þá verður því ekki í móti mælt, að þær vegaframkvæmdir, sem að undanförnu hafa átt sér stað í landi okkar og nú er ráðgert, að haldið verði áfram við, eru þær langstórstígustu, sem dæmi eru til um, að hafi átt sér stað.

Ég vil að lokum minnast á lánsheimild til vegagerðar á Austurlandi. Þar hefur nú verið rætt um að gera verulegt átak í nýbyggingu vega. 60 millj. kr., sem lagt er til, að teknar verði til framkvæmda á Austurlandi, eru ætlaðar til byrjunarframkvæmda, en það er sama upphæð sem um getur í fjárlögum yfirstandandi árs, heimildagrein, en kemur einnig í vegáætlun svo sem annað fjármagn til vegaframkvæmda. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjvn. og reyndar einnig í nál. minni hl., varð ekki um neinn ágreining að ræða innan n. um afgreiðslu málsins og allar brtt. flytur n. því sameiginlega. En þrátt fyrir það skilar minni hl. n. séráliti um málið og afstöðu sína til vegamála almennt.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið, en leyfi mér að vænta þess, að brtt. fjvn. nái fram að ganga og þáltill. þannig breytt verði samþ. og afgr. sem ályktun Alþingis.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. okkar minni hl. fjvn. á þskj. 825, varð ekki ágreiningur í fjvn. um skipti á þeirri fjárhæð, er til skipta var í vegáætlun þeirri, sem hér er til afgreiðslu. Það var ekki heldur ágreiningur hjá einstökum þm. í kjördæmunum um skiptingu innan kjördæmanna, þar sem allar þær till., er n. bárust, voru samhljóða og voru af hennar hendi afgreiddar þannig. Hins vegar töldum við í minni hl. rétt að skila sérstöku nál., og ber þar tvennt til: að við berum ekki ábyrgð á framkvæmd í vegagerð hjá núverandi valdhöfum og enn fremur vildum við koma að sjónarmiðum okkar í sambandi við afgreiðslu vegáætlunarinnar.

Það er ljóst, eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., að brýna nauðsyn ber til að auka fé til vegaframkvæmda á næsta ári og vegáætlun fyrir það ár og næstu fjögur ár verður ekki afgreidd, án þess að verulega aukið fjármagn komi þar til. Þess vegna viljum við leggja áherzlu á það, að þær leiðir, sem farnar hafa verið í sambandi við tekjuöflun til vegagerðar, eru ekki færar lengur að okkar dómi. Það hefur þegar sýnt sig, að ekki er hægt að hækka svo skattana á umferðinni eins og gert hefur verið á þessu kjörtímabili, sem nú er að líða, þar sem nú þegar er að byrja að draga úr sölu t. d. á benzíni. Það er heldur ekki rétt stefna að gera hvort tveggja í senn, að hafa há aðflutningsgjöld á bifreiðum og háa skatta á rekstrinum. Á þessu þingi var gerð tilraun til þess að lækka aðflutningsgjöldin af bifreiðum vegna atvinnubílstjóra, sem eru í leigubílaakstri, en það tókst ekki nema að takmörkuðu leyti. Það hlýtur að verða stefna framtíðarinnar að samræma þessi sjónarmið og draga þá úr aðflutningsgjöldunum, fyrst rekstrarliðir þeirra eru svo háir sem raun ber vitni um.

Það mun vera öllum hv. þm. ljóst, að eins og nú er komið, verður að sækja aukið fjármagn til ríkissjóðs af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefur frá umferðinni og áður hefur verið að vikið. Ég held, að það sé nú að verða almenn skoðun hv. þm., að þannig verði að mæta tekjuþörf Vegasjóðs við næstu vegáætlunargerð. Þetta vildi ég undirstrika í sambandi við afgreiðslu vegáætlunarinnar nú, að þannig verður að standa að fjármögnun Vegasjóðs á næsta ári. Enn fremur vil ég víkja að því, að það ber brýna nauðsyn til að marka ákveðna stefnu um það, hvernig á að standa að framkvæmdum í vegagerð nú, þegar hraðbrautagerð fer að verða nokkur þáttur í vegaframkvæmdum. Þá verður að gera það upp við sig og marka ákveðna stefnu um það, hvort á að hverfa frá malarvegunum, sem við búum við nú, til hraðbrauta af beztu gerð eins og lagðar hafa verið út frá Reykjavík og verið er að leggja, eða hvort þar á að taka nokkurt millistig til þess að hraða framkvæmdum og komast þá með vegina að því marki, að þeir verði ryk-

lausir og holulausir, þó að varanleg vegagerð verði að bíða síðari tíma. Mér sýnist öll rök hníga að því, að þannig verði að vegamálunum að standa, vegna þess að það muni reynast of seinvirkt að leggja hraðbrautir af fullkomnustu gerð nú með því fjármagni, sem við höfum yfir að ráða, og það geti ekki verið gerlegt nema í mestu umferðinni hér í kringum Reykjavík. Jafnhliða þessu finnst mér nauðsyn bera til að marka stefnu um það, hvaða vegi við eigum að leggja áherzlu á í sambandi við uppbyggingu vegakerfisins í landinu, þegar um fleiri leiðir er að velja, eins og verður með ýmsar þær framkvæmdir, sem nú er verið að vinna að. Mér finnst t. d. brýna nauðsyn bera til þess á næstu árum að marka ákveðna stefnu um það, hvort Norðurlandsumferðin á að vetri til að fara um Heydal og Laxárdalsheiði til Hrútafjarðar eða hvort byggja á veginn um Holtavörðuheiði þannig upp, að þar verði einnig varanlegur vetrarvegur. Fleiri slík verkefni eru til í vegagerðinni, sem þarf að marka ákveðna stefnu um. Þá vil ég undirstrika það, að brýna nauðsyn ber til að hraða lagningu hringvegarins í kringum landið og uppbyggingu þeirra þjóðbrauta og landsbrauta, sem nú eru ekki komnar lengra en það að vera ruddir vegir.

Ekki þarf orðum að því að eyða, að verkefni okkar í vegamálum eru stórfelld, og þess vegna munu þau reynast næg á næstu árum og áratugum, því að okkar land er lítt vegað sem kunnugt er, þegar miðað er við þá umferð, sem nú er að verða hér á landi. Við þurfum því að vinna að því markvisst að halda uppbyggingunni í vegakerfinu áfram, og ég vil undirstrika það, sem ég sagði hér við fyrri umr. þessa máls, að einn veigamikill þáttur og kannske einna veigamestur í því, að vegagerð geti haldið áfram með eðlilegum og vaxandi hraða, er, að festa verði í efnahagsmálum þjóðarinnar, svo að gengisáhætta sú, sem Vegasjóður býr nú við, verði honum ekki að fjörtjóni eða fjötur um fót á næstu árum. Þetta vil ég segja við afgreiðslu þessarar vegáætlunar, en skal ekki eyða fleiri orðum þar um.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu þessa máls, fyrir það að hafa orðið sammála um skiptingu fjárins og afgreiðslu málsins í heild. Ég get tekið undir ýmislegt af því, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að það sé æskilegt, að ríkissjóður láti meira fjármagn af hendi til vegamálanna. Það munum við allir hv. þm. gjarnan vilja, en um leið og við berum þá ósk fram, gerum við okkur alltaf grein fyrir því, að ríkissjóður þarf að fá sitt og það þarf þá að afla fjár ríkissjóði til handa með öðrum hætti. Það er ekki ástæða til að orðlengja um þetta atriði að þessu sinni, þar sem þetta mál er komið á lokastig og fjármálin hafa svo oft verið rædd.

Ég er sammála því, sem kemur fram í nál. minni hl., að það verði naumast á næsta hausti, þegar ný vegáætlun verður samin, aflað fjár til Vegasjóðs með því að hækka benzín eða þungaskatt, og teljist það nauðsynlegt að hækka fé Vegasjóðs eða tekjur, þá verður ný fjáröflun að koma til. Ég er samþykkur því, að það þurfi að vera stefna í vegamálunum, hvernig eigi að byggja upp vegina, hversu miklu eigi til þeirra að kosta, hvort það eigi að vera fullkomnustu hraðbrautir eða millistig eins og það er orðað hér á þskj. 825. En þetta er það, sem bæði rn. og vegamálastjóri hafa gert sér grein fyrir, að það sé sjálfsagt að nota undirstöðuna af gömlu vegunum, þar sem það er fært, og á hraðbrautum, þar sem umferðin er mikil, en ekki þó sú mesta, að nota olíuöl til þess að komast yfir sem lengst svæði fyrir sem minnsta fjármuni. Við sjáum, að hér á austurleiðinni er áformað að nota olíuöl, þegar komið er upp fyrir Lækjarbotna. Og er þó allmikil umferð á austurleiðinni. Við, sem erum kunnugir á austurleiðinni fyrir austan Selfoss, gerum okkur grein fyrir því, að það er hægt að nota undirstöðu gamla Flóavegarins að mestu leyti. Þannig verður vegagerðin, þegar komið er út frá þéttbýlustu svæðunum, tiltölulega ódýrari en hraðbrautagerð hér nærri Reykjavík. Þó ber að geta þess, að Vesturlandsvegurinn gamli verður notaður að verulegu leyti, þegar komið er upp fyrir Grafarholt. Þetta er stefnan, alveg ákveðin og mörkuð, og eins er það, að í þeirri áætlunargerð, sem vegamálaskrifstofan vinnur nú að, er verið að reyna að gera sér grein fyrir því, hvaða leiðir ber að leggja mesta áherzlu á.

Hv. 3. þm. Vesturl. minntist hér áðan á Norðurlandsleiðina, hvort leggja ætti megináherzlu á umferðina um Holtavörðuheiði eða Laxárdal. Þá var það nú reyndar, sem einn þm., sem fer oft Norðurlandsleiðina, hvíslaði því að mér, að það kæmi ekki til mála, að norðanmenn sættu sig við að fara Laxárdalsleiðina. Þetta var hans skoðun, og þetta sýnir, að það eru skiptar skoðanir um þetta. En að lokum verður vitanlega að ráða það af, sem hagkvæmast er og hentugast að vel athuguðu máli.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira en vil endurtaka þakkir mínar til hv. fjvn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er ástæða til að harma það, að nál. fjvn. og till. skuli ekki koma fram fyrr en svo seint, að þm. gefst naumast tími til þess að kynna sér þessar till. áður en þær verða afgreiddar. Þetta á sjálfsagt sína skýringu í því, að vegáætlun var lögð svo seint fram af hæstv. ríkisstj., en auðvitað er þessi afgreiðsla ekki eins og hún á að vera, að þessi stóra áætlun, eins og hún kemur frá fjvn. útfærð í einstökum atriðum, skuli liggja svo seint fyrir, að þingið geti ekki kynnt sér hana. Nú líður að þinglokum, og verður hér naumast bót á ráðin, en mörg mál bíða afgreiðslu.

Ég þykist sjá, að varðandi bráðabirgðaáætlunina fyrir 1972 hafi ekki annað verið gert í fjvn. en að færa út tölur þær, sem giltu fyrir þetta ár í fjögurra ára áætluninni, og síðan sé færður afgangur til nýrra framkvæmda, sem áætlaðar eru á því ári 32.8 millj., eins og gert var í till. eins og hún var lögð fyrir. En þetta þýðir það, að upphæðirnar, sem í fjögurra ára áætluninni standa fyrir 1972, hafa ekki verið hækkaðar neitt. Það verður að gera á sínum tíma, og til þess eru þessar 32.8 millj. Ef verðhækkun verður enn, sem verður nú að teljast líklegt, eða hækkun á vegagerðarkostnaði, þá sýnist mér, að varla muni verða um nýjar framkvæmdir að ræða á því ári á þjóðbrautum og landsbrautum.

Í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, vil ég spyrjast fyrir um það, hvort það verði ekki neitt ráðrúm til þess að koma fram með brtt., því að það var að því komið, þegar ég kvaddi mér hljóðs, að umr. yrði slitið. Mér skilst, að það hefði verið eðlilegt eins og allt er í pottinn búið, að áætlunin yrði ekki endanlega afgreidd fyrr en síðar í kvöld, ef ske kynni, að þm. vildu koma fram með

einhverjar brtt., og ég hef raunar eina slíka í huga, sem ekki skiptir kannske mjög miklu máli. Ég hafði orð á því við fyrri umr., að ég hefði áhuga á því, að Dettifossvegur yrði tekinn í tölu aðalfjallvega. Ég hafði orð á þessu þá, og það var vel undir þetta tekið af hæstv. ráðh. Hins vegar sé ég, að þetta hefur ekki verið gert. Þar sem aðalfjallvegirnir eru taldir, á bls. 10 og bls. 12, er þessi vegur ekki tiltekinn. En í áætluninni á bls. 12 hafa verið gerðar breytingar á vegaflokkuninni varðandi aðalfjallvegi. Þarna hefði ég gjarnan viljað koma að þessum vegi, en mér hefur ekki unnizt tími til þess að semja brtt. um þetta efni, hafði satt að segja haldið, að hún mundi koma fram. En mig langar til að beina þeirri fsp. til hæstv. samgrh., hvort ekki sé að vænta einhverra úrbóta í sambandi við vetrarviðhald, þ. e. snjómokstur á Norðausturlandi. Ég ræddi þetta mál í fyrra, og um það leyti rituðu þm. Norðurl. e. ráðh. bréf, þar sem farið var fram á það, að settar yrðu reglur um snjómokstur á svæðinu milli Húsavíkur og Vopnafjarðar. Á þessu svæði eru engar reglur um snjómokstur nema á mjög stuttum vegaköflum, aðallega í sambandi við flugvelli. En víðast hvar annars staðar á landinu gilda reglur um þetta. Vegir eru mokaðir, þegar það er fært, svona tvisvar, þrisvar til fjórum sinnum í mánuði. En um Norðausturland, þ. e. svæðið milli Húsavíkur og Vopnafjarðar, gilda engar slíkar reglur og hafa ekki gilt til skamms tíma. Það stendur nú þannig á um meginhluta þessa svæðis, þ. e. N.-Þingeyjarsýslu, að læknishéruðin þrjú, sem þar eru, eru öll læknislaus og fá læknishjálp einmitt frá Vopnafirði eða Húsavík, og nú síðast í morgun frétti ég það, að læknirinn frá Vopnafirði, sem átti að koma þá til Þórshafnar, hefði ekki komizt landleiðina, heldur orðið að fara í flugvél. Það er vegna þess, að vegurinn er nú ófær af snjó, og er þó ekki hægt að segja, að mikil snjóalög séu í þessum landshluta nú miðað við það, sem stundum er. Ég vildi nú mega vænta þess, að hæstv. ráðh. gæti sagt mér einhverjar góðar fréttir af þessu máli, að þessi landshluti yrði ekki lengur hafður út undan að því er snjómoksturinn varðar. Svo held ég, að ég lengi ekki mál mitt meira, en ég harma það, að till. til þál., sem ég flutti fyrir nokkuð löngu síðan ásamt nokkuð mörgum þm. öðrum, átta þm. öðrum, og nefnist till. til þál. um 10 ára áætlun um ráðstafanir til að binda enda á vanþróun Íslands í vegamálum, að þessi till. hefur ekki komizt til umr., og var hún þó 200. mál þingsins. En málatalan er nú komin yfir 300. Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð, en mér sýnist það nokkuð undarleg verkstjórn á þinginu, að ekki skuli hafa verið séð fyrir tíma til þess að ræða mál eins og þetta.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég mun verða stuttorður, aðeins svara fsp. frá hv. þm. Hann talaði um snjómokstur á milli Vopnafjarðar og Þórshafnar, og ég verð að segja það, að ég hef mesta samúð með því, að það sé hægt að bæta úr því. Mér hefur nú nýlega borizt bréf, það var í marzmánuði s. l., frá vegamálastjóra um þessi mál í tilefni af bréfi hv. tveggja þm. Norðurl. e. varðandi snjómoksturinn. Á þessari leið, sem hér um ræðir, er samkv. reglunum gert ráð fyrir að opna vegina einu sinni í mánuði. Og segja má, að það sé ekki mikið. Ég hefði mesta samúð með því, að hægt væri að gera þetta oftar, og það hefur staðið til að endurskoða snjómokstursreglurnar. Það er ekki unnt að taka eina leið út úr. Það verður að hafa yfirsýn yfir allt landið, og það kostar stórfé, eins og hv. þm. vita. Á s. l. *ári kostaði vetrarviðhaldið 46 millj. kr., en það er að* langmestu leyti snjómokstur. Kostnaður við snjómokstur á þessum leiðum, sem hér um ræðir, var árið 1970: Húsavík — Raufarhöfn 520 þús., Raufarhöfn — Þórshöfn 210 þús. og Þórshöfn—Vopnafjörður 280 þús. Ég verð nú að segja það við hv. fyrirspyrjanda, að vetrinum er nú að ljúka að þessu sinni og snjóalög eru ekki mikil, þótt læknirinn hafi nú ekki komizt þessa leið, en ég tel alveg sjálfsagt, að þessi reglugerð verði endurskoðuð með það fyrir augum að opna oftar en verið hefur leiðina, þegar sýnilegt er, að það sé ekki til einskis. Það þýðir náttúrlega ekki að vera að moka opna leiðina, ef það er skafbylur. Í þessu bréfi hefur vegamálastjóri lagzt gegn því, að þetta væri gert að þessu sinni, en við höfum rætt um það, að vorið og sumarið verði notað til þess að gera endurskoðun á snjómokstursáætluninni og það verði þá tilbúið fyrir haustið. Þá á einnig að endurskoða vegáætlunina, og þá þarf, ef mögulegt er, að ætla fjármagn í þetta. Og það veit ég, að hv. fyrirspyrjandi skilur.

Um Dettifossveginn var rætt hér við fyrri umr. Hv. þm. segir eins og er, að ég hafi tekið því líklega. En ég tók það ekki svo, að ég ætti að koma þessari ósk þm. á framfæri í hv. fjvn. Það hélt ég, að hann mundi gera sjálfur. Mér finnst það koma vel til greina að gera Dettifossveg að aðalfjallvegi. En ég tel, úr því að búið er að skipta öllu fjármagninu upp með góðu samkomulagi þm. kjördæmanna, að þá sé ekki stór skaði skeður, þó að það bíði eftir næstu endurskoðun.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nú efalítið, að samgöngumálin eru einn af okkar stærstu málaflokkum og vegamálin einn veigamesti þáttur þeirra. Þess vegna finnst mér, að það geti tæpast talizt góð vinnubrögð að fá þessa áætlun nú, eiginlega alveg í þinglokin. Það er fyrst í dag, sem þessari áætlun verður útbýtt frá fjvn. Að vísu er rétt að geta þess, að þm. hafa haft aðstöðu til að íhuga þetta nokkuð og þ. á m. þm. einstakra kjördæma, en þrátt fyrir það finnst mér eðlilegt, að þegar búið var að ganga frá heildaráætlun um þetta, þá hefði þingið haft einhvern tíma til þess að íhuga málið að þessu leyti, en það væri ekki ætlazt til, að þetta væri afgr. á einum klukkutíma í þinglokin. Þessi mál eru áreiðanlega stærri en svo, að þetta séu tæk vinnubrögð. Þess vegna vildi ég nú beina því til hæstv. vegamálaráðherra — og á ég þá ekki eingöngu við þann, sem nú er, því að ég geri mér frekar vonir um, að það verði orðin breyting á því embætti, þegar þing kemur hér næst saman, — eða þess vegamálaráðherra, sem verður hér í framtíðinni, hver sem hann verður, að sá háttur verði á hafður, að þetta mál verði lagt fyrir þingið, þegar um það er fjallað, þannig að það komi strax fyrir í þingbyrjun og allur þingtíminn sé til þess að íhuga það. Það hlýtur að vera hægt að haga undirbúningi málsins á þann veg.

Það, sem ég rek fyrst augun í, þegar ég fer að lesa þessar brtt. fjvn. við till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972, er, að mér finnst fjárveitingin til hraðbrauta vera óhæfilega lág. Mér sýnist, að árið 1971 sé ekki áætlað að veita til

hraðbrauta nema 162 millj. kr. og fyrir árið 1972 195 millj. kr. Og miðað við það fjármagn, sem hefur farið í byrjunarframkvæmdir við hraðbrautir hér í kringum Reykjavík, þá hef ég ekki trú á því, að hægt sé að gera stórar framkvæmdir á sviði hraðbrautanna fyrir þessar upphæðir. Þess er svo að gæta, að hér í III. kaflanum er talað um framkvæmdir við hraðbrautir, þjóðbrautir, landsbrautir og fjallvegi, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé Vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Þar er veitt heimild til þess að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta og fjallvega, en sérstaks fjár verði aflað til framkvæmdanna. Og þar er gert ráð fyrir, að til hraðbrautanna verði varið samkv. þessum kafla 190 millj. kr. á árinu 1971 og 160 millj. kr. á árinu 1972. Það, sem ég vildi spyrjast fyrir um og fá svör við frá hæstv. ráðherra, er það, hvort það sé ekki ætlun stjórnarinnar, þegar að því kemur að vinna að þessum málum, að nota þessa heimild til fulls. Og ég spyr þá sérstaklega um það í sambandi við hraðbrautirnar, hvort þessi heimild, sem felst í III. kafla, um hraðbrautirnar, muni ekki verða notuð til fulls.

Ástæða væri til þess að ræða nánar um þetta mál, en vegna þess að nú er samkomulag um að hraða heldur þingstörfum, læt ég nægja að bera fram þessa fsp. til hæstv. ráðh.: Er það ekki ætlunin að nota til fulls þá heimild, sem felst í III. kafla áætlunarinnar, um fjármagn til hraðbrauta árin 1971 og 1972?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það var leiðinlegt, að hv. 4. þm. Reykv. vissi eiginlega ekki, hvert hann ætti að beina sinni fsp. áðan, þegar hann kom í ræðustól. Hann vonaðist til, að það yrðu ráðherraskipti, en hann leit yfir salinn og kom ekki auga á nýja ráðherrann. En ég vil leitast við að svara fsp. hv. þm., þar sem hann spyr um það, hvort ekki verði notaðar þær lánsheimildir, sem um er að ræða, til hraðbrautaframkvæmdanna. Hv. þm. veit, að það verður gert, vegna þess að því hefur oft verið lýst yfir í blöðum og hér á hv. Alþ., að það eigi að ljúka þessum hraðbrautaframkvæmdum á árunum 1971 og 1972. Það verður ekki gert nema að afla þess fjár, sem hér er leitað heimildar til. Og ég efast um, að hv. þm. hafi verið búinn að lesa allar till., þegar hann fór hér upp í ræðustólinn áðan. Það var svolítið ógreinilegt, sem hann sagði.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að svara fyrir hv. 4. þm. Reykv., en mér finnst ekkert undarlegt, þó að hann sé ekki búinn að lesa þessar till., sem hér liggja fyrir. Ég efast um, að það sé nokkur búinn að lesa þær. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. samgrh. hafi lesið þær, en líklega ekki margir aðrir. Það hefur enginn tími verið til þess að lesa þessar till. Og er það satt að segja nokkuð öðruvísi en ætti að vera.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og samúðina, sem hann lét í ljós við fólkið á Norðausturlandi, sem er læknislaust og getur ekki fengið rudda vegina, svo að læknarnir úr nágrannahéruðunum geti komizt þangað landveginn, þegar á þarf að halda. En samúðin er ekki nóg. Hæstv. ráðh. sagði það, ég held í apríl í fyrra, að hann ætlaði að láta endurskoða snjómokstursreglurnar. Það var í tilefni af spurningu, sem ég bar fram. Nú segir hann aftur þetta sama, að hann ætli að láta endurskoða snjómokstursreglurnar. Og ég vona, að samúð hæstv. ráðh. eigi nú eftir að aukast svo, að hann láti úr þessu verða, láti úr þessu verða einhvern tíma í vor að ljúka þessari endurskoðun á reglunum. Við erum ekki að fara fram á, að þessi landshluti sé tekinn út úr, eins og það var orðað, sé gert hærra undir höfði en öðrum landshlutum að því er varðar ruðning á vegum, heldur að þeir njóti jafnréttis. Það, sem við fórum fram á í fyrra, var það, að settar yrðu reglur um snjómokstur tvisvar í mánuði. Og það held ég nú, að hafi verið hóflegt. Nú sagði ráðh. raunar, að það mundi verða ofan á að moka einu sinni á ári og það væri búið að ganga inn á það að moka einu sinni á vetri. Og mér þótti nú gott að heyra það út af fyrir sig, því að á þessum vetri hefur aldrei verið mokað, en það verður þá væntanlega gert nú næstu daga að ryðja veginn milli Húsavíkur og Vopnafjarðar og er þess líka full þörf. Þessi vegur var einu sinni ruddur í fyrra, á ofanverðum vetri, það var af sérstökum ástæðum, sem ég ætla ekki að fara að nefna hér. Það vakti mikla athygli, þegar það var gert. Ég veit ekki, hvort Vegasjóður hefur greitt kostnaðinn við þann ruðning.

ATKVGR.
Brtt. 823 samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 872).

32. Réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið.

Á deildafundum 25. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið [295. mál] (A. 647).

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var till. tekin til fyrri umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til utanrmn. með 39 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 647, n. 832 og 842).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Eftir að till. til þál. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið, sem er á þskj. 647, og till. til þál. um landhelgismál á þskj. 638 var vísað til utanrmn., átti n. fund um málið. Á þeim fundi mættu auk nm. hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Það kom strax í ljós, að ekki gat orðið samkomulag innan utanrmn. um afgreiðslu málsins, og vil ég segja því miður. Kemur þetta fram á þskj. 832. Varð niðurstaðan sú, að meiri hl. n. leggur til, að fyrri till. verði samþ. óbreytt. Minni hl. n. hefur hins vegar skilað séráliti á þskj. 842.

Ég vil nú leyfa mér, herra forseti, að gera grein fyrir

afstöðu meiri hl. utanrmn., að vísu í stuttu máli, um mikið og mikilsvarðandi mál.

Meiri hl. n. telur, að nú sé hafinn lokaþáttur baráttu Íslendinga fyrir því að afla viðurkenningar annarra þjóða á rétti Íslendinga yfir landgrunnshafinu við Ísland. Sú barátta hefur að vísu verið háð áður og alllengi á ýmsum vettvangi, en þó fyrst og fremst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þar sem málið var upphaflega tekið upp að frumkvæði Íslendinga. Í framhaldi af þeirri tillögugerð voru haldnar tvær alþjóðaráðstefnur í Genf árin 1958 og 1960. Ekki tókst að ná þar samkomulagi um víðáttu lögsögu strandríkja á hafinu. Þegar svo var komið, var ljóst, að ekki fengist meira áorkað í bili og skynsamlegast væri þess vegna að bíða þess um hríð, að fleiri ríki yrðu aðilar að Sameinuðu þjóðunum, eins og fyrirsjáanlegt var, og nota tímann til að afla málinu fylgis og styrkja aðstöðuna gegn stefnu þeirra ríkja, sem þrengja vildu fiskveiðilögsöguna almennt. Þessi breyting hefur átt sér stað undanfarin 10 ár, og nú er sem sagt lokaþátturinn hafinn, eins og ég vék að. Svo sem hæstv. utanrrh. hefur gert Alþ. grein fyrir, er aðstaða okkar nú allt önnur og miklu betri, vil ég segja, en hún var á ráðstefnunum 1958 og 1960. Að öllu þessu athuguðu telur meiri hl. utanrmn., að styðja beri þá stefnu hæstv. ríkisstj., að allt kapp sé nú lagt á að færa málið fram til sigurs. Með þeim viðræðum, sem núna eru hafnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, skapast einmitt einstakt tækifæri til þess. Lokaákvörðun um útfærslu fiskveiðilandhelgi Íslands yrði með slíkum hætti tekin, eftir að málatilbúnaður af hálfu Íslendinga hefði í einu og öllu verið sem bezt vandaður og yfirvegaður. Í þessu felst það einnig, að hægt væri að grípa til ráðstafana hvenær sem er, ef aðstæður krefjast þess á einhvern hátt, að því sé fylgt fram með viðbótarákvæðum. Meiri hl. utanrmn. leggur þess vegna eindregið til, að till. til þál. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu verða við þeirri bendingu frá hæstv. forseta, að eðlilegast sé að ræða báðar till. saman, en veit, að afgreiðsla þeirra verður að sjálfsögðu samt sem áður sitt í hvoru lagi að lokum.

Minni hl. utanrmn. telur, að hér sé um svo stórfellt mál að ræða, að eðlilegt væri, að þjóðin sjálf fengi tækifæri til þess að láta í ljós ótvírætt og alveg óbundið vilja sinn í því og því væri rétt að efna til þjóðaratkvgr. um málið samhliða alþingiskosningunum 13. júní. Þess vegna lagði minni hl. í utanrmn. fram svo hljóðandi till. í n.:

„Utanrmn. samþykkir að leggja til við Alþ., að samhliða alþingiskosningunum 13. júní n. k. fari fram þjóðaratkvgr. um till. til þál. á þskj. 638 og 647."

Þessi till. var felld í utanrmn. með 4:3 atkv. Minni hl. telur verr farið, að ekki náðist samkomulag um þjóðaratkvgr. um báðar till., því að með því móti hefðu menn getað tekið afstöðu til landhelgismálsins alveg ótruflaðir af samúð sinni eða andúð á flokkum og frambjóðendum í alþingiskosningunum sjálfum. Minni hl. telur þó þýðingarlaust að flytja sérstaka till. á Alþ. um þjóðaratkvgr., þar sem hann telur fullprófað í utanrmn., að stjórnarflokkarnir geta ekki á hana fallizt, og er þá að snúa sér að afgreiðslu þáltill. tveggja sjálfra. Hefði á hinn bóginn orðið samkomulag um þjóðaratkvgr., var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að afgreiðsla landhelgismálsins á Alþ. biði eftir úrslitum hennar þann 13. júní.

Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að þáltill. á þskj. 647. Þessi þáltill. gerir í raun og veru ráð fyrir því frá okkar sjónarmiði séð í minni hl., að öllum ákvörðunum í landhelgismálinu verði skotið á frest. Við teljum allt verða jafnóljóst og áður um það, hvað ætlazt er fyrir í málinu, nái þáltill. samþykki. Kemur t. d. ekki fram í þáltill., hvort ætlunin væri að færa út landhelgina og notfæra sér hin áskildu réttindi á landgrunninu þannig að stefna að kvótaveiðum með öðrum þjóðum á landgrunninu. En okkur sýnist ríka nauðsyn bera til, að ákveðin stefna sé tekin í þessu efni.

Aðalákvæði till. er að kjósa nefnd til þess að semja og setja í nýtt frv. þau efnisákvæði varðandi landgrunns- og landhelgismálið, sem hv. Alþ. og ríkisstj. hafa þegar lögfest eða tekið ákvarðanir um og unnið að undanfarið. Við sjáum ekki þess vegna, að í því sé neitt nýtt.

Í þáltill., sem hv. meiri hl. n. styður, er ekki minnzt á landhelgissamninginn við Breta og Vestur-Þjóðverja né hvernig með hann skuli fara. Þó er sá samningur að okkar dómi í minni hl. alvarlegasta hindrunin á útfærsluleiðinni. Af þessu leiðir, að við teljum þessa þáltill. allsendis ófullnægjandi lausn á þessu máli og leggjum til, að hún verði felld, enda styðjum við þáltill. á þskj. 638, sem ég vil nú fara um nokkrum orðum.

Við, sem að þessari þáltill. stöndum, teljum ríka nauðsyn bera til, að Alþ. samþykki nú, einmitt nú, að færa út landhelgina. Útfærslustefnan í landhelgismálinu verði tekin upp á ný og þar með gert ljóst, svo að engum misskilningi valdi, að Íslendingar stefna ekki að því að deila veiðikvóta með öðrum þjóðum á sínu eigin landgrunni. Sem sé, að kvótastefnunni sé hafnað, en útfærslustefnan tekin upp. Hæfilegt teljum við í þessum áfanga að færa út þannig, að fiskveiðilandhelgin verði 50 sjómílur frá grunnlínum, og rétt, að jafnframt verði ákveðið, að íslenzk lögsaga varðandi mengunarvarnir verði 100 sjómílur.

Við leggjum áherzlu á, að útfærslan verði gerð áður en hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna verður haldin og þó ekki síðar en 1. sept. 1972. Það er of áhættusöm leið að okkar dómi að bíða fram yfir ráðstefnuna, og frá okkar sjónarmiði hafa Íslendingar allt að vinna með því að bætast fyrir ráðstefnuna í hóp þeirra þjóða, sem einhliða hafa stækkað landhelgi sína út fyrir 12 mílur. Það styrkir stórum sóknina á ráðstefnunni gegn festingu 12 mílna landhelgi með alþjóðasamþykkt, að sem flestar þjóðir hafi einhliða fært lengra út, áður en til ráðstefnunnar kemur. Það gæti líka vel farið svo, takist ráðstefnan illa frá okkar sjónarmiði, að mun erfiðara yrði að færa út einhliða eftir hana en fyrir, að frekar tækist, ef svo færi, að halda því, sem búið er að gera, en gera alveg nýjar ráðstafanir, sem ekki samrýmdust nýjum samþykktum, sem ofan á yrðu á ráðstefnunni.

Hér kemur einnig til að ákveða, hvort Íslendingar eigi að vera í fararbroddi með þeim ríkjum, sem lengst vilja og þurfa að ganga í þessum efnum, eða koma á eftir og sætta sig við það, sem fellur til. Hætt er við, að illa hefði gengið með þreföldun landhelginnar á und-

anförnum áratugum, ef sá háttur hefði verið á hafður alla tíð.

Við viljum leggja ríka áherzlu á, að það hlýtur að styrkja okkur í þeirri baráttu, sem fram undan er, að láta það ekki dragast að taka ákvarðanir um útfærsluna sjálfa og tilkynna þá ákvörðun núna án tafar, m. a. þeim þjóðum, sem gera nú, einmitt nú, áætlanir um stóraukna sjósókn með stórskipum á okkar landgrunni. Yrði sá háttur á hafður, færi ekkert á milli mála, hvers væri að vænta af okkar hendi, og með engu móti verður þá sagt eftir á, að við höfum vanrækt að gera uppskátt um fyrirætlanir okkar, svo að tillit gæti orðið tekið til þeirra af öðrum í tæka tíð.

Við teljum, að landhelgissamningurinn við Breta og Vestur-Þjóðverja sé hættuleg hindrun á útfærsluleiðinni. Í honum eru ákvæði um, að við einir allra þjóða höfum ekki einhliða útfærslurétt á okkar eigin landgrunni, en séum bundnir Haag-dómstólnum. Alþjóðalög um víðáttu fiskveiðilandhelgi eru þó engin til í gildi handa Haag-dómstólnum að dæma eftir og allt undir mati dómsmannanna sjálfra, hvað þar yrði ofan á, ef til kæmi. Yfir þessa hindrun verður að komast áður en til útfærslu kemur, og þá með því að gera stjórnum Bretlands og Vestur-Þýzkalands grein fyrir því, að vegna lífshagsmuna íslenzku þjóðarinnar og vegna breyttra aðstæðna geti samningarnir ekki talizt bindandi fyrir Ísland og verði þeim sagt upp.

Enginn samningur getur verið óuppsegjanlegur eða þannig vaxinn, að hann skuli gilda um aldur og ævi. Er það sjónarmið nú almennt viðurkennt í umr. um landhelgismálið, og er það ávinningur, að það sjónarmið hefur verið viðurkennt í þeim umr., sem nú hafa farið fram um þessi efni.

Útfærsla landhelginnar nú er lífsnauðsyn. Þannig var það einnig 1958. Það var okkar skilningur, sem að þeirri útfærslu stóðum þá, að við ættum enga völ, enga valkosti, að Íslendinga biði ekki annað en að veslast upp, ef við ekki færðum út landhelgina. Þetta gaf okkur, sem ákvörðunina tókum þá, afl til þess að taka örlagaríka ákvörðun, sem óneitanlega fylgdi talsverð áhætta. En við álitum, að við ættum enga völ. Og var það ekki rétt? Hvað finnst okkur núna? Erum við ekki öll sammála um, að illa væri komið fyrir okkur nú, ef við hefðum ekki fært út landhelgina 1958, og útlendingar þar af leiðandi alla tíð herjað fiskimiðin inn að 4 mílum og gerðu það enn í dag? Og ég fullyrði, að 12 mílum hefðum við aldrei náð án einhliða ákvarðana okkar sjálfra 1958 og án þess að taka þá áhættu, sem því fylgdi. Samningar um slíkt voru gersamlega óhugsandi.

Aftur er svo komið, að við eigum enga völ. Aðeins ein leið er fær. Hún er sú að færa út landhelgina. Þess vegna verðum við að gera það. Við getum mætt erfiðleikum á þeirri leið, en samt getur það ekki endað nema á eina lund: Með sigri þess málstaðar, sem helgast af lífsnauðsyn, ef við sýnum einurð og þrautseigju. Og þjóðin mun einnig eins og þá sameinast, þegar á reynir.

Ég legg mikla áherzlu á nauðsyn þess, að sem flestir standi saman í landhelgismálinu. Það hefur einnig verið ríkjandi skoðun stjórnarandstæðinga undanfarið. Það voru stjórnarandstæðingar, sem tóku það upp í utanrmn. Alþ. í nóv. 1969, að samstarfsnefnd þingflokkanna yrði komið á um landhelgismálið, og það voru stjórnarandstæðingar í n., sem fylgdu þessu eftir allan veturinn, unz hæstv. ríkisstj. féllst á þá aðferð vorið 1970 að setja upp þá samstarfsnefnd í landhelgismálinu, sem starfað hefur síðan og unnið óneitanlega mikið starf og vafalaust mjög gagnlegt. Það eigum við sjálfsagt eftir að sjá, áður en lýkur.

Samstaða náðist að vísu ekki, eins og hinar tvær þáltill. bera vott um, enda geri ég ráð fyrir, að þeir séu æði margir, sem gera sér grein fyrir því, að þess var ekki að vænta, að allir gætu sameinazt um að skjóta nú á frest ákvörðunum í málinu.

En þótt svo fari, að ekki náist samkomulag um það nú, hvað gera skuli, þá er það bjargföst sannfæring mín, að þjóðin muni standa saman sem einn maður um útfærslu landhelginnar, þegar þar að kemur. Það var ekki samkomulag um útfærslu landhelginnar 1958. Langt frá því. Það var heiftar ágreiningsmál. En þjóðin, almenningur í landinu, sameinaðist um hana samt. Svo mun enn fara, og það skiptir mestu máli. Almenningsálitið skiptir sem sé mestu máli, þegar allt kemur til alls.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því, að úr því sem komið er, er ekki aðstaða til þess að ræða þetta mál hér ítarlega. Það er þegar komið að lokum þessa þings, og tími er naumur. Ég hygg líka, að það liggi nú nokkuð ljóst fyrir, að þeir flokkar hér á Alþ., sem fara með meirihlutavald, hafi komið sér saman um ákveðna afgreiðslu á því máli, sem hér liggur fyrir, og það verði því ekki miklu um þokað úr því sem komið er. Það er ljóst, að hæstv. ríkisstj. vill ekki á þessu stigi málsins, að tekin verði nein bindandi ákvörðun um stækkun fiskveiðilandhelginnar við landið. Hún vill bíða og telur enn nauðsynlegt að kynna málið öðrum þjóðum og kanna enn betur skoðanir annarra þjóða á þessu máli, þó að það liggi óumdeilanlega fyrir, að ríkisstj. hefur haft það verkefni frá Alþ. nú um 12 ára tímabil að eiga að kynna stefnu Íslendinga í þessu máli öðrum þjóðum og eiga að reyna að afla viðurkenningar annarra þjóða á rétti okkar í þessum efnum. Eigi að síður er það skoðun stjórnarinnar, að enn sé þörf á því að bíða með ákvarðanir og halda áfram þessu kynningarstarfi.

Eitt atriði hefur sérstaklega komið fram í þeim umr., sem orðið hafa um þetta mál að þessu sinni, en það snertir hina væntanlegu hafréttarráðstefnu, sem ráðgert er, að haldin verði árið 1973. Látið er mjög að því liggja, að ástæða sé til þess að bíða með ákvarðanir í málinu vegna þessarar væntanlegu ráðstefnu. Og í þeim efnum er orðum jafnvel hagað þannig, að helzt er á þeim að skilja, að á þessari ráðstefnu muni verða tekin bindandi ákvörðun um stærri fiskveiðilandhelgi, og helzt er að skilja á sumum þeim, sem talað hafa í þessu máli fyrir hönd hæstv. ríkisstj., að líta megi næstum á þessa væntanlegu hafréttarráðstefnu eins og nokkurs konar löggjafarsamkomu og því sé eðlilegt að bíða eftir því, að þessi samkoma setji lög um það efni, sem hér er um að ræða. Ég vil í sambandi við þetta atriði sérstaklega benda á það, að hér er farið algerlega rangt með varðandi eðli þessarar ráðstefnu. Í fyrsta lagi er það svo, að það er allsendis óvíst á þessu stigi málsins, hvenær þessi ráðstefna verður haldin. Það hefur að vísu verið gerð samþykkt um það, að ráðstefnan verði væntanlega haldin á árinu 1973, en þó var tekið skýrt fram í samþykkt um málið, að 27. allsherjarþing Sameinuðu

þjóðanna, sem haldið verður á árinu 1972, gæti tekið ákvörðun um að fresta ráðstefnunni, ef undirbúningur hennar þætti ekki nægjanlegur. Það þótti sem sagt ástæða til þess að taka þetta sérstaklega fram í samþykktinni á þingi Sameinuðu þjóðanna að reikna allt eins með því, að til þess gæti komið, að það þyrfti að fresta þessum ráðstefnutíma. Ég tel því fyrir mitt leyti, að það geti alveg eins farið á þá leiðina, að þessari ráðstefnu verði frestað.

Þá er einnig þess að gæta, um hvað þessi ráðstefna er í raun og veru fyrst og fremst haldin. Því fer víðs fjarri, að þessi ráðstefna sé kölluð saman sérstaklega út af því máli, sem við Íslendingar berum aðallega fyrir brjósti, þ. e. að taka ákvarðanir um stærð fiskveiðilandhelgi. Meginmál þessarar ráðstefnu er í rauninni allt annað. Meginmál ráðstefnunnar er að fjalla um hin svonefndu hafsbotnsmál, sem eru gífurlega stór mál hjá fulltrúum á þingi Sameinuðu þjóðanna, þar sem umr. um þau hafa staðið í langan tíma. Það er því verið að halda hér ráðstefnu fyrst og fremst til þess að reyna að setja almennar reglur um nýtingu auðæfa hafsbotnsins og margs konar fyrirkomulag í sambandi við yfirstjórn þeirra mála. Þetta er meginverkefni ráðstefnunnar.

Annað aðalatriðið í verkefnum þessarar ráðstefnu verður síðan að reyna að skilgreina nokkru nánar mörkin á milli hins svonefnda landgrunns, sem tilheyrir að fullu og öllu viðkomandi strandríki, og hins mikla hafsbotns, af því að það er vitað, að uppi eru misjafnar skoðanir hjá hinum einstöku þjóðum um það, hvernig skuli draga þessi mörk. En allt snýr þetta fyrst og fremst að hafsbotninum, bæði næst landinu og lengra út frá landi. Þetta eru meginverkefni þeirrar ráðstefnu, sem boðað er til, þó með þeirri óvissu, sem ég gat um í upphafi míns máls.

Hin atriðin, sem síðan snerta hin almennu landhelgismál, hefur þótt rétt að taka upp í sambandi við verkefni ráðstefnunnar, og voru þó sannarlega ekki allir sammála um það, og þá einnig þau verkefni, sem snerta sérstaklega fiskveiðilandhelgi eða fiskveiðiréttindi þjóða og ekki verða flokkuð beinlínis til landhelgismála eins og aðrar þjóðir ræða yfirleitt um þau, þó að í umr. hér hjá okkur falli þetta mjög mikið saman, að við ræðum fiskveiðiréttindi eða fiskveiðilögsögu og landhelgismál almennt.

Nú er þess einnig að geta í þessum efnum, að því fer víðs fjarri, að ráðstefnur af þessu tagi líkist á nokkurn hátt venjulegu löggjafarþingi eða löggjafarsamkomum. Hin almenna regla, sem gildir um svona ráðstefnur, er sú, að til þess að till. um málefni, sem þar er fjallað um, nái samþykki, þarf ⅔ atkv. Og jafnvel þó að ⅔ atkv. styðji tiltekna till., þá er ekki þar með sagt, að hún sé orðin að lögum, þannig að allar þjóðir þurfi síðan að beygja sig undir slíka samþykkt. Samþykkt á þeim grundvelli verður aðeins til þess, að litið er svo á, að þá hafi skapazt grundvöllur til þess að gera sérstaka alþjóðasamþykkt, sem síðan verður að leggja fyrir hin einstöku þjóðþing hinna mörgu aðildarlanda, sem síðan verða að segja til um það, hvort þau vilja gerast aðilar að þessari alþjóðasamþykkt, sem á þennan hátt hefur verið grundvölluð.

Þegar þetta er allt haft í huga ásamt mörgu öðru, þá sjá menn það, hvað því fer víðs fjarri, sem hefur verið reynt að halda fram í umr. um þetta mál, að það sé í rauninni óeðlilegt að bíða ekki eftir þessari ráðstefnu, vegna þess að mjög líklegt sé, að hún muni leysa þann vanda, sem við eigum við að glíma í þessum efnum. Það liggur einnig fyrir í þessu máli, að þær þjóðir, sem jafnan hafa reynzt áhrifamestar á ráðstefnum eins og þessari, risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, — í þessu tilfelli reyndar einnig studd af öðrum stórveldum, — þau berjast fyrir því af miklu kappi að fá fram alþjóðasamþykkt um það, að hámark landhelgi skuli vera 12 sjómílur, og við Íslendingar vitum vel, — og enginn ætti að vita það betur en hæstv. ríkisstj., — að fulltrúar frá þessum risaveldum hafa beinlínis ferðazt á milli hinna einstöku þjóða nú að undanförnu til þess að reyna að fá þær til að styðja sjónarmið sín í þessum efnum. Við vitum það, að þetta mál liggur þannig fyrir, að öll stórveldin, sem koma til með að taka þátt í væntanlegri hafréttarráðstefnu, eru andvíg þeirri skoðun, sem við berjumst fyrir í þessu máli. Og við vitum það líka, að allar þjóðir Evrópu, hver ein og einasta, standa á móti okkur í þessu máli og eru á öðru máli. Það er engin tilviljun, að þær þjóðir í heiminum, sem barizt hafa fyrir stærstri landhelgi sér til handa — og þá m. a. fiskveiðilandhelgi eins og Suður-Ameríkuríkin — hafa beinlínis lagzt á þá sveif að reyna að fá þessari ráðstefnu frestað, af því að þau hafa óttazt, að gerðar yrðu samþykktir a. m. k. með meiri hl. atkv. á þessari ráðstefnu, sem gætu gert aðstöðu þeirra, sem berjast fyrir viðáttumikilli landhelgi, óhagstæðari en hún hefur verið.

Allt þetta, sem ég hef sagt nú, sýnir, að á því er auðvitað enginn vafi, að það eru verulegar hættur á ferðinni í sambandi við þessa ráðstefnu, verði hún haldin á árinu 1973. Þar kunna að koma fram a. m. k. meirihlutasamþykktir eða till., sem hljóta meiri hl. atkv., sem fælu í sér að lýsa það óheimilt að færa landhelgi frekar út en í 12 mílur. Það er ekki ótrúlegt, að þeir, sem í dag kvarta undan því, að það kunni að vera erfiðleikum bundið fyrir okkur Íslendinga að færa út landhelgismörk okkar með einhliða yfirlýsingu, ættu eftir að kvarta og kvarta sáran undan þeim vanda, sem því fylgdi að gera einhliða ákvörðun í þessu máli eftir að t. d. meiri hl. þjóða á slíkri ráðstefnu sem hér er gert ráð fyrir að halda hefði lýst yfir skoðun, sem færi þvert á okkar fyrirætlanir. Ég tel því, að eins og upplýsingar liggja fyrir og við eigum að vita um, — því að ekki ætla ég, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki fylgzt með því, sem hefur verið að gerast í þessum málum á undanförnum árum, og hafi ekki heyrt þær skoðanir, sem fram hafa komið í umr. um þessi mál, — þá höfum við fulla ástæðu til þess að óttast, að það kunni að gerast á þessari ráðstefnu, sem gæti torveldað okkur fyrirhugaða útfærslu. Það er því mín skoðun, að hvort tveggja sé, að það sé orðin brýn nauðsyn fyrir okkur vegna aðstöðunnar á fiskimiðunum við landið að draga ekki útfærsluna meira en orðið er, og einnig út frá þeirri stöðu, sem við vitum, að liggur fyrir í þessum málum á alþjóðavettvangi, sé það sjálfsagt fyrir okkur einmitt nú að færa út landhelgi okkar með einhliða yfirlýsingu eins og allar þjóðir hafa gert í öllum tilfellum, þegar þær hafa þurft að stækka sína landhelgi á liðnum árum. Það er auðvitað alrangt, að við séum einir um það að velja þá leið að stækka okkar landhelgi með einhliða ákvörðun. Það hafa allar þjóðir þurft að gera.

Sú skoðun, sem fram hefur komið, að við þurfum að semja við aðrar þjóðir um stækkun okkar fiskveiðilandhelgi, jafnvel þótt við förum ekki með stækkunina út fyrir okkar landgrunnsstöpul, er auðvitað alröng. Og sú skoðun getur ekki verið í samræmi við fyrri samþykktir hér á þingi. Við höfum lýst því yfir á ótvíræðan hátt með lagasetningu, að fiskimiðin á landgrunninu við landið eigi að lúta okkar lögsögu, eftir því sem við einir ákveðum. Við eigum því ekki að þurfa að semja við aðrar þjóðir um þær reglur, sem við viljum setja á þessu svæði. Þeir, sem halda uppi slíkri kenningu, eru að vinna að því að taka hér upp nýja stefnu í okkar landhelgismáli.

Ég sagði hér í upphafi míns máls, að það hefði líklega ekki mikla þýðingu að ræða þetta efni hér í löngu máli, því að ákvarðanir mundu verða teknar um úrslitin. En ég hélt þó á tímabili, að það kynnu að vera einhverjir möguleikar á því, að hægt yrði að samræma þau sjónarmið, sem upp hafa komið í málinu á milli stjórnarandstöðu og stjórnarflokkanna. Ég hélt m. a., þegar ég heyrði um till., sem einn hv. stuðningsmaður ríkisstj., hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, hafði tekið saman og sýnt m. a. okkur í stjórnarandstöðunni, að það væri e. t. v. að skapast grundvöllur til samstöðu hér á Alþ. um afgreiðslu þessa máls. En svo sé ég það, að afgreiðslan hefur orðið sú, að þær hugmyndir, sem þessi hv. þm. hafði um möguleika á því að leysa málið, eru látnar hverfa skyndilega og ríkisstj. virðist halda fast við sína till. Ég tel það miður, að ríkisstj. skuli hafa tekið þannig á þeim hugmyndum, sem þar komu fram, og það sýnir kannske, að það þýðir ekki mikið að ræða um málið úr því sem komið er. Ríkisstj. virðist vera alveg ákveðin í því að halda sig við þá till., sem hún hefur flutt um málið, þó að hún viti, að hún er þannig, að við í stjórnarandstöðunni getum aldrei á hana fallizt.

Ég skal svo ekki ræða þetta í lengra máli á þessum takmarkaða tíma, sem þingið ræður nú yfir, en lýsi yfir þeirri afstöðu okkar Alþb.-manna, að við teljum, að einmitt nú á þessu þingi eigi að taka bindandi ákvörðun um stækkun fiskveiðilandhelginnar við landið, og við vörum sterklega við þeirri hættu, sem því mun fylgja að skjóta þessu máli enn á frest og láta það bíða hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Við munum því standa með þeirri till., sem flutt er af okkur þremur á þskj. 638, en gegn þeirri till., sem hæstv. ríkisstj. hefur flutt um málið.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal reyna að takmarka mál mitt, eins og aðrir hv. þm. hafa gert nú, og fyrst og fremst forðast að efna til frekari deilna, en það eru nokkur atriði, sem fram hafa komið í ræðum hv. ræðumanna, 1. og 4. þm. Austf., sem gefa mér tilefni til að taka nokkur atriði fram.

Ég vil fyrst víkja að þeim upplýsingum, sem hv. 1. þm. Austf. gaf hér, um það, að stjórnarandstæðingar hefðu flutt till. um það í utanrmn. að efna til þjóðaratkvgr. um þessar till. og afgreiða þær ekki á þinginu. Mér barst til eyrna á laugardaginn var, að uppi væru ráðagerðir um slíkan tillöguflutning, og óskaði ég því eftir því við formann n. að mega koma á fund utanrmn. Þegar hv. 1. þm. Austf. hafði gert grein fyrir og borið fram í n. þessa ráðagerð um þjóðaratkvgr., þá fór ég þess á leit, mæltist beinlínis til þess við stjórnarandstæðinga, að þeir flyttu ekki þessar till. á Alþ. Það væri ekki sá efnismunur á milli okkar í þessu máli, að það gæfi tilefni til þjóðaratkvgr., þar sem við fyrst og fremst deildum um aðferðir, en ekki efni málsins. Í öðru lagi teldi ég varhugavert að sýna þann svip á okkur út á við, að við Íslendingar værum í raun og veru tvíklofnir í þessu máli og það væri ekki sú rétta mynd, sem aðrar þjóðir kynnu að fá af okkar raunverulegu afstöðu. Ég fagna því, að þessar till. hafa ekki komið fram í þinginu, en hv. 1. þm. Austf. gat þess á fundinum, að þeir mundu ekki heldur vera ráðnir í því, en um þær var aðeins gengið til atkv. í utanrmn., þar sem meiri hl. var á móti þeim, eins og hann gerði grein fyrir.

Hv. 1. þm. Austf. sagði, að það kæmi ekki fram í okkar till., hvort ætlunin væri að færa út landhelgina eða hallast að kvótaveiðum. Þetta gefur mér tilefni til þess að taka af allan vafa um þetta, og ég get ekki skilið, hvernig hann getur verið kominn inn. Í fyrsta lagi felst alveg tvímælalaust ætlun okkar um útfærslu í till., og við viljum undir öllum kringumstæðum forðast kvótafyrirkomulagið, sem hann vitnaði til, á landgrunnssvæðinu. Bæði felst þetta í 1. mgr. till. og einnig síðar í till., þegar áréttuð er sú stefna, sem mótuð var af íslenzku ríkisstj. um einhliða rétt okkar með tilkynningu til alþjóðalaganefndarinnar 5. maí 1952. En þar segir, að ríkisstj. Íslands sé rétt og skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á einhliða grundvelli til þess að vernda auðlindir landgrunnsins, sem landið hvílir á. Um þetta hefur heldur enginn ágreiningur verið milli fulltrúa þingflokkanna í landhelgisnefndinni, og skal ég ekki hafa fleiri orð um það, en ég vildi aðeins koma með þessum orðum í veg fyrir það, að um þetta gæti ríkt nokkur misskilningur.

Hv. 1. þm. Austf. vitnaði til þess, sem einnig kom fram í útvarpsumr. um landhelgismálið, að áætlanir væru um stóraukna sjósókn á Íslandsmið. Ég vil af þessu tilefni lýsa yfir, að ef þær ráðagerðir verða framkvæmdar af hálfu Breta og reyndar væntanlega af hálfu annarra þjóða, eins og hv. þm. Björn Jónsson gerði sérstaklega grein fyrir í útvarpsumr., og aukin sjósókn, stóraukin sjósókn verður á miðin, eins og hv. 1. þm. Austf. sagði nú, þá tel ég kominn tíma til þess að færa út án tafar. Ef þessi áætlun, sem gert var ráð fyrir, stenzt, þá átti það að vera komið í ljós hinn 1. des. á þessu ári, og jafnvel var þá ráðgert, að stórkostlegir verksmiðjutogarar kæmu hingað frá Japan, Frakklandi og öðrum þjóðum. Þá væri ekki eftir neinu að bíða. Þá þyrfti ekki að bíða eftir 1. sept. 1972. Þá verðum við samningsbundnir, ef við náum ekki samkomulagi um það við Breta og Vestur-Þjóðverja, að doka við í sex mánuði, en ekki lengur, en gagnvart öðrum þjóðum getum við fært út þegar í stað. Breyttar forsendur gæfu okkur fyllsta rétt til þess að lýsa yfir því, að við teldum okkur ekki lengur bundna af samkomulaginu frá 1961, því að það sjá allir, að ef slík stóraukin sjósókn verður á Íslandsmið, þá verður hér á örskömmum tíma eytt fiskinum á íslenzka landgrunninu. Ríkisstj. fól Landhelgisgæzlunni á s. l. sumri að gera hálfsmánaðarlega könnun eða talningu á fiskiskipum á landgrunnssvæðinu eftir þjóðernum og reyna eftir því sem hægt væri að gefa ríkisstj. upplýsingar um stærð þeirra, veiðigetu og veiðiaðferðir, einmitt með það fyrir augum að fylgjast með, hver þróunin yrði á næstunni í þessum efnum. Við

höfum upplýsingar frá eldri tímum, en miklu ófullkomnari, um sjósókn annarra þjóða á landgrunnið eða fiskimiðin kringum Ísland utan landhelginnar, en frá því í ágústmánuði höfum við hálfsmánaðarlega talningu, vegna þess að við vildum vita vissu okkar í þeim efnum og fylgjast nákvæmlega með þróuninni.

Hv. 1. þm. Austf. talaði hér um, að það væri ákvæði í samkomulagi við Breta og Vestur-Þjóðverja frá 1961 um það, að við hefðum ekki einhliða útfærslurétt, og byggði hann það á því, að við værum skuldbundnir samkv. því að leggja mál okkar fyrir dóm. Sá, sem skuldbindur sig til þess að leggja mál sitt fyrir dóm, afsalar sér ekki rétti. Það er alveg ný kenning. Og hvernig er hægt að afsala sér rétti með því að skuldbinda sig til þess að láta mál sitt ganga til dóms? Það eru engin ákvæði í samningnum frá 1961 um það, að við höfum ekki einhliða útfærslurétt, heldur er beinlínis tekið fram og áréttað það, sem Alþ. lýsti yfir samhljóða 5. maí 1959 að við mundum halda áfram útfærslu landhelgi okkar, unz hún næði yfir allt landgrunnið. En Alþ. samþykkti þá, að aflað skyldi, eins og það var orðað, viðurkenningar annarra þjóða á rétti okkar. Og að því hafa íslenzk stjórnvöld unnið á undanförnum árum að framfylgja þessari stefnu Alþ. með það fyrir augum, að við gætum á hverjum tíma gert það, sem við ætluðum okkur að gera. Við töldum sjálfir, að við hefðum þá stoð til þess og réttarheimild, sem okkur mundi duga, hvort sem við værum bundnir af dómstóli eða ekki, því að ævinlega höfum við Íslendingar í öllum okkar aðgerðum í þessu máli byggt aðgerðir okkar á því, að við teldum, að við hefðum réttarheimildir til að byggja á, og þannig munum við að sjálfsögðu halda áfram að hegða okkur, og um þetta mun okkur ekki greina á, hvorki hér á Alþ. né annars staðar.

Út af ræðu hv. 4. þm. Austf. vil ég segja það, að mér fannst allt hans tal um ráðstefnuna, hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, væntanlega ráðstefnu 1973, óvarlegt í hæsta máta og reyndar óþarft. Óvarlegt er að gera því skóna, að það hafi enga þýðingu, þó að slík ráðstefna verði á okkar bandi og geri samþykktir, sem eru samhljóða því, sem við teljum okkur eiga rétt til. Það er einnig ástæðulaust.

Hv. þm. talaði um þá skoðun, að við þyrftum að semja við aðrar þjóðir um landhelgina. Hver hefur þá skoðun? Ég hef ekki heyrt þeirri skoðun lýst af neinum, að við þurfum að semja við aðrar þjóðir. Alþ. sjálft hefur ákveðið, að rétt væri að afla viðurkenningar annarra þjóða á rétti okkar. Og hvernig er það hægt? Er hægt að afla viðurkenningar á rétti, eins og Alþ. hefur falið íslenzkum stjórnvöldum, nema með því að leita einhvers konar samkomulags, leita til einnar þjóðar eða fleiri, fá þá viðurkenningu í alþjóðasamþykktum eða í niðurstöðum alþjóðadómstóla? Ég álít, að það sé ekki hægt að afla viðurkenningar með öðrum hætti, eins og Alþ. hefur falið okkur. Hitt er svo annað, að það er hægt að afla viðurkenningarinnar óbeint með því að notfæra sér einhliða rétt til útfærslu og láta þá ráðast, að aðrar þjóðir láti gott heita og viðurkenni í verki það, sem við höfum gert. Og það er opin leið fyrir okkur, hvenær sem við teljum, að það sé hagkvæmt og rétt hjá okkur, að fara þá leið.

Hv. 4. þm. Austf. sagði, að risaveldin berðust af miklu kappi fyrir því, að hámark landhelgi skyldi vera 12 sjómílur. Og ég held, að hann hafi nú sagt, að sérstaklega hefðu farið erindrekar frá Bandaríkjunum milli þjóða til þess að reyna að vinna þessum málstað stuðning. Það er alveg augljóst, að þessi svokölluðu risaveldi, Sovétríkin og Bandaríkin, og svo kannske einhver önnur stórveldi, sem ekki er e. t. v. hægt að kalla risaveldi, gera feikilega mikinn mun á landhelgi, almennri lögsögu, „jurisdiction“, og fiskveiðilögsögu. Í þeirra augum er þetta algerlega sitt hvað. Og mér er kunnugt um það, að viðhorf þjóðanna nú á undirbúningsfundinum í Genf, hinna 86 þjóða, sem eru að undirbúa hafréttarráðstefnuna, eru allt öðruvísi heldur en viðhorfið var 1958 og 1960 og þau eru miklu nær okkar málstað, einmitt að strandríkið hafi rétt til að hagnýta sér fiskveiðarnar á sínu eigin landgrunni sjálft. Ég tel, að staða okkar í landhelgismálinu að því leyti að eignast óskoraðan rétt yfir fiskveiðum á landgrunninu, sem ekki er vefengdur af öðrum, hafi aldrei verið sterkari en nú, og ef við högum okkar ráði rétt, muni það ekki skipta nema misserum, að þessi réttur verði viðurkenndur á alþjóðlegum vettvangi.

Það er rétt, að risaveldin vildu hafa hafréttarráðstefnuna þrönga, að hún fjallaði aðallega um hafsbotninn, hagnýtingu hans og þá kannske að reyna að festa landhelgina við 12 mílur, fiskveiðilandhelgi og annað. Ég skal ekki segja um það. En við Íslendingar og fulltrúar okkar hjá Sameinuðu þjóðunum með öðrum þjóðum börðumst mjög hart gegn þessu og vildum ekki taka þátt í þessari ráðstefnu, nema hún væri haldin á víðum grundvelli. Í okkar augum væri aðalatriðið, að fiskveiðilandhelgin yrði tekin til meðferðar og réttur strandríkisins. Málstaður okkar og þeirra, sem með okkur voru, sigraði, og till. var þannig samþykkt hjá Sameinuðu þjóðunum á þennan hátt með atkv. allra þjóðanna nema sjö Austur-Evrópuríkja. Það fær ekki staðizt að mínum dómi, að öll stórveldin, eins og orðað var, séu andvíg þeirri skoðun, sem við berjumst nú fyrir um fiskveiðilandhelgi, íslenzka fiskveiðilandhelgi, og ekki heldur, að öll Evrópuríkin séu á móti okkur. Þetta vil ég ekki, að sé sagt hér í þinginu, en um þetta verður hver auðvitað að hafa sínar skoðanir hér í þingsölunum, og það reynir á það í framtíðinni, hverjir hafa rétt fyrir sér. En ég vil ekki, að það komi fram hér á hinu háa Alþingi vantrú á möguleika okkar til þess að afla okkur viðurkenningar á rétti okkar, eins og Alþingi fól stjórnvöldum, sem með þessi mál fara, að gera 5. maí 1959.

Ef það sýnir sig, að hér sé orðin óeðlileg ásókn á fiskimiðin, þá teldi ég rétt að taka ákvörðun um útfærslu þegar í stað. Það er það sama, sem kom fram í máli mínu hér í útvarpsumr. um landhelgismálið, þegar ég sagði eitthvað á þá leið, að í afstöðu okkar stjórnarsinna fælist ekki, að ekki kynni að teljast ráðlegt að færa út fiskveiðilögsöguna áður en hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna kemur saman 1973 eða fyrir þann tíma, ef ráðstefnunni yrði frestað. Þess vegna er ekki réttur skilningur á okkar afstöðu, að við viljum slá öllu á frest fram yfir hafréttarráðstefnu, sem e. t. v. verður haldin 1973, en e. t. v. miklu síðar. Þetta vil ég leiðrétta.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa mál mitt lengra. Því miður höfum við ekki getað orðið sammála um eina og sömu till. nú að þessu sinni, en ég lýk máli mínu með því að leggja áherzlu á, að okkur ber miklu minna á

milli en sumir vilja vera láta og okkur ber í raun og veru efnislega það lítið á milli, að okkur hefði ekki átt að verða skotaskuld úr því að sameinast hér á þinginu um eina till. Og það er rétt, og á það legg ég áherzlu, að umheimurinn fái líka að vita það, að við erum fyrst og fremst að deila hér um aðferðir, en ekki efni málsins.

Frsm. minni hl. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru nokkrar setningar eða aths. út af því, sem hæstv. forsrh. sagði. Við afhentum fulltrúum stjórnarliðsins í utanrmn. till. okkar um þjóðaratkvgr. á laugardaginn, til þess að stjórnin og hennar menn gætu — þótt ekki yrði úr fundi þá í utanrmn. — skoðað þessa uppástungu yfir helgina. Þetta vil ég taka fram út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, því að hann tók þannig til orða, að honum hefði borizt þetta til eyrna. En þetta gerðist á þann hátt, að við afhentum þeim fulltrúum úr utanrmn. frá stjórnarflokkunum, sem mættu á laugardagsmorguninn, þessa uppástungu til skoðunar yfir helgina. En síðan fór nú þannig því miður, að stjórnarflokkarnir gátu ekki á þetta fallizt, og ég greindi frá því, að við teldum það ekki hafa þýðingu að flytja þessa till. á hv. Alþ., þar sem svo afdráttarlaust hefði verið tekin afstaða í utanrmn. En þetta er ekki vegna þess, að við höfum breytt um skoðun. Þvert á móti erum við eindregið þeirrar skoðunar, að það hefði verið skynsamlegt og heppilegt að láta fara fram þjóðaratkvgr. um till. báðar, vegna þess að þá hefði verið hægt að skilja þetta mál út úr þeim almennu, pólitísku málum og fá úr því skorið, hvort þjóðin vildi leggja út í útfærslu strax eða bíða. Það getur orðið æði örlagaríkt, hvor leiðin verður farin. Menn tala um aðferðamun, og það á rétt á sér, þó að þetta liggi æði mikið dýpra, eins og ég kem að á eftir. Þessi aðferðamunur getur orðið æði örlagaríkur, eins og við höfum verið að reyna að færa rök fyrir. Það væri of mikil áhætta í því að bíða. En ég skal ekki endurtaka hér allt það, sem ég hef áður sagt eða aðrir um það, því að ég tel það ekki viðeigandi, af því að við erum auðvitað í tímaskorti í sambandi við þetta stórmál eins og annað.

Ég sagði, að við vildum, að útfærsluleiðin yrði ákveðin, en kvótakerfinu hafnað, og ég var að benda á, að í þeirri þáltill., sem liggur fyrir frá stjórninni, er engin afstaða tekin til þessa. Og ég endurtek það, engin afstaða tekin til þess, hvort það eigi að færa út landhelgina eða hvort það skuli ganga inn á svokallaða kvótaleið eða það, sem kallað hefur verið með óljósum orðum forgangsréttur strandríkis á landgrunninu. Það er nefnilega sitt hvað að áskilja sér rétt í lagasetningu heima fyrir og að notfæra sér þann rétt. Það er munur á því að setja landgrunnslög, eins og við höfum gert í tvígang, og hinu að færa út landhelgina. Það þýðir ekkert að vera að reyna að hræra þetta í graut, þannig að menn skilji ekki, að hér er um tvennt ólíkt að ræða.

Það er ekki til neins að vera að reyna að komast fram hjá því, að á undanförnum árum hefur allt lööðrað í bollaleggingum um að ganga inn á kvótakerfi með útlendingum á okkar eigin landgrunni eða einhvers konar forgangsréttarsamning við aðrar þjóðir um að við hefðum einhvers konar forgangsrétt, ekki einkarétt, heldur forgangsrétt á landgrunninu, takmarkaðan þó. Fram hjá því verður ekki komizt, að hæstv. ríkisstj. hefur í sinni túlkun á undanförnum árum talið þessar leiðir báðar samrýmast landgrunnslögunum og þá vitanlega einnig þeirri löggjöf, sem hún gerir ráð fyrir, að verði sett, ef þessi þáltill. er samþ.

Ég tel þýðingarmikið, að menn skilji meginkjarnann í þessum málum. En hann er sem sé þessi: Það er hægt að setja landgrunnslög, en þá er spurningin: Hvernig á að framkvæma þessi lög? Og það er einmitt þetta, sem er meginatriðið, að í þáltill. stjórnarandstæðinga er skýrt og skorinort ákvarðað af Alþ. að færa út landhelgina.

Við þurfum engin ný lög til þess að færa út landhelgina. Við getum gert það á grundvelli þeirra laga, sem fyrir eru.

Í þáltill. ríkisstj. er ekki, þó að leitað sé með logandi ljósi, nein ákvörðun um að velja á milli kvótastefnu, forgangsréttarstefnu eða útfærslustefnu í sjálfri landhelginni. Hitt er annað mál, að hæstv. forsrh. segir hér núna í ræðu sinni, að kvótareglan komi ekki til greina. En ég spyr: Ef það er svo fortakslaust, að þeir telji kvótasamning ekki koma til greina á landgrunninu, hvers vegna bæta þeir því þá ekki inn í sína þáltill.? Ég skora á hæstv. forsrh. að gera það. Ég skora á hann að bæta því inn í þáltill., sem hann sagði hér áðan, að ekki komi til greina önnur framkvæmd landgrunnslaganna en útfærsla á landhelginni. Ef hæstv. forsrh. vildi gangast fyrir því að bæta þessu inn í þáltill., þá batnar þáltill., en hún verður auðvitað samt ekki fullnægjandi fyrir þá, sem vilja taka strax ákvörðun um útfærsluna. En ég hygg, að æði mörgum Íslendingum mundi létta fyrir brjósti, ef stjórnarflokkarnir bættu þessu inn í till. sína. Ég vil því beina því til hæstv. forsrh. að gera þetta, því að það mundi a. m. k. vera mikill áfangi á þeirri leið að færa menn saman í landhelgismálinu. Það ríkir mjög mikil tortryggni einmitt í sambandi við þetta mál og þýðir ekkert að vera að halda því leyndu eða þykjast ekki sjá það. Það má vel vera, að sú tortryggni eigi sér ekki eins ríka ástæðu og sumir halda, en það mundi skýra málið afar mikið og bæta það, ef þessu væri bætt inn í till. stjórnarinnar. Sem sé, að hún legði til, að Alþ. samþykkti nú að færa út landhelgina, t. d. í 50 mílur, þó að hún vildi fresta því. Það mundi ekki eyðast allur ágreiningur við stjórnarandstöðuna með þessu, en það mundi mörgum létta fyrir brjósti, ef hæstv. ríkisstj. vildi gera þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, að ef þær spár, sem sumir hefðu uppi um stórsókn erlendra veiðiskipa á Íslandsmið, rættust, þá væri kominn tími til þess að bregðast við og færa út landhelgina fyrirvaralaust. Hæstv. ríkisstj. virðist sem sé vanta sannfæringu fyrir því, að það sé þörf á því fyrir Íslendinga að færa út landhelgina. Þarna greinir hæstv. ríkisstj. mjög á við stjórnarandstöðuna, því að við teljum ástandið nú þegar vera þannig, að það sé rík þörf á því að færa út landhelgina. Og eins og ég sagði áðan sem frsm. minni hl., þá er það mjög þýðingarmikið að gera sér grein fyrir, hve það er óendanlega miklu sterkara fyrir okkur að færa út, áður en þessir stórflotar eru komnir hér inn í landhelgina. Það er betra að byrgja þannig brunninn, ef hægt væri, áður en barnið er dottið ofan í. Ég hygg, að það sé ólíkt léttari sókn fyrir okkur að færa út nú en eftir að slíkt hefði skeð. Og svo þetta: Ef okkur auðnaðist að tilkynna það núna, að við værum ákveðin í því að færa út landhelgina eftir tiltekinn tíma, þá hafa þeir, sem ætla

að senda hingað sína flota, enga afsökun. Þeir geta þá ekki sagt eftir á, að þeim hafi verið óljóst, hvað við ætluðum að gera. Það hafi fyrst komið í ljós, þegar þeir voru komnir með skipin sín eða jafnvel verið búnir að byggja slíkan flota. Hversu mundi það ekki styrkja okkur í afstöðunni út á við gagnvart þessum þjóðum, ef við gerðum þetta öllum ljóst nú? Þar með væri það augljóst orðið, að þeir byggðu sína skipaflota þvert ofan í þessa yfirlýsingu. Eigum við að hafa þann háttinn á að bíða eftir því, að þessir flotar séu komnir hér inn á miðin? Getur nokkur efazt um það, eins og ástatt er um fiskveiðar yfir höfuð í heiminum, að þessir flotar komi? Getur nokkur efazt um slíkt? Það skil ég ekki. En það mundi stórkostlega veikja okkar stöðu að bíða eftir því, að sú flóðbylgja félli inn að ströndum landsins.

Eitt vil ég segja enn út af þessu, sem hæstv. ráðh. segir. Það verður lítið úr þeim ásökunum, sem komið hafa úr herbúðum hæstv. ríkisstj., að það sé siðlaus aðferð að færa út fyrir ráðstefnuna, þegar nú kemur í ljós, að þeir geta, að því er þeir segja sjálfir, hugsað sér slíka aðferð, ef það væru fleiri útlend skip á landgrunninu. Þeir geta sem sé hugsað sér þessa aðferð, sem við stingum upp á, ef fleiri útlend skip væru á landgrunninu. Það er náttúrlega æði þýðingarmikið atriði í þeim málflutningi, sem verður á næstunni, að þannig er talað af hæstv. ríkisstj.

Um brezka samninginn skal ég vera stuttorður. Hæstv. ráðh. sagði svipað og hann sagði í útvarpsumr. um brezka samninginn: Hvernig getur það verið réttindaafsal að bjóðast til þess að eiga mál undir dómi? Svona spyr hæstv. ráðh. Hann álítur, að þetta hljóti að skera alveg úr, að spyrja þessarar spurningar. Þá hljóti allir að sjá, að það sé ekkert réttindaafsal í því að vera bundinn til þess að fara með útfærsluna fyrir Haag-dóminn. Það mætti kannske spyrja svona, ef hér væri um dóm að ræða, sem styddist við lög. En hæstv. ráðh. veit það eins vel og ég, að hér er ekki um neinn venjulegan dómstól að ræða, sem styðst við löggjöf. Það væri ekkert réttindaafsal í því t. d. að segja hér heima fyrir: ég skal eiga þetta eða hitt undir dómstólunum, vegna þess að við höfum lög, sem dómstólarnir dæma eftir, en þessi Haag-dómur er ekki dómstóll í þessum skilningi. Þess vegna er það vægast sagt mjög óviðeigandi af hæstv. ráðh. að setja upp svona spurningu. Hann veit sem sé, að Haag-dómurinn er allt annars eðlis en dómstólar, sem við búum við og dæma eftir löggjöfinni. Þessi dómur er í rauninni gerðardómur í eðli sínu. Hann hefur engin gildandi lög til þess að dæma eftir, og því er nánast hreinlega farið eftir persónulegu mati dómaranna á því, hvernig ástatt sé um þessi málefni. Samt kemur hæstv. ráðh. og segir, að það sé ekkert réttindaafsal fyrir þjóð að skjóta máli sínu undir slíkan gerðardóm án þess að hafa hugmynd um, hvað í vændum gæti verið og vitandi, að það eru engar reglur til þess að dæma eftir, engin lög. Auðvitað er slíkt hreinlega réttindaafsal, og það verður að viðurkenna. Hitt er svo annað mál, hvernig menn ætla að komast hjá því, að málefni okkar, landhelgismálið, fari fyrir þennan dóm. Um það höfum við í minni hl., sem stöndum að þáltill. varðandi landhelgismálið, okkar áætlanir, sem koma fram í þeirri þáltill., og við höfum gert grein fyrir okkar aðferð, og ég skal ekki endurtaka það hér. En ég hef ekki enn þá heyrt, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að komast fram hjá þessum gerðardómi. Það er sannarlega ekki neinn dómstóll, sem þar er um að ræða.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki vera langorður, enda er tíminn nánast hlaupinn frá okkur. En það var eitt atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem varð til þess, að mér fannst ég verða að kveðja mér hljóðs. Hann talaði um, að það væri minnzt á siðleysi í þessum umr., og ég tel víst, að hann hafi beint þeim orðum til mín, því að ég minntist á, og ég stend við það enn, að ég tel það vera siðlausa pólitík að efna fyrst til alþjóðlegrar ráðstefnu, þar sem ætlazt er til, að þjóðirnar komi sér saman um mál, og taka svo að ástæðulausu eða ástæðulitlu a. m. k. ákvörðun um það að afgreiða málið einhliða áður en þessi ráðstefna kemur saman. Mér finnst þetta vera svo fráleit aðferð, að hún hlýtur að setja okkur Íslendinga í mjög óþægilegt ljós hjá því fólki og þeim mönnum, sem þessa ráðstefnu munu sækja.

Ég minnist þess, að fyrir tveimur árum komu þeir til mín hvor í sínu lagi sendiherra Sovétsambandsins hér í bæ og sendiherra Bandaríkjanna og spurðu báðir, hvort við Íslendingar vildum taka þátt í ráðstefnu, sem þeir væru að hugsa um að reyna að koma á stað um landhelgismörkin, og að festa þau mörk í 12 mílum. Ég spurði hann strax eða þá báða, hvort það væri ekkert annað, sem fyrir lægi eða væri áformað að afgreiða á þeirri ráðstefnu en að ákveða 12 mílna mörk. Tjáðu þeir mér, að svo væri ekki. Þá svaraði ég þeim strax og sagði, að ef þessi ráðstefna ætti eingöngu um það mál að fjalla, þá mundi ég a. m. k. fyrir mitt leyti ekki vilja taka þátt í slíkri ráðstefnu og ég vissi og teldi mig mega fullyrða, að íslenzka ríkisstj. vildi það ekki heldur. Við þetta sat, en með umræðum um málið, ráðstefnuhaldi o. þ. h. breyttust þessi sjónarmið smátt og smátt, eins og hér hefur komið fram.

Á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var um þetta mál rætt allmikið, og ágreiningur var þar um, hvort málið ætti að taka fyrir á þessari alþjóðaráðstefnu á þröngum eða víðari grundvelli. Menn í forsvari fyrir þessar tvær þjóðir alveg sérstaklega vildu, að ráðstefnan yrði haldin á þessum þrönga grundvelli, sem áður hafði verið nefndur. Við og fjöldamargir aðrir vorum hins vegar á þeirri skoðun, að hægt væri að halda ráðstefnuna á víðari grundvelli og ræða miklu fleiri mál og alls ekki á svo þröngum grundvelli að miða bara við 12 mílna mörk og ekki annað. Ég skal ekki fara að rekja hér neitt, hvernig að þessu var staðið á þessu allsherjarþingi, heldur bara skýra frá því, að það endaði með því, að þegar ráðstefnan var ákveðin, var hún ákveðin á víðum grundvelli. Á móti því greiddu aðeins sjö þjóðir atkv. Það voru Sovétríkin og nokkur fylgiríki þeirra í A.-Evrópu. En Bandaríkin, sem áður höfðu haldið fast við þessar 12 mílur, greiddu atkv. með því að halda nú ráðstefnuna á víðari grundvelli.

Þá sagði hv. 4. þm. Austf., að þetta ráðstefnuhald gæti torveldað okkur að færa út einhliða, og vildi halda, að á ráðstefnunni yrði gerð einhver ályktun, sem mundi koma í veg fyrir einhliða útfærslu. Ég held, að þetta fái ekki staðizt, því að talið er af allra kunnugustu mönnum, að það séu engar líkur til, að á þessari ráðstefnu fáist samþykkt með ⅔ greiddra atkv. að binda landhelgina við 12 mílur. Og eins og hv. þm. sagði, til þess

að þessi samþykkt ráðstefnunnar fái gildi, þarf ⅔ atkvæða. Ef ekki fæst það atkvæðamagn fyrir till., sem gengur okkur í vil, þá er það álit fróðustu manna um þetta, að ráðstefnurnar muni leysast upp án þess að taka ákvarðanir um málið, en hitt sé útilokað, að gerð verði ályktun með ⅔ atkv. um að binda sig við 12 mílur og loka okkur þar með inni. Það sé útilokað, að slík samþykkt muni verða gerð.

Till. ríkisstj. er nú á þann hátt, að hún vill gera ráð fyrir útfærslu. Það hefur ekkert farið á milli mála, hvað sem hv. 1. þm. Austf. segir þar um, að það er útfærsla, sem ríkisstj. vill. Það hefur verið gerð ályktun um það hér á Alþ. að vinna að útfærslu, og það hefur verið talað um það í sambandi við samningana, sem gerðir voru við Breta og Þjóðverja 1961 og 1962, að Íslendingar mundu þrátt fyrir samningana leitast við að fá sína fiskveiðilögsögu færða út, og það ætla Íslendingar að gera. Hv. þm. þurfa ekki að vera með neinar bollaleggingar um það, að það sé hugmynd ríkisstj. að binda sig við þau mörk, sem eru. Það eina, sem ágreiningur er um, er það, hvaða tímamörk verði sett fyrir útfærslunni. Í fyrsta lagi að reyna að fá samkomulag um útfærsluna á þessum hafréttarráðstefnufundi Sameinuðu þjóðanna, sem nú er verið að undirbúa, og í öðru lagi, ef sú samstaða fæst ekki þar og ef það reynist nauðsynlegt vegna ágengni erlendra veiðiskipa, að færa út einhliða eins og forsrh. minntist á hér áðan. Ríkisstj. er ráðin í því að gera það, en æskilegast mundi ríkisstj. þykja, — og ég segi það sem mína skoðun alveg sérstaklega, — að við gætum fengið samstöðu um útfærsluna á alþjóðaráðstefnunni og fært svo út eftir að sú samstaða er fengin. Ef hún fæst ekki, þá tel ég, að hún mundi samt færa út, hvað sem ráðstefnan segði. Það er ekki rétt aðferð að espa á móti sér aðrar þjóðir með því að færa út, áður en ráðstefnan er haldin, sem við höfum verið með í að boða til, áður en nokkur þar er farinn að segja sína meiningu.

Nú eru ákveðnir, eins og allir vita, fjórir undirbúningsfundir undir þessa ráðstefnu, tveir á árinu 1971 og tveir á árinu 1972, og það fer ekki hjá því, að á þessum undirbúningsfundum verði hægt að kynnast því nokkurn veginn örugglega, hvað þessar þjóðir hyggjast fyrir og hvað þær ætla sér að gera. Ég held þess vegna, að það minnsta, sem við getum gert, sé að bíða með ákvörðunina, þar til við sjáum, hvert þessar þjóðir stefna, hvort við getum átt samleið með þeim eða hvort við getum ekki átt samleið með þeim, en þá verðum við að grípa til örþrifaráðstafana. Neyðarráðstafanir gerðar á þeim grundvelli eða á hinum grundvellinum vegna of mikillar sóknar erlendra skipa á okkar fiskisvæði eru allt annað. Það er allt annað en að taka nú strax fyrir þennan fund ákvörðun um að færa út. Það er annað, hvað maður gerir í neyðartilfellum, eftir að hafa athugað málið og reynt að fá friðsamlega lausn, en að þjóta í það án þess að okkur reki nokkur nauður til þess.

Ég tel ekki, að ég þurfi frekari orðum að þessu að eyða. Ég tók svo til orða í útvarpsumr. um daginn, að ég teldi það siðleysi að gera þetta á þann hátt, sem stjórnarandstaðan vill, og ég stend við það og sný ekki aftur með það.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa hér sagt um málið. Með þeim orðum, sem ég sagði hér fyrr, þá vildi ég sérstaklega leggja áherzlu á það, að ég teldi, að það væri allmikil áhætta fyrir okkur Íslendinga að bíða með útfærslu landhelginnar eftir hinni ráðgerðu alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Það er greinilegt á því, sem fram hefur komið hér hjá báðum hæstv. ráðh., að þeir vilja a. m. k. svo vera láta, að þeir óttist ekki, að okkar staða kunni að versna, þó að við bíðum fram yfir þessa ráðstefnu. Í þeim efnum benda þeir báðir sérstaklega á það, að deila hafi verið uppi um fyrirkomulag þessarar ráðstefnu, hvort ráðstefnan skuli haldin á svo nefndum þröngum grundvelli eða víðum grundvelli, og að risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, hafi viljað halda ráðstefnuna á þröngum grundvelli, en við og fleiri viljað halda hana á víðum grundvelli. Okkar skoðun hafi orðið ofan á, en þeirra undir. Þeir vilja með þessu láta líta svo út, að allt bendi nú til þess, að við séum eiginlega sterkari aðilinn í þessu máli, en ekki risaveldin tvö. En í þessum efnum er hreinlega ekki sagt rétt frá málinu. Hæstv. utanrrh. kom þó hér í því, sem hann sagði, nokkuð inn á kjarna þessa máls. En hann er sá, að risaveldin tvö, sem ég kalla svo, Bandaríkin og Sovétríkin, höfðu, áður en ákveðið var að boða til þessarar hafréttarráðstefnu, ákveðið að beita sér fyrir því, að haldin yrði ráðstefna, alþjóðaráðstefna, um landhelgismálið eitt. Og þau höfðu tekið það að sér að skipta með sér hinum einstöku þjóðum í heiminum og senda til þeirra sína sendimenn í þeim tilgangi að tryggja sér nægilega sterka stöðu til þess að koma þessu áhugamáli sínu fram. Af hverju skyldu nú þessi tvö stórveldi hafa verið að beita sér fyrir því að koma á slíkri alþjóðaráðstefnu til þess að fjalla um landhelgismálið eitt? Ætli það hafi verið vegna þess, að þau hafi metið stöðuna þannig, að ef um það mál yrði fjallað sérstaklega, þá væri líklegt, að þar yrði ofan á sú skoðun, sem við Íslendingar berjumst fyrir, sem er allt önnur en skoðun þeirra, varðandi víðáttu landhelginnar? Nei, það var vegna þess, að þau töldu mjög miklar líkur til þess, að þeirra málstaður næði fram að ganga á ráðstefnu, sem fjallaði um þetta mál eitt út af fyrir sig. Bæði þessi risaveldi voru á því að halda aðra ráðstefnu um hafsbotnsmálin og landgrunnsmálin. Þau vildu ekki þurfa að ræða þessi mál sameiginlega, vegna þess að þau óttuðust, að þá yrðu skoðanir miklu skiptari, af því að hagsmunir þjóðanna eru svo misjafnir í þessum efnum. Þegar þær þjóðir, sem óttuðust stefnu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna varðandi víðáttu landhelginnar, reyndu að koma því til leiðar, að rætt yrði um þessi mál sem heild, þá var það vegna þess, að þau voru að reyna að finna sér leið til að koma í veg fyrir það, að þessum risaveldum tækist að ná fram skoðunum sínum í landhelgismálinu. Þetta gat vitanlega ekki farið fram hjá neinum þeim manni, sem hlustaði á umr. á milli þjóðanna um þessi mál.

Þó að það hafi nú farið svo, að ákveðið hafi verið að boða til einnar ráðstefnu um öll þessi mál og þannig hafi skoðun risaveldanna tveggja ekki náð fram að ganga að öllu leyti, þá efast vitanlega enginn maður um það, hvað þau hafa í huga í þessum efnum. Og það er alveg furðulegt, að jafnvel forsrh. okkar skuli grafa höfuð sitt þannig í sandinn í þessum efnum, að hann segir hér í umr. um þetta mál á Alþ., að stórveldin séu ekki öll á móti okkar skoðun í landhelgismálunum.

Efast hann virkilega um yfirlýsingar Bandaríkjanna í þessum efnum, sem hafa verið endurteknar nú æ ofan í æ? Efast hann um afstöðu Sovétríkjanna, sem hafa ekki heldur dregið neina dul á það, hver sé þeirra skoðun? Heldur hann kannske, að Bretar séu allt í einu komnir á okkar skoðun eða Frakkar? Hvaða stórveldi eru það, sem hann veit að munu sækja komandi ráðstefnur og eru á okkar skoðun? Auðvitað eigum við að gera okkur grein fyrir þessu máli eins og það liggur fyrir, ekki að fela neitt fyrir okkur né fyrir íslenzku þjóðinni. Málið er þannig, að stórveldin öll eru þarna í fjandaflokki. Um það er ekkert að efast. Þau hafa allt aðra skoðun á þessu máli en við, og ég hefði gaman af því, ef hæstv. ráðh. vildi tilnefna einhverja þjóð í Evrópu, sem hefði virkilega tekið undir þá afstöðu, sem við höfum t. d. til stærðar fiskveiðilandhelgi. Því miður er ekki hægt að nefna þá þjóð. Það er því enginn vafi á því, að þegar við höfum í huga fyrir hverju sterkustu aðilarnir á þessari komandi ráðstefnu berjast, fyrir hverju þeir hafa verið að berjast og fyrir hverju þeir berjast, þá verðum við að viðurkenna, að það er allmikil hætta á ferðum hér fyrir okkur.

Ég veit ekki, hvaðan í ósköpunum hæstv. utanrrh. hefur það, þegar hann segir, að hinir fróðustu menn telji, að það sé útilokað, að á þessari komandi ráðstefnu verði ⅔ atkv. með afstöðu í þessu máli, sem sé andstæð okkur. Það væri gaman að heyra einhvern málsmetandi mann leggja fram sín gögn til rökstuðnings slíku. En mér er það ljóst, — og það var það, sem ég vakti hér athygli á, — að jafnvel það, að fram kæmi till. á ráðstefnu eins og þeirri, sem hér er verið að ræða um, sem fengi meiri hl. atkv. og fæli í sér þá stefnu, að óheimilt væri að hafa landhelgi stærri en 12 mílur, það mundi torvelda okkur einhliða útfærslu á eftir. Og það er vitanlega ekkert annað en fleipur að nota það orðalag, að það sé siðlaust athæfi hjá þjóð að færa út landhelgi sína einhliða, eins og við Íslendingar höfum gert og margar þjóðir hafa gert og hafa verið að gera m. a. s. með tilkynningum núna síðustu dagana. En það er einmitt þetta, sem hæstv. utanrrh. hefur hér verið að segja.

Ég hef bent á það, að hér ríki talsvert mikil óvissa um það, hvenær hin áætlaða ráðstefna verður haldin. Og ég hef einnig bent á, að það er óumdeilanlegt, að verkefni hennar liggja aðallega á öðru sviði en því, sem snýr að okkar málefni. Ég hef einnig bent á það, að allveruleg hætta er á, að þar kunni að verða gerðar samþykktir, sem gætu torveldað okkur það, sem fyrir okkur vakir.

Þá telur hæstv. utanrrh., að við séum með því að taka ákvörðun um útfærslu nú að espa þjóðir gegn okkur. Telur hæstv. utanrrh., að ákvarðanir t. d. Kanadastjórnar um mjög verulegar útfærslur á landhelgi þess lands og m. a. yfirlýsingu um 100 mílna mengunarlandhelgi, telur hann, að þær hafi verið gerðar til þess að espa aðra á móti sér? Eða yfirlýsing Brasilíustjórnar nú fyrir nokkrum dögum, þar sem hún lýsti yfir 200 mílna landhelgi? Nei, hér var vitanlega um það að ræða, að þessar þjóðir töldu vegna heimaaðstöðu hjá sér nauðsynlegt að taka ákvörðun og þær vildu undirstrika enn þá skarpar en orðið var þá afstöðu, sem þær höfðu til þessara mála, einmitt áður en þjóðirnar kæmu saman til ráðstefnuhalds um þessi mál.

Ég skal svo ekki ræða þetta í miklu lengra máli. Það hefði auðvitað verið freistandi að gera hér einnig grein fyrir því, hvernig afstöðu okkar Íslendinga m. a. til þess ráðstefnuhalds, sem hér er rætt um, hefur borið að. En því fer víðs fjarri, að hana hafi borið að með þeim hætti, að það geri mig öruggan um það, að ekki séu verulegar hættur á ferðinni, ef þessu máli verður skotið á frest. Ég tel, að það að draga ákvarðanir í málinu sé verulega hættulegt fyrir okkar málstað.

Frsm. minni hl. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég skal virða þann vilja, sem er á því að ljúka þessum umr. fyrir kl. 7, og segja aðeins örfáar setningar. Ég hef ekki heldur tilefni til að segja margt, því að það yrði endurtekning á því, sem ég hef áður sagt, og það vil ég forðast. Ég vil aðeins segja út af því, sem hæstv. utanrrh. sagði, að ég vildi, að hann hefði aldrei sagt það, sem hann lét nú frá sér fara um þetta mál, um siðleysið, vegna þess að það þjónar ekki málstað Íslands að ræða málið þannig.

Ég veit, að hæstv. ráðh. hlýtur að sjá það við íhugun, að þetta er ofmælt, ekki sízt þegar þess er gætt, að fram eru komnar yfirlýsingar frá forsrh. um það, að undir vissum kringumstæðum gæti hann hugsað sér útfærslu fyrir ráðstefnuna. Hv. síðasti ræðumaður hefur að öðru leyti farið inn á þetta á þann hátt, að ég get tekið undir það og því sparað mér að ræða það nánar.

Skoðun okkar er, að nauðsynlegt sé að ákveða strax útfærslu landhelginnar til þess að tryggja málstað Íslands á svipaðan hátt og t. d. Kanada og Brasilía hafa gert, og þessar þjóðir færa vafalaust út núna vegna þess, að þær telja það tryggara fyrir sig, og vitanlega höfum við engar skuldbindingar tekið á okkur í sambandi við þessa ráðstefnuboðun, sem fyrirbyggja það, að við gætum okkar hagsmuna í þessu. Það kemur ekki til mála, að neinar slíkar skuldbindingar hafi verið teknar.

En varðandi hitt, hvort stefnan er sú hjá þeim, sem standa að till. ríkisstj., að færa út landhelgina, þá endurtek ég aðeins það, sem ég sagði áðan, að ég skora á hæstv. ríkisstj. að sýna það með því að setja það inn í þáltill. sína.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 7. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, BGuðm, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PJ, PS, SI, StG, SvG, EKJ, BF.

nei: ÁÞ, ÁB, StH, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PJ, PS, SI, StG, SvG, EKJ, AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, BGuðm, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, BF.

nei: JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, StH, BFB, BJ, BP, EÓS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 898).

Þingsályktunartillaga afgreidd með rökstuddri dagskrá.

Landhelgismál.

Á deildafundum 24. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um landhelgismál [294. mál] (A. 638).

Á 39. fundi í Sþ., 1. apríl, var till. tekin til fyrri umr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Fundur er settur í sameinuðu Alþingi. Gengið er til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið, landhelgismál — útvarpsumr.

Umræðan í kvöld skiptist í tvær umferðir, 25—30 mín. á flokk í fyrri umferð, en 15—20 mín. í síðari umferð, eða samtals 45 mín. Röð flokkanna er þessi: Sjálfstæðisflokkur, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag. Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Jóhann Hafstein, í síðari umferð Matthías Á. Mathiesen og Jón Árnason, fyrir SF í fyrri umferð Björn Jónsson, í síðari umferð Hannibal Valdimarsson, fyrir Alþfl. í fyrri umferð Emil Jónsson og Birgir Finnsson, í síðari umferð Eggert G. Þorsteinsson, fyrir Framsfl. í fyrri umferð Ólafur Jóhannesson og Steingrímur Hermannsson, í síðari umferð Þórarinn Þórarinsson, fyrir Alþb. í fyrri umferð Lúðvík Jósefsson og Jónas Árnason og í síðari umferð Gils Guðmundsson.

Hefst þá umr., og fyrstur tekur til máls Jóhann Hafstein forsrh. og talar af hálfu Sjálfstfl.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Góðir hlustendur. Landhelgismál Íslendinga eru að minni hyggju hafin yfir pólitískar flokkadeilur og erjur. Mér er það gleðiefni að geta lýst yfir, að við Íslendingar stefnum allir að einu marki, þótt ágreiningur sé nokkur um leiðir að þessu marki eða aðferðir til framkvæmda. Sá ágreiningur er of lítilfjörlegur til þess að geta verið uppistaða í umr. frá Alþ. um þetta örlagaríka mál þjóðarinnar. Hitt er mikilvægt, að Alþingi Íslendinga geri umheiminum ljóst, að hverju við stefnum, hver sé kjarni málsins. Ég leyfi mér að vitna til orða eins helzta brautryðjanda Íslendinga í baráttu þeirra fyrir réttindum landsmanna yfir hafinu umhverfis landið, Ólafs Thors, þegar hann sagði á landsfundi Sjálfstfl. í marzmánuði 1959:

„Við viljum, að umheimurinn fái að vita, að:

1. Á Íslandi getur engin ríkisstj. setið að völdum, nema hún hagnýti til hins ýtrasta rétt Íslendinga til friðunar á fiskimiðum.

2. Á Íslandi getur engin þjóð búið, nema því aðeins að friðunartilraunirnar takist."

Við Íslendingar þurfum ekki mörg orð til þess að lýsa stefnu okkar. Úthafseyjan Ísland er nyrzt í Atlantsálum, og landgrunn þess er eitt. Þegar ég gerði grein fyrir stefnu ríkisstj., er Alþ. kom saman á s. l. hausti, vék ég m. a. á eftirfarandi hátt að landhelgismálinu:

„Ríkisstj. telur hagsmunagæzlu Íslendinga og réttarvernd á landgrunninu eitt veigamesta viðfangsefnið á næstunni. Leggja ber áherzlu á samstöðu landsmanna á þessum vettvangi, sbr. þáltill. frá 5. maí 1959, er allir þingflokkar stóðu að, þar sem Alþ. lýsir yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi og að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948."

Enn fremur minnti ég á lögin frá 24. marz 1969 um yfirráð íslenzka ríkisins yfir landgrunninu sjálfu umhverfis Ísland, þar sem lýst er yfir, að íslenzka ríkið eigi fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunni Íslands, að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingar þeirra.

Ég taldi, að auka bæri vísindarannsóknir og efla landhelgisgæzluna í tengslum við þetta lífshagsmunamál þjóðarinnar. Ég minnti á, að ríkisstj. Íslands væri því samþykk, að kvödd væri saman alþjóðaráðstefna varðandi réttarreglur á hafinu, enda yrði verksvið hennar nægilega víðtækt til að fjalla um öll atriði varðandi réttindi strandríkisins á svæðum, sem liggja að ströndum þess. Ísland var meðflutningsaðili að tillögu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í haust, sem ákveður, að hafréttarráðstefna skuli koma saman á árinu 1973. Ég lýsti þeirri skoðun, að strandríki eigi rétt á að ákveða takmörk lögsögu sinnar innan sanngjarnra takmarka með hliðsjón af landfræðilegum, jarðfræðilegum, efnahagslegum og öðrum sjónarmiðum, er þýðingu hafa. Ég taldi, að fiskveiðilögsaga Íslands og umráð yfir landgrunni þess og hafinu yfir því væri sanngjörn og réttlát og verðskuldaði viðurkenningu samfélagsþjóðanna.

Í samræmi við þessi sjónarmið hefur ríkisstj. Íslands nú með stuðningi þingflokka sinna lagt fram á Alþ. till. til þál. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið. Þessi till. mótar stefnu okkar og viðhorf með þeirri grg., sem henni fylgir. Ég verð að láta mér nægja tímans vegna að vitna til þessarar till. til þál. ásamt grg., en draga saman í sem fæstum orðum meginefnið.

1. Allir þingflokkar vinni sameiginlega að því að undirbúa frv. til laga um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar auðæfa þess, er lagt verði fyrir næsta Alþingi.

2. Landgrunnsmörkin verði þannig ákveðin í væntanlegri löggjöf, að 50 sjómílur frá grunnlínu sé lágmark fiskveiðilandhelginnar, sem á vissum svæðum gæti hins vegar orðið verulega breiðari.

3. Í lögunum verði ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu, eins og rétturinn til hafsbotnsins hefur þegar verið tryggður með lögum frá 24. marz 1969 um yfirráðarétt Íslendinga yfir landgrunninu sjálfu umhverfis landið.

4. Nægjanlega víðtækar ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja eftirlit af Íslands hálfu og varnir gegn því, að hafið kringum Ísland geti orðið fyrir skaðlegum mengunaráhrifum vegna úrgangsefna frá skipum eða af öðrum ástæðum.

5. Áréttuð sé sú stefna, sem ríkisstj. Íslands mótaði í orðsendingu til alþjóðalaganefndar Sameinuðu þjóðanna 5. maí 1952 og hefur síðan og reyndar fyrr, en síðan statt og stöðugt haldið fram, að ríkisstj. Íslands sé rétt og skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á einhliða grundvelli til að vernda auðlindir landgrunnsins og þar á meðal fiskistofnana til hagnýtingar fyrir landsins börn.

6. Nú þegar verði undirbúnar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunnssvæðinu fyrir utan 12 mílna mörkin.

Þetta eru meginatriðin. En um hvað deilum við þá, svo að ég víki örlítið að þeirri hlið málsins, þar sem fyrir liggja tvær till. til þál. í þessu máli, önnur frá ríkisstj. og stjórnarflokkunum, en hin frá stjórnarandstæðingum?

Um það var samstaða í landhelgisnefnd þingflokkanna að leggja ekki fram till. á Alþ., fyrr en fullreynt væri, hvort samstaða gæti orðið um eina sameiginlega till. Það er missögn, sem fram kemur í grg. fyrir þáltill. stjórnarandstæðinga, að af þessum sökum hafi þeir frestað því mánuðum saman að leggja till. sínar fyrir Alþ. Fyrirkomulag tillöguflutnings á Alþ. var rætt á fundi landhelgisnefndar 22. jan. s. l., og þá var samkomulag þar um. Frumdrög að till. allra aðila voru fyrst lögð fram á fundi landhelgisnefndar þann 9. febr. s. l. Stjórnarandstæðingar lögðu fram till., sem þeir sögðust hafa samstöðu um, á fundi landhelgisnefndar þann 23. febr. s. l. Á þeim fundi lá fyrst fyrir, að tvær till. yrðu fluttar á Alþ., og var till. stjórnarandstæðinga lögð fram í þinginu samdægurs. Mér þykir rétt að benda á þetta um leið og ég fagna góðri og gagnlegri samvinnu í landhelgisnefndinni, enda þótt okkur hafi ekki auðnazt að standa allir sem einn að tillöguflutningi hér á hinu háa Alþingi.

Stjórnarandstæðingar vilja í sinni till. lýsa yfir nú þegar, að við munum færa út landhelgina í 50 mílur 1. sept. 1972. Við viljum á þessu stigi málsins ekki binda okkur við þessi mörk. Þau kynnu að geta orðið víðtækari, eins og ég hef áður vikið að. Í öðru lagi er að ófyrirsynju að taka að þessu leyti ákvörðun nú. Við erum að hefja viðræður við aðrar þjóðir samkv. okkar eigin till. á þingi Sameinuðu þjóðanna um það, hvað rétt sé og eðlilegt í slíkum efnum, og alveg sérstaklega með hliðsjón af aðstöðu strandríkja eins og Íslands, sem hefur sína sérstöðu. Það er úthafseyja, er hvílir á stöpli, landgrunninu, sem er mjög skýrt afmarkað. En utan þess tekur svo úthafsdýpið við. Að vísu þurfum við að mæla og rannsaka landgrunnið nánar, en það getum við hæglega gert á skömmum tíma. Í því, sem ég hef sagt, felst ekki, að ekki kynni að vera ráðlegt að færa út landhelgina, áður en hafréttarráðstefnan 1973 kemur saman. En það yrði þá síðari tíma ákvörðun, byggð á frekari athugun málsins af okkar hálfu og jafnframt af meiri kunnugleika á afstöðu annarra þjóða, en við Íslendingar erum ekki einir í heiminum. Ég tel það einfaldlega siðaðra manna hátt og gætinna að hafna ekki möguleikum til þess að kynna sér afstöðu annarra þjóða og undirbúa sínar eigin rannsóknir og athuganir í svo veigamiklu máli vandlega.

Í till. stjórnarandstöðunnar segir, að það mundi tvímælalaust verða til styrktar á hafréttarráðstefnunni, bæði fyrir Ísland og önnur ríki, sem líkra hagsmuna hafa að gæta, ef fiskveiðilandhelgi Íslands hefði verið færð út, áður en ráðstefnan kemur saman. Sannleikurinn er sá, að Ísland skipaði sér þegar árið 1948 í flokk þeirra ríkja, sem telja sig hafa rétt til lögsögu yfir öllu landgrunnshafinu. Það sjónarmið var síðast ítrekað af Íslands hálfu á fundi undirbúningsnefndar ráðstefnunnar í marz s. l. Ísland er því á engan hátt talið meðal þeirra ríkja, sem telja 12 mílna mörkin hámark. Þvert á móti er það nú alkunnugt um allan heim, að Íslendingar telja sig hafa yfirráð yfir landgrunnshafinu öllu. Það, sem nú er um að ræða, er einmitt að afla viðurkenningar annarra þjóða á þessari afstöðu. Um það atriði snýst nú þátttaka Íslendinga í undirbúningi að hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem er hinn rétti vettvangur í því efni.

Þá er hitt atriðið, sem stjórnarandstæðingar leggja til í sinni till., að við eigum að lýsa því nú yfir fyrir umheiminum, að við Íslendingar séum ekki reiðubúnir til þess að standa við orð okkar og samninga. Hér er átt við samkomulag og yfirlýsingu á milli Íslands og Stóra-Bretlands og Vestur-Þýzkalands frá árinu 1961, sem var sáttargerð í illvígri deilu, sem ég leyfi mér að halda fram, að hafi verið stofnað til að ófyrirsynju og af lítilli fyrirhyggju. Í deilum um þetta mál fyrr og síðar hafa andstæðingar þeirra, sem að samningagerðinni við Breta stóðu, því miður viljað halda því fram, að með henni væru Íslendingar að afsala sér rétti til einhliða útfærslu, sem ella hefði verið fyrir hendi. Þeirri spurningu hefur aldrei verið svarað, hvernig hægt sé að afsala sér rétti með því að fá aðra til að skuldbinda sig til þess að leggja hugsanlega deilu undir ákvörðun dómstóls. Enn fremur hefur annarri spurningu ekki verið svarað: Ef Íslendingar áttu annan rétt til einhliða útfærslu landhelginnar 1958 en þeir eiga nú, hvers vegna takmörkuðu þau stjórnvöld, sem þá réðu á Íslandi, útfærsluna við 12 mílur, en ekki 50 mílur, eins og nú er lagt til? Um samkomulagið við Breta sagði Bjarni heitinn Benediktsson í ræðu á Alþ., þegar málið var þar til umr.:

„Með þessu bindur Ísland sig hvorki við viðurkenningu, sem kynni að fást með málaleitan eða samningum við einstök ríki, Bretland eða önnur, né við alþjóðasamninga, heldur áskiljum við okkur rétt til að gera einhliða ákvarðanir um stækkun, jafnskjótt og við teljum, að einhver sú réttarheimild sé fyrir hendi, sem alþjóðadómstóllinn viðurkennir. Á þennan veg hafa Íslendingar tryggt sér að njóta góðs af allri þeirri þróun alþjóðaréttar, sem kann að verða, okkur til hags í þessum efnum. Á hvern hátt er betur hægt að tryggja sér þá viðurkenningu, sem Alþ. hefur hinn 5. maí 1959 lagt fyrir ríkisstj. að afla?“

Sú viðurkenning, sem hér er átt við, tekur til réttar Íslendinga yfir landgrunninu öllu. Í tengslum við

þennan lögfræðilega skilning þykir rétt að minna á það, sem prófessor Ólafur Jóhannesson, formaður Framsfl., sagði í umr. á Alþ. um þetta mál 14. nóv. 1960, en það er á þessa leið:

„Vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast það að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sitt undir úrlausn alþjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar skjóls að vænta heldur en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin, og þess vegna hefði að mínu viti hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls."

Í þessu sambandi vil ég leggja áherzlu á, að öll þessi mál eru nú í deiglunni og eiga eftir að skýrast mjög á næstu misserum. Ef útfærsla fiskveiðitakmarkanna við Ísland yrði nú lögð fyrir alþjóðadómstól, er mjög líklegt, að dómur yrði ekki kveðinn upp fyrr en að ráðstefnunni lokinni. Sú hraðfara þróun, sem nú á sér stað, styrkir okkar málstað. Tíminn vinnur fyrir okkur Íslendinga, er ótrauður bandamaður. Ég hef bjargfasta trú á því, að við hljótum á næstu misserum alþjóðaviðurkenningu á rétti okkar til fiskveiðilandhelgi á landgrunnssvæðinu öllu.

Við Íslendingar höfum frá upphafi þessa máls fylgt þeirri stefnu að vinna að breytingum á alþjóðalögum varðandi fiskveiðilögsögu. Þannig tókst að ráða niðurlögum þriggja mílna reglunnar á Genfarráðstefnunni 1958, og enda þótt þar væri ekki gengið formlega frá 12 mílna víðáttu, var þó ljóst, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðanna var fylgjandi 12 mílum, að vísu með 10 ára umþóttunartíma. Var það því með stoð í þeim árangri, sem náðist með Genfarráðstefnunni 1958 og 1960, að 12 mílna lögsaga var ákveðin við Ísland. Af Íslands hálfu var aldrei fallizt á það á Genfarráðstefnunni, að 12 mílur væri hámark fiskveiðilögsögu, enda greiddi sendinefnd Íslands atkvæði gegn þeirri till. Síðan hefur þróunin haldið áfram, og hafa margar þjóðir fært landhelgi sína út fyrir 12 mílna mörk og sumar langt umfram það.

Óhætt er að fullyrða það, að nú á næstu misserum mun gefast gullvægt tækifæri til að styrkja okkar aðstöðu, sem nota verður út í yztu æsar, með því m. a. að skýra málstað okkar enn frekar, afla fylgis við hann og fá staðfesta afstöðu annarra ríkja á þeim fundum, sem nú eru hafnir og haldið verður áfram í sumar og á næsta ári, enda er hér um að ræða lokaþáttinn í því starfi Sameinuðu þjóðanna, sem við Íslendingar stofnuðum til á allsherjarþinginu 1949, er samþykkt var sú till. fulltrúa Íslands, Hans G. Andersens þjóðréttarfræðings, að alþjóðalaganefndin tæki til meðferðar í fyrirhuguðu starfi réttarreglur á hafinu í heild, þar á meðal um fiskveiðilögsögu og landgrunnsmál.

Ég vil forðast að ýfa upp deilur í þessu efni, en Íslendingum verður sjálfum að vera ljóst inntak málsins og efni án undanbragða og áróðurs, sem því miður vill blossa upp, þegar kosningar fara í hönd. Við eigum mikið verk að vinna með færustu vísindamönnum okkar og sérfræðingum á fleiri sviðum. Veltur þar á miklu að samhæfa rannsóknir og störf þeirra stofnana, sem margar tengjast sameiginlega þeim viðfangsefnum, sem við er að fást. Þess vegna fól ríkisstj. ráðuneytisstjórum fimm ráðuneyta undir umsjón forsrh. að skipuleggja áætlun og samræmd vinnubrögð á þessu sviði. Fyrsta bráðabirgðaskýrsla þeirra var lögð fram í landhelgisnefnd ásamt fleiri gögnum þann 9. febr. s. l. Hér er aðeins um upphaf að ræða, sem kappkosta verður að halda áfram. Þessi bráðabirgðaskýrsla ber þó glöggt með sér, hversu viðfangsefnið er margþætt. Til þess að varpa á það nokkru ljósi, er hún prentuð sem fylgiskjal með þáltill. ríkisstj. Þeir þættir, sem mestu varða, eru þessir:

1. Vísindalegar rannsóknir á landgrunninu, þ. á m. dýptarmælingar og kortlagning og skipulegar rannsóknir í samvinnu við erlenda aðila.

2. Fiskstofnar við Ísland, þ. á m. verndun og hagnýting þeirra.

3. Beiðnir, sem liggja fyrir frá erlendum aðilum um leyfi til leitar að olíu og jarðgasi í landgrunninu, og reglugerðarákvæði um leit að olíu og öðrum jarðefnum í íslenzka landgrunninu.

4. Mengun hafsins, þ. á m. undirbúningur Stokkhólmsráðstefnunnar 1972, þar sem þau mál verða væntanlega ítarlega rædd. Íslendingar tóku þátt í Norðurlandaráðstefnu í Osló í jan. í ár um varnir gegn mengun hafsins, og haldið er áfram slíku samstarfi.

5. Stefnumörkun varðandi ytri mörk landgrunnsins og tengsl þess máls við stefnuna varðandi fiskveiðitakmörkin.

Rannsóknaráð ríkisins skipaði landgrunnsnefnd, sem samkv. skipunarbréfi dags. 13. okt. 1969 skyldi gera till. um rannsóknir á íslenzka landgrunninu með tilliti til hugsanlegrar hagnýtingar náttúruauðæfa, sem kynnu að finnast á sjávarbotni. Lauslega hefur verið áætlað, að verja þurfi um 20 millj. kr. til tækjakaupa til rannsókna, sem um ræðir, og um 14 millj. kr. á ári í skipakostnað, tækjakaup, laun og annan rekstur miðað við tveggja mánaða starfstíma skips á ári, en með slíkum starfstíma er talið, að allgóð byrjunarmynd af íslenzka landgrunninu fáist á 2—3 árum. Árlegan starfstíma mætti auka til þess að ná fljótari niðurstöðu. Hins vegar eru áætlaðar fjárhæðir í fullkominni óvissu. Hefur því ekki þótt rétt að leita enn fjáröflunar með lántöku eða á annan hátt. Ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir fjáröflun, eftir því sem þörf gerist, í trausti öruggs stuðnings Alþ., þegar þar að kæmi. Sagt hefur verið frá því, að ríkisstj. hafi fallizt á tilmæli Shell í Hollandi um að fá að rannsaka landgrunnið með tilteknum hætti í sumar frá rannsóknarskipi. Það er tilskilið, að íslenzkur vísindamaður fylgist með rannsóknunum um borð í skipinu og niðurstöður þeirra séu látnar íslenzku ríkisstj. í té. Þessari rannsókn fylgja engar skuldbindingar af hálfu íslenzkra stjórnvalda. Eigi er vitað, hvað sparast í kostnaði af okkar hálfu af þessum sökum eða hvers vænta má af niðurstöðum rannsóknanna. Landhelgisgæzlan hefur fyrirmæli um að fylgjast náið með ferðum fiskiskipa á landgrunnssvæðinu, og hafa þær verið kortlagðar tvisvar í mánuði frá því í sumar.

Í febr. s. l. gekk samstarfsnefnd um fiskveiðihagsmuni Íslendinga á landgrunnsmiðum frá ítarlegri grg. til ríkisstj. Í nefnd þessari eiga sæti Hans G. Andersen, ráðunautur utanrrn. í þjóðarétti, Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri sjútvrn., Jón Jónsson, forstjóri Haf-

rannsóknastofnunarinnar, og Már Elísson fiskimálastjóri. Nefndin mun hafa öll þessi mál í stöðugri athugun undir yfirstjórn ríkisstj. með tilliti til undirbúnings hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ríkisstj. hefur einnig átt viðræður við fulltrúa helztu samtaka útvegsmanna, sjómanna og fiskvinnsluaðila um veigamikla þætti þessa máls og mun halda þeim tengslum áfram. Utanrrh. mun í þessum umr. greina nánar frá málarekstri á erlendum vettvangi. Allt skyldi þetta og fleira líkt stefna að því að brynja okkur sem bezt í þeirri baráttu, sem fram undan er.

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Látum nú einskis ófreistað til að sameina orku okkar og vilja til þess að ná sem örugglegast því marki, sem við öll stefnum að. Við skulum slíðra sverð innbyrðis sundurlyndis, sem er í sjálfu sér lítið og skiptir ekki meginmáli. Látum umheiminn aðeins sjá eina hlið á okkur Íslendingum, þar sem við hreinskilnir og einarðir stöndum saman og tengjum hönd við hönd í lífshagsmunamáli íslenzku þjóðarinnar.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Verður Íslands óhamingju nú allt að vopni? mun nú vafalaust verða spurt um byggðir Íslands, þegar menn standa andspænis þeirri staðreynd, að íslenzkir stjórnmálaflokkar geta ekki nú á örlagastundu orðið á eitt sáttir í mesta og stærsta lífshagsmunamáli þjóðarinnar, landhelgismálinu. Það mun sem betur fer hverju mannsbarni ljóst, að fiskistofnarnir kringum landið eru sá burðarás, sem heldur uppi sjálfstæði og efnalegri, stjórnmálalegri og menningarlegri tilveru þessarar þjóðar. Af öllum þeim þjóðum, sem veiðar stunda hér við land, erum við sú eina, sem eigum nærri allt bjargræði okkar þeim að þakka. Því verðum við að hafa lögsögu yfir landgrunninu öllu og geta einir sett ákvæði um vísindalega vernd þeirra.

Sá ágreiningur, sem nú er uppi í landhelgismálinu, er vissulega harmsefni. Fyrst og fremst vegna þeirrar algeru sérstöðu, sem þetta mál hefur í þjóðmálunum, hvað mikilvægi snertir. Og jafnframt sökum þess, að landhelgismálið er það mál, sem þjóðin vafalaust er algerlega einhuga um og gerir því óhjákvæmilega þá kröfu, að stjórnmálaflokkarnir allir fylgi stefnu hennar fram af þeirri festu, sem ein sæmir fullvalda þjóð, sem á hvort tveggja í senn lífshagsmuni sína og sæmd að verja.

Á því er rík nauðsyn að allir Íslendingar geri sér glögga grein fyrir efni og orsökum þess ágreinings, sem hér er uppi, og í annan stað fyrir því, hvora stefnuna henni ber að fylkja sér um nú og síðar. Til skilnings á þeim ágreiningi, sem nú skiptir Alþ. í tvær fylkingar í landhelgismálinu, er óhjákvæmilegt að gera sér í fyrsta lagi grein fyrir þeim tveimur meginstefnum, sem nú eru uppi um óleyst vandamál um réttarreglur á hafinu og um eignar- og umráðarétt yfir föstum sem hreyfanlegum náttúruauðlindum hafsbotnsins og hafsins í grennd við meginlandsstrendur, og í öðru lagi, hvernig stefna ríkisstj. í þessu máli tengist með hinum ógæfusamlegasta hætti þeirri þægðarafstöðu, sem þessir flokkar hafa aðhyllzt og mótað gagnvart stórveldunum í vestri og hernaðarbandalagi þeirra. Skal nú að þessu tvennu vikið í fáum orðum.

Það er sameiginleg stefna risaveldanna, Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna, og raunar fleiri stórvelda að takmarka fiskveiðilögsögu strandríkja sem allra mest og að ganga þar hið lengsta inn á 12 mílna lögsögu sem hámark eða alþjóðlega lögfestu og algilda reglu nema þá með sérstökum millirikjasamningum. Varðandi rétt til auðlinda hafsbotnsins er stefnan hins vegar sú, að einkarétturinn og eignarrétturinn sé sem víðtækastur eða helzt allt að 200 mílum frá ströndum. Hagsmunirnir, sem hér liggja að baki, eru nátengdir heimsvalda- og útþenslupólitík þessara stórvelda og þrotlausri leit þeirra að auknum yfirráðasvæðum og náttúruauðlindum. Þessi stórveldi eiga stórfelldà möguleika á gífurlegri nýtingu og öflun iðnaðarhráefna á hafsbotninum og jafnvel í sjónmáli nútímatækni, sem þessi ríki ráða ein yfir, möguleika á að reisa neðansjávariðnaðarborgir og bókstaflega færa mannabyggðir út yfir strendur landanna. Stefnan hér er því sú að bæta upp þurrð iðnaðarhráefna á þurrlendi jarðar með beinni útþenslu landamæra allt að 200 mílum á haf út. Þótt hin rökrétta ályktun þessarar stefnu gagnvart eignarrétti á hafsbotninum væri vitanlega sú, að slík útfærsla landamæra næði einnig til hinna hreyfanlegu auðlinda fiskstofnanna, eru hagsmunir hér aðrir og stefnan önnur. Kjörorð risaveldanna um frelsi á úthöfunum byggist á því, að sakir yfirburða fjármagns og tækni hentar þeim sú stefna í fiskveiðimálum að halda rétti sínum til að beita æ fullkomnari og æ meira gereyðandi veiðitækni hvar sem er á úthöfunum og sem næst ströndum fiskveiðiþjóða, þar sem mest er von afraksturs og afla. Fiskveiðistefna þessara ríkja er sú að hafa sem opnastar leiðir til þess að ausa upp sem mestum fiskafla hvar sem er og hvenær sem er, án alls tillits til hagsmuna smárra strandríkja, sem af fjárhagslegum og tæknilegum ástæðum verða fyrst og fremst að treysta á fiskimiðin hið næsta sínum eigin ströndum. Stefna fiskveiðistrandríkja, sem byggja afkomu sína að meira eða minna leyti á sjávarafla, er í þessum efnum gerólík. Þau hyggja ekki á stóriðju og enn síður á útfærslu mannabyggða á hafsbotni af þeirri ástæðu, að til slíks hafa þau ekki bolmagn hvorki fjárhagslegt né tæknilegt og geta því sætt sig við tiltölulega þrönga landhelgi að því er tekur til auðlinda hafsbotnsins sjálfs, en leggja hins vegar höfuðkapp á að tryggja og þá helzt með alþjóðareglum sem allra víðasta fiskveiðilögsögu, sem færir þeim einkarétt til nýtingar náttúruauðæfa þeirra, sem liggja ofar hafsbotninum sjálfum, þ. e. fiskstofnanna.

Á öllum þeim fjölmörgu alþjóðaráðstefnum og fundum, þar sem fjallað hefur verið um þessi mál undanfarin ár og áratugi, hefur þessi djúpstæði ágreiningur á milli risaveldanna og hinna smærri strandríkja orðið æ berari, en hins vegar er jafnframt orðið ljósara, að stórveldin hafa stöðugt orðið að sæta minni samúð í samfélagi þjóðanna og smáríkin sótt á í baráttu sinni og nú síðast í des. á s. l. ári náð þeim mikilvæga áfanga að ná fram á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna samþykkt gegn vilja stórveldanna um samanköllun alþjóðaráðstefnu, þar sem tilraun væri gerð til að útkljá deilumál með alþjóðasamþykkt. Ráðgert er, að þessi ráðstefna verði haldin 1973, en þó ber að hafa á því allan fyrirvara og sömuleiðis á því, hvort slík ráðstefna fær valdið verkefni sínu og hvort hún lýkur störfum

með þeim hætti, að réttur smærri fiskveiðiþjóða verði tryggður.

Í orði kveðnu hefur hin yfirlýsta íslenzka stefna verið í fullu samræmi við stefnu annarra hinna smærri strandríkja, en andstæð meginstefnu stórveldanna. Greinilegar brotalamir hafa reynzt á því, að íslenzkir stjórnmálaflokkar væru á eitt sáttir um aðgerðir til framkvæmdar þessari stefnu. Þær brotalamir stafa og hafa stafað af tengslum þessa máls við hina almennu utanríkisstefnu, sem borgaraflokkarnir mótuðu við lok heimsstyrjaldarinnar síðari, þeirrar stefnu að innlima landið og þjóðina í hernaðarbandalag vestrænna þjóða og gera landið að víghreiðri Bandaríkjanna með herstöðvasamningnum 1951. Þessi utanríkisstefna hefur óhjákvæmilega leitt íslenzku borgaraflokkana, sem verið hafa við völd hart nær óslitið frá ófriðarlokum, til margháttaðrar þægðarstefnu við stórveldin í vestri, og hefur landhelgismálið goldið hennar. Geigvænlegust reyndust þessi tengsl í meðferð landhelgismálsins af hálfu núv. stjórnarflokka um og eftir að vinstri stjórnin færði íslenzka fiskveiðilögsögu út að 12 mílna mörkunum 1958, og í beinu framhaldi af framferði þeirra þá voru nauðungarsamningarnir við Breta og Vestur-Þjóðverja gerðir, þar sem tvö afgerandi óheillaspor voru stigin í senn. Í fyrsta lagi það að ómerkja á mikilvægan hátt 12 mílna útfærsluna með því að veita Bretum og Vestur-Þjóðverjum tímabundna veiðiheimild innan fiskveiðimarkanna og í annan stað, sem margföldu tjóni og hættum gæti valdið, að þvinga Alþ. til að fallast á samninga við þessi ríki um að öll frekari útfærsla fiskveiðilögsögunnar út fyrir 12 mílna mörkin væri háð samþykki þeirra eða dómsúrskurði alþjóðadómstólsins í Haag, sem aðallega er skipaður fulltrúum stórveldanna. Þessi samningur var nauðungarsamningur að því leyti, að hann var samþykktur á Alþ. meðan byssukjöftum herskipa bandamanna okkar í NATO var beint að íslenzkum fiskimönnum og fleytum þeirra. Hitt er líka staðreynd, að hann var gerður í þann mund sem Bretar voru að gefast upp fyrir almenningsálitinu, bæði heima fyrir og vítt um veröld, en eins er það líka staðreynd, að samningurinn við Breta og síðar Þjóðverja var lögformlegur gerningur og samþykktur með lögmætum meiri hl. á Alþingi Íslendinga. Auðsætt er, að þessi samningur var þverbrot á þeirri stefnu, sem lögfest var af Íslands hálfu með landgrunnslögunum frá 1948, sem byggð voru á þeirri kenningu og afstöðu, að íslenzk lögsaga um fiskveiðar og vernd fiskstofna skyldi ná til endimarka landgrunnsins og breyta mætti með einhliða aðgerðum í formi reglugerðar lögsögumörkunum hvenær sem nauðsyn bæri til. Þessir samningar sköpuðu okkur Íslendingum algjöra sérstöðu meðal þjóða heims. Allar aðrar þjóðir hafa haldið fram rétti sínum til einhliða ákvarðana um mörk fiskveiðilögsögu, meðan ekki giltu um þau efni óvefengjanlegar alþjóðasamþykktir. Við einir erum nú bundnir samningi, sem tók þennan rétt af okkur og svipti okkur því ákvörðunarvaldi, sem allar aðrar þjóðir hafa.

Í dag blasir við sá kaldi veruleiki, að ekkert verður aðhafzt eða gefinn möguleiki til að aðhafast til óhjákvæmilegrar verndar íslenzkra fiskstofna utan 12 mílna markanna, nema fyrst allra aðgerða sé horfið að því að losa þjóðina undan bindingarákvæðum brezka og vestur-þýzka nauðungarsamningsins. Ekkert verður gert nema með yfirlýsingu af okkar hálfu um, að hann sé úr gildi numinn eða honum verði á annan hátt sagt formlega upp. Engin skrúðmælgi getur breytt þessum veruleika, þessari höfuðstaðreynd landhelgismálsins, eins og það horfir við í dag. Því er það, að við í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna og hinir stjórnarandstöðuflokkarnir erum einhuga um, að fyrsta skrefið í landhelgismálinu hljóti að vera það, að ríkisstj. á grundvelli samþykktar Alþingis segi þessum samningi upp. Stjórnarflokkarnir eru hins vegar ófáanlegir til að lýsa nokkru yfir, sem fyrirheit geti gefið um, að við Íslendingar höldum ekki áfram að vera bandingjar títtnefndra tveggja stórvelda og leyfum okkur að aðhafast eitthvað, sem þeir vilja ekki náðarsamlegast veita okkur samþykki til. En sé litið til stefnu þessara ríkja í málefnum varðandi fiskveiðilögsögu, þarf engum getum að því að leiða, hver útfærsla yrði samþykkt með þeirra leyfi og þeirra náð. Af þessari ástæðu er stefna okkar gerólík stefnu stjórnarflokkanna, sem ekki þora eða vilja lýsa neinu yfir um það, að þeir muni skilyrðislaust losa þjóðina undan hinum niðurlægjandi ákvæðum brezk-þýzku samninganna. Vilja ekki tjá þann vilja sinn, að oki þeirra verði aflétt, hvorki með uppsögn eða öðrum hætti.

Það er líka bert, að enn ber það á milli, að stjórnarflokkarnir vilja ekki gefa nein fyrirheit, hvorki um ákveðna útfærslu né um það, hvenær hún skuli í síðasta lagi fara fram. Að því er bezt verður séð, er stefna þeirra sú, að engin útfærsla fiskveiðilögsögunnar fari fram fyrr en í fyrsta lagi, er Bretar og Vestur-Þjóðverjar leyfa, og í öðru lagi ekki fyrr en fiskveiðilandhelgi hefur verið ákveðin með alþjóðasamþykkt. En allir vita, að engin trygging er fyrir því, að slíkt verði gert á næstu árum eða jafnvel áratugum, þótt líta megi með nokkurri óvissri bjartsýni til ráðstefnunnar 1973 og þeirrar baráttu, sem þar verður háð milli risaveldanna og smáríkjanna.

Stjórnarandstöðuflokkarnir allir líta svo á, að slíkar hættur vofi nú yfir fiskstofnunum á Íslandsmiðum, að lífshagsmunir þjóðarinnar krefjist þess, að nú þegar sé bráður bugur undinn að því að undirbúa og framkvæma útfærslu fiskveiðilögsögunnar hið fyrsta og framkvæmdin verði ekki dregin lengur en til 1. sept. á næsta ári, þannig að útfærslan liggi fyrir sem staðreynd á ráðstefnunni 1973, staðreynd, sem hvort tveggja í senn tryggi íslenzka hagsmuni og styðji réttarkröfur fiskveiðistrandríkjanna til enn frekari útfærslu, eftir því sem þær kunni að reynast nauðsynlegar. Hætturnar, sem nú blasa við, eru bæði margar og geigvænlegar, svo geigvænlegar, að fullkomin tortíming þeirra fiskstofna, sem eru undirstaða atvinnulífs og afkomu Íslendinga, dynur yfir á næstu árum, ef ekki er þegar brugðizt skjótt og djarflega við vandanum. Sakir standa nú m. a. þannig, að flestar Vestur-Evrópuþjóðir hafa þegar eytt fiskimiðum sínum, svo að til algjörrar örþeyðu horfir þar. Stór innhöf eru þegar svo eitruð af hvers konar mengun frá efnaiðnaði og úrgangsefnum stórborga, að hættulegt er orðið heilsu manna að neyta þess fisks, sem þar hjarir enn. Öðrum hafsvæðum hefur verið lokað í von um, að nær aldauðir fiskstofnar þar kunni aftur að hjarna við á löngu árabili algjörrar friðunar, og þá er stefnan tekin og verður tekin á fjarlægari mið, og þar eru Vestur-Þjóðverjar og Bretar síður en svo einir á ferð. Tvö önnur risaveldi gerast æ mikilvirkari á

nær öllum heimshöfum. Japanskir og sovézkir flotar, verksmiðjutogarar af æ fullkomnari gerðum, æða um höfin, eirandi engu, sem á sér bærir í djúpum hafsins. Togarar, sem auðveldlega skafa botninn allt niður í 700—1000 m dýpi, eru þegar staðreynd. Margir slíkir eru búnir nær öllum hugsanlegum veiðitækjum, svo fullkomnum í tortímingarmætti, að ekkert er eftir skilið, þar sem þeir fara, annað en svið í sjónum. Slíkir togarar hafa m. a. nú nýlega verið teknir að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka annarra þjóða, rannsakaðir og óhugnanlegum eyðingarmætti þeirra lýst í heimsblöðum. Enn má nefna, að veiðar með hjálp rafstraums eru þegar hafnar og munu senn af tilraunastiginu. Er slík tæki komast í gagnið, verður trúlega unnt að reka hvert kvikindi, sem í djúpunum leynist, inn í iður hinnar fljótandi stórverksmiðju. Rányrkja og aftur rányrkja, án nokkurs tillits til afleiðinganna fyrir smáþjóðirnar og raunar fyrir allt mannkyn, er það, sem setur svip á fiskveiðistefnu stórveldanna, ef ekkert er að gert og smáþjóðirnar þjappa sér ekki saman með álit almennings í öllum löndum að baki sér til þess að stöðva þá helstefnu, sem nú er í uppsiglingu.

Hætturnar, sem hér blasa við, eru síður en svo fjarlægar. Þær eru við bæjardyrnar. Ég hef hér fyrir framan mig nákvæma áætlun um fyrirhuguð veiðisvæði brezka togaraflotans á þessu ári, og kemur þar fram ákvörðun um að beina öllum eða því nær öllum veiðimætti úthafstogaranna á Íslandsmið upp úr miðju þessu ári. Miðað við 1969 verður um tvöföldun úthaldsdaga að ræða í ágúst n. k. og heldur betur í sept. og okt. Í nóv. verða úthaldsdagar á Íslandsmiðum þrefaldaðir frá 1969 og í árslok þessa árs fimmfaldaðir. En þetta er aðeins vísbending, lítið dæmi, um hættuna, sem yfir Íslandsmiðum vofir. Í kjölfarið munu sigla Vestur-Þjóðverjar með a. m. k. 130 stórtogara. Frakkar, sem nú gera út um 500 nýtízkutogara, svo og vafalaust Norðmenn og fleiri Vestur-Evrópuþjóðir, sem þegar hafa nær þurrausið sín heimamið og lokað mikilvægum veiðisvæðum, svo sem við Bjarnarey og í Barentshafi. Og við má bæta líklegri stórsókn Japana og Rússa, sem byggt hafa gífurlegan úthafsveiðiflota með þúsundum skipa og móðurskipa, sem enginn blettur úthafanna er öruggur fyrir. Er líklegt, að þessar þjóðir sneiði hjá Íslandsmiðum fremur en öðrum líklegum veiðisvæðum? En fyrir flota þessara risavelda á heimshöfunum væri það fljótlegt verk að gereyða íslenzkum fiskstofnum á örskömmum tíma.

Þegar til þessa er litið, hljóta allir raunsæir menn að spyrja, hvor stefnan, stefna ríkisstj. eða okkar stjórnarandstæðinga, sé líklegri til að bægja frá þeim þjóðarvoða, sem hér vofir yfir. Stjórnarflokkarnir lýsa því yfir, að þeir ætli að halda sig í einu og öllu nú og framvegis við nauðungarsamningana, sem þeir gerðu við Breta og Vestur-Þjóðverja, og kom það greinilega hér fram í ræðu hæstv. forsrh. Bein afleiðing þess er og verður sú, að engin útfærsla verður framkvæmd né heldur nokkrar friðunaraðgerðir aðrar utan 12 mílna markanna, sem þessar þjóðir ekki samþykkja. Og dýrkeypt reynsla og öll raunsæ hugsun sannar, að úr þeirri átt er einskis að vænta og raunar miklu síður nú en áður.

Stjórnarflokkarnir fullyrða í öðru orðinu, eins og hér var gert hjá síðasta ræðumanni, að þeir vilji ekki og muni ekki afsala okkur rétti til einhliða ákvarðana um útfærslu fiskveiðilögsögunnar, en segja í hinu orðinu, að auðvitað hljóti Haag-dómstóllinn að skera úr, ef útfærsla yrði ákveðin. Ella gerðumst við samningsrofar, sem enginn tryði eða treysti í milliríkjasamskiptum. En allir, sem vilja vita, sjá auðvitað, að dómsniðurstaða yrði ekki annað en um óbreytt ástand, enda engin alþjóðalög til að dæma eftir. Við stjórnarandstæðingar segjum hins vegar: Eina færa leiðin til bjargar fiskstofnum og fiskimiðum við Ísland er hin sama og allra annarra fiskveiðiþjóða, sú að ákveða einhliða útfærslu, óbundnir af oki nauðungarsamnings, sem við einir þjóða heimsbyggðar höfum lotið svo lágt að gera um sjálfa lífshagsmuni okkar. Undan oki hans verður þjóðin að losa sig nú þegar með því að segja honum upp. Og til þeirrar uppsagnar höfum við bæði siðferðilegan rétt og fullan lagarétt samkv. öllum viðteknum venjum um samninga þjóða í milli. Sá réttur er jafn óyggjandi, þó að stjórnarliðið virðist telja samninginn eilífan og óuppsegjanlegan. Fyrst þegar þessi smánarsamningur ríkisstj. er þannig úr sögunni, er opnuð raunhæf leið til að færa út fiskveiðilögsöguna til endimarka landgrunnsins sem fyrsta skref í 50 mílur frá grunnlínum og síðan allt til marka djúphafsins niður á 1000—2000 m dýpi eða í 200 sjómílur frá grunnlínum í samfélagi og samvinnu við þær þjóðir, sem mestar kröfur gera um þetta efni.

Það leiðir af sjálfu sér, að stjórnarflokkarnir vilja ekki og geta ekki vegna stefnu sinnar gefið þjóðinni nein fyrirheit um neinar tímasetningar um, hvenær þeir hyggist færa út íslenzka fiskveiðilandhelgi. Þeir láta lönd og leið þá samhljóða kröfu, sem rís nú hærra með hverjum degi sem líður meðal allra landsmanna, að sókn verði nú þegar hafin og tryggt, að raunhæfar aðgerðir verði ekki látnar bíða, þar til flotar erlendra yfirgangsmanna hafa eytt Íslandsmið með líkum hætti og margar þjóðir hafa nú þegar gert með ofveiði og mengun innan fiskveiðimarka sinna, en reyna nú að bæta sér orðinn skaða með eflingu úthafsflota og rányrkju á miðum þeirra strandríkja, sem enn hafa ekki tekið sjálfar fullan rétt sinn til eigin náttúruauðlinda við strendur sínar. Við stjórnarandstæðingar segjum hins vegar: Þjóðin á rétt á skýrum svörum um ákveðin tímamörk fyrir fyrsta skrefið, 50 mílna útfærslu. Við leggjum heiður okkar við, að sú útfærsla fari fram fyrir 1. sept. á næsta ári, ef þjóðin gefur okkur umboð til þess í alþingiskosningunum að vori. Og við í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna bendum jafnframt hiklaust á, að lykillinn að farsælli lausn landhelgismálsins er, að sú ríkisstj. verði felld, sem unnið hefur sér það hvort tveggja til óhelgi að reyra fjötra brezka og vestur-þýzka nauðungarsamningsins að þjóðinni og neitar síðan að segja honum upp nú, þegar líf liggur við. En bezta ráðið til þess er að efla flokk okkar til úrslitaáhrifa á Alþ. í komandi kosningum. Verði það ekki gert, halda stjórnarflokkarnir velli og fljóta sofandi að feigðarósi í þessu stærsta og mesta máli þjóðarinnar, sem og mörgum öðrum. Ég lýsi því jafnframt yfir í umboði flokks míns, að hann mun engan hlut eiga að myndun nokkurrar þeirrar ríkisstj., sem ekki tryggir framgang allra þeirra fyrirheita, sem í þál. stjórnarandstöðuflokkanna þriggja felast.

Ég minnist svo að lokum á fleyg orð, sem Ólafur Thors, þá sjútvmrh., mælti á sjómannadaginn 1953, er

hann ræddi landhelgismálið og viðræður, sem hann þá nýlega átti við McMillan, forsrh. Breta:

„Og loks sagði ég í viðræðunum við stjórn Bretlands, að hvorki núv. ríkisstj. né nein önnur vildi víkja í þessu máli. Það gæti heldur engin ríkisstj. gert, þótt hún vildi. Sú ríkisstjórn Íslands, sem það reyndi, yrði ekki lengur stjórn Íslands, hún yrði að láta sér nægja að vera fyrrv. ríkisstj."

Og enn sagði Ólafur Thors:

„Tillögur ríkisstj. liggja ljóst fyrir, þeim verður ekki breytt. Það fyrirheit tel ég mig geta gefið íslenzkum sjómönnum á þessum hátíðisdegi þeirra, enda treysti ég því, að sérhverri ríkisstj., sem reynir að bregðast hagsmunum Íslands í þessu máli, muni tafarlaust vikið frá völdum."

Núverandi ríkisstjórn Íslands hefur brugðizt í landhelgismálinu. Hún hefur gert það með samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja, og hún hefur endurtekið svik sín nú með enn háskalegri hætti með því að rjúfa þá sjálfsögðu þjóðareiningu, sem nú gat skapazt um þetta brýnasta mál Íslendinga, en útilokað var, að tekizt gæti, nema ríkisstj. hyrfi frá villu síns vegar og sameinaðist stjórnarandstöðunni um einarðlega og óhvikula stefnu, sem ein sæmir fullvalda þjóð, þegar um lífshagsmuni hennar er að tefla. Og þess vegna á hún nú að sæta dómsorðum Ólafs Thors frá 1953 að láta sér nægja að vera fyrrv. ríkisstj. og verða tafarlaust vikið frá völdum.

Ég þakka áheyrnina og býð góða nótt.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti, háttvirtu áheyrendur. Langþýðingarmesta og ég vil segja örlagaríkasta málið, sem við eigum nú við að glíma, er landhelgismálið, þ. e. útfærsla fiskveiðimarkanna. Fiskveiðar eru langstærsti atvinnuvegurinn, hefur verið það og er það. Frá honum hafa að undanförnu komið um 90 hundraðshlutar af því fé, sem þjóðin hefur haft til ráðstöfunar til vörukaupa erlendis. Það er því mjög skiljanlegt, að okkur Íslendingum sé það viðkvæmt mál og hugleikið, hvernig með þá fiskstofna er farið, sem lifa hér á landgrunninu eða koma þangað á vissum tímabilum. Undanfarin ár og áratugi hafa verið blikur á lofti, sem gætu bent í þá átt, að ýmsar hættur væru hér á ferð, sumar gamlar og þekktar, aðrar nýjar og meira og minna óþekktar. Á ég þar við ofveiðina, sem er gamalþekkt fyrirbrigði, og mengunina, sem ekki var farið að gefa gaum fyrr en fyrir fáum árum. Fleiri hættur steðja einnig að. Þá hlýtur að vakna sú spurning, hvort ekki séu til einhver ráð til að bægja þessum hættum frá. Hefur þar aðallega verið minnzt á tvennt, takmörkun veiðanna við ákveðið magn og útfærslu fiskveiðilögsögunnar til verndar fiskstofnunum og til hagsbóta fyrir íslenzka fiskimenn. Ég hygg, að enginn ágreiningur sé um það hjá okkur, að síðari leiðina beri að velja, enda liggur ekkert fyrir um raunhæfa lausn á öðrum grundvelli. Fyrir því eru líka ýmis sterk rök frá okkar sjónarmiði. Engin þjóð, sem stundar fiskveiðar við Ísland, er eins háð þessum veiðum og Íslendingar, og því er engum eins treystandi til að gera þær ráðstafanir, sem duga til viðhalds fiskstofnunum.

Því hefur verið haldið fram af stjórnarandstöðuflokkunum, að núv. ríkisstj. hafi ekkert gert í þessu máli til að vinna að útfærslu fiskveiðimarkanna. Þetta er alrangt, því að mörg undanfarin ár hefur íslenzka ríkisstj. unnið að því á erlendum vettvangi að kynna okkar málstað og afla honum fylgis. Þetta hefur aðallega verið gert á allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna, þar sem ítarlega hefur verið gerð grein fyrir málinu, og einnig á milli þinga og utan funda með viðtölum við fastafulltrúa þeirra þjóða, sem líklegar þóttu til að hafa sömu eða svipaða skoðun á málinu og við. Ég tel mig mega fullyrða, að ekkert tækifæri hafi verið látið ónotað í þessu skyni. Á utanríkisráðherrafundum Norðurlanda hefur málið verið flutt, í Strasbourg hjá Evrópuráðinu og á fundi Suður-Ameríkuríkjanna, sem haldinn var í Lima í Perú, og víðar, t. d. hjá NATO.

Í grg. fyrir till. til þál., sem átta framsóknarmenn standa að á þskj. 89, er það talið til vanrækslu hjá ríkisstj., að enginn fulltrúi frá Íslandi hafi verið sendur á fund, sem haldinn var í maímánuði s. l. í Montevideo í Uruguay, um þessi mál með Suður-Ameríkuríkjunum. Um þetta vil ég aðeins segja það, að okkur Íslendingum var ekki gefinn kostur á að mæta á þessum fundi, enda var hann, að því er mér er tjáð, aðallega undirbúningsfundur undir Lima-fundinn, sem ég hef áður getið um og var sóttur af þrisvar sinnum fleiri þjóðum en Montevideo-fundurinn, en Lima-fundurinn og fundur, sem haldinn var í Lusaka s. l. sumar, eru einu fundirnir, sem mér er kunnugt um, að haldnir hafi verið á s. l. árum um landhelgismál á alþjóðavettvangi, þar sem Íslendingar hafa ekki átt fulltrúa. En Lusakafundurinn var eingöngu sóttur af hlutlausu þjóðunum, og landhelgismálið var aðeins eitt af mörgum málum, sem þar voru tekin til umr. Ég tek þetta aðeins fram vegna þess, að því hefur verið haldið fram, að það sýni, hversu andvaralaus ríkisstj. hafi verið í málinu, en ég tel, að ekkert tækifæri hafi verið látið ónotað á alþjóðavettvangi til að kynna okkar málstað og leitast við að afla honum fylgis. Ég tel það líka hafa verið árangur af þessari kynningarstarfsemi okkar m. a., að Sameinuðu þjóðirnar ákváðu á síðasta allsherjarþingi í des. s. l. að halda alþjóðaráðstefnu um réttarreglur á hafinu árið 1973 og undirbúningsfundi fyrir þessa ráðstefnu 1971 og 1972, tvo hvort árið. Þessir undirbúningsfundir hafa nú verið hafnir í Genf, og stóð sá fyrsti 1.—26. marz s. l., og var honum því alveg nýlokið nú fyrir nokkrum dögum. Í þessum undirbúningsfundum taka þátt fulltrúar frá 86 þjóðum, og áttum við Íslendingar þar tvo fulltrúa. Þessi undirbúningur allur er við það miðaður, að reynt verði að ná samkomulagi á hafréttarráðstefnunni 1973 um landgrunnsmörkin og fiskveiðilögsöguna.

Mér er það ljóst, að nokkur ríki, aðallega Suður-Ameríkuríkin, hafa fært út sín fiskveiðimörk einhliða, án þess að leita samkomulags við aðra. En hver hefur svo árangurinn orðið? Sífelldir árekstrar, upptaka skipa og afla og harðar deilur við þá, sem fyrir því hafa orðið, nákvæmlega eins og var hjá okkur á tíma þorskastríðsins, að einu atriði þó undanskildu. Þessar þjóðir allar hafa herskipaflota til að halda uppi vörnum fyrir sitt landhelgissvæði og stugga út þeim, sem á það leita, til að taka þá og refsa þeim, sem óhlýðnast. Þessa aðstöðu höfum við ekki. Við höfum enga möguleika til að halda uppi vörnum fyrir okkar svæði, ef á það verður leitað með valdbeitingu. Það verður nægilega erfitt fyrir okkur að verja það stóra svæði, sem við óskum eftir að

fá, þó um það geti orðið samkomulag, sem við vonumst eftir að verði við aðrar þjóðir, þó að ekki verði út í einhliða útfærslu farið í ósamkomulagi við allt og alla, sem telja verður nánast óviðráðanlegt, ef til átaka kemur. Ríkisstj. hefur líka stefnt að því að reyna að ná allsherjarsamkomulagi hér heima fyrir, þó að það hafi ekki tekizt. En það er augljóst mál, hversu aðstaða okkar í málinu verður styrkari, ef öll þjóðin stendur saman um málið. En þetta hefur ekki tekizt, eins og ég sagði, og er það nú talið fullreynt eftir mánaða þóf. En hvað ber þá á milli? Ég tel mig mega segja, að um það, hvaða kröfur beri að gera efnislega, beri ekkert á milli. Það, sem á milli ber, er, hvaða aðferð skuli höfð við framkvæmdina. Ríkisstj. telur, að leita beri samkomulags til hins ýtrasta, en stjórnarandstaðan vill ákvarða nú þegar og einhliða, hver fiskveiðimörkin skuli vera og að samningunum við Bretland og Þýzkaland skuli sagt upp nú þegar og ekkert leitað eftir samkomulagi við einn eða neinn. Ríkisstj. telur það siðlausa ævintýrapólitík í milliríkjaviðskiptum að boða fyrst til alþjóðaráðstefnu til þess að leita eftir samkomulagi um málið, en ákveða síðan einhliða og án þess að ræða við neinn, hversu málið skuli leyst. Ætli hinum erlendu viðsemjendum okkar þyki ekki skrýtið að vera kallaðir á alþjóðaráðstefnu til að taka ákvörðun um mál, sem einn af samningsaðilum er búinn að taka ákvörðun um, hvernig leyst skuli, áður en farið er að tala saman. Enn eru tvö ár þangað til ráðstefnan verður haldin. Á þeim tíma verða fjórir undirbúningsfundir haldnir hið minnsta. Ríkisstj. telur, að á þessum undirbúningsfundum verði komið fram nokkurn veginn örugglega, hvernig hugur þessara 86 þjóða, sem þar eru samankomnar, muni vera til málsins, þó að þessum fundum sé ekki ætlað að taka endanlega ákvörðun. Ef illt á að ske og ekki er útlit fyrir, að neitt samkomulag náist, er þó enn tækifæri til að gera einhliða ákvarðanir. Einhliða ráðstafanir, eftir að vitað er, að ekki muni nást samkomulag, er neyðarráðstöfun, vegna þess að það er okkar síðasta úrræði, en einhliða ráðstafanir, áður en farið er að tala saman, eru óafsakanlegar og siðlausar. Og þær þjóna þar að auki engum tilgangi. Ég vil ekki, og Alþfl. er sammála um að vilja ekki vera með í slíku. Við viljum ekki halda þannig á málum, að umheimurinn fái ástæðu til að halda, að hér á Íslandi lifi einhverjir furðufuglar, sem hagi sér þannig að bjóða fyrst til fundarhalda um mál, en taki síðan einhliða ákvarðanir, áður en samtölin hafa farið fram. Hitt er svo annað mál, að ef ekki næst samkomulag, sem við getum unað við, þá verðum við tilneyddir að taka slíkar ákvarðanir til að freista þess að vernda líf okkar og afkomu.

Um uppsögn samningsins við Breta er svipað að segja. Í samningnum er ekkert ákvæði um uppsögn, þannig að ég tel sjálfsagt, að við þá verði rætt, áður en rokið er til að segja samningnum upp fyrirvaralaust. Samningurinn er raunar ekki um annað í aðalatriðum en það, að verði fiskveiðilögsagan færð út fyrir 12 mílna mörkin, geti Bretar leitað til alþjóðadómstólsins í Haag um það, hvort útfærslan samrýmist alþjóðalögum. Komist alþjóðaráðstefnan um réttarreglur á hafinu að þeirri niðurstöðu 1973, að útfærsla sé heimil, þarf ekki að efa niðurstöður dómsins, ef til hans verður þá leitað, sem ég tel ólíklegt. En í öllu falli er það siðaðra manna háttur að ræða við hinn aðilann, áður en farið verður í uppsögn.

Ágreiningsatriðin við stjórnarandstöðuna liggja því svo augljóslega fyrir, að ég efast ekki um, að þeir menn, sem um málið hugsa í alvöru, komist að þeirri niðurstöðu, að bíða beri eftir, að upplýsingar fáist um afstöðu aðilanna, og að fljótfærnislegar ákvarðanir, áður en þær fást, verði okkur til óþurftar. Hitt er svo annað mál, hvað við kunnum að neyðast til að gera, ef málið fær ekki þá afgreiðslu, sem við óskum eftir, á undirbúningsfundunum og ráðstefnunni.

Því er stundum haldið fram af þeim, sem vilja fara út í róttækar aðgerðir strax, að við höfum ekki ráð á að bíða. Sóknin á miðin af erlendum veiðiskipum sé svo ört vaxandi, hættan á ofveiði sé svo mikil, að aðgerðir í málinu þoli ekki neina bið. Landhelgisgæzlan heldur uppi stöðugri könnun á því, hve mörg erlend veiðiskip séu hér á miðunum á hverjum tíma kringum landið. Niðurstaðan hefur verið sú, að þau séu sízt fleiri nú en oft áður, og raunar talsvert færri nú um skeið. Þó að það sé óæskilegt, að þau séu hér nokkur, þá sýnir þessi talning Landhelgisgæzlunnar, að þeim hefur ekki fjölgað, heldur þvert á móti. Vitaskuld verður ekki vitað, hvort eða hve mikið þeim muni fjölga í næstu framtíð, en eins og er gefur þessi erlendi veiðiskipafjöldi ekki ástæðu til að fara óvarkárlega fram, sem getur komið okkur í koll síðar. Að sömu niðurstöðu hafa fiskifræðingar okkar komizt í ítarlegri skýrslu, sem þeir hafa gefið ríkisstj. um málið, en samkv. ákvæðum landgrunnslaganna ber að leita álits þeirra, áður en hafizt sé handa um aðgerðir.

Hv. síðasti ræðumaður taldi sig hafa um það upplýsingar, að sókn brezkra togara á Íslandsmið mundi mjög fara vaxandi á næstu mánuðum, en ég leyfi mér að efast um, að það séu óyggjandi upplýsingar, sem hann hefur um það, og ég efast um, að upplýsingar um það fyrir fram séu raunverulega til.

En það eru fleiri hliðar á þessu máli, sem vert er að athuga. Þeir, sem koma til með að missa mest, þegar fiskveiðimörkin við Ísland verða flutt út, eru nágrannar okkar í Vestur-Evrópu, þjóðir, sem við um áraraðir höfum átt góð samskipti við og sem um aldir hafa sótt fisk á Íslandsmið. Það fer ekki hjá því, að þessar þjóðir taki eftir því, hvernig að þessari breytingu verður staðið. Hvort leitað verður eftir samkomulagi um málið eða hvort ákveðið verður með einhliða þjösnaskap, hvernig með það verður farið. Við þessar þjóðir höfum við átt áratuga, já, aldalangt gott samstarf á svo fjöldamörgum sviðum og þurfum að eiga gott samstarf við þær í framtíðinni. Þetta erfiða uppgjör við þær getur farið fram með vinsemd, og það eigum við að reyna og freista þess að koma þeim í skilning um, að þetta verðum við að gera til að halda við lífsafkomu okkar, og þá vænti ég, að þær skilji nauðsyn þess, sem verið er að gera, og reyni ekki að koma í veg fyrir það. Ef hins vegar verður staðið að málinu af okkar hálfu með einhliða ákvörðunum, án þess að leitazt verði við að ræða við þær til þess að koma þeim í skilning um nauðsyn okkar, þá er ósköp hætt við, að sambúð okkar við þær verði ekki jafngóð og áður.

Svo er enn önnur hlið á málinu. Í hópi þessara nábúa okkar eru þjóðir, sem kaupa af okkur mikið af ferskum fiski og frystum, og mér þætti ekki ólíklegt, að ef við

færum okkar fram, án þess að ræða við einn eða neinn, mundu þessi mjög svo nauðsynlegu viðskipti okkar ekki halda áfram að vera jafngóð og þau hafa verið hingað til. Ég minni á, hvernig fór með ísfisksölur okkar í Bretlandi, þegar við færðum út einhliða 1958. Öll þau viðskipti voru þá stöðvuð, og ísfisksölur frá Íslandi til Bretlands féllu niður. Það, sem bjargaði okkur þá úr þeim mikla vanda, var, að aðrar þjóðir komu til og keyptu af okkur fiskinn hraðfrystan, sem við gátum ekki selt til Bretlands. Nú eru ekki líkur á, að til slíks geti komið, því að þær þjóðir, sem þá voru til hjálpar, virðast nú vera hvað ákveðnastar í að halda sig við 12 mílna mörkin. Ég nefni þetta aðeins til þess að benda á, að það geta orðið ýmis ljón á veginum, ef við förum ekki fram með gát og egnum aðrar þjóðir upp á móti okkur með hvatvíslegum aðgerðum, sem teknar eru í fljótræði og án þess að gera okkur grein fyrir afleiðingunum. Ég er ekki að hvetja til undanlátssemi, þvert á móti, heldur hins að fara aðeins fram með varkárni og skynsemi og grípa ekki til fljótfærnislegra örþrifaráða, sem við þurfum ekki að grípa til og sem annaðhvort virðast sprottin af því, að menn gera sér ekki grein fyrir alvöru málsins, eða af því, að þeim sé ósárt um, þessum mönnum, þó að skerist í odda milli Íslands og þessara nábúa okkar.

Eins og ég hef áður tekið fram, er fyrsta undirbúningsfundi undir hafréttarráðstefnuna nýlokið í Genf, en honum lauk nú fyrir fimm dögum eða 26. marz s. l., og fulltrúar okkar, sem þennan fund sóttu, eru nýkomnir heim. Á þessum fundi gafst tækifæri til að kynnast viðhorfum og afstöðu hinna ýmsu ríkja, og enn betra tækifæri mun gefast á fundunum í sumar. En nú þegar að afloknum þessum fyrsta fundi er það mat okkar íslenzku fulltrúanna á fundinum, að aðstaða Íslands nú hafi verið allt önnur og betri en á ráðstefnunum 1958 og 1960. Nú sé fyrir hendi miklu meira fylgi við að taka raunhæft tillit til hagsmuna strandríkis en þá var. Gildir það fyrst og fremst um hin fjölmörgu nýju ríki, sem bætzt hafa í samfélag þjóðanna síðan 1960, en auk þess hefur afstaða sumra þeirra ríkja, sem lengst hafa barizt gegn sérhagsmunum strandríkis, mjög breytzt til batnaðar frá okkar sjónarmiði. Þau sjónarmið, sem við Íslendingar höfum byggt okkar mál á, þ. e. að taka verði fullt tillit til aðstæðna á staðnum og virða sérstöðu strandríkis, sem byggir afkomu sína á fiskveiðum, eiga nú vaxandi fylgi að fagna.

Því hefur verið haldið fram af stjórnarandstöðunni, að nauðsynlegt sé að færa út fiskveiðimörkin áður en til ráðstefnunnar kemur til þess að fyrirbyggja það, að aðstaða okkar verði verri eftir ráðstefnuna en nú er. Virðist þá miðað við það, að ráðstefnan muni e. t. v. ganga frá reglum, sem andstæðar verði hagsmunum strandríkis, og erfiðara yrði þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir. Það var greinilegt á fundinum í Genf nú í marz, að straumar liggja ekki þannig. Yfirgnæfandi líkur eru einmitt fyrir því, að hagsmunir strandríkisins verði virtir, og skyldi svo fara, að ekki fáist ⅔ atkv. fyrir lausn á þeim grundvelli er hitt öruggt, að ráðstefnan fer þá út um þúfur án nokkurs samkomulags. Ef svo skyldi fara, verður aðstaða okkar sterkari en nú er, því að þá mun liggja fyrir, svo að ekki verður um villzt, að málstaður okkar mun þá njóta meiri stuðnings á alþjóðavettvangi en nú er hægt að sanna. Er það m. a. vegna þess, að margar þjóðir bíða nú með frekari aðgerðir einmitt til þess að sjá, hvað úr þessari ráðstefnu verður. Raunhæft mat á aðstöðunni í dag leiðir því til þess, að höfuðáherzlu beri að leggja á það, að vandamál okkar verði leyst í lokaáfanga í starfi Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði, sem nú er að hefjast. Hitt verður svo jafnan að hafa í huga, að ef aðstæður breytast verulega á Íslandsmiðum á næstu misserum, að því er varðar sókn á miðin og ástand fiskstofna þar, gæti reynzt nauðsynlegt að gera ráðstafanir þegar í stað, jafnvel fyrir ráðstefnuna, en þau mál verður að hafa í stöðugri athugun. Heildarstefnan verður því að vera tvíþætt: Annars vegar verður að óbreyttum aðstæðum að leggja allt kapp á að færa málstað Íslands fram til sigurs á ráðstefnunni 1973, og hins vegar, að stöðugt sé haft í huga, að grípa verði til ráðstafana fyrr, ef aðstæður á Íslandsmiðum krefjast þess og neyða okkur til þess.

Starf Sameinuðu þjóðanna varðandi réttarreglur á hafinu var hafið fyrir tveim áratugum fyrir forgöngu Íslendinga. Mikill árangur náðist með Genfar-ráðstefnunum 1958 og 1960, og nú er lokaspretturinn hafinn. Horfurnar eru þannig, að á ráðstefnunni munum við hafa allt að vinna og engu að tapa. Þetta mat fulltrúa okkar á útlitinu eftir fyrsta fundinn tel ég að lofi góðu um horfurnar fyrir okkar málum.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Athygli jarðarbúa beinist nú í æ ríkara mæli að auðæfum hafsins. Varðandi málefni þess á sér stað hraðfara þróun, sem býður upp á marga möguleika, eins og hæstv. forsrh. vék að í ræðu sinni áðan. Árlegur fiskafli úr skauti hafsins nemur nú um 60 millj. tonna og hefur margfaldazt á tiltölulega skömmum tíma. Samhliða stóraukinni veiði og afkastamikilli veiðitækni hafa menn víða áhyggjur af ofveiði, t. d. á Norður-Atlantshafi. Það er komið á daginn, svo að ekki verður um villzt, að fiskstofnar þola ekki ótakmarkað veiðiálag. Af því leiðir, að alþjóðleg samvinna og skipulagning er nauðsynleg til þess að fyrirbyggja ofveiði og tryggja það, að fiskstofnar gefi framvegis af sér góðan arð og leggi mannkyninu til holla og góða fæðu. Augu manna hafa einnig opnazt fyrir því, að fiskstofnum og öðrum lífverum í hafinu stafar mikil hætta af mengun. Miklir olíuflutningar eiga sér stað með skipum, og fara þannig um höfin um 1.3 þús. millj. tonna af olíu á ári eða meiri hluti allrar þeirrar olíu, sem unninn er úr jörðu. Er talið, að í þeim flutningum tapist árlega um 1 millj. tonna í hafið, en það getur aðeins leyst upp um 1/1000 hluta þess olíumagns. Er nú mikið reynt til þess að finna upp og fullkomna aðferðir til þess að eyða olíu úr hafinu, og á því sviði á sér stað víðtæk alþjóðleg samvinna. Alls konar úrgangsefni, sem í hafið eru látin, eru einnig stórhættuleg lífverum ekki síður en olían, en alþjóðleg samvinna til þess að fyrirbyggja mengun af völdum eiturefna og skolps er rétt í byrjun. Það er fyrst á síðustu tímum, sem mönnum er að verða ljós þessi hætta, en þegar er sýnt, að henni verður ekki bægt frá nema með sameiginlegu átaki margra þjóða.

Jafnhliða þeim vandamálum, sem ég hef nú drepið á varðandi hafið, eru mjög á dagskrá á alþjóðlegum vettvangi þau vandamál, er varða hafsbotninn. Í hafsbotninum hafa víða fundizt margir verðmætir málmar í

miklu magni. Þar er einnig mikið magn af olíu og jarðgasi. S. l. ár var svo komið, að um 17% af olíuframleiðslu heimsins var unnið úr hafsbotninum á landgrunnum hinna ýmsu landa, en samt er það svo, að rannsóknir á auðæfum hafsbotnsins eru skammt á veg komnar. Það getur gefið hugmynd um þessi auðæfi, að á einum stað í Mexíkóflóa er talið, að séu um 90 þús. millj. tonna af olíu og 45 millj. tonna af gasi. Mörg vandamál þjóða í milli í sambandi við hafsbotninn eru óleyst, svo sem það, hvernig eigi að fyrirbyggja mengun út frá þeirri starfsemi við olíuboranir og annað, sem fram fer á hafsbotninum. Hins vegar voru þjóðirnar fljótari til að setja reglur um skiptingu hafsbotnsins sín á milli en um skiptingu hafsins yfir honum með tilliti til fiskveiða. Þetta höfum við Íslendingar þegar notfært okkur og tryggt okkur réttinn til hafsbotnsins á landgrunninu með lögum frá 24. marz 1969, um yfirráðarétt Íslands yfir landgrunninu umhverfis landið. Til þessa atriðis er vitnað í 2. tölul. þeirrar þáltill., sem stuðningsflokkar ríkisstj. hafa borið fram um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið og hér er til umr. Þar er því lýst yfir, að við teljum, að rétturinn til fiskveiða á hafinu yfir landgrunninu eigi að vera óskertur á sama hátt og rétturinn til hafsbotnsins. Mér virðist liggja í hlutarins eðli, að þetta hljóti að vera mjög mikilvægt atriði í sambandi við útfærslu fiskveiðilandhelginnar, ekki sízt vegna þess, að fiskveiðar hafa margfalt meiri þýðingu fyrir lífsafkomu þjóðarinnar en hugsanlegir möguleikar á að ná verðmætum úr hafsbotni í nánd við landið. Einnig tel ég, að þær miklu umræður og samningaumleitanir, sem nú eiga sér stað varðandi þau atriði, sem ég hef lauslega drepið á hér að framan, hljóti óhjákvæmilega að leiða til niðurstöðu, sem verði málstað okkar í landhelgismálinu til styrktar. Ráðstafanir til verndunar fiskstofna munu t. d. verða tvíþættar. Annars vegar verður að þeim staðið með útfærslu fiskveiðilandhelgi, en hins vegar með alþjóðlegum ráðstöfunum til þess að forða vissum tegundum frá ofveiði. Í sambandi við fiskveiðilandhelgina kemur til það sjónarmið, sem við hljótum að leggja megináherzlu á, að fiskveiðar eru veigamesti þátturinn í þjóðarbúskap Íslendinga og undirstaða þess menningarlífs, sem Íslendingar lifa nú á tímum.

Þá er þess einnig að geta, að með stöðugt vaxandi tækni færast hagnýtingarmörk til fiskveiða út á meira dýpi og lengra frá ströndum, en slík mörk verða áreiðanlega að einhverju leyti höfð til viðmiðunar, þegar þjóðirnar ákveða skilgreiningu á því, hvað sé landgrunn. Þess vegna finnst mér hyggilegt að hafa í þessu tilliti nokkurt svigrúm, eins og gert er í 1. tölul. þáltill. stjórnarflokkanna, þegar stefna Íslands í landhelgismálinu er mörkuð í megindráttum. Þar er svo ráð fyrir gert, að skilgreining á landgrunni Íslands verði miðuð við sem næst 400 m jafndýpislínu, mögulega hagnýtingarmörk, eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki. Nú er rætt um 400 m jafndýpislínu. En þegar landgrunnslögin voru sett árið 1948, var gengið út frá 200 m jafndýpislínu. Þannig breytast viðhorfin með árunum. Nú er það engan veginn fjarstætt að miða hagnýtingarmörk við allt að 1000 m dýpi. Með hliðsjón af þessu m. a. tel ég, að Alþ. megi ekki binda hendur fulltrúa Íslands um of, þegar þeir mæta á þeim mörgu alþjóðlegu fundum, sem fram undan eru og fjalla munu um þessi mál.

Varðandi mengunina, sem fjallað er um í 3. lið till., tel ég fráleitt að einskorða rétt okkar til að fyrirbyggja hana við ákveðinn mílufjölda, eins og gert er í þáltill. prófessors Ólafs Jóhannessonar o. fl. um landhelgismál, sem einnig er hér til umr. Á því sviði verður alþjóðlegt samstarf áhrifaríkast, og skiptir ekki höfuðmáli, hversu stórt hafsvæði við tökum að okkur til umsjónar. Í sambandi við þáltill. hv. stjórnarandstæðinga vil ég annars segja þetta:

Það ber að harma það, að Framsfl., Alþb. og SF skyldu ekki fallast á það sjónarmið, að gæfulegast væri fyrir þjóðina, að í landhelgismálinu ríkti alger eining um þá stefnu, sem Alþ. markar. Eftir þessu var vissulega leitað við þá, eins og fram hefur komið í þessum umr. Landhelgismálið er hvort tveggja í senn innanríkis- og milliríkjamál, og fylgir því mestur vandi að því er tekur til hins síðara. Þess vegna er þjóðareining um aðgerðir okkar mikilvægari en flest annað. Þetta vita forsprakkar stjórnarandstöðuflokkanna jafn vel og aðrir, en þeir hafa að þessu sinni kosið að setja flokkshagsmuni ofar þjóðarhagsmunum, og er það ekki í fyrsta skipti. Skýringin á þessu atferli blasir við. Kosningar eru fram undan, og nú á að beita því agni fyrir hv. kjósendur í kosningunum til Alþingis þann 13. júní n. k., að þjóðinni verði færð 50 mílna landhelgi og 100 mílna mengunarlögsaga á silfurfati frá og með 1. sept. næsta ár. Það á svo samkv. kenningum Ólafs Jóhannessonar lagaprófessors og félaga hans að vera okkar mesti styrkur á alþjóðaráðstefnunni árið 1973 um réttarreglur á hafinu, að af okkar hálfu sé allt saman búið og gert og í raun og veru höfum við ekkert frekar um að tala við aðrar þjóðir varðandi þessi efni. Getur það verið, að sá prófessor Ólafur Jóhannesson, sem slíkt lætur frá sér fara, sé kennari í alþjóðarétti við Háskóla Íslands? Jafnframt leggja prófessor Ólafur og félagar hans áherzlu á að réttlæta sjálfa sig í tillögugerð sinni og taka þá upp þann þráð, sem þeir spunnu árið 1961. Það ár viðurkenndu Bretar 12 mílurnar eftir langvinnar og harðar deilur og mestu átök, sem Íslendingar hafa nokkru sinni lent í við aðra þjóð. Það ár var grunnlínustöðum breytt og landhelgin aukin um rúmlega 5 þús. ferkm. Voru þau svæði, sem aukningin tók til, aðalhrygningarsvæði nytjafiska við Ísland og mikilsverðar ungfiksstöðvar. Það ár var Bretum og fleiri þjóðum tilkynnt, að áfram yrði unnið að útfærslu landhelginnar við Ísland á grundvelli samþykktar Alþingis frá 5. maí 1959. Verði frekari útfærsla tilkynnt með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um ráðstafanir okkar, skulu þær bornar undir alþjóðadómstólinn. Það ár var stjórnarandstaðan ófyrirleitnari í áróðri sínum en oftast áður eða síðar. Síður Tímans og Þjóðviljans voru svartar af svika- og landráðabrigzlum. M. a. stóðu í Tímanum þessi orð: „Svikul íhaldsstjórn hefur kropið erlendu ofbeldi og fallizt á smánarsamning, sem stofnar til tjóns og hættu og niðurlægir þjóðina í augum heimsins.“ Samningurinn við Breta átti í einu og öllu að vera haldlaus, veiðileyfin á svæðinu milli 6 og 12 mílna yrðu framlengd o. s. frv., o. s. frv. En hættulegast af öllu átti það ákvæði að vera, að Íslendingar skyldu lýsa því yfir, að í gerðum sínum framvegis mundu þeir taka nokkurt tillit til annarra og að þeir

væru reiðubúnir til þess að láta dómstól skera úr ágreiningi, er rísa kynni. Þessi atriði eru enn í dag mesti þyrnir í augum lagaprófessorsins og félaga hans, eins og fram kom í ræðu Björns Jónssonar hér áðan. Þessi atriði á sem sé að ógilda. Það er 1. tölul. og þungamiðjan í þáltill. þeirra félaga. Þannig taka þeir upp þráðinn frá 1961, þótt reynslan hafi sýnt og sannað, að allt þeirra tal þá voru blekkingar og markleysur. Sérstaklega er þetta áberandi að því er snertir lagaprófessor Ólaf Jóhannesson. Hann sagði eftirfarandi orð þann 14. nóv. 1960 í Ed., þegar landhelgismál voru þar til umr.:

„Ég verð að segja og vil láta það koma fram í sambandi við þetta, að ég tel raunar eina veikleikamerkið í okkar málstað hér vera það, ef rétt er hermt, að við höfum neitað að leggja þetta mál til úrlausnar hjá alþjóðadómi."

Síðar í sömu ræðu sagði prófessor Ólafur Jóhannesson þau orð, sem hæstv. forsrh. vitnaði til áðan, um það, að smáþjóð eigi sér ekki annars staðar frekar skjóls að vænta en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hafi ekki valdið til þess að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin, og þess vegna hefði að hans viti hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls.

Þegar prófessor Ólafur Jóhannesson talar þannig, þá geta menn freistazt til að trúa því, að hann sé kennari í alþjóðarétti við Háskóla Íslands. Fróðlegt verður svo að heyra, hvernig hann hagar orðum sínum hér á eftir, en staðreynd er, að allar aðgerðir Íslendinga í fiskveiðilögsögumálinu hafa byggzt á réttargrundvelli, og það hefur jafnan verið okkar styrkur og forsenda unninna sigra. Megi svo áfram verða.

Þegar prófessorinn flutti þá ræðu, sem ég vitnaði til hér að framan, var hann að tala um frv. allrar stjórnarandstöðunnar í Ed., sem miðaði að lögfestingu grunnlínustaða samkv. reglugerð frá 1958. Töldu þeir þá vonlausa þá grunnlínubreytingu, sem fékkst með samningunum við Breta og Þjóðverja 1961. Sýndi sú till. hvort tveggja skammsýni og fljótfærni stjórnarandstöðunnar, og því miður ber sú þáltill. þeirra, sem hér liggur fyrir, sömu einkenni. Með samþykkt hennar yrði ekki lagður traustur grundvöllur að frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Farsæl framvinda landhelgismálsins er öðru fremur undir því komin, að ábyrgir aðilar forðist öll gönuskeið. Því miður hefur forusta Framsóknar fyrr og nú látið það henda sig að setja áróðurssjónarmiðin ofar öðrum í hamslausu kapphlaupi við kommúnista um það, hvor flokkurinn megi sín betur í stjórnarandstöðunni. Í þessu kapphlaupi hefur fræðimennsku og réttsýni prófessors Ólafs Jóhannessonar miskunnarlaust verið ýtt til hliðar af áróðursmeisturum eins og Þórarni Þórarinssyni. En prófessorinn hefur enn eitt tækifæri til að sýna af sér manndóm og röggsemi. Báðum þeim þáltill., sem hér eru ræddar í kvöld, verður vísað til utanrmn. að umr. lokinni. Þar gefst enn eitt tækifæri til þess fyrir Framsókn að taka höndum saman við stjórnarflokkana í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Verður fróðlegt að fylgjast með því, hvort Framsókn tekur sig á í málinu. Einnig gæti hugsazt, að Frjálslyndir og vinstri sinnaðir bættu ráð sitt, en af kommúnistum er ekki mikils að vænta.

Till. stjórnarflokkanna markar skýra og djarfa stefnu í landhelgismálinu, sem gengur á vissan hátt lengra en till. stjórnarandstöðunnar. Það verður mikið og vandasamt viðfangsefni fyrir hverja þá stjórn, sem við tekur að afstöðnum kosningum, að framfylgja þeirri stefnu. Þáttur Emils Jónssonar utanrrh. í mótun stefnunnar er mikilvægur. Undir forustu hans hefur á undanförnum árum markvisst verið unnið að því að kynna öðrum þjóðum málstað okkar og sjónarmið, og hefur mikið áunnizt. Því starfi þarf að halda áfram á mörgum vígstöðvum, og er það sannfæring mín, að það muni bera ríkulegan ávöxt. Hvort svo verður árinu fyrr eða seinna, skiptir ekki meginmáli, en mikilvægt er, að við náum settu marki án stórátaka og illinda við aðrar þjóðir. Málstaður okkar í landhelgismálinu mun sigra, þrátt fyrir andstöðu stórveldanna í austri og vestri, og það er aðalatriðið.

Ég þakka áheyrnina. — Góða nótt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég held, að stækkun landhelginnar sé stærsta mál þjóðarinnar um þessar mundir. Þar er ekki um neina stundarhagsmuni að ræða, heldur framtíðaröryggi þjóðarinnar og jafnvel tilverugrundvöll, því að um langa framtíð mun lífsafkoma Íslendinga byggjast öðru fremur á fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafla. Vegna breyttra aðstæðna er 12 sjómílna landhelgi orðin allsendis ófullnægjandi. Útfærsla fiskveiðimarkanna og skynsamleg hagnýting landgrunnsfiskimiðanna er lífshagsmunamál fyrir þjóðina. Um það verður naumast deilt á innlendum vettvangi. En nauðsyn okkar er aðeins önnur hlið þessa máls. Hin hliðin er rétturinn. Hver er hinn lagalegi réttur okkar til að stækka fiskveiðilandhelgina einhliða eftir þörfum? Það er hin stóra spurning, sem samhljóða svör fást varla við, því að skoðanir þjóða eru skiptar um það, hverjar skorður alþjóðalög setja einstökum ríkjum í þessu efni. Auk þess koma hér til landhelgissamningarnir við Breta og Þjóðverja frá 1961, sem fela í sér sérstakar og óvenjulegar kvaðir. Landhelgismálið er ekki aðeins innanríkismál, heldur öðrum þræði utanríkismál. Þess vegna er okkur vandi á höndum, og þess vegna er landhelgismálið enginn leikur við að fást, heldur erfitt mál og vandasamt. Af því höfum við reynsluna. Á því þarf vissulega að halda með djörfung og festu, en líka hæfilegri gætni.

Vegna þess hversu landhelgismálið er vandasamt og vegna væntanlegrar utanaðkomandi andstöðu er mikil nauðsyn, að um aðgerðir í málinu sé sem mest samstaða. Að baki aðgerðum þarf helzt að standa einhuga þjóð. Á það hefur Framsfl. jafnan lagt ríka áherzlu. Þess vegna voru það rétt vinnubrögð, er sett var á stofn samstarfsnefnd stjórnmálaflokkanna til þess að kanna, hvort samstaða gæti ekki náðst þeirra í milli um markmið og leiðir í landhelgismálinu. Því miður hefur ekki tekizt að ná samkomulagi allra flokka um málið. Stjórnarflokkarnir voru ekki á þessu stigi reiðubúnir til ákveðinna og afgerandi ákvarðana. Þeir vildu skjóta slíkum ákvörðunum á frest, svo sem framlögð þáltill. þeirra ber vitni um. Samt er það síður en svo að mínum dómi, að starf landhelgisnefndarinnar hafi orðið árangurslaust. Það hefur stuðlað að og leitt í ljós, að allir

flokkar virðast sammála um viss grundvallaratriði varðandi landhelgismálið, svo sem t. d. að næsti áfangi, hvenær sem að honum kemur, miðist við það, að fiskveiðilandhelgin verði a. m. k. 50 sjómílur, eða sem sagt, taki til fiskimiða landgrunnsins, að sett skuli sérstök mengunarlögsaga og allir þingflokkar skuli hafðir með í ráðum, þegar fjallað er um þetta mál. Mér finnst ástæða til að undirstrika þetta, því að þrátt fyrir allan ágreining mega þau atriði ekki gleymast, sem allir virðast þó sammála um, og ég held, að í raun og veru séum við allir Íslendingar sammála um markmið í landhelgismálinu, þó að skoðanir séu skiptar um leiðir og hraða í aðgerðum. En það er einkum tvennt, sem ber á milli stjórnarandstöðuflokkanna og stjórnarflokkanna í þessu máli. Við viljum tafarlausar aðgerðir og að ný fiskveiðimörk taki gildi eigi síðar en 1. sept. næsta ár. Stjórnarflokkarnir vilja enn láta sitja við fallegar yfirlýsingar, en fresta öllum endanlegum aðgerðum og ekki binda sig til eins eða neins á þessu stigi. Við viljum segja upp landhelgissamningunum við Breta og Þjóðverja, af því að við teljum kvaðir þeirra óeðlilegar og til þess fallnar að torvelda nauðsynlegar aðgerðir í landhelgismálinu. Stjórnarsinnar vilja halda dauðahaldi í bindingarákvæði þessara samninga og þá líklega annaðhvort af því að þeir telja þá óuppsegjanlega eða bindingarákvæði þeirra séu ekki varhugaverð. Þegar þrautreynt var í landhelgisnefndinni, að full samstaða gat ekki á þessu stigi náðst um aðgerðir, hlaut málið að koma til kasta Alþ. Hafa nú eins og kunnugt er verið lagðar tvær till. fyrir Alþ. um málið, önnur frá stjórnarandstöðunni, hin frá ríkisstj.

Það er að mínum dómi mikilvægt, að samstaða skuli hafa náðst um þetta mál á milli stjórnarandstöðuflokkanna. Það sýnir vilja manna til samstarfs um þetta mál, hvað sem ágreiningi um önnur mál líður. Till. stjórnarandstöðuflokkanna hefur verið birt, og ég tel því ekki ástæðu til að lesa hana hér. Kjarni hennar er sá, að nú þegar skuli hafizt handa um stækkun fiskveiðilandhelginnar, þannig að hún taki til fiskimiða landgrunnsins og verði 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið, og komi sú stækkun til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. næsta ár. Það skref, sem hér er lagt til, að stigið sé, er í fullu samræmi við fyrri yfirlýsingar og aðgerðir Íslendinga og eðlilegt framhald þeirra. Lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sem sett voru árið 1948, eru byggð á þeirri forsendu, að landgrunnið tilheyri íslenzku yfirráðasvæði. Og árið 1969 voru á grundvelli alþjóðasamþykktar sett lög um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir hafsbotninum á landgrunninu umhverfis Ísland. Og það er auðvitað eðlilegt og rökrétt, að rétturinn til hafsbotnsins og auðæfa sjávarins yfir honum fylgist að. Önnur niðurstaða er í raun og veru andstæð heilbrigðri skynsemi. Samt er það staðreynd, að í dag skortir mikið á, að þessi skilningur eigi nægu fylgi að fagna. Margar þjóðir, þ. á m. stórþjóðir, eru honum andvígar. En ég trúi ekki öðru en honum vaxi fylgi. Enn fremur má nefna yfirlýsingar íslenzkra stjórnarvalda, Alþ. og ríkisstj., bæði frá 1959 og 1961 um rétt til landgrunnsins og öflun viðurkenningar annarra þjóða á þeim rétti. Sama sjónarmið kom fram í orðsendingu ríkisstj. til þjóðréttarnefndarinnar árið 1952. Hér er því í rauninni aðeins um að ræða framkvæmd margyfirlýstrar stefnu íslenzkra stjórnarvalda. Væntanlega vill enginn halda því fram, að framangreindar yfirlýsingar hafi verið markleysa.

Það er réttur hvers ríkis að ákveða sjálft landhelgi sína að því leyti, sem þjóðarétturinn setur þeim ákvörðunarrétti ekki skorður. En þjóðarétturinn er að þessu leyti til ákaflega ófullkominn, og þess vegna deila ríkin um það, hvað þjóðarétturinn leyfi í þessu efni. Og þar eru það oft hagsmunirnir, sem mestu ráða um afstöðuna, og rétturinn er skoðaður frá því sjónarhorni. En það er held ég staðreynd, hvort sem mönnum líkar hún betur eða verr, að það eru ekki til neinar viðurkenndar þjóðréttarreglur um víðáttu landhelgi. Ríkin ákveða landhelgi sína með svo mismunandi móti og hafa jafnan gert, að það er útilokað að halda því fram, að um það hafi myndazt nokkur þjóðréttarvenja. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, bæði af hálfu gamla Þjóðabandalagsins og Sameinuðu þjóðanna, hefur ekki tekizt að fá gerða neina alþjóðasamþykkt eða samning um víðáttu landhelgi. Ráðstefnurnar 1930, 1958 og 1960 hafa allar að því leyti til orðið árangurslausar. Hér er eigi heldur við að styðjast nein fordæmi frá alþjóðadómstóli. Skoðanir þjóðréttarfræðinga á því, hver vera ætti víðátta landhelgi, hafa verið mjög breytilegar frá einum tíma til annars. Ég held þó, að fullyrða megi, að skoðanir þeirra hafi yfirleitt færzt í þá átt að viðurkenna rýmri landhelgi en áður. Í framkvæmd hefur réttarþróunin gengið í sömu átt. Árið 1952 heyrði það til undantekninga, að gert væri ráð fyrir stærri landhelgi en 4 sjómílum. Sex árum síðar var hægt að færa út í 12 sjómílur, m. a. vegna þess álits, sem þá var komið frá þjóðréttarnefndinni. Síðan hafa mörg ríki fært landhelgi sína út, og yfir 20 ríki hafa ákveðið stærri landhelgi en 12 sjómílur, sum jafnvel allt upp í 200 sjómílur. Þessi réttarþróun byggist vitaskuld á þörfum þjóðanna vegna breyttra aðstæðna af völdum nýrrar tækni, stækkandi skipa og aukinnar sóknar. Sjálfsagt hafa komið fram mótmæli gegn 200 sjómílna landhelgi. En mér er ekki kunnugt, að gripið hafi verið til neinna verulegra gagnaðgerða gegn þeim ríkjum, sem lengst hafa gengið í landhelgisútfærslu.

Þegar litið er til réttarframkvæmdarinnar og þess, hve efni þjóðaréttarins er hér óljóst, get ég ekki séð, að hægt sé að halda því fram með rökum, að þjóðréttarreglur séu því til fyrirstöðu, að Íslendingar færi fiskveiðilandhelgi sína út í 50 sjómílur. Það er því að mínum dómi fráleitt að telja slíka útfærslu brot á alþjóðalögum. En sérstaka áherzlu vil ég leggja á það, að vegna sérstöðu sinnar og lífshagsmuna hljóta Íslendingar í þessu efni að eiga þann rétt, sem þjóðir geta mestan átt. Það er kjarni málsins. Það er sterkasta röksemd okkar fyrir útfærslu. Þau rök hljóta að hafa áhrif á almenningsálitið í heiminum, og fram hjá því geta alþjóðastofnanir ekki heldur gengið.

En þó að mér finnist rök þessi góð og gild, þýðir ekki að neita því, að uppi eru önnur sjónarmið og aðrar skoðanir og þá ekki hvað sízt á meðal gamalla forréttindaþjóða. Það þarf því enginn að ætla, að umsvifalaust verði fallizt á málsástæður okkar, og það er meira en vafasamt, að alþjóðadómstóllinn í Haag mundi fallast á þau sjónarmið, sem ég hef sett hér fram. Við skulum þess vegna alveg reikna með því, að það geti reynzt þungur róður að settu marki. Því meiri þörf er á því, að þjóðin standi einhuga að ákvörðun um 50 sjómílna

landhelgi, en það er að þessu sinni hæfilegt skref að mínum dómi.

Í tillögu okkar stjórnarandstæðinga er gert ráð fyrir því, að stækkun fiskveiðilandhelginnar komi til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972. Með því er tryggt, að hún komi til framkvæmda, áður en fyrirhuguð ráðstefna um réttarreglur á hafinu kemur saman, en henni er m. a. ætlað að fjalla um víðáttu landhelgi. Við teljum óvarlegt að fresta ákvörðun fram yfir þessa ráðstefnu. Á þessu stigi verður auðvitað ekkert fullyrt um það, hverjar niðurstöður verða á þeirri hafréttarráðstefnu. Auðvitað vonum við, að þær verði hagstæðar okkar sjónarmiðum og að viðurkennd verði heimild ríkja til að ákveða sem víðtækasta landhelgi. Að þeirri þróun þjóðaréttar ber okkur að stuðla á allan hátt, bæði með eigin aðgerðum fyrir ráðstefnuna og með samstarfi við þær þjóðir, sem berjast fyrir sem stærstri fiskveiðilandhelgi, svo sem lagt er til í till. okkar, og við framsóknarmenn höfum reyndar áður gert till. um. En málstað þeirra þjóða styðjum við einmitt bezt með því að sýna samstarfsvilja okkar í verki og stækka fiskveiðilögsöguna fyrir ráðstefnuna. Því fleiri ríki, sem hafa ákveðið stærri landhelgi en 12 mílur, áður en ráðstefnan hefst, því minni líkur eru til þess, að 12 sjómílna reglan verði staðfest á ráðstefnunni sem alþjóðalög. En við vitum, að það er einmitt yfirlýst markmið voldugustu stórþjóðanna. Áhrif þeirra geta orðið nokkuð mikil á ráðstefnunni. Þess vegna megum við ekki loka augunum fyrir þeim möguleika, að svo kunni að fara, að 12 sjómílna reglan hljóti þar staðfestingu, en í því falli gæti það haft sína þýðingu að hafa þegar fært út fiskveiðimörkin, því að e. t. v. yrði tekið tillit til þess og rýmri landhelgi, sem komin væri til framkvæmda, látin haldast. Hitt er einnig hugsanlegt, að ráðstefnan ráði ekki við hin viðamiklu verkefni sín, henni verði að einhverju leyti frestað eða ný ráðstefna kvödd saman síðar. Biðin gæti því orðið nokkuð löng, og svo getur ráðstefnan orðið árangurslaus, eins og hinar fyrri.

Af ástæðum þeim, sem hér hafa verið greindar, teljum við sjónarmið ríkisstj. að því er þetta varðar óráðleg og algjörlega óviðunandi, en í till. hennar er endanlegum ákvörðunum og framkvæmdum öllum slegið á frest um óákveðinn tíma eða a. m. k. fram yfir fyrirhugaða ráðstefnu. Vitaskuld segir það alls ekkert um endanlegar ákvarðanir um gildistöku fiskveiðimarka, þó að semja eigi frv. um landhelgi og leggja það fyrir næsta Alþ. Það gæti bara reynzt snuð. Í till. ríkisstj. eru sem sagt allar dyr látnar standa opnar.

Ég vek athygli á því, að með tímasetningunni 1. sept. 1972 á að fást nægilegt svigrúm til nauðsynlegs undirbúnings. Hér er því ekki verið að hrasa að neinu fyrirhyggjulaust. En að réttu lagi ættu auðvitað margar undirbúningsaðgerðir þegar að hafa verið gerðar. Að því hefði stjórnin átt að vinna. Auðvitað er ég ekki með þessu að segja, að endilega þurfi að bíða til 1. sept. 1972, því fer fjarri. Ef við erum tilbúnir fyrr og erum lausir undan landhelgissamningunum við Breta og Þjóðverja, þá er ekki eftir neinu að bíða. Hér er aðeins um lokamark að ræða.

Við teljum, að eðlilegur undanfari útfærslunnar sé sá, að Ísland segi upp landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja. Því er í till. okkar lagt til, að þeim samningum sé sagt upp. Samningar þeir hafa með réttu verið kallaðir nauðungarsamningar. Samt sem áður voru þeir gerðir af réttum stjórnarvöldum og á löglegan hátt. Þeir verða því ekki virtir að vettugi, enda hlýtur það að vera eitt fyrsta boðorð Íslendinga að standa við allar skuldbindingar gagnvart öðrum þjóðum. En í samningum þessum skuldbinda Íslendingar sig til að tilkynna samningsaðilum um fyrirhugaða landhelgisútfærslu með sex mánaða fyrirvara, áður en kemur til framkvæmda, og að hlíta úrskurði alþjóðadómstólsins um lögmæti slíkrar útfærslu, ef um hana kemur til ágreinings og annar hvor samningsaðili ber málið undir dóminn. Þessi ákvæði eru bæði óviðeigandi og óvenjuleg. Það er óviðeigandi að játast undir slíka tilkynningarskyldu og getur opnað leið fyrir einhvers konar samningaumleitunum og óeðlilegum utanaðkomandi þrýstingi. Það er óeðlilegt að binda sig þannig fyrir fram gagnvart einstöku ríki og áður en nokkuð er vitað, hvernig ágreiningurinn er vaxinn, til að hlíta úrskurði alþjóðadómstóls. Það er hætt við, að slíkt ákvæði verki sem hemill á aðgerðir íslenzkra stjórnarvalda í landhelgismálum, og í mínum huga er enginn efi á því, að það er brezki samningurinn, sem nú heldur aftur af ríkisstj. í málinu. Þess vegna er skynsamlegast að segja þessum samningum upp og losa sig þannig undan bindingarákvæðum þeirra.

Nú er það að vísu svo, að í þessum samningum eru engin uppsagnarákvæði. Samt verður því naumast haldið fram, að þeir eigi að gilda um alla eilífð. Ég held, að slíkum samningum verði a. m. k. sagt upp með hæfilegum fyrirvara vegna brostinna forsendna, enda þótt engin bein uppsagnarákvæði séu í þeim. Ég hygg einmitt, að fyrir því sé gert ráð í samþykkt um milliríkjasamninga, sem þjóðréttarnefndin samdi uppkast að á sínum tíma. En við viljum einmitt byggja uppsögnina á lífshagsmunum þjóðarinnar og breyttum aðstæðum frá því að samningarnir voru gerðir, þ. e. á brostnum forsendum. Vel má vera, að þennan skilning megi eitthvað hártoga og um hann verði deilt, en ég held, að önnur niðurstaða sé andstæð heilbrigðri skynsemi. Við viljum sem sagt byrja á því að segja þessum samningum upp með hæfilegum fyrirvara. Er sjálfsagt að leita ráða hinna fróðustu manna um það, hvað sé hæfilegur fyrirvari. Auðvitað er rétt að byrja á því að ræða við þessar þjóðir, og má vel vera, að þær vildu þá fallast á að leysa okkur undan þessum kvöðum, og þyrfti þá ekki til neinnar uppsagnar að koma. Að gefnu tilefni vil ég taka það sérstaklega fram og leggja á það áherzlu, að mér hefur vitaskuld aldrei til hugar komið, að Íslendingar gætu látið svo sem þessir samningar væru ekki til. Stjórnarflokkarnir vilja ekki segja þessum samningum upp. Að sjálfsögðu má færa fiskveiðimörkin út, þrátt fyrir samningana, m. a. 50 sjómílur út frá grunnlínum. Við því er ekkert bann í samningunum. En stjórnarsinnar hljóta þá að gera ráð fyrir því að eiga það undir úrskurði alþjóðadómstólsins, hvort sú útfærsla sé lögleg eða ekki. Ég persónulega tel málstað Íslands svo góðan, að ég vil gjarnan trúa því, að niðurstaða dómsins yrði Íslandi hagstæð. Enda getur enginn fullyrt um niðurstöður fyrir fram, þegar við engar skýrar réttarheimildir er að styðjast. En hitt veit ég, að færustu þjóðréttarfræðingar eru þeirrar skoðunar, að dómstóllinn mundi ekki, eins og sakir standa og hann er skipaður í dag, fallast á að viðurkenna 50 sjómílna

fiskveiðilandhelgi. Ég tel fráleitt að virða álit slíkra manna að vettugi. Ég held því, að menn verði að horfast í augu við það, hvort sem þeim þykir það ljúft eða leitt, að því fylgir mikil áhætta, eins og málin standa í dag, að leggja spurningu um lögmæti 50 sjómílna landhelgisútfærslu undir úrskurð alþjóðadómstólsins. Auðvitað eiga dómendur alþjóðadómstólsins að vera óháðir og eru það sjálfsagt, en óhjákvæmilega eru þeir háðir kenningum, sem þeir hafa lært í heimalandi sínu og litaðar eru af þeim viðhorfum, sem þeir hafa alizt upp við.

En landhelgismálið er ekki bara lagaspurning. Það er pólitískt mál. Voldugustu stórþjóðir eru andsnúnar okkar sjónarmiðum, og þegar þannig stendur á, verður valdið stundum réttinum yfirsterkara.

Í till. okkar er lagt til, að mengunarlögsaga sé ákveðin 100 sjómílur og sú ákvörðun þegar í stað tilkynnt öðrum ríkjum. Þarf naumast að fjölyrða um nauðsyn þess eins og á stendur.

Eins og áður er sagt, er þáltill. ríkisstj. fyrst og fremst um samningu frv. um réttindi yfir landgrunninu og hagnýtingu auðæfa þess. Þar eru nefnd ýmis atriði, sem frv. á að fela í sér eða taka afstöðu til. Það er furðulegt tómlæti af stjórnarflokkunum að hafa ekki þegar gert upp hug sinn í þeim efnum. Frv. á að leggja fyrir næsta Alþ., en lengra ná fyrirætlanir stjórnarflokkanna ekki. Ekki orð um það, að frv. skuli afgreitt á næsta þingi, því síður vikið að gildistöku slíkra laga og ekkert um það sagt, hvorki í till. sjálfri né í grg., hvenær hugsanlegt sé, að stækkun landhelginnar komi til framkvæmda. Í till. eru því allir endar lausir, að því er landhelgina varðar. Það er sagt, að ráðrúm þurfi til að kynna sjónarmið Íslendinga og afla viðurkenningar annarra þjóða á þeim. Það hefur stjórnin átt að gera á undanförnum áratug. Það segist hún einnig hafa verið að gera, a. m. k. í kyrrþey, og sannleikurinn er auðvitað sá, að íslenzkir embættismenn og fulltrúar Íslands erlendis hafa verið að vinna að þessu. Það virðist því ekki þörf á neinu frekara ráðrúmi en gert er ráð fyrir í till. okkar.

Að því leyti, sem í till. stjórnarinnar er vikið að friðunaraðgerðum, þá er rétt að taka það fram, að um það efni er enginn ágreiningur, að þörf sé friðunaraðgerða utan núgildandi fiskveiðimarka, en rétti strandríkis til friðunaraðgerða á einhliða grundvelli utan landhelgi eru þröngar skorður settar. Það er hætt við, að þær mæti ekki síður mótspyrnu en stækkun fiskveiðilögsögunnar. Vegna þess, hve tillaga ríkisstj. er óákveðin og afslepp, er rétt að beina nokkrum spurningum til talsmanna hennar. Þjóðin á rétt á að fá við þeim skýr svör.

1. Telur ríkisstj., að stækkun landhelgi eigi að bíða fram yfir hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna?

2. Telur stjórnin, að landhelgissamningarnir við Breta og Vestur-Þjóðverja séu óuppsegjanlegir?

3. Telur stjórnin ráðlegt að eiga það undir úrskurði Haag-dómstólsins, hvort fiskimið landgrunnsins tilheyri Íslendingum einum?

Í niðurlagi þeirrar grg., sem fylgir till. okkar stjórnarandstæðinga, segir svo: „Það er efalaust, að landhelgismálið er eitt allra stærsta mál þjóðarinnar. Því er mikilvægt, að um það mál geti ríkt sem mest þjóðareining. Af þeim ástæðum hafa stjórnarandstöðuflokkarnir frestað því mánuðum saman að leggja tillögur sínar fyrir Alþ., en fulltrúar þeirra í landhelgisnefndinni unnið að því að ná samkomulagi allra flokka um málið. Því miður hefur slík samstaða ekki náðst. Það er von og trú þeirra flokka, sem að þessari till. standa, að hún marki þá stefnu, sem allir flokkar eigi eftir að sameinast um, þótt það hafi ekki tekizt að sinni."

Með þessum orðum vil ég ljúka máli mínu hér í kvöld, en bæti því við, að það er á valdi þjóðarinnar, á valdi kjósenda að koma því til leiðar. — Góða nótt.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í ágúst 1970 samþykktu 20 Suður-Ameríkuríki svo nefnda Lima-yfirlýsingu um réttindi strandríkja til auðæfa hafsins. Í stuttu máli eru meginatriði yfirlýsingarinnar þessi: Það eru landfræðileg, efnahagsleg og félagsleg tengsl á milli sjávar, lands og fólksins, sem byggir strandríki, sem veita íbúum strandríkis skilgetin forréttindi til þess að hagnýta sér náttúruauðæfi hafsvæðisins, bæði sjávar og landgrunns. Réttur strandríkis er því ótvíræður til þess að ákveða landhelgi sína innan skynsamlegra marka með hliðsjón af landfræðilegum og félags- og efnahagslegum aðstæðum og þörfum íbúanna. Eins og fram kom hjá hæstv. utanrrh. áðan, tóku Íslendingar ekki þátt í þessari yfirlýsingu og hafa ekki skrifað undir hana. Líklega er þó engin þjóð svo háð auðæfum hafsins sem Íslendingar. Um það bil þriðjungurinn af þjóðarframleiðslunni er fluttur úr landi, þar af eru um 80—90% fiskur og fiskafurðir. Lífskjör þjóðarinnar byggjast þannig fyrst og fremst á sjávarútvegi, og svo mun verða áfram. Þegar leitað er að nýjum atvinnugreinum, má því aldrei gleymast að styrkja þennan grundvöll. Á þá staðreynd má einnig benda, að sjávarútvegurinn hefur fleytt stjórnlausri viðreisnarskútunni yfir þá hrollvekju dýrtíðar og efnahagsóstjórnar, sem hv. þm. Sjálfstfl., prófessor Ólafur Björnsson, hefur bezt lýst.

Á áratugnum 1950—1960 var ötullega að því unnið að styrkja grundvöllinn. Hvert átakið var gert eftir annað. Grunnlínur voru lagfærðar, fært var út í 4 sjómílur og loks mörkin færð þrefalt utar í 12 sjómílur árið 1958. Við strendur landsins væri eflaust ördeyða nú, ef það skref hefði ekki verið stigið.

Á rúmum áratug viðreisnarstjórnarinnar hafa hins vegar litlar sem engar breytingar orðið. Sá áratugur hefur einkennzt af vægast sagt vafasömum yfirlýsingum ráðh. og af störfum sérfræðinga, sem eru að vísu virðingarverð, en hafa verið hindruð af stefnuleysi hæstv. ríkisstj. Einn daginn hefur virzt eiga að vinna að samkomulagi um friðun, þann næsta um skiptingu aflans við Íslandsstrendur á meðal þjóða með svo nefndu kvótakerfi og þann þriðja kórónar hæstv. utanrrh. stefnuleysið með óljósum ræðum á þingum Sameinuðu þjóðanna, sem jafnvel má skilja svo, að við Íslendingar séum reiðubúnir til þess að samþykkja 12 sjómílna fiskveiðilögsögu sem alþjóðareglu, ef við fáum sjálfir einhverja undanþágu, einhvern mola úr hendi stórveldanna, og snúa þannig baki við þeim þjóðum, sem drengilegast hafa barizt fyrir rétti strandríkis til þeirrar fiskveiðilögsögu, sem það þarfnast. Hins vegar hafa á síðustu árum orðið mjög miklar breytingar á fiskveiðum og tækni. Erlendir togarar á Íslandsmiðum eru flestir orðnir hin fullkomnustu skip, sem nota langtum stórtækari veiðitæki en áður þekktust og geta verið við veiðar í næstum því hvaða veðri sem er, og þarf ég ekki

að endurtaka það, sem áður hefur verið sagt í þessum umr. um það efni. Áhrifin hafa komið glöggt fram í afkomu fiskstofnanna. Athuganir fiskifræðinga á þorski, sem hafa verið birtar, sýna t. d., að stofninn er í stórri hættu. Því er ljóst, að gera verður róttækar ráðstafanir hið fyrsta, ef takast á að koma í veg fyrir eyðingu fiskstofna með skynsamlegri eigin veiði og friðun og von á að vera um vaxandi afla. Við skulum vona, að allir stjórnmálaflokkar séu orðnir sammála um þetta. Hins vegar eru skiptar skoðanir um leiðir, eins og fram hefur komið.

Eins og alþjóð veit, var árið 1961 gerður svo nefndur landhelgissamningur við Breta og Þjóðverja. Þessi samningur hefur verið nefndur nauðungarsamningur. Satt að segja felli ég mig ekki sem bezt við þá skýringu. Þjóðin veit, að sigur hafði unnizt í deilunni. Því getur varla verið um nauðung að ræða. Hitt þykir mér líklegra, að þarna komi fram sá undirlægjuháttur viðreisnarstjórnarinnar við erlent vald, sem síðar hefur hvað eftir annað orðið vart við. Það var harður dómur, en eflaust réttur, sem Hans G. Andersen, aðaltalsmaður ríkisstj. í landhelgismálinu, kvað upp um samninginn við Breta í ræðu á fullveldisdegi okkar Íslendinga, 1. des. s. l. Hann taldi tilgangslaust eins og er að leggja fyrir alþjóðadómstólinn í Haag nokkra útfærslu umfram 12 sjómílur. En eins og kunnugt er, er Bretum hins vegar með samningnum í sjálfsvald sett að leggja ágreining um útfærslu fyrir dómstólinn, eins og hæstv. utanrrh. staðfesti áðan, þótt þetta væri hins vegar æði óljóst í orðum hæstv. forsrh.

Það er og skoðun okkar stjórnarandstæðinga, að nauðsynlegt sé að losna undan klafa samningsins. Það á vitanlega að vera á okkar valdi hverju sinni, hvaða mál okkar er lagt fyrir dómstólinn. Því leggjum við til, að samningnum verði sagt upp án tafar. Á síðustu 10 árum hafa, eins og áður er rakið, orðið gífurlegar breytingar á veiðitækni, og fiskstofnar eru í hættu. Forsendur samningsins hafa því gerbreytzt. Það eitt ætti að vera næg forsenda fyrir uppsögn samningsins, ef hennar er þörf. Forsrh. virtist álíta, að um samningsbrot væri að ræða, ef samningnum væri sagt upp. Í samningnum er ekkert ákvæði, sem heimilar uppsögn né bannar. Þeir, sem þægastir eru við Breta, túlka það svo, að samningnum verði ekki sagt upp. Við spyrjum hins vegar, hvort nokkrum detti í hug, að ein ríkisstj. geti skuldbundið þjóð sína ævarandi. Það kemur ekki til mála. Þarna ber afar mikið á milli í till. hæstv. ríkisstj. og okkar stjórnarandstæðinga. Á uppsögn mega íhald og kratar ekki heyra minnzt.

Í öðrum lið þáltill. stjórnarandstöðunnar er skýrt tekið fram, að hefjast beri nú þegar handa um að færa út fiskveiðilögsöguna, þannig að hún verði 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið. 50 sjómílna línan er valin sem næsta skrefið, m. a. vegna þess, að hún fylgir fyrir vestan, norðan og austan land allvel 400 m dýptarlínunni, sem telja má að marki landgrunn Íslands, eins og það er eðlilegast. Hún er hins vegar langt fyrir utan þá dýptarlínu við suðurströndina og raunar nokkru víðar. Nauðsynlegt er að fylgja sem mest eðlilegum landgrunnsmörkum. Stórveldin hafa í skjóli máttar síns kastað eign sinni á landgrunn sín eins langt og þau eru nýtanleg, og það verður stöðugt lengra og lengra. Óðum vex hins vegar þeirri skoðun fiskur um hrygg, að rétturinn til auðæfa hafsins hljóti að fylgja réttinum til nýtingar hafsbotnsins. Á þetta var m. a. lögð áherzla í athyglisverðum leiðara stórblaðsins New York Times nýlega, þar sem Bandaríkjastjórn var ávítuð fyrir árásir á smáríkið Ecuador, þegar það ríki færði fyrir skömmu út í 200 sjómílur sína fiskveiðilögsögu. Blaðið taldi, að engin heilbrigð skynsemi gæti aðskilið annars vegar réttinn til auðæfa landgrunnsins og hins vegar auðæfa hafsins. Því gæti Bandaríkjastjórn kennt sjálfri sér um útfærslu fiskveiðilögsögunnar.

Í till. hæstv. ríkisstj. er hins vegar mjög óljóst til orða tekið, eins og greinilega kom fram hjá Birgi Finnssyni áðan, þegar hann las till. Þar segir, að miða skuli sem næst við 400 m jafndýptarlínu eða möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira. Þannig er raunar öll till. hæstv. ríkisstj. réttnefnd, ef eitthvað er, já, já, nei, nei, frá upphafi til enda. Óvissan á eflaust rætur sínar að rekja til þess, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. áðan, þegar hann sagði: „Við erum að hefja viðræður og kynningu á málstað okkar Íslendinga.“ Og utanrrh. staðfesti þetta hvað eftir annað í sinni ræðu, þegar hann lagðist gegn útfærslu, áður en farið væri að tala saman. Er furða, þótt þjóðin spyrji: Hvað hafa þessir menn verið að gera allt frá árinu 1959, þegar Alþ. fól ríkisstj. að vinna að framgangi þessa máls? Alvarlegast er e. t. v. það, að ekkert er um það sagt, hvenær útfærslan skuli koma til framkvæmda. Öllum má vera ljóst, að útfærsla fiskveiðilögsögunnar er þegar orðin brýn nauðsyn. Hins vegar er nokkur aðdragandi eðlilegur m. a. vegna þess, að rétt er að segja samningunum við Breta og Þjóðverja upp með nokkrum fyrirvara. Ég tek undir það, að sjálfsagt er að ræða við þessar þjóðir í því sambandi. Öllum ætti einnig að vera ljóst, að við Íslendingar verðum að hafa markað ákveðna stefnu fyrir hina mikilvægu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna vorið 1973. Loks á þjóðin kröfu á því að fá að vita, hvenær gera má ráð fyrir útfærslu, ekki sízt sjómenn okkar, sem stöðugt eiga í útistöðum við erlenda togara á sínum heimamiðum og verða fyrir gífurlegu veiðarfæratjóni af þeirra völdum. Því leggjum við stjórnarandstæðingar áherzlu á, að útfærslan komi til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972. Þetta er annar meginágreiningurinn milli hæstv. ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar.

Við leggjum til í 3. tölulið till., að ákveðin verði 100 sjómílna mengunarlandhelgi, eins og Kanadamenn hafa þegar gert. Okkur ber að gera allt, sem við megnum, til þess að koma í veg fyrir mengun hafsins. Vitanlega nær þetta þó aðeins skammt. Eiturefni berast langar leiðir með straumum. Því verðum við jafnframt að vera vakandi og ákveðnir á alþjóðavettvangi í þessu sambandi. Það er ekki nóg að treysta á það, að aðrar þjóðir spyrni við fótum, eins og t. d. frændur okkar Norðmenn gerðu, þegar fréttin barst um þá ætlun þýzku iðnfyrirtækjanna að kasta eiturefnum í hafið á milli Noregs og Íslands. Við getum þakkað öðrum, að svo varð ekki í það sinn. Um þetta er einnig allt á reiki í till. hæstv. ríkisstj.

Allir eru sammála um, að leggja beri áherzlu á þjóðareiningu í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Því er lagt til, að samstarfsnefnd þingflokkanna verði komið á fót. Það geta hins vegar ekki verið nein rök fyrir því, að halda eigi Alþ. og þjóðinni allri áfram í óvissu aðgerðarleysisins í þessu mikilvægasta máli

hennar. Þjóðin hefur þegar beðið í 12 ár eftir ákveðnum till. hæstv. ríkisstj.

Góðir hlustendur. Við útfærslu í 4 sjómílur árið 1952 og í 12 árið 1958 vorum við Íslendingar í sveit forustuþjóða í stækkun fiskveiðilögsögu. Við áunnum okkur þá það alþjóðaálit í þessum málum, sem við höfum búið að. Þessari forustu glötuðum við með samningunum við Breta árið 1961. Síðan hafa aðrar þjóðir haldið fram af dugnaði þeim málstað, sem á að vera okkar, á meðan við höfum tvístigið í kringum stórveldin. Þessari forustu verðum við að ná aftur. Það gerum við með því að segja hið bráðasta upp smánarsamningnum við Breta og marka hið fyrsta stefnu okkar með útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Ég tek undir það, sem fram hefur komið, að frá þeirri stefnu megum við ekki hvika. Þannig ber okkur að leggja lóð okkar á vogarskálina með þeim þjóðum, sem vilja virða sjálfsagðan rétt strandríkisins til auðæfa hafsins. Það verður barátta, en sjálfstæðisbarátta smáþjóðar er ævarandi, og sigur vinnst því aðeins, að með drengskap, áræði og festu sé á málum haldið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eitt mesta vandamál í nútíma lýðræðisþjóðfélagi er að tryggja heilbrigða og frjálsa skoðanamyndun. Það tekst misjafnlega, eins og allir vita. Alls konar fjölmiðlar, eins og blöð og fréttastofur, útvarp og sjónvarp og ýmsir fleiri, tilreiða fréttirnar á sinn hátt, og oft er því miður staðreyndum snúið við eða alls óskyldum aukaatriðum flækt inn í málið, þannig að hinn almenni maður áttar sig ekki á neinu eða villist gersamlega á réttu og röngu.

Þessa dagana er eitt dæmi af þessu tagi að gerast hér hjá okkur. Landhelgismálið er aftur á dagskrá. Stjórnmálaflokkarnir hafa orðið ósáttir um það, hvað gera skuli í málinu. Tvær till. um málið koma fram á Alþ., önnur frá ríkisstj., hin frá stjórnarandstöðuflokkunum. Ef allt hefði verið með felldu, hefðu blöð, útvarp og sjónvarp átt að skýra afdráttarlaust frá því, um hvað ágreiningur aðilanna snerist. En því var sannarlega ekki að heilsa. Þegar till. ríkisstj. var lögð fram, — en hún var lögð fram nokkru eftir að við í stjórnarandstöðunni höfðum lagt fram okkar till., — gerðist það, að blöð stjórnarflokkanna lýstu till. stjórnarinnar á furðulega villandi hátt. Alþýðublaðið skrifaði með stóru letri: Landhelgin miðist við 60 mílur. Morgunblaðið sagði: Landgrunnsmörkin 50 sjómílur eða meira. Og bæði sögðu blöðin, að till. ríkisstj. gengi í ýmsum greinum lengra en till. stjórnarandstöðunnar, m. a. gerði hún ráð fyrir friðun utan 12 mílna, en á friðun minntist stjórnarandstaðan ekki einu orði. Öll voru þessi skrif stjórnarblaðanna stórfurðuleg. Innan um öll stóru orðin um 60 mílna landhelgi og sérstaka friðun utan 12 mílna flutu svo setningar um, að í rauninni væri lítill sem enginn ágreiningur um málið milli stjórnmálaflokkanna. Munurinn lægi aðallega í því, að stjórnarflokkarnir væru ábyrgir, en stjórnarandstaðan óábyrg. Þannig var málflutningurinn allur gerður til að rugla fólk. Um kjarna málsins var ekki rætt. Um það, hvað ágreiningi olli milli aðila og hvað til þess leiddi, að landhelgisnefndin klofnaði og tvær till. voru fluttar, um það var forðazt að ræða.

Ágreiningurinn í landhelgisnefndinni var ofur einfaldur og skýr. Við stjórnarandstæðingar töldum óhjákvæmilegt, að nú þegar yrði ákveðin stækkun fiskveiðilandhelginnar, stærð hennar og gildistaka stækkunarinnar. Þetta gat ríkisstj. ekki fallizt á. Hún neitaði að taka ákvörðun um stækkun. Hún vildi bíða og helzt sjá, hvað gerðist á væntanlegri alþjóðaráðstefnu um hafið. Við stjórnarandstæðingar töldum, að rétt væri að lýsa því yfir, að Íslendingar teldu sig ekki bundna af samningunum við Breta og Þjóðverja frá 1961 og því skyldi þeim formlega sagt upp. Ríkisstj. var á móti slíkri yfirlýsingu og á móti því, að samningunum væri sagt upp. Um þetta var ágreiningur í landhelgisnefndinni og um þetta er ágreiningurinn á milli stjórnarflokkanna annars vegar og stjórnarandstæðinga hins vegar, sá ágreiningur, sem fram kemur við flutning tveggja till. um málið á Alþ. Í till. ríkisstj. er hvorki lagt til að stækka fiskveiðilandhelgina út í 50 mílur né út í 60 mílur. Í till. er lagt til, að kosin verði fimm manna nefnd, skipuð fulltrúum allra flokka á þingi, og henni falið að semja frv. fyrir næsta þing. Till. ríkisstj. er með öðrum orðum um það að setja landhelgismálið í eina nefndina enn. Í till. ríkisstj. segir orðrétt:

„Skal frv. lagt fyrir næsta Alþ. og m. a. fela í sér eftirfarandi atriði:

1. Skilgreiningu á landgrunni Íslands miðað við sem næst 400 m jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki."

Hér er um furðulega grautargerð að ræða, og er undravert, að ríkisstj., sem á að hafa kynnt sér undirstöðuatriði landhelgismálsins, skuli senda frá sér slíka endileysu sem þessa. Það þarf enga nefnd til að skilgreina landgrunnið við Ísland. Lög um landgrunnið hafa nýlega verið sett, eða árið 1969, og þar er landgrunnið skýrt á sama hátt og gert er í alþjóðasamþykkt um landgrunnsmál. Að tala um að skilgreina landgrunnið við 400 m dýpi, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur, er alveg út í hött. Möguleg hagnýtingarmörk ná langt út fyrir 400 m dýpi og langt út fyrir 50 mílur, svo að hér er verið að hringla með hugtök, sem viðkomendur sýnilega skilja ekkert í.

Í öðrum lið till. ríkisstj. segir, að setja skuli ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu o. s. frv. Ekki er þessi liður till. síður furðulegur en sá fyrsti. Í lögunum frá 1948 er skýrt tekið fram, að íslenzk stjórnvöld geti einhliða sett reglur um allar fiskveiðar á landgrunnshafinu við landið. Samkv. þessum lögum, sem nú eru orðin 23 ára gömul, höfum við gert allar okkar ráðstafanir til friðunar og til stækkunar á fiskveiðilandhelginni síðan lögin voru sett. Samkv. þeim voru dregnar nýjar grunnlínur fyrir Norðurlandi 1950, samkv. þeim var landhelgin færð út í 4 sjómílur og grunnlínum breytt 1952, og samkv. þeim var fiskveiðilandhelgin ákveðin 12 mílur 1958. Nú á það að verða verkefni þingflokkanefndarinnar að endursemja þessi lög og segja með nýju orðalagi, að við einir ráðum yfir fiskveiðunum á þessum stöðum.

Í till. ríkisstj. er lagt til, að Alþ. feli ríkisstj. að undirbúa nú þegar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum á svæðum utan 12 mílna markanna. Slíkur undirbúningur hefur átt sér stað í mörg ár, og till. hafa m. a. s. verið lagðar fram af Íslands hálfu um slíka friðun. Úr henni hefur hins vegar ekkert orðið, vegna þess að ekki

hefur verið viðurkennt af öðrum þjóðum, að nægilegar fiskifræðilegar rannsóknir lægju fyrir. Friðun utan 12 mílna, sem bannar jafnt okkur sjálfum sem öðrum allar veiðar á tilteknum svæðum, er alls ófullnægjandi, eins og nú er komið. Það, sem nú skiptir máli, er að taka fyrir alla veiði útlendinga á landgrunnshafinu við landið, svo að Íslendingar einir hafi rétt til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi, sem nái 50 sjómílur út frá grunnlínum umhverfis landið. Slík fiskveiðilandhelgi mundi hafa í reynd miklu meiri friðunaráhrif en friðlýsing smærri veiðisvæða utan við 12 mílur, og hún mundi jafnframt gera okkur Íslendingum fært að auka verulega hlutdeild okkar í heildaraflanum, sem veiddur er á miðunum við landið. Það er staðreynd, sem við skulum ekki gleyma, að um langan tíma hafa útlendingar veitt nær helming á móti Íslendingum af þeim fiskafla, sem veiddur hefur verið á miðunum við landið. Þessu hlutfalli þarf að breyta. Íslendingar geta auðveldlega veitt allan þann fisk, sem hér er óhætt að veiða, án þess að fiskstofnunum sé stefnt í hættu.

Ég hef nú vikið að öllum helztu efnisatriðunum í till. ríkisstj. um landhelgismálið. Eins og öllum má ljóst vera af því, sem ég hef sagt, og með því að lesa till. með opinni athygli, þá felur till. ríkisstj. ekki í sér neina ákvörðun um stækkun fiskveiðilandhelginnar, ekki neina ákvörðun um stærð hennar, hún segir ekkert til um, hvenær eigi að færa fiskveiðimörkin út. Till. fjallar um nefnd, um að semja þurfi frv., skilgreina eigi landgrunn, rannsaka skuli nýtinguna og undirbúa friðun, sem þó hefur verið í undirbúningi í mörg ár. Þvílík tillaga, drottinn minn! Öllu þessu er hrúgað saman til þess að leiða athyglina frá því, að ríkisstj. vill ekki taka neina bindandi ákvörðun í landhelgismálinu. Hún er ekki viðbúin, hún vill bíða. Hún þarf enn að ræða við útlendinga um málið, þó að hún hafi verið að ræða við þá síðastliðin 12 ár.

Allir vita, að ein meginástæðan fyrir því, að ríkisstj. vill enga ákvörðun taka í málinu, er sú, að hún telur sig bundna af samningum þeim, sem hún gerði árið 1961 við Breta og Vestur-Þjóðverja, þar sem því var lýst yfir, að ef upp risi ágreiningur um frekari stækkun fiskveiðilandhelginnar við Ísland, þá skyldi hver samningsaðili fyrir sig hafa rétt til að skjóta málinu til alþjóðadómstólsins. Ef þessir samningar verða látnir standa áfram, ef eftir þeim verður farið, verða Íslendingar eina þjóðin í heiminum, sem er bundin því að láta alþjóðadómstólinn úrskurða um stærð landhelgi sinnar.

Varðandi samningana frá 1961 er það raunverulega aðeins samningurinn við Breta, sem skiptir máli. Sá samningur var gerður undir ofbeldishótunum og við aðila, sem hér ráðskaðist með herskip í íslenzkri landhelgi og braut íslenzk lög og reglur.

Það er næstum ótrúlegt að heyra það úr munni forsrh. landsins nú, að hann skuli kenna Íslendingum um það, sem gerðist hér, þegar þorskastríðið svo nefnda stóð yfir 1958 og 1959, en forsrh. sagði hér í umr. í kvöld, að til þeirra deilna hefði verið stofnað að ófyrirsynju og af lítilli fyrirhyggju. Svona getur undirlægjuhátturinn náð langt.

Samningurinn við Breta verður að skoðast sem nauðungarsamningur og marklaust plagg. Afstaða okkar Alþb.-manna til þessa samnings er sú sama og hún var, þegar samningurinn var gerður. Við teljum, að samningurinn bindi þjóðina á engan hátt. Við teljum, að engin ríkisstj. geti samið um sjálfstæði þjóðar né um lífsafkomu hennar við erlenda ríkisstj., þannig að bindandi geti talizt.

Till. okkar stjórnarandstæðinga er jafneinföld og skýr og till. ríkisstj. er ruglingsleg og óljós. Í till. okkar er skýr ákvörðun um stækkun fiskveiðilandhelginnar í 50 mílur umhverfis landið. Þar er ákveðið, að stækkunin taki gildi ekki síðar en 1. sept. á næsta ári. Þar er ákveðið að lýsa yfir 100 mílna mengunarlögsögu, svo hægt sé að setja reglur til að koma í veg fyrir hættulega mengun sjávar, og í till. okkar er því afdráttarlaust lýst yfir, að Íslendingar telji sig ekki bundna af samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja og þeim samningum þar af leiðandi sagt upp að formi til.

Tilburðir ríkisstj. til að gera mikið úr till. sinni eru afar skoplegir, og allir takast þeir tilburðir með afbrigðum illa. Þegar Emil Jónsson utanrrh. reynir að skýra skraf sitt um 60 mílna landhelgi, segir hann í viðtali við Alþýðublaðið, orðrétt eftir honum haft í blaðinu:

„Mín hugmynd er sú," sagði Emil Jónsson, „að ef í ljós kemur, að mögulegt sé fyrir togara og önnur veiðiskip að fiska á hallanum milli 200 og 400 m jafndýpislína, þá verði landhelgin miðuð við þá fjarlægð, þar sem 400 m dýpið er lengst frá landi."

Þvílík speki! Sem sagt, ef í ljós kemur, að togarar geti fiskað á 200—400 m dýpi, þ. e. á 100—200 faðma dýpi, ef þetta skyldi nú koma í ljós, þá á að miða landhelgina við það. Hvers konar rugl er þetta eiginlega? Veit Emil Jónsson, sem þó hefur verið sjútvrh. í mörg ár, ekkert um það, hvernig veiðum íslenzkra togara er háttað né hvar þeir yfirleitt veiða? Eða getur utanrrh., sem hefur á hendi forustu í ríkisstj. í landhelgismálinu, sagt hvaða endileysu sem er, án þess að aðrir ráðh. veiti því svo mikið sem athygli?

Stækkun fiskveiðilandhelginnar er orðin aðkallandi nauðsyn. Fleiri og stærri skip sækja á miðin við landið. Fiskiskipafloti okkar stækkar, og floti útlendinganna gerir það líka. Skipin eru búin margfalt afkastameiri veiðitækjum en áður var, hættan á ofveiði fer því vaxandi. Við megum því ekki draga öllu lengur að stækka fiskveiðilögsöguna við landið. Önnur ástæða knýr einnig á. Ákveðin er alþjóðleg ráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna um hafið. Ráðgert er, að hún verði haldin árið 1973. Vitað er, að öll stórveldin, sem þar mætast, munu berjast hart fyrir því, að settar verði reglur um, að hámark landhelgi verði 12 sjómílur. Þessum stórveldum fylgja allar þjóðir Evrópu og margar þjóðir annars staðar að úr heiminum. Það er að vísu einnig vitað, að margar aðrar þjóðir munu standa gegn því, að slíkar reglur verði settar, en úrslitin eru öldungis óviss. Og breytir þar engu um, þó að utanrrh. Íslands hafi ekki gert sér grein fyrir því. Það væri hrapalleg skyssa af okkur Íslendingum að bíða fram yfir ráðstefnuna með stækkun landhelginnar. Sú bið gæti orðið til þess, að við yrðum að bíða lengi, þar til talið yrði fært að ráðast í einhliða útfærslu. En getum við þá fært fiskveiðilandhelgi okkar út í 50 mílur með einhliða yfirlýsingu? munu ýmsir spyrja. Mundu ekki Bretar beita okkur herskipavaldi nú eins og 1958 og gera okkur ókleift að verja slíka landhelgi? Því er til að

svara, að allar þjóðir, sem stækkað hafa landhelgi sína, hafa orðið að gera það með einhliða yfirlýsingu. Með einhliða yfirlýsingu, og breytir þar engu um, þó að utanrrh. Íslands kalli slíkt óafsakanlega og siðlausa ráðstöfun. Þegar við Íslendingar tókum okkur 12 mílna landhelgi 1958, urðum við að gera það með einhliða yfirlýsingu. Þá höfðu 20 þjóðir þegar tekið sér 12 mílna landhelgi. Nú hafa 22 þjóðir lýst yfir stærri landhelgi en 12 mílum, flestar 50—200 mílum. Þjóðirnar, sem nú hafa tekið sér 12 mílur, eru 84. Enginn vafi er á því, að Bretar mundu mótmæla 50 mílna fiskveiðilandhelgi okkar og e. t. v. mundu þeir reyna að láta herskip vernda togara sína við veiðar í okkar landhelgi. Mér þykir þó ótrúlegt, að þeir reyni að endurtaka hinn misheppnaða herskipaleik sinn frá 1958 og 1959. Þeir vita fullvel af fenginni reynslu, að engin tök eru á að stunda fiskveiðar með árangri undir herskipagæzlu. Við mundum því örugglega sigra að lokum í slíkum leik.

Góðir Íslendingar. Landhelgismálið er komið á dagskrá. Því verður ekki vikið til hliðar með því að setja það í nefnd eða með ruglingslegum tillöguflutningi. Stækkun fiskveiðilandhelginnar verður að fara fram. Nú duga engin undanbrögð, ekkert hik, engin hálfvelgja og engir undansláttarsamningar. Við verðum að halda fram málstað okkar af fullri djörfung og sanna öðrum þjóðum, að við erum að berjast fyrir rétti þjóðarinnar til að geta lifað í þessu landi. Við skulum ekki kvarta, þó að við tökum á okkur nokkurn vanda, því að um mikið er að tefla. Enginn vafi leikur á, að öll íslenzka þjóðin er einhuga í landhelgismálinu. Í því máli standa saman sjómenn og útvegsmenn, verkamenn og atvinnurekendur, bændur, iðnaðarmenn, skrifstofumenn, fólk úr öllum stéttum og úr öllum flokkum. Fái vilji fólksins, vilji hins almenna manns að koma fram hreinn og skýr, ótruflaður af rangsnúnum áróðri, þarf enginn að efast um niðurstöður. Nú reynir á skilning sjómanna og útvegsmanna, á dómgreind verkamanna, bænda, iðnaðarmanna og alls vinnandi fólks. Nú reynir á manndóm þjóðarinnar, sem úrslitum getur ráðið. En úrslit málsins geta oltið á þeirri forustu, sem þjóðin velur sér, og hver verður hún eftir næstu kosningar? Landhelgismálið er stærsta mál þjóðarinnar í dag, það mál verður hver einasti hugsandi Íslendingur að hafa í huga og láta ekki ímyndaðan flokkstrúnað villa sér sýn, þegar gengið verður til kosninga í sumar. — Góða nótt.

Jónas Árnason: Herra forseti, góðir áheyrendur. Hv. 5. þm. Vestf., Birgir Finnsson, fullyrti hér áðan, að með flutningi þeirrar þáltill. okkar stjórnarandstæðinga, sem hér er til umr., hefðum við gerzt sekir um að rjúfa þjóðareiningu í landhelgismálinu. Já, þeir klifa á þessu heldur betur talsmenn hæstv. ríkisstj. Hvernig hefðum við þá samkv. þessu átt að tryggja þessa þjóðareiningu? Að sjálfsögðu með því að standa með ríkisstj. að flutningi þeirrar till. hennar, sem hér er til umr. Túlkar þá þessi till. ríkisstj. vilja þjóðarinnar? Hvar er að leita svars við þeirri spurningu? Á skrifstofum stjórnarráðsins? Eða hefur kannske sjálf þjóðarsálin búið um sig í fundarherbergjum stjórnarflokkanna hér í þessu húsi, þannig að nóg sé að kveðja þar dyra til að hitta þann eina, sanna þjóðarvilja? Eða ganga kannske hæstv. ráðh. með hann upp á vasann? Ætli það. Ætli væri ekki vissara að leita víðar til að fá óyggjandi vitneskju um vilja þjóðarinnar í þessu máli? Og nú væri kannske rétt að segja svolitlar fréttir. Það eru fréttir af þjóðarviljanum, komnar vestan af Snæfellsnesi. Þar stendur nú yfir undirskriftasöfnun undir svo hljóðandi áskorun, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir kjósendur skora á Alþ. að samþykkja á því þingi, sem nú situr, stækkun fiskveiðilandhelgi Íslendinga, svo að hún verði 50 sjómílur frá grunnlínum, og komi sú stækkun til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972."

Samkv. upplýsingum, sem ég fékk í símanum í kvöld, hafa nú rúmlega 300 skrifað undir þessa áskorun í Stykkishólmi, en það eru rúmlega 60% skráðra kjósenda á staðnum. Í Grundarfirði 150 af 240 skráðum kjósendum eða rúmlega 62%. Í Ólafsvík lágu ekki fyrir nákvæmar upplýsingar, enda er undirskriftasöfnunin enn í fullum gangi á þeim stöðum, sem ég nú nefndi. Henni er hins vegar lokið á Hellissandi og í Rifi og á Gufuskálum, því byggðarlagi, sem einu nafni nefnist Neshreppur utan Ennis. Undirskriftagögnin þaðan voru lögð fram í skrifstofu Alþ. núna rétt áðan. Þar gefur að líta 199 nöfn undir þessari áskorun eða 65% þeirra, sem þarna eru skráðir á kjörskrá, en nú eru kjósendur að sjálfsögðu ekki allir heima, aldrei hægt að ná til allra í slíkri skyndisöfnun undirskrifta. Fyrir þá, sem til náðist, mun hlutfallstalan a. m. k. 75%. Þrír af hverjum fjórum hafa skrifað undir þessa áskorun, en sé Rif tekið eitt út af fyrir sig, þá er útkoman 100%. Hver einn og einasti kjósandi í Rifi hefur skrifað undir þessa áskorun. Fólkið í Rifi, þessu byggðarlagi, sem risið hefur við hina nýju höfn á tiltölulega fáum árum, á allt sitt, bókstaflega allt sitt, undir þeim verðmætum, sem úr sjónum fást. Sú staðreynd ræður að sjálfsögðu mestu um þessa einarðlegu afstöðu þess í landhelgismálinu, og dómur þess ætti því líka að verða þeim mun þyngri á metunum. En þegar minnzt er á Rif, þá hygg ég, að mörgum verði hugsað til þess atburðar árið 1467, sem fróðlegt væri kannske að hugleiða nánar í þessu sambandi, tildrög hans og afleiðingar, þess atburðar, þegar enskir ofríkismenn, landhelgisbrjótar þeirra tíma, hjuggu Björn Þorleifsson. En slíkum hugleiðingum verður sleppt að sinni. Ég hef hér 10—12 mín. til umráða. En svona var sem sé það svar, sem í kvöld barst um þjóðarviljann vestan af Snæfellsnesi.

Þó að þeir séu kannske að einhverju leyti frábrugðnir öðrum, Snæfellingar, þá er hitt alveg víst, að í landhelgismálinu eru skoðanir þeirra nákvæmlega þær sömu og annarra Íslendinga, sem kosið hafa að heyja lífsbaráttu sína við strendur þessa lands og byggja tilveru sína fyrst og fremst á sjávarafla. Allur þorri þess fólks tekur án efa undir þessa áskorun Snæfellinga, og því má líta á hana sem óyggjandi vísbendingu um það, hvaða leið var líklegust og hvaða leið er enn líklegust til að skapa þjóðareiningu í landhelgismálinu. Þetta fólk sættir sig ekki við þá afstöðu, sem fram kemur í þáltill. stjórnarflokkanna. Það biður ekki um óljósar fyrirætlanir um að gera eitthvað einhvern tíma eftir dúk og disk. Það krefst ákvarðana, það krefst aðgerða, eins og gert er ráð fyrir í till. okkar stjórnarandstæðinga, „og komi sú stækkun til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972", segir í áskorun Snæfellinga. Þjóðareining í anda þeirrar stefnu, sem stjórnarflokkarnir boða, er óhugsandi, vegna þess að hún er andstæð ekki aðeins hags-

munum þjóðarinnar, heldur einnig og ekki síður metnaði hennar. Stjórnarflokkarnir virðast raunar gera sér þetta ljóst, því að í áróðri þeirra er lögð sérstök áherzla á að reyna að slæva metnað þjóðarinnar, draga úr henni kjark, vekja hjá henni efasemdir um styrk sinn og rétt. Þar kveður raunar við sama tón og hér um árið í sambandi við útfærslu landhelginnar í 12 mílur. Þá var þjóðareining í landhelgismálinu. Þjóðareining, sem byggðist á heilbrigðum metnaði alls þorra Íslendinga, og þessi þjóðareining tryggði okkur sigur undir forustu þess manns, sem talaði hér næstur á undan mér. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. Björn Jónsson sagði. Bretar voru alveg að gefast upp á hernaðarbrölti sínu í landhelginni. Þeir fundu, að með því urðu þeir sér meir og meir til skammar í augum heimsins, höfðu einnig séð sem var, að hver og einn sá þorskur, sem þeir veiddu undir vernd voldugra herskipa, var allt of dýr þorskur. Og þær sárabætur, sá plástur, sem brezka ljónið fékk með samningnum 1961, var einkaframlag nokkurra forustumanna stjórnarflokkanna, en þjóðin sjálf átti þar enga aðild að. En allan tímann meðan stóð á undirbúningi útfærslunnar í 12 mílur og eftir að hún var komin til framkvæmda og þorskastríðið hafið, kvað við úr herbúðum stjórnarflokkanna sami söngurinn og í dag, að fara varlega, gæta þess, að við værum lítilsmegandi smáþjóð og yrðum sem slíkir að taka tillit til voldugra vinaþjóða. Einkum og sér í lagi auðvitað þeirra nágrannaþjóða okkar í Vestur-Evrópu, sem hæstv. utanrrh. nefndi hér áðan ágætar um leið og hann spáði því, að þær mundu verða bæði sárar og reiðar, ef farið yrði að till. okkar stjórnarandstæðinga í landhelgismálinu og þar með að vilja alls þorra Íslendinga. Og þessar ágætu þjóðir mætti umfram allt ekki styggja, auðheyrilega fyrst og fremst vegna þess, að þær mundu þá kannske hætta að vera svona ágætar. En mér liggur við að spyrja, hvort hæstv. utanrrh. Íslendinga hafi fengið umboð til þess að hafa í frammi hótanir við Íslendinga fyrir hönd hinna ágætu þjóða, Breta og Vestur-Þjóðverja.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að forustumönnum stjórnarflokkanna hafi ekki verið það fullljóst fyrir 12 árum og sé það ekki fullljóst í dag, að öll rök, öll íslenzk rök a. m. k., mæla skilyrðislaust með því, að við færum út landhelgina. En þeir eru bundnir á klafa þessir menn í landhelgismálinu, eins og öðrum hinum mikilvægustu málum, sem snerta samskipti okkar við aðrar þjóðir. Þetta er klafi þess ósjálfræðis, sem yfirtekur þá í hvert sinn sem íslenzkir hagsmunir rekast á hagsmuni voldugra vinaþjóða svo nefndra. Hér er raunar um að ræða flóknara mál og stærra en svo, að því verði gerð nein teljandi skil í stuttri ræðu, en svo langt getur þetta gengið, að lagt sé að Íslendingum að láta rétt sinn fyrir tilteknum þjóðum, jafnvel beygja sig fyrir ofríki þeirra, af því einfaldlega, að þær séu svo miklir og einlægir vinir þeirra. Vesaldómur heitir ekki allt í einu vesaldómur, heldur sjálfsögð kurteisi. Engin furða, þó að málflutningur, sem grundvallast á slíkum viðhorfum, fari æði oft á skakk og skjön. Hér er eitt dæmi. Í ritstjórnargrein Vísis í fyrradag, sem bar háðsyfirskriftina: Hetjur ríða húsum, stendur m. a. þetta um okkur stjórnarandstæðinga, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir hirða ekkert um þá staðreynd, að við höfum engan skipakost til að verja 50 mílna landhelgi.“

Þetta segir eitt helzta málgagn ríkisstj., þeirrar sömu ríkisstj., sem þykist þó í orði kveðnu vilja vinna að því, að landhelgin verði nú alveg á næstu árum færð út í 50 sjómílur eða jafnvel meira. Vísir lætur ósagt, hvaða skipakost hann telur okkur þurfa, til að slíkt megi takast. En á það má benda, að við útfærslu úr 12 mílum í 50 mundi landhelgin því sem næst þrefaldast að flatarmáli. Það eru fimm skip, sem hafa það hlutverk að verja núverandi landhelgi. Yrðum við þá ekki samkvæmt kenningum Vísis að þrefalda þann flota, áður en óhætt yrði að færa landhelgina út í 50 mílur? Og fyrir hverju mætti gera ráð t. d. með þeim vinnubrögðum, sem núv. ríkisstj. hefur tamið sér? Hvað mætti gera ráð fyrir, að það tæki langan tíma að tryggja okkur þessi 10 skip til viðbótar? Mundi duga minna en svo sem 2—3 ár fyrir hvert skip, og táknar þá ekki þessi kenning Vísis í raun og veru það, að ef núv. ríkisstj. fengi að ráða ferðinni, yrði ekki talið óhætt fyrir okkur að færa landhelgina út í 50 mílur fyrr en í fyrsta lagi eftir 20—30 ár?

Eitt er víst: þessi kenning Vísis, eins helzta málgagns ríkisstj. sýnir það, eins og aðrar þær kenningar, sem stjórnarsinnar hafa elt uppi í þessu máli, að ríkisstj. er harla lítil alvara með tali sínu um, að hún vilji vinna að útfærslu landhelginnar í heild. Vegna yfirvofandi kosninga veifar hún fyrirheitum framan í þjóðina, og til þess telur hún sig neydda vegna þjóðarviljans, þess þjóðarvilja, sem fram kemur í kröfu okkar stjórnarandstæðinga um tafarlausar aðgerðir. Öll þessi fyrirheit, svo fagurlega sem þau hljóma í málflutningi stjórnarsinna, eru ekki fyrirheit um neitt annað en það, að fái stjórnin haldið velli í kosningunum, mun hún svíkja þau, svíkja þau öll, ef þarf, til að þóknast voldugri vinaþjóð. Vissulega munum við þurfa að kosta meir til gæzlu landhelginnar, þegar hún verður komin út í 50 mílur. En ef þeir aðilar, sem líklegastir eru til að hóta okkur ofbeldi í þessu sambandi, gerðu alvöru úr þeim hótunum, þá mundi engu breyta, hvort heldur við gætum teflt fram 15 varðskipum eða bara fimm. Röksemdir fallbyssukjafta geta aldrei orðið okkar röksemdir í þessu máli né öðru. Enn síður geta fallbyssur orðið okkar styrkur. Í því efni er vonlaust fyrir okkur að etja kappi við andstæðinga okkar og alla þeirra stóru og miklu fallbyssukjafta. Röksemdir okkar hljótum við að byggja á þeirri óumdeilanlegu og ómótmælanlegu lífsnauðsyn, sem stækkun landhelginnar er fyrir þessa litlu þjóð. Og styrkur okkar mestur, hann verður sá að ganga fram í máli þessu af manndómi og djörfung og fullri reisn. Þannig höfum við áður sigrað, þrátt fyrir tilraunir andstæðinganna til að yfirbuga okkur með röksemdum fallbyssukjafta. Og ef slíkt ástand skapast aftur, ef svo ólíklega vill til, að andstæðingar okkar kjósa að endurtaka mistök sín frá 1958 og 1959, þá munum við einnig aftur sigra þannig. Um þetta viðhorf og aðeins þetta viðhorf getur orðið þjóðareining í landhelgismálinu. Um þetta viðhorf skal verða þjóðareining, það skulum við láta sannast, Íslendingar, í kosningunum í vor, um leið og við höfnum endanlega stefnu ríkisstj. og veitum henni verðuga ráðningu fyrir þá ósvinnu hennar að láta sér til hugar koma, að um það gæti orðið þjóðareining að leggjast á hnén í landhelgismálinu. — Þökk fyrir áheyrnina. Góða nótt.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti, góðir Íslend-

ingar. Því verður ekki á móti mælt, að lífsafkoma íslenzku þjóðarinnar hefur um aldaraðir byggzt mjög á sjávarafla, og svo mun verða um ókomin ár. Með aukinni veiðitækni, stækkun fiskiskipa og áframhaldandi iðnþróun verðum við að gæta að okkur enn betur en verið hefur, ef ekki á illa að fara og fiskstofninn við strendur landsins að skerðast. Það er því allt undir því komið, að okkur takist að friða hrygningar- og uppeldisstöðvar fisksins, að okkur takist að fyrirbyggja mengun fiskimiðanna, að okkur takist að tryggja okkur sérréttindi til hagnýtingar fiskstofnsins á landgrunninu og auðæfa hafsbotnsins, að okkur takist að haga svo málum okkar, að við komum þessari höfuðútflutningsvöru okkar á markað.

Þau grundvallaratriði, sem ég hef nú talið upp, hafa frá upphafi verið meginsjónarmið sjálfstæðismanna í baráttu þeirra fyrir auknum yfirráðum, friðun og nýtingu á hafinu í kringum Ísland. Skref fyrir skref hefur forusta sjálfstæðismanna tryggt landsmönnum þennan rétt í ríkari mæli allt frá setningu landgrunnslaganna 1948 undir forustu þeirra Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar, og ætíð þegar sjálfstæðismenn hafa farið með völd, hefur þannig verið unnið að málum, að öll þau atriði, sem ég minntist á í upphafi, hafa verið höfð að leiðarljósi.

Allt fram til 1956 var það samstarf milli lýðræðisflokkanna í þessum málum, sem þjóðarnauðsyn krafði. En við myndun vinstri stjórnarinnar var landhelgismálið falið ráðherra kommúnista, og þá var ekki að sökum að spyrja. Sjálfstæðismenn voru settir til hliðar og ekkert samráð við þá haft. Í alla staði var þannig haldið á málum, sjálfsagt samkvæmt fyrirmælum, að væri mögulegt að kljúfa Ísland frá vestrænu samstarfi, skyldi þjóðareiningu fórnað og landhelgismálið notað til þess. Ég rifja þetta hér upp til þess að vekja athygli manna á því, hvað nú er að gerast í þessu máli. Er sagan að endurtaka sig?

Eins og fram hefur komið og flestir vita, beitti dr. Bjarni Benediktsson, þáv. forsrh., sér fyrir samstarfi allra þingflokkanna í málinu á síðastliðnu vori, og hefur núv. forsrh., Jóhann Hafstein, haldið því starfi áfram og freistað þess til hins ýtrasta að ná þjóðareiningu í þessu þýðingarmesta utanríkismáli okkar Íslendinga. Það hefur nú því miður komið í ljós, að slíkt tókst ekki. Það ber vissulega að harma, en það, sem sorglegra er, er, að lýðræðisflokkur eins og Framsfl. hefur myndað samstöðu með stjórnmálaflokki, sem hefur allt aðra hagsmuni en íslenzka að leiðarljósi. Hin neikvæða stjórnarandstaða Framsóknar hér á Alþ. í hartnær 12 ár hefur oft verið óskiljanleg, en vel má vera, að einhver skýring sé til. Hitt er ljóst, að hún hefur ekki borið árangur og er ekki líkleg til að bera árangur. Hvers vegna framsóknarmenn telja sig nú eiga samstöðu með Alþb.-mönnum í landhelgismálinu, verður ekki skilið á annan veg en þann, að þeir freisti þess nú að mynda vinstri stjórn að næstu alþingiskosningum loknum, ef sá möguleiki skyldi verða fyrir hendi, og þá skal einingu lýðræðisflokkanna í landhelgismálinu fórnað fyrir það. Þannig er því komið, að þjóðareiningu í mesta lífshagsmunamáli þjóðarinnar er nú fórnað af framsóknarmönnum aðeins með stundarhagsmuni flokksins fyrir augum. Ég spyr ykkur, hlustendur góðir: Eru slíkir menn þess trausts verðir, að þjóðin feli þeim forustu sína? Ég segi nei, og ég veit, að mikill meiri hluti ykkar er mér sammála.

Stjórnarandstaðan ver samstarfið í landhelgismálinu og leggur fram till. til þál. í landhelgismálinu, sem eingöngu miðar að því að reyna að slá pólitískar keilur, og lagt er til, að haldið verði upp á afmæli þorskastríðsins 1. sept. 1972 og starfsaðferðir Lúðvíks Jósefssonar fyrrv. sjútvrh. teknar upp, en eins og frægt er orðið og komið hefur hér fram í umr., lá svo mikið á að gefa út reglugerðina 1958, að ekki mátti með nokkru móti koma fram breytingum á grunnlínupunktunum, sem þýddi stækkun á landhelginni um 5065 km², og því haldið þá fram, að slíkt fengist aldrei. Það fór hins vegar svo, að leiðrétting fékkst á grunnlínunum, þegar núv. stjórnarflokkum tókst að leysa landhelgisdeiluna 1961.

Það má ekkert huga að því, með hvaða hætti skynsamlegast skal staðið að málunum né heldur með hvaða hætti hagsmunir þjóðarinnar skuli bezt tryggðir. Aðeins skal vaðið áfram og vinnubrögðin þau sömu og kommúnistar mótuðu í vinstri stjórninni. Vinnubrögð stjórnarandstöðunnar eru því fordæmanlegri, þegar sú staðreynd liggur fyrir, að kröfur okkar til landgrunnsins eiga sér djúpar rætur í þjóðernisvitund okkar Íslendinga og þar koma engin sérsjónarmið stjórnarflokkanna til. Samfara því er vaxandi skilningur hjá vinveittum þjóðum fyrir þörf okkar á aukinni fiskveiðilandhelgi. Við skulum og minnast þess, að fyrr á öldum var landhelgi okkar miklu stærri en hún er nú, og það hefur verið og er vilji þjóðarinnar að endurheimta svo stóra landhelgi sem unnt er. Spurningin er, hvaða aðferðum skal beitt við það. Till. ríkisstj. gerir ráð fyrir, að þingnefnd skuli kosin, sem skili till. sínum til Alþ. um æskileg vinnubrögð í þessu máli. Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að þannig skuli farið að í máli þessu, að stuðzt verði við lög og rétt og við séum ávallt viðbúnir að hlíta úrskurði alþjóðadómstóls um það, hvort svo sé eða ekki. Það, sem meira er, er, að formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson prófessor, er okkur stuðningsmönnum ríkisstj. sammála í þessum málum, eins og fram hefur komið hér í kvöld, en hæstv. forsrh. og hv. þm. Birgir Finnsson lásu upp úr ræðu þessa hv. þm., er hann flutti hér á Alþ. 14. nóv. 1960, en í þeirri ræðu lagði prófessor Ólafur áherzlu á, að málin væru alltaf svo búin, að við værum viðbúnir að leggja mál okkar til úrlausnar alþjóðadómstóls. En einmitt þessi skoðun hv. þm. Ólafs Jóhannessonar var það sjónarmið, sem fram kom í samningunum við Vestur-Þjóðverja og Breta 1961, að við skyldum ávallt vera reiðubúnir til að leggja landhelgisákvarðanir okkar fyrir alþjóðadómstól, ef þess yrði óskað.

Ræða Ólafs Jóhannessonar er að vísu haldin fyrir um það bil ellefu og hálfu ári. En grunur minn er sá, að prófessor Ólafur hafi ekki skipt um skoðun. Það er hins vegar endalaus eyðimerkurganga flokks hans í neikvæðri stjórnarandstöðu, sem hefur skapað mikla ólgu í Framsfl. og leiðir af sér örvæntingarfullar tilraunir þeirra til að undirbúa nýtt vinstra samstarf um ríkisstj., sem fær prófessor Ólaf og flokk hans til þess að víkja frá þeim grundvallarreglum, sem þeir telja, að smáþjóð verði að lifa eftir. Óskynsamlegra athæfi væri ekki hægt að hugsa sér fyrir þjóð, sem býr yfir engu öðru afli en því, sem lög og réttur, hófsemi og sanngirni veitti henni.

Í umr. hér í kvöld var því haldið fram af hv. þm. Birni

Jónssyni, að í samningunum frá 1961 hafi Íslendingar afsalað sér einhliða rétti til þess að færa út landhelgina. Ég mótmæli þessu sem röngu og skora á hv. þm. eða flokksbróður hans í ræðutíma þeirra hér á eftir að lesa upp þá grein, sem þeir vitna til. Verði það ekki gert, veit þjóðin, að annaðhvort veit þm. ekki betur eða hann hefur farið vísvitandi með rangt mál.

Hv. þm. Ólafur Jóhannesson varpaði hér fram þremur spurningum í umr. í kvöld. Sú fyrsta var: Telur stjórnin, að stækkun landhelginnar eigi að bíða fram yfir hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna? Eins og fram kom í ræðu forsrh. svo og utanrrh., geta þau atvik skapazt, m. a. þau atvik, sem hv. þm. Björn Jónsson var að spá hér í kvöld, að ekki verði beðið eftir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna með útfærslu landhelginnar. En hugleiðingar Björns Jónssonar sýna okkur, hversu fráleit till. stjórnarandstæðinganna er um útfærslu landhelginnar einhvern ákveðinn dag. Þegar spurt er um, hvort stjórnin telji, að landhelgissamningurinn við Breta og Vestur-Þjóðverja sé óuppsegjanlegur, er svarið neitandi. Þriðja spurningin: Telur stjórnin ráðlegt að eiga það undir úrskurði Haag-dómstólsins, hvort fiskimið landgrunnsins tilheyri Íslendingum einum? Eins og er teljum við óráðlegt að eiga það undir Haag-dómstólnum. Eins og fram kom í ræðu forsrh., vinnur tíminn fyrir okkur og með okkur, og það er trú okkar, að við munum öðlast alþjóðaviðurkenningu á rétti okkar til fiskveiðilögsögu á landgrunninu öllu á næstu misserum. Vonast ég til, að þessi svör hafi komizt til skila.

Góðir hlustendur. Í stað till. stjórnarandstæðinga, sem stefnir að því að setja landhelgismálið öðru sinni í hnút, flytur ríkisstj. með stuðningi Sjálfstfl. og Alþfl. till. um skipan þn., sem semja skuli frv. að lögum um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar auðæfa þess, er lagt skuli fyrir næsta Alþ. Þá verður tekin ákvörðun um friðun hrygningar- og uppeldisstöðva fisksins. Þá verður tekin ákvörðun um það, með hvaða hætti við fyrirbyggjum mengun hafsins. Þá verður tekin ákvörðun um sérréttindi til hagnýtingar fiskstofnsins á landgrunninu og auðæfanna á hafsbotninum.

Þannig vilja sjálfstæðismenn vinna, og undir forustu þeirra hafa Íslendingar unnið hvern landhelgissigurinn af öðrum. Það þekkir þjóðin og gerir sér grein fyrir. Sjálfstæðismenn hafa í þessu máli sem öðrum átt forustumenn, sem fylgt hafa fast og örugglega fram þjóðarhagsmunum, og svo mun enn reynast.

Íslenzka þjóðin kveður upp sinn dóm í komandi kosningum. Þeim dómi kvíða sjálfstæðismenn ekki. — Góða nótt.

Jón Árnason: Herra forseti, góðir áheyrendur. Segja má, að íslenzka þjóðin standi nú á vegamótum í einu mesta lífshagsmunamáli sínu, landhelgismálinu. Eins og upplýst hefur verið, hafa að undanförnu staðið yfir viðræður á milli stjórnmálaflokkanna um það, á hvern hátt skyldi staðið að því að marka stefnuna og stíga næsta skrefið í útfærslu landhelginnar.

Fullyrða má, að það hafi verið von flestra landsmanna, að Íslendingar bæru gæfu til þess að standa saman sem ein heild um þetta fjöregg sitt, en notuðu það ekki til pólitísks áróðurs í kosningabaráttunni. Því miður hefur þessi von nú brostið. Stjórnarandstöðuflokkarnir gerðu ágreining innan landhelgisnefndar til þess eins að geta notað málið pólitískt og hafa nú í þeim anda borið fram sérstaka till. til þál. Nú telja þessir flokkar eðlilegt, að ný útfærsla sé tilkynnt með 18 mánaða fyrirvara, þó að þeir gagnrýndu á sínum tíma harðlega það ákvæði samkomulagsins við Breta, að þeim skyldi tilkynnt með 6 mánaða fyrirvara næsta ákvörðun Íslendinga um nýja útfærslu. Stjórnarandstaðan telur einnig, að nú beri að segja upp því ákvæði samkomulagsins, þar sem því var heitið, að Íslendingar skuli fara að alþjóðalögum. Þetta eru meginforsendurnar fyrir því, að stjórnarandstaðan rauf viðræðurnar og bar fram sína till. til þál. um landhelgismálið.

Í till. ríkisstj. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið er kveðið á um, að Alþ. kjósi nú fimm manna nefnd, einn frá hverjum þingflokki, og skal sú nefnd semja nýtt frv. til laga um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar á auðæfum þess. Þetta frv. skal lagt fyrir næsta Alþ., sem væntanlega kemur saman á komanda hausti. Í þáltill. er síðan tilgreint nánar, hvaða atriði skuli felast í frv. Þar er t. d. gert ráð fyrir, að útfærsla landhelginnar skuli byggð á 400 m jafndýpislínu, en Alþ. getur leyft, að útfærslan geti orðið a. m. k. allt að 60—70 mílur, en ekki 50 mílur eins og till. stjórnarandstæðinga felur í sér. Þessi mikli munur getur átt sér stað sérstaklega hér út af Vesturlandi. Þessi munur einn getur haft verulega þýðingu fyrir fiskveiði Íslendinga, því að með aukinni tækni og stækkun fiskiskipanna getur hagnýting fiskimiðanna náð á enn meira dýpi en áður hefur átt sér stað. Þá skal þetta frv. fela í sér ákvæði um ráðstafanir, sem séu nægilega víðtækar til þess að tryggja eftirlit af Íslands hálfu og varnir fyrir hvers konar mengun eða áhrifum frá skaðlegum efnum í hafinu umhverfis landið.

Öllum er ljós hættan, sem stafar af því, ef þess er ekki gætt í tíma að forða frá þeirri hættu, sem af því getur leitt, að skaðlegum efnum sé fleygt í hafið. Getur svo farið fyrr en varir, að af hljótist það tjón, sem seint verður bætt. Um það verður ekki deilt, að hér verður að setja einhver mörk. Hvort það eiga að vera 100 sjómílur, eins og lagt er til í till. stjórnarandstæðinga, eða eitthvað annað, hygg ég, að sé erfitt að fullyrða um í dag. Hafstraumar eru ekki lengi að berast 100 mílur, en það eitt er víst og allir ættu að vera sammála um, að hér er um mikið alvörumál að ræða og því höfuðnauðsyn, að allar þjóðir heims taki höndum saman um raunhæfar aðgerðir, sem að gagni mega koma.

Í till. ríkisstj. vil ég vekja sérstaka athygli á því atriði, sem veit að friðunarráðstöfunum utan 12 mílna markanna, þó að hv. þm. Lúðvík Jósefsson vildi lítið gera úr því efni till. í ræðu sinni hér áðan. En þar segir, að Alþ. feli ríkisstj. að undirbúa nú þegar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunninu utan 12 mílna markanna, þar sem viðurkennt sé, að um uppeldisstöðvar ungfisks sé að ræða. Ég tel, að hér sé um mjög mikilsvert atriði að ræða, sem eigi tvímælalaust að koma til framkvæmda þegar á komanda sumri.

Fiskifræðingum og sjómönnum er löngu kunnugt um hafsvæði fyrir Norðausturlandi, sem eru miklar uppeldisstöðvar fyrir ungfisk á vissu aldursskeiði. Á þessu veiðisvæði hefur um langt árabil átt sér stað gegndarlaus rányrkja og verið ausið upp ókynþroska fiski. Slíka rányrkju ber að stöðva og það tafarlaust. Það er einnig rétt, að Íslendingar veki athygli á því, hvaða

ráðstafanir þeir sjálfir hafa gert innan fiskveiðilandhelginnar til þess að forða síldarstofninum við Suðvesturland frá algerri eyðingu. Takmörkun á veiðimagni og friðun á hrygningartímum er vissulega spor í rétta átt, en það er þó ekki nóg að banna síldveiði í Faxaflóa um hrygningartímann, ef fiskibátum með veiðarfæri svo sem botnvörpu líðst á sama tíma að toga yfir klakstöðvarnar með þeim afleiðingum, að hrognaklasinn kremst í sundur.

Stækkun fiskveiðilandhelginnar hér við land hefur um langt árabil verið eitt af heitustu baráttumálum íslenzku þjóðarinnar. Með hverjum áfanga, sem náðst hefur, hafa vonir um betri lífsafkomu glæðzt, og öll þjóðin fagnað því innilega. Óhætt er að fullyrða, að öll íslenzka þjóðin fylgist af miklum áhuga og með athygli með afgreiðslu Alþ. á þessu mikla lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Á stjórnarfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var í dag, var samþykkt ályktun um landhelgismálið. Segist stjórn LÍÚ fagna þeim áhuga, sem fram hefur komið hjá þjóðinni um útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Jafnframt harmar hún, að ekki hefur tekizt samstaða á Alþ. um væntanlegar aðgerðir í málinu, þótt fyrir liggi, að allir aðilar virðist keppa að álíka markmiði. Stjórn LÍÚ telur, að leita eigi eftir samkomulagi við aðrar þjóðir um útfærslu fiskveiðilögsögunnar og bíða beri með einhliða aðgerðir, þar til séð verður, hvort samkomulag tekst eða ekki á fyrirhugaðri hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um, hver réttur þjóða skuli vera til víðáttu fiskveiðilögsögu. Þegar að útfærslu fiskveiðilögsögunnar kemur, má hún ekki ná skemmra að áliti stjórnar LÍÚ en að 400 m dýptarlínu, sem mun í framkvæmd leiða til a. m. k. 60—70 mílna fiskveiðilögsögu við Vesturland og um 50 mílna annars staðar við landið. Jafnframt hvetur stjórn LÍÚ til þess, að svo fljótt sem hægt er verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til verndar ungfiski fyrir öllum veiðum á landgrunnssvæðinu, þar sem viðurkennt er, að helztu uppeldisstöðvar ungfisks séu. Ályktun þessi var samþykkt á almennum stjórnarfundi LÍÚ, þar sem mættir voru bæði aðalmenn og varamenn í stjórninni. Hún var samþykkt með 15 atkv. gegn einu. Ályktun þessi er skýr, og hún talar sínu máli til Alþ. Í stjórn LÍÚ eiga sæti fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkum, alls staðar að af landinu, og á fundinum í dag voru fulltrúar frá Austfjörðum, af Norðurlandi, frá Vestfjörðum, af Vesturlandi og af Suðurlandi. Þeir blanda ekki stjórnmálum inn í þetta lífshagsmunamál sitt og allrar þjóðarinnar, en taka afstöðu til málsins með ábyrgðartilfinningu fyrir því, hvað þjóðinni sé fyrir beztu.

Segja má, að það sé ótrúlega skammt til baka til þess tíma, að fyrst fór að rofa til í landhelgismálum Íslendinga. Allt til ársins 1952 máttum við búa við landhelgi, sem aðeins náði 3 sjómílur frá landsteinunum, en þá fengust verulegar úrbætur, er landhelgin var færð út í 4 sjómílur frá yztu annesjum, þannig að innan landhelginnar voru allir flóar og firðir kringum allt landið. Með 12 mílna útfærslunni 1958 er svo stærsta skrefið stigið. Þá stækkaði landhelgin frá því að hafa verið 24 530 km² með þriggja mílna landhelginni í 69 809 km².

Á meðan samningarnir við Breta stóðu enn yfir á árinu 1960, skeði það, að allir þm. Framsfl. og Alþb. í Ed. Alþ. báru fram frv. til laga um að lögfesta þau grunnlínumörk öll, sem ákveðin höfðu verið með reglugerðinni frá 1958. Þessi ákvörðun stjórnarandstöðunnar, eins og á stóð, var af ýmsum talin mjög hæpin og gat raunverulega spillt fyrir því, að unnt væri að ná samkomulagi um hagstæðari grunnlínumörk en í þeirri reglugerð voru, en að því var þá unnið. Sem betur fór náði þetta frv. ekki að skaða málið, og ný grunnlínumörk, sem fólu í sér stækkun landhelginnar um 5065 km² til viðbótar, komu til framkvæmda skv. þál. ríkisstj. um lausn fiskveiðideilunnar við Breta, sem samþykkt var á Alþ. þann 9. marz 1961. Þannig hafði á þessu tímabili eða frá útfærslunni, sem átti sér stað 1952, eða á tæpum 10 árum, tekizt að þrefalda íslenzka fiskveiðilögsögu.

Eins og fram kemur í grg. með till. stjórnarflokkanna um landhelgismálið, hefur það verið sameiginlegt álit allra þeirra flokka, sem fulltrúa áttu í landhelgisnefnd, að kominn væri tími til þess að marka nýjar aðgerðir í landhelgismálinu. Til undirbúnings þeim aðgerðum var að frumkvæði ríkisstj. mynduð landhelgisnefnd. Í lengstu lög vildu menn treysta því, að þetta lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar yrði ekki haft að pólitísku bitbeini í kosningabaráttunni, heldur stæði þjóðin öll og einhuga saman um þær ráðstafanir, sem gerðar yrðu. Þetta fór því miður á annan veg. Af hálfu þriflokkanna var ákveðið, að málið skyldi notað í pólitískum kosningaáróðri og ekki horft í afleiðingarnar.

Þróun landhelgismála hjá öðrum strandríkjum virðist í flestum tilfellum stefna í þá átt, að tíminn sé að vinna með okkur. Megi íslenzka þjóðin hafa sem mesta sæmd og árangur, þegar til þess kemur, að ákvörðun verður tekin um næsta áfanga í útfærslu íslenzkrar fiskveiðilögsögu. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Líklegast á engin þjóð veraldar orð á sinni tungu, sem nákvæmlega feli í sér það sama og okkar íslenzka orð landhelgi. Þetta orð býr yfir einhverju, sem er stærra og meira í ætt við háleitt markmið en hliðstæð orð á öðrum tungum. Og í kvöld erum við að ræða og því miður að deila um landhelgi Íslands. Við þm. Samtaka frjálslyndra og vinstri manna höfðum fullan hug á, að um þetta mál, landhelgismálið, næðist full samstaða, bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, að reynt yrði til hins ýtrasta að sameina þjóðina um lausn þess, eins og jafnan áður, og forða því, að það yrði að bitbeini í orrahríð kosninga. Við komum okkur því fyrst niður á það, hvað hlytu að verða ófrávíkjanlegar lágmarkskröfur, bæði með tilliti til ástandsins nú og í næstu framtíð á fiskislóðum landgrunnsins og eins aðstæðna á alþjóðavettvangi. Geigvænleg hætta og sívaxandi blasir nú þegar við fiskstofnunum. Hins vegar er í undirbúningi alþjóðleg ráðstefna um landhelgismál árið 1973. Við töldum því, að útfærslan yrði í síðasta lagi að vera komin í framkvæmd fyrir þá ráðstefnu. Með því veittum við öflugastan stuðning þeim ríkjum, sem ýtrastar kröfur gera, og stuðluðum á áhrifaríkan hátt að því, að sú ráðstefna gangi frá sem rýmstum alþjóðlegum ákvæðum í þessum efnum. Enn fremur er ekki útilokað, að ef tilskilinn meiri hl. á ráðstefnunni gengi frá alþjóðlegum reglum, sem gengju skemur í útfærsluátt en við og fleiri krefjumst, þá yrði e. t. v.

undanþága gerð fyrir þau ríki, sem hefðu lýst yfir stærri landhelgi en þar yrði viðurkennd.

Fyrsta staðreynd málsins er því sú, að ástand fiskstofnanna á Íslandsmiðum og alþjóðlegar aðstæður krefjast útfærslu ekki síðar en síðla árs 1972. Annað grundvallaratriði, sem athuga þurfti, var, hvernig standa skyldi að útfærslunni. Öllum mun kunnugt um, að samkv. landgrunnslögunum frá 1948 lýsti Ísland yfir einhliða rétti sínum til yfirráða yfir öllu landgrunninu, þannig að útfærsla landhelgi væri algert innanríkismál, ákveðin á hverjum tíma með einfaldri reglugerðarbreytingu ráðherra. Þannig höfum við líka alltaf staðið að málum, og það hefur skilað okkur vel áfram. Þannig hafa allar þjóðir farið að, sem fært hafa út landhelgi sína. En árið 1961 gerðu núv. stjórnarflokkar illu heilli samning við Breta og ári síðar við Vestur-Þjóðverja, og var ein grein hans á þessa leið:

„Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Breta slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara. Rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðilinn óskar þess, skotið til alþjóðadómstólsins."

Og hvað þýðir þetta? Það þýðir í fyrsta lagi algert fráhvarf frá þeirri stefnu, sem þeir höfðu markað með landgrunnslögunum frá 1948 og ítrekað með þál. frá 5. maí 1959, sem allir flokkar stóðu þá að, að landgrunnið allt væri undir íslenzkri lögsögu og lög og reglugerðir þar að lútandi væru íslenzk innanríkismál, sem þar af leiðandi yrði ekki skotið til neinna erlendra dómstóla. Það þýðir einnig, að við hverja útfærslu út fyrir 12 mílurnar verðum við að tilkynna Bretum framkvæmdina með 6 mánaða fyrirvara, og geri þeir ágreining, þá skal alþjóðadómstóllinn í Haag skera úr. Að sjálfsögðu mundi útfærslan tefjast meðan málið væri rekið fyrir dómstólnum, og er það eitt nógu illt út af fyrir sig. Eins og ástandi fiskstofnanna er háttað, þolir útfærslan ekki margra ára bið.

En eftir hverju á svo alþjóðadómstóllinn að dæma? Engin alþjóðleg lög eða samþykktir eru til, sem hann getur farið eftir. Það á einmitt að vera hlutverk ráðstefnunnar 1973, eins og það var á alþjóðaráðstefnunum 1958 og 1960, sem þó ekki tókst, að slá föstum einhverjum alþjóðlegum reglum í þessum efnum. En alþjóðadómstóllinn gæti reynt að draga saman allar þær sundurleitu reglur, sem nú eru í gildi meðal þjóða heims, og draga af þeim einhverja almenna og algilda ályktun. Það er alveg víst, að í slíku tilfelli mundi hann gæta ýtrustu varfærni og draga hin þrengstu hugsanlegu takmörk. Félli úrskurður hans fyrir landhelgisráðstefnuna, þá væri þar með búið að binda hendur hennar fyrir fram og við miklu þrengri mörk, jafnvel 12 mílur, á þeim forsendum, að það er nú um þessar mundir algengasta reglan, — við miklu þrengri mörk en líklegt er, að ná megi fram að ganga á alþjóðlegri ráðstefnu á annað hundrað ríkja. Alþjóðadómstóllinn gæti líka vísað málinu frá á þeim forsendum, að engin alþjóðleg lög séu til til þess að dæma eftir og núgildandi lög þjóðríkja séu of sundurleit til þess, að af þeim yrði dregin nokkur almenn regla. Hvar stæðum við þá t. d. gagnvart Bretum? Stæðum við þá ekki í sömu sporum og 1958? Jú, nákvæmlega í sömu sporum. En eitt gæti alþjóðadómstóllinn ekki úrskurðað. Hann gæti að vísu úrskurðað, að útfærsla okkar ætti ekki stoð í gildandi réttarreglum, en hann gæti ekki úrskurðað, að útfærslan væri brot á nokkrum gildandi alþjóðareglum eða lögum. Á þessu höfum við byggt alla baráttu okkar. Það hefur verið meginstefnan í öllum aðgerðum okkar, hvort sem þær hafa verið meiri eða minni, frá 1950 til 1958, að þær eru í fyrsta lagi einhliða og þær hafa allar verið gerðar vegna lífsnauðsynjar íslenzku þjóðarinnar. Það hefur verið knýjandi nauðsyn, sem ekki mátti bíða, og svo er það enn. En þær voru allar gerðar í samræmi við þjóðarétt, eins og hann hefur verið á hverjum tíma. Við fórum ekki lengra en í 4 mílur 1952, af því að við höfðum þá ekki annað fyrir okkur en úrskurð alþjóðadómstólsins í málum Norðmanna og Breta, og sá dómur fjallaði fyrst og fremst um rétt grunnlínupunkta og lokun flóa og fjarða. En hann fjallaði alls ekki efnislega um alþjóðareglur um víðáttu landhelgi. Við sættum okkur við það þá, allir þingflokkar, að fara ekki lengra í það sinn. Við sættum okkur við þær grunnlínur þá, vegna þess að þær voru þá a. m. k. hámark þess, sem þjóðarétturinn leyfði.

Árið 1958 var það víðátta landhelginnar, sem var aðalatriðið, og við breyttum ekki grunnlínum þá, þó að það væri hægt samkv. alþjóðasamþykkt, — það var gert síðar, — af því að 12 mílurnar voru aðalatriði. Við fórum ekki lengra en í 12 mílur þá, til þess að enginn gæti leitað samninga við okkur á þeim forsendum, að við hefðum farið lengra en áreiðanlega væri leyfilegt að þjóðarétti. Við höfðum þá fyrir okkur álit alþjóðalaganefndar Sameinuðu þjóðanna frá 1956, sem við byggðum þessa skoðun á að verulegu leyti, auk allra annarra íslenzkra raka okkar. Margir voru bjartsýnir á það þá, að við hefðum getað fengið 12 mílurnar viðurkenndar fyrir alþjóðadómstólnum. En enginn þingflokkur lagði til, að sú leið væri þá reynd. Og hvers vegna ekki? Um það spurði forsrh. í kvöld. Svarið er einfalt, og hann skal fá það. Það var vegna þess, að þá hefðu 12 mílurnar orðið alþjóðleg regla og loku skotið fyrir frekari útvíkkun landhelgi af okkar hálfu eftir lagalegum leiðum. Um 25—30 ríki höfðu lýst yfir 12 mílna landhelgi, þegar við bættumst í hópinn. Barátta okkar átti drjúgan þátt í, að sú regla sigraði og varð algeng og almenn regla. Þetta gerðist án þess að binda hendur okkar um frekari útvíkkun.

Nú hafa 20 ríki víðari fiskveiðilögsögu en 12 mílur, allt frá 18—25 og upp í 200 mílur, og er það síðast talda algengast. Af þessum 20 hafa 11 fært út landhelgi sína eftir 1960. Þjóðarétturinn er því enn í örri þróun á þessu sviði. Því er okkur það lífsnauðsyn, að alþjóðadómstóll slái engu föstu í þessu efni miðað við ástandið í dag. Okkur er jafnframt lífsnauðsyn að færa út landhelgina vegna ástands fiskstofnanna og einnig til þess að geta lagt okkar lóð á vogarskálarnar um frekari þróun þjóðaréttarins í átt að takmarkinu, sem við settum okkur 1948, eins og við gerðum það með útfærslunni 1958. En hér er brezk-þýzki samningurinn hindrun í vegi.

Lágmarksgrundvöllur fyrir samstöðu allra flokka um landhelgismálin nú var að dómi okkar í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna sá, að brezk-þýzka samningnum yrði sagt upp og útfærsla kæmi til framkvæmda fyrir alþjóðaráðstefnuna 1973. Um þetta vild-

um við fá samstöðu. Við vissum, að það var máske til of mikils mælzt, að stjórnarflokkarnir féllust nú á þau orð okkar stjórnarandstæðinga, þegar samningurinn var gerður 1961, að hann væri nauðungarsamningur, gerður frammi fyrir gínandi byssukjöftum brezka flotans og því að engu hafandi af Íslendingum. Nú, áratug síðar, er hann orðinn staðreynd. Í honum eru að vísu engin uppsagnarákvæði, en þjóðaréttur þekkir ekki og viðurkennir ekki, að til séu nokkrir samningar, sem séu ævarandi og óuppsegjanlegir, sízt ef upphaflegar ástæður og forsendur fyrir gerð hans eru ekki lengur fyrir hendi, eins og í þessu tilfelli. Við vildum fá stjórnarflokkana til þess að segja honum upp vegna gerbreyttra aðstæðna. Og hverjar eru þær aðstæður, sem breytzt hafa? Jú, Björn Jónsson dró upp mynd af því hér í kvöld, hvernig á síðasta áratug hafa komið upp risaflotar stórveldanna, sem æða nú um heimshöfin og eira engu kviku. Flottrollið hefur þróazt gífurlega þennan áratug, og nú er ekki aðeins botninn skafinn heldur hafa menn fullkomið vald á að beita því upp um allan sjó, frá botni til yfirborðs. Rafeindatæknin hefur verið fullkomnuð, og netsjáin getur gefið greinilega mynd af hverjum einstökum smáfiski framan við kjaft vörpunnar. Nú þarf með öðrum orðum engar torfur til. Menn eru meira að segja að komast upp á lag með að beita gervitunglum til þess að afla upplýsinga um fiskgöngur og senda þær samstundis til skipanna. Síldarstofni Norðaustur-Atlantshafsins var næstum því gereytt svo að segja undir nefinu á forustuvísindamönnum þriggja þjóða. Barentshafið og hafið út af Norður-Noregi verður sennilega friðað í vor, og þá stefna stórvirkir flotar gereyðingarmætti sínum hingað á okkar íslenzku fiskimið.

Hæstv. ráðh. Emil Jónsson leyfði sér áðan að vefengja tölur þær, sem Björn Jónsson flutti um fyrirhugaða aukna ásókn Breta á Íslandsmið, en þær tölur eru óvefengjanlegar, það get ég sagt ráðh., því að þær eru fengnar beint úr skýrslu frægustu vísindastofnunar Breta um fiskveiðimál, þó að hæstv. utanrrh. þykist ekkert um þessar tölur eða skýrslur vita.

Jón Jónsson forstöðumaður Hafrannsóknastofnunarinnar benti nýlega á það í blaðaviðtali, að á árunum 1935—1939 hrygndi hver meðalþorskur 2.4 sinnum á æviskeiði sínu. 30 árum síðar, 1965—1969, hafði viðkomumöguleiki þorsksstofnsins rýrnað um helming, því að þorskurinn gat aðeins hrygnt 1.2 sinnum á æviskeiðinu. Og Jón bætti við: Það er augljóst, að stofninn er í hættu, ef þetta ástand heldur áfram. Hann veltir svo fyrir sér, hvort ekki væri betra að ákveða leyfilegt heildarveiðimagn, kvóta þorsks á Íslandsmiðum, og útdeila kvóta til einstakra þjóða, áður en við fáum flotann frá Barentshafi eða lengra að hingað á miðin. Slíkt kann að vera fullnægjandi fyrir þjóðir, sem ekki eiga afkomu sína nema að örlitlu leyti undir fiskveiðum. En það væri óþolandi fyrir okkur Íslendinga, sem eigum líf okkar undir þeim. Okkur dugir ekkert minna en stórfelld útvíkkun fiskveiðilögsögu okkar, annars væru aðrir farnir að skammta okkur úr okkar eigin matbúri.

Þannig eru ástæður gerbreyttar frá því fyrir 10 árum, en stjórnarflokkarnir hafa ekki viljað hlusta á þessi rök. Því síður vilja þeir fallast á, að þau réttlæti uppsögn brezk-þýzka samningsins. Þeir bæta gráu ofan á svart. Þessi samningur er í þeirra augum heilagur. Við verðum stimplaðir sem samningsrofar á alþjóðavettvangi. Við missum traust vinveittra þjóða, segja þeir, ef við dirfumst að segja upp, þó með drjúgum fyrirvara sé, venjulegum milliríkjasamningi. Óskapleg hræðsla er þetta. Og þeir ganga lengra. Þeir segja, að einmitt samningarnir við Breta séu okkar stórsigur í landhelgismálinu og okkar gæfa, okkar haldreipi, segja þeir. Já, laglegt haldreipi það, sem bindur okkur á höndum og fótum eins og haft og getur innan skamms hert að hálsi okkar líka, ef ekki verður á það skorið. Með brezka samningnum var þvert ofan í alvarlegar aðvaranir stjórnarandstæðinga í fyrsta sinn sáð frækornum varanlegrar sundrungar. Þeir sömu menn höfnuðu nú þeim grundvelli, sem einn getur aftur skapað einingu um landhelgismálið. Brezka ljóninu, gömlu og sljóu, hefur enn þá einu sinni tekizt það, sem heimsveldi þess eitt sinn byggðist á, að deila og drottna.

Við Íslendingar höfum nú um tveggja ára skeið notið stöðugs og síbatnandi verðlags á fiskafurðum okkar erlendis og reist við á skömmum tíma eftir verðhrunið 1967—1968. Alþjóðlegar fjármálastofnanir hafa nýlega gefið út spár um þróun fiskiðnaðarins á næstu árum, þessum áratug og jafnvel fram á hinn næsta. Það, sem einkennir þær allar, er mikil bjartsýni. Fiskiðnaðurinn er talinn verða ein ábatasamasta iðngrein á þessum árum. Margir okkar kunna að vera uggandi um, að nú hljóti hámarki hagstæðrar verðþróunar að vera náð og þróunin fari síðan að snúast við á hinn veginn, en þessa uggs gætir þó ekki hjá hinum annars gætnu fjármálamönnum. Þeir spá áfram stöðugu og síhækkandi verðlagi. Þetta ætti að vera okkur öllum Íslendingum mikið ánægjuefni. Það þýðir, að við getum áfram búið að okkar auðlindum með sívaxandi velmegun án þess að vera á nokkurn hátt neyddir til að raska náttúru okkar eða spilla umhverfinu með stóriðjuverum, spýtandi úrgangi í loft, láð og lög, og án þess að þurfa að raska búsetu okkar frekar en orðið er með mannflutningum til stórverksmiðja, sem auðvitað verða ekki reistar annars staðar en í þéttbýli, án þess að þurfa að grípa til þess ráðs að umsnúa öllum ám og vötnum til framleiðslu á raforku, sem selst á vægu verði. Í þessum efnum getum við haft frjálst val. Án allra efnahagslegra þvingana getum við valið og hafnað að vild. Fiskurinn mun skapa okkur meiri velmegun en nokkur stóriðja megnar, ef — og það er nú þetta stóra ef — já, ef við getum ráðið sjálfir hagnýtingu fiskimiða okkar. Landhelgin er þar það mikilsverðasta. 50 mílna útfærsla er stórt skref, en takmarkið allur landgrunnsstöpullinn, sem landið hvílir á. En við verðum líka að fara að sýna í verki, að þar kunnum við með að fara. Við eigum ekki aðeins að láta nægja að krefjast þess af okkur og öðrum, að við stillum í skynsamlegt hóf sókn okkar í fiskstofnana. Við eigum líka að hjálpa náttúrunni. Ekki stunda bara fálmkennda veiðimennsku heldur hefja ræktun, ræktun í sjónum ekki síður en á landinu. Og þarna geta sumar þær þjóðir, sem nú stunda hvað hamslausasta rányrkju í heimshöfunum, orðið okkur til fyrirmyndar. Japanir, Bretar, Frakkar og V.-Þjóðverjar hafa nú þegar hafið fiskrækt í stórum stíl, ekki aðeins á vatnafiski eins og laxi og silungi, heldur á hvers konar flatfiski t. d. og einnig á rækju. Heims-

framleiðslan á þessu sviði nemur nú þegar um 3 millj. tonna auk 1 millj. tonna af skelfiski. Og því er spáð, að þessi framleiðsla muni hafa aukizt upp í 20 millj. tonna árið 1985 eða sem svarar til rúmlega þriðjungs alls þess aflamagns, sem nú er með gegndarlausri rányrkju skóflað upp úr heimshöfunum. Danir flytja nú þegar ræktaðan fisk út fyrir milljarða króna. Hér á landi blasa við ótæmandi verkefni á þessu sviði, bæði á sjó og í vötnum. Ég vil benda á það myndarlega átak, sem nokkrir áhugamenn hafa þegar gert í Lárósi á Snæfellsnesi í sambandi við laxarækt. Ég vil benda á fjörð eins og Hamarsfjörð á Austfjörðum, sem var svo fullur af kola fyrir nokkrum árum, að hann lá í þykkum lögum og fékk ekki nóg vaxtarskilyrði. Hvað mætti ekki gera þar, ef náttúrunni væri hjálpað ögn? Ég vil benda á þá fjölmörgu firði á Vestfjörðum, sem hafa sjálfrennandi heitt vatn upp á að bjóða í flæðarmáli eða á sjávarbotni. Ég vil minna á þá stórbrotnu hugmynd nokkurra áhugamanna að loka mynni Þorskafjarðar með uppfyllingu, sem jafnframt yrði vegarstæði, og hefja síðan fiskrækt í stórum stíl innan hennar. Ég nefni þessi fáu dæmi af handahófi. Þeir eru fjölmargir, þeir firðir, þær víkur og þeir vogar, sem bjóða hin beztu skilyrði fyrir það ræktunarstarf, sem ungir og áræðnir framtaksmenn hljóta að verða fljótlega að hefjast handa um. Hér þarf skipulag, fjármagn og framtak, og þá mun uppskeran ekki láta á sér standa. Það virðist ekki heldur ýkja fjarlægt, að hafið sé uppeldi á nokkrum helztu nytjafiskum okkar, eins og þorski og ýsu.

Herra forseti, góðir hlustendur. Ég hef nú lýst þeim glæsilegu framtíðarhorfum, sem blasa við fiskiðnaði okkar á næstu árum. Til þess að þær verði að veruleika, þarf aðeins að tryggja eitt, nægilegt hráefni. Eins og horfir fyrir fiskstofnunum, er útfærsla fiskveiðilögsögu okkar svo fljótt sem auðið er það einasta, sem það getur tryggt. Ég hef bent á, hvernig brezk-þýzki samningurinn hefur hindrað okkur í því, hvernig hann hefur verið rekinn eins og fleygur inn í samstöðu okkar, gert höfuðandstæðingnum kleift að deila og drottna. Þetta haldreipi okkar, sem stjórnarsinnar nefna svo, fjötrar okkur á höndum og fótum og getur, eins og ég áðan sagði, áður en varir herpzt að hálsi okkar. Aðeins ein leið er nú til, sem gæti aftur skapað einhuga samstöðu í þessu máli: Að kjósendurnir svipti núv. ríkisstj. þingmeirihluta sínum í kosningunum, sem fram undan eru, og geri það svo rækilega, að þótt núv. stjórnarflokkar, annar hvor eða báðir, semji sig inn í næstu ríkisstj., treysti þeir sér ekki til annars né minna en þess, sem lagt er til í þeirri till., sem stjórnarandstaðan, þrátt fyrir allan annan ágreining, stendur nú sameiginlega að. Ég vil mega treysta því, að hvorugur hinna stjórnarandstöðuflokkanna vilji vinna það til fyrir stjórnarstóla að slaka á þeim meginatriðum, sem hér hafa verið sett fram. Brezk-þýzka samningnum sé sagt upp. Útfærsla ákveðin ekki minni en 50 mílur og framkvæmd ekki síðar en 1. sept. 1972. Samtök frjálslyndra og vinstri manna munu setja það að skilyrði fyrir myndun hverrar þeirrar ríkisstj., sem þau kynnu að eiga aðild að. Afnám brezk-þýzka samningsins í eitt skipti fyrir öll í þessum kosningum. Opnum á ný leiðina til samstöðu. Höldum áfram að eiga þátt í þróun þjóðaréttar til takmarks okkar, sem er óskoruð yfirráð yfir öllu landi okkar ofan sjávar og neðan. — Góða nótt.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti, góðir Íslendingar. Svo sem glögglega er nú komið í ljós, er höfuðágreiningur stjórnar og stjórnarandstöðu í þessu máli fólginn í því, að stjórnarandstæðingar gera nú till. um stækkun fiskveiðilandhelginnar í 50 sjómílur frá grunnlínum í kringum landið og komi stækkun þessi til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972, en stjórnarmeirihlutinn á Alþ. vill í þessu efni miða við landgrunnið, 50 sjómílur eða meira, þegar aðstæður krefjast og slík útfærsla er skynsamleg að mati Alþ. og ríkisstj. Út frá till. sinni ræða stjórnarandstæðingar nú um uppsögn landhelgissamningsins við Breta og Þjóðverja frá 1961, eða að þeir samningar teljist ekki bindandi. Skal ekki hér farið út í þá sálma, heldur aðeins vikið að þeirri spurningu, sem mestu máli skiptir, hvort einhliða aðgerðir af Íslands hálfu þegar í stað með fyrir fram tilkynningum séu æskilegar eða ekki.

Samkv. niðurstöðum þeim, sem daglega liggja fyrir um ástand fiskstofnanna við Ísland, verður ekki talið, að nú sé um ofveiði að ræða á aðalstofnunum, þorski og ýsu. Þorskstofninn við Ísland er ekki talinn í yfirvofandi hættu í dag, nema aðstæður á Íslandsmiðum gerbreytist frá því, sem nú er. Sókn erlendra veiðiskipa hefur farið minnkandi undanfarið, og hlutdeild Íslendinga í heildarveiðinni á Íslandsmiðum hefur aukizt. Verður því ekki sagt, að þessar aðstæður geri útfærslu landhelginnar meira aðkallandi nú en áður, þótt útfærsla sé að sjálfsögðu jafnan æskileg. Einhliða útfærslu landhelginnar í dag mundu erlendar þjóðir virða að vettugi, og Bretar og Þjóðverjar mundu stefna málinu fyrir alþjóðadómstólinn í Haag. Talið er öruggt, að dómur mundi ekki falla í málinu fyrr en eftir lok Genfar-ráðstefnunnar 1973. Þessar aðgerðir mundu því ekki flýta niðurstöðu málsins eða tryggja okkur réttinn fyrr en ella. Vafalaust er, að slíkar einhliða aðgerðir mundu lítil áhrif hafa á alþjóðaþróun og mundu því varla bæta stöðu okkar á hafréttarráðstefnunni í Genf 1973 að því leyti. Íslendingar hafa þegar lýst yfir yfirráðum yfir landgrunninu og eru því í hópi annarra þjóða, er krefjast enn þá meira en 12 mílna. Hefur það sjónarmið verið ítrekað, margítrekað á alþjóðavettvangi. Aftur á móti gætu slíkar aðgerðir haft í för með sér, að samúð annarra þjóða á ráðstefnunni og í undirbúningi að henni yrði minni. Íslendingar yrðu að gefa skýringu á því, af hverju ekki mætti fresta aðgerðum í skamman tíma. Það reyndist okkur sérlega sterkur málflutningur og mikill styrkur á Genfar-ráðstefnunni 1958 að halda því fram, að aðgerða hefði löngu fyrr verið nauðsyn, en Íslendingar hefðu ákveðið að bíða ráðstefnunnar og niðurstöðu hennar, en lengur gætum við ekki beðið.

Það, sem hér er sagt um einhliða aðgerðir af Íslands hálfu fyrir ráðstefnuna 1973, er byggt á óbreyttum aðstæðum varðandi sókn og ástand fiskstofnanna nú. Nauðsynlegt er, að sífellt athugun fari fram á sókninni í fiskstofnana og áhrifum hennar á stofnana, þannig að jafnóðum sé hægt að taka afstöðu til nauðsynlegra ráðstafana hverju sinni. Aukin veiðitækni og vaxandi sókn er líkleg, og verður á þeim grundvelli að undirbúa frekari framkvæmdir svo fljótt sem verða má. Á hinn bóginn verður að telja það óskynsamlegt, ef við Íslendingar að óbreyttum aðstæðum og jafnvel meðan hlutur okkar fer vaxandi í sókninni lýsum því yfir fyrir fram með einhliða aðgerðum, að við ætlum að fara

okkar leiðir og gera okkar ráðstafanir, án tillits til niðurstöðu ráðstefnunnar í Genf 1973. Eftir þá ráðstefnu væri ófriður út af aðgerðum, sem sumir vilja gera nú þegar, e. t. v. óþarfur eða okkur a. m. k. auðveldari. Alþjóðleg þróun er Íslendingum í hag í þessum efnum. Vænta má, að hagsmunir strandríkis verði virtir á ráðstefnunni 1973. Spyrja má, hvort rétt sé að taka þá áhættu að gera ráðstafanir fyrr en þróunin er að okkar dómi orðin nægjanlega hagstæð. A. m. k. getur það ekki talizt skynsamlegt að ákveða aðgerðir, áður en nokkuð er vitað um raunverulega alþjóðlega stöðu málanna í dag. En það atriði er sérstaklega til athugunar í öllu undirbúningsstarfi, sem nú fer fram á vegum ráðstefnunnar.

Eins og í upphafi var sagt, þá gerir stjórnarandstaðan nú till. um stækkun landhelginnar í 50 mílur, en stjórnarmeirihlutinn á Alþ. vill í þessu efni miða við landgrunnið, 50 mílur eða meira. Af hverju þarf að breyta hinni upphaflegu landgrunnskröfu Íslendinga? Við höfum fært að því rök, að landgrunnið og hafið yfir því sé ein heild og miða beri við aðstæður á hverjum stað. Landgrunnskrafan hefur verið grundvallarkrafa okkar alla tíð. Við megum ekki veikja stöðu okkar á alþjóðavettvangi með því að víkja frá þeirri grundvallarkröfu, sem við höfum ávallt byggt allan okkar málstað á fram til þessa.

Það er furðuleg staðhæfing stjórnarandstöðunnar, að alþjóðadómstóllinn í Haag sé ekki hæfur til að tryggja það, að við njótum gildandi alþjóðalaga eins og þau eru á hverjum tíma. Það hlýtur að vera meginregla, sem ekki fyrnist í skiptum þjóða, að dómstóll úrskurði í deilum. Íslendingar ættu allra þjóða sízt að afneita slíkri réttarvenju. Alþjóðadómstóllinn er hluti af sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og Íslendingar hljóta að meta þá tryggingu, sem slíkur dómstóll veitir þeim. Það er, að lög og réttur gildi, en ekki máttur hins sterkara.

Þáltill. ríkisstj. hefur nú verið lögð fram á hinu háa Alþingi, en hv. þm. Lúðvík Jósefsson átti erfitt með að skilja hana í ræðu sinni áðan og ákallaði í því efni drottin guð sinn, sem ég hef í minni 18 ára þingsetu aldrei heyrt hann ávarpa fyrr. Mér þykir því eðlilegt, að þessi ályktun sé lesin, svo að alþjóð megi heyra:

„Alþingi minnir á friðunarráðstafanir Íslendinga sjálfra á hrygningarsvæðum síldar við Suðvesturland, sem koma munu í veg fyrir eyðingu á þessum fiskistofni. Alþ. felur ríkisstj. að undirbúa nú þegar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunnssvæðinu utan 12 mílna markanna, þar sem viðurkennt er, að um helztu uppeldisstöðvar ungfisks sé að ræða. Jafnframt felur Alþ. fulltrúum Íslands við undirbúning hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að kappkosta, að sett verði skýr ákvæði um friðunarsvæði til verndar fiskistofnum í samræmi við niðurstöður vísindalegra rannsókna, enda sé þá jafnframt gætt sérstæðra hagsmuna strandríkis eins og Íslands, sem byggir efnahagslega afkomu sína og sjálfstæði á nýtingu þess hafsvæðis, er umlykur Ísland á landgrunni þess."

Á 5. ársfundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar í maí 1967 lögðu fulltrúar Íslands til, að lokað yrði svæði, er takmarkaðist að vestan af 16. gráðu v. l. og að sunnan af 65. gráðu og 30. mín. n. br., fyrir öllum togveiðum á tímabilinu júlí — des. ár hvert í 10 ár. Jafnframt því var farið fram á, að Alþjóðahafrannsóknaráðinu yrði falið að skipuleggja rannsóknir á áhrifum þessarar lokunar á íslenzku fiskstofnana. Afgreiðsla málsins fór á þann veg, að Norðaustur-Atlantshafsnefndin fól sérstakri nefnd vísindamanna og embættismanna að athuga tillöguna nánar, og kom sú nefnd saman í Reykjavík í jan. 1968. Nefnd þessi komst ekki að samkomulagi um íslenzku tillöguna, en gerði ákveðnar tillögur um auknar rannsóknir á þorsk- og ýsustofnunum við Ísland. Á 6. ársfundi Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar í Reykjavík í maí 1969 var íslenzka tillagan rædd enn þá frekar. Enn þá tókst þó ekki að ná endanlegu samkomulagi um lokun svæðisins. En nefndin samþykkti að fara þess á leit við Alþjóðahafrannsóknaráðið, að það skipuleggði þær rannsóknir, er janúarfundurinn hafði lagt til, og yrðu þær svo lagðar fyrir ársfund nefndarinnar í maí 1971. Íslenzk, brezk og þýzk rannsóknarskip hafa síðan unnið að rannsóknum þessum. Tillaga Íslands um lokun svæðis út af Norðaustur-Íslandi fyrir öllum togveiðum í júlí — des. á hverju ári í 10 ár verður tekin til meðferðar á ársfundi nefndarinnar, þ. e. Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar, í byrjun næsta mánaðar. Þar verða birtar niðurstöður þriggja ára rannsókna á þorsk- og ýsustofnunum við Ísland. Mun íslenzka sendinefndin fylgja fast eftir tillögu Íslendinga í þessu efni.

Með tilliti til þess, að hér hefur verið minnzt á rannsóknir á undanförnum árum, — en stefna okkar í landhelgismálinu hlýtur að verulegu leyti að byggjast á vísindalegum rannsóknum á ástandi fiskstofna, — þá má geta þess, að fjárframlög til haf- og fiskrannsókna hafa aukizt úr 27.3 millj. kr. árið 1965 í 72.7 millj. kr. á þessu ári eða um 166%. Á þessu tímabili hafa bætzt í rannsóknarflotann tvö glæsileg og fullkomin leitar- og hafrannsóknarskip, sem kostað hafa yfir 300 millj. kr.

Stjórnarandstaðan gerir nú till. um 100 sjómílna mengunarlögsögu. Er því óhjákvæmilegt að víkja nokkrum orðum að þessum lið till. Aðalhættan á mengun sjávar í kringum Ísland stafar af losun efna í sjó. Reynslan hefur sýnt, að þau geta borizt með straumum milli landa, t. d. eru málmar eða DDT-efni í sjó eða sjávarlínu við Ísland vafalaust komin langt að frá öðrum löndum og jafnvel frá öðrum heimsálfum. Höfuðatriðið er því það að koma algjörlega í veg fyrir losun úrgangsefna á öllu úthafinu. Unnið hefur verið að því undanfarið að leysa mengunarvandamálið með alþjóðlegu samkomulagi. Verður ekki betur séð en að mjög góðir möguleikar séu á því að fá viðunandi lausn, enda eru flestar þjóðir nú sammála um nauðsyn hennar. Hafa m. a. verið uppi ráðagerðir um bann við losun eitraðra úrgangsefna á ákveðnum svæðum eða samstöðu um, að viðkomandi þjóðþing hvers lands setji löggjöf, er banni eigin þegnum að losa þessi efni í sjó. Íslendingar hafa ekki látið sinn hlut eftir liggja í þessari viðleitni. Einmitt í dag, 1. apríl, stendur yfir í Osló fundur norrænnar samstarfsnefndar um sjávarútvegsmál, þar sem um þessi mál er fjallað. Fulltrúar Íslands á þeim fundi fylgja fast eftir okkar sjónarmiðum þar. Svo að aftur sé vikið að 100 mílna mengunarlögsögunni, þá má geta þess, að Ísland er aðili að alþjóðasamningum frá 1954 gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu. Bannað er að losa olíu úr skipum í sjó innan 100 mílna fjarlægðar frá Íslandi. Að sjálfsögðu geta íslenzk stjórnvöld

hvenær sem er einnig sett þau skilyrði, sem þau telja nauðsynleg í samningum um kaup á olíu til landsins, t. d. um útbúnað þeirra skipa, er farminn flytja. Vitnað hefur verið til, að ríkisstj. Kanada hafi gefið fordæmi um 100 mílna mengunarlögsögu. Þetta er ekki alls kostar rétt. Löggjöf Kanada er miðuð við heimskautahafið og er ætlað að koma í veg fyrir eyðileggingu á umhverfi þar af völdum mengunar og vegna olíuflutninga um Norðvesturleiðina svo kölluðu, sem kanadísk stjórnvöld viðurkenna ekki sem alþjóðlegt sund. Er þar sérstök hætta á því vegna loftslags, að frosin olía geti valdið varanlegum skemmdum á umhverfi.

Því hefur verið haldið fram, að þótt erfitt gæti verið að hafa eftirlit með svo stórri mengunarlögsögu sem 100 mílum frá núgildandi grunnlínum, þá muni slík yfirlýsing Alþ. þó að einhverju leyti bægja mengun frá landinu. Síður yrði um að ræða losun úrgangsefna í nánd við landið, þar sem yfirlýsingin skapaði vissan ótta. Þessi staðhæfing fær varla staðizt. Þeir erlendir aðilar, sem hyggjast losa efni í sjó, mundu vafalaust ályktа svo, að þar sem losun væri bönnuð innan 100 mílna, hlyti hún að vera leyfileg utan 100 mílna. Sú niðurstaða væri okkur Íslendingum til lítilla bóta, þótt hún liti vel út við fyrstu sýn. Við skulum þó gæta þess, að sá fiskur, sem hér við land veiðist, er víða kominn að, og við ráðum ekki ferð hafstraumanna. Og okkar fiskiskip afla í dag á ýmsum erlendum fiskislóðum. Sjálfum finnst okkur vart óeðlilegt, að þessar þjóðir beri fram sambærilegar kröfur og við gerum til sinnar landhelgi. Ég minni aðeins á Norðursjóinn og Grænlandsmiðin í þessu efni. En eins og áður sagði, er nauðsynlegt að leysa mengunarvandamálin með alþjóðasamkomulagi, vegna þess að eiturefni berast með straumum, og mun því affarasælast að leggja höfuðáherzlu á fiskveiðilögsöguna sem slíka og blanda ekki öðrum hlutum saman við það mál. Hins vegar skal skýrt tekið fram, að enda þótt mengunarvandamálið verði helzt leyst með alþjóðasamkomulagi, þarf hvort tveggja að koma til, alþjóðasamkomulag og löggjöf hinna einstöku þjóða.

Við Íslendingar deilum ekki um markmið í landhelgismálinu, heldur leiðir. Við megum ekki láta deilur um leiðir verða til þess að spilla fyrir markvissri sókn okkar í þessum efnum. Því er það raunasaga, að stjórnarandstaðan skuli hafa freistazt til þess að nota þetta sameiginlega hagsmunamál Íslendinga allra sér til ímyndaðs framdráttar í væntanlegum alþingiskosningum.

Hér hafa verið rakin ágreiningsatriði stjórnar og stjórnarandstöðu. En að lokum vildi ég segja þetta: Með hliðsjón af heildarmyndinni virðist ljóst, að stefna Íslands í landhelgismálinu ætti að vera þríþætt. Það er í fyrsta lagi að berjast áfram fyrir því sjónarmiði, að víðátta fiskveiðilögsögunnar skuli miðuð við landgrunnshafið og þá fyrst og fremst þau svæði á því, sem mesta þýðingu hafa. Er þá sjálfsagt að halda áfram náinni samvinnu við þau ríki, sem slíkri stefnu eru fylgjandi. Í öðru lagi að hafa nána samvinnu við aðrar þjóðir um nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fiskstofnum almennt á úthöfunum. Í þriðja lagi að tryggja forgangsrétt Íslendinga á hafsvæðum utan fiskveiðilögsögunnar miðað við þarfir þeirra og sérstöðu. Á fyrirhugaðri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og í undirbúningsnefnd hennar verður að vinna að framkvæmd þessara sjónarmiða.

Þegar litið er á þýðingu fiskveiða og fiskiðnaðar fyrir þjóðarbú Íslendinga, er auðsætt, hvílíkt áfall síldveiðibresturinn varð okkur á sínum tíma. Ef svipað ástand skapaðist einnig í þorskveiðum, mundu hinar efnahagslegu afleiðingar verða alvarlegri en orð fá lýst. Engan þarf því að undra, þótt Íslendingar horfi með nokkrum ugg á þróunina annars staðar, bæði með tilliti til minnkandi fiskstofna og áframhaldandi smíða stórra og afkastamikilla fiskiskipa frá ýmsum þjóðum, sem beitt kynni að verða á Íslandsmiðum. Áríðandi er, að höfuðáherzla sé lögð á að kynna sem bezt þetta sjónarmið í viðræðum við aðrar þjóðir. Við erum ekki einir strandríkja í heiminum. Einnig er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að sífelld athugun fari fram á sókninni í fiskstofnana og áhrifum hennar á þá, þannig að jafnóðum sé hægt að taka afstöðu til nauðsynlegra ráðstafana á þessu sviði. Við höfum sýnt í þeim efnum fulla alvöru og ábyrgðartilfinningu, sem m. a. sést á því, hvaða fjármunum hefur verið eytt af okkar hálfu til hafrannsókna af okkar takmörkuðu fjárhagsgetu ásamt kostnaðarsamri þátttöku í alþjóðasamtökum undanfarin ár. Til hvers hefur þetta starf verið unnið, ef ekkert á að byggja á því og ekkert með það að gera?

Hv. stjórnarandstæðingar hafa mjög kvartað yfir því nú síðustu vikur þingsins, að of mikið hafi borizt af stjfrv. og talið þau of seint fram komin, þannig að erfitt væri að komast til botns í þeim. Frv. um 500 millj. kr. aukningu á bótum almannatrygginga, elli- og örorkulaunum lífeyrisþega o. s. frv. þótti m. a. of seint fram komið. Sérfróð, stjórnskipuð nefnd hafði þó haft málið til meðferðar um 9 mánaða skeið og allir þingflokkar uppkast að frv. í 2½ viku. Samt var það nú talinn of mikill hraði að afhenda þessa peninga til þeirra, sem hlut áttu að máli, þó að það ætti að taka 8 mánuði að afla þess fjár hjá þeim aðilum, sem greiða eiga bæturnar. Engin endanleg endurskoðun mun nokkurn tíma fara fram á slíkri löggjöf. Það er öllum hv. alþm. ljóst. Hún verður að vera í stöðugri endurskoðun. Það mál, sem hér er til umr., íslenzk fiskveiðilögsaga og viðurkenning annarra þjóða á þeirri lögsögu, þarf hins vegar ekki að dómi stjórnarandstæðinga nema 3—4 daga umr. hér á Alþ. og á þó ekki að öðlast gildi fyrr en eftir eitt og hálft ár. Fiskveiðilögsaga okkar, yfirráð og full viðurkenning annarra þjóða á henni, er þó af öllum landsmönnum talinn grundvöllur alls lífs í landinu. Um samanburð á slíkum málflutningi ætla ég ekki að setjast í dómarastól. Sá samanburður er svo auðveldur hverjum Íslendingi, að óþarft er frekar um að ræða.

Ég þakka þeim, sem hlýtt hafa. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. kvaðst vænta þess, að stjórnarandstaðan yrði fús til að styðja að því, að fjármagn fengist til þeirra rannsókna á landgrunninu, sem hann taldi réttilega mjög aðkallandi. Fulltrúar Framsfl. hafa þegar lagt fram þá till. í fjhn. Nd. í sambandi við frv. um framkvæmdalán, að 35 millj. kr. verði varið til þessara rannsókna á þessu ári. Við bíðum nú eftir svari frá stjórnarflokkunum um það, hvort þeir vilja styðja þessa till. En óhætt er að segja, að þessar rannsóknir eru mjög aðkallandi til styrktar hinni nýju sókn í landhelgismálinu.

Forsrh. hefði ekki átt að minnast á orsök þorskastríðsins 1958. Það er opinbert leyndarmál, að Bretar héldu, að Íslendingar væru klofnir í málinu og vinstri stjórnin mundi gefast upp strax og brezku herskipin birtust í landhelginni. Þessa röngu ályktun sína byggðu Bretar á því, að Sjálfstfl. hafði haldið uppi miklu andófi gegn útfærslunni, tortryggt hana á allan hátt og á síðustu stundu viljað vísa henni til Atlantshafsbandalagsins. Ef Bretar hefðu haft rétta vitneskju um einhug þjóðarinnar, hefðu þeir sennilega aldrei beitt ofbeldinu.

Það hefur verið háttur flestra stjórnarsinna í þessum umr., að forðast sem mest rökræður, en þyrla upp sem mestu moldviðri um það, að stjórnarandstaðan væri að reyna að gera landhelgismálið að kosningamáli með tillöguflutningi sínum í málinu. Mér finnst rétt að benda á það í tilefni af þessu, að í landhelgisnefndinni voru fulltrúar allra flokka sammála um, að landhelgismálið væri af ýmsum ástæðum komið á alveg nýtt stig og þess vegna væri eðlilegt, að Alþ. gerði nýja ályktun um málið, áður en þessu þingi lyki. Því fer þannig fjarri, að stjórnarandstaðan sé án tilefnis að flytja till. um landhelgismálið vegna kosninganna, þar sem allir flokkar eru sammála um, að Alþ. þurfi að gera nýja ályktun. Ég vil jafnframt benda á, að í till. okkar stjórnarandstæðinga er ekki að finna neitt, sem ekki er í fyllsta samræmi við fyrri stefnu okkar og vinnubrögð. Við höfum alltaf verið á móti landhelgissamningunum við Bretland og V.-Þýzkaland og talið uppsögn þeirra vera óhjákvæmilegan undanfara þess að færa út fiskveiðilandhelgina. Við töldum það rétt vinnubrögð að færa út fiskveiðilandhelgina 1958 eða nokkru fyrir hafréttarráðstefnuna, sem þá var sýnt, að yrði haldin 1959 eða 1960. Það reyndust líka rétt vinnubrögð, því að útfærsla Íslendinga í 12 mílur hafði úrslitaáhrif á gang ráðstefnunnar 1960. Það er ekki sízt vegna þeirrar hagstæðu reynslu, sem við leggjum megináherzlu á það nú, að fiskveiðilandhelgin verði færð út fyrir ráðstefnuna 1973. Annars held ég, að það séu stjórnarsinnar sjálfir, sem setja mestan kosningablæ á umr. um landhelgismálið. Það hefur áreiðanlega ekki farið fram hjá þeim, sem hafa hlustað á þessar umr., að það eru stjórnarsinnar, sem notað hafa stóru orðin og brigzlin. Þeir hafa sagt, að stjórnarandstæðingar gerðu sig seka um ævintýrapólitík, siðleysi og ábyrgðarleysi, eins og hæstv. ráðh. Emil Jónsson gerði hér rétt áðan. Enn lengra gekk þó hv. þm. Birgir Finnsson í skammarvaðli sínum um hv. þm. Ólaf Jóhannesson. Ég mun láta það ógert að svara þessum hv. þm. í sömu mynt. Ég held, að landhelgismálið sé þjóðinni svo mikilvægt, að við ættum að forðast mikil brigzlyrði í sambandi við það og ræða ekki um það eins og götudrengir. Ég trúi því ekki um andstæðinga mína, að þeir hafi ekki áhuga á, að árangur náist í landhelgismálinu. En okkur greinir á um leiðir og aðferðir. Það, sem okkur ber að gera, er að leggja það sem ljósast fyrir þjóðina, hver ágreiningsefnin eru, án allra brigzla og æsinga, og það er svo hennar að dæma, hvaða leið eða aðferð hún vill velja.

Þótt stjórnarflokkunum og stjórnarandstæðingum beri sitthvað á milli í landhelgismálinu, veldur tvennt mestum ágreiningi. Annað er, að stjórnarandstaðan telur nauðsynlegt að segja upp landhelgissamningunum við Bretland og V.-Þýzkaland, er hafizt er handa um útfærslu. Stjórnarflokkarnir virðast hins vegar telja, að halda eigi þessa samninga til eilífðar. Hitt er það, að stjórnarandstaðan telur, að útfærsla fiskveiðilandhelginnar eigi að koma til framkvæmda fyrir hafréttarráðstefnuna 1973. Stjórnarflokkarnir telja, að við eigum að bíða eftir úrslitum hafréttarráðstefnunnar eða lengur, eftir því hver réttarþróunin í heiminum verður. Þeir vilja enga ákvörðun taka um það nú, hvort útfærsluna eigi að gera eftir 2 ár, 10 ár eða 20. Það á allt að fara eftir réttarþróuninni í heiminum.

Rétt er að athuga nokkru nánar fyrra ágreiningsatriðið, uppsögn landhelgissamninganna. Samkv. þeim geta Bretar og V.-Þjóðverjar krafizt þess, ef Íslendingar færa út fiskveiðilögsöguna, að það verði lagt undir úrskurð alþjóðadómstólsins, hvort útfærslan samrýmist alþjóðalögum eða ekki. Engir alþjóðlegir samningar eru nú fyrir hendi um víðáttu fiskveiðilandhelgi og ekki heldur nein viðurkennd hefð. Hins vegar hafa flest ríki 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Samkv. því er það skoðun helzta sérfræðings ríkisstj., Hans G. Andersens, að 12 mílna reglan hafi nú gildi sem alþjóðalög. Þótt vefengja megi með gildum rökum þessa kenningu, er eigi að síður mikil ástæða til að óttast, að úrskurður alþjóðadómstólsins gæti fallið á eitthvað svipaða leið. Þess ber nefnilega að gæta hér, að dómstólar eru yfirleitt íhaldssamir, ef ekki er hægt að fara eftir glöggum lögum, samningum eða viðurkenndri hefð. Samkv. þessu geta Íslendingar því ekki örugglega vænzt hagstæðs úrskurðar alþjóðadómsins fyrr en a. m. k. helmingur strandríkja hefur fært fiskveiðimörk sín út fyrir 12 mílur. Hvort það verður eða hvenær það verður, getur enginn sagt nú. Ef Íslendingar ætla þannig vegna bindingarákvæða landhelgissamninganna að bíða eftir þróuninni í þessum efnum, verða þeir meðal þeirra síðari eða síðustu, sem færa út fiskveiðilandhelgina, í stað þess, að þeir ættu að vera meðal þeirra fyrstu, þegar þess er gætt, að engin þjóð er færari í fiskveiðum en þeir. Það er ekki hægt fyrir okkur Íslendinga að vera þannig meðal þeirra öftustu í röðinni og þurfa að bíða eftir því upp á von og óvon, að nógu margar þjóðir verði til þess að færa út fiskveiðilandhelgina á undan okkur og skapi þannig alþjóðlega reglu, sem alþjóðadómurinn metur gilda. Fiskimið okkar geta verið þurrausin, áður en slík þróun á sér stað. Í þessu sambandi er ástæða til að árétta það, að fram að þessu hefur nær öll útfærsla á fiskveiðilögsögu orðið með þeim hætti, að einstök ríki hafa tekið sér einhliða rétt til að helga sér stærri landhelgi en samrýmdist þeirri alþjóðavenju, sem þá gilti. Það er þessi einhliða réttarbreyting einstakra ríkja, sem hefur átt mestan þátt í réttarþróuninni varðandi stækkun landhelginnar. Á áratugnum 1950—1960 vorum við Íslendingar í fararbroddi þeirra þjóða, sem höfðu forustu um þessa réttarþróun. Þetta gerðu Íslendingar með útfærslunum 1952 og 1958. Síðan 1961, er umræddir samningar voru gerðir, hafa Íslendingar orðið að halda að sér höndum og bíða eftir því, að nógu margar aðrar þjóðir færðu út landhelgina og sköpuðu þannig nýjar réttarreglur. Þess vegna munum við verða meðal þeirra síðustu í stað þess að vera áfram meðal hinna fyrstu, meðan við segjum samningunum ekki upp og endurheimtum hinn einhliða rétt að nýju.

Þetta eru meginrökin fyrir því, að stjórnarandstæð-

ingar vilja losa þjóðina undan bindingarákvæðum landhelgissamninganna við Breta og V.-Þjóðverja. Hagsmunir okkar leyfa okkur ekki, að við bíðum eftir því að vera meðal hinna síðustu í röðinni. Við getum ekki vegna lífsafkomu okkar verið bundnir á þennan hátt einir allra þjóða. Þess vegna höfum við fyllsta rétt til að segja upp þessum samningum, þó að þeir hafi ekki nein uppsagnarákvæði. Enginn samningur er eilífur, þótt hann hafi ekki sérstök uppsagnarákvæði. Í umræddum samningum er ekki heldur neitt, er bannar uppsögn. Aðeins ein tímamörk eru í samningunum, þriggja ára undanþága, sem brezkir og þýzkir togarar fengu til að veiða innan 12 mílna markanna. Þau þrjú ár eru liðin og sjö ár til viðbótar. Þetta ásamt mörgu öðru styður rétt okkar til uppsagnarinnar, en mikilvægast er þó það, að það er vafalítið mesta lífshagsmunamál þjóðarinnar að færa fiskveiðilandhelgina út.

Ég kem þá að því ágreiningsatriðinu, hvort færa eigi út fiskveiðilögsöguna fyrir eða eftir hafréttarráðstefnuna 1973. Stjórnarflokkarnir segja, að við eigum að bíða eftir úrslitum hennar, því að margt bendi til, að niðurstaða hennar geti orðið okkur hagstæð. Ályktanir sínar um þetta byggja stjórnarflokkarnir einkum á því, að allir játa nú í orði, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir gegn ofveiði, og margir játa einnig í orði að veita beri strandríkjum vissan forgangsrétt. Þetta gera ekki sízt Bandaríkjamenn og Rússar, en þeir og hinir mörgu fylgismenn þeirra vilja ekki gera þetta á þann veg, að fiskveiðilandhelgin verði færð út, heldur verði hún bundin við 12 mílur og strandríki fái einhvern mjög takmarkaðan forgang utan þeirra marka. Að öðru leyti verði samið um hámark veiðinnar á svæðinu utan 12 mílna markanna og henni sé skipt milli þeirra þjóða, sem áður hafa stundað veiðar þar, eftir vissum hlutföllum. Fyrir Íslendinga væri það hið mesta áfall, ef þessi stefna yrði ofan á. En það getur að sjálfsögðu enginn fullyrt nú, og vafasamt, að það skýrist til fulls fyrr en í lok ráðstefnunnar. Það er algengt á slíkum ráðstefnum, að mörg ríki breyti afstöðu sinni á síðustu stundu, m. a. vegna hrossakaupa um brtt. Í því sambandi má vitna til þess, að á síðustu fjórum dögum hafréttarráðstefnunnar 1960 snerust 11 ríki til fylgis við landhelgistillögu Bandaríkjanna, eftir að hafa áður annaðhvort greitt atkv. gegn henni eða setið hjá. Það gæti t. d. alveg ráðið úrslitum nú varðandi fiskveiðilandhelgina, hvort Bandaríkin og Sovétríkin fallast á hugmyndir þróunarríkjanna svo nefndu varðandi væntanlega alþjóðastjórn á hagnýtingu úthafsins, en frá sjónarmiði þeirra er það miklu stærra mál en fiskveiðilögsagan. Það eitt er nú örugglega víst í sambandi við hafréttarráðstefnuna 1973, að helztu og áhrifamestu stórveldi heims, þ. e. Bandaríkin, Sovétríkin og Japan, munu á ráðstefnunni og þá sérstaklega í lok hennar beita öllum sínum áróðursmætti, og sá máttur er mikill, til að fá 12 mílna fiskveiðilandhelgina samþykkta ásamt ófullnægjandi sérrétti fyrir strandríkin utan hennar. Það er af þessum ástæðum, sem stjórnarandstæðingar telja, að ekki sé hyggilegt að draga útfærsluna fram yfir hafréttarráðstefnuna 1973. Úrslit hennar geta ekki síður orðið okkur óhagstæð en hagstæð. Um slíkt vitum við ekki með neinni vissu fyrr en í lok ráðstefnunnar. Og þá getur verið orðið of seint að bregðast við. Ef úrslitin verða okkur hagstæð, er engu tapað, þótt við höfum fært út fiskveiðilandhelgina áður. Ef úrslitin verða óhagstæð, getur verið torvelt að færa út landhelgina eftir ráðstefnuna. Þess vegna megum við ekki bíða. Ef við færum út fiskveiðilandhelgina fyrir ráðstefnuna, mun það áreiðanlega verða til að styrkja þar stöðu okkar og annarra þeirra, sem svipað er ástatt um, og gera hinum óhægra fyrir, sem vilja gera 12 mílurnar að bindandi reglu. Við töpum engu með því að færa út fyrir ráðstefnuna, en getum tapað miklu, ef við drögum að gera það.

Stjórnarflokkarnir hampa því talsvert, að það geti leitt til árekstra við nábúa okkar, ef við færum út fiskveiðilandhelgina fyrir ráðstefnuna. Vafalaust verða árekstrarnir einhverjir, en þeir geta líka orðið alveg eins miklir eða meiri eftir ráðstefnuna. Um það verður ekkert fullyrt á þessu stigi. Ákaflega er það ósennilegt, að þetta leiði til nokkurra alvarlegra árekstra. Landhelgisdeilurnar 1952 og 1958 hafa aukið skilning á því, að Íslendingum er það meira hagsmunamál en nokkurri annarri þjóð að vernda fiskimiðin við landið. Það hefur líka sýnt sig, að ekki er hægt að buga Íslendinga með löndunarbanni eða þorskastríði. Þess vegna er ákaflega ólíklegt, að Íslendingar verði að þessu sinni beittir einhverjum hefndaraðgerðum. Fari samt svo, að það ólíklega gerist, að slíkt verði reynt, munu Íslendingar mæta því með festu og þrautseigju alveg eins og 1952 og 1958. Það eru eðlileg viðbrögð þjóðar, sem veit, að hún er ekki að gera sig seka um neinn órétt eða ofríki, heldur eingöngu að þjóna sjálfsagðasta réttinum, réttinum til að lifa. Íslendingar mega því ekki láta neitt tal um áhættu eða hefndaraðgerðir aftra sér frá því að gera það, sem nauðsynlegt er. Það er ekki til nema ein mikil áhætta í þessu máli, og hún er fólgin í því að gera ekki neitt eða vera of seinn. Við framsóknarmenn hvetjum þjóðina eindregið til að forðast þá áhættu. En fyrst og fremst hvetjum við þjóðina til þess að íhuga þetta mál rólega og æsingalaust. Þá kvíðum við ekki dómi hennar. — Góða nótt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ræðumenn stjórnarflokkanna hér í þessum umr. ásaka okkur stjórnarandstæðinga fyrir að hafa rofið þjóðareiningu um landhelgismálið. Ég sé ástæðu til að fara nokkrum orðum um þessa staðhæfingu og færa rök að því, að hún er fleipur eitt, fleipur manna, sem hafa að vonum vonda samvizku í þessu máli. Jóhann Hafstein forsrh. og aðrir stjórnarliðar gera sér það vitanlega ljóst, að þjóðin ætlast til þess, að stjórnendur hennar og kjörnir fulltrúar standi saman um þetta stórmál. Allir vita, að hér er ekki lítið í húfi. Hér er um það að tefla, hvort Íslendingar fái í reynd hagnýtt þann rétt, sem þeir fyrir meira en 20 árum lýstu yfir, að þeir ættu, lögsögu og yfirráð yfir landgrunnssvæðinu öllu án íhlutunar annarra. Með hvers kyns vífilengjum og markleysishjali hafa forustumenn stjórnarflokkanna mánuðum saman reynt að fá aðra flokka til að fallast á að gera ekki neitt í landhelgismálinu. Upp á slíka samstöðu hafa stjórnarliðar boðið og ekki nokkurn skapaðan hlut annan. Sannast það raunar glögglega á þáltill. þeirra um landhelgismálið, þeim furðulega grautarhausasamsetningi, sem Lúðvík Jósefsson lýsti svo eftirminnilega hér í kvöld.

Till. stjórnarflokkanna hefur ekki að geyma eitt einasta ákvarðandi atriði umfram það, sem allir flokkar höfðu samþykkt fyrir 23 árum með landgrunnslögunum frá 1948. Mér er nær að halda, að íslenzk þjóð ætlist nú til annars og meira en þess, að stefnumarkandi ákvæði hinna 23 ára gömlu laga séu enn einu sinni ítrekuð, vafin í þykkar umbúðir, án þess að ætlunin sé að gefa þeim aukið veruleikagildi með ákvörðunum og framkvæmdum. Ég er þess fullviss, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur óskað eftir einingu um tilteknar og tímaákvarðaðar aðgerðir í landhelgismálinu. Það er slík þjóðareining, sem stjórnarflokkarnir voru illu heilli að rjúfa. Það eru því viðbrögð manna með heldur bágan málstað, sem birtast í þeim hrópum stjórnarliða, að stjórnarandstæðingar hafi gert mál þetta að pólitísku bitbeini. Og þegar stjórnarherrarnir hafa undanfarnar vikur og mánuði krafizt samstöðu um að gera ekkert, bókstaflega ekkert í mesta lífshagsmunamáli þjóðarinnar, þá var þar um að ræða örvæntingartilraun óttasleginna manna, sem telja sig bundna af gömlum óhappasamningi, tilraun til að binda einnig hendur annarra.

Nú leggja stjórnarliðar ofurkapp á að sverta málstað stjórnarandstöðunnar og saka hana um að rjúfa þjóðareiningu um landhelgismálið. Slíkt fleipur situr illa á talsmönnum þeirra flokka, Sjálfstfl. og Alþfl., sem bera einir allra ábyrgð á því, að með samningagerðinni við Breta árið 1961 var rofin á hinn svívirðilegasta hátt alger samstaða og þjóðareining, sem ríkt hafði um landhelgismálið þá um skeið. Það voru leiðtogar þessara flokka, sem í óþökk meiri hluta þjóðarinnar sömdu á þann veg, að síðan hefur engin útfærsla landhelginnar átt sér stað í heilan áratug og mun ekki eiga sér stað á næstu árum, ef núv. stjórnarflokkar fá að ráða. En fá þeir að ráða í þessu örlaga- og lífshagsmunamáli? Ljóst er af málflutningi þeirra, að þeir óttast fyrst og fremst, að þrátt fyrir allt sameinist þorri þjóðarinnar um aðgerðir, um athafnir í málinu, myndi þjóðareiningu um kröfurnar, 50 mílna fiskveiðilögsögu á næsta ári, 100 mílna mengunarlögsögu þegar í stað. Ég held, að ekki sé úr vegi að segja hér nokkur orð til viðbótar um landhelgismál og einingu lítillar þjóðar.

Árið 1948 stóð íslenzka þjóðin sameinuð að baki ríkisstj. og Alþ., þegar lög voru sett um landgrunnið og lýst yfir íslenzkri lögsögu á landgrunnssvæðinu öllu. Þar var svo mælt fyrir, að síðar mætti með útgáfu reglugerðar ákvarða, á hvern hátt Íslendingar hagnýttu yfirráðarétt sinn og væri þar um einhliða ákvarðanir að ræða af þeirra hálfu. Alþ. og landsmönnum öllum var vitanlega fullljóst þá, að einhverjar erlendar þjóðir mundu vefengja rétt okkar til landgrunnsins og það kynni að taka tíma að ná honum í reynd. Slíkt yrði trúlega að gerast í áföngum. Um hitt voru allir Íslendingar sammála að standa á þessum rétti sínum og neita því, að um hann yrði samið við aðrar þjóðir né málið borið undir erlenda dómstóla. Allar ákvarðanir um stækkun íslenzkrar fiskveiðilögsögu, sem síðan hafa verið teknar, byggjast á landgrunnslögunum frá 1948.

Þegar landhelgin var stækkuð í 12 mílur árið 1958, var yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sammála um þá ákvörðun. En eftir að ljóst var, að Atlantshafsbandalagið ætlaði að skipta sér af málinu, skarst Sjálfstfl. úr leik, og mjóu munaði, að Alþfl. fylgdi honum eftir. Með stöðugum vífilengjum og málskotum til erlendra aðila reyndu úrtölumenn þá að draga ákvarðanir á langinn, drepa málinu á dreif. Allir vita, að ástæðan til þess, að forustumenn Sjálfstfl. rufu þjóðareiningu um landhelgismálið árið 1958, var óttinn við hótanir Breta og undirlægjuháttur gagnvart Atlantshafsbandalaginu. Svo tæpt stóð málið sumarið 1958, að það hefði vafalaust tapazt og vinstri stjórnin guggnað á útfærslu, ef ekki hefði komið tvennt til, aðild Alþb. að ríkisstj. og einbeitt og þróttmikil frammistaða Lúðvíks Jósefssonar, sem þá var góðu heilli sjútvrh. og átti öllum öðrum stærri hlut að því að hrinda málinu í framkvæmd. Þó hefði einbeitt afstaða Alþb. og dugnaður Lúðvíks Jósefssonar fráleitt nægt, ef hinir stjórnarflokkarnir hefðu ekki fundið öflugan og eindreginn vilja almennings, sem krafðist útfærslunnar. Það var samstaða alls þorra Íslendinga, þ. á m. margra ágætra fylgjenda Sjálfstfl., sem bjargaði málinu og kom því heilu í höfn. Eftir að ákvörðunin hafði verið tekin og stækkunin framkvæmd, þögnuðu úrtölumennirnir og blygðuðust sín. Það var því einhuga þjóð, sem Bretar áttu hér að mæta, þegar þeir gerðu tilraun til að kúga okkur með vopnavaldi og hófu að stunda hér landhelgisþjófnað undir herskipavernd.

Þegar kom fram á árið 1961, var öllum ljóst orðið, að Bretar höfðu tapað þorskastyrjöldinni svo kölluðu. Allar tilraunir þeirra til að hnekkja ákvörðunum Íslendinga um 12 mílna lögsögu höfðu mistekizt. Einbeitt og djarfleg barátta Íslendinga fyrir lífshagsmunum sínum hafði vakið heimsathygli, og brezka ríkisstj. átti naumast öðru að mæta en háði og fyrirlitningu fyrir misheppnaðan hernað sinn gegn vopnlausri smáþjóð. En nú var ný ríkisstj. tekin við völdum á Íslandi, samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., oft kölluð viðreisnarstjórn, síðari árin einungis í háðungarskyni. Og þá fer Atlantshafsbandalagið enn að nýju á stúfana. Í höfuðstöðvum NATO hafði það lengi verið nokkur höfuðverkur, að tvær aðildarþjóðir, Bretar og Íslendingar, skyldu eiga í illvígri deilu, þar sem önnur þjóðin hafði jafnvel beitt hina vopnavaldi. Ég geri ráð fyrir, að af hálfu leiðtoga í NATO hafi verið lagt fast að íslenzkum stjórnarvöldum að semja við Breta, svo að hægt væri að tilkynna, að endir væri bundinn á þorskastyrjöldina. Ég finn a. m. k. enga hugsanlega skýringu aðra á smánarsamningi núv. stjórnarflokka við Breta árið 1961 en undanlátssemi gagnvart NATO. NATO lagði kapp á, að úrslit fengjust í þessu máli, úrslit, sem brezka stjórnin þættist geta við unað. Íslenzk stjórnarvöld beygðu sig fyrir þessum kröfum, gerðu samning við Breta og síðar við Vestur-Þjóðverja, þar sem þau hétu því, að frekari stækkun landhelginnar skyldi tilkynnt þessum þjóðum með hálfs árs fyrirvara og alþjóðadómstóllinn í Haag skera úr um réttmæti stækkunar, ef ekki næðist samkomulag. Með samningi þessum töldu Bretar bundinn endi á frekari sókn Íslendinga í landhelgismálinu. Enda þótt við Alþb.-menn og raunar aðrir stjórnarandstæðingar teljum það fráleitt, er staðreynd, að óhappasamningur þessi er aðalástæðan til þess, að ekkert hefur verið aðhafzt í landhelgismálinu af hálfu Íslendinga í heilan áratug. Og þessi samningur er vafalítið meginorsök þess, að stjórnarflokkarnir þora sig enn hvergi að hræra og reyna að fá samstöðu um að gera ekki nokkurn skapaðan hlut. Og þeir herrar, sem nú tala með

tungumýkt um nauðsyn þjóðareiningar og ásaka aðra ranglega fyrir að rjúfa hana, þeir voru ekki að sameina þjóðina árið 1961. Þá var þjóðareiningu um landhelgismálið fórnað á altari Atlantshafsbandalagsins. Þá knúðu þeir fram örlagaríkan samning, beittu til þess naumum þingmeirihluta, en virtu að vettugi víðtæk mótmæli fulltrúa, sem studdust við ríflegan helming kjósenda. Þá þurftu þeir ekki á samstöðu allrar þjóðarinnar að halda. Þeir þóttust einfærir um að binda hana á klafa í skjóli örlítils meiri hl. á Alþingi.

Stjórnarandstöðuflokkarnir lýstu því yfir þegar árið 1961, að þeir litu á samning þennan sem nauðungarsamning. Það hefur verið og er grundvallarskoðun okkar Alþb.-manna, að um náttúrugæði landsins, landgrunnsins og hafsins yfir landgrunninu þurfi íslenzka þjóðin ekki að semja við nokkra aðra þjóð. Það sé skýlaus réttur landsmanna að setja þær reglur um hagnýtingu og verndun þessara náttúrugæða, sem hagkvæmastar eru þjóðinni. Við teljum því, að undansláttarsamningurinn við Breta og Þjóðverja frá 1961 sé marklaus samningur, bæði sakir þess, að hann var gerður við þjóð, sem beitti vopnavaldi og knúði fram vilja sinn með ofbeldi, en ekki síður vegna hins, að með samningnum var afsalað landsréttindum, samið um náttúrugæði, sem eru undirstaða að lífi þjóðarinnar í landinu. Við teljum, að slíkur samningur geti ekki talizt bindandi fyrir nokkra þjóð.

Af ástæðum, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir, telur Alþb. nú orðið óhjákvæmilegt að hefjast handa um nýja útfærslu landhelginnar á grundvelli landgrunnslaganna frá 1948. Í allan vetur höfum við lagt okkur fram um að ná samstöðu um málið við aðra flokka og ekki látið nein minni háttar atriði torvelda hana. En tvennt var ófrávíkjanlegur kjarni málsins að okkar dómi, ákvörðun á þessu þingi um tiltekna útfærslu, t. d. út í 50 mílur, og ákvörðun um það, hvenær útfærslan skyldi taka gildi. Samstaða hefur náðst milli stjórnarandstöðuflokkanna allra, sem nú standa sameiginlega að till. um athafnir. Hins vegar var nokkurn veginn ljóst þegar frá upphafi, að stjórnarflokkarnir ætluðu ekkert að gera, en drógu málið hins vegar á langinn með vífilengjum. Þeir voru auðsjáanlega hræddir við aðgerðarleysið, hræddir við að koma fram fyrir kjósendur í sumar og játa uppgjöf sína. Þess vegna hafa þeir lagt í það töluverða vinnu að gera sem fyrirferðarmestar umbúðir utan um það, sem ekkert er umfram það, sem Íslendingar hafa marglýst yfir og endurtekið ótal sinnum í fulla tvo tugi ára. Með rökleysum reyna stjórnarherrarnir að fela aðgerðarleysi sitt af ótta við, að afleiðingar ógæfusamningsins frá 1961 komi þjóðinni í koll. Þeir skírskota mjög til alþjóðaráðstefnu um réttarreglur á hafinu, ráðstefnu, sem kann að verða haldin eftir rúm tvö ár, e. t. v. þó ekki fyrr en síðar, og láta í það skína, að á slíkri ráðstefnu verði okkur færð víðáttumikil landhelgi á silfurfati. Þetta er sagt gegn betri vitund. Mjög ólíklegt er, að á slíkri ráðstefnu, þótt af henni verði árið 1973 eða síðar, fáist endanleg niðurstaða um alþjóðafiskveiðilögsögu. Hitt er ljóst, að því fleiri þjóðir sem fyrir ráðstefnu þessa hafa helgað sér stærri landhelgi en 12 mílur, því minni verður hættan á, að 12 mílna reglan verði þar samþykkt sem alþjóðalög. Vissulega ber okkur að taka þátt í starfi á vegum Sameinuðu þjóðanna að lausn landhelgismála og hafa þar sem annars staðar fulla samstöðu með þeim þjóðum, sem krefjast víðáttumikillar landhelgi. En við höfum ekki tíma til að bíða eftir óvissu ráðstefnuhaldi, og enn þá óvissari úrslitum slíks ráðstefnuhalds, meðan fiskimiðin umhverfis land okkar eru í bráðri hættu af ofveiði og mengun. Í sívaxandi mæli stefna nú aðrar þjóðir flotum sínum á íslenzk fiskimið. Lífshagsmunir okkar eru í húfi, og okkur ber bæði réttur og skylda til að vernda þá.

Stjórnarsinnar halda því fram, að þar sem við Íslendingar séum löghlýðin smáþjóð, getum við ekkert haft við það að athuga að skjóta hugsanlegum aðgerðum okkar í fiskveiðilögsögumálum til alþjóðadómstóls og hlíta úrskurði hans. Slík afstaða þýðir í raun, að við séum bundnir í málinu um ófyrirsjáanlega framtíð og fáum okkur hvergi hrært. Alþjóðadómstóll mundi vafalaust dæma eftir því, sem hann teldi almennasta venju. Slík viðmiðun er að vísu breytingum háð, en þær breytingar eru seinvirkar og dómstólar oftast íhaldssamir og fremur á eftir þróuninni en undan. Þessar breytingar gerast með því móti, að einstök ríki eða ríkjahópar taka sér aukinn rétt, ætíð með einhliða ákvörðun, og þegar slík ríki eru orðin mörg, hafa þau unnið hinum aukna rétti hefð. Fullvíst má telja, að ef útfærsla okkar í 12 mílur árið 1958 hefði verið borin undir alþjóðadómstól, hefði hann á þeim tíma dæmt hana ólöglega og aðeins talið fjögurra mílna landhelgi heimila að alþjóðalögum. Með djarflegri ákvörðun áttum við drjúgan þátt í þeirri þróun, sem varð á næstu árum. Nú mundi alþjóðadómstóll vafalaust fallast á 12 mílna landhelgi, en trúlega alls ekki stærri enn sem komið er. Það er því fráleitt með öllu að ætla að bera ákvarðanir okkar um stækkaða landhelgi undir alþjóðadómstólinn í Haag, enda er með því algerlega vikið frá þeirri meginhugmynd, sem landgrunnslög okkar frá 1948 byggjast á, að við höfum lögsögurétt yfir landgrunninu öllu.

Sú stefna stjórnarflokkanna að una samningnum við Breta frá 1961 og málskoti til Haag-dómstólsins er sönnun þess, að þeir ætla sér ekki að gera neitt að gagni í fiskveiðilögsögumálum. Í dag engu síður en árið 1958 er það undir þjóðinni sjálfri komið, fólkinu í landinu til sjávar og sveita, hvort fiskveiðilögsagan verður færð út í 50 mílur á næsta ári eða ekki. Áhugamenn um þetta mál um land allt, látið fulltrúa stjórnarflokkanna verða þess rækilega vara, að þið ætlizt til aðgerða í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Með fundasamþykktum, undirskriftum og á annan hátt getið þið tekið kröftuglega undir kröfurnar um uppsögn landhelgissamningsins við Breta, um 50 mílna fiskveiðilögsögu og 100 mílna mengunarlögsögu. Það er enn hægt, þrátt fyrir mistök forustumanna stjórnarflokkanna, að ná víðtækri samstöðu um þetta stórmál, mynda um það þá þjóðareiningu, sem dugar til sóknar og sigurs. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til utanrmn. með 43 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 638, n. 843, 694).

Forseti (BF): Ég vil láta þess getið, áður en umr. lýkur, að hæstv. forsrh. hefur afhent mér skriflega till. til rökstuddrar dagskrár varðandi dagskrármálið. Till. hljóðar þannig:

„Þar sem Alþ. hefur á þessum fundi samþ. þáltill. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið, sem mótar stefnuna í landhelgismálinu, telur Alþ., að ekki sé þörf á að samþykkja þessa till., og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 7. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 894 samþ. með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PJ, PS, SI, StG, SvG, EKJ, AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, BGuðm, BrS, BF.

nei: EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, StH, BFB, BJ, BP, EðS.

Þingsályktunartillaga, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Mengun frá álbræðslunni í Straumi.

Á 2. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumi [16. mál] (A. 16).

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 5. fundi í Nd., 26. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þeir, sem gengið hafa um Álftanes eða aðra staði í nágrenni Straumsvíkur í sumar og horft í átt til iðjuversins mikla, hafa á lognkyrrum dögum séð bláleitan, rykmettaðan hjúp grúfa yfir bræðslunni og þyrlast býsna hátt í loft upp. Þarna er um að ræða útblástursloft frá verksmiðjunni með ákaflega miklu magni af úrgangsefnum. Það var sannarlega ekki að undra, þótt héraðslæknirinn í Hafnarfirði mælti svo fyrir, að barnaheimili, sem haft var á þessum slóðum, skyldi hætta starfsemi sinni. En menn hafa ekki aðeins haft mengunina fyrir augunum á þennan hátt í landi því, sem kennt hefur verið við hreint loft. Fólk í Hafnarfirði og á Álftanesi hefur í sumar fylgzt með gróðum sínum af vaxandi áhyggjum. Trjágróður hefur dafnað óeðlilega illa, reynir, birki, víðir, heggur, hlynur og ribs, laufið varð rauðbrúnt á jöðrunum, ungir sprotar vanskapaðir, börkurinn skorpinn, toppar visnaðir og lauf féll sums staðar þegar í júlíbyrjun. Allt leiddi þetta til þess, að Ingólfur Davíðsson grasafræðingur var fenginn til að athuga gróðurinn, og niðurstaða hans varð sem kunnugt er sú, að hér væri um flúormengun að ræða, eituráhrif, sem væru á svo háu stigi, að gróður þyldi þau ekki. Vilji hv. alþm. sjálfir kynnast þessum áhrifum, skal þeim ráðlagt að skreppa suður að Straumi og fá að líta á trjálund, sem Ragnar Pétursson kaupfélagsstjóri í Hafnarfirði hefur ræktað umhverfis sumarbústað undanfarna tvo áratugi. Þar eru myndarleg grenitré, 16—17 ára gömul, að deyja hægfara dauða, sprotarnir brúnir og nýgræðingar margir albrúnir.

Þessar frásagnir um mengunina frá álbræðslunni í Straumi hafa vakið mjög almenna athygli manna á meðal og mikil blaðaskrif. Samt þurfa þessar afleiðingar ekki að koma á óvart neinum þeim, sem deili veit á reynslu annarra. Álbræðslur hafa verið starfræktar í heiminum í nærfellt heila öld, og það hefur lengi verið vitað, hver áhrif flúorvetni og önnur úrgangsefni, sem losna við rafgreininguna, hafa á umhverfi sitt. Slík reynsla er til að mynda tiltæk frá nágrannalandi okkar, Noregi, þar sem barrskógar dóu af mengun á svæðum, sem náðu 10—20 km í allar áttir frá bræðslunum. Þessi reynsla hefur leitt til þess, að hvarvetna í Evrópulöndum og í Vesturheimi hafa lengi verið reglur um hreinsitæki í álbræðslum, þ. e. hvarvetna nema á Íslandi. Raunar þurfa Íslendingar ekki að leita til annarra landa til þess að fá reynslu af áhrifum flúorvetnis, þess úrgangsefnis frá álbræðslum, sem mest er rætt um. Hér á landi losnar flúor einatt, þegar eldfjöll gjósa, og er nýjasta reynsla okkar Íslendinga af slíkum eituráhrifum frá þessu ári. Hægfara flúoreitrun lýsir sér á áhrifaríkastan hátt með breytingu á bandvefjum og beinum, kalk sezt í liðböndin, og beinaukar myndast, og koma þær breytingar mjög fljótlega fram á tönnum. Hjá sauðfé eru þessir mengunarsjúkdómar nefndir gaddur, og þarf ég ekki að rifja upp fyrir hv. alþm., hvert tjón hefur af þeim hlotizt. Allar þessar staðreyndir hafa lengi verið kunnar, og allar þessar staðreyndir voru raktar ítarlega, þegar álbræðslufrv. lá fyrir þingi veturinn 1965—1966. Fjallað var um þessa hlið málsins í umr. bæði í Nd. og Ed., en ítarlegasta og málefnalegasta ræðu um þetta efni flutti Alfreð Gíslason læknir í Ed. 29. apríl 1966. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, tilgreina nokkur atriði úr ræðu Alfreðs Gíslasonar um áhrif flúors á mannslíkamann. Alfreð sagði:

„Það er algengt í heiminum, að flúorvetni og önnur uppleysanleg flúorsambönd valdi mönnum heilsutjóni og dauða, enda eru þau talin í röð allra sterkustu eiturefna, sem til eru. Sjúkdómseinkennin, sem þessar eiturtegundir valda, geta verið með margvíslegu móti og fara aðallega eftir því, hvernig efnin berast inn í líkamann. Ef áhrifin eru sterk og snögg og verka á líkamann utan frá, erta þau og særa húð og slímhúðir, geta valdið brunasárum á húð og skaddað stórlega slímhúðir, valdið lungnakvefi með hósta og andarteppu og fleiri hastarlegum einkennum. Þessi tegund eitrunar þekkist svo sannarlega í sambandi við rekstur álmverksmiðja. Berist flúorefnin inn í líkamann í gegnum meltingarfarveginn, verða einkennin önnur, aðallega frá innyflunum og valda oft bráðum bana. Ég get þessa, þótt þetta vilji kannske ekki oft til eða jafnvel mjög sjaldan í sambandi við álmverksmiðjur. Þetta er sú bráða eitrun, sem fylgir sterkum áhrifum flúors.

Hægfara flúoreitrun er til, og hún lýsir sér fyrst og fremst með mjög sérkennilegum breytingum í beinum líkamans og bandvef. Beinin verða eins og mölétin, beinaukar vaxa út úr beinunum hér og þar, og kalk sezt í liðaböndin. Þessu fylgja ýmiss konar þrautir og óþægindi. Þessi tegund eitrunar, sem nefnd er fluorosis, þessi hægfara eitrun, er algeng í sambandi við verksmiðjurekstur. Frægust er þessi tegund flúoreitrunar sem atvinnusjúkdómur í krýolítverksmiðjunum í Dan-

mörku, og það var einmitt landi okkar, Skúli Guðjónsson, sem var annar þeirra vísindamanna, sem fyrstir bentu á samhengið milli flúors og þessa sjúkdóms.

Flúorinn og sambönd hans eru, eins og ég hef tekið fram, mjög eitruð. Ef 70 kg þungur maður neytir 5—10 g af uppleysanlegu flúorsalti, er honum dauðinn vís innan fárra klukkustunda. Ef flúorvetni í andrúmsloftinu nær því að vera 100 mg í einum rúmmetra, þolir það enginn maður í eina mínútu. Sé magnið fjórum sinnum minna eða 25 mg í rúmmetra, má þola það í nokkrar mínútur. Þessar tölur sýna, hve baneitrað efni er hér um að ræða, og það er einmitt flúorefni, sem mest ber á í sambandi við rekstur álmverksmiðjanna.

Hvað snertir hina hægfara eitrun má upplýsa það, að ef maður fær í sig 20—30 mg af flúor daglega í 10—20 ár, fær hann örugglega áðurnefndan beinasjúkdóm á háu stigi. Þessi möguleiki er til alls staðar, þar sem flúorefni finnast, og verður að staðreynd, ef aðgæzla er ekki höfð. — Allir þeir menn, sem vinna í þessum verksmiðjum, eiga á hættu flúoreitrun, bráða eða hægfara, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar þeim til verndar. Sama og svipað gildir um fólk, sem býr í nágrenni verksmiðjanna. Það verður fyrir óheilnæmum áhrifum, ef strangrar varúðar er ekki gætt, og það að staðaldri."

Þannig skýrði Alfreð Gíslason læknir frá áhrifum flúoreitrunar, bráðrar eða hægfara, á mannslíkamann í samræmi við sérþekkingu sína á læknisfræði. En í þessu sambandi er vafalaust ástæða til að leggja áherzlu á, að læknisvísindin þekkja þessi áhrif engan veginn til hlítar enn sem komið er. Reynslan hefur sýnt, að mjög er erfitt að sannreyna efnafræðileg áhrif á þá fíngerðu efnaverksmiðju, sem mannslíkaminn er. Til að mynda urðu vísindamenn að hagnýta tölfræði til þess að sanna áhrif sígarettureykinga og samband þeirra við krabbamein í lungum. Það er ekki fyrr en á síðustu árum, að menn hafa gert sér grein fyrir því, hver áhrif mengun á andrúmslofti í stórborgum, m. a. frá útblástursrörum bifreiða, hefur á menn. Menn hafa til skamms tíma kunnað deili á þeim áhrifum einum, sem koma fram þegar í stað eða fljótlega og birtast sem skilgreinanlegir sjúkdómar. En önnur áhrif geta verið fíngerðari en svo, að mönnum hafi enn tekizt að sýna fram á þau. Þau geta engu að síður haft áhrif á líðan manna og almennt heilsufar, langlífi, andlega og líkamlega hæfileika og erfðir. Því er ástæða til að ætla, að hættumörk þau, sem vísindamenn hafa til skamms tíma gert grein fyrir, séu allt of rúm, hætturnar séu mun meiri. En hvað þá um hina sérstöku hættu í álbræðslunni í Straumsvík? Er það magn af eiturefnum, sem þaðan berst, þrátt fyrir allt ekki minna en svo, að ástæða sé til að hafa áhyggjur af því, þrátt fyrir það þótt barrtré séu að deyja í nánd við bræðsluna og gróður sé sjúkur í Hafnarfirði og á Álftanesi? Ástæða er til að gera grein fyrir því, að hér er sannarlega ekki um lítið magn að ræða. Við framleiðslu á bráðnu áli með rafgreiningu eru notuð sem hvatar flúorsamböndin kryolít og alúmíníumflúoríð. Flúormagnið í þessum efnasamböndum báðum er mjög mikið, meira en helmingur. Við bræðsluna losnar flúormagn, sem nemur 35 g á hvert kg af áli. Miðað við 40 þús. tonna ársframleiðslu á áli, eins og nú er í Straumi, losnar flúormagn, sem nemur hvorki meira né minna en 1400 tonnum á ári. Af þessu magni berast um 70% burt með ræstiloftinu, mestmegnis sem flúorvetni. Það magn, sem þannig berst beint út í andrúmsloftið, er því um 980 tonn á ári, 2700 kg á hverjum sólarhring, yfir 100 kg á hverri klukkustund. Það eru hátt í 3 tonn af flúorvetni, sem sáldrast yfir umhverfi álbræðslunnar hvern einasta sólarhring allt árið.

Þegar búið verður að tvöfalda verksmiðjuna, tvöfaldast einnig þetta eiturmagn. Ef ekki verður að gert, kemst það magn, sem þá berst út í andrúmsloftið, upp í 1960 tonn á ári eða 5400 kg á hverjum sólarhring. Hér er sannarlega ekki um neina smámuni að ræða.

Því hefur verið haldið fram, að þessi eituráhrif breiðist yfir stærra svæði hér en víðast hvar annars staðar og áhrifin á hverjum bletti verði því minni, vegna þess hversu vindasamt er hér á landi og sérstaklega á Reykjanesi. Vafalaust er nokkuð til í þessu. En önnur staðreynd vegur á móti. Flúorvetni samlagast vatni mjög greiðlega, og þegar rignir, mun flúorvetnið í ræstiloftinu úr verksmiðjunni falla niður með regnvatninu svo til 100% á næsta takmörkuðu svæði. Reykjanesskaginn er mikið rigningarsvæði, og því er ástæða til að ætla, að úrfellið úr reykskýinu frá álbræðslunni sé oft mjög mikið og tiltölulega sterkt.

Hér hefur aðeins verið rætt um flúorvetni, en mörg fleiri úrgangsefni losna við álbræðslu og óhreinka umhverfið. Má þar nefna tjöruefni, brennisteinssambönd, áloxýðryk, kryolít, kolsýru og kolsýring. Ráðamenn álbræðslunnar í Straumi hafa greint svo frá, að magn allra þeirra rykefna, sem berast í umhverfið frá álbræðslunni, sé fjórfalt eða fimmfalt meira en magnið af flúorvetni einu saman. Þannig dreifast 10—13 tonn rykefna með ræstiloftinu frá verksmiðjunni hvern einasta sólarhring, um það bil ½ tonn á hverri einustu klst. allan ársins hring. Flúorvetnið hefur vakið mesta athygli þessara úrgangsefna, vegna þess hversu auðvelt er að sýna fram á eitrunaráhrifin, m. a. á gróðri. En áhrif frá öðrum úrgangsefnum kunna að reynast engu síður skaðsamleg, þegar til lengdar lætur. Þær staðreyndir kunna að koma betur fram alveg á næstunni, eftir því sem þeim mengunarrannsóknum fleygir fram, sem nú eru stundaðar af sívaxandi áhuga víða um heim.

Þegar upphaflega var rætt um álbræðslusamninginn, var lögð þung áherzla á nauðsyn þess, að komið yrði upp fullkomnum hreinsitækjum þegar í upphafi. Þeirri kröfu var þó hafnað, bæði af svissneska álhringnum og íslenzkum stjórnarvöldum. Rökstuðningurinn fyrir þeirri neitun var sá, að þótt vissulega væri um mengun að ræða, væri landið umhverfis Straumsvík svo ómerkilegt, eyðilegir hraunflákar og óræktarmóar, að engum gerði neitt til, þó að þeir menguðust. Mengunin næði varla til Hafnarfjarðar svo að nokkru næmi, en ef svo færi, tók auðhringurinn að sér að greiða mönnum bætur. Þetta sjónarmið, að land, sem ekki er ræktað til nytja, sé ómerkilegt, ætti að vera enn fjarlægara mönnum nú en það var fyrir fimm árum. Flestum Íslendingum er nú að verða það ljóst, að einhver dýrmætasta eign þeirra er einmitt þetta ósnortna, hreina land. Sumir reikna þessa eign til peninga sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn í mengaðri veröld, og víst mun auðvelt að reikna út, að það sé hæpinn ábati að láta eitra þetta land í sparnaðarskyni fyrir erlent auðfélag. Samt eru þau verðmæti margfalt meiri, sem ekki verða reiknuð til fjár, sú sálubót og líkamsgleði, sem það er að

dveljast úti í þessari náttúru. Ég hef sjálfur átt marga ánægjulega daga á þeim slóðum, þar sem rykefnin frá álbræðslunni falla nú hvað þéttast dag hvern. Og ef menn hugleiða málið frá þessu sjónarmiði, skyldu þeir leiða hugann að því, hvernig land okkar verður orðið, þegar hér eru risin þau 20 álbræðsluver, sem einn af leiðtogum Sjálfstfl. taldi, að okkur bæri að keppa að í náinni framtíð.

En raunar voru það ekki mismunandi viðhorf til náttúruverndar, sem ollu því, að ekki voru höfð hreinsitæki í álbræðslunni í Straumsvík, heldur ein saman peningasjónarmið, bæði hjá svissneskum valdamönnum og íslenzkum. Svissneski auðhringurinn vildi losna við að koma upp hreinsitækjum, vegna þess að þau eru mjög dýr, bæði í stofnkostnaði og rekstri, og meðan málið var á samningastigi, sögðu ráðamenn Alusuisse ofur einfaldlega við íslenzk stjórnarvöld, að ef þau vildu hreinsitæki, yrðu þeir að fá enn hagkvæmari samninga að því er varðar raforkuverð og önnur kjör. Þetta kemur mjög glöggt fram í skýrslu stóriðjunefndar um viðræðurnar við Svisslendinga á sínum tíma. Þá var m. a. um það rætt, hvort álbræðslan ætti heldur að rísa við Eyjafjörð eða Straumsvík. Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, sem var einn af samninganefndarmönnum, sagði svo um það atriði, sem úrslitum réð, í grein í Tímanum 28. febr. 1965, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig virðist mega áætla, að alúmíníumverksmiðja mundi kosta a. m. k. 100 millj. meira fyrir norðan en fyrir sunnan Hafnarfjörð. Þetta stafar m. a. af því, að nauðsynlegt er að setja fullkomnustu hreinsunartæki fyrir flúor í verksmiðjuna fyrir norðan, en síður í hrauninu á Suðurnesjum. Má því telja ólíklegt, að unnt yrði að ná jafnhagkvæmum samningum um orkuverð við Svisslendinga, ef verksmiðjan er fyrir norðan, og ef hún er staðsett fyrir sunnan."

100 millj. kr. 1965 jafngilda yfir 200 millj. kr. nú tveimur gengislækkunum síðar. Og það var þessi upphæð, sem réð úrslitum um það, að álbræðslan var byggð í hrauninu á Suðurnesjum, þar sem síður þurfti hreinsitæki, eins og það var orðað. Að öðrum kosti hefðu hreinsitækin haft áhrif á samningana um orkuverð, að sögn Steingríms Hermannssonar. Það verð, sem Svisslendingar greiða fyrir raforkuna og stendur ekki undir tilkostnaði okkar, ef rétt er reiknað, eins og sannað var í umr. hér á þingi í fyrra, hefði orðið enn þá lægra, ef hinir erlendu eigendur hefðu orðið að setja upp hreinsitæki í öndverðu. Þegar meta skal raforkusamningana, er mengunin í Straumsvík, þau 2700 kg af flúorvetni, sem sáldrast yfir umhverfið hvern sólarhring, einnig þáttur í því dæmi.

Í till. þeirri, sem ég flyt hér ásamt hv. þm. Geir Gunnarssyni, er lagt til, að deildin skori á hæstv. ríkisstj. að mæla svo fyrir, að þegar í stað verði sett upp sem fullkomnust hreinsitæki í álbræðslunni í Straumsvík. Ástæða er til að greina frá því, að enn eru ekki til hreinsitæki, sem firra allri mengun. Tækin geta aðeins takmarkað hana. Sérstaklega er erfitt að koma hreinsun við í sambandi við þá opnu ofna, sem hér eru notaðir. Í Noregi eru hins vegar yfirleitt notaðir lokaðir ofnar, svo kallaðir Suterbergsofnar, þar sem auðveldara er að ná tökum á rykefnunum. Hins vegar er unnið mjög ötullega að því að fullkomna þessi hreinsitæki, og í því sambandi er lagt í mjög stórfelldan kostnað, m. a. í Noregi. 17. okt. s. l. las ég t. d. í Alþýðublaðinu frétt um það, að iðnrh. Norðmanna, Walter Rostoft, hefði tilkynnt í norska þinginu daginn áður, að frá og með áramótum yrði álverinu í Ardal, þar sem hreinsitæki eru að sjálfsögðu, gert að verja 50 millj. norskra kr. eða um 600 millj. ísl. kr. til þess að minnka flúormagn það, sem berst frá verksmiðjunni út í andrúmsloftið, úr 57 niður í 50 kg á klst. Einnig kom það fram í fréttinni, að nefnd, sem fjallar um skaðsemi mengunar frá iðjuverum, hefði talið nauðsynlegt að minnka flúormagnið niður í 40 kg á klst., en ráðamenn verksmiðjunnar hefðu ekki talið sig kunna ráð til þess nema með því að takmarka framleiðsluna sjálfa, segja upp starfsmönnum og draga úr tekjum af álbræðslunni. Til samanburðar við þessa norsku frétt þurfa menn að minnast þess, að magn flúorvetnis frá álbræðslunni í Straumi er nú þegar yfir 100 kg á klst., nærri því þrefalt meira en það magn, sem norska öryggisnefndin setur, yfir tvöfalt meira en mengunin frá hinni stóru verksmiðju í Ardal.

Umræður þær, sem urðu um þessi atriði 1965 og 1966, höfðu þrátt fyrir allt nokkur áhrif, enda var tekið undir varnaðarorðin af ýmsum sérfróðum aðilum. Skógrækt ríkisins gerði grein fyrir reynslu Norðmanna, og Jón Sigurðsson, borgarlæknir í Reykjavík, hvatti mjög til þess í áliti sínu, að ýtrasta öryggis yrði gætt. Af þessum sökum var kerskálinn í Straumi byggður þannig, að hægt er að koma fyrir hreinsitækjum, án þess að breyta þurfi byggingunni. Þá eru í 12. og 13. gr. álsamningsins ákvæði um skyldur ISALs í þessu sambandi. Þegar samningurinn var gerður, þóttu mörgum þm. þessi ákvæði of óljós og loðin, en hæstv. iðnrh. lýsti þá yfir því, að hann teldi ákvæðin fullkomlega skýr. Í þeim fælist skylda álbræðslunnar til að koma upp hreinsitækjum, ef þess yrði krafizt af íslenzkum stjórnarvöldum. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh., hvort hann sé ekki enn sömu skoðunar og þá, að íslenzk stjórnarvöld geti tekið ákvörðun um þetta atriði og tryggt, að sú ákvörðun verði framkvæmd. Og í annan stað vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann sé ekki nú sjálfur orðinn þeirrar skoðunar, að óhjákvæmilegt sé að koma upp fullkomnum hreinsitækjum án tafar. Skýr vitneskja um afstöðu ríkisstj. mun að sjálfsögðu greiða fyrir meðferð þessarar till.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til, að till. verði að loknum þeim umr., sem hér verða að þessu sinni, vísað til hv. menntmn. Í till. er fjallað um náttúruvernd og mengun, og menntmn. hefur farið með þá málaflokka.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Efni þessarar þáltill. er það, að tafarlaust verði komið upp fullkomnum hreinsitækjum í álbræðslunni í Straumsvík til þess að takmarka mengun svo sem kostur er. Fyrir nokkru flutti hv. 1. þm. Norðurl. v. till. til þál. hér í þinginu, þar sem sagt er:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um ráðstafanir til varnar gegn skaðlegri mengun í lofti og vatni."

Þetta er um almenn ákvæði, sem hvatt er til, að sett sé löggjöf um, og segir m. a. í grg. fyrir þeirri till., með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta böl, þ. e. mengunin, hefur enn að mestu leyti sneitt hér hjá garði. Þó hefur þegar orðið vart nokkurrar mengunar hér. Það eru þó smámunir hjá því, sem annars staðar er. Enn er loftið hér hreint og tært, landið tiltölulega hreint og vötn og sjór að mestu laus við mengun. En hættan er hér augljós og vaxandi, eftir því sem verksmiðjum fjölgar og iðnvæðing færist í aukana. Hér þarf því að vera vel á verði og gera í tæka tíð viðeigandi varnarráðstafanir. Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Við megum ekki glata þeim auði, sem við eigum í óspilltri náttúru. Við megum ekki láta mengun spilla lífinu í sjónum við strendur landsins. Við megum ekki láta spilla hinu hreina andrúmslofti. Við megum ekki láta óhreinindi og mengun eyðileggja hinar dýrmætu ár okkar og fiskivötn. Hér má ekki sofa á verðinum. Það þarf þegar að rannsaka, hvernig ástatt er."

Hér eru sömu sjónarmið á ferðinni og felast í þessari till., sem hv. 6. þm. Reykv. var nú að mæla fyrir, og ég trúi ekki öðru en það sé skoðun yfirgnæfandi fjölda alþm., að hér eigi menn að vera á verði, hvar sem bólar á slíkri hættu, sem auðsjáanlega bólar nú á í álverksmiðjunni í Straumsvík. Við getum ekki beðið eftir nýrri löggjöf samkv. þessari till. hv. þm. Ólafs Jóhannessonar, því að nú þegar er komið í ljós að ákaflega sterkar líkur eru fyrir því, að stórkostleg hætta sé þegar komin upp út frá verksmiðjunni í Straumsvík. Hvað gerum við, ef við erum hrædd um, að sjúkdómar berist til landsins? Ég held, að það séu allir samtaka um það að gera ráðstafanir til að forðast það, að slík hætta nái til þjóðarinnar. Hér er hætta risin upp innanlands. Eigum við síður að vera á verði, þegar slíkt á sér stað? Ég tek því fyllilega undir það, sem sagt er í grg. þessarar till., og að sjálfsögðu efni till. í heild. Mér sýnist það óskapleg óaðgæzla vægast sagt, ef ekki eru þegar í stað gerðar ráðstafanir til þess að varna því, að hættan, sem sýnist vera yfirvofandi og jafnvel komin nokkuð áleiðis, geti haldið áfram. Við verðum að sýna þessu máli alveg sömu árveknina og umhyggjuna eins og um mannskæða sjúkdóma sé að ræða, sem kunna að berast til landsins eða koma upp innanlands.

Ég get ekki neitað því, að mér fannst, þegar álsamningurinn var til umr. hér á hv. Alþ., vera tekið heldur vægum tökum á þessu vandamáli um mengunarhættuna. Ég minnist þess, að það fylgdi því máli kort af umhverfi Straumsvíkur, sem átti að sýna, hvað mengunin gæti borizt langt út frá þessari verksmiðju. Það var dreginn hringur — ég man ekki í hve margra km fjarlægð frá sjálfri verksmiðjunni, hvort það var 3 eða 3½ km eða eitthvað þess háttar, — dreginn hringur, sem átti að sýna þetta á korti. En viti menn. Þegar hringurinn kom að Hafnarfirði, þá stoppaði hann allt í einu og dregin er bein lína út í sjó. Ég gerði þetta að umtalsefni þá. Af hverju var stoppað með hringinn þarna á kortinu? Það var af því, að ef haldið hefði verið áfram með þennan hring, þá náði hann inn í miðjan Hafnarfjörð. M. ö. o., hættan var strax yfirvofandi í Hafnarfirði að dómi þeirra, sem gerðu þetta kort. En það mátti ekki sýna hringinn, að hann næði inn í Hafnarfjörð. Mér fannst þetta vægilega á hlutunum tekið þá. Nú er komið í ljós, að maður verður að álíta eftir grg. Ingólfs Davíðssonar grasafræðings, að hættan nái nú inn í Hafnarfjörð eða lengra. Ég vil því sérstaklega taka undir þau hvatningarorð hv. flm., að þegar í stað verði gerð krafa um það, að hreinsitæki verði sett upp á álverksmiðjunni í Straumsvík, af því að við megum ekki við því að bíða eftir því mikið lengur, að þetta verði gert. Við megum ekki bíða eftir, að miklu alvarlegri hlutir gerist en eru nú þegar að koma í ljós. Ég vona og treysti því, að hv. alþm. verði hér vel á verði og lýsi fullum stuðningi við þetta mál.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er mjög mikill misskilningur, og ég vil harðlega mótmæla því, að það hafi verið tekið vægum tökum á því máli að verjast mengunaráhrifum frá álbræðslunni í Straumsvík, þegar málið var til meðferðar hér á Alþ. og í samningunum við Alusuisse. Öll saga þessa máls ber því vitni. Ég svaraði hér á Alþ. 1. marz 1967 fsp. frá þáv. alþm. Alfreð Gíslasyni lækni mjög ítarlega og rakti þá sögu þess, á hvern hátt hefði verið unnið að því að gera samningana þannig úr garði, að við gætum á sem beztan hátt varizt áhrifum mengunar frá álbræðslunni. Ég vil vænta þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort sem það verður nú menntmn. eða önnur n., hafi fyrir því að kynna sér sögu málsins, en láti ekki staðar numið við svona fullyrðingar eins og síðasti hv. ræðumaður hafði hér um hönd að þessu leyti. Þar voru með í ráðum heilbrigðisyfirvöld í Reykjavík og Hafnarfirði og heilbrigðisyfirvöld landsins. Sérfræðingar, sem við áttum völ á til ráðuneytis, voru til kvaddir og auk þess óvilhallir sérfræðingar frá Noregi. Einnig voru lagðar fram af hálfu viðsemjendanna mjög ítarlegar, sérfræðilegar og vísindalegar grg. annarra aðila í sambandi við þetta mál.

Hv. 6. þm. Reykv. spurði um það, hvort ég væri ekki þeirrar sömu skoðunar nú eins og ég var, þegar við ræddum álsamningana, að íslenzk stjórnvöld hefðu það í sinni hendi að krefjast þess, að sett væru upp reykeyðingartæki í verksmiðjunni. Þessu svara ég afdráttarlaust játandi. Um það eru bein ákvæði, samningsákvæði, eins og kunnugt er, að ISAL beri að koma upp reykeyðingartækjum í álbræðslunni, ef þess er talin þörf, og það er auðvitað á valdi íslenzkra stjórnvalda að ákveða það, þegar og ef niðurstöður rannsókna sýna, að hér sé um hættu að ræða. En hv. alþm. eru orðnir þess sinnis hér, að við höfum ekki ráð á því að bíða. Ja, ráð á að bíða eftir hverju? Við höfum ekki ráð á því að bíða eftir niðurstöðum rannsókna um það mál, sem verið er að ræða. Ingólfur Davíðsson gerði rannsóknir í sumar, þrjár rannsóknir. Þær sýndu flúormengun í þessum þremur tilfellum. Það situr að störfum rannsóknarnefnd, eins og kunnugt er, varðandi hugsanlega mengun frá álbræðslunni. Í henni eiga sæti tveir aðilar frá Svisslendingunum og aðilar frá íslenzku ríkisstj. Annar er forstjóri Rannsóknastofnunar iðnaðarins, og hinn er prófessor Lydersen, sem er formaður norska reykráðsins og sérstaklega tilnefndur af hálfu iðnrh. Áður en nokkur starfsemi hófst, gerði þessi nefnd miklar rannsóknir á jarðvegi, vatni og gróðri, bæði nær og fjær og alla leið upp í Borgarfjörð, til þess að þær niðurstöður, sem úr þeim rannsóknum fengjust, lægju fyrir til samanburðar við aðrar rannsóknir, eftir að verksmiðjan hæfi starfsemi sína. Eftir að verksmiðjan hóf starfsemi sína hafa verið gerðar áframhaldandi rannsóknir. Þetta

er fyrsta sumarið, sem verksmiðjan starfar, og þessi nefnd situr á rökstólunum í þessari viku til þess að fara yfir þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið, bæði á mjög víðáttumiklum svæðum nær og fjær verksmiðjunni á mismunandi tímum, sumar daglega, og á rigningarvatni, jarðvegi og á gróðri. Það eru þess vegna alveg á næstunni væntanlegar niðurstöður um það, hvaða hætta hér sé á ferðinni. En má ekki bíða eftir þessu? Nei, af því að það hefur verið gerð einhver rannsókn á þremur plöntum og fundizt í þeim flúor, þá á það að vera nóg, og af því að hv. 6. þm. Reykv. telur sig hafa séð frá Álftanesinu bláan mökk yfir álbræðslunni á skemmtigöngu sinni þar. Við þurfum ekki að deila um það hér, að það er sjálfsagt að gera allar þær varúðarráðstafanir, sem tiltækar eru hér, og kröfugerð í þeim efnum getur ríkisstj. gert og hefur vald til að láta framkvæma samkv. þeim samningum, sem við höfum gert. Um þetta eru engar deilur og eiga ekki að þurfa að vera neinar deilur.

Ég tel alveg sjálfsagt, að þessi till. fari til n., og ég hygg, að sú n. geti einmitt fengið til meðferðar niðurstöður þeirra rannsókna, sem gerðar hafa verið á vísindalegan hátt og af sérfræðingum á þessu sviði, um mengunarmagnið frá Straumsvík, og vel kann svo að fara, — um það skal ég ekkert segja, — að talið verði, þegar rannsóknir liggja fyrir, að það sé komið að þeim tíma, að við eigum að krefjast þess, að reyktæki séu sett upp.

Eins og menn muna, gengu Svisslendingarnir inn á það meðan á samningaumleitunum stóð að breyta byggingu álverksmiðjunnar þannig, að það væri hægt að setja reyktækin upp án nokkurrar rekstrartruflunar eða frekari tilkostnaðar við bygginguna. Þetta hafði í för með sér nokkurn kostnað. Áætlað var, að það mundi þá hafa í för með sér viðbótarkostnað upp á um 30 millj. kr. Talið var, að til viðbótar mundu reyktækin, ef þau yrðu sett upp, kosta, ef ég man rétt, um 60 millj. kr. Við sjáum nú í hendi okkar, að í sjálfu sér hefur þessi fjárupphæð enga úrslitaþýðingu um arðsemi fyrirtækis, sem kostar 4000—5000 millj. kr., enda er gengið inn á það í samningunum, að skylda sé að setja slík tæki upp, ef hætta er á mengun. Þess vegna er allt fyrir hendi og í höndum íslenzkra stjórnvalda í þessu efni, og þess vegna er algerlega óþarfur og sýndarmennska ein þessi tillöguflutningur. Ég er þó ekkert að amast við honum og læt það gott heita. En þetta er auðvitað í höndum stjórnvalda og ríkisstj., og ég geri ráð fyrir því, að flm. líti svo á, að það sé, úr því að þeir skora á ríkisstj. að mæla svo fyrir, að tafarlaust verði komið upp fullkomnum hreinsitækjum. En auðvitað er það, — og það er, held ég, ekki vefengt, ekki hef ég heyrt það, — að samningarnir fela það í sér. Það er bæði sagt, að ISAL muni gera og skuli gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Og í 13. gr. í reglum um öryggi, heilbrigði og hreinlæti segir, að ISAL skuli byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og heilnæmi og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum. Við getum þess vegna alveg verið rólegir. Við höfum vald til þess, að gerðar séu þarna þær öryggisráðstafanir, sem nauðsynlegar eru.

Ég vil aðeins út af því, að hv. 6. þm. Reykv. varði verulegum tíma ræðu sinnar til þess að vitna í ræðu þáv. alþm. Alfreðs Gíslasonar læknis, um hvað flúor væri eitrað, segja þetta: Það er auðvitað í sjálfu sér alveg utan við þetta efni, en það átti þá að skiljast þannig, að mönnum væri búinn bráður bani, ef verksmiðjan væri byggð, vegna flúorsins, sem kæmi í útblæstrinum, og það á enn að skiljast svo, enda man ég ekki betur en þegar hv. þáv. þm. Alfreð Gíslason flutti þessa efnisríku ræðu, eins og hv. 6. þm. Reykv. orðaði það, að hann hafi í sinni ræðu verið að tala um það, að við mættum búast við því, að við sæjum menn hrynja niður á götunum bæði í Reykjavík og Hafnarfirði steindauða af eitrinu, sem kæmi frá álbræðslunni. Það var nú svona efnisrík ræða. En af þessu tilefni vil ég aðeins segja það, að þegar ég svaraði fsp. þessa hv. þm., sem hann flutti í Sþ., þá vék ég að því, að það hefði verið leitað umsagnar prófessors Axels Lydersens, sem er forstöðumaður Institut for kemiteknik við Tækniháskóla Noregs í Þrándheimi, og umsögn hans, sem ég vitnaði til, er í bréfi til forstjóra Rannsóknastofnunar iðnaðarins, dags. 11. jan. 1966. Þar segir prófessorinn:

„Jeg kjender intet tilfælde af bevidst skade på mennesker i omegnen af aluminiumfabrikker", þ. e.: ég veit ekkert dæmi um, að fram hafi komið tjón á mönnum í nágrenni álverksmiðju. Þetta sagði nú hann. Þó þykir ástæða til að endurflytja hér ræður, sem eiga að skiljast þannig, að það sé í raun og veru mjög lífshættulegt fyrir borgarana, að fyrirtæki eins og álbræðslan sé rekið hér. Ótölulegur fjöldi álbræðslna er rekinn um allan heim og sannast að segja mjög margar án nokkurra hreinsitækja, því að það er misskilningur, að það séu alls staðar hreinsitæki. En það eru líka mjög óljós fyrirmæli um hreinsitæki, eftir því sem við gátum kynnt okkur og ég man eftir, bæði í Noregi, Sviss, Þýzkalandi og víðar.

Ég held því fram, eins og ég er margbúinn að segja, að við höfum það á okkar valdi að láta gera þær ráðstafanir, sem tiltækastar eru, til þess að verjast mengun. Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta. Ég tel ekki, að við þurfum að deila um nauðsyn þess að verjast mengun frá þessu iðjuveri, sem og öðrum iðjuverum, eftir því sem við bezt getum.

Það er alveg rétt, sem fram hefur komið, að hættan af mengun hefur orðið mönnum miklu ljósari í seinni tíð en t. d. 1966 og 1967, þegar við vorum að ræða þessi mál hér á Alþ. Það hefur sérstaklega komið í ljós í hinum stærri borgum, eins og kunnugt er. Þá virtist það ekki vera eins mikið vandamál og það hefur nú sýnt sig að vera.

Ég mun hlutast til um það, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, fái grg. frá þessari mengunarnefnd vegna álbræðslunnar í Straumsvík. Ríkisstj. hefur tvo fulltrúa í þessari nefnd, eins og ég gerði grein fyrir áðan. Nefndin hefur gert mjög ítarlegar undirbúningsrannsóknir, og niðurstöður koma til með að liggja fyrir alveg á næstunni. Ég tel nú, að það sé dálítið barnalegt að vísa þessu máli til menntmn. og vil hreinlega mælast til þess, að hv. flm. fallist á, að málið gangi til iðnn. Hér er um iðnfyrirtæki að ræða, og málið snertir ekki aðeins þetta iðnfyrirtæki, heldur getur það auðvitað komið til með

að hafa áhrif á önnur iðnfyrirtæki. Ég sé ekki að menntmn. eigi samkv. eðli sínu að fjalla um þetta, þó að náttúruverndarmálum hafi verið vísað til hennar. Það mætti þá alveg eins vísa þessu til heilbrn. En eigum við ekki að sættast á að láta málið samkv. eðli sínu ganga til iðnn.?

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Mér finnst nú satt að segja, að það þurfi engan að furða, þó að þetta mál beri hér á góma á Alþ., því að það er áreiðanlegt, að þegar fréttir bárust af því í sumar eða nú síðari hluta sumars, að flúorskaðar sæjust á gróðri í Hafnarfirði, þá rifjaðist eitt og annað upp fyrir mönnum í sambandi við þær umr., sem urðu hér um álbræðsluna árið 1966.

Hæstv. forsrh. vildi gera þó nokkuð úr því, að vel hefði verið staðið að því, um það bil sem álsamningarnir voru til umr., að kanna það, hver gaseitrunin kynni að verða frá álbræðslunni í Straumi. Og ég vil alls ekki gera lítið úr því, að þetta hafi verið kannað. Þetta bar mjög á góma á þeirri tíð. Það er rétt hjá hæstv. ráðh. Og ég býst jafnvel við, að hann, sem fór með þessi mál þá, hafi haft sínar áhyggjur af því máli, og skal ég ekki gera neitt lítið úr því. En hins vegar vil ég meina það, að hann sem forustumaður þessa máls þá og raunar meiri hl. Alþ. hafi ekki gætt þess þá að fara með þeirri varúð, sem nauðsynleg var.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það var gert eitt og annað til þess að upplýsa þetta mál á meðan álsamningurinn var hér til umr. í þinginu og á meðan álmálið var á umræðustigi hér hjá ríkisstj. og Swiss Aluminium, og vissulega kom margt í ljós í þessum athugunum. En hins vegar held ég, að menn hafi dregið nokkuð mismunandi ályktanir af því, sem þessar upplýsingar gáfu til kynna. Ég minnist þess, að eitt af því, sem kom í ljós í þessum upplýsingum og mér fannst þá ákaflega sláandi, var það, að allar verksmiðjur Alusuisse, sem þá voru, ef ég man rétt, 10 eða 11 talsins, allar álbræðslur Swiss Aluminium álhringsins voru búnar gaseyðingartækjum. Hér var um að ræða 10 eða 11 verksmiðjur, sem dreifðar eru um víða veröld. Mér fannst þá, þegar þetta mál var til umr., að þetta gæfi vísbendingu um, að það væri mjög óvarlegt af okkur og óeðlilegt að veita Swiss Aluminium þau fríðindi að byggja álbræðsluna án gaseyðingartækjanna. Það var mjög óeðlilegt, og það var m. a. eitt af því, sem gerði það að verkum, að ég og fleiri flokksmenn mínir hér á Alþ. vorum andvígir þessum samningum. Það var eitt af þeim atriðum ásamt svo mörgum öðrum, sem kannske mátti segja, að væru stærri eða virtust þá vega meira. Ég vil minna á, að það var frá upphafi ákaflega óvarlegt að veita álfélaginu þau fríðindi að hafa ekki gaseyðingartæki á verksmiðjunni, og ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá flm. o. fl., sem hér hafa talað, að það er kominn sá tími, að við eigum að krefjast þess eða neyta þess réttar, sem við höfum samkv. álsamningi og eðli málsins, að krefjast þess, að þessi tæki verði sett upp í álbræðslunni í Straumi. Ef svo er, að verið sé að undirbúa byggingu fleiri álverksmiðja hér á landi, — það hefur verið upplýst, að ríkisstj. standi í samningum, þó að lítið sé um það rætt nú, standi í samningum um það eða kanni möguleika á því að reisa álbræðslu á Norðurlandi, — þá vil ég minna á það, að það er eitt af höfuðatriðunum, höfuðskilyrðunum, að þannig sé gengið frá, að ekki þurfi að óttast gaseitrun í næsta nágrenni verksmiðjunnar. Það var algjörlega óeðlilegur undansláttur, að út í slíkt skyldi farið á sinni tíð. Þetta var óeðlilegt vegna þess, að það gat aldrei haft nein úrslitaáhrif á það, að þetta félag setti hér upp verksmiðjuna. Það gat aldrei haft nein úrslitaáhrif á það, eins og hæstv. ráðh. sagði réttilega hér áðan.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hæstv. iðnrh. sagði hér áðan, að það væri alveg skýlaust og augljóst, að íslenzk stjórnarvöld gætu mælt svo fyrir, að komið yrði upp hreinsitækjum í Straumsvík, og þá yrði að gera það. Þetta er ágæt yfirlýsing, en henni fylgir það einnig, að ef ekki verður ráðizt í framkvæmdir á þessu sviði, þá hvílir ábyrgðin algjörlega á okkur. Ef við höfum þetta vald, eins og hæstv. ráðh. segir, og notum það ekki, þá hvílir ábyrgðin á okkur og að sjálfsögðu sérstaklega á þessum hæstv. ráðh. og rn. hans, sem um þetta mál fjallar.

Hins vegar voru ekki jafnskýr svör hæstv. ráðh. við síðari fsp. minni um það, hvort hann teldi ekki, að nú væri orðið algjörlega tímabært, að slík hreinsitæki yrðu sett upp. Hann taldi nauðsynlegt að bíða eftir frekari rannsókn, sem verið væri að framkvæma og safna gögnum til. En er ekki allt þetta tal um rannsókn þessarar nefndar byggt á algjörum misskilningi? Það þarf ekki að rannsaka það í sjálfu sér, hvort mengun er frá álbræðslu. Það er óþarfi að rannsaka það, því að það er vitað, það er staðreynd, sem hefur verið kunn áratugum saman, og það er hægt að reikna og er ákaflega einfalt að reikna út, hversu mikið af mengunarefnum berst frá verksmiðjunni hverja klukkustund. Þetta vita allir. Það vita allir, hver mengunin er frá verksmiðjunni í Straumsvík. Það þarf ekki að rannsaka. Það eina, sem verið er að rannsaka, er það, hvernig þessi mengun komi fram hér á Íslandi á mismunandi stöðum. Það getur ekki verið neitt deilumál, að mengunin á sér stað. Það er aðeins verið að rannsaka, hvar hún birtist, hvernig hún birtist, hvernig hún kemur fram hérna í samanburði við það, sem hún gerir annars staðar. En mengunin sjálf er ekkert rannsóknarefni, og einmitt þess vegna er það ekki aðeins tímabært nú, heldur var það tímabært, þegar samningurinn var gerður, að mæla svo fyrir, að þarna yrðu hreinsitæki.

Það er alveg rétt, sem ég sagði í upphaflegri ræðu minni, að þetta fyrirkomulag, sem hér er haft, er algjört einsdæmi hjá álbræðslum þessa iðnfyrirtækis í Evrópu og Ameríku. Ég spurði aðalframkvæmdastjóra Alusuisse að þessu sjálfan. Ég hitti hann, þegar hann kom hingað heim einu sinni, og spurði hann um þetta, og hann sagði, að þetta væri algjört einsdæmi, þetta fyrirkomulag, sem haft er hér á Íslandi. Og þetta einsdæmi stafar ekki af því, að ekki sé mengun frá bræðslunni þarna, heldur aðeins af hinu, að menn töldu, að mengunin gerði ekkert til, vegna þess að landið umhverfis bræðsluna væri svo ómerkilegt, að það gerði ekkert til, þó að það mengaðist. Þetta er gamla nytjasjónarmiðið, að land sé ómerkilegt, ef það er ekki ræktað, og að skaðsemina sé aðeins hægt að reikna út frá efnahagslegum hagsmunum, hvort það geti spillt gróðri, hvort það geti eyðilagt fyrir landbúnaði, en ekki það sjónarmið, sem núna er sem betur fer að verða mjög ríkjandi í heiminum, að við þurfum að vernda sjálft umhverfi

okkar og megum ekki þola það, að því sé spillt með óskynsamlegri iðnvæðingu. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að skilningur á þessu hefur farið mjög ört vaxandi síðustu árin og vitneskjan einnig, og einmitt þess vegna hefði ég talið það vera bæði eðlilegt og skynsamlegt af þessum hæstv. ráðh. að breyta um afstöðu, að læra af reynslunni og læra af fordæmi annarra.

Þegar um það var rætt á sínum tíma og dregið í efa, að ákvæðin í álbræðslusamningnum væru fullnægjandi, þá stafaði það ekki fyrst og fremst af orðalagi ákvæðanna, heldur af grunsemdum um það, að hið erlenda auðfyrirtæki og íslenzk stjórnarvöld vildu losna við sjálfa framkvæmdina með því að festa einhver orð á pappír. Og sú tortryggni hlýtur enn þá að vera við lýði, ef hæstv. ríkisstj. lærir ekki það af reynslunni að mæla svo fyrir nú þegar, að þessi hreinsitæki verði sett upp.

Það virtist svo sem enn væri nokkur þykkja í hæstv. ráðh. út af deilum, sem hann átti í fyrir einum fimm árum við þáv. þm. Alfreð Gíslason, því að hann var með allónotalegan tón út í ræðu, sem Alfreð hafði haldið hér á þingi, og vitnaði m. a. til þess, að einhver norskur sérfræðingur hefði sagt, að hann vissi engin dæmi þess, að tjón hefði orðið á mönnum í sambandi við álbræðslur. Ég hygg nú, að það sé hægt að benda á dæmi um þetta. En ég held, að hitt sé þó miklu stærra atriði, sem ég vék raunar að í framsöguræðu minni, að vitneskja okkar um þessi mál er allt of lítil. Það eru ekki nema örfá ár síðan læknar töldu sig hafa sannað það vísindalega, að sígarettureykingar hefðu tiltekin áhrif á mannslíkamann, og urðu að gera það með tölfræði. Öll slík áhrif á mannslíkamann eru ákaflega flókið mál, og við skulum sannarlega forðast að vera með allt of ákveðnar staðhæfingar um þá hluti. Hitt hygg ég að sé sjónarmið vísindamanna nú í mjög vaxandi mæli, að það sé einmitt mjög nauðsynlegt að forðast efnafræðileg áhrif á mannslíkamann eins og mögulegt er.

Hæstv. ráðh. vék hér að rannsóknarnefndinni, sem ég minntist á áðan, og sagði, að hún væri skipuð fjórum ágætum mönnum, tveimur tilnefndum af íslenzkum stjórnarvöldum og tveimur af hinu svissneska fyrirtæki. Vafalaust eru þetta hinir ágætustu menn, ekki hef ég neina ástæðu til þess að draga það í efa, þó að ég hafi að vísu með nokkurri undrun fylgzt með því, hvernig eini Íslendingurinn í nefndinni, Pétur Sigurjónsson, hefur í málflutningi sínum ævinlega verið með þann pólitíska tón, eins og hann væri að bera blak af hæstv. ríkisstj. og hennar ákvörðunum. Hann hefur ekki talað um þetta eins og óháður vísindamaður, heldur eins og einhvers konar maður, sem væri að verja flokk og ráðh. En ég held, að þessi tilhögun, að eftirlitsnefnd sé að hálfu leyti í höndum hins erlenda fyrirtækis og kostuð af hinu erlenda fyrirtæki, — ég held, að þessi tilhögun sé algjörlega ótæk. Slíkar eftirlitsnefndir eiga að vera algjörlega óháðar, gjörsamlega óháðar þeim aðila, sem þær rannsaka. Það er meginregla, sem ég held, að hvarvetna sé talin skynsamleg núna, og ég veit, að víða um lönd hafa menn einmitt verið að breyta slíku fyrirkomulagi, vegna þess að sá aðili, sem á hagsmuna að gæta, hann getur haft tök á að hafa áhrif á slíkar nefndir.

Hæstv. ráðh. fannst það annarlegt, að ég skyldi bera fram till. um það, að þessari till. yrði vísað til hv. menntmn., og brosti við. Ég held, að hann hafi sagt, að þetta væri barnalegt, hún ætti frekar heima í iðnn. Nú er það að vísu ekki á meðal stórmála, til hvaða nefndar slík till. fer. Samt vil ég benda hæstv. ráðh. á það, að hér er í sjálfu sér um að ræða grundvallarviðhorf. Um mál, sem fara til iðnn., er fjallað frá sjónarmiði iðnaðarins. Það er verkefni þeirrar n. að kanna stöðu iðnfyrirtækja og hvað hægt sé að gera á því sviði út frá sjónarmiði iðnaðarins. En hér er ekki um að ræða hagsmuni þessa erlenda fyrirtækis eða viðfangsefni þess, heldur viðhorf fólksins í landinu og fólksins, sem býr í kringum þessa álbræðslu. Það hefur tíðkazt hér í þinginu, að menntmn. hefur farið með málefni eins og náttúruvernd og mengun, og mér finnst, án þess að ég vilji fara að gera það að einhverju úrslitaatriði, þá finnst mér það mjög eðlilegt, að út frá þessu sjónarmiði fjalli menntmn. um þetta mál. Í því sambandi er einmitt þetta ákaflega mikilvægt, að skilja þessi viðfangsefni frá atvinnutækjunum sjálfum og meta hlutina út frá hagsmunum almennings, en ekki út frá hagsmunum fyrirtækjanna.

Það má vel vera rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það sé ekki stór upphæð, sem það kosti að setja þarna upp hreinsitæki og starfrækja þau. Engu að síður þá vitnaði ég hér í upphafi í ummæli Steingríms Hermannssonar, sem hélt því fram, að þetta hefði ráðið úrslitum um staðsetningu verksmiðjunnar. Hún hefði orðið dýrari sem nemur hreinsitækjunum, ef hún hefði verið byggð í Eyjafirði, og þá hefði ríkisstj. ekki getað náð sömu samningum um raforkuverð og hún náði. Hún hefði orðið að sætta sig við lægra verð. Þetta er vitnisburður Steingríms Hermannssonar, sem tók þátt í þessum viðræðum og á að vita full deili á þeim. Ég skil nú varla, að hann hafi farið að spinna þessi viðhorf upp úr sjálfum sér.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef hér fáu við að bæta. Það er sjálfsagt rétt, sem vitnað er til — ég efast ekkert um það, — hjá hv. 6. þm. Reykv., að Steingrímur Hermannsson hafi sagt, að það hafi ráðið úrslitum um staðsetningu verksmiðjunnar, hvort það væru í henni hreinsitæki eða ekki. En ég held, að það hljóti nú að vera augljóst öllum mönnum, að það, sem fyrst og fremst réð úrslitum um staðsetningu verksmiðjunnar, var auðvitað orkan, sem verksmiðjan þurfti að fá. Aðstaðan var þannig, að það var ekki sýnt, að við gætum látið í té orku fyrir norðan öðruvísi en hún væri verulega dýrari en hægt var að bjóða upp á fyrir sunnan. Og það er auðvitað aðalatriði í þessu sambandi. Annars er þetta lítilfjörlegt atriði. En í sambandi við álbræðslu getur peningaupphæð eins og þessi auðvitað haft þýðingu, þegar verksmiðja er að byrja, því að hún er auðvitað erfiðust í rekstri fyrst. Það var gert ráð fyrir, að hún hefði 30 þús. tonna afköst og svo yrði hún stækkuð um 15 þús. tonn eftir þrjú ár og aftur um 15 þús. tonn eftir þrjú ár þar frá. Þeir gerðu alveg ráð fyrir því, að fyrstu árin mundi verða mjög erfiður rekstur á 30 þús. tonna verksmiðju. Það þykir innan við þá stærð, sem hagkvæm er nú. Og sennilega hefur það út af fyrir sig haft þýðingu, hvort setja ætti upp hreinsitækin strax við þá minni verksmiðju eða síðar, þegar áætlað var, að rekstur hennar væri orðinn hagkvæmari. Hins vegar mætti fá reynslu af hættunni, sem

af þessu stafaði, undir eins og verksmiðjan byrjaði rekstur sinn, þó að í smærra mæli væri.

Eftir því sem verksmiðjan stækkar og kynni að stækka í framtíðinni fram yfir það, sem nú er ráðgert, þá verður auðvitað hreinsivandamálið minni þáttur í rekstri verksmiðjunnar, bæði stofnkostnaði og rekstri. En eins og kunnugt er, hefur það skeð síðan upphaflegu samningarnir voru gerðir, að byggingarhraðinn hefur verið aukinn, þannig að þegar er búið að bæta við um 10—11 þús. tonna ársafköstum, sem komu til í júlímánuði í sumar, og við síðari samningagerð, sem lá hér fyrir þinginu í fyrra, var ákveðið, að verksmiðjan skyldi vera komin upp í 75—77 þús. tonna afköst strax 1972, en í upphaflega samningnum áttu afköstin ekki að verða nema 60 þús. tonn 1975.

Það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að ekki þarf að rannsaka það, að mengun komi frá álbræðslunni. Það er alveg rétt, að það er nokkurn veginn vitað, og það er ekki verið að rannsaka það. Það er verið að rannsaka áhrifin af menguninni, því að ef alltaf blési hér af sömu og einni átt og alltaf á haf út, þá mundu áhrifin verða *anzi lítil af menguninni. En það er einmitt verið* að rannsaka áhrifin af menguninni á mismunandi tímabilum til þess að sjá, hver þau eru á lengri tíma. En það var talið, að staðsetning verksmiðjunnar í Straumsvík væri hagstæð fyrir okkur einmitt vegna þeirra skýrslna, sem þá lágu fyrir um vindáttir á undanförnum árum í Straumsvík eða í Straumi, sem látnar voru í té af Veðurstofunni og voru til athugunar og umr.

Aðalorsök þess, að ég kvaddi mér aftur hljóðs, voru ummæli hv. 6. þm. Reykv. um rannsóknarnefndina. Mér féll ekki vel í geð, að hann væri að gefa það í skyn, að hér væri ekki um óvilhalla nefnd að ræða, af því að eigendur verksmiðjunnar tilnefndu tvo menn í hana. Ég vil þá upplýsa það, til þess að mönnum verði ljósara, hvernig þessar rannsóknir eru, að það hefur verið gerður um það sáttmáli, skulum við segja, reglugerð, sem staðfest var af iðnrn., hvernig rannsóknunum skyldi hagað. Þetta var af okkar hálfu byggt á till. sérfræðinga okkar, Rannsóknastofnunar iðnaðarins og svo prófessors Lydersens, sem var fulltrúi iðnrh. Þessi reglugerð segir til um rannsóknirnar, hvernig taka skuli *sýnishorn, á hve stórum svæðum, hversu oft og með* hverjum hætti. Þessi sýni eru svo send til þriggja rannsóknarstofa til þess að vinna úr þeim, Rannsóknastofnunar iðnaðarins hér, rannsóknastofnunar í Sviss, sem er rannsóknastofnun þess aðila, sem hér á hlut að máli, Alusuisse, og rannsóknastofnunar við háskólann í Þrándheimi. Og ég tel, að við þurfum ekki að gera ráð fyrir því, að slíkar rannsóknir séu ekki hlutlausar og vísindalegar.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, eins og reyndar aðrir hafa sagt hér, að það væri kominn tími til að ákveða það, að sett skyldu upp hreinsitæki. Ég hef verið spurður að því, og það var fundið að því, að ég væri loðinn í svörum, hvort ég teldi ekki vera kominn tíma til þess. Ég er ekkert loðinn í svörum. Ég segi, að þegar við höfum gert aðrar eins ráðstafanir og við höfum gert með rannsókn þessa máls, þá eigum við að bíða eftir niðurstöðu rannsóknarinnar, og rannsóknarniðurstöður á þessu fyrsta ári, sem álbræðslan hefur verið starfrækt, liggja fyrir alveg á næstunni. Ég sagði það áðan, að rannsóknarnefndin væri að vinna úr gögnum sínum. Ég get ekki sagt um það, hvað hún er komin langt þessi úrvinnsla hjá hinum mismunandi rannsóknastofnunum, en ég sagði það áðan, að ég vildi hlutast til um, að nefndin fengi niðurstöður þessarar rannsóknar í sínar hendur svo fljótt sem verða má. Og ég álít, að til þess séum við að setja svona rannsóknir í gang, að eitthvað verði á þeim byggt. Annars hefði náttúrlega verið ástæðulaust að setja nokkrar rannsóknir í gang, og ef það hefði ekki verið gert, þá hefði frá upphafi þurft að láta setja í verksmiðjuna þau beztu hreinsitæki, sem völ var á.

Ég geri það ekki að aðalatriði, til hvaða n. þessi þáltill. fer, segi það alveg eins og er. Hv. þm. hafði stungið upp á, að hún færi til menntmn. Ég gerði till. um það, að hún færi til heilbr.- og félmn., þótt ég teldi eðlilegt, að hún færi til iðnn. Úr þessu verður þingið að skera.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Að sjálfsögðu verður gangur þessa máls ekki svo hraður, að sú n., sem fær till. til meðferðar, eigi ekki kost á því að kanna þær athuganir, sem hæstv. ráðh. segir að muni koma í ljós alveg á næstunni og mér hefur skilizt á blöðum að muni örugglega verða í næsta mánuði eða svo, þannig að það mun vafalaust verða, að þm. eigi kost á að kynna sér þá athugun, áður en þetta mál kemur til ákvörðunar. En af því að hæstv. ráðh. fæst ekki enn þá til þess að segja til um viðhorf sitt alveg skýlaust nema með allmörgum fyrirvörum, þá langar mig til að spyrja hann: Ef það kæmi í ljós í þessari rannsókn, sem þessi fjögurra manna rannsóknarnefnd er að gera, að mengunaráhrifin séu svipuð því, sem Ingólfur Davíðsson grasafræðingur hefur gert grein fyrir, teldi hæstv. ráðh. þá tímabært að mæla svo fyrir, að hreinsitæki yrðu sett upp?

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég tel bara, að niðurstöður rannsóknarinnar eigi að skera úr um það, hvort það eigi að gera kröfu um að setja upp hreinsitæki eða ekki.

Umr. frestað.

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að skýra það út, að ég hef engan áhuga á því að standa í deilum um formsatriði. En ég lít svo á, að hér sé um að ræða efnisatriði. Það hefur verið kjarninn í umr. um náttúruvernd og mengun, að slík mál beri að meta frá sjónarmiði almennings og náttúrunnar sjálfrar, en ekki frá sjónarmiði iðnaðarins, og einmitt þess vegna tel ég, að þetta mál eigi heima í þeirri n. í þinginu, sem hefur fjallað um náttúruverndarmál og þ. á m. mengun, og það er menntmn. Í hinu teldi ég það felast, að Alþ. liti svo á, að þetta ætti að fara eftir hagsmunum og viðhorfi iðnaðarins, sem ég tel algerlega ranga stefnu.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef heldur enga ástæðu eða löngun til þess að deila eða þrátta hér um formsatriði, en ef á að afgreiða þetta út frá þeim sjónarmiðum, sem hv. síðasti ræðumaður talaði hér um núna, þá ætti málið að fara til heilbr.- og félmn., þar sem þetta er banvænt og haldnar margar ræður um það, að bæði Reykvíkingar og Hafnfirðingar gætu hlotið af þessu geysilegt heilsutjón. Frá þessu sjónarmiði ætti það frekar að fara þangað, en ég hef nú ekki lagt það til, heldur að það færi til iðnn. eins og það fór á sínum tíma í báðum d., þegar um málið var fjallað.

ATKVGR.

Till. um að vísa þáltill. til menntmn. felld með 13:9 atkv.

Till. vísað til iðnn. með 19:2 atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 28. jan., utan dagskrár, mælti

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Nú fer að síga á síðari hlutann af þessu þinghaldi okkar hér í vetur, og ef mál, sem hér hafa verið flutt, eiga að fá afgreiðslu á þessu þingi, þurfa þau að berast frá nefndum næstu vikurnar. Ég vil hér minna á mál, sem ég flutti ásamt hv. þm. Geir Gunnarssyni mjög snemma á þessu þingi. Það var till. um ráðstafanir vegna mengunar frá álbræðslu í Straumsvík. Við fluttum till. um þetta mál, sem var 16. mál þingsins, og till. var útbýtt 13. okt. Hún var rædd hér í þessari hv. d. í tvo daga, en síðan var henni vísað til hv. iðnn. 5. nóv. s. l. Ég forvitnaðist um það áðan, hvað iðnn. hefði gert í þessu máli, og það kom í ljós, að hún hafði alls ekki tekið það til umr., þó að liðnir séu nærri þrír mánuðir síðan n. fékk það. Raunar kom það einnig í ljós af fundargerðabók iðnn., að hún hefur aðeins haldið þrjá fundi síðan hún var kjörin, einn fund til þess að fullnægja því formsatriði að kjósa formann, en síðan fundi 9. nóv. og 26. nóv. og svo ekki söguna meir. Samt liggja fyrir þeirri n. mjög stór mál fyrir utan það, sem ég hef þegar nefnt, t. d. till. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi og till. um þurrkví í Reykjavík. Ég vil beina því mjög eindregið til hæstv. forseta, að hann beiti sér fyrir því, að nefndir þessarar hv. d. fjalli á eðlilegan hátt um þau mál, sem fyrir þær hafa verið lögð, því að ég tel það vera skyldu Alþ. og þd. að taka afstöðu til þeirra mála, sem þm. flytja. Það er bæði skylda við þm. og eins skylda við almenning í landinu. Og ég vil beina því mjög eindregið til hæstv. forseta, að hann beiti sér fyrir því, að nefndir hraði störfum, eftir því sem kostur er.

Forseti (MÁM): Út af orðum hv. 6. þm. Reykv. mun forseti beina þeim tilmælum til iðnn., að mál það, sem hann hér um ræddi, verði þar skoðað, og að sjálfsögðu gerir forseti ráð fyrir því, að n. muni nú þegar hefja störf og freista þess að afgreiða þau mál úr n., sem gert er ráð fyrir, að reynt verði að afgreiða á þessu þingi.

Á 62. fundi í Nd., 16. marz, var till. tekin til frh. einnar umr. (útvarpsumr.) (A. 16, n. 510 og 524).

Forseti (MÁM): Umr. í kvöld skiptist í tvær umferðir, 25—30 mín. á flokk í fyrri umferð, en 15—20 mín. í síðari umferð, eða samtals 45 mín. Röð flokkanna er þessi: Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur. Af hálfu Alþfl. tala Benedikt Gröndal og Sigurður Ingimundarson, af hálfu Alþb. tala Magnús Kjartansson og Lúðvík Jósefsson, af hálfu SF talar Haraldur Henrýsson, af hálfu Framsfl. tala Jón Skaftason, Eysteinn Jónsson og Þórarinn Þórarinsson, af hálfu Sjálfstfl. tala Pétur Sigurðsson og Jóhann Hafstein.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þegar Einar Benediktsson greindi löndum sínum frá stóriðju og ríkidæmi nágrannaþjóða í rismiklum ljóðum, brá fyrir línu og línu, sem bentu til þess, að hinar dökku hliðar iðnbyltingarinnar færu ekki fram hjá honum. Í Tínarsmiðjum talar hann um „skolgrátt fljótið", og í kvæðinu um Tempsá segir hann, „að borgin andi þungum súgi".

Þótt það leyndi sér ekki fyrir mörgum áratugum, að maðurinn var með tækni sinni og framleiðslu farinn að spilla andrúmslofti og vatni, var það ekki fyrr en á allra síðustu tímum, að barátta gegn mengun blossaði upp víða um heim. Það þótti ekki taka því að setja nafnorðið mengun í íslenzka orðabók Menningarsjóðs árið 1963, en nú er varla unnt að opna svo dagblað eða tímarit, að það blasi ekki við augum. Það er því ekki seinna vænna að halda um slíkt mál útvarpsumr., enda þótt þær hefðu mátt vera á breiðari grundvelli en til er stofnað. A. m. k. er óhjákvæmilegt að ræða mengunarmál nokkuð almennt, um leið og byrjað er enn einu sinni að munnhöggvast um álverið í Straumsvík, eins og vænta má í kvöld.

Fyrir nokkru var haldin hér í Reykjavík ráðstefna um mengunarmál, og var fróðlegt að fylgjast með því, sem þar gerðist. Fyrirlesarar voru um 20 talsins, flestir ungir íslenzkir sérfræðingar, sem auðheyrilega höfðu bæði þekkingu og áhuga á mengunarmálinu. Fyrsta erindi ráðstefnunnar var þó flutt af brezkum manni, sem er talinn einn af forustumönnum á heimsmælikvarða í baráttu við mengun. Hann ræddi þetta mál af mikilli þekkingu og greip á lofti dæmi úr öllum heimshlutum til stuðnings skoðunum sínum. Þó var ekki sízt athyglisvert við ræðu hans, að hann hvatti bæði til festu og hógværðar í þessum málum, en varaði við hvers konar ofstæki. Ég nefni þetta nú áhugamönnum til aðvörunar, því að í þessu máli má stuðningur alls almennings ekki bregðast. Hinn brezki sérfræðingur spáði því, að svo lengi sem mannkynið byggi við sómasamleg lífskjör á okkar mælikvarða, mundi verða til einhver mengun. En mesta þýðingu mundi hafa að gera sér ávallt grein fyrir, hver sú mengun væri, og leitast við að hafa vald á henni.

Annað vakti athygli af því, sem hinn brezki sérfræðingur, Robert D. Boote, sagði á þessari mengunarráðstefnu. Hann benti á, að Íslendingar væru gæfuþjóð, af því að þeir væru að hefjast handa um að setja skorður við mengun áður en hún er orðin að alvarlegu vandamáli. Með því að gera gagnráðstafanir í tíma getur farið svo, að unnt verði að forðast margvíslega erfiðleika, sem ella mundu knýja dyra hjá okkur.

Mengunarráðstefnan var að því leyti mjög uppörvandi, að hún sýndi ekki aðeins mikinn áhuga sérfræðinga, embættismanna og stjórnmálamanna, heldur

virðast vera til í landinu sérlærðir menn, færir um að leysa af hendi þau verkefni, sem leysa verður á allra næstu árum á þessu sviði. Nú skortir aðeins heildarskipulag í höndum ríkisvaldsins til þess að beizla krafta þeirra og beina þeim að þeim verkefnum, sem mest eru aðkallandi.

Það er illa komið fyrir hinum miklu iðnaðarlöndum í þessum málum, og má segja um marga staði, eins og Einar Benediktsson komst að orði, að borgirnar anda þungum súgi. Hinar gífurlegu efnabreytingar, sem fram fara í iðjuverum, hafa orðið til þess að menga andrúmsloft, rennandi vatn og land. Grá móða skyggir á sól á stórum svæðum, og ferðamenn, sem koma hingað í gustinn til okkar á Íslandi, láta í ljós undrun yfir því, að þeir skuli ekki sjá andrúmsloftið. Ár og lækir eru víða að verða forarpollar, þar sem lífið er á undanhaldi.

Verst af öllu er þó fyrir okkur Íslendinga, að mengun hefur þegar borizt út í heimshöfin á allmörgum stöðum. Í Japan hafa gerzt hörmulegir atburðir, sem sagt hefur verið frá í fréttum, þar sem kvikasilfur hefur borizt í sjó út og fundizt hefur hættulegt magn af því efni í nytjafiskum. Sérfróðir menn hafa af þessari geigvænlegu þróun miklar áhyggjur. Enn sem komið er mun vera lítil mengun á fiskimiðum okkar umhverfis landið. En hvort tveggja getur gerzt, að þessi hafsvæði nái að mengast á einn eða annan hátt, því að varla girðum við fyrir Golfstrauminn, eða að eitrun í fiski annars staðar getur dregið stórlega úr fiskneyzlu. Mun þess raunar gæta nokkuð nú þegar í Vesturheimi. Hvort tveggja þetta eru mengunarhættur, sem gætu leitt til stórfellds tjóns eða jafnvel efnahagskreppu á Íslandi. Slíkum málum er vert að gefa gaum og taka þau alvarlega.

Margar minni hættur steðja að fiskiðnaði okkar, óþrif umhverfis fiskvinnslustöðvar, óhreint vatn, ófullkomið frárennsli o. fl., o. fl. Sérstök ástæða er til að gefa gaum að vatnsbólum á Íslandi og búa mun betur um þau en gert hefur verið til þessa. Heilbrigðiseftirlitið vinnur að því máli, en í sambandi við alla baráttu við mengun er rétt að minnast þess, að þar geta fáir menn sjaldan náð miklum árangri, heldur verður fulltingi alls fjöldans að koma til. Frárennsli og sorp er einnig að verða mikið vandamál hjá okkur, ekki sízt hið síðarnefnda. Er rétt að gera sér þegar grein fyrir því, að á næstu áratugum verðum við að reisa fjöldann allan af sorpeyðingarstöðvum, sem munu kosta ærið fé. Hið gamla máltæki, að lengi taki sjórinn við, er samkvæmt skilningi okkar í dag orðið algerlega úrelt.

Í öllum þessum efnum, sem snerta svo að segja hverja byggð umhverfis allt landið, dugir ekki að gera skyndiáhlaup, hversu lofsverð sem þau annars geta verið. Hér þarf að koma til jafnt áhugi og skynsamleg, raunhæf hugsun, er leiði til stöðugra aðgerða, eftir því sem efni og ástæður framast leyfa.

Þessar útvarpsumr. frá Nd. Alþ. fjalla fyrst og fremst að formi til um hreinsitæki við álbræðsluna í Straumsvík. Ég er á engan hátt að sneiða hjá því umræðuefni með því að ræða fyrst um mengun í víðari skilningi, heldur trúi ég því, að við verðum að gera okkur grein fyrir þessum vandamálum sem heild. Hér er ekki aðeins um að tefla trjágarða í Hafnarfirði, heldur einnig aðra og stóralvarlega þjóðarhagsmuni.

Ég minni aftur á hættuna á mengun hafsins. Það kann að vera, að 100 mílna mengunarlögsaga, að yfirráð yfir landgrunni út á 400 metra dýpi eða 50 mílna lögsaga komi við það mál og geri okkur léttara að vernda hagsmuni okkar. En það getur einnig farið svo, að jafnvel slíkar ráðstafanir muni ekki duga og þurfi meira til á sviði mengunar.

Íslendingar eru á heimilum sínum einstaklega þrifið fólk að flestra dómi. Það er því furðulegra, að umgengni þjóðarinnar um vinnustaði, ekki sízt utan húss, skuli vera svo kæruleysisleg sem raun ber vitni, enda þótt þar eigi víða að vera um matvælaframleiðslustaði að ræða. Það var áfall fyrir okkur fyrir nokkrum árum, er heilbrigðiseftirlitsmenn frá Bandaríkjunum skoðuðu sláturhús hér á landi og felldu þann úrskurð, að héðan mætti ekki flytja einn skrokk af kjöti vestur um haf. Við höfum að vísu síðar með ærnum kostnaði komið okkur upp fullkomnum sláturhúsum í Borgarnesi og víðar, en til þess þurfti mikið átak og dýrt. Nú bíða menn í ofvæni eftir því, hvort einn góðan veðurdag muni birtast hér fyrirvaralaust út úr flugvél fulltrúar frá matvælaeftirliti frá einhverri þjóðinni, sem kaupir mest af fiskinum okkar, til þess að líta á fiskfrystihúsin. Hvernig færum við út úr því prófi? Hvað gæti slík skoðun kostað okkur? Og er ekki betra að hefja gagnsókn gegn mengun í hvers konar mynd fyrr en síðar og reyna þannig að bæta stöðu okkar í þessum málum, áður en verra hlýzt af? Allt þetta snertir mengunarmál, þótt fleira komi til. Allt þetta eru dæmi um, hvað hinn nýi áhugi á mengun, hin nýja barátta gegn mengun getur þýtt fyrir okkur Íslendinga. Þess vegna nefni ég allt þetta hér.

Mengun sjávarins, sem ég kem enn einu sinni að, hefur komið vísindamönnum jafnt sem leikmönnum meira á óvart en flest önnur mengun. Áður hafði athygli manna að mestu leyti beinzt að ýmsum verksmiðjum, sem spúa úrgangsefnum út í loftið, í ár og læki eða beint í haf út. Þetta gerðist fyrir sjónum milljóna og hefði átt að leiða til þess, að fólk hefði af því nokkrar áhyggjur, a. m. k. í iðnaðarlöndunum, og það fyrir löngu. En peningasjónarmið hafa reynzt furðu föst í sessi. Það hefur verið litið svo á, að verksmiðjur veittu atvinnu, bættu lífskjör þjóða, þess vegna yrði að færa þá fórn að umbera óþrifin frá þeim.

En að lokum var nóg komið. Iðnaður og landbúnaður hafa vaxið svo hröðum skrefum, að í hinum vestræna heimi hefur framleiðslan síðustu 20—30 árin verið meiri en öll framleiðsla sömu þjóða samanlögð frá upphafi mannsins, að því er einn ágætur ræðumaður upplýsti á áðurnefndri mengunarráðstefnu. Þetta er í raun furðuleg staðreynd, ef menn gefa sér tíma til að íhuga hana, og hve lengi getur slíku haldið fram? Nú er hvarvetna sótt að verksmiðjum og þær knúðar til að gera ráðstafanir til að draga úr varhugaverðum úrgangsefnum, en gera að öðrum kosti sérstakar ráðstafanir til að eyða þeim. Nýjar verksmiðjur verða ekki reistar, nema kannað sé, hvaða mengunarhætta stafar af þeim. Þessi gagnsókn hefur víða um lönd leitt til þess, að tekizt hefur að hreinsa ár og læki og jafnvel stöðuvötn, svo að þar hefur mannfólkið séð náttúruna rétta við, séð gamla fegurð koma í ljós á ný og hvers konar líf segja til sín eftir langa fjarveru. Hvílík gæfa, að við skulum geta komið í veg fyrir, að slík slys gerist í náttúru okkar lands og þurfum ekki að gera þær

gagnráðstafanir, sem hafa reynzt svo erfiðar víða annars staðar!

Ekki er þó rétt að vera allt of bjartsýnn í þessum efnum. Sum fyrirtæki hafa ekki skilið, að það er engum meira hagsmunamál en þeim sjálfum að útrýma mengun og ná valdi á henni. Sumar verksmiðjur veita svo mikla atvinnu, auka svo framleiðslu eða tryggja þvílíkan gróða, að menn taka enn áhættu hvað mengun varðar, því miður.

Hér á Íslandi hefur mengun af hálfu iðnaðar enn ekki verið mikil og er vonandi ekki slík, að ekki verði viðráðanlegt að vinna á henni fulla bót. Jarðhitinn veldur því, að minna er um upphitun með kolum og olíu en ella, þótt það sé enn allt of mikið og allt of dýrt fyrir þá, sem við það verða að búa. Um slíkan reyk svo og útblástur frá yfir 40 þús. bifreiðum er fullyrt, að vindasamt veðurfar sjái oftast til þess, að hann fjúki fljótlega burt frá mannabyggðum. En jafnvel það er vafasöm lausn.

Fyrir hefur komið, að verksmiðjureykur eða móða frá Bretlandseyjum bærist hingað til lands, en það verður að teljast til undantekninga. Þó er full ástæða til að reisa hér á landi athugunarstöð í sambandi við evrópska áætlun, sem uppi er um rannsóknir á því, hvernig vindar beri mengað loft milli landa, þó að það snerti, að því bezt verður vitað í dag, aðra meira en okkur.

Ég færi mig örlítið upp á skaftið með því að nefna síldar- og fiskimjölsverksmiðjur, sem gefa frá sér alkunnan ilm. Það hefur löngum þótt óþjóðlegt að amast við peningalyktinni svo kölluðu hér á Íslandi, en ekki mun hún verða talin til landkosta hvað snertir erlenda ferðamenn, sem nú gerast ærið drjúg lind gjaldeyristekna.

Þá má nefna áburðarverksmiðjuna, sem hefur í mörg ár gefið frá sér eitruð köfnunarefnisoxýð, án þess að það væri gert að stórmáli. Upphaflega var ætlunin að reisa þessa verksmiðju í sjálfu Kleppsholtinu, en á seinustu stundu var þeirri staðsetningu breytt og fyrirtækið fært í Gufunes.

Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi hóf feril sinn með því að spúa miklu magni af sementsdufti yfir Akurnesinga, þegar vindátt var þannig. Þetta hefur verið lagað til mikilla muna með síum, en gefur þó tilefni til sífelldrar árvekni.

Og þá kemur að álverinu í Straumsvík, sem verður fjallað um nánar í ræðum manna hér í kvöld. Þegar rætt var um þá hugmynd, að Svisslendingar reistu álver hér á landi, voru sérfræðingum að sjálfsögðu ljósar allar staðreyndir um mengun frá slíku iðjuveri, og var talað um þá hlið málsins allýtarlega, að því er ég bezt veit. Ýmsir aðilar, þ. á m. leikmenn, gerðu sér ferð til Noregs og Sviss til þess að skoða slíkar verksmiðjur og sáu þar, að aldingarðar blómguðust allt upp að veggjum fyrirtækjanna. Virtist mönnum þetta merki þess, að unnt mundi vera á einn hátt eða annan að forðast skemmdir umhverfisins frá slíkum mannvirkjum. Ég mun ekki fara nánar út í álitsgerðir sérfræðinga, sem báðir aðilar höfðu til ráðuneytis í sambandi við samninga, en svo skildist mönnum, að talið væri að athuguðu máli, að vindum væri svo háttað við Straumsvík, að hvers konar mengað andrúmsloft mundi þegar berast langt í burt. Þrátt fyrir þetta voru sett þau ákvæði í samninga, að gera skyldi ráð fyrir hreinsunartækjum í álbræðslunni og þau sett í, ef ástæða reyndist vera til þess. Loks var undirbúið, hvernig það skyldi rannsakað með reglulegu millibili, hvaða áhrif verksmiðjan hefði á umhverfi sitt. Um það mun vafalaust verða deilt í kvöld, hvernig þær athuganir hafa verið framkvæmdar og hvaða ályktanir ýmsir aðilar hafa af þeim dregið. Enn hefur þó ekki verið ákvarðað, hvaða flúormagn í lofti skuli teljast hættulegt íslenzkum gróðri, en það þarf alls ekki að vera hið sama magn og gildir erlendis. Um þetta starfar nú nefnd skipuð sjö landskunnum vísindamönnum, og verður að vænta þess, að hún skili mjög fljótlega niðurstöðum. Verður því að segja, að hæstv. iðnrh. hafi í þessu máli eftir beztu getu gert þær ráðstafanir, sem við verður búizt, og hafi fullkominn hug á að finna eðlilega lausn þessara mála. Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á og segja, að þetta hefði mátt gerast fyrr. Það má segja það við þm. Alþb. ekki síður en aðra, enda eru þeir engu vitrari og engu meiri fjandmenn mengunar en aðrir alþm. Hins vegar eru þeir kunnir fjandmenn álversins, og kann það e. t. v. að hafa áhrif á áhuga þeirra á þessu máli ekki síður en mengunarhættan.

Augljóst er, að rétt er að auka rannsóknir á áhrifum álbræðslunnar á umhverfi sitt. En jafnframt verður að vænta þess, að nefnd vísindamannanna skili sem allra fyrst áliti, svo að hægt sé að ákveða það, sem við Íslendingar teljum hættumörk flúors fyrir íslenzkan gróður. Ef niðurstaðan af þessu verður, að rétt sé að setja hreinsunartæki í álverið, þá verður umsvifalaust að gera það. Þessi aðalatriði virðast vera augljós, og er ótrúlegt, að þau geti verið deiluefni, hvað sem menn kunna að segja um meðferð málsins.

Hvaða ályktanir sem hv. hlustendur draga um þetta mál, þegar líður á umr., tel ég varhugavert að láta það marka afstöðu manna til stóriðju almennt eða þátttöku erlendra aðila í henni. Alþfl. hefur hingað til haldið fram þeirri stefnu, sem t. d. hefur reynzt Verkamannaflokknum í Noregi vel, að hófleg erlend fjárfesting í vissum iðngreinum komi mjög til greina, en Alþfl. hefur ekki viljað opna hlið upp á gátt fyrir erlendu fjármagni, heldur athuga hvert mál fyrir sig og sækjast eftir því, sem að vandlega yfirveguðu máli virðist vera Íslendingum hagkvæmt. Erlent fjármagn er ekki og má ekki verða ráðandi afl í íslenzku þjóðlífi, en það væri barnaskapur og minnimáttarkennd, sem ekkert ríki í Vestur-Evrópu þjáist af, að neita sér með öllu um nokkurn innflutning á fjármagni og tæknilegri kunnáttu á sérsviðum um leið. Reynslan hlýtur að hafa fært hugsandi mönnum heim sanninn um, að þetta er rétt.

Við höfum átt í nokkrum erfiðleikum með náttúruvernd og mengun í sambandi við ný mannvirki. Þetta er ekkert einsdæmi hér á Íslandi, en hefur gerzt í flestum nágrannalöndum okkar. Af þessu eigum við að draga einn lærdóm öðrum fremur. Við verðum að íhuga umhverfissjónarmið og jafnvægi náttúrunnar svo og mengunarhættu frá öllum hliðum eins vandlega og við getum strax í upphafi, meðan verið er að hanna hin nýju mannvirki. Það er of seint í flestum tilfellum að hugsa fyrir þeim þáttum, þegar byrjað er að hella steypu í mót.

Stefna Alþfl. er fullkomin aðgát hvað snertir umhverfi, náttúru og mengun.

Stefna Alþfl. er, að Íslendingum beri framar öllu öðru að hyggja að hugsanlegri mengun sjávarins.

Stefna Alþfl. er hófleg erlend fjárfesting, mjög vandlega valin.

Þetta er skynsamleg og alíslenzk stefna, sem byggist ekki á neinum annarlegum sjónarmiðum. Formaður Alþfl. hefur undanfarið nokkrum sinnum minnzt á, að takmark lífsbaráttu þjóðarinnar eigi ekki aðeins að vera betri og betri lífskjör, heldur umfram allt betra og betra mannlíf. Grunnhyggnir andstæðingar hafa gert tilraunir til þess í blöðum að hafa þessi orð að háði og spotti og snúa út úr þeim. Samt sem áður leyfi ég mér að endurtaka þau og biðja góðviljaða menn að íhuga þau. Náttúru- og umhverfisvernd og barátta gegn mengun lofts, mengun lands, mengun fersks vatns og sjávar er fyrst og fremst barátta fyrir fegurra og betra mannlífi, ef ekki fyrir okkur sjálf, þá fyrir næstu kynslóð.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. — Góðar stundir.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Till. sú, sem hér er til umr., hljóðar þannig:

„Nd. Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að mæla svo fyrir, að tafarlaust verði komið upp fullkomnum hreinsitækjum í álbræðslunni í Straumsvík til þess að takmarka mengun svo sem kostur er."

Við hv. þm. Geir Gunnarsson fluttum þessa till., og hún var með fyrstu málum, sem lögð voru fram á þingi í haust. Við vonuðumst til, að hún fengi skjóta og jákvæða afgreiðslu. Næstu vikur á undan höfðu orðið miklar umræður um mengunina frá álbræðslunni í Straumi. Fólk í Hafnarfirði, Álftanesi og víðar í nágrenni bræðslunnar hafði haft vaxandi áhyggjur af eiturlofti því, sem þaðan berst í sífellu yfir umhverfið. Héraðslæknirinn í Hafnarfirði hafði bannað barnaheimili í nágrenni bræðslunnar. Og í októberbyrjun greindi Ingólfur Davíðsson grasafræðingur frá athugunum á gróðri í Hafnarfirði og Straumi. Sýndi hann fram á mikla flúormengun í grasi og trjágróðri, allt upp í 50 mg í einu kg, enda bar trjálundur í Straumi við sumarbústað Ragnars Péturssonar kaupfélagsstjóra þess merki. Þar voru myndarleg grenitré, 16—17 ára gömul, að deyja hægfara dauða, sprotarnir brúnir og nýgræðingarnir margir albrúnir. Staðreyndir þessar höfðu vakið mikla athygli og umtal. Ég hygg, að öll dagblöðin á Íslandi hafi í ritstjórnargreinum krafizt þess, að hreinsitæki yrðu sett upp í álbræðslunni. Við 1. umr. hér á þingi hét Jóhann Hafstein forsrh. því, að iðnn., sem fékk till. til meðferðar, skyldi fá öll þau gögn, sem máli skiptu, til þess að taka ákvörðun. Af þessum ástæðum öllum gerðum við okkur, eins og ég sagði áðan, vonir um skjóta og jákvæða afgreiðslu.

En smátt og smátt tók okkur að lengja eftir niðurstöðum iðnn., og þegar þing kom saman að afloknu jólaleyfi, kannaði ég gerðabók þeirrar n. til að fá vitneskju um, hvað málinu miðaði. Þá kom í ljós sú furðulega og ósæmilega staðreynd, að n. hafði ekki rætt málið í eitt einasta skipti í þá þrjá mánuði, sem hún hafði haft það í fórum sínum, ekki sent það neinum aðila til umsagnar, ekki aflað neinnar vitneskju. Það var greinilegt, að afstaða valdamanna var sú, að þessa till. mætti ekki afgreiða. Það átti í staðinn að svæfa hana í n., eins og það er orðað. Mengunin frá álbræðslunni birtist þannig ekki aðeins í sviðnuðum, skrælnuðum og dauðabrúnum gróðri í nágrenni Straumsvíkur. Hún nær einnig inn á Alþingi Íslendinga og hefur þegar haft áhrif á starfshætti og heilbrigt mat sumra stjórnarþm.

Viðbrögð okkar Alþb.-manna urðu þau að heimta útvarpsumr. um till., en slíkri kröfu er ekki hægt að neita samkv. þingsköpum. Þannig tekst okkur þrátt fyrir allt að knýja þm. til þess að taka afstöðu, bæði í almennum málflutningi og í atkvgr. um málið sjálft, og er ástæða til þess að hvetja landsmenn til að taka eftir því, hver þau málalok verða.

En þetta tilefni, svo herfilegt sem það er, var ekki eina ástæðan til þess, að við vildum fá útvarpsumr. Við töldum tímabært, að hér á þingi færu fram almennar umræður um vandamál mengunar og náttúruverndar, þau viðfangsefni, sem verða sífellt alvarlegri í iðnaðarlöndunum umhverfis okkur og eru nú einnig komin á dagskrá á Íslandi á ómótstæðilegan hátt.

Það er ekki fyrr en síðustu áratugina og jafnvel síðustu árin, sem almenningur í iðnaðarlöndunum gerir sér í alvöru ljóst, að mengun og röskun á náttúrlegu jafnvægi er að gera víðlend svæði óbyggileg, og menn áttuðu sig raunar ekki fyrr en hinar ófrýnilegustu staðreyndir blöstu við þeim. Ýmis þau fljót í Evrópu, sem forðum voru rómuð í ljóðum og sinfónískum tónaskáldskap, eru nú saurug holræsi, þar sem ekkert líf fær þrifizt. Sögufræg stöðuvötn, þar sem góðfiskur veitti mönnum viðurværi og unað, hafa breytzt í risavaxnar, daunillar safnþrær, þar sem sá fiskur, sem enn kann að tóra, er mengaður eiturefnum. Hreint, ómengað vatn er ekki til. Það vatn, sem Nordahl Grieg orti um, þegar hann var staddur í Shanghai:

„Vatnið hreina, vatnið heima,
vatn, sem lagzt er hjá og þambað,
þetta vatn mér veldur þrá."

Innhöfin eru orðin svo menguð, að fiskurinn úr þeim er í vaxandi mæli bannaður til manneldis, og í þéttbýlustu iðnaðarríkjunum, í hinum risavöxnu stórborgum, sér sjaldan til lofts. Yfir fólkið grúfist mengaður mökkur og er stundum svo stækur, að þúsundir eru lagðar á sjúkrahús. Á þeim slóðum er farið að tala um það í fullri alvöru, að menn verði að ganga um með gasgrímur eftir einn eða tvo áratugi.

Dæmin, sem ég hef minnzt á hér, væri hægt að hundraðfalda. Þau eru til marks um það, hvernig maðurinn er á öld iðnvæðingarinnar að glata eðlilegum tengslum sínum við náttúruna, við dýr og gróður, hvernig hann hefur rofið það hárfína efnafræðilega og líffræðilega samhengi, sem er forsenda sjálfs lífsins, hvernig iðnaðurinn, vélarnar, eru smátt og smátt að skapa nýtt umhverfi, sem ekki er lífvænlegt. Þetta eru einhver stórfelldustu vandamál, sem nú blasa við mannkyninu í iðnvæddum löndum, vandamál, sem verður að leysa, ef ekki á að koma til einhverra alvarlegustu ótíðinda í sögu mannsins.

Við Íslendingar hlustum á fréttir af þessum umskiptum í útvarpi. Við fyllumst óhug, en hrósum þá einatt um leið happi yfir því að búa í hreinu og ósnortnu landi, þar sem enn er að finna tært vatn, heilnæmt loft, óbyggðir, fjöll, firnindi, hraun og gróðurvinjar, þar sem maðurinn getur leitað sér hugsvölunar, andlegrar og líkamlegrar endurnýjunar við sjálfar uppsprettulindir móður náttúru. Og víst er þetta rétt.

Landið okkar, vatnið, loftið eru mestu auðæfi, sem við eigum, þau verðmæti, sem gefa lífinu sérstakt gildi, ef við kunnum að njóta þeirra. En við skulum jafnframt minnast þess, að þessi náttúruauðlegð er engin eilíf, óumbreytanleg staðreynd. Þau lönd, sem við heyrum getið um í fréttum, þar sem fljótin hafa breytzt í holræsi og lífsloftið er mengað dauða, þau lönd hafa einnig verið fögur og fríð. Einnig þar var forðum hægt að leggjast á lækjarbakka og teyga. Einnig þar var hægt að ganga um til þess eins að anda. Reynsla þessara ríkja er okkur víti til varnaðar, og af þeim ber okkur að læra hina fyllstu aðgát.

Fyrir hálfum mánuði var haldin hér í Reykjavík ráðstefna um mengun, og ég fylgdist með henni af mikilli athygli og lærði margt. Færustu vísindamenn okkar gerðu grein fyrir mengunarvandamálum hver á sínu sviði. Vissulega var heildarniðurstaða þeirra sú, að við værum miklu betur á vegi staddir en flestar aðrar nálægar þjóðir, en samt hvöttu þeir allir til aukinna rannsókna og sívaxandi aðgæzlu. Mér virðist, að á sviði mengunar og náttúruverndar, sem er í eðli sínu eitt og sama vandamálið, séu þær staðreyndir, sem hér fara á eftir, einna alvarlegastar.

Landið okkar heldur áfram að blása upp vegna búskaparhátta okkar og skorts á fyrirhyggju. Á tæpum helmingi landsins er um að ræða ofbeit, og telja vísindamenn, að álagið nemi um 250 þús. ærgildum umfram beitarþol úthaganna, einkum á Suður- og Suðvesturlandi. Af þessum sökum hnignar gróðurlendinu. Það er nagað niður í svörð, og jarðvegurinn eyðist. Slík þróun breytir lífsskilyrðunum í landinu á háskalegan hátt, og okkur, sem nú lifum, er það algerlega ósæmandi að láta slíka þróun gerast, ekki sízt þar sem vísindamenn telja, að ekki þurfi að verja nema nokkrum hundruðum millj. kr. til þess að snúa þróuninni við. Hliðstæð náttúruspjöll hljótast einatt af fyrirhyggjulausri mannvirkjagerð, m. a. virkjunarframkvæmdum, þar sem einvörðungu er hugsað um fjármuni og kwst., en ekkert um náttúruna sjálfa, jafnvægi hennar og samhengi. Stjórnarvöld hafa veitt virkjunarfyrirtækjum fríbréf til að darka í landinu eins og naut í flagi og jafnvel hyllast til þess að skaðskemma ellegar leggja í eyði þau sérstöku pláss, sem vegna landkosta, náttúrudýrðar ellegar sagnhelgi eru ekki aðeins íslenzku þjóðinni hjartfólgin, heldur njóta frægðar um víða veröld sem nokkrir eftirlætisgimsteinar jarðarinnar, svo að ég vitni í orð Halldórs Laxness úr hinni minnisstæðu áramótagrein, sem hann birti í Morgunblaðinu.

Dæmi um slíka þróun eru atburðirnir við Mývatn og Laxá, þar sem valdamenn hafa vaðið uppi af fullkomnu ofríki og tillitsleysi, en þar sem heimamenn hafa að vísu risið til varnar á svo einbeittan hátt, að vakið hefur almenna athygli og aðdáun um land allt.

Annað stórfellt vandamál er sorpið. Íslendingar hafa löngum verið sóðar í umgengni við land sitt, og það einkennir einnig bæjar- og sveitarfélög. Víða er hinu fegursta landi breytt í sorphauga, en pappír og annar óhroði dreifist yfir stór svæði, spillir náttúrufegurð og veldur hættu og heilsutjóni. Hvimleiður úrgangur af þessu tagi er nú að verða algengastur reki á fjörum í nágrenni þéttbýlis og veldur því, að það er ekki sami yndisaukinn að ganga um fjörur nú og það var fyrir nokkrum áratugum.

Annað og enn stórfelldara vandamál af þessu tagi er mengun sjávar í höfnum á Íslandi. Víða höfum við af furðulegri skammsýni leitt holræsi frá mannabústöðum og iðjuverum út í hafnir, þar sem sjórinn er kyrrstæður og mengun eykst í sífellu. Það er til að mynda ömurleg staðreynd, að Reykvíkingum hefur nú árum saman verið bannað að baða sig í sjóbaðstað sínum, Nauthólsvíkinni, vegna þess að magn saurgerla er langt fyrir ofan það, sem öruggt getur talizt. Svona lélegur er fráganguinn á holræsakerfi höfuðborgarinnar. Það er í senn ósæmilegt og háskalegt fyrir okkur sem matvælaframleiðendur að láta hafnir okkar, aðsetursstað fiskiskipanna, breytast í mengaðar rotþrær. Við verðum sem fyrst að takast á við það stórvirki að takmarka mengun sem mest í íslenzkum höfnum, en því miður skortir enn nauðsynlegan skilning. Við afgreiðslu fjárlaga í vetur lagði ég til, að veitt yrði lítil upphæð, aðeins 5 millj. kr., til þess að hefjast handa um þetta verkefni. Enginn andmælti till., en hún var felld af sameinuðu stjórnarliði.

Hafið utan hafnanna hefur að geyma auðsuppsprettu okkar, sjávarfangið. Það má vera okkur Íslendingum mikið áhyggjuefni, hversu mjög mengun hefur aukizt í Norður-Atlantshafi, eftir að iðnaðarríkin eru farin að kasta tugum millj. rúmmetra af úrgangi og eiturefnum iðnaðarins í hafið á hverjum einasta degi og flytja nú eiturefnin sífellt fjær sér og nær okkur. Það er eitthvert brýnasta hagsmunamál Íslendinga um þessar mundir, að tekin verði upp sérstök mengunarlögsaga, sem nái a. m. k. 100 mílur frá landi, til þess að takmarka þessi herfilegu náttúruspjöll, jafnframt því sem fiskveiðilögsagan sjálf verði stækkuð í 50 mílur, eins og Alþb. leggur nú hina þyngstu áherzlu á.

Og þá er ég kominn að því atriði, sem var hið sérstaka tilefni þeirrar till., sem hér er til umr., mengun frá stóriðju. Það er fyrst og fremst slík mengun, sem nú hrjáir iðnaðarþjóðirnar. Það er hún, sem veldur því, að andrúmsloftið færir vaxandi fjölda af mönnum, dýrum og jurtum ekki líf, heldur tortímingu. Reynsla okkar Íslendinga af þessari tegund mengunar er enn sáralítil, en skammsýni okkar er slík, að við höfum til þessa leyft slíkum fyrirtækjum að starfa án nokkurs hreinsibúnaðar. Í nágrenni Reykjavíkur er áburðarverksmiðja. Þeir, sem gengið hafa í nágrenni hennar, hafa séð, að reykurinn frá henni hefur mjög sterkan, gulbrúnan lit. Þar er um að ræða köfnunarefnisoxýð, sem eru hættuleg mönnum og dýrum, sýra andrúmsloft og valda sjúkdómum. Á mengunarráðstefnunni skýrði Hörður Þormar efnafræðingur svo frá, að magnið af hinum eitruðu gufum, sem þannig hefur verið dreift yfir umhverfið, þ. á m. hluta Reykjavíkur, í tvo áratugi, nemi yfir 500 tonnum á ári og sé það verulega fyrir ofan þau mörk, sem leyfileg eru talin í öðrum löndum. Um þessar mundir er verið að breyta áburðarverksmiðjunni og stækka hana. Er það skilyrðislaus krafa, að komið verði upp fullkomnum hreinsibúnaði í sambandi við þær framkvæmdir. Fsp. um það atriði, sem ég lagði fram á þingi fyrir nokkru, hefur hins vegar ekki enn fengizt svarað af hæstv. ríkisstj.

Langsamlega stórtækust er þó loftmengunin frá álbræðslunni í Straumsvík. Við framleiðslu á bráðnu áli með rafgreiningu eru notuð sem hvatar flúorsamböndin krýolít og álflúorýð. Flúormagnið í þessum

tveimur efnasamböndum er mjög mikið, rúmur helmingur. Við bræðsluna losnar flúormagn, sem Hörður Þormar telur nema 38 kg af hreinum flúor á hvert tonn af áli. Miðað við 40 þús. tonna ársframleiðslu, eins og nú er í Straumi, losnar flúormagn, sem nemur hvorki meira né minna en 1520 tonnum á ári, — ég endurtek: 1520 tonnum á ári. Talið er, að um 70% af þessu magni berist burt með ræstiloftinu, en það jafngildir yfir 1000 tonnum á ári, um 3 tonnum á hverjum sólarhring, á 2. hundrað kg á hverri klukkustund dag og nótt allan ársins hring. Þegar búið verður að tvöfalda verksmiðjuna, eins og áformað er að gera, kemst það magn, sem berst út í andrúmsloftið, upp í rúm 2000 tonn á ári, um 6 tonn á sólarhring.

Flúorvetnið er ekki eina loftmengunin frá álbræðslunni. Með ræstiloftinu berast einnig yfir umhverfið tjöruefni, brennisteinssambönd, áloxýðryk, krýolít, kolsýra og kolsýringur. Ráðamenn álbræðslunnar í Straumi hafa greint svo frá, að magn allra þeirra rykefna, sem berast til umhverfisins frá álbræðslunni, sé fjórfalt eða fimmfalt meira en flúorvetnið eitt saman. Þannig dreifast nú 12—15 tonn af rykefnum frá álbræðslunni hvern einasta sólarhring, ½ tonn á hverri einustu klukkustund eða vel það. Hins vegar hefur athygli manna mest beinzt að flúorvetninu, því að það er sannanlega banvænt eitur. Það grandar skógum og einna skjótast barrskógum. Það veldur sjúkdómum í dýrum, m. a. gaddi í sauðfé, eins og Íslendingar þekkja af eigin reynslu vegna flúorvetnismyndunar í eldgosum, nú síðast í nýjasta Heklugosi.

Þær staðreyndir, sem ég hef rakið hér um myndun úrgangsefna og eiturefna frá álbræðslum, eru ekki vefengdar af neinum. Fyrir þeim er löng reynsla frá öðrum þjóðfélögum, og var fjallað ítarlega um þá reynslu, þegar álsamningurinn lá fyrir Alþ. 1966, ekki sízt í ræðum Alfreðs Gíslasonar læknis, sem þá átti sæti á þingi. Barátta hans og annarra leiddi til þess, að tekin voru í álsamninginn ákvæði, þar sem svo var fyrir mælt, að ISAL skuli byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti og skuli í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum. Það er þannig ótvírætt, að Íslendingar geta mælt svo fyrir, að álbræðslan setji upp hreinsitæki, og í samræmi við það var húsakosti verksmiðjunnar hagað þannig, að hægt er að setja slík tæki upp án endurbyggingar. En fyrirmælin eru ókomin enn. Í sambandi við það eru tvær staðreyndir, sem menn verða að muna. Magnið af flúorvetni, sem nú losnar á klukkustund hverri frá álbræðslunni í Straumi, er nærri því þrefalt meira en það hámark, sem nú er leyfilegt í Noregi. Og álbræðslan á Íslandi er einsdæmi í Evrópu og Norður-Ameríku. Hvergi annars staðar í þessum heimshluta taka stjórnarvöld í mál að leyfa álbræðslu án hreinsitækja. Ef málsvarar ríkisstj. vilja vefengja þetta, þá skora ég á þá að nefna dæmi um slíka verksmiðju án hreinsitækja annars staðar en hér, og ég hvet menn til að taka eftir því, hvort orðið verður við þessari áskorun.

Afsökun stjórnarvaldanna er sú, að enn sé ekki sannað, að mengunin sé komin yfir svo kölluð skaðleysismörk. Könnun á því atriði er í höndum nefndar, sem álhringurinn launar og skipuð er þremur útlendingum og einum Íslendingi. Þessi nefnd gaf í haust út skýrslu, þar sem því var haldið fram, að mengunin hefði ekki enn náð þessum svo kölluðu skaðleysismörkum. Skömmu síðar var það sannað í opinberri yfirlýsingu, sem flestir íslenzkir líffræðingar skrifuðu undir, að í skýrslu nefndarinnar hafði verið farið rangt með staðreyndir og dregnar ósannar ályktanir, og hefur nefndin nú nýlega orðið að játa á sig þær sakir og breyta skýrslu sinni. Hefur íslenzkum líffræðingum síðan verið falið að framkvæma sjálfstæðar rannsóknir á þessu efni og semja nýjar skýrslur. Þannig virðist það vera stefna stjórnarvaldanna, að næstu árin fáum við að heyra nýja og nýja útreikninga um það, hvernig mengunin nálgist hættumörkin æ meir, en forsendan fyrir slíkum vinnubrögðum er auðsjáanlega sú, að ekki megi byrgja brunninn, fyrr en barnið er dottið ofan í.

En hvað felst í kenningunni um skaðleysismörk? Þar er um að ræða mjög grófgert mat á því, hvað dýr og jurtir þoli mikið magn af eitri án þess að bíða heilsutjón. Þetta mat er afar gróft, vegna þess að reynslan sannar, að einstaklingar einnar og sömu tegundar þola mjög misjafnlega mikið magn af eitri. Matið er byggt á meðaltali, og þótt skaðleysismörkin virðist duga sumum, þá duga þau alls ekki öllum. Auk þess er þetta mat miðað við nytjagróður, skóga og fóðurjurtir, og alidýr, kindur, kýr og svín. Engar rannsóknir eru hins vegar tiltækar um langvinn áhrif slíkrar mengunar á manninn sjálfan eða á gróður og dýr, sem ekki teljast til nytja. Reynslan hefur sýnt, að mjög er erfitt að sanna efnafræðileg áhrif á þá fíngerðu efnaverksmiðju, sem mannslíkaminn er. Til að mynda urðu vísindamenn að hagnýta tölfræði til þess að sanna skaðleg áhrif sígarettureykinga og samband þeirra við krabbamein í lungum. En almennar staðreyndir eru viðurkenndar af öllum. Á mengunarráðstefnu, sem haldin var við norska verkfræðiháskólann haustið 1969, benti Karl Evang, landlæknir Norðmanna, á þá athyglisverðu staðreynd, að nú væri lokið þeirri þróun, að meðalævi manna lengdist stöðugt í velmegunarþjóðfélögum. Í Noregi er meðalævin tekin að styttast á nýjan leik. Líkur eru á því, að barn, sem fæðist nú, lifi skemur en barn, sem fæddist fyrir 5 eða 10 árum. Fertugur maður hefur nú minni líkur á því að ná sextugs- eða sjötugsaldri en hann hafði fyrir 10 árum. Ástæðurnar eru hinar sérstöku skuggahliðar iðnaðarþjóðfélagsins, mengun og streita. Þegar menn staðhæfa, að flúormengun í jafnríkum mæli og mengunin frá Straumsvík hafi engin áhrif á líf og heilsu manna, fara þeir með staðhæfingar um málefni, sem þeir vita ekkert um. Um þetta efni ber að beita þeirri reglu, sem brezki vísindamaðurinn Robert Boote kynnti á mengunarráðstefnunni hér sem grundvallarviðhorf náttúruverndarmanna: Stóriða er sek, þar til sakleysi hennar hefur verið sannað.

Ég sagði áðan, að kenningin um skaðleysismörk væri miðuð við nytjagróður og húsdýr. Ástæðan fyrir þessu er sú, að mengun hefur til skamms tíma því aðeins verið talin skaðleg, að hún spillti fjárhagsafkomu einhverra annarra. Álhringarnir hafa reynslu af því, að bændur geta farið í mál við þá og heimtað skaðabætur fyrir sviðinn nytjagróður og gadd í búpeningi. Þarna eru sem sagt einvörðungu notaðar fjárhagslegar röksemdir beggja vegna, ekki líffræðilegar eða mannlegar. Og

raunar voru það þessi fjárhagssjónarmið, sem réðu úrslitum um það, að álbræðslan var reist í Straumi, en ekki Eyjafirði, eins og einnig var rætt um. Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, einn samninganefndarmanna, hefur greint svo frá þessu atriði í grein í Tímanum 28. febr. 1965, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig virðist mega áætla, að aluminíumverksmiðja mundi kosta a. m. k. 100 millj. kr. meira fyrir norðan en fyrir sunnan Hafnarfjörð. Þetta stafar m. a. af því, að nauðsynlegt er að setja fullkomnustu hreinsunartæki fyrir flúor í verksmiðjuna fyrir norðan, en síður í hrauninu á Suðurnesjum. Má því telja ólíklegt, að unnt yrði að ná jafnhagkvæmum samningum um orkuverð við Svisslendinga, ef verksmiðjan er fyrir norðan og ef hún er staðsett fyrir sunnan."

Þannig greinir Steingrímur Hermannsson svo frá, að staðarvalið hafi verið ákveðið í þeim tilgangi að spara auðhringnum kostnað við að koma upp hreinsitækjum og starfrækja þau. Að öðrum kosti hefði álhringurinn reynt að velta kostnaðinum af hreinsitækjunum yfir á okkur með því að heimta enn lægra raforkuverð. Það var þannig liður í hinum upphaflega samningi, að álbræðslan fengi að menga umhverfi sitt. Stjórnarvöldin sömdu ekki aðeins um, að álbræðslan fengi orku undir kostnaðarverði, heldur skyldi hún einnig óáreitt fá að menga andrúmsloftið í nágrenni við mesta þéttbýli á Íslandi, sáldra sólarhring hvern þremur tonnum af flúorvetni yfir þær slóðir, þar sem fram fer verulegur hluti af matvælaframleiðslu þjóðarinnar.

Ég minntist áðan á hina dýrmætu þjóðareign Íslendinga, ósnortið land, hreint vatn, tært loft. Þetta er ekki fyrst og fremst dýrmæt eign af fjárhagsástæðum, vegna þess að hún henti nytjagróðri eða alidýrum, heldur vegna þess, að í slíku umhverfi viljum við lifa, eins á Reykjanesi sem norður í Eyjafirði. Við viljum geta drukkið vatn úr lækjum og fyllt lungun af ómenguðu lofti. Við viljum finna náttúruna lifa frjóu lífi umhverfis okkur, jafnvel þótt gróður hennar sé fyrst og fremst mosi eða berjalyng. Þetta eru þau einu skaðleysismörk, sem við getum tekið gild. Þeir menn, sem stritast við að reikna út einhver önnur skaðleysismörk, hafa glatað öllum mannlegum áttum, eru orðnir fangar gróðans. Verðmæti íslenzkrar náttúru, töfrar hennar og heilsubrunnar verða ekki metnir til fjár fremur en ýmislegt annað það, sem mest er um vert í tilverunni. En samt eru það þessi verðmæti, sem verið er að fórna af tillitssemi við gróðahagsmuni svissneska álhringsins, og á ársreikningum hans birtast þau vissulega sem tugir og hundruð millj. kr.

Herra forseti. Ég lít svo á, að till. sú, sem hér er verið að ræða, fjalli um mjög mikilvægt málefni. Enginn vafi er á því, að iðnþróun heldur áfram að aukast á Íslandi næstu áratugi, hvernig svo sem henni verður háttað. Þau stjórnarvöld, sem enn heimila mengun í Straumi af umhyggju fyrir gróðahagsmunum útlendinga, hafa lýst þeirri stefnu sinni að fá hingað sem flest erlend stórfyrirtæki næstu árin og láta þau sitja að orkulindum okkar. Einn helzti áróðursmaður ríkisstj., Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur talað fagnandi um 20 nýjar álbræðslur á skömmum tíma. Í erlendum blöðum og tímaritum birtast auglýsingar frá Landsvirkjun með myndum af fossum og hverum, þar sem þau landgæði eru boðin föl á lágmarksverði. Þær reglur, sem við setjum nú, munu hafa áhrif á þróunina framvegis. Þeir menn, sem nú eru reiðubúnir til að fórna gæðum íslenzkrar náttúru fyrir gróðahagsmuni útlendra atvinnurekenda, munu halda áfram að gera það, ef þeir fá tækifæri til þess. Mig grunar raunar, að tregðan við að skipa fyrir um hreinsitæki í Straumi, þrátt fyrir skýlausa heimild í samningum, stafi af því, að ríkisstj. vill ekki auka tilkostnað álhringsins af ótta við að draga úr áhuga annarra. Þannig á að vera opið áfram að gera landið sjálft, loft og vatn að samningsatriðum við erlenda atvinnurekendur. Verði sú leið valin, þurfum við ekki að leiða neinum getum að því, hvernig hér yrði umhorfs eftir nokkra áratugi. Lýsingarnar af því fáum við daglega í hljóðvarpi og sjónvarpi frá þeim þjóðfélögum, þar sem menn búa nú þegar við mengað loft og eitrað vatn.

Ég hef minnzt hér á ýmis meginatriði, sem varða mengun og náttúruvernd, og það munu fleiri gera hér í kvöld. Við heyrðum raunar áðan ágætlega samda ræðu hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, sem tók mjög undir um nauðsyn náttúruverndar, þótt hann kallaði óhjákvæmilegar lágmarkskröfur, sem uppfylltar eru hjá öðrum þjóðum, ofstæki, af því að álbræðslan á í hlut. Mér dettur ekki í hug að efa það, að hv. þm. Benedikt Gröndal og aðrir eigi til góðan vilja í þeim málum. En góðviljinn einn hrekkur skammt. Þegar á reynir um náttúruvernd og mengun, mætast tvær grundvallarröksemdir, annars vegar gróðahyggja, hins vegar mannleg og félagsleg sjónarmið. Menn munu verða að velja og hafna. Þeir, sem vilja vernda verðmæti landsins og mannleg viðhorf, munu verða að takast á við öfluga peningahagsmuni. Þeim kann að virðast, að þeir séu að hafna fjármunum stundum, þótt það sé að vísu aðeins tímabundin blekking. Þetta mun reynast viðreisnarstjórninni sérstaklega erfitt, vegna þess að gróðaviðhorfið hefur hingað til verið mælikvarði á allar ákvarðanir hennar, jafnt að því er varðar virkjunaráform sem atvinnurekstur útlendinga á Íslandi. En ástæðan fyrir því, að iðnvæðingin hefur haft þau háskalegu áhrif, sem dæmin sanna, er einmitt sú, að ábatinn einn var hafður að mælikvarða. Iðnaðurinn átti að framleiða sem mest með sem minnstum tilkostnaði, og fyrir þá stefnu var öllu fórnað.

Þjóðirnar vita nú, að komið er á leiðarenda á þessari braut. Iðnvæðingin hættir að vera lyftistöng, ef hún tekur völdin af manninum sjálfum. Því rís nú krafan um mannleg og félagsleg viðhorf æ hærra í löndunum umhverfis okkur, og hún þarf að verða okkur leiðarsteinn, þegar ákvarðanir verða teknar um það, hvernig fara á að því að iðnvæða Ísland. Þá reynir í senn á lífsviðhorf manna og kjark. Afstaðan til þeirrar till., sem hér liggur fyrir til umr., mun gefa vísbendingu um það, hverjir duga og hverjir duga ekki í þeim átökum.

Haraldur Henrýsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þáltill. sú, sem hér er til umr., fjallar um takmarkað og að ýmsu leyti sérfræðilegt svið, og má því segja, að mál þetta eitt sér sé ekki vel til þess fallið að vekja almennan áhuga til hlustunar á útvarp. Hins vegar hlýtur þetta efni að leiða til almennra umræðna og hugleiðinga um þau vandamál mengunar og umhverfis- eða náttúruverndar, sem knýja mjög á dyr

þjóðfélags nútímans. Um þessi efni hefur verið allmikið rætt og ritað í fjölmiðlum að undanförnu og vísindamenn gert grein fyrir hinum ýmsu hliðum vandans. Alþingis hlýtur hins vegar að bíða það verkefni í náinni framtíð að setja heildarlöggjöf um varnir gegn mengun, svo sem gert hefur verið víða, t. d. á Norðurlöndum, og mun löggjöf Svía um þessi efni vera einna fullkomnust.

Till., sem er tilefni þessara umr., fjallar um, að ríkisstj. mæli svo fyrir, að tafarlaust verði komið upp fullkomnum hreinsitækjum í álbræðslunni við Straumsvík til þess að takmarka mengun svo sem kostur er. Þetta mál um öryggisútbúnað í álverksmiðjunni til hindrunar mengun kom strax upp, áður en álverksmiðjan var byggð. Eins og samningsdrög lágu fyrir í fyrstu, var gert ráð fyrir, að frágangur verksmiðjunnar yrði slíkur, að ekki væri unnt að setja öryggisútbúnað síðar, sem hindraði mengun andrúmslofts. Á þetta var bent og þess krafizt, að þegar við byggingu verksmiðjunnar yrðu sett upp hreinsitæki. Það fékkst ekki fram, en hins vegar var sett svo hljóðandi ákvæði í álsamninginn:

„ISAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði."

Öll saga þessa máls ætti að vera okkur lærdómsrík og til varnaðar. Af henni sjáum við glögglega, hvaða sjónarmið ráða hjá hinu erlenda auðfélagi, að komast sem ódýrast frá málinu og fallast ekki á neitt fyrr en samningsaðilinn knýr á. Þetta sýnir okkur, hve vel við verðum að halda vöku okkar, því að hér er um það að ræða að verja landið gegn drepandi og eyðandi áhrifum. Við getum ekki léð land til iðn- eða atvinnurekstrar, hvorki erlendum né innlendum aðilum, á þann hátt, að þeir geti hirt afrakstur, sem skiptir milljörðum, en við og næstu kynslóðir sitjum uppi með sviðið land.

Þegar álsamningurinn var til umr. hér á hv. Alþ. á árinu 1966, var það Alfreð Gíslason læknir, þm. Reykv., sem hélt uppi sókn fyrir því, að nauðsynlegur öryggisútbúnaður yrði settur upp í álverksmiðjunni í Straumsvík. Hann sagði þá m. a. í ræðu um þetta mál í almennum stjórnmálaumr. hinn 3. maí 1966, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt mikið hafi verið rætt um álmverksmiðju í Straumsvík að undanförnu, bæði innan þings og utan, hefur þó einni staðreynd málsins lítt verið haldið á lofti, en hún er sú, að álmverksmiðjur reynast öllu lífi umhverfis síns hinn mesti vágestur. Þetta er mikilsvert atriði í heilbrigðislegu tilliti og hvarvetna vandamál, sem leitazt er við að leysa eftir mætti. Hér virðist það hins vegar að mestu sniðgengið og látið eins og ekkert sé. Á þessa hlið málsins benti ég í umr. í hv. Ed., en ekki var sú ábending látin tefja afgreiðslu þess um svo mikið sem eina mínútu, og játaði þó hæstv. iðnmrh., að upplýsingar mínar kæmu honum á óvart. Mér þykir rétt, þótt seint sé, að kynna landsmönnum lítillega, hvað hér er um að ræða. Alþ. benti ég á það í tæka tíð. Frá öllum álmverksmiðjum berast eiturefni út í umhverfið, aðeins misjafnlega mikið eftir því, hvernig um hnútana er búið. Hættulegust þessara efna eru flúorsamböndin, einkum flúorvetni, enda eru þau talin með sterkustu eiturefnum, sem til eru. Ef maður neytir 5—10 gramma af flúorsalti, er honum dauðinn vís innan fárra klukkustunda. Ef flúorvetni í andrúmsloftinu nær 100 mg í einum rúmmetra, þolir það enginn maður í heila mínútu. Sé magnið fjórum sinnum minna eða 25 mg, má þola það örstutta stund. Flúorinn ertir og særir húð og slímhúðir, og af því leiðir einkenni hinnar bráðu eitrunar, svo sem húðsár, hósta, andarteppu og verki í kviðarholi. Á vægu stigi kemur sú eitrun fyrir í sambandi við rekstur álmverksmiðju. Hitt er þó algengara, að þar sé hættan meiri á hægfara eitrun. Þá verður sérkennileg breyting á beinum líkamans, þau verða að útliti eins og mölétin, út úr þeim vaxa beinaukar hér og þar, en óþægindin verða verkir og stirðleiki í líkamanum. Þessari hægfara eitrun á háu stigi verður hver sá maður örugglega fyrir, sem fær 20—30 mg af flúor daglega í mörg ár. Það er atvinnusjúkdómur, sem starfsmenn álmverksmiðja fá, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar þeim til verndar. Svipað gildir um fólk, sem lengi býr í nágrenni þessara verksmiðja. Það verður fyrir óhollum áhrifum flúorsins, ef varúðar er ekki gætt.

Eiturefnin frá álmverksmiðjunum eru ekki aðeins varasöm mannlegri heilsu, þau eru einnig skaðleg dýrum og jurtagróðri. Ég sá nýlega ritgerð eftir norskan prófessor. Greinin, sem ber yfirskriftina „Álmverksmiðjur og skógur", hefst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Blöðin segja öðru hverju frá tjóni, sem orðið hefur á skógi, graslendi og húsdýrum umhverfis nokkrar af álmverksmiðjum okkar. Tjónið hefur stundum verið mjög mikið og hvað skógana snertir jafnvel hrein eyðilegging."

Þannig farast þessum fræðimanni orð, og síðar ræðir hann nánar eyðileggínguna á trjágróðrinum. Þótt blöð í Noregi segi frá slíku tjóni þar, er ekki haft hátt um það hér á landi. Graslendið í nágrenni álmverksmiðja eitrast einnig af flúor, og sauðfé, geitur og nautpeningur, sem á þeim gróðri nærist, veikist oft alvarlega og fellur. Þannig er þetta bæði í Evrópu og í Ameríku. Það fer því ekki á milli mála, að úrgangsefnin frá álmverksmiðjum eru hættuleg mönnum, dýrum og jurtagróðri. Erlendis er lögð áherzla á að draga sem mest úr þessari hættu, en hvað skal gert í því efni hér á landi? Mér skilst, að það sé harla lítið. — Í Straumsvík á engan útbúnað að hafa til þess að hefta reyk og eyða ólofti. Slíkur öryggisútbúnaður er þó alls staðar talinn sjálfsagður, einnig þar sem hentugust gerð bræðsluofna er notuð. Hvers vegna skulu þessar varnir vanræktar á Íslandi? Er það ekki fyrst og fremst til að spara hinu erlenda fyrirtæki kostnað? Reykvarnar- og eyðingartækin eru mjög dýr. Sú afsökun, sem höfð er á takteinum, er, að hér þurfi ekki öryggisráðstafana við, landslag og veðurfar sjái um dreifingu og eyðingu eiturefnanna. Hvort þetta reynist rétt, veit enginn nú, og það er vítavert gáleysi að haga ekki vörnum svo sem gert er í öðrum siðmenntuðum löndum."

Þetta sagði Alfreð Gíslason á árinu 1966. Ári síðar vakti Alfreð enn máls á þessu atriði og sagði þá í ræðu hinn 8. febr. 1967 m. a.:

„Það þykir alls staðar sjálfsagt nú að hafa reykeyðingartæki, hver svo sem tegund keranna er, og mörg fyrirtæki leggja sig mjög fram um að fullkomna þessi tæki sem mest. En þessi útbúnaður er dýr, og sennilega er það þess vegna, sem teflt skal á tæpasta vaðið í Straumsvík. Þar mun ætlunin að bíða átekta, sannreyna

tjónið, áður en hafizt er handa. Það tel ég illa ráðstöfun og raunar þarflausa, því að við höfum næga erlenda reynslu að styðjast við. Í þessu efni tel ég aldrei of varlega farið. Ég minni á Húsnesmálið, sem blöðin sögðu frá á s. l. hausti. Á þeim stað í Noregi, Húsnesi, hafði einmitt auðhringurinn Swiss Aluminium reist alúmínverksmiðju og lýst því yfir, að frá henni stafaði engin hætta. Þar eru hreinsunartæki, en samt eitraðist umhverfið, og varð mikið tjón á gróðri í allt að 10 km fjarlægð frá verksmiðjunni. Þetta virtist koma öllum á óvart þar."

Af þessum tilvitnuðu ummælum Alfreðs Gíslasonar læknis hér á Alþ. má því segja og sjá, að komið hafi fram öflug aðvörun um hættu af rekstri álverksmiðju.

Á nýafstaðinni ráðstefnu Landverndar og fleiri aðila, sem haldin var dagana 27. og 28. febr. s. l., flutti Hörður Þormar efnafræðingur erindi um mengun andrúmslofts, og þykir mér rétt að vitna aðeins í ummæli hans um flúorsambönd í andrúmslofti og áhrif þeirra. Hann segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. norskum heimildum er almennt áætlað, að um það bil 20 kg af flúor fari út í umhverfið í gaskenndu ástandi fyrir hvert tonn af áli, sem framleitt er, enda sé þá vinnsla verksmiðjunnar með eðlilegum hætti. Samkv. upplýsingum frá Swiss Aluminium Ltd. er hins vegar gert ráð fyrir, að þetta flúortap komist allt niður í 12 kg á hvert tonn. Þess ber að geta í þessu sambandi, að flúortapið er mjög háð gerð rafgreiningarkeranna og öðrum gangi vinnslunnar. Auk flúorgasanna, sem lengst berast og mest mengunarhætta stafar af, getur ryk, sem inniheldur flúor, t. d. álflúorýð og krýolít, einnig borizt til næsta nágrennis álverksmiðjanna, en af því stafar þó minni hætta. Aðalmengunarhættan stafar þó af flúorvatnsefninu, sem getur borizt alllangt frá verksmiðjunni við viss veðurskilyrði."

Síðar segir: „Flúorvatnsefni er mjög eitrað öllu gróðurlífi, jafnvel þótt það sé í mjög mikilli þynningu. Álitið er, að mengun allt niður í 0.02 p.p.m. geti í sumum tilfellum valdið skaða. Einkum er sígrænn gróður viðkvæmur. Þessi viðkvæmni plöntunnar stafar af því, að hún losnar ekki við þann flúor, sem kemst inn í hana, heldur safnast hann þar fyrir. Flúorvatnsefnið fer aðallega inn í blöðin við öndunina, síðan berst það með æðunum út í jaðra þeirra og sezt þar að. Þar koma því fyrstu eitureinkennin í ljós á þann hátt, að frumurnar þorna upp og blaðjaðarinn fær á sig gulan eða dökkbrúnan lit, eins og hann hafi kolazt. Venjulega eru mjög skörp skil á milli heilbrigða og skemmda hluta blaðsins, en með auknum eiturverkunum breiðist skemmdin æ lengra inn á blaðið, unz hún þekur það allt. Á grösum og barrtrjám kemur skemmdin fyrst fram fremst á oddinum. Oft brotnar skemmdi hlutinn af, og lítur þá blaðið stundum út fyrir að vera bitið."

Síðar segir: „Það er mjög hæpið, að flúormengun í lofti úti á víðavangi geti orðið það mikil, að dýrum stafi hætta af að anda því að sér. Hins vegar stafar dýrum óbein hætta af henni, því að eins og fyrr er getið, safnar grasið í sig flúor úr loftinu, og getur magn þess orðið margfalt á við það, sem eðlilegt er. Ef slíkt gras er notað sem skepnufóður, getur það valdið flúoreitrunum í skepnum þeim, sem á því lifa. Þar við bætist, að nærri álverksmiðjum er oft flúormengað ryk á sveimi, sem sezt á gróður, er skepnur síðan éta. Þess ber þó að geta, að flúorsölt eru mjög misjafnlega hættuleg dýrum."

Og enn síðar segir: „Jórturdýr, t. d. nautgripir og sauðfé, eru mjög viðkvæm fyrir flúoreitrunum, og er talið, að þau þoli að meðaltali aðeins 2—3 mg af flúor á hvert kg líkamsþunga á dag. Hestar og svín þola mun meira magn, og enn fremur þola fuglar tiltölulega vel flúorríkt fóður. Mjólkurkýr eru sérstaklega viðkvæmar fyrir flúoreitrun á fóðri, og verða þær oft fyrir bráðum eiturverkunum. Þær leggja þá snögglega af, hætta að mjólka og bera merki um stirðleika í hnjám. Sé eitrunin mikil, lamast þær á framfótum og geta ekki staðið. Virðast allar hreyfingar þeirra vera mjög sársaukafullar. Ef skepnurnar eru settar á fóður, sem er laust við flúormengun, ná þær aftur bata smám saman. Einkennin koma þó fljótlega aftur í ljós, ef þær fá flúormengað fóður á ný."

Að undanförnu hafa þessi mál verið allmikið til umræðu. Upphaf að þeirri umr. átti Ingólfur Davíðsson grasafræðingur, sem kynnti niðurstöður af athugunum sínum á gróðri í nágrenni álverksmiðjunnar. Taldi hann gróðurinn sýna merki hrörnunar og taldi álverksmiðjuna vera orsökina. Áframhald á umr. um þetta hefur leitt í ljós skoðanaágreining um málið meðal vísindamanna, og m. a. hefur komið fram nál. frá svo kallaðri flúornefnd, sem skipuð er fulltrúum Íslendinga annars vegar og álverksmiðjunnar hins vegar, sem fullyrðir, að verksmiðjan sé með öllu skaðlaus. Enda þótt ekkert verði fullyrt hér, hvað rétt sé eða rangt í þessum efnum, enda ekki á mínu færi, þá verð ég að segja, að viðbrögð ábyrgra aðila og yfirvalda hafi ekki verið á þann veg, að þau sýndu vilja til að finna skjótlega hið sanna. Ég tel, að við getum ekki, eftir að fullyrðingar Ingólfs Davíðssonar grasafræðings liggja fyrir, unað rólegir við niðurstöður flúornefndarinnar, sem er launuð nefnd af hálfu álverksmiðjunnar, enda er nefndin ekki skipuð neinum líffræðingi eða vísindamanni, sem sagt geti til um áhrif flúormengunar á íslenzkan gróður.

Af öllu, sem ég hef lesið og heyrt um þessi mál, virðist mér sem flúoreitrunarhætta sé jafnan veruleg frá álverksmiðjum sem þessari, og hefur reynslan ótvírætt sýnt það, t. d. í Noregi. Ég tel því ekkert áhorfsmál, að við eigum að gera kröfu um þær varúðarráðstafanir, sem hindra þessa mengun. Við hljótum ætíð að krefjast ítrustu varfærni í þessum málum, og við eigum frekar að gera kröfur um of en van. Á þetta verður að líta sem hvert annað slysavarnamál, en bezta slysavörnin er ætíð sú að byrgja brunninn, áður en barnið dettur í hann. Hins vegar verður að leggja áherzlu á, að þær hreinsunaraðgerðir, sem gripið verður til í þeim tilgangi að hindra mengun andrúmsloftsins frá álverksmiðjunni, verði ekki framkvæmdar á þann hátt, að til hættu horfi á öðrum sviðum, t. d. fyrir hafið með því að veita eiturefnunum þangað.

Með hverjum degi sem líður verður mönnum ljósari sú hætta og þeir agnúar, sem stafa af tillitslausri fjárfestingu í verksmiðjum og iðjuverum fyrir loft, láð og lög. Til tiltölulega skamms tíma voru þessir agnúar lítt viðurkenndir. En nakinn veruleikinn hefur vakið menn til umhugsunar um þessi mál. Víða um lönd er ástandið orðið svo ískyggilegt, að til vandræða horfir eftir skamman tíma, verði ekkert að gert. Innanríkisráðherra

Vestur-Þýzkalands lét eigi fyrir löngu eftirfarandi orð falla: „Verði ekki brugðið skjótt við, verða barnabörn mín að setja upp gasgrímur, þegar þau fara út að leika sér."

Enda þótt við Íslendingar séum vel á vegi staddir í þessum efnum miðað við ýmsar aðrar þjóðir, er sannarlega full þörf á því, að við tökum til hendi. Menn hafa komizt að því, að það er ekki ætíð endanleg lausn við losun úrgangsefna að láta stromp púa reyk út í loftið, rör flytja skolp rétt út í sjó eða grafa úrgang í jörð, svo að eitthvað sé nefnt. Afleiðingar slíkra ráðstafana koma fram síðar, misjafnlega fljótt, og geta orðið banvænar eða til mikils skaða því lífi, sem fyrir verður. Uppbygging atvinnulífs okkar er svo skammt á veg komin, að við höfum tækifæri til að byrgja brunninn strax, að sjá svo um, að þau vandamál, sem aðrar þjóðir glíma nú við og kosta til gífurlegu fjármagni, þurfi aldrei að koma upp hér. Eigi að síður er þegar fyrir hendi atvinnurekstur, sem er varasamur að ýmsu leyti, og við hljótum hið fyrsta að gera ráðstafanir til að draga úr skaðsemi hans fyrir umhverfi sitt. Við bæjardyr Reykvíkinga hefur t. d. áburðarverksmiðjan í Gufunesi blásið eiturgufum svo að nemur hundruðum tonna á ári í nálega tvo áratugi, án þess að neitt sé að gert. Er full ástæða til að rannsaka þegar áhrif þeirra efna, er þaðan koma. Á Akranesi dreifir sementsverksmiðjan sementsryki yfir umhverfi sitt og mun tæplega teljast hollt. Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn mun og hafa áhrif til hins verra á ýmsan hátt í sínu umhverfi. Þá má nefna síldar- og fiskimjölsverksmiðjur um allt land, sem menga andrúmsloftið umhverfi sínu mjög til ama, enda þótt slík mengun frá lífrænni framleiðslu muni vera stórum hættuminni en eiturefni frá gerviefnaframleiðslu. Brennsla olíu og benzíns veldur og mengun andrúmslofts, einkum í þéttbýli, þar sem bifreiðanotkun er mest. Þá má einnig nefna þá mengun, sem verður af þeirri rykmyndun, sem jafnan er á malarvegum okkar og við uppblástur lands.

En enda þótt þannig megi telja upp mörg dæmi um mengun andrúmslofts, sem við verðum að vinna bug á, þá er sú mengunarhætta, sem steðjar að hafinu umhverfis landið, enn geigvænlegri og válegri. Á síðari árum mun það mjög hafa færzt í vöxt, að iðnaðarþjóðir meginlands Evrópu og jafnvel Ameríku sendi skip með hundruð eða jafnvel þúsundir tonna af úrgangsefnum til norðurhafa og sökkvi þeim þar. Þvílík skammsýni og þröngsýni að gera eitt mesta matarforðabúr heimsins þannig að ruslakistu! Slíku athæfi hljótum við að mótmæla kröftuglega, og við verðum að beita okkur af alefli fyrir því á alþjóðavettvangi, að algert bann verði sett við slíku. Hér eru ekki einungis lífshagsmunir okkar og granna okkar í veði, heldur má segja, að allur heimurinn eigi ríkra hagsmuna að gæta hér, þar sem um er að ræða eitt drýgsta forðabúr mannkyns til matar, og ekki mun af veita fyrir komandi kynslóðir.

Þetta mál er nátengt einu okkar brýnasta lífshagsmunamáli, landhelgismálinu. Við verðum að helga okkur hafsvæði langt út fyrir þá landhelgi, sem nú gildir, til varnar gegn mengun. Sókn að þessu verður að hefjast nú þegar. Það er hins vegar átakanlegt, hve ríkisstj. okkar er nú úrræða- og athafnalaus á þessu sviði. En það er vegna þeirrar fáránlegu og stórhættulegu samningagerðar við Breta og Vestur-Þjóðverja, sem hún stóð að á árunum 1961 og 1962 og torveldar stórlega sókn okkar að settum markmiðum í landhelgismálum. Næsta og brýnasta verkefni okkar er að upphefja áhrif þeirra samninga og hefjast síðan ótrauðir handa. Þingflokkur Samtaka frjálslyndra og vinstri manna hefur ásamt Karli Guðjónssyni lagt fram í landhelgisnefnd Alþ. till. um stefnu Alþ. í landhelgismálum, sem ég vil leyfa mér að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að lýsa yfir, að það telur höfuðskyldu hverrar íslenzkrar ríkisstj. að fylgja fast fram til sigurs þeirri meginstefnu í landhelgismálum Íslendinga, að Íslendingum beri réttur til yfirráða og lögsögu yfir landgrunni Íslands öllu, sbr. 5. tölul. hér á eftir, jafnt að því er tekur til hafsbotnsins og mögulegrar nýtingar hans og sjávarins yfir landgrunninu og lífvera hans og nýtingar þeirra með fiskveiðum. Alþ. telur, að reynsla undanfarinna áratuga hafi ótvírætt sýnt, eigi aðeins Íslendingum, heldur öllum öðrum þjóðum, sem hlut eiga að máli, að fiskstofnarnir á Íslandsmiðum hafa verið í yfirvofandi hættu og allar aðgerðir Íslendinga til einhliða útfærslu íslenzkrar fiskveiðilögsögu hafa átt fyllsta rétt á sér. Alþ. telur það nú vísindalega sannað, að vegna stóraukinnar tækni við fiskveiðar og stóraukinnar sóknar erlendra skipa á fiskimiðin við Ísland utan núverandi 12 mílna marka sé fiskstofnunum við Ísland stefnt í meiri háska en nokkurn tíma áður, sem beinlínis geti leitt til eyðileggingar þeirra vegna ofveiði, og því sé það ekki aðeins mesta lífshagsmunamál íslenzkrar þjóðar, heldur einnig hagsmunamál alls mannkyns, að nýjar reglur verði settar til verndar þeim, sem og öðrum helztu fiskveiðisvæðum heimsins. Það telur, að þessu aðkallandi markmiði verði bezt náð með því, að viðurkenndur verði á alþjóðavettvangi réttur strandríkja, sem eiga lífsafkomu sína að meira eða minna leyti undir nýtingu fiskimiða, til þess að setja reglur um nýtingu þeirra og til aðgerða samkv. þeim, eins og Íslendingar hafa gert og telja sig hafa fyllsta rétt til. Alþ. telur, að eins og nú er komið og horfur benda til um háskalega ofveiði á Íslandsmiðum, geti Íslendingar ekki beðið með aðgerðir í landhelgismálinu eftir niðurstöðum væntanlegrar alþjóðaráðstefnu um réttarreglur á hafinu, sem ákveðin er á árinu 1973, en hins vegar beri nauðsyn til að marka nú þegar stefnu þjóðarinnar á þeirri ráðstefnu í störfum að undirbúningi hennar. Þess vegna ályktar Alþingi:

1. Að fela ríkisstj. að tilkynna nú þegar stjórnum þeirra ríkja, sem sérstakt samkomulag varðandi landhelgismál var gert við á árunum 1961 og 1962, að íslenzka ríkisstj. telji sig nú, m. a. vegna gerbreyttra aðstæðna, ekki lengur bundna af því samkomulagi.

2. Að gera ráðstafanir til og þá m. a. fela fulltrúum sínum á alþjóðavettvangi að vinna að því, að sem nánust samvinna og samstaða takist milli Íslands og þeirra fjölmörgu ríkja heims, sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta og Íslendingar, um rétt strandríkja til yfirráða og lögsögu yfir landgrunni sínu og nýtingu þess og sjávarins yfir því, eigi sízt til fiskveiða.

3. Að taka undir og styðja þær skoðanir og kröfur, sem fram hafa komið um, að bezta framtíðarlausn fiskverndunarvandamálsins sé að færa út fiskveiðilögsögu strandríkja til marka landgrunnsins eða til 200

sjómílna fjarlægðarmarka eftir því, hvor leiðin gengur lengra.

4. Að fela fulltrúum sínum að halda fast við þá till., sem íslenzka sendinefndin bar fram á fundi landgrunns- og hafsbotnsnefndar Sameinuðu þjóðanna í marz 1970, að mörk landgrunnsins yrðu ákveðin 150—200 sjómílur út frá ströndum, og halda fram og styðja ýtrustu kröfur um rétt strandríkja til ráðstafana gegn mengun sjávar.

5. Að hefja nú þegar undirbúning að útfærslu fiskveiðilögsögunnar, t. d. í 50 sjómílur sem fyrsta skrefi, þannig að hún komi til framkvæmda sem fyrst, a. m. k. eigi síðar en áður en alþjóðaráðstefnan um réttarreglur á hafinu kemur saman."

Við Íslendingar eigum mikil náttúruauðæfi, sem enn hafa ekki verið nýtt. Þau birtast aðallega í formi vatnsorku og jarðhita. Innan við 6% af nýtanlegri vatnsorku landsins hefur verið nýtt. Auðvitað hljótum við að stefna að því, að þessar orkulindir okkar verði nýttar, enda er það nauðsynlegt til frambúðar búsetu í landinu við lífvænleg skilyrði. En þetta verðum við að gera á þann hátt, að ekki brjóti í bága við eðlilega og nauðsynlega umhverfisvernd. Tilgangur og markmið umhverfis- eða náttúruverndar er að vernda umhverfi mannsins gegn spillandi og eyðandi áhrifum við nýtingu landsins og við þau ígrip í náttúruna, sem þessi nýting hefur óhjákvæmilega í för með sér. Það er misskilningur, að umhverfis- eða náttúruvernd sé andstæða við nýtingu landgæða. Hún á þvert á móti að tryggja það, að nýtingin fari þannig fram, að hún tákni sókn þjóðarinnar til betra og fegurra lífs í landinu. Við ákvörðun um og skipulagningu á þeim mannvirkjum, sem nauðsynleg eru, verðum við að samræma sjónarmið hagfræðinnar, verkfræðinnar og umhverfisverndarinnar. Verði það gert á skynsamlegan hátt, mun nýting landsins tákna sókn. Því miður verður vart annað sagt en við séum í vörn enn að þessu leyti. Eða hafa menn hugleitt, að frá því að menn tóku sér bólfestu hér á landi á landnámstíð, hefur helmingur gróðurlendis tapazt og þriðjungur landsins orðið örfoka? Sá gróður, sem við búum nú við, er að sögn náttúrufræðinga ekki í samræmi við legu landsins og þau skilyrði, sem loftslag býður upp á. Hann er afleiðing af gróðureyðingu og skemmdum, sem má rekja til þess, að of nærri gróðrinum hefur verið gengið. Og svo er enn. Við erum enn í vörn. Þannig höfum við í 11 aldir gengið bæði á forða lands og sjávar án þess að bæta fyrir. Það þykir ekki góður búskapur. Sé það ætlan okkar að búa áfram í þessu landi, hljótum við nú í krafti þekkingar okkar og tækni að snúa vörn upp í sókn, skila aftur því, sem tekið hefur verið, og nýta auðæfi landsins að hætti skynsams bónda. Fyrri kynslóðir hafa þá afsökun, að þeim gátu ekki verið þau sannindi, sem nú blasa við, með öllu ljós. Þá afsökun höfum við ekki, og því mun okkar sök þeim mun meiri, ef við höfumst ekkert að.

Jón Skaftason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Efni þeirrar þáltill., sem hér er til umr., er að skora á ríkisstj. að mæla svo fyrir, að tafarlaust verði komið upp fullkomnum hreinsitækjum í álbræðslunni við Straumsvík til þess að takmarka mengun svo sem kostur er. Till. gefur beint tilefni til þess að ræða almennt um það, sem nefnt hefur verið ógnir nútímaþjóðfélags, en með því er átt við þá umhverfiseyðingu, sem er fylgifiskur nútímabúskapar og atvinnuhátta, og hvernig Íslendingar ætla að mæta þeim vanda í sínu landi. Auk þess mun ég víkja að álbræðslunni í Straumsvík sérstaklega.

Helzta einkenni þeirra tíma, sem við lifum á, er hraði breytinganna í þjóðfélögunum fyrir áhrif nýrrar tækni og vísinda. Framleiðsluhættir og framleiðslugreinar eru sífelldum breytingum undirorpnar. Á síðustu 30 árum hefur þannig verið framleitt meira magn svo nefndra neyzlugæða heldur en samtals frá upphafi mannkyns til þess tíma. Þessi framleiðsla er undirstaðan að þeim lífskjörum, sem milljónir manna njóta víða um heim og vilja halda áfram að njóta.

Það eru aðeins nokkur ár síðan ráðamenn þjóðanna og almenningur varð sér þess meðvitandi, að þessari þróun fylgja líka ókostir, þ. e. umhverfiseyðing í víðtækri merkingu, svo sem skemmdir á landi, vatni, í lofti og á lífi í sjó, vötnum og á landi. Heildaráhrifin eru þau, að gripið hefur verið inn í hringrás náttúrunnar á þann hátt, að allt líf á jörðinni getur verið í voða, sé ekki snúizt til varnar gegn vandanum. Sem betur fer gefa vísindi og tækni vopn í hendur gegn vandanum, ef mennirnir bara vilja nota þau og greiða þau því verði, sem nauðsynlegt er. Ég fæ ekki séð annað en menn neyðist til þess, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Jarðarbúar eru nú taldir vera um 3.7 milljarðar, og er talið, að þeim fjölgi um helming á næstu 35 árum. En einmitt tilvist mannsins á jörðinni með þeirri starfsemi, er honum óhjákvæmilega fylgir, er helzti mengunarvaldurinn. Í rökréttu framhaldi þessara staðreynda er ljóst, hvílík nauðsyn það er öllum þjóðum að marka ákveðna stefnu til þess að koma í veg fyrir mengun svo sem mögulegt er. Fjöldi alþjóðlegra stofnana um allan heim glímir nú við þetta vandamál sem forgangsverkefni. Sameinuðu þjóðirnar munu á næsta ári efna til alþjóðlegrar ráðstefnu í Stokkhólmi um umhverfisvandamálin í þeim tilgangi að fá samþykktar alþjóðlegar reglur gegn umhverfiseyðingu. Bandaríkjastjórn ver nú meira en 10 billjónum dala árlega í baráttunni gegn umhverfiseyðingu og hefur fengið í lög settar afar strangar reglur gegn umhverfiseyðandi starfsemi, og beitir hún í baráttunni háum sektarviðurlögum. Þetta sýnir okkur vel, hversu áríðandi og um leið miklu ódýrara er að reyna að koma strax í upphafi í veg fyrir skaðann af ákveðinni starfsemi heldur en þurfa að bæta hann, eftir að hann er orðinn.

Það er með hliðsjón af þessari sáru reynslu ýmissa þjóða, sem Íslendingum ber að taka þessi mál til alvarlegrar athugunar nú og marka ákveðna stefnu um umhverfisvernd, er miði að því að koma í veg fyrir umhverfiseyðingu. Fráleitt er, að slíkt verði gert með því að standa gegn allri meiri háttar atvinnuuppbyggingu í landinu, enda er vel hægt að sameina bæði markmiðin, ef vel er á málum haldið. Ég fagna því þeirri umr., sem hér fer fram, og tel aðalgildi hennar felast í því tækifæri, sem gefst til þess að ræða vandamálið af raunsæi og víðsýni í áheyrn alþjóðar.

Íslendingar eru skammt á veg komnir í iðnþróun. Engin spurning er í mínum huga um, að okkur beri að stefna að iðnaðaruppbyggingu í landinu, smárri og stórri. Stóriðjufyrirtæki eru hér enn þá fá, en einmitt í sambandi við rekstur þeirra er mesta hættan af um-

hverfiseyðingu. Álbræðslan í Straumsvík, áburðarverksmiðjan, sementsverksmiðjan og kísilgúrverksmiðjan eru dæmi um stóriðjufyrirtæki í landinu. Þeim er það öllum sameiginlegt að hafa engar eða litlar fyrirbyggjandi varnir gegn umhverfiseyðingu af völdum eiturefna í reyk og frárennsli. En þetta gildir ekki einasta um stóriðjuþáttinn í atvinnustarfsemi okkar Íslendinga. Af umr., sem fram fóru á ráðstefnu um mengun dagana 27. og 28. febr. s. l., varð mér fyrst verulega ljóst, hversu eftirlit Íslendinga og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn mengun eru í afar bágbornu ástandi, lagafyrirmæli fá og framkvæmdir og eftirlit í sundurlausu kerfi. Segja má, að flest sé nefnt í þeim efnum, ef getið er um starfsemi heilbrigðiseftirlitsins, t. d. við rannsóknir á drykkjarvatni og mjólk, og eftirlit með flúor frá álverksmiðjunni og frá Heklugosinu. Hér er því stórt verk að vinna. Mikilvægast er að mínu viti að móta nú þegar ákveðna stefnu með löggjöf um umhverfisvernd, og hefur formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson prófessor, flutt þáltill. um það efni. Erlendis frá er góðar fyrirmyndir að finna um slíka löggjöf, sem mjög má styðjast við. Kæmi þá helzt til greina löggjöf Svía um þessi efni, sem er mjög fullkomin og nær til allra þátta umhverfisverndar. Framkvæmd laganna er í höndum einnar yfirstjórnar, Statens Naturvårdsverk, sem svipar um margt, að því er tekur til valdsviðsins, til rn.

Við Íslendingar búum við þá sérstöðu enn þá, að iðnaður er skammt á veg kominn og hefur því valdið litlum umhverfisskemmdum enn. Við getum því hagað iðnvæðingunni á þann veg, sem minnstum skemmdum veldur. Við þurfum að velja úr þær greinar iðnaðar, er við viljum leggja mesta áherzlu á, og við eigum að velja framleiðsluaðferðirnar líka. Starfsemi fyrirtækis, er veldur umhverfiseyðingu, veldur öðrum þjóðfélagsborgurum tjóni í töpuðum verðmætum. Sum verða auðveldlega metin til fjár, t. d. skemmdir á jarðvegi, er leiða til, að hætta verður búskap. Önnur er erfitt að meta til fjár eins og spillingu andrúmslofts, hávaða og skemmdir á útsýni í okkar fagra landi, sem allir útlendingar, er hingað koma, dásama. Samkv. algildum lagareglum á sá, er tjóni veldur öðrum, að bæta það. Bezt er fyrir alla, er til lengdar lætur, og ekki sízt skaðvaldinn, að taka enga áhættu í þeim efnum, og það tel ég vel eiga við í því sérstaka tilfelli, sem hér er rætt um og ég skal nú víkja að.

Þann 1. okt. s. l. birtist í Tímanum grg. frá Ingólfi Davíðssyni grasafræðingi um niðurstöður af athugunum hans á gróðri í Hafnarfirði og í Straumsvík, en til þeirra hafði hann verið sérstaklega kvaddur af aðilum á þessu svæði. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Síðari hluta ágúst fór undirritaður nokkrar ferðir til Hafnarfjarðar að skoða garða. Trjágróðurinn var óvenjuvesæll að sjá, einkum reyniviðartegundir, en einnig birki, víðir, heggur, hlynur og jafnvel ribsrunnar."

Síðan lýsir Ingólfur skemmdunum nánar og ályktar svo þannig:

„Ég skoðaði laufið og fann ekki í því neinar skemmdir af völdum sveppa, og til frekari fullvissu sendi ég nokkur sýnishorn utan til rannsóknar, og fundust þar heldur ekki sveppar í laufinu. En allt benti til þess, að um einhvers konar sviðnun væri að ræða, helzt loftborna. Samkv. efnagreiningu reyndust sýnishorn trjálaufs úr Hafnarfirði menguð af flúor. Við sumarbústað rétt hjá Straumsvík reyndist flúormengun miklu meiri bæði í laufi og grasi. Bendir það til, hvaðan hún er komin í hafnfirzku garðana. Lítur ekki vel út með trjárækt Hafnfirðinga, ef slíku fer fram til lengdar. Flúormengun gæti og hæglega borizt til Reykjavíkur frá Straumsvík, þó að mistur þaðan leggi eðlilega oftar og meira um Hafnarfjörð. Hreinsitæki í verksmiðjuna virðast augljós nauðsyn," segir Ingólfur Davíðsson.

Menn, er lásu þetta, hrukku illa við og spurðu, hvort flúornefndin hefði nú sofnað á verðinum. Garðeigendur í Hafnarfirði og víðar í nágrenni verksmiðjunnar tóku að óttast um ávöxt erfiðis síns í mörg ár. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti samhljóða áskorun til ríkisstj. um að bregðast strax við og nota samningsrétt sinn til þess að krefjast þess af eigendum verksmiðjunnar, að gerðar væru tafarlausar ráðstafanir til þess að draga úr flúorhættunni með því að setja upp hreinsitæki. En dráttur er á því enn.

Jóhann Hafstein, hæstv. forsrh., lýsti því við umr. um till. þessa fyrir síðustu áramót, að það væri á valdi Alþ. og ríkisstj. að ákveða, hvort hreinsitæki yrðu sett upp eða ekki, og fyrirsvarsmenn ISALs lýstu því yfir á blaðamannafundi 14. jan. s. l., að þeir teldu sér skylt að hlýða slíkri fyrirskipun, ef fram kæmi. Þrátt fyrir aðvaranir Ingólfs Davíðssonar, sem um er getið, segist ríkisstj. enn þá bíða niðurstöðu af rannsókn um svo nefnd skaðleysismörk flúors á umhverfi við verksmiðjuna. Stefnan virðist vera sú að bíða, þar til tjónið er augljóslega skeð. Hér er þveröfugt staðið að hlutunum miðað við það, er fram kom af hálfu Jóhanns Hafsteins, þáv. iðnmrh., í umr. á Alþ. 1. marz 1967, en þá sagði hann m. a. í svari við fsp. um, hvort reykeyðingartækjum yrði fyrir komið í verksmiðjunni og hagnýtt frá byrjun, þetta orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Grundvallaratriðið er, að íslenzk yfirvöld hafi jafnan tiltækar allar upplýsingar, sem á þarf að halda, til þess að meta aðstæður í Straumsvík, þannig að þau verði jafnan reiðubúin að krefjast þess, að framkvæmdar séu þær varúðarráðstafanir, sem réttmætt er, að ISAL annist á hverjum tíma."

Einnig kom fram í svari hæstv. iðnmrh. þá, að íslenzk heilbrigðisyfirvöld teldu nauðsynlegt, að þegar í upphafi yrði gætt allra varúðarráðstafana. Í þessu sambandi vil ég leggja sérstaka áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. stendur frammi fyrir því að taka ákvörðun, sem verður stefnumótandi um afstöðu í framtíðinni til atvinnurekstrar, sem sennilegt má telja, að haft geti í för með sér umhverfiseyðandi verkanir. Verður stefnan sú að bíða með fyrirbyggjandi aðgerðir, þar til tjónið er orðið, ellegar verður stefnan sú að krefjast strax í upphafi fyrirbyggjandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir tjón? Ég lýsti fyrr í ræðu minni biturri reynslu ýmissa iðnaðarþjóða í þessum efnum, sem nú verja þúsundum milljarða kr. til að bæta fyrir margra ára léttúð í sambandi við umhverfiseyðingu. Föllum við sjáandi í sömu gröfina?

Rök mín fyrir stuðningi við till. eru m. a. þessi: Með ákvörðun ríkisstj. um að setja upp hreinsitæki væri stefna mörkuð um að stunda umhverfisvernd við uppbyggingu stóriðju í landinu í framtíðinni. Stóriðja mun hér rísa á legg í auknum mæli og hún tæki mið af þessu

markmiði Íslendinga allt frá fyrstu hönnun framkvæmda. Yrði slíkt öllum til hags. Fyrirhuguð er stækkun álbræðslunnar um helming eða í 88 þús. tonna ársframleiðslu. Við það eykst flúormagnið, sem út í loftið fer, um helming eða í tæp 6 tonn á sólarhring. Með hreinsitækjum á að vera hægt að minnka magnið um 70%. Allar álbræðslur í Noregi eru nú útbúnar hreinsitækjum, og fróðir menn segja mér, að ólíklegt sé, að nokkur menningarþjóð muni í framtíðinni leyfa slíkar verksmiðjur án hreinsitækja. Návist verksmiðjunnar við höfuðborgarsvæðið, þar sem rúmur helmingur þjóðarinnar býr og saman eru komin mikil verðmæti eigna, er flúormengun gæti eyðilagt, krefst strangra öryggisráðstafana frá hugsanlegum skaðvaldi. Viðbótarfjárfesting vegna hreinsitækja upp á rúmar 100 millj. kr. af 5500 millj. kr. heildarfjárfestingu í stækkaðri álverksmiðju, eins og ráðgert er að hún verði á næsta ári, skiptir fyrirtækið óverulegu máli og má ekki undir neinum kringumstæðum ráða úrslitum í þessu máli.

Mjög auknar kröfur eru nú gerðar um allan heim í sambandi við atvinnurekstur, sem hefur umhverfiseyðandi áhrif. Við eigum að vera með í þeim efnum. Við eigum að ganga út frá þeirri meginreglu við stefnumótun okkar, að meiri háttar framleiðslustarfsemi geti verið mengunarvaldur, þar til sakleysið er sannað, og enginn hafi leyfi til þess að óhreinka umhverfi sitt og menga. Það þarf að vinna almenning til fylgis við setningu slíkra reglna, og ríkisvaldið á með jákvæðum aðgerðum að auðvelda atvinnurekstrinum í landinu, t. d. með beinni aðstoð og kynningarstarfsemi, að aðlaga sig skynsamlegum kröfum í þessum efnum.

Nokkuð er nú rætt um að koma upp efnaiðnaði hér í stórum stíl, m. a. sjóefnaiðju á Reykjanesi. Yrði það væntanlega stærsta fyrirtæki hér á landi, ef af yrði.

Ég heyrði Vilhjálm Lúðvíksson verkfræðing lýsa því yfir á fyrrnefndri verkfræðiráðstefnu, að tæknilega væri hægt að útiloka öll skaðvænleg mengunaráhrif frá þeim efnaiðnaði, sem rætt hefði verið um að koma á fót á Íslandi. Þetta er mér ásamt mörgu öðru sönnun þess, að vísinda- og tækniþekkingin, sem er undirrót og frumafl flestra framfara í heiminum, er ekki einasta til þess fallin að skapa umhverfiseyðingarvandamál, sé hún notuð fyrirhyggjulítið, heldur getur hún líka bætt úr, þar sem gálauslega hefur verið að farið, og fyrirbyggt, að þekkingunni fylgi böl fyrir mannfólkið. Vandinn stóri er sá að kunna að beita þekkingunni, svo að vel fari í búskaparháttum þjóðanna.

Enn þá ríkir hér ekki nægur skilningur í umgengninni við landið. Við sjáum þess dagleg merki í sorphaugum og hvers kyns drasli í byggð og í borg. Náttúrufræðingur hefur nýlega lýst því yfir, að beztu landbúnaðarhéruð landsins séu ofbeitt, svo að til vandræða horfi. Sjórinn í kringum landið er víða og þá helzt nálægt þéttbýli dauður sökum mengunar frá skolpi þéttbýlissvæðanna. Það gætir því nokkuð víða umhverfiseyðingarinnar í landi okkar, fyrst og fremst vegna hugsunarleysis íbúanna. Við skulum hefja hreinsunarstríðið í Straumsvík með samþykkt þessarar till., en minnast þess vel um leið, að verkið er þar með rétt aðeins hafið. — Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég er eindreginn stuðningsmaður þeirrar þáltill., sem hér er til umr., og tel, að fela beri ríkisstj. að nota þegar í stað tvímælalausan rétt sinn til þess að láta setja hreinsunartæki á álverksmiðjuna við Straumsvík. Hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, var rétt í þessu að færa fram að mínu viti óyggjandi rök fyrir sams konar afstöðu, og þarf ég því ekki að endurtaka neitt af því. En ég ætla að reyna að draga það fram, að mengunarmálið í Straumi er stórmál, ekki aðeins vegna þess, hve mikið er þar í húfi, heldur einnig af því, að þetta mál er grein af einum þýðingarmesta málaflokki í nútímaþjóðfélagi, sem við getum kallað umhverfismál, a. m. k. þangað til betra nafn kynni að finnast.

Stórfelld iðnvæðing nútímans, þéttbýlið í borgunum og öll hin gífurlega mergð úrgangsefna, sem flæða frá þeim tiltölulega litla hluta mannkynsins, sem lifir í allsnægtum, hefur skapað gífurlega hættu, sem ógnar heilbrigðu lífi. Þetta gengur svo langt, að skoða verður mörg grundvallaratriði í nýju ljósi, og til þess að átta sig á þeim viðfangsefnum, sem við eigum fyrir höndum að glíma við, er nauðsynlegt að festa sér í minni nokkur höfuðatriði þessara nýju viðhorfa.

Þýðingarmest af öllu er að gera sér grein fyrir því, að það eru að verða sífellt eftirsóttari lífsgæði að eiga heima í ómenguðu, eðlilegu umhverfi og hafa auðveldan og frjálsan aðgang að útivist á óspilltu, fjölbreytilegu landi. Eftir því sem mengun og önnur vandkvæði þéttbýlislandanna þrengja meira að, verður það þýðingarmeiri þáttur í viðhorfi manna, í hvaða umhverfi þeir eiga kost á að lifa. Þetta þýðir, að þau lönd, sem vel eru sett í þessu tilliti, hafa að öðru jöfnu betri lífskjör að bjóða en önnur. Lífskjör mótast sem sé ekki einungis af fæði, klæði og húsnæði og þátttöku í því, sem menn oft eiga við, þegar þeir tala um menningarlíf, heldur einnig af því, hvort menn eiga kost á því eða ekki að lifa í eðlilegu og viðkunnanlegu umhverfi. Hér er því um landkosti að ræða á borð við aðra þýðingarmestu þætti, og þetta er í fyllsta máta hagnýtt sjónarmið, samhliða því menningarlega, sem í því felst að leggja rækt við land sitt og nágrenni.

Menn verða því að gera sér grein fyrir því, að hreinlegt, óspillt og aðlaðandi umhverfi, sem almenningur hefur aðgang að, er landkostir eins og gott búland, góð fiskimið, fallvötn, jarðhiti og önnur náttúrugæði. En þessi skilningur verður að koma til og setja sitt mót á þjóðarbúskapinn, áður en það er of seint, verður að koma til við upphaf stóriðju á Íslandi t.d., og það þýðir, að alveg nýtt verðmætamat hlýtur að koma til framkvæmda, ef vel á að fara.

Séum við sammála um, að það sé raunverulega mikils virði að lifa í ómenguðu, viðkunnanlegu umhverfi, þá verðum við að vera reiðubúin að láta gera þær ráðstafanir, sem til þess þarf, að svo megi verða, og kosta því til, sem nauðsyn krefur. En sé hik á okkur að viðurkenna þessi grundvallaratriði, þá mætti reyna að mála þetta sterkari litum og spyrja: Hvers virði eru langar og breiðar stofur, mikilfengleg húsgögn og dýrir bílar, ef loftið er mengað, umhverfið löðrandi af óþverra, gróðurlaust og dautt, og vatn og sjór blandað eitri og óhreinindum? Þegar svo er komið, yrði fánýtt að vaða í peningum.

Þetta verða menn að horfast í augu við öfga- og æðrulaust. Menn verða að gera sér grein fyrir þessum

nýstárlegu viðhorfum og takast á við hin nýju viðfangsefni skynsamlega og með fullri festu. Auðvitað verða einhver átök, því að sumir vilja ekki kosta því til, sem þarf, vilja græða meira í skammsýni sinni, þótt því fylgi meira tap fyrir samfélagið en gróðanum nemur.

Allt getur þetta þó farið vel, ef þessi mál eru skoðuð nógu vel niður í rótina og almenningur lætur sig þau nógu miklu varða. Á því veltur í rauninni allt, þegar til lengdar lætur. Almenningsálitið knýr stjórnmálamennina til þess að sinna þessum málum og taka skynsamlega stefnu, sé því fylgt nógu fast eftir, annars ekki.

Forfeður okkar spilltu landinu. Ekki skulum við álasa þeim fyrir það, því að oftast var um lífið að tefla. Við verðum að játa, að við höfum einnig í mörgu tilliti spillt landinu. Við höfum okkar afsakanir kannski. En við höfum aftur á móti engar gildar afsakanir, ef við látum landið halda áfram að spillast, eins og nú er komið, því að við eigum að geta haft ótal ráð til þess að lifa góðu lífi, án þess að slíkt komi til greina.

Við erum ekki í neinni þeirri neyð stödd með bjargræðisvegi, að við þurfum að láta koma hér upp atvinnufyrirtækjum, sem eyðileggja umhverfi sitt eða valda mengun til stórlýta og stórtjóns. Með skynsamlegum ráðstöfunum og heppilegum ráðum í tíma teknum er enda tvímælalaust oftast hægt að samræma iðnrekstur og orkunýtingu og óspjallað umhverfi. En sé slíkt með öllu ókleift í einstökum dæmum, verðum við að vera án þess iðnrekstrar, sem þannig er vaxinn, að hann gerir meira tjón en gagn, þegar rétt er á litið og réttu verðmætamati beitt.

Okkur skortir ekki verkefni og góða afkomumöguleika, sem samrýmast því að bæta landið og halda hreinleika lofts og lagar, en einmitt þeir þættir verða einhverjir traustustu þættir í þjóðarauðnum, ef vel er á haldið. Það má því kosta miklu til og engin mistök mega eiga sér stað, því að þau verða dýru verði að gjaldast af komandi kynslóðum. Okkur, sem nú lifum, verður aldrei fyrirgefið, ef við bregðumst þeim í þessu fyrir blindu á þau einföldu grundvallarsannindi, sem rétt verðmætamat hlýtur að byggjast á.

Ástandið í þessum málum hér er að mínum dómi talsvert alvarlegra en flestir telja, og vottar lítt eða ekki fyrir nýjum átökum enn á framkvæmdastigi þessara mála. Almenningsálitið er hins vegar að myndast og styrkjast, og feiknavinna er í það lögð af áhugafólki að vekja athygli á þessum málum og skapa nýtt viðhorf og gera skynsamlegar till. En hér þarf að verða gífurleg breyting á framkvæmdastiginu, ef vel á að fara.

Sjórinn mengast óðfluga við þéttbýlissvæðin, enda höfum við ræki lega lifað eftir þessu gamla máltæki: „Lengi tekur sjórinn við", sem engan veginn stenzt lengur. Öllum fljótandi úrgangi er brotalaust veitt í sjóinn, og sums staðar fer sorpið sömu leið að meira eða minna leyti. Það mun ekki til á landinu ein einasta stöð til þess að eyða fljótandi úrgangi. Mengunin í sjónum hér við sunnanverðan Faxaflóa er orðin slík, að eina útibaðstaðnum varð að loka. Víða við þéttbýlið eru fjörurnar löðrandi af óþverra, svo að þar er helzt ekki komandi lengur. Samt eru þó fjörurnar oft eins konar umgjörð um byggðarlögin sjálf. Úrgangsleiðslur enda uppi á landi, þótt reglugerðir segi, að þær eigi að ganga langt út í sjó. Skylt er að geta þess, að byrjað er hér á höfuðborgarsvæðinu að athuga strauma og annað ástand sjávarins við strendurnar, sem auðvitað er alger undirstaða þess, að menn hafi hugmynd um, hvað þeir eru raunverulega að gera.

Á sjálfu náttúruverndarárinu í fyrra voru afgreidd hér á hv. Alþ. fjárlög, sem nema á 12. milljarð, en til náttúruverndar voru ætlaðar tæpar 600 þús. kr. Allar friðlýsingar eru löngu strandaðar vegna fjárskorts. Náttúruverndarfrv. var loks lagt fram fyrir stuttu og þá búið að plokka út úr því ákvæðin um að byggja upp náttúruverndarsjóð. En þetta eru allt angar af sama málinu, ef rétt er á litið.

Mengunarhættu frá áburðarverksmiðjunni hefur ekki verið sinnt, svo að mér sé kunnugt, en um hana voru gefnar athyglisverðar bendingar á mengunarráðstefnu áhugamanna. Hér hefur sá einstæði atburður gerzt, að reist hefur verið álverksmiðja án hreinsunartækja.

Undirstöðurannsóknir í þessum efnum öllum eru afar ófullkomnar og í molum og þekkingu því mjög ábótavant til þess að velja heppilega staði fyrir iðnfyrirtæki, virkjanir og aðrar þvílíkar framkvæmdir. Hér hefur legið í landi að hrapa að ákvörðunum um örlagaríkar stórframkvæmdir. Ætti Laxárvirkjunarmálið að verða mönnum slík aðvörun, að algerum stefnuhvörfum valdi. Ekkert er þýðingarmeira en að öll sjónarmið komi til greina í tæka tíð, þegar í stórvirki er ráðizt. Mun reynslan sýna, að nálega alltaf má finna viðunandi úrlausnir, ef sá háttur er á hafður.

Líklega hefur engin þjóð betri aðstöðu en við til þess að sameina landvernd og nytsamar framkvæmdir af því tagi, sem við þurfum til þess að lifa hér öfundsverðu lífi. En það dugir ekki annað en að gera sér grein fyrir því, að hér verður þá stórfelld stefnubreyting að koma til í umhverfismálum, og skulum við ekki metast um það, sem orðið er. Við höfum öll sofið og erum að rumska. Það sama má víst ekki síður segja um menn annars staðar. Við erum þó svo gæfusöm, að við eigum fleira óspillt í þessu tilliti en margir aðrir. Okkar vegur verður þá líka minni, ef við leggjum okkur út af á ný og látum slarka sem áður.

Hér þarf margt að koma til, og mun ég minnast á sumt. Náttúruverndarlögin nýju þurfum við að fá og í þeim náttúruverndarsjóðinn, því að ekkert að ráði er hægt að gera til friðunar nema hafa einhver fjárráð. En því nefni ég þetta, að náttúruverndarmálin eru liður í sömu keðju og varnirnar gegn mengun.

Framkvæmdir til þess að fyrirbyggja mengunaráhrif, svo að viðunandi sé, verða hiklaust að teljast með sjálfsögðum rekstrar- og stofnkostnaði allra iðnfyrirtækja og teljast með öðrum útgjöldum, en ekki á eftir öðrum útgjöldum, eins og við hefur brunnið. Þessi útgjöld verða afdráttarlaust að teljast með, þegar það er gert upp, hvort fyrirtækin eiga rétt á sér eða ekki samanborið við önnur úrræði. Ég endurtek það, sem ég áðan sagði, að íslenzka þjóðin er ekki í neinni þeirri neyð stödd með bjargræðisvegi að slaka þurfi á slíkri stefnu sem þessari.

En það er ekki nóg að játa þessa stefnu með vörunum, það verður að framkvæma hana afdráttarlaust og ekki taka neina áhættu í því sambandi, og þar komum við aftur að þáltill., sem fyrir liggur. Straumsvíkurmálið

er æðimikið prófmál á okkur og því afar þýðingarmikið, hvernig það fer.

Meginstefna okkar í þessu tilliti verður að vera sú, sem nú er verið að taka upp í öðrum löndum, þar sem farið er að taka fastar á þessum málum, að þeir borga varnirnar, sem tjóninu mundu valda, ef ekkert væri að gert. Við verðum að koma því á, eins og þær menningarþjóðir, sem nú eru að koma nýrri og betri skipan á þessi mál, að allar meiri háttar framkvæmdir verði framvegis hannaðar að höfðu samráði við þær stofnanir, sem falin er forsjá umhverfismála. Efla þarf umhverfisrannsóknir í sambandi við staðarval, þegar um meiri háttar fyrirtæki er að ræða, en vitneskja um veðurfar, strauma og fjölmörg önnur atriði er nauðsynleg undirstaða skynsamlegra ákvarðana um þessi efni. Var rækilega fram á þetta sýnt á mengunarráðstefnunni, sem haldin var á dögunum. Setja ætti upp stjórn fyrir þessi mál, sem samræmir rannsóknir og framkvæmdir, þar með taldar almennar hreinlætisráðstafanir úti við, og líklega væri bezt, að þar undir kæmi einnig æðsta yfirstjórn náttúruverndarmála og yfir höfuð öll þau málefni, sem lúta að því, að menn geti lifað í mannsæmandi og viðkunnanlegu umhverfi þrátt fyrir iðnvæðinguna og skynsamlega hagnýtingu náttúruauðlinda, sem verður að eiga sér stað.

Það úir og grúir af lagaákvæðum hjá okkur, sem fjalla um einstaka þætti þessara mála. Eru sum merk og nýlega sett að vel yfirveguðu ráði og miðuð við nútímaþarfir. En þó eru eyður í þessu, sem skilmerkilega var gerð grein fyrir einmitt á mengunarráðstefnunni, og samræmi vantar. Framkvæmdaafl skortir mjög, og yfirstjórn þessara mála er í molum, fellur meira að segja undir mörg rn. og fjölda stofnana. Á þetta bæði við um ráðstafanir til þess að bæta úr þeirri mengun, sem orðin er, og ekki síður um það, sem gera þarf, ef stemma skal á að ósi í sambandi við vaxandi iðnvæðingu.

Hér ber því allt að sama brunni, hvort sem litið er á rannsóknar- eða framkvæmdahlið mengunarmálanna eða umhverfismálanna. Yfirstjórn þessara mála þarf að magna og samræma. Það kemur hið sama í ljós hér og í nálægum löndum, enda er þar óðfluga verið úr að bæta, og alls staðar er byrjað með því að samræma átök þeirra mörgu stofnana, sem koma við sögu.

Það verður að vera þáttur í því nýja viðhorfi til þessara mála, að opinberar framkvæmdir í umhverfismálum, gegn mengun, til náttúruverndar, til landgræðslu og til þess að tryggja mönnum aðgang að útilífi í skemmtilegu umhverfi, þ. á m. fólkvanga og þjóðgarða, verði settar í flokk með þeim, sem þýðingarmestar eru taldar, en ekki hafðar í úrkastsflokki. Við mættum hafa það fast í huga, að hér er ekki um lúxusframkvæmdir að ræða, sem menn eiga að veita sér, þegar öllum þessum nýtízkulegu nútímaþörfum hefur verið fullnægt, jafnóðum og þær eru búnar til, heldur er þvert á móti um það að tefla, hvort við teljum okkur hafa ráð á því eða ekki að lifa í óspilltu, eðlilegu umhverfi.

Ég er ekki í neinum vafa um, hvar við stöndum raunverulega í þessum málum, ef við íhugum okkar ráð vandlega og gerum okkur vel grein fyrir samhenginu, svo að réttu mati á verðmætum verði komið við. Þetta skulum við gera núna, einmitt áður en það er orðið of seint, minnug hins forna spakmælis, að ekki er ráð, nema í tíma sé tekið.

Loks er þess að minnast, að framundan bíður Íslendinga mikil barátta fyrir ráðstöfunum á alþjóðavettvangi gegn mengun hafsins, og verður þar um að tefla sjálfan grundvöllinn fyrir lífi þjóðarinnar í landinu framvegis. Verður það eitt að nægja nú að minna á þennan stórfellda þátt mengunarmálanna, sem verður mikilsverður liður í utanríkismálum Íslendinga á næstu árum.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Iðnn. Nd. hefur haft til meðferðar till. til þál. um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumi, eins og þar stendur. N. hefur klofnað í málinu, og sem frsm. meiri hl. vil ég gera grein fyrir afstöðu n. í máli mínu.

Frá öndverðu hafa ýmsir þeir, sem af einhverjum ástæðum eru andvígir stóriðju á Íslandi, eins og álbræðslunni í Straumsvík, lagt sig mikið fram um að ófrægja slíkan rekstur, m. a. af þeim sökum, að frá honum stafi hættuleg og banvæn eiturefni, jafnvel bæði fyrir menn og dýr, hvað þá gróður. Hefur í þeim efnum ýmsum hvatvíslegum fullyrðingum verið fram haldið, án þess að þær verði rökstuddar eða byggðar á vísindalegum niðurstöðum. Hitt hefur ekki verið neitt launungarmál, að frá því fyrst var farið að ræða um byggingu álbræðslu hér á landi, var það ljóst, að viss mengun gæti stafað af rekstri hennar, aðallega vegna uppgufunar á flúorvetni frá bræðsluofnum hennar. Má segja, að þetta sé sú eina tegund mengunar, sem orð sé á gerandi í sambandi við rekstur álbræðslunnar. Af þessum sökum hefur bæði fyrr og síðar verið lögð á það megináherzla í samningagerðum ríkisstj. við hið svissneska álfélag og á annan hátt í sambandi við rekstur álbræðslunnar, að fyllstu varúðarreglna sé gætt og ef nauðsyn krefur að koma í veg fyrir skaðleg áhrif hugsanlegrar mengunar.

Í aðalsamningi ríkisstj. við Swiss Aluminium eru eftirfarandi ákvæði, sem hér skipta máli. Í 12. gr. segir m. a.:

„ISAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði."

13. gr. um reglur um öryggi, heilbrigði og hreinlæti:

„Að tilskildum ákvæðum 12. gr. skal ISAL byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum."

Sá háttur var á hafður, að sett var á laggirnar sérstök mengunarnefnd með samningu eða setningu reglugerðar löngu áður en álbræðslan tók til starfa eða 7. júlí 1967. Í þessari mengunarnefnd eiga sæti tveir fulltrúar af Íslands hálfu, Pétur Sigurjónsson efnaverkfræðingur, forstjóri Rannsóknastofnunar iðnaðarins, og dr. Axel Lydersen, prófessor við Tækniháskólann í Þrándheimi, en af hálfu álbræðslunnar dr. A. Sulsberger, efnaverkfræðingur við rannsóknastofnun í Sviss, og dr. E. Besshard, efnaverkfræðingur og tæknilegur framkvæmdastjóri Íslenzka álfélagsins h/f.

Í stórum dráttum hefur nefndin hagað störfum sínum þannig: Við upphaf og lok vaxtartímabils jurta-

gróðurs ár hvert, þ. e. að vori og hausti, eru tekin sýnishorn á 25 stöðum. Þessi sýnishorn eru af grasi, trjálaufi, jarðvegi, vatni, lofti og beinum dýra. Þar að auki eru tekin sýnishorn af regnvatni mánaðarlega. Staðir þeir, þar sem sýnishornin eru tekin, hafa verið valdir á ákveðnum svæðum umhverfis verksmiðjuna í allt að 20 km fjarlægð. Enn fremur eru tveir athugunarstaðir í 66 og 78 km fjarlægð. Sýnishornin eru tekin samkv. alþjóðlegum reglum, og er hverju þeirra skipt í þrjá hluta, sem síðan eru efnagreindir hjá Rannsóknastofnun iðnaðarins, áðurnefndri rannsóknastofnun í Sviss og háskólanum í Þrándheimi. Þegar niðurstöður allra þessara rannsókna liggja fyrir, heldur nefndin fund, þar sem niðurstöðurnar eru bornar saman og áhrifin á umhverfið eru metin.

Iðnrn. mun hafa borizt fyrsta skýrsla flúornefndarinnar, sem svo hefur verið nefnd, ásamt bréfi, dags. 7. sept. 1969, en þar var nánar gerð grein fyrir, hvernig hagað mundi töku sýnishorna, en um þessar mundir hóf bræðslan starfsemi sína. Var það ákveðið í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, að flúornefndin héldi áfram starfsemi sinni, en rn. samþykkti einnig, að dr. Páll A. Pálsson yfirdýralæknir annaðist töku beinasýnishorna, en um þau var sérstaklega fjallað í einni grein hins framangreinda samnings.

Þegar flutt var á Alþ. till. til þál., sem hér er um fjallað, hafði ekki enn borizt skýrsla flúornefndarinnar, sú fyrsta eftir að verksmiðjan hafði hafið starfsemi sína. Hins vegar hafði það gerzt, að grasafræðingur hafði tekið þrjú sýnishorn af trjám og greint dagblöðum frá því, að við efnagreiningu hefði reynzt meira flúormagn en eðlilegt væri í þessum sýnishornum. Í grg. þáltill. segir, að þessi frásögn grasafræðingsins hafi vakið mikla athygli. Hins vegar hafi svo við brugðið, að iðnrn. og forstöðumaður Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Pétur Sigurjónsson, hafi lagt á það mikið kapp að reyna að gera rannsóknir og niðurstöður grasafræðingsins tortryggilegar. Þessar fullyrðingar í grg. eru staðlausir stafir, sem í sjálfu sér er ekki merkilegt, þegar horft er á, hverjir flm. þáltill. eru. Í frásögnum blaða var engin grg. um það, með hverjum hætti grasafræðingurinn hefði staðið að sýnitökum sínum. En þrjú sýni út af fyrir sig eru að sjálfsögðu enginn grundvöllur vísindalegrar niðurstöðu.

Það, sem iðnrn. gerði, var að skrifa Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þar sem þessi embættismaður starfar, og óska eftir grg. um rannsóknir hans og niðurstöður og hvernig að þeim hefði verið staðið. Þessi grg. barst rn., en hún er aðeins örfáar línur, sem frá því greina, að hin þrjú sýni hafi verið tekin samkv. tilmælum héraðslæknisins í Hafnarfirði, og enn fremur, að grasafræðingurinn hafi skoðað fjölmarga garða í Hafnarfirði í júlí og þó aðallega í ágúst og fundið víða greinileg merki sviðnunar í laufi trjánna. Flúormagnið er tilgreint, eins og frá hafði verið skýrt í blöðum, 19—50 hlutar af milljón. Í grg. þáltill., sem hér er til umr., segir:

„Til samanburðar má geta þess, að venjulega hafa aðeins mælzt 5—10 hlutar af milljón flúors í trjátegundum hér á landi."

Þegar skýrsla flúornefndarinnar barst og iðnrn. fékk hana til meðferðar, kemur m. a. í ljós, að í mörgum sýnum trjátegunda, sem tekin voru, áður en álbræðslan hóf starfsemi sína, er miklu meira flúormagn en flm. þessarar till. tilgreina. Má þar t. d. tilgreina, að flúormagn í reyni í Hellisgerði, í sýni, sem tekið var í sept. 1969, reyndist 27.6 hlutar af milljón, en hins vegar á sama stað 10.6 hlutar af milljón í sept. 1970, eftir að álbræðslan hafði starfað í tæplega ár. Í Hellisgerði í birki í sept. 1969 27.9 hlutar af milljón, en á sama stað 17.8 hlutar af milljón flúors í sept. 1970, eftir að álbræðslan er farin að starfa. Í birki á Vífilsstöðum 18.6 hlutar af milljón í sept. 1969, en 15.4 hlutar af milljón í sept. 1970. Í Fossvogi í birki 21.2 hlutar af milljón í júní 1969 og 16 hlutar af milljón í sept. 1969, en 18.3 hlutar af milljón í sept. 1970. Og hér í Reykjavík í Tjarnargarðinum reyndist flúormagnið í birki 36.5 hlutar af milljón í júní 1969 og 30.9 hlutar af milljón í sept. 1969, en rúmir 22 hlutar af milljón í sept. 1970, þegar álbræðslan er búin að starfa í eitt ár. Það gæti m. a. verið verkefni vísindamanna að skilgreina fyrir þm. og öðrum, í hverju liggur þetta meira flúormagn í gróðri á sama stað ári áður en verksmiðjan hóf starfsemi sína en ári eftir að hún tók til starfa. Grasafræðingurinn, sem flm. þessarar þáltill. vitna til, gæti e. t. v. gefið skýringar á slíku.

Eftir að flúornefndin skilaði skýrslu sinni, dags. 30. okt. 1970, sem iðnn. hefur haft til meðferðar, kom í ljós, að mistök varðandi tilvitnanir í fræðirit höfðu átt sér stað. Að tilhlutan iðnrh. var nefndin kvödd saman til fundar að nýju, og hefur hún nú leiðrétt þessi mistök og auk þess gert tilvitnanir sínar í fræðirit og heimildir fyllri en áður.

Niðurstöður nefndarinnar eru m. a. eftirfarandi: Heildarmynd sú, sem fæst úr skránum og línuritunum, leiðir í ljós, að flúormagn er verulega neðan þeirra magngildismarka, sem þekkt er að orsaki sjáanlegar skemmdir á trjágróðri og flúorveiki í nautgripum, sem fóðraðir eru á algengan hátt. Hæsta stakt gildi í heyi, 31.9 hlutar af milljón, mældist að Vífilsstöðum í sept. 1970. Hæsta stakt gildi í laufi 1970 var 22.9 hlutar af milljón í birki í Reykjavík, lægra en í Hafnarfirði, í birki er enn fremur um að ræða lægra mark en var í júní 1969. Hæsta stakt gildi í barri í sama mánuði var 5.8 hlutar af milljón í greni í Hellisgerði í Hafnarfirði. — Enn fremur segir: Heildaryfirlit það, sem fæst af töflunum og línuritunum, leiðir í ljós, að flúormagnið er verulega fyrir neðan þau magngildismörk, sem þekkt er að valdi sjáanlegum skemmdum á trjám og gaddi í nautgripum, sem fóðraðir eru á algengan hátt. Þetta á einnig við um einstaka staði. — Um skaðleysismörk flúorinnihalds segir í nál.: Rit þau, sem til er vitnað hér á eftir, eru frá 1960 og síðar. Misræmi milli ritanna, einkum hinna eldri, kann að stafa frá mismunandi efnagreiningaraðferðum við ákvörðun flúorinnihalds, en þær hafa verið bættar að mun á síðari árum. Áhrif flúors, sem þekkt eru úr fræðiritum og af reynslu, eru háð samsetningu flúorefnanna.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að skaðleysismörk vegna flúormagns kynnu að vera minni eða lægri hér á landi en annars staðar. Af þessum sökum ritaði iðnn. framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins þann 3. febr. eftirfarandi bréf, sem síðan var greint frá í fréttatilkynningu:

„Þar sem enn hafa ekki verið ákveðin nein skaðleysismörk vegna mengunar almennt hérlendis og þá

heldur ekki vegna flúoráhrifa, æskir rn. þess, að Rannsóknaráð ríkisins skipi vel hæfa og sérfróða menn til þess að rannsaka, hvernig eðlilegt teldist að ákveða mörk flúoráhrifa. Rn. mun af sinni hálfu tilnefna mann í nefndina."

Enn fremur segir í bréfinu:

„Þótt greind hafi verið erlend skaðleysismörk í skýrslu nefndarinnar, er því ekki haldið fram í skýrslunni, að þau gildi hérlendis. Hins vegar ber nauðsyn til, að rannsókn fari nú fram í þessu efni. Fyrir því er framangreind beiðni fram komin."

Þessi nefnd, sem á að kanna, hver muni vera skaðleysismörk flúoráhrifa hér á landi, hefur nú verið skipuð, og eiga í henni sæti Baldur Johnsen læknir, Eyþór Einarsson grasafræðingur, Runólfur Þórðarson verkfræðingur, Sigmundur Guðbjarnason prófessor og dr. Þorkell Jóhannesson prófessor, en dr. Páll A. Pálsson yfirdýralæknir baðst undan því að taka sæti í nefndinni af persónulegum ástæðum. En í hans stað hefur verið skipaður Guðmundur Pétursson læknir. Síðan hefur dr. Sturla Friðriksson erfðafræðingur af hálfu iðnrn. verið skipaður í nefndina. Þá hefur iðnrh. hlutazt til um að fá til landsins erlenda sérfræðinga á þessu sviði til að eiga viðræður við þessa nefnd og til þess að sérfræðingarnir og vísindamennirnir geti skipzt á skoðunum og þar með auðveldað starf nefndarinnar, og eru þeir nú nýfarnir héðan af landi. Enn fremur hefur iðnrn. aflað skýrslu, sem þrír ameríska vísindamenn sömdu að tilhlutan svissnesku ríkisstj. til álitsgerðar um skaðsemismörk flúormagns í Sviss, og mun mengunarnefndin geta átt aðgang að þessum skýrslum.

Þá er rétt að geta þess, að iðnn. sendi framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins þáltill. til umsagnar, og barst umsögn framkvæmdanefndarinnar með bréfi, dags. 4. marz 1971, og fylgir það nál. okkar, sem skipum meiri hl. iðnn., sem fylgiskjal. Sérstaklega vil ég vísa til niðurlags í bréfi framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins, þar sem segir:

„Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið (og þar er vísað til skipunar þeirrar nefndar, sem áður er greint frá, til að rannsaka skaðleysismörkin), getur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins að sjálfsögðu ekki dæmt um það, hvort nauðsynlegt er að setja upp hreinsunartæki við álbræðsluna í Straumsvík, fyrr en niðurstöður ofangreindrar nefndar liggja fyrir."

Undir bréf þetta ritar Steingrímur Hermannsson fyrir hönd framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs, en hann situr nú á Alþ. sem varaþm. Framsfl.

Herra forseti. Að fenginni reynslu annarra þjóða væri fráleitt að koma hér á stóriðju án þess að taka tillit til hugsanlegrar mengunar og gera ráðstafanir til að fyrirbyggja hana, ef þörf krefur. Hitt er jafnfráleitt að hafna nýjum atvinnugreinum, aukningu þjóðartekna og lífskjarabót til almennings, sem þeim geta fylgt, vegna þess að erlendis hafi mengun fylgt slíkri iðju, sérstaklega þó þar, sem ekkert hefur verið gert til að fyrirbyggja hana.

Með vísun til alls þess, sem hér hefur verið sagt, verður ekki umdeilt, að frá öndverðu hefur gætt mikillar varúðar af hálfu íslenzkra stjórnvalda í samningsgerð um álbræðsluna og varðandi rannsóknir og athuganir á hugsanlega skaðlegum áhrifum flúormengunar, eftir að rekstur hennar hófst. Niðurstöður rannsókna hafa ekki enn leitt í ljós, að nauðsyn beri til þess án tafar að krefjast þess, að sett séu upp hreinsitæki í verksmiðjunni, en hins vegar hefur iðnrh. lýst því yfir oftar en einu sinni á Alþ., að sú krafa verði gerð, ef niðurstöður vísindalegra rannsókna bendi til, að þess sé þörf. Samkvæmt aðalsamningnum milli ríkisstj. og svissneska álfélagsins er ótvíræð skylda ISALs til þess að setja upp hreinsitæki í álbræðslunni, ef slíkar aðstæður reynast vera fyrir hendi á grundvelli sérfræðilegra rannsókna. Framhaldsrannsókn mun að sjálfsögðu gefa fyllri upplýsingar til ákvörðunar á þessu sviði.

Meiri hl. iðnn. hv. Nd. telur, að fyllsta öryggis hafi verið gætt af hálfu fyrirsvarsmanna íslenzkra stjórnvalda á þessu sviði og því sé engin ástæða til þess að ætla, að látið verði undir höfuð leggjast að setja upp fullkomin hreinsitæki í álbræðslunni að kröfu íslenzkra stjórnvalda, ef öryggisástæður krefjast. Þess vegna leggur meiri hl. iðnn. til, að þáltill. á þskj. 16, um ráðstafanir til að takmarka mengun frá álbræðslunni í Straumi, sé vísað til ríkisstj.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Margt hefur verið rætt og ritað um náttúruvernd og mengun síðustu missirin, bæði hér á landi og annars staðar. Hin harða og tæknilega þróaða sókn mannsins í skaut móður jarðar og umhverfisins eftir lífsgæðum og betri lífskjörum hefur vissulega í för með sér hættur.

Hin þróuðu og þéttbýlu iðnaðarlönd hafa þegar orðið alvarlega fyrir barðinu á þessum vanda, og til þess eru vítin að varast þau. Við Íslendingar, sem enn búum í tiltölulega ósnortnu landi, getum lært mikið af reynslu þessara þjóða og höfum tiltölulega góða aðstöðu til þess að bregðast skynsamlega við vandanum, ekki með óhemjuskap og öfgum á hvorugan bóginn, heldur með þekkingu, vísindalegu og yfirveguðu mati í hverju tilfelli.

En það eru ekki bara hinar iðnþróuðu og fjölmennu þjóðir, sem eru í vanda. Jafnvel þótt við Íslendingar vildum hafna öllum þróuðum iðnaði og þeim lífskjörum, sem honum fylgja, og hverfa aftur að öllu leyti til hinna svo kölluðu þjóðlegu atvinnuhátta, landbúnaðar og fiskveiða, þá erum við samt enn í miklum vanda. Þjóðinni hefur fjölgað, og kröfur hennar til lífskjara hafa vaxið. Við sættum okkur ekki við lægri lífskjör en nágrannaþjóðir okkar búa við. Við vitum mætavel, að fiskstofnar okkar eru sóttir til fullra nytja og sennilega er um nokkra rányrkju að ræða. Við vitum mætavel, og það segja vísindamenn okkur einnig, að beitilönd okkar eru víða ofnýtt til skaða og uppblásturs.

Vissulega horfir þetta til landeyðingar, ef ekki er að gert. En það er ekki þar með sagt, að nauðsynlegt sé að draga stórlega úr fiskveiðum eða skera niður fé landsmanna. Viðbrögðin eiga auðvitað að vera vísindalegs eðlis: Verndun ungviðis og vísindaleg vernd og nýting fiskstofna annars vegar og ræktun beitilanda hins vegar. En jafnvel þó að brugðizt sé við þessum vanda með festu og þekkingu, hlýtur öllum að vera ljóst, að getu hinna þjóðlegu atvinnuvega til þess að standa undir vaxandi fólksfjölda og auknum kröfum um bætt lífskjör og félagslegt öryggi eru nokkur takmörk sett.

Ég held, að sú stefna, sem núv. ríkisstj. beitti sér fyrir um iðnvæðingu þjóðarinnar, hafi verið óumflýjanleg

nauðsyn. Þjóðin varð að koma á fót nýrri útflutningsframleiðslu og gat ekki látið einangra sig í viðskiptum og samskiptum við aðrar þjóðir.

E. t. v. stendur mannkynið hér gagnvart nýjum vanda, — ekki bara við Íslendingar, heldur mannkynið allt. Fjölgun fólks, kröfur um aukinn hagvöxt og bætt lífskjör hljóta að auka sókn hins tæknivædda mannkyns í skaut náttúrunnar með þeim afleiðingum, sem af því kunna að hljótast, ef ekki er gætt hófs. Á hinn bóginn má vissulega hugsa sér hina gömlu heimspekikenningu að fólkið hverfi aftur til náttúrunnar, láti sér nægja þokkalega fæðu á hinum hagstæðari árstímum, en þreyi þorrann og góuna þess á milli og hafni lífskjörum vorra tíma. En þeir tímar eru liðnir og koma aldrei aftur. Vandamálin liggja nokkuð ljóst fyrir. Öfgar á báða bóga eru óþarfar og leysa ekki þann vanda, sem við er að etja. Öllum ætti að vera ljóst, að náttúruvernd og skynsamleg viðbrögð gegn mengun eru nauðsynleg, en það má ekki heldur koma í veg fyrir eðlilega og skynsamlega nýtingu náttúrugæða.

Hér hef ég dregið upp mynd af nokkrum öfgum á báða bóga, en því miður öfgum, sem þjóðin á við að stríða í dag. Allt of margir Íslendingar virðast hafa tilhneigingu til þess að kasta sér út í þessar öfgar á annan hvorn bóginn af lífi og sál. En mér er spurn: Geta þessir öfgamenn borið ábyrgð á gerðum sínum og afstöðu? Geta þeir haft nokkur áhrif á farsæla lausn þessara vandamála? Ég get að vísu vel skilið þá menn og umborið þá menn, sem af heilum hug hneigjast til annarrar hvorrar öfgastefnunnar, því að báðar hafa þær nokkuð til síns máls, ef aðeins önnur hlið vandamálsins er skoðuð. En ég á erfiðara með að skilja þá menn og verra með að umbera þá menn, sem ættu að heita ábyrgir stjórnmálamenn og kosnir eru af þjóðinni til þess að ráða fram úr vanda hennar, eins og hann er hverju sinni, en nota jafnviðkvæmt vandamál og hér er um að ræða á hinn hráskinnalegasta hátt, — menn, sem nota þessi vandamál í hreinu áróðursskyni.

Stjórnarandstaðan og ekki síst flm. þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., hv. þm. Magnús Kjartansson, hefur frá upphafi verið andvígur þeirri stefnu ríkisstj. að byggja hér upp stóriðju til útflutnings og hefur allt á hornum sér í því sambandi. Má í því sambandi minna á andstöðu hans gegn kísilgúriðjunni og hvernig hann reyndi að gera veður út af tæknilegum byrjunarörðugleikum, sem hún átti við að stríða, af því að unnið var úr hráefni, sem ekki var áður fengin reynsla af. Svipaðan hug hafði hann til Búrfellsvirkjunar, sem átti að vera óvirkjandi vegna íshættu. Álverksmiðjan var þó á allan hátt mestur þyrnir í augum hans. Víst má telja, að engin þessara mannvirkja væru til og engin vandamál þeim samfara, ef farið hefði verið að ráðum hans. Öll þessi mannvirki hafa þó reynzt þjóðinni hin þörfustu, bygging þeirra veitt þúsundum manna atvinnu á erfiðleikaárunum, þegar útflutningsverðmæti þjóðarinnar lækkuðu um 45% vegna aflabrests og verðfalls. Og nú eru þessi fyrirtæki farin að skila þjóðinni verulegum útflutningsverðmætum. Talið er, að útflutningsverðmæti iðnaðarins hafi vaxið um 160% á árinu 1970. Stærsta þáttinn í þessari aukningu eiga auðvitað álverksmiðjan og kísilgúrverksmiðjan. Þó eru þær hvergi nærri komnar í full afköst. En fleira kom til. Margvíslegur smærri iðnaður jók útflutning sinn, m. a. vegna EFTA-aðildar, en stjórnarandstaðan var líka andvíg EFTA-aðild. Hún er ekki tímabær, ekkert liggur á, sagði Framsókn. Alþb. var beinlínis andvígt EFTA-aðild og vildi stefna útflutningsframleiðslu þjóðarinnar í viðskiptalega einangrun.

Það er sjálfsagt mannlegt og eðlilegt, að óábyrg stjórnarandstaða heimti allt handa öllum stéttum þjóðfélagsins, jafnt atvinnurekendum sem launþegum, heimti sérstæð fríðindi öllum til handa og félagslegar umbætur á öllum sviðum og spili hæstu nótur óskhyggju. En þegar sama stjórnarandstaða þvælist fyrir eða er beinlínis andvíg allri nýrri sjálfsbjargarviðleitni þjóðarinnar og stjórnarvalda, berst gegn eða þvælist fyrir öllum áformum um nýtingu mestu auðæfa landsins, nýtingu þeirrar vatnsorku, sem við höfum yfir að ráða og innan skamms fær erfiðan keppinaut í kjarnorkunni, berst gegn og þvælist fyrir öllum nýjum áformum til að afla fjár til þess að mæta óskum þjóðarinnar um félagslegar framfarir, þá vantar mig samhengið í hlutina, og ég hygg, að slíkan tvískinnung leyfi sér engin stjórnarandstaða annars staðar. Þjóðin verður sjálf að taka í taumana og gefa þm. sínum nýtt veganesti í næstu kosningum.

Öllum var ljóst, að álverksmiðju fylgir nokkur mengunarhætta, aðallega vegna flúorvetnis. En ástæða er til að ætla, að staðsetning verksmiðjunnar og veðráttа í Straumsvík séu hagstæðar hvað þetta snertir. Eigi að síður hafa stjórnarvöld frá upphafi gert sér ljóst, að hafa verði gát á þessu og gera verði ráðstafanir, ef mengunin nálgast skaðsemismörk. Með tilliti til þess var verksmiðjan hönnuð og byggð með þeim hætti, að auðvelt væri að koma fyrir hreinsunartækjum, ef reynslan sýndi, að slíkt væri nauðsynlegt. Enn fremur var nefnd sérfróðra manna falið að fylgjast með breytingum á flúormagni í nágrenni verksmiðjunnar á kerfisbundinn hátt. Samkv. skýrslu þessarar nefndar eru sýnishorn tekin tvisvar á ári á 25 stöðum af ýmsum gróðri, heyi, jarðvegi, lofti og vatni og efnagreind af þremur óháðum rannsóknastofnunum. Hafa niðurstöður þeirra verið mjög líkar. Samkv. niðurstöðum nefndarinnar er flúormagnið á þessum stöðum verulega fyrir neðan þau magngildismörk, sem þekkt er að valdi sjáanlegum skemmdum á trjám og gaddi í nautgripum, sem fóðraðir eru á algengan hátt. Talið er, að annar venjulegur kvikfénaður þoli meira flúormagn en nautgripir. Eigi að síður er full ástæða til þess að gæta allrar varkárni í þessu máli. Það kunna að vera fleiri þættir en mengunin ein, sem ákveða viðnámsþrótt íslenzks gróðurs og dýralífs gegn slíkri mengun, eða m. ö. o. það kunna að vera aðrir þættir í náttúrunni, sem ákveða skaðsemismörkin á Íslandi en í öðrum löndum, hagstæðari eða óhagstæðari. Þetta þótti iðnrn. rétt að athuga nánar, og með tilliti til þess fól það framkvæmdanefnd rannsóknaráðs að skipa nefnd sjö sérfræðinga til þess að gera till. um það, hver séu eðlileg mörk þess flúormagns, sem leyfilegt mundi teljast við íslenzkar aðstæður.

Iðnn. Nd. hefur haft til athugunar þáltill., sem hér er til umr., og hún sendi till. til umsagnar framkvæmdanefndar rannsóknaráðs. Framkvæmdanefnd segir í umsögn sinni til iðnn., að nefndin hafi þegar verið skipuð og eigi sæti í henni Baldur Johnsen læknir, Eyþór Einarsson grasafræðingur, Guðmundur Pétursson

læknir, Runólfur Þórðarson verkfræðingur, Sigmundur Guðbjarnason prófessor, Sturla Friðriksson erfðafræðingur og Þorkell Jóhannesson prófessor.

Um það, hvort nauðsynlegt sé að mæla svo fyrir, að tafarlaust verði komið upp fullkomnum hreinsitækjum í álbræðslunni í Straumsvík eins og þáltill. gerði ráð fyrir, segir framkvæmdanefnd rannsóknaráðsins orðrétt, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, getur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins að sjálfsögðu ekkert dæmt um það, hvort nauðsynlegt sé að setja upp hreinsitæki við álbræðsluna í Straumsvík, fyrr en niðurstöður ofangreindrar nefndar liggja fyrir."

Þetta var umsögn framkvæmdanefndar rannsóknaráðs. Niðurstaða hennar er sem sagt sú, að á þessu stigi málsins sé ekki hægt að kveða upp úrskurð um það, hvort nauðsynlegt sé að setja upp hreinsunartæki í álbræðsluna við Straumsvík.

Búrfellsvirkjunin og álbræðslan eru mikil mannvirki á íslenzkan mælikvarða. Öllum er ljóst, að hin stóra virkjun, sem nærri þrefaldar vatnsvirkjun þjóðarinnar, var ekki framkvæmanleg, nema hægt væri að nýta orkuna fljótlega, og var varla um að ræða annað en orkufreka efnaiðju. Þess var enginn kostur að velja aðra framkvæmdina, en hafna hinni. Þeir, sem börðust gegn álverksmiðjunni, börðust í raun og veru einnig gegn Búrfellsvirkjuninni.

Þetta voru mikil, djörf og vandasöm áform, sem byggja varð á miklum undirbúningi, vandasamri áætlunargerð og flóknum og erfiðum samningum, m. a. við útlendinga. Ekki stóð á úrtölum. Alið var á tortryggni og minnimáttarkennd íslenzkra aðila í þessum samskiptum. Reynslan virðist þó ætla að sýna, að vel hafi verið til samninganna vandað og fyrir flestu séð.

Í 12. gr. samningsins eru ákvæði, sem skylda ISAL til fullrar ábyrgðar á hverju því tjóni, sem hlýzt af gastegundum og reyk frá álbræðslunni á tilteknu svæði í næsta nágrenni hennar, svo og eignum eða öðrum hagsmunum manna. Í sömu gr. eru ákvæði, sem skylda ISAL til að gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði. Þá eru þar enn fremur ákvæði um, að ISAL skuli reglulega framkvæma athuganir með því að taka með vissu millibili sýnishorn af gróðri, efnum og eignum á fyrir fram ákveðnum athugunarstöðum í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknastofnun ríkisstj. að því er varðar möguleg áhrif af gastegundum eða reyk frá bræðslunni.

Í 13. gr. er ISAL gert að byggja, útbúa og reka bræðsluna í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum.

Miðað við það, sem hér hefur verið rakið, verður ekki séð annað en íslenzk stjórnvöld hafi frá upphafi gætt fyllstu varfærni og fyrirhyggju í þessu efni og hafi alla þætti þessa vandamáls fullkomlega í hendi sinni. Þau gerðu sér frá upphafi grein fyrir því, að um nokkra, en viðráðanlega mengunarhættu kynni að vera að ræða. Samningarnir voru við það miðaðir. Fylgzt hefur verið vísindalega með breytingum í umhverfi bræðslunnar, en niðurstöður þeirra rannsókna gefa ekki tilefni til að ætla, að um mengunarmagn sé að ræða, sem valdi skaða. Ráðstafanir verða gerðar til nánari ákvörðunar á skaðsemismörkum miðað við íslenzkar aðstæður. Með því er að sjálfsögðu að því stefnt að taka af allan vafa og gera viðeigandi ráðstafanir um hreinsun, ef nauðsynlegt reynist.

Með tilliti til þessa taldi meiri hl. iðnn. rétt að vísa málinu til ríkisstj., enda er hér um málatilbúnað að ræða og vandséð, að hin stærri og þýðingarmeiri mál þjóðarinnar liggi flm. till. mjög þungt á hjarta, þegar hann óskaði eftir útvarpsumr. um þessa till. sína.

En ég skal, áður en ég lýk máli mínu, reyna að hughreysta hv. þm. Magnús Kjartansson, sem fæddur er, að ég ætla, í Hafnarfirði. Hafnfirðingar hafa látið fylgjast með flúormagni í drykkjarvatni sínu í Kaldárbotnum síðan á árinu 1967. Flúormagnið í drykkjarvatni þar hefur reynzt 0.05 partar af hverjum millj. pörtum vatns og hefur reynzt algerlega óbreytt þrátt fyrir tilkomu álverksmiðjunnar. Þetta er 20 sinnum minna magn en æskilegt er talið, að sé í drykkjarvatni til varnar tannskemmdum. Á sama tíma eru Vestmanneyingar að bæta einum heilum parti flúors í hverja millj. parta drykkjarvatns síns, eða m. ö. o.: Vestmanneyingar eru með ærnum kostnaði að bæta 20 sinnum meira magni af flúor í sitt drykkjarvatn en er í opnu vatnsbóli Hafnfirðinga við Kaldárbotna. Þessar upplýsingar hef ég fengið staðfestar hjá bæjarverkfræðingnum í Hafnarfirði og bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum.

Maðurinn hefur yfir að ráða fleiri og stórvirkari tækjum til nýtingar náttúruauðæfa en nokkru sinni fyrr. Eru tæki þessi notuð við námuvinnslu og mannvirkjagerð, ekki sízt stærri vatnsvirkjanir, sem höfðu verið lítt framkvæmanlegar fyrir einum eða tveimur áratugum. Það er manninum vafalaust of mikil freisting að velja hinar hagkvæmari leiðir frá efnahagslegu sjónarmiði við lausn tæknilegra viðfangsefna og skeyta minna um umhverfi sitt, og getur oft verið um mikla skammsýni að ræða. Hér hefur náttúruverndarsjónarmiðið miklu og þörfu hlutverki að gegna. En ekki má heldur ganga út í öfgar. Reyna verður að sætta þessi sjónarmið og samhæfa markmiðin, og má oft ná ótrúlega góðum árangri, ef menn leggja sig fram um farsæla lausn málsins. Sem dæmi um þetta skal ég að lokum geta þess, að í Westfalen í Þýzkalandi eru mikil landsvæði með miklum brúnkolalögum. Er þar um opinn námurekstur að ræða og notaðar einhverjar stórvirkustu beltiskranagröfur, sem þekkjast. Ef ég man rétt, kostar ein slík grafa um 40 millj. marka eða um 1000 millj. (1 milljarð) ísl. kr. Umturnun landsins á stórum svæðum, þar sem unnið er hverju sinni með þessum miklu tækjum, er með ólíkindum. En þeim er gert skylt að koma öllu í samt eða betra lag aftur með nýrri ræktun, þar sem ræktun hefur verið, og oftast með nýju og fegurra umhverfi. Stundum eru bændabýli jöfnuð við jörðu og bændurnir flytjast burt meðan brúnkolaforði í landareigninni er nýttur, en flytjast aftur á landareign sína á nýtt býli og nýræktaða jörð að 1—2 árum liðnum og oft með talsvert breyttu og endurbættu umhverfi. Ég nefni þetta sem dæmi um það, að hin stórvirku atvinnutæki, sem oft eru notuð einhliða til umturnunar á umhverfinu, má líka nota til endurbóta á

því. En slíkar lausnir á vandamáli fást auðvitað ekki, nema báðir aðilar gangi heils hugar til samvinnu og samhæfingar markmiða, tengi saman sjónarmiðin um betri lífskjör og náttúruvernd.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Till. sú, sem er tilefni þessara umr., gerir ráð fyrir, að tafarlaust verði sett upp hreinsitæki í álverksmiðjunni í Straumsvík og þannig dregið úr mengunarhættu frá verksmiðjunni.

Það er býsna athyglisvert, að þessi till. skuli hafa legið í 5 mánuði fyrir Alþ. án þess að fá afgreiðslu. Till. var þó sannarlega ekki flutt að tilefnislausu. Vitað var um mikla mengunarhættu, sem stafar frá álverksmiðjum, og hér höfðu komið fram umkvartanir og viðvaranir, m. a. frá þekktum náttúrufræðingum auk þeirrar sterku og athyglisverðu aðvörunar, sem Alfreð Gíslason læknir gaf á Alþ. um það leyti, sem samningarnir við svissneska álfélagið voru gerðir.

En þrátt fyrir öll varnaðarorð streittust forráðamenn álverksmiðjunnar gegn till. til úrbóta. Þeir töldu enga þörf á hreinsitækjum og málið allt í öruggum höndum sérstakra rannsóknarmanna á vegum fyrirtækisins. Stjórnarvöld stóðu augljóslega með forráðamönnum álverksmiðjunnar og skutu sér á bak við svo nefnda vísindalega skýrslu, þar sem því var haldið fram, að engin hætta væri á ferð. Þá gerðist sá einstæði atburður, að þorri íslenzkra líffræðinga sannaði á ótvíræðan hátt, að hin vísindalega skýrsla þeirra álverksmiðjumanna væri marklaus og beinlínis röng í mikilvægum atriðum. Öll er saga þessi hin furðulegasta hvað snertir þátt forustumanna álversins og þeirra stjórnarvalda, sem með málið hafa haft að gera. Og nú eftir 5 mánaða umhugsunarfrest á Alþ. leggja ríkisstjórnarflokkarnir til að vísa till. um hreinsitæki á álverksmiðjuna til ríkisstj., en það jafngildir að kistuleggja tillöguna.

Till. um hreinsitæki í álverksmiðjunni í Straumsvík til þess að draga úr mengunarhættu er aðeins hluti af miklu stærra máli. Hún grípur á einum þætti náttúruverndarmála okkar, á því að gera ráðstafanir í tíma til að koma í veg fyrir spjöll á gróðri, á því að forða frá eitrun andrúmsloftsins í nágrenni álverksmiðjunnar.

Náttúruverndarmál hafa mjög verið á dagskrá nú um nokkurt skeið. Fyrir frumkvæði Sameinuðu þjóðanna var s. l. ár, árið 1970, sérstaklega helgað náttúruverndarmálum og baráttunni gegn hinni óhugnanlegu mengunarhættu. Margar ráðstefnur hafa verið haldnar til þess að ræða um þessi vandamál, og miklar og mjög athyglisverðar upplýsingar hafa komið fram frá hinum færustu vísindamönnum. Í ljós hefur komið, að mengun í ám og vötnum er víða orðin miklu meiri og alvarlegri en menn höfðu almennt gert sér grein fyrir. Á ýmsum stöðum er mengunarvandamálið orðið svo mikið, að firðir og flóar og jafnvel heil innhöf eru að verða lífvana með öllu. Sjálf heimshöfin eru í hættu að dómi ýmissa vísindamanna, verði ekki þegar í stað gerðar öflugar varnaðarráðstafanir. Mengun andrúmslofts er orðin mikið vandamál í stórborgum heimsins, og ljóst er, að sams konar vandi blasir við minni borgum og bæjum, þar sem verksmiðjurekstur er mikill, verði ekki breytt um stefnu frá því, sem verið hefur.

Umr. um þessi vandamál hafa ekki einvörðungu snúizt um hættur og tjón. Þær hafa einnig orðið til þess að vekja til umhugsunar um gildi hinnar hreinu og óspilltu náttúru. Þær hafa haft þau áhrif á margan manninn, að hann metur nú á annan hátt en áður hreinar og tærar ár, hreint og heilnæmt loft og frjálsa og óspillta náttúru og fegurð landsins.

Við Íslendingar höfum lengi haldið, að mengunarhætta þéttbýlislandanna næði ekki til okkar lands. Við höfum líka haldið, að hættur af samskiptum okkar við landið væru ekki miklar, nema þá helzt í sambandi við ógætilega meðferð á gróðri landsins á stöku stað. Nú sjáum við, að þessar skoðanir eru ekki réttar. Mengunarhættan sækir okkur heim eins og aðra. Fréttir berast um það, að iðnaðarþjóðir Vestur-Evrópu séu farnar að nota hafið ekki langt frá ströndum Íslands sem hálfgerða ruslakistu. Sagt er, að ýmis stórfyrirtæki þessara landa hafi sent hvern skipsfarminn af öðrum af hættulegum eiturefnum, úrgangsefnum frá iðnaðarframleiðslu sinni, og sökkt þeim í hafið suður og austur af Íslandi. Það er því vissulega kominn tími til, að Íslendingar lýsi yfir sérstakri mengunarlandhelgi og geri sínar gagnráðstafanir jafnhliða því sem fiskveiðilandhelgin við landið verði stækkuð í 50 mílur allt í kringum landið, eins og við Alþb.-menn höfum lagt fram till. um og lögum fram till. um í landhelgismálanefndinni fyrstir allra flokka.

Það er ekki aðeins mengunarvandamálið, sem gert hefur vart við sig hér hjá okkur. Við stöndum þegar frammi fyrir fyrirætlunum um veruleg landspjöll, frammi fyrir ráðagerðum um stórfellda röskun í íslenzkri náttúru. Áætlanir hafa verið gerðar um að sökkva undir vatn nokkrum sérstæðum gróðurvinjum inni á hálendi landsins. Áætlanir hafa einnig verið gerðar um stórkostlega vatnsflutninga á milli landsfjórðunga, án þess að nokkrar rannsóknir hafi verið gerðar af náttúrufræðingum eða líffræðingum um áhrif slíkrar röskunar á líf og gróður viðkomandi landsvæðis. Vandi okkar í þessum efnum er meiri en sá, sem stafar af áætlunum og ráðagerðum.

Norður í Laxárdal í Þingeyjarsýslu hefur þegar verið ráðizt í umdeildar framkvæmdir við raforkuvirkjun. Þar var upphaflega ráðgert að færa í kaf nokkur bændabýli og sökkva einum fegursta dal í landinu undir vatn. Stjórn Laxárvirkjunar, en aðili að því fyrirtæki er íslenzka ríkið, réðst í virkjunarframkvæmdir þar nyrðra í fullri andstöðu við nær alla þá bændur, sem hagsmuna áttu að gæta á virkjunarsvæðinu. Hæstiréttur hefur úrskurðað, að Laxárvirkjunarstjórn hafi ekki farið að lögum og tryggt sér rétt til framkvæmda. Almenn mótmælaalda hefur risið svo að segja um allt land gegn þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð hafa verið af forsvarsmönnum virkjunarinnar, sem enn vinna að verkinu í mikilvægum greinum á grundvelli þeirra áætlana, sem upphaflega voru gerðar um miklu stærri virkjun en nokkur lagaleg heimild var um.

Umr. um náttúruvernd eru miklar hér á landi um þessar mundir. Deilur eru um einstaka þætti málsins, en í meginatriðum eru allir sammála. Allir eru náttúruverndarmenn, a. m. k. í orði. En fögur orð og góðar yfirlýsingar duga ekki ein saman. Það er afstaðan í reynd, sem skiptir máli. Ríkisstj. flytur á Alþ. frv. um náttúruvernd. Hún vill allt gera til að koma í veg fyrir mengun, og hún vill hlúa að náttúru landsins. En þegar kemur að álverinu í Straumsvík og mengunarhættunni

frá því og þegar kemur að Laxárdeilunni, þá bögglast allt fyrir hæstv. ráðh. og ekkert fæst gert.

Reynsla annarra þjóða af náttúruverndarmálum og af baráttu gegn mengunarhættu er sú, að hættan sé mest af stóriðjufyrirtækjum og rekstrarsamsteypum hinna voldugu auðhringa. Í augum stóriðjumanna réttlætir brot úr eyri í rafmagnsverði það, að heilum byggilegum dal sé sökkt undir vatn. Einn eyrir í rafmagnsverði mundi réttlæta í þeirra augum stórfellda röskun í náttúru heils héraðs. Hinir voldugu auðhringar halda hagsmunum sínum fast fram. Þeir víla ekki fyrir sér að knýja með ýmsum ráðum veikar ríkisstj. til undanláts. Við Íslendingar erum sannarlega komnir á hættusvæðið með okkar náttúruverndarmál. Stjórnarvöld landsins keppast við að flytja þjóðinni þann boðskap, að það sé erlend stóriðja, sem ein geti bjargað efnahagsmálum þjóðarinnar á komandi árum. Auðlindir landsins eru auglýstar fyrir erlendum peningamönnum. Ráðizt er í dýrar virkjunarrannsóknir, allt með það í huga, að hægt verði að bjóða hinum voldugu erlendu auðhringum ódýrari raforku hér en hægt sé að fá í nokkru öðru landi. Helztu áróðursmeistarar ríkisstj. boða með fögnuði, að hér þurfi að rísa 20—30 álverksmiðjur af þeirri stærð, sem verið er að byggja í Straumsvík, og sem fyrst þurfi að byggja hér olíuhreinsunarstöð, sem jafnvel taki að sér stórfellda olíuhreinsun fyrir aðrar þjóðir. Svo fullkomlega blindaðir af þessum áróðri eru ýmsir stuðningsmenn ríkisstj., eins og bezt kom fram hér í ræðu Sigurðar Ingimundarsonar, talsmanns Alþfl., að þeir telja vaxandi þjóðartekjur síðustu ára stafa af erlendri stóriðju, þó að allir viti, að það er aukinn fiskafli og hækkandi fiskverð, sem ráðið hafa úrslitunum um auknar þjóðartekjur hin síðari ár.

Auðhringar Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna eiga nú í vaxandi erfiðleikum með ýmsar mengunarmestu verksmiðjur sínar í sínum heimalöndum. Þannig er t. d. ástatt með olíuhreinsunarstöðvar, álbræðslur og ýmsar efnaverksmiðjur. Skyldi það verða leið þessara auðhringa út úr vandanum að staðsetja eitthvað af slíkum flóttaverksmiðjum sínum á Íslandi? Það er hætt við því, að íslenzk stjórnarvöld, einkum þau, sem tapað hafa allri trú á íslenzka atvinnuvegi, iðnað landsmanna sjálfra, á sjávarútveg og landbúnað, en trúa á almætti erlendrar stóriðju, ráði litlu um stefnu í náttúruverndarmálum gagnvart hinum erlendu stórfyrirtækjum, verði þau mörg í landinu.

Það er nauðsynlegt, að allir Íslendingar, sem í fullri alvöru hugsa um náttúruverndarmál, sem gert hafa sér grein fyrir þeim hættum, sem íslenzkri náttúru getur stafað af mengun og af ógætilegri umgengni mannsins við umhverfi sitt, geri sér glögga grein fyrir þeim hættum, sem munu fylgja með erlendri stóriðju og þeim einstrengingslegu peningasjónarmiðum, sem eigendur hennar jafnan miða allar sínar athafnir við. Vissulega verða landsmenn sjálfir að gæta vel að sínum eigin gerðum í landinu. Sannarlega þurfum við öll að ganga betur um landið og sýna betur en við gerum nú, hvers við metum hreint land og fagurt land.

Væntanlega segja tilfinningar landsmanna til sín á eðlilegan hátt, þegar að vandanum kemur og þegar ljóst er, hvað er í húfi. En eru nokkrar líkur til þess, að erlendir fjáraflamenn, sem hingað koma til að græða peninga, finni til með íslenzkri náttúru á líkan hátt og landsmenn munu gera? Er ekki nokkurn veginn víst, að þeir munu láta gróðasjónarmið sín sitja fyrir öllu öðru?

Sú stefna, sem miðar að því að stórauka þátttöku erlendra aðila í atvinnurekstrinum í landinu, mun færa með sér margvísleg vandamál. Hún mun grafa undan efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, hún mun gera íslenzk stjórnarvöld háð erlendum atvinnurekendum og hún mun auka á hættuna af tillitslausri framkomu við náttúru landsins, auðlindir þess og allt umhverfi. Álverið í Straumsvík er fyrsti prófsteinninn í þessum efnum. Eigendur þess knúðu fram strax í upphafi heimild til þess, að þeir mættu sleppa við að setja upp hreinsitæki á verksmiðjuna, þó að vitað væri, að allar slíkar verksmiðjur séu nú orðið byggðar með þannig tækjum. Hinir erlendu eigendur voru að spara sér peninga, og íslenzk stjórnarvöld létu undan. Enginn vafi er á því, að mikill meiri hluti landsmanna krefst þess í dag, að hreinsitæki verði sett á álverksmiðjuna í Straumsvík. Enginn vafi er heldur á því, að mikill meiri hluti landsmanna krefst þess, að stöðvaðar verði ólöglegar virkjunarframkvæmdir norður í Laxárdal og engar meiri háttar breytingar verði gerðar á náttúru Mývatns og Laxárdals án undangenginna líffræðilegra rannsókna.

Fram til þessa hefur aðalverkefni okkar Íslendinga verið á sviði matvælaframleiðslu. Til okkar eru gerðar miklar kröfur um hreinlæti, um örugga framleiðslu, um að matvælin frá okkur standist hina ströngustu skoðun. Við gerum okkur ljóst, að við þurfum enn að herða á okkar framleiðslukröfum. Við byggjum nýjar og fullkomnari framleiðslustöðvar, ætlum að tryggja hreint og ómengað vatn til framleiðslunnar, og við treystum því, að hráefnið okkar sé eitt það bezta, sem fáanlegt er í heiminum til matvælagerðar. Við eigum vissulega að leggja metnað okkar í að geta sýnt og sannað, að á Íslandi sé matvælaframleiðsla á hærra gæðastigi en annars staðar og þaðan komi matvæli úr ómenguðu umhverfi. En til þess að slíkt megi verða, verðum við að gæta varúðar. Slíkt gæti aldrei gerzt, ef við létum erlenda stóriðju vaða hér yfir og ráða hér lögum og lofum. Það er vissulega kominn tími til, að landsmenn geri hikandi og tvíráðum stjórnarvöldum ljóst, að lengur duga ekki fögur orð ein saman, að nú er kominn tími til athafna. Fyrsta verkið í þeim efnum má gjarnan vera að fyrirskipa álhringnum að setjat tafarlaust upp hreinsitæki í verksmiðjunni í Straumsvík. — Góða nótt.

Haraldur Henrýsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Staðreyndir um mengun og viðurkenning á gildi umhverfisverndar hafa opnað augu manna fyrir því, að við uppbyggingu atvinnuvega og stofnun atvinnufyrirtækja verður þjóðfélagið að gæta mun fleiri atriða en áður var. Við getum ekki með góðri samvizku sett dæmið upp á þann einfalda hátt gróðahyggjunnar að spyrja um afrakstur og framleiðsluverðmæti ein saman. Við hljótum einnig að spyrja um áhrif rekstrarins á umhverfi sitt, landið, gróður þess, andrúmsloftið, vatn og sjó og ekki síst mannlífið sjálft. Það á öllum að vera ljóst, að staðsetning fyrirtækja er ekki einkamál fárra, þeirra sem þau eiga, heldur mál þjóðfélagsins í heild. Við leggjum mikla áherzlu á heilsugæzlu og kostum miklu fé til að koma í veg fyrir og vinna bug á hinum ýmsu sjúkdómum. Rekinn er áróður fyrir aukinni

heilsugæzlu einstaklinga, t. d. með aukinni hreyfingu, bent á skaðleg áhrif áfengis og tóbaks og ýmissa fæðutegunda. Þetta lýtur allt að einstaklingum, þannig að hver og einn geti með eigin breytni valdið allnokkru um það, hvort sjúkdómurinn nær til hans eða ekki. Öðru máli gegnir um mengun frá atvinnurekstri. Við hana fær enginn einstaklingur ráðið og stendur uppi varnarlaus. Þess vegna hljótum við í framtíðinni að leggja aukna áherzlu á þennan þátt heilsugæzlu. Við getum ekki leyft neinum, hvort sem það er opinber aðili eða einstaklingur, að hefja þann rekstur, sem líklegur er til að gefa frá sér heilsuspillandi mengun, annaðhvort beint gegnum andrúmsloftið eða óbeint með spillingu vatns eða lands, og ekki er unnt að fyrirbyggja þegar í upphafi. Við mótun atvinnulífsins verðum við einnig að hyggja til framtíðarinnar. Við verðum að skapa skilyrði fyrir heilbrigðu framtíðarlífi í landinu. Við getum ekki viðurkennt þau sjónarmið, sem mæla gildið aðeins eftir stundargróða, en gleyma þeirri áhættu, sem framtíðin ber í skauti sér í formi spillts og mengaðs umhverfis.

Við umr. um uppbyggingu atvinnuvega okkar Íslendinga hafa sjónarmið gróðahyggjunnar verið mjög á oddinum í málflutningi ráðandi manna. Í áróðri þeirra hefur meginþunganum verið beint að stóriðju ýmiss konar, sem byggðist á úrvinnslu aðfluttra hráefna. Glæstar myndir hafa verið dregnar upp af iðjuverum og verksmiðjum, sem rísa skyldu upp og leysa til frambúðar vandamál efnahags- og atvinnulífs. Þetta segi ég ekki vegna þess, að ég vilji almennt hafna stóriðju. Þvert á móti hljótum við í framtíðinni að íhuga gaumgæfilega möguleika hennar á ýmsum sviðum.

Þegar ég finn að framangreindum áróðri, er það vegna þess einkum og sér í lagi, að hann mótaðist, eins og hann var fram settur, af vantrú þeirra, sem hann hafa flutt, á möguleikum okkar sjálfra til að efla atvinnuvegi okkar með nýtingu okkar eigin hráefna. Á sama tíma og öflugur áróður var fluttur fyrir stóriðju, var fluttur áróður gegn gildi sjávarútvegs, og framkvæmd sjávarútvegsmála hefur glöggt borið vitni um vantrú valdhafanna á möguleikum hans og vangetu til að fást við þau verkefni, sem hann skapar. Því hefur verið haldið mjög á lofti, að sjávarútvegurinn væri svo stopull, að á hann væri ekki treystandi, og bent á þær sveiflur, sem átt hafa sér stað í efnahagslífinu að undanförnu, því til stuðnings. Það er vissulega rétt, að afli er mismunandi eftir árum og árstíðum, og ekki mótmæli ég því, að grundvöllur atvinnulífsins verði breikkaður. Að því hljótum við að vinna. En sjávarútvegurinn er ekki eins stopull og haldið er fram, sé rétt á málum haldið, sökum þess, hve fjölþættur hann er. Aflatregðu og verðfall á einu sviði er unnt að bæta upp með aukinni áherzlu á aðra þætti útvegsins.

Menn tala mjög um ítarlegar og kostnaðarsamar rannsóknir til undirbúnings stóriðjufyrirtækjum. Slík vinnubrögð þarf einnig að viðhafa um uppbyggingu fiskveiða og fiskiðnaðar. Þar þarf að gera áætlanir fram í tímann, byggðar á rannsóknum og athugunum sérfróðra manna. Eitt brýnasta verkefni efnahagsmála okkar í dag er einmitt að gera heildarúttekt á auðlindum hafsins umhverfis landið og þeim skipakosti, sem við eigum og þurfum að eiga, til að grundvöllurinn verði sem traustastur og breiðastur. Við þurfum að gera áætlanir um nýtingu veiðitækni og vinnsluaðferða, sem mestan árangur gefa og bezt eru lagaðar að þörfum markaðanna. Með slíkum vinnubrögðum getum við bæði stóraukið afköst fiskiðnaðarins og margfaldað verðmæti framleiðslunnar. Samtök frjálslyndra og vinstri manna telja slíka stefnubreytingu höfuðnauðsyn. Þau telja, að hér hafi til óbætanlegs tjóns ríkt handahófsvinnubrögð af hálfu ríkisvalds, lánastofnana og forráðamanna fyrirtækja, þar sem oft ráða sérhagsmunir og hreppapólitík, sem stangast á við þjóðarhagsmuni. Sú leið að nýta fyrst möguleika sjávarútvegsins og efla hann sem undirstöðuatvinnugrein hefur þann stóra kost m. a., að hún útheimtir ekki stríð við landið að neinu leyti. Hún gerir okkur bezt kleift að haga nýtingu auðlindanna okkur til varanlegrar velferðar.

Það er ljóst, að þjóðfélag nútímans krefst heildarstjórnar og tillits til heildarinnar í enn ríkari mæli en fyrr. Þetta á m. a. rætur að rekja til þeirrar mengunarhættu, sem að steðjar vegna nútímaframleiðsluhátta og tækni og varðar allt þjóðfélagið. Þetta þýðir, að gróðahyggja fárra má ekki vera ráðandi afl í þjóðfélaginu. Það er sérlega mikilvægt og tími til kominn, að við Íslendingar gerum okkur þessi sannindi ljós, ekki sízt í samhengi við vandamál mengunar og umhverfisverndar. Við höfum búið við stjórnarfar og stjórnarstefnu, sem hefur mótazt fyrst og fremst af sjónarmiðum gróðahyggju, og því hefur efnahagslíf okkar verið háð duttlungum og atvinnuuppbygging verið handahófskennd. Sú gróðahyggja hefur yfirleitt ekki spurt um þarfir heildarinnar fyrr en um seinan. Dæmið frá Straumsvík er einkennandi. Það var vitað mál, að álverksmiðjur skemma umhverfi sitt að meira eða minna leyti, sé ekkert gert til varnar. En það er dýrt að setja upp hreinsitæki. Við skulum bíða þar til skemmdirnar segja til sín. Það er ekki spurt um það, hvað slíkar aðferðir kunni að kosta þjóðina, og engu virðist fórnandi til að koma í veg fyrir, að nokkrar skemmdir verði. Slíkt er eðli og vinnubrögð gróðahyggjunnar, og því verður seint breytt. Eina vörnin gegn slíkum sjónarmiðum er að vinna sigur á því stjórnmálaafli, sem hefur gróðahyggjuna að leiðarljósi undir kjörorðinu: „Frjálst einkaframtak". Þetta stjórnmálaafl í formi Sjálfstfl. hefur um langt árabil verið ráðandi afl um mótun þjóðfélags okkar með þeim árangri, sem við blasir í efnahagsmálum. Hið stjórnmálalega afl andstæðra sjónarmiða í þjóðfélaginu hefur hins vegar verið dreift og sundrað, og þar hefur ekki náðst sú samstaða, sem gæti verið grundvöllur sameiginlegs viðnáms gegn Sjálfstfl. og stefnu hans. Þvert á móti hafa flokkar vinstri manna skipzt á um að vinna með Sjálfstfl. og þannig stuðlað að nær óslitnum valdaferli hans undanfarna þrjá áratugi.

Samtök frjálslyndra og vinstri manna telja það höfuðmarkmið sitt að snúa þessari þróun við. Í stefnuyfirlýsingu samtakanna segir svo m. a.:

„Samtökin telja það mál mála, að sem fyrst takist að sameina alla íslenzka jafnaðarmenn og samvinnumenn í einum sterkum og vaxandi stjórnmálaflokki, sem reynzt geti hæfur til að taka forustu fyrir sóknaröflum þjóðfélagsins."

Tilvist samtakanna hefur orðið til þess, að hreyfing hefur komizt á þessi mál, og mun áfram verða barizt til að ná settu marki. Í þeirri baráttu hefur nú verið náð

mikilvægum árangri, sem birtist í sameiginlegri yfirlýsingu framkvæmdastjórnar Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og Sambands ungra framsóknarmanna. Birting þessarar yfirlýsingar hlýtur að teljast tímamótaviðburður í sögu íslenzkrar vinstri hreyfingar. Þessir aðilar settust á rökstóla fyrir nokkru og hafa nú komizt að sameiginlegri niðurstöðu um markmið og leiðir íslenzkrar vinstri hreyfingar. Segir svo m. a. í hinni sameiginlegu yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdastjórnir SUF og SF álíta, að nú þegar verði að hefjast handa um að stofna öflugan stjórnmálaflokk með sameiginlegu átaki Framsfl., Alþfl. og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og annarra þeirra, sem aðhyllast lýðræðissinnaða jafnaðarstefnu og samvinnustefnu. Markmið þess flokks verði að skapa“ — síðan koma 14 atriði, og mun ég lesa hér upp nokkur:

„Þjóðfélag, þar sem jöfnuður og mannleg samhjálp sitja í öndvegi.

Þjóðfélag, sem tryggir sókn þjóðarinnar til æ fullkomnara og virkara lýðræðis, aukinnar menningar og andlegs sem líkamlegs heilbrigðis allra þegna þjóðfélagsins.

Þjóðfélag, þar sem allir hafa jafnan rétt til menntunar og jafna möguleika til að njóta allra menningarlegra gæða, sem þjóðfélagið skapar.

Þjóðfélag, sem styður að heilbrigðu lífsgæðamati og setur manngildið í öndvegi, en hafnar því gildismati fjármagns og peningavalds, sem þjóðfélag þeirra afla skapar.

Þjóðfélag, sem stöðugt sækir fram til aukinnar velmegunar með skynsamlegri stjórnun og áætlunum um, hversu íslenzkar auðlindir verði nýttar af mestri fyrirhyggju og atvinnulíf, sem á þeim byggir, verði þróað án þess að vera að neinu marki byggt upp á fjárfestingu útlendinga.

Þjóðfélag, sem missir aldrei sjónar á verndun fegurðar og sérkenna íslenzkrar náttúru og rétti allra landsmanna til að njóta þeirra, en hafnar skyndigróða, sem síðar gæti spillt verðmætum, sem ekki verða til fjár metin.

Þjóðfélag jafnaðar, sem stefnir að útrýmingu hvers konar misréttis milli stétta og milli þegnanna eftir búsetu, en viðurkennir í reynd þjóðfélagslegt mikilvægi allra starfsgreina og jafnar því efnaleg met á milli þeirra.

Þjóðfélag, þar sem samfélagið í heild mótar meginstefnuna, en einstaklingarnir njóta ákvörðunarfrelsis að þeim mörkum, að þjóðarheildin bíði ekki tjón af.

Þjóðfélag, sem setur metnað sinn í að verja, skapa og vernda sjálfstæða íslenzka menningu og menningararfleifð, en rækir jafnframt hið mikilvæga hlutverk smáþjóðarinnar á alþjóðavettvangi og tekur heils hugar þátt í hverju því alþjóðlegu samstarfi, sem stefnir að lausn þeirra miklu vandamála allra þjóða að tryggja frið í heiminum og brúa gjána, sem nú skilur ríkar þjóðir og snauðar.

Það er skoðun framkvæmdastjórna SUF og SF, að þjóðfélagsþróunin hafi á seinni árum fjarlægzt þau markmið, sem að framan greinir. Samfélagsskipunin markast nú af auknu misrétti þegnanna, efnalegu, menningarlegu og félagslegu, lítt heftu peningavaldi, skorti á virku lýðræði á nær öllum þjóðlífssviðum, skoðanamyndun, sem fjármálavaldið ræður að miklu, vaxandi áhrifum erlends auðmagns og klíku- og smáhópavaldi á stjórnmálasviðinu. Þessa uggvænlegu stjórnmálaþróun má að hluta rekja til sundrungar íslenzkra vinstri afla, sem fært hefur Sjálfstfl. víðtækustu völdin í íslenzkum stjórnmálum. Úrelt aðgreining lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna og samvinnumanna hefur lamað umbótaþrótt þjóðarinnar og dregið úr krafti þeirra fjöldahreyfinga verkalýðshreyfingar og samvinnuhreyfingar, sem bezt eiga að duga almenningi í hinni víðtæku lífskjarabaráttu. Núverandi flokkakerfi hefur þannig í reynd verkað sem hindrun á framkvæmd þeirra þjóðfélagsumbóta, sem helgaðar eru af hugsjónum jafnaðar og samvinnu, frelsis og lýðræðis.

Það er brýnasta stjórnmálaverkefni samtímans að tengja saman í eina heild alla flokka og samtök lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna og samvinnumanna. Hinn nýi flokkur, sem samstundis yrði stærsta og sterkasta stjórnmálaafl þjóðarinnar, mundi í nánu samstarfi við verkalýðshreyfingu og samvinnuhreyfingu hrinda í framkvæmd þeim þjóðfélagsmarkmiðum, sem fyrr eru greind. Hann mundi hefja stjórnmálastarf á hærra svið, varðveita sjálfstæði þjóðarinnar, skapa henni það samfélag, sem meiri hluti hennar vill í reynd og þráir. Jafnhliða slíkri stjórnmálalegri nýskipan verður að efla og endurskipuleggja mikilvægustu hagsmunasamtök fólksins í landinu, samvinnuhreyfingu og verkalýðshreyfingu. Samræma verður markmið og verkefni hins nýja flokks og þessara tveggja fjöldahreyfinga og þannig ryðja úr vegi hindrunum fyrir því, að náið samstarf þeirra geti orðið að veruleika. Samvinnuhreyfingin verður að slíta tengsl sín við samtök fjármálavaldsins og taka upp sjálfstæða og jákvæða stefnu í kjara- og hagsmunamálum verkafólks og annarra launþega. Á sama tíma auðveldi verkalýðshreyfingin samvinnuhreyfingunni slíka stefnubreytingu með því að hafa aðra aðstöðu og beita öðrum aðgerðum í hinni almennu kjarabaráttu gagnvart samvinnuhreyfingunni. Enn fremur beiti forustumenn verkalýðshreyfingarinnar sér fyrir því, að félagsmenn hennar taki öflugri þátt í samvinnustarfinu.“

Lýkur hér tilvitnun í þessa yfirlýsingu. Að þessum markmiðum munu þessi samtök, bæði sameiginlega og sitt í hvoru lagi, keppa á næstu mánuðum og árum. Verði þau markmið að raunveruleika, sem sett eru fram í þessari yfirlýsingu, höfum við skapað okkur þjóðfélag, sem er andstætt vinnubrögðum gróðahyggjunnar, þjóðfélag, sem metur manngildið og lífsgildið meir en efnalegan stundargróða. Slíkt þjóðfélag hefði aldrei leyft álverksmiðju í Straumsvík án allra tiltækra ráða til hindrunar mengun.

En það er ekki einungis mengun láðs, lofts og lagar, sem þetta nýja þjóðfélag mundi vinna gegn, það er einnig sú mengun stjórnmála, efnahags- og atvinnulífs, sem hér ríkir og leiðir okkur sífellt lengra út í kviksyndi verðbólgu og stjórnleysis. Það er sökum skilnings á þessu, að sífellt fleiri hyggjast nú taka höndum saman um myndun þess stjórnmálaafls, sem geti blásið nýju, fersku lofti um þá sali, þar sem nú sitja ráðvilltir og hugsjónalausir foringjar. Það er ljóst, og það sjá sífellt fleiri, að einskis er að vænta í þessum efnum af hinum fjórum gömlu stjórnmálaflokkum. Haldi þeir velli,

mun allt sitja í sama farinu um stjórnarfar og Sjálfstfl. mun áfram móta stefnuna. Eina von Íslendinga um breytta ríkisstj., eina von þeirra um, að bundinn verði endir á þá óstjórn og vanstjórn, sem verið hafa höfuðeinkenni stjórnarfarsins síðustu 12 árin, er sú, að Samtök frjálslyndra og vinstri manna komi inn að kosningum loknum sem nýtt stjórnmálaafl, sem ráði úrslitum um breytta stjórnarstefnu og um leið um aukið samstarf og sameiningu vinstri aflanna.

En hér er verk aðeins hafið og síður en svo, að nokkru lokatakmarki sé náð. Þá fyrst má vænta algerra umskipta fyrir íslenzkar vinnustéttir og líta björtum augum til framtíðarinnar, er tekizt hefur að sameina alla lýðræðisjafnaðarmenn og samvinnumenn í einum sterkum og öflugum flokki, sem er okkar lokamark. Við í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna munum nota allt það afl, sem okkur kann að verða veitt í næstu kosningum, til þess að hafa forustu um þá sameiningu vinstri aflanna, sem allt veltur nú á að takist, ekki einhvern tíma í blámóðu framtíðarinnar, heldur í allra nánustu framtíð.

Góðir hlustendur. Tökum höndum saman um að gera næstu kosningar til Alþingis að tímamótum sameiningar allra lýðræðissinnaðra vinstri afla með þjóðinni. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hv. þm. Sigurður Ingimundarson hampaði í ræðu sinni gömlu blekkingunni, að Búrfellsvirkjunin hefði verið útilokuð, ef álbræðslan hefði ekki verið reist jafnhliða. Þetta er í algjöru ósamræmi við það, sem ríkisstj. sagði, þegar lögin um Búrfellsvirkjun voru til umr. á Alþ., ári áður en afstaða var tekin til álbræðslunnar. Ríkisstj. sagði þá, að Búrfellsvirkjun yrði byggð, þótt ekki væri samkomulag um álbræðslu, og það væri ekki meira þrekvirki að reisa hana án álbræðslu en að ráðast í virkjun Sogsins á sínum tíma. Munurinn yrði aðeins sá, að virkjunin yrði byggð í fleiri áföngum, ef álbræðsla yrði ekki reist samtímis.

Af hálfu stjórnarsinna hefur verið lögð á það megináherzla í þessum umr., að rétt sé að bíða vísindalegs úrskurðar um það, hvort flúormengunin frá álbræðslunni muni valda alvarlegu tjóni eða ekki. Þessu er því að svara, að það getur tekið of langan tíma að fá slíkan úrskurð. Útilokað er, að vísindin geti svarað því nú, hvert sé hættumarkið miðað við þær aðstæður, sem hér eru. Til þess að fá úr því skorið getur þurft nokkurra missira reynslu. Sá tími getur reynzt of langur. Þess eru mörg dæmi frá öðrum löndum, að deilt hafi verið um, hvort úrgangsefni frá stórum verksmiðjum mengi loft eða vatn, og að niðurstaðan hafi orðið sú, að eðlilegt væri að bíða eftir úrskurði vísindanna, sem byggðist á nægilegri reynslu. Þegar sá úrskurður var loks fyrir hendi, var mengun vatns eða lofts oft svo komið, að dýralíf og gróður hafði orðið fyrir tjóni, sem seint eða aldrei verður bætt. Glöggt dæmi um þetta eru vötnin miklu á landamærum Kanada og Bandaríkjanna og fjöldi stærri og smærri fljóta í iðnaðarlöndunum. Með því að draga það að koma upp hreinsitækjum í álbræðslunni, þangað til öruggar vísindalegar niðurstöður eru fyrir hendi, tökum við áhættu, sem við vitum ekki til fulls, hvað getur verið mikil, en getur áreiðanlega orðið mjög mikil. Undir slíkum kringumstæðum á það að vera reglan að taka ekki áhættuna.

Það, sem er nú þegar kunnugt um, er það, að strax á s. l. sumri, eftir fárra mánaða rekstur bræðslunnar, komu í ljós óheppileg áhrif á gróður í Hafnarfirði, samkvæmt athugun hins ábyrgasta og reyndasta náttúrufræðings, sem þjóðin hefur átt, Ingólfs Davíðssonar. Margir trúverðugir menn herma einnig, að svipaðra áhrifa hafi gætt á Álftanesi á s. l. sumri, a. m. k. nokkrum hluta þess. Ólíklegt er annað en þessi áhrif aukist við stækkun bræðslunnar, en afköst hennar á s. l. ári voru tæpur helmingur þess, sem þau munu verða í framtíðinni samkv. gerðum samningum. Varðandi hættumörkin er ekki hægt að miða við nema takmarkaða erlenda reynslu, því að ekki er ólíklegt, að íslenzkur gróður þoli verr umrædd áhrif en erlendur sökum annarra og örðugri vaxtarskilyrða. Það er því engan veginn útilokað, að þessi mengunaráhrif geti náð til meiri hluta Stór-Reykjavíkursvæðisins. Það má e. t. v. segja, að ræktunin á þessu svæði skili ekki miklum peningalegum arði í þjóðarbúið. En þó að við nefnum ekki nema þann garðagróður, sem þrífst í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík, þá yrði þjóðin óneitanlega miklu fátækari í menningarlegum og uppeldislegum efnum, ef þessi gróður yrði fyrir alvarlegum skemmdum. Við getum því ekki tekið þá áhættu, sem vofir yfir gróðrinum á Stór-Reykjavíkursvæðinu frá álbræðslunni, ef hreinsitækjunum verður ekki komið upp. Þess vegna verður það að vera ófrávíkjanleg krafa Alþ., að ekki dragist að koma upp þessum tækjum.

Þessi krafa Alþ. verður síður en svo talin óeðlileg, þegar höfð er í huga afstaða annarra þjóða. Eftir því sem ég veit bezt, er álbræðslan í Straumsvík eina álbræðslan í Evrópu, sem hefur ekki hreinsitæki. Norðmenn eru t. d. mjög strangir í þessum efnum. Álbræðsla svissneska álfélagsins í Þórsnesi, sem er talsvert minni en álbræðslan verður hér, hefur frá upphafi haft hreinsitæki, en samt hefur verið neitað um leyfi til að stækka hana, vegna þess að hreinsitækin hafa ekki þótt nógu vönduð. Henni er meira að segja ekki leyft nú að skila fullum afköstum vegna mengunarhættunnar.

Hvers vegna skyldu Íslendingar gera minni kröfur í þessum efnum en aðrar þjóðir, þar sem hættan getur þó verið meiri hér en víðast annars staðar, sökum þess að íslenzkur gróður hefur erfiðari vaxtarskilyrði. Ef allt væri með felldu, ættu Íslendingar einmitt að gera meiri kröfur en aðrar þjóðir, sökum þess að þeir eiga land, sem hefur orðið fyrir minni skemmdum af völdum *mengunar en flest önnur lönd*. Það ætti að vera Íslendingum aukin hvatning til að forðast hætturnar og að halda landinu áfram sem heilnæmustu og hreinustu.

Það er með öllu rangt, að krafan um hreinsitæki í álbræðslunni sé sprottin af því, að hér eigi erlendur aðili hlut að máli. Í þessum efnum má ekki gera neinn mun á því, hvort um erlend eða innlend fyrirtæki, einkafyrirtæki eða opinber fyrirtæki sé að ræða. Persónulega skoðun mína í þessum efnum árétta ég m. a. með flutningi brtt. við lögin um Áburðarverksmiðju ríkisins, þar sem lagt er til, að þess verði jafnan gætt, að ekki stafi mengunarhætta frá rekstri verksmiðjunnar. Ástæðan til þess, að slík till. hefur ekki verið flutt fyrr en nú, er sú, að ekki hefur verið upplýst fyrr en í vetur,

að teljandi mengunarhætta geti fylgt rekstri áburðarverksmiðjunnar.

Það er annars ekki langt síðan farið var að ræða um mengun í lofti sem alvarlegt vandamál. Með vissum rétti má líka segja, að þetta vandamál hafi ekki komið til sögu í ríkum mæli fyrr en í síðari heimsstyrjöldinni og eftir hana með tilkomu stóraukins efnaiðnaðar og framleiðslu alls konar gerviefna. Það tók iðnaðarþjóðirnar verulegan tíma að átta sig á þeirri hættu, sem hér var að gerast. Það má jafnvel segja, að það hafi ekki verið öllu fyrr en á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1968, að þjóðirnar hafi almennt áttað sig á, að hér væri komið til sögu stórfellt vandamál, sem kallaði á alþjóðlegt samstarf á margvíslegum sviðum, t. d. varðandi mengun hafsins. Ég man ekki eftir öllu sögulegri og áhrifameiri fundi en á Allsherjarþinginu 1968, þegar flutt var framsöguræða með till. Svía, að kölluð yrði saman sérstök alþjóðleg ráðstefna um verndun mannlegs umhverfis eða nánara sagt um aðgerðir til að hindra mengun lofts, vatns og lands. Svíar buðust jafnvel til að gerast gestgjafar að þessari ráðstefnu, og verður hún haldin í Stokkhólmi á næsta ári. Eftir ræðuna stóð hver fulltrúinn upp af öðrum, og þökkuðu allir Svíum fyrir frumkvæði þeirra og lýstu jafnframt þeim hættum, sem mannlegu umhverfi stafaði af margvíslegri mengun. Þó mátti vel ráða af þessum ræðum, að hér væri aðeins verið að ræða um upphaf eins geigvænlegasta vandamáls, ef ekki tækist að stöðva þá ófugþróun iðnvæðingarinnar, sem hér væri á ferðinni.

Í framhaldi af þessum sögulegu umr. á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1968 hefur ekki annað mál verið rætt öllu meira í heiminum en mengunarvandamálið síðustu tvö árin. Margt bendir til, að þær umr. og þær aðgerðir, sem vonandi fylgja í kjölfarið, eigi eftir að valda eins konar byltingu í mati verðmæta og lífsgæða. Menn skilja það miklu betur eftir en áður, að hreint loft og heilnæmt land er í röð allra mestu verðmæta og náttúrugæða. Hröð iðnvæðing er ekki lengur sama keppikefli og áður, ef ekki tekst jafnhliða að halda umhverfinu heilnæmu og andrúmsloftinu ómenguðu. Í samræmi við þetta hefur aukizt skilningur á mikilvægi þeirra atvinnugreina, gamalla og nýrra, sem hægt er að efla og auka, án þess að því fylgi aukin hætta fyrir mannlegt umhverfi.

Þetta nýja lífsgæðamat eða verðmætamat, sem er að ryðja sér til rúms í heiminum, mun m. a. opna augu manna fyrir því, að Ísland er miklu auðugra land en álitið hefur verið til þessa. Ísland býr yfir þeirri auðlegð, sem nú er að verða talin mikilvægust, ómenguðu andrúmslofti og hreinu umhverfi. Á Íslandi er líka að finna möguleika fyrir vaxandi atvinnuvegi, sem ekki hafa mengunarhættu í för með sér. Hér eru ekki aðeins auðug fiskimið við strendurnar, sem veita skilyrði til blómlegra fiskveiða og fiskiðnaðar, ef nógu mikið kapp er lagt á nauðsynlega friðun fiskstofnanna. Hér er að finna stórkostlega möguleika til að auka fiskrækt í ám og vötnum. Hér er með vaxandi ræktun og þá ekki síst með skynsamlegri ræktun beitilandsins hægt að auka landbúnað, sem m. a. getur orðið undirstaða vaxandi útflutningsiðnaðar. Hér má á grundvelli vatnsorkunnar byggja upp ýmiss konar iðnað, sem fylgir ekki teljandi mengunarhætta. Hreint og heilnæmt umhverfi mun svo hvetja ferðamenn til að sækja hingað í sívaxandi mæli. Þannig hefur Ísland skilyrði til að vera eitt auðugasta og heilnæmasta land í heiminum, ef þjóðin ber gæfu til að vinna í anda þess nýja verðmætamats, sem nú er að ryðja sér til rúms.

Til þess að þetta megi takast þarf vitanlega margt að gera. Við þurfum m. a. nýja löggjöf um náttúruvernd og sérstaka löggjöf um ráðstafanir gegn mengun í lofti og vatni. Hvort tveggja er nú nokkuð á veg komið. Á þingi 1968 flutti Eysteinn Jónsson og fleiri framsóknarmenn till. um endurskoðun náttúruverndarlaganna frá 1956, og varð samkomulag um, að sérstök nefnd annaðist þessa endurskoðun. Sú nefnd samdi frv. til nýrra náttúruverndarlaga, sem lagt var fram á Alþ. 1969, en náði ekki samþykki þá. Það hefur aftur verið lagt fyrir þetta þing, en horfur eru á, að það dagi enn uppi vegna áhugaleysis ríkisstj. Dýrt væri, ef frv. dagaði enn uppi, því að það felur í sér miklar endurbætur á núgildandi löggjöf. Þá flutti Ólafur Jóhannesson, formaður Framsfl., á Alþ. í fyrra till. um, að ríkisstj. væri falið að láta undirbúa löggjöf um ráðstafanir gegn skaðlegri mengun í lofti og vatni. Þessa till. dagaði uppi á þinginu í fyrra, en Ólafur flutti hana aftur í þingbyrjun nú, og hefur hún nú verið samþ. samhljóða. Þess verður að vænta, að ríkisstj. láti undirbúa slíka löggjöf svo kappsamlega, að hægt verði að samþykkja hana á næsta Alþ. En þótt lög um þessi efni séu mikilvæg, er hitt ekki þýðingarminna, að þeim verði framfylgt. Hér má ekki sýna neina linkind eins og þá, að ekki verði komið upp hreinsitækjum í álbræðslunni. Ef byrjað verður á að láta undan þar, er hætta á, að frekari undantekninga verði leitað. Þess vegna er það óumræðilega mikilvægt vegna framtíðarstefnunnar í þessum málum, að hún verði strax nægilega skýrt mörkuð í samskiptunum við álbræðsluna. Þeir, sem guggna strax í upphafi, eru ekki líklegir til að vera skeleggari síðar. En jafnhliða fullkominni löggjöf og einbeittri framkvæmd hennar þarf svo að haga allri uppbyggingu atvinnuveganna í samræmi við hið nýja verðmætamat, að hreint andrúmsloft og óspillt land sé meðal hinna allra mestu náttúrugæða. Þess vegna þarf að leggja sérstakt kapp á eflingu þeirra atvinnugreina, sem ekki fylgir teljandi mengunarhætta, eins og fiskveiða, fiskvinnslu, fiskræktar í ám og vötnum, ræktunar landsins, margvíslegs smærri iðnaðar o. s. frv. Hér bíða þjóðarinnar miklir óreyndir möguleikar, sem verða því betur nýttir sem þjóðin leggur meira kapp á heilbrigða landsbyggðastefnu og nýtir þannig auðlegð landsins alls. Og því aðeins mun þjóðinni vegna vel í landinu, að hún kappkosti að halda því hreinu og heilnæmu. — Ég þakka svo þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Áður en ég byrja að tala um það mál, sem hér er til umr., vil ég átelja það trúnaðarbrot, sem hefur komið fram hjá einum ræðumanni, Haraldi Henrýssyni, hér í kvöld, að lesa upp í útvarpsumr. á Alþ. um mengun till. Frjálslyndra og vinstri manna í landhelgismálinu, sem lagðar hafa verið fram í landhelgisnefnd jafnframt till. annarra flokka á grundvelli samkomulags í nefndinni milli flokkanna um það að reyna til hlítar að samræma sjónarmið, áður en till. yrðu lagðar fram eða kynntar á Alþ.

Herra forseti. Við ræðum hér um það, hvort Alþ. eigi að segja ríkisstj. fyrir verkum um, hvort tafarlaust skuli sett upp hreinsitæki í álverksmiðjunni í Straumsvík. Frá öndverðu var það ljóst, að frá álbræðslunni í Straumsvík, eins og frá öðrum álbræðslum, mundi stafa viss mengunarhætta. Þetta kom sérstaklega til umr. í sambandi við staðsetningu verksmiðjunnar. Rætt var aðallega um tvo staði, Eyjafjörð og Straumsvík. Ljóst var, að ef álbræðslan yrði staðsett við Eyjafjörð, gat ekki verið um annað að ræða en að hafa frá byrjun sem fullkomnust hreinsitæki í slíkri verksmiðju. Þar hefði hún verið staðsett í landbúnaðarhéraði, þar sem vindáttin er mjög á einn veg, hafgola a. m. k. verulega ríkjandi. Athugaðar voru vindáttir í Straumsvík eftir upplýsingum frá Veðurstofunni, sem gáfu það til kynna, að ríkjandi vindátt á þessum stað væri til hafs, og að öðru leyti var staðsetningin á opnu svæði, en ekki í lokuðum fjalladal eða firði, þar sem hættan er önnur og meiri. Af þessum sökum varð það að samkomulagi að byggja verksmiðjuna frá öndverðu með þeim hætti, að hægt væri að setja á hana hreinsitæki, en þó án þess að það væri gjört, þar til vísindalegar rannsóknir lægju fyrir og með þeirri niðurstöðu, að þess væri þörf.

Í nál. meiri hl. iðnn. er lagt til að vísa málinu til ríkisstj. með þeim rökum, að af hennar hálfu og annarra stjórnvalda hafi verið gætt fyllstu varúðar og verið sé að vinna að því að fá úr því skorið frá vísindalegu sjónarmiði, hvort þess sé þörf, að í þessa verksmiðju séu sett upp hreinsitæki. Ég hef hugboð um, að þess sé þörf, þegar verksmiðjan stækkar og byrjar með auknum afköstum, næstum tvöföldum, 1972. Hitt er svo annað mál, að kröfur mínar fyrir hönd ríkisstj. Íslands um nauðsyn hreinsitækja verð ég að byggja á niðurstöðum vísindalegra rannsókna.

Ég hef lagt áherzlu á, að ekki þurfi að kvíða skorti sérfræðilegra athugana í þessu máli og vísindalegrar niðurstöðu. Í fyrsta lagi var sett á laggirnar sérstök rannsóknarnefnd, sem við getum kallað flúornefnd, með fulltrúum frá báðum aðilum. Það er rangt hjá Lúðvík Jósefssyni hér áðan, þegar hann segir, að þessi nefnd sé á vegum álbræðslunnar, hún á tvo fulltrúa í nefndinni, ríkisstj. tvo, einn Íslending og Norðmann, sem ég valdi að góðra manna ráði sem einn færasta sérfræðing í Noregi með mikla reynslu að baki í þeim efnum. Það er líka rangt hjá Lúðvík Jósefssyni, að líffræðingar hér hafi sannað, að flúorskýrslan væri marklaus. Líffræðingar gerðu athugasemdir við flúorskýrsluna á þeim grundvelli, að það væru í henni rangar tilvitnanir í fræðirit, og það hefur síðan verið leiðrétt, og þeir töldu óvarlegt að miða við skaðleysismörk þau, sem nefndin getur um. En þessir líffræðingar þurftu að leiðrétta missagnir blaða um það, að skýrslan væri fölsuð. Þetta sé ég ástæðu til að taka fram. Líffræðingarnir lögðu til, að í sambandi við þessar rannsóknir yrðu kvaddir til líffræðingar, svo sem hefur verið gert, eins og ég síðar kem að.

Ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að við ekkert iðjuver á Íslandi hafi fyrir fram verið gerðar þvílíkar ráðstafanir og við álbræðsluna í Straumsvík. Í nál. meiri hl. er gerð grein fyrir þeim varúðarráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, og á hvern hátt það er á valdi okkar sjálfra að krefjast frekari varúðarráðstafana og aðgerða. Eins hefur þess verið mjög skilmerkilega getið í ræðu hv. 7. þm. Reykv., Péturs Sigurðssonar, sem er frsm. meiri hl. n. En menn geta spurt: Hvers vegna að eiga nokkuð á hættu? Og því ekki að krefjast, að hreinsitæki séu sett upp þegar í stað, eins og till. er orðuð? Í fyrsta lagi eigum við ekkert á hættu, því að það er að staðaldri fylgzt með þessum hlutum, eins og nákvæmlega er gerð grein fyrir í grg. þeirrar nefndar, sem um þessi mál fjallar, flúornefndarinnar, sem ég hef svo nefnt. Sé hætta á ferðum eða fram komin alvarleg áhrif mengunar, þá er það okkar að taka í taumana og segja: Hingað og ekki lengra. Hér þarf endurbóta við. Hreinsun á útblæstri frá álbræðslunni. — En þetta liggur fyrir, segja menn. Grasafræðingur tók sýni af nokkrum trjám, þau voru alls þrjú, þessi sýni. Því hefur verið lýst, hvernig flúornefndin starfar á allt öðrum grundvelli, þar sem tekin eru á hinum mismunandi tímum og mismunandi stöðum fjölmörg sýni, svo að tugum skiptir og mánaðarlega, t. d. af regnvatni, en hér voru tekin þrjú sýni, og þess vegna á nú að hlaupa upp til handa og fóta og láta í veðri vaka, að lamaður trjágróður á s. l. sumri sé allur álbræðslunni að kenna. Það er vitað um gjörvallt land, að trjágróður og gróður yfirleitt var með lélegasta móti af miklum kulda og meiri kulda en við höfum átt að venjast um langa tíð. Og hvað segja svo þessar þrjár niðurstöður af stökum sýnishornum þessa meinta vísindamanns? Jú, visst flúormagn í þeim. En hvaða ályktanir er í raun og veru hægt af slíku að draga? Og það er enn ósvarað þeirri spurningu, hvað veldur því, að í ýmsum sýnum, sem flúornefndin tók ári áður en álbræðslan byrjaði að starfa, er meira flúormagn en mældist hjá grasafræðingnum, meira flúormagn en árið eftir að hún tók til starfa. Á þessu er þörf að fá frekari skýringu. Hinu hefur svo grasafræðingurinn leynt fyrir blöðum og fjölmiðlum, að fjórða sýnið frá honum var sent til Noregs og fékkst um það sú umsögn, að skemmdir stöfuðu af sitkagrenilús.

Ég hef nú hér með höndum skýrslu um nýjar rannsóknir frá SYNTEF-rannsóknarstofnuninni við háskólann í Þrándheimi. Um er að ræða 22 sýni, þar sem borið er saman flúormagnið í greni frá 1969, áður en álbræðslan tók til starfa, því að hún tók ekki til starfa fyrr en um mánaðamótin sept. og okt., og 1970, eftir að hún var búin að starfa í heilt ár, og það vill svo til, að í öllum þessum sýnum, 22 að tölu, er flúormagnið meira árið áður en álbræðslan tók til starfa en árið eftir að hún tók til starfa. Sýnin eru á þessa leið: Það er í venjulegri furu 1969 30.3 mg í kg, vanalegri furu 1970 11.3, það er sama sýnið, mg í kg. Sitkagreni 1969 17.2, en 1970 7.1 mg í kg. Í nálum bergfuru 1969 5.2 mg, áður en verksmiðjan byrjar, en 1970, eftir að verksmiðjan byrjar, ÷0.6 mg í kg af flúor. Sitkagreni 1969 6.6, sama 1970 1.7. 1969 sitkagreni 3.9, sama 1970 0.3. Venjuleg fura 1969 6.9 mg í kg af flúor, en 1970 1.7. Bergfura 1969 5 mg í kg, en 1970 0.6. Bergfura 1969 11.1 mg í kg, 1970 3 mg í kg. Sitkagreni 1969 12.9 og í sama 1970 7.8. Í bergfuru 1969 19.8 mg í kg af flúor, en í sama 1970 4.7. Sitkagreni 1969 19.4 og í sitkagreni 1970 22.6. Það síðasta, sem ég las, er eina sýnið, sem er með örlítið meira flúor, eftir að verksmiðjan er búin að starfa í eitt ár.

Þetta er m. a. rannsóknarefni fyrir þá vísindamenn, sem hafa tjáð sig um þessi mál, og ég verð að segja það, að það var rétt og satt sagt hjá Haraldi Henrýssyni,

þegar hann talaði um fullyrðingar Ingólfs Davíðssonar, þó að hins vegar Þórarinn Þórarinsson hafi sagt hér áðan, að hann væri færasti grasafræðingurinn eða náttúrufræðingurinn, sem Ísland hefði átt. Ég skal ekki dæma um það, ég þekki ekki manninn, en mér finnst hins vegar, að þegar vísindamenn eru á ferðinni, þá eigi þeir að fara nokkuð öðruvísi að en sá ágæti maður hefur gert, að telja fullsannaða hluti með þessum þremur sýnum, sem tekin hafa verið, og láta svo þar við sitja.

En alþm. er ætlað að dansa eftir öðrum nótum en vísindalegum og sérfræðilegum. Það er hin pólitíska mengun hugarfarsins, sem hér á að ráða. Þegar flm. þessarar till. hafa orðið þess áskynja og vita, að stóriðjan á Íslandi fellur almenningi í geð og almenningur skilur, að hér er verið að vinna að þjóðarheill, þá skal reynt að koma á stóriðjuna klámhöggi með einum eða öðrum hætti, og skiptir þá ekki máli, hvað vísindi og sérfræði segja.

Það er rangt hjá Þórarni Þórarinssyni, þegar hann segir hér áðan, að það sé of langur tími að bíða eftir vísindalegum niðurstöðum og rannsóknum. Sá tími, sem nú er, vetrartíminn, felur ekki í sér neina hættu fyrir gróður, og hins vegar er það ljóst, eins og fram hefur komið, að hvorki í jarðvegi né vatni hefur verið nokkuð veruleg aukning á flúormagni, og þess vegna höfum við tíma fyrir okkur, og stækkun álbræðslunnar, sem minnst hefur verið hér á, kemur ekki til greina fyrr en á árinu 1972.

Bæði Þórarinn Þórarinsson og Magnús Kjartansson töluðu um það hér, að þetta væri eina álbræðslan í heiminum án hreinsitækja, og Magnús Kjartansson innti sérstaklega eftir því, að menn tjáðu sig um það. Sé svo, þá verð ég að biðja menn að hafa það í huga, að ég þekki enga álbræðslu, — það getur vel verið, að hún sé til, — minni álbræðslu í heiminum heldur en þessa, sem nú starfar hér. Þær eru yfirleitt mörgum sinnum stærri, þær álbræðslur, sem ég þekki til í Evrópu, og þær, sem maður hefur sagnir af í Bandaríkjunum eða Ameríku. Og þegar talað er um það, að þar séu hreinsitæki, en ekki hér, þá er það m. a. vegna þeirrar reynslu, sem þar hefur fengizt. Sérstaklega er þetta áberandi í Noregi, þar sem álbræðslur eru byggðar í djúpum fjalladölum eða innfjörðum, eins og í Þórsnesi, að þar er hættan stórkostlega mikil og þar hafa verið sett upp hreinsitæki í álbræðsluna. Þetta er rétt. En hér er staðsetningin allt önnur og rétt að hafa það í huga ekki síður en önnur atriði, þegar borin er saman þessi álbræðsla við aðrar álbræðslur.

Ég bið ekki um annað fremur en rannsakað sé til hlítar, hvað rétt sé að gera og hver hættan kunni að vera. Ég hef lagt til við framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins, að hún skipi sérstaka nefnd til að rannsaka, hver mundu vera hættumörk flúormagns í gróðri hérlendis, bæði vegna búpenings, sem á honum er fóðraður síðar, og einnig vegna trjágróðursins sjálfs. Þessi nefnd er nú þegar tekin til starfa. Auk þess hef ég fengið skýrslur ameríska vísindamanna um áætluð skaðleysismörk flúormagns í Sviss, en ríkisstj. Sviss hafði fengið þessa vísindamenn til að kanna þetta mál sérstaklega þar. Ef íslenzka sérfræðinganefndin, sem skipuð er að minni ósk, og framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins óska þess að fá þessa amerísku vísindamenn sér til aðstoðar, er ég reiðubúinn til að stuðla að því, að af hálfu ríkissjóðs verði lagt fé af mörkum, til þess að svo megi verða. Í fyrri viku voru hér sérfræðingar á þessu sviði að minni tilhlutan eftir viðræður milli mín og dr. Pauls Müllers, sem er einn af framkvæmdastjórum álversins, en jafnframt einn af stjórnarmeðlimum ISALs. Áttu þeir viðræður við íslenzka sérfræðinga og íslenzku nefndina, sem hefur það verkefni að ákvarða skaðleysismörk flúormagns hér á landi. Af minni hálfu skal ekkert látið undir höfuð leggjast, til þess að þessi nefnd fái hina beztu aðstöðu, sem hún óskar, í sambandi við athuganir sínar til þess að komast að réttri niðurstöðu.

Ég get getið þess líka í þessu sambandi, að það er ráðgert að bæta í flúornefndina tveim líffræðingum frá hvorum aðila, ríkisstj. og ISAL, en um það hafa komið fram tilmæli, m. a. frá íslenzku líffræðingunum.

Ég óska þess ekki að berjast við vindmyllur eins og Don Quixote. Ég vil, að staðreyndir málsins séu leiddar í ljós og ákvarðanir teknar, þegar þær liggja fyrir.

Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins hefur sagt í bréfi til iðnn. Alþ. um þetta mál, að að sjálfsögðu geti hún ekki tekið ákvörðun um það, hvort nauðsyn sé að setja upp hreinsitæki í álbræðsluna í Straumsvík, fyrr en niðurstöður rannsókna liggja fyrir. Eru þm. það meiri menn, að þeir séu þess umkomnir að taka ákvörðun, áður en niðurstöður rannsókna liggja fyrir?

Ef tilgangurinn væri annar en sá að þyrla upp moldviðri um þetta mál, mundu að sjálfsögðu allir þm. greiða því atkvæði, að þessari till. væri vísað til ríkisstj., sem hefur málið til meðferðar og hefur látið gæta fyllstu varúðar og vill, að svo sé gert, og mun ekkert láta undir höfuð leggjast, að svo sé gert.

Ég vísa algerlega til föðurhúsanna öllum getsökum um það, að ríkisstj. hafi ekki verið fyllilega á verði og þeir menn, sem fyrir hennar hönd hafa starfað til að gæta fyllstu varúðar. En á hitt er að líta, að mengun getur verið margs konar. Sagt var um aldamótin af einu skáldi okkar:

„Öllum hafís verri er hjartans ís,
er heltekur skyldunnar þor.
Ef hann grípur þjóð, þá er glötunin vís,
þá gagnar ei sól né vor."

Við tilhugsunina um þessar ljóðlínur vil ég segja, að allri mengun verri er hin pólitíska mengun hugarfarsins, sem hefur þann eina tilgang að eitra andrúmsloft þjóðarinnar, að eitra hugarfarið þannig, að það sé ekki þess umkomið að kveða upp skynsemisdóma um hluti. Þegar þessi mengun heltekur hugarfarið, gagnar ei sól né vor.

Magnús Kjartansson sagði hér í umr. áðan, að öllu hefði verið fórnað vegna gróðahagsmuna erlendra, og aðrir hafa sagt eitthvað svipað. Engu hefur verið fórnað, en mikið áunnizt við byggingu álbræðslunnar hér á Íslandi. Ég hirði ekki að öðru leyti að elta ólar við hina væmnu rómantík efnishyggjupostulans Magnúsar Kjartanssonar, og reyndar hefði Lúðvík Jósefsson gjarnan mátt spara sér væmnar fullyrðingar sínar um Laxárvirkjun, sem hann sýnilega þekkir lítið eða ekkert til. Hann sagði á þessa leið: Þegar kemur að Laxárvirkjun, bögglast allt fyrir ráðherrunum og ekkert fæst að gert. — Ég hef nú í heilt ár lagt mig í framkróka um

að reyna að ná samkomulagi og sættum milli deiluaðila í þessu máli, og sú virkjun, sem núna er verið að vinna að, er sú virkjun, sá virkjunaráfangi, sá áfangi, sem bændurnir á Laxársvæðinu, Búnaðarsamband Þingeyinga óskaði eftir, að ráðizt yrði í, og sýslunefnd Suður-Þingeyinga óskaði einnig eftir, að ráðizt yrði í. Hitt er svo rétt, að báðir aðilar voru á móti því, að ráðizt yrði í Gljúfurversvirkjun, en strax á vorinu 1970 voru áformin um Gljúfurversvirkjun, þ. e. vatnaflutningar í Þingeyjarsýslu, lögð á hilluna.

Það er alveg rangt, sem fram kom hjá Haraldi Henrýssyni hér, að upphaflega hafi verið ráðgert að byggja álbræðsluna þannig, að ekki væri hægt að setja í hana hreinsitæki. Ég veit ekki, hvaðan þessi hv. þm. hefur þennan fróðleik. Þetta eru staðlausir stafir. Hann sagði, að það hefði verið gert ráð fyrir að setja upp hreinsitæki samkvæmt kröfum Alfreðs Gíslasonar læknis, og vitnaði í ræðu frá 3. maí 1966. Ég undirritaði samningana með því byggingarlagi, sem á álbræðslunni er, og með þeim hætti, að hægt sé að setja upp í hana hreinsitæki, 28. marz 1966. En hann gerði hins vegar Alfreð Gíslasyni engan greiða, þessi hv. þm., með því að lesa hér upp mestu öfgarnar úr ræðu hans hér á þingi á sínum tíma, sem voru sannarlega ekki þess eðlis, að læknir ætti að láta hafa þær eftir sér, þegar m. a. var verið að reyna að láta í það skína, að hér væri svo mikil eitrunarhætta á ferðinni, að fólk mundi detta steindautt á götunum í Hafnarfirði og Reykjavík. Og það kom reyndar fram í því, sem þessi hv. þm. las. Hins vegar hef ég það eftir beztu sérfræðingum, sem á þessu sviði starfa, Norðmönnum, að þeim sé ekki kunnugt um það, þeir viti ekkert dæmi um það, að mönnum hafi orðið meint af að lifa í nágrenni álverksmiðju, og þó voru þessar álverksmiðjur ekki með hreinsitæki fyrr en allra síðustu árin sumar hverjar.

Ég vil svo leyfa mér að lokum að taka saman nokkur atriði, sem mér finnst öðrum fremur athyglisverð:

1) Vitnað hefur verið til athugasemda um skýrslu flúornefndar, sem 37 líffræðingar sendu fimm ráðuneytum á þessu ári. Leiðrétt hefur verið það, sem leiðrétta þurfti vegna athugasemda þessara 37 ágætu manna. En má ég spyrja: Af hverju gerði ekki einhver einn þessara manna þessar athugasemdir upp á eigin ábyrgð án undirskriftasmölunar? Ef svo hefði verið gert, þá var þegar unnt að leiðrétta það, sem leiðrétta þurfti, og algerlega án nokkurs úlfaþyts í blöðunum.

2) Ég hef ekki miðað mál mitt við nein ákveðin skaðleysismörk flúormagns hér á landi, hvorki varðandi gróður né fóður. Vitneskja um slík mörk liggur ekki fyrir, en málið í athugun hjá nefnd, sem að tilhlutan iðnrn. hefur verið sett á laggirnar að tilhlutan Rannsóknaráðs ríkisins.

3) Eftir víðtækar rannsóknir flúornefndar svo kallaðrar eru niðurstöður samkvæmt skýrslum hennar m. a. eftirfarandi: Heildarmynd sú, sem fæst úr skrám og línuritum, leiðir í ljós, að flúormagn er verulega neðan þeirra magngildismarka, sem þekkt er, að orsaki sjáanlegar skemmdir á trjágróðri og flúorveiki í nautgripum, sem fóðraðir eru á algengan hátt. Í bréfi formannsins, prófessors Finns Roll-Hansens, sem er skógræktarstjóri Norðmanna eða stendur fyrir deildinni, sem fjallar sérstaklega um skaða á skógum eða skemmdir þar, dagsettu 11. jan. 1971, til framkvæmdastjóra Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Péturs Sigurjónssonar, segir eftirfarandi um skýrslu flúornefndarinnar: „Som helhet er rapporten oversigtig, resultaterne ser betryggende ut med hensyn til skade på vegetation.“ Í þessu felst, að þessi reyndi maður á því sviði, sem við erum að tala um, telur, að niðurstöður rannsóknanna séu þannig, að óþarft sé að óttast í bili. Hann bendir á, að 1½ árs rannsóknir séu of stuttur tími og það þurfi þess vegna að fá fleiri niðurstöður og taka sér meiri tíma til þess að ganga úr skugga um, hvort þörf sé t. d. á hreinsitæki eða ekki.

4) Trjárækt getur brugðizt til beggja vona hér á landi, og þurfa hvorki skordýr né mengun að koma til í því sambandi. Má m. a. vísa til bréfs frá áðurnefndum Finn Roll-Hansen prófessor til Péturs Sigurjónssonar forstöðumanns Rannsóknastofnunar iðnaðarins frá 6. okt. 1967. Í því segir hann, að rekja megi skemmdir á nokkrum sýnum, sem rannsóknanefndin sendi honum af visnandi furu frá Heiðmörk og Vífilsstaðahlíð, til orsaka veðurfars, en ekki skordýra. Fjölmörg önnur slík dæmi eru kunn.

5) Flúormengun í vissum tegundum af trjám hefur reynzt meiri, áður en álbræðslan tók til starfa en ári eftir að hún hóf starfsemi sína. Á þetta sérstaklega við t. d. um sýni úr Hljómskálagarðinum í Rvík, þar sem flúormagn í birki reyndist 36.5 mg í kg í júní 1969, 39 mg í kg í sept. 1969, en 22.9 mg í kg í sept. 1970, eftir að álbræðslan hafði starfað í eitt ár. Fjölmörg önnur dæmi eru til um þetta, sem ég hef áður vitnað til.

6) Flúor í ýmsum samböndum er algengur í náttúrunni, enda fimmtánda algengasta frumefnið í jarðskorpunni. Flúor er algengur í beinum fiska og manna og getur verið gagnlegur í drykkjarvatni til að minnka tannskemmdir. Einungis ef flúormagnið fer yfir viss mörk, getur hann reynzt skaðlegur, og þess vegna er verið að vinna að öllum þessum rannsóknum, hvort flúormagnið er fyrir ofan tiltekin mörk eða ekki.

7) Á ráðstefnu um mengun, sem haldin var í Rvík 27.—28. febr. s. l. á vegum Landverndar og fleiri aðila, kom m. a. fram hjá Flosa H. Sigurðssyni veðurfræðingi eftirfarandi: Veðurfræðilegar rannsóknir hafa sýnt, að vindur stendur af áliðjuverinu á Hafnarfjörð og Reykjavík aðeins 1/5 hluta af árinu að jafnaði. Þegar vindur stendur á Reykjavíkursvæðið, er hann venjulega mjög hvass útsynningur og uppstreymi mikið, þynning verður því mjög mikil.

8) Samkvæmt samningi ISALs er skylt að greiða bætur fyrir það tjón, sem hugsanlega kann að orsakast af mengun frá álbræðslunni. Segja má því, að það hefur enginn hag af því að spara stofnkostnað og rekstrarkostnað í hreinsitækjum, en borga í þess stað stórar fjárfúlgur í skaðabætur, ef um raunverulegt tjón væri að ræða. Leiða má athygli að því, að frestun á að setja upp hreinsitæki, meðan tjón er ekki fyrir hendi, gæti leitt til þess, að hreinsitæki yrðu fullkomnari en ella, þegar þau verða sett upp, þar sem sífellt er unnið að rannsóknum og tilraunum á þessu sviði og mikil þróun hefur einmitt átt sér stað á þessum vettvangi upp á síðkastið.

Að lokum vil ég segja þetta: Einskis ber að láta ófreistað, til þess að iðnþróun á Íslandi, í hvers konar mynd sem hún birtist, verði eigi skaðvaldur á öðru sviði. Þess er nú gætt í miklu ríkara mæli en áður annars

staðar í hinum siðmenntaða heimi. Við Íslendingar þurfum að setja okkar eigin lög og reglur í þessu sambandi, því að til þess eru vítin að varast þau. Það er nú unnið að því að semja frv. til l. almennt um varnir gegn mengun, sem svo fljótt sem verða má verður lagt fyrir Alþ. Ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ., er nú situr, frv. til l. um náttúruvernd, og ætlazt er til, að það verði afgr. sem lög, áður en þingi lýkur. Í landhelgisnefnd, sem skipuð er fulltrúum allra þingflokka, hefur verið sérstaklega rætt um sérstaka mengunarlögsögu á hafinu til að verja auðlindir þess skaðlegum áhrifum mengunar. Í þessum málum ætti ekki að vera ágreiningur milli alþm. Hér ber að stefna að einu marki. Okkur ber að samræma iðnþróun til hagsbóta fyrir almenning vörnum gegn skaðlegum áhrifum mengunar og heilbrigðri náttúruvernd. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, utan dagskrár, mælti

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hef farið þess á leit að fá að segja örfá orð utan dagskrár vegna frásagnar, sem fram kom hjá hæstv. forsrh. í ræðu, sem hann hélt hér í lok umr. um mengun fyrir tveimur dögum. Ég ætla engan veginn að fara að halda áfram deilum um skoðanir í því efni, heldur langar mig að skýra frá því, að það voru ekki dregnar réttar ályktanir af rannsókn á flúormengun í barri, sem nýlega er búið að framkvæma. Hæstv. ráðh. komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef nú hér með höndum skýrslu um nýjar rannsóknir frá SYNTEF-rannsóknarstofnuninni í Þrándheimi. Um er að ræða 22 sýni, þar sem borið er saman flúormagnið í greni frá 1969, áður en álbræðslan tók til starfa, því að hún tók ekki til starfa fyrr en um mánaðamótin sept.—okt., og 1970, eftir að hún var búin að starfa í heilt ár, og það vill svo til, að í öllum þessum sýnum, 22 að tölu, er flúormagnið meira árið áður en álbræðslan tók til starfa en árið eftir að hún tók til starfa."

Hér eru, eins og ég sagði áðan, ekki dregnar réttar ályktanir. Þessi rannsókn var framkvæmd á þann hátt, að Skógrækt ríkisins tók þessi sýni öll á sama tíma í fyrrahaust. Hún tók annars vegar nálar af árssprotum frá árinu 1969 og hins vegar nálar af árssprotum 1970. Eins og menn vita, eru barrtré sígræn, nálarnar falla ekki, heldur safna þær í sig flúor og öðru. Ástæðan til þess, að meira magn er í nálunum frá árslokum 1969, er að sjálfsögðu sú ein, að þeir sprotar eru einu ári eldri. Þessar nálar eru einu ári eldri og hafa þess vegna haft einu ári lengri tíma til að safna í sig flúor og öðru. Hér er sem sé ekki um að ræða rannsókn, sem sýni minnkandi flúormagn, heldur þvert á móti, þá gefa þessar tölur til kynna, hversu mikið flúor hafi safnazt í barr á einu ári. Menn geta svo haft mismunandi skoðanir á því, hvað þetta magn segi, hvort mönnum finnst þetta mikið eða lítið, en rannsóknin sýnir ekkert annað en það, hvað flúormagnið hefur aukizt á einu ári. Mér fannst þetta skipta allverulegu máli í sambandi við mat manna á þessum hlutum, og þess vegna taldi ég rétt, að þetta yrði leiðrétt hér á sama stað og missögnin var sögð, og auk þess tel ég víst, að hæstv. forsrh. vilji sjálfur fá að leiðrétta þetta og vilji fylgja þeirri gömlu og góðu reglu að hafa heldur það, sem sannara reynist.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér þykir vænt um, að þessi aths. skuli hafa komið hér fram, og það er auðvitað eðlileg og skiljanleg sú skýring, sem á því er gefin, sem ég sagði. En þetta er þannig tilkomið, að ég fékk þetta plagg í hendurnar í gær, en hv. þm. veit betur um, hvernig rannsóknin er tekin heldur en iðnrn. Mér kemur það ákaflega einkennilega fyrir sjónir, að Skógrækt ríkisins eða rannsóknastofa Skógræktarinnar skuli vera að taka prufur og láta rannsaka þetta og láta ekki iðnrn. eða landbrn., sem hún heyrir undir, slíkar rannsóknir í té. Það þarf að fara til Magnúsar Kjartanssonar til þess að fá það upplýst, hver hefur tekið þessi sýnishorn. Og þetta minnir mig á það einnig, hvað mikið er gert til þess að þyrla upp ryki í sambandi við þetta mál, sem við ræddum um, þegar þessir 37 líffræðingar fara allir að skrifa undir eitt skjal, sem er ákaflega óvísindalegt, fara að safna undirskriftum um það, hvernig niðurstaða í skýrslu sé. Eins og ég sagði í ræðu minni, hefði mátt leiðrétta, ef einhver einn af þessum mönnum, við skulum segja sá, sem fyrstur uppgötvaði vitlausar tilvitnanir í fræðirit, hefði rætt það við iðnrn. Þá hefði verið hægt að skýra það mál strax. En hitt er svo annað mál, að það er rétt, að fram komi það sanna í þessu máli, hvernig á þessu stendur, því að þegar ég fékk afrit af þessari skýrslu, sem barst í gær til Rannsóknastofnunar iðnaðarins, þá er þetta þannig sett upp, að það eru sýni af barri frá Íslandi og það er sagt, hvað séu mörg mg af flúor í kg. Það er notuð Winters-aðferð, sem er önnur aðferð en Rannsóknastofnun iðnaðarins notar. Ég hugði, að sýnin hefðu verið tekin 1969 og 1970, en hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hefur núna fengið upplýsingar um það frá rannsóknarstofnun Skógræktarinnar, að þau hafi verið tekin í haust og af mismunandi gömlum greinum. Ég verð að segja það, að það kom mér líka mjög einkennilega fyrir sjónir, að það skyldi aðeins vera svo í einu tilfelli af þessum tilraunum, að flúormagnið væri minna 1969 en 1970.

Ég ætla svo að nota tækifærið, vegna þess að Austri sagði í Þjóðviljanum í morgun, að það væri nokkuð einkennilegt, að það væri gefið mínusgildi á flúor og menn freistuðust þá til þess að setja mínus fyrir framan aðrar niðurstöður mínar í ræðunni, af því að ég sýndi með þessu, að ég hefði manna minnst vit á því, sem ég hefði þó manna mest haft afskipti af, eða eitthvað á þessa leið. Þess vegna spurðist ég fyrir um þessar rannsóknir og hef fengið um þær þessar upplýsingar núna í hendurnar rétt áður en þessi fundur byrjaði:

„Þessar niðurstöður, er ráðh. vitnaði til í útvarpsumr. frá Alþ. þriðjudaginn 16. þ. m., eru niðurstöður efnagreiningar sýnishorna, sem tekin voru af Hauki Ragnarssyni, tilraunastjóra Skógræktar ríkisins, árin 1969 og 1970."

Þetta segir nú í þessum upplýsingum, sem ég fæ, en það er sýnilegt, að annaðhvort er þetta rangt eða rangt hjá hv. 6. þm. Reykv. Mér þykir miklu sennilegra, að það sé rétt, að það hafi verið tekið af árssprotum, sem eru eldri, einu ári eldri 1970 en 1969, og þess vegna sé eðlilegt, að það sé meira í eldri nálunum. Finnst mér

miklu sennilegra, að það sé rétt, því að hitt væri reyndar næsta furðulegt, því að það er rétt eins og hv. 6. þm. Reykv. segir, að einmitt í sígrænu trjánum hleðst flúorinn upp, en ekki í lauftrjánum, sem fella blöðin.

Orsök þess, að fram koma neikvæð gildi við notkun svo nefndra Villard and Winters-aðferðar við ákvörðun flúormagns, er, að SYNTEF-rannsóknastofnunin í Þrándheimi hefur þann hátt á að bæta út í upplausn þá, sem efnagreina skal, fyrir fram ákveðnu magni flúors. Jafnframt eru útreiknaðir ákveðnir fráviksmöguleikar plús eða mínus. Komi því við efnagreininguna fram minna magn flúors en sett var í upplausnina, kemur fram neikvætt gildi. Verður því í þessu tilfelli að taka til greina jákvæða frávikið, sem útreiknað var, og í umræddu tilfelli var 1.1 mg flúors í kg, þannig að útreiknað magn flúors yrði í þessu tilfelli 0.5 p. p. m. eða mg flúors í kg, þótt efnagreiningin sýni neikvætt gildi, ÷0.6 p. p. m.

Með þessu held ég, að nokkrar gátur séu ráðnar, bæði hver gerði þessar rannsóknir, hvernig sýnin voru rannsökuð, hvernig þau voru tekin og hvernig út kemur hið neikvæða gildi flúormagnsins.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 510 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, EKJ, MÁM, BGr.

nei: EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HarH, IG, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ.

BP greiddi ekki atkv.

2 þm. (HS, JK) fjarstaddir.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Staðgreiðsla opinberra gjalda.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um undirbúning löggjafar um staðgreiðslu opinberra gjalda [5. mál] (A. 5).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Staðgreiðslukerfi opinberra gjalda er búið að vera nokkuð lengi á dagskrá, en það var tekið upp á vegum fjmrn. á árinu 1966 og þá á þann hátt, að það var samin um það mjög ítarleg skýrsla, aflað upplýsinga um kerfið og framkvæmd þess í ýmsum þeim löndum, þar sem það hafði verið innleitt, til þess að draga upp heildarmynd af þeim viðfangsefnum, sem yrði við að fást, og jafnframt reynt að skýra það, hvaða vandamál, kostir og gallar, fylgdu þessu kerfi miðað við okkar aðstæður hér. Skýrsla um þetta efni var þá lögð fyrir hið háa Alþingi jafnhliða því, sem lögð var fram þáltill., þar sem lagt var til, að ríkisstj. yrði falið að halda áfram athugun málsins og undirbúa löggjöf um staðgreiðslukerfi skatta hér. Sú breyting var gerð á þeirri till. hér á hinu háa Alþingi, að þingið kaus fremur, að það yrði kosin í þetta mál mþn., og var svo gert og málið þar af leiðandi um sinn úr höndum rn., en mþn. vann að athugun þess og skilaði síðan mjög ítarlegri grg. um málið, þar sem gerð var í senn grein fyrir þeim vandamálum, sem hér væri við að fást, og jafnframt voru dregnar upp höfuðtillögurnar, sem nefndin taldi sig geta mælt með varðandi formið á staðgreiðslukerfi, ef það yrði innleitt hér á landi. Nefndin var í rauninni sammála um, að það væri rétt að innleiða staðgreiðslukerfið. Það var þó að vísu nokkur ágreiningur um einstök atriði málsins, en það voru ekki aðalatriðin. Eftir að þessi skýrsla lá fyrir, taldi ég enn rétt, að málið kæmi til kasta Alþ., og grundvallarástæðurnar fyrir því voru þær, að það kom fram í þessari grg. mþn., að málið var miklum mun umfangsmeira og margþættara en ég hygg, að margir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir. Og sérstaklega taldi ég nauðsynlegt, að það kæmi til kasta þingsins, svo að hægt væri að fá um það stefnumörkun, hvaða leið skyldi velja í sambandi við væntanlega löggjöf um staðgreiðslukerfið.

Þar er í rauninni um tvær meginleiðir að ræða. Annars vegar þá að laga staðgreiðslukerfið sjálft í meginefnum eftir því skattkerfi, sem við nú búum við. Og það má segja, að till. mþn. beinist að því, að það verði gert. Það er gert ráð fyrir, að kerfið nái til allmikils fjölda opinberra gjalda, en um leið bent á annmarkana, sem af þessu leiða. Það er ljóst, að ef þessi leið verður valin, þá verður hún flókin og kostnaðarsöm og mundi ekki nema að takmörkuðu leyti vinna upp þá kosti eða ná þeim kostum, sem staðgreiðslukerfið gæti haft, ef hægt væri að hafa það einfaldara. Hitt gæti komið til álita, og það er a. m. k. atriði, sem ég tel vert, að Alþ. íhugi sem stefnumörkun í málinu, áður en ríkisstj. verði falið að halda áfram undirbúningi að löggjöf, hvort ekki væri rétt að kanna það, hvort hugsanlegt væri að aðlaga skattkerfi okkar staðgreiðslukerfinu á þann hátt, að staðgreiðslukerfið gæti sem bezt notið sín. Það mundi kosta mjög veigamiklar breytingar á skattkerfi okkar, en ég held, að það sé a. m. k. ómaksins vert að íhuga það rækilega, hvort ekki sé fært að gera þær breytingar, ef menn vilja fá fram þann vinning, sem staðgreiðslukerfið hefur í för með sér, því að sannleikur málsins er sá, að ég efast um, að staðgreiðslukerfið, miðað við það að breyta ekki nema tiltölulega litlu af okkar núverandi skattalöggjöf, hafi í för með sér þá kosti, sem menn hafa gert sér í hugarlund, að það hefði, a. m. k. miðað við þá annmarka, sem það hefur í för með sér í stórkostlega aukinni fyrirhöfn og tilkostnaði. Till. um þetta efni var ekki afgreidd endanlega hér á Alþ. í fyrra, og hygg ég, að ástæðan hafi verið sú, að menn vildu í rauninni gjarnan íhuga þetta mál betur og töldu, að skýrsla sú, sem lögð var fram af mþn. og var hið skilmerkilegasta og ágætasta plagg, hefði leitt í ljós, að málið væri ekki eins einfalt og menn hefðu kannske fyrr álitið. Hygg ég, að þetta hafi verið meginorsök þess, að sú hv. n., sem fékk till. til meðferðar, skilaði ekki endanlegri álitsgerð um hana, áður en þingi lauk.

Skoðun mín í þessu efni er óbreytt að því leyti, að ég tel nauðsynlegt, að áður en farið er að leggja í mikla vinnu við stefnumörkun í þessu efni, fáist viljayfirlýsing Alþ. um það, hvora leiðina þingið telur rétt að fara í þessu efni, sem ég hef hér vikið að. Og ég hef því lagt til, að Alþ. lýsi yfir vilja sínum í þessu efni og felst það í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir og er efnislega óbreytt frá því, er hún var flutt á síðasta þingi, þó að orðalagi hennar sé nokkuð vikið til. En ég tel það mjög æskilegt, að Alþ. taki nú málið til endanlegrar afgreiðslu, og er þá að sjálfsögðu skylt í framhaldi af því að undirbúa málið. Verði það ofan á að fara þá leið, sem mþn. leggur til, er þegar til mikill efniviður í þetta varðandi löggjöfina. Verði hins vegar ofan á að taka málið nýjum tökum með einhverjum hætti, þarf að skoða ýmis atriði

þess frá grunni, og getur það tekið lengri tíma. Það er rétt, að það komi fram.

Ég held, herra forseti, að ég hafi þá gert nokkurn veginn grein fyrir því, hvaða meginsjónarmið eru þess valdandi, að ekki er haldið áfram með málið, heldur óskað eftir viljayfirlýsingu Alþ. um það að nýju, og vona ég, að mér hafi tekizt að gera hv. þm. skiljanlegt, hvað fyrir mér vakir í því efni. Ég legg til, að till. verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. Framfærsluvísitala fyrir hvern kaupstað.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um sérstakan útreikning framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig [25. mál] (A. 25).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Efni þeirrar till., sem við flytjum hér þrír þm., hv. 9. landsk. þm., Bragi Sigurjónsson, hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, og ég, um sérstakan útreikning framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig miðar að því að fá leitt í ljós með traustum hætti, hvaða munur ríkir í hinum einstöku kaupstöðum landsins á vöruverði, þjónustu og aðstöðu, sem snertir framfærslukostnað. Ekki er víst, að allir séu sammála um, hvað teljast skuli til framfærslukostnaðar, og það er ekki hugmyndin með flutningi þessarar till., að Alþ. gerist dómari í því máli, enda höfum við flm. ekki ástæðu til að ætla þeim aðilum, sem nú meta hina ýmsu þætti vísitölunnar, kauplagsnefnd og Hagstofunni, að þeir vinni ekki eftir beztu samvizku að vísitöluútreikningunum. Því er hér gert ráð fyrir að halda öllum meginreglum vísitölureikningsins óbreyttum eins og við getur átt, en þar eð verðlag í Reykjavík er eingöngu lagt til grundvallar þeirri vísitölu, sem í gildi er fyrir allt landið, hlýtur margt að koma til greina auk hinna föstu vísitöluþátta, þeirra, sem nú gilda, þegar finna á vísitölu framfærslukostnaðar fyrir aðra kaupstaði eða landshluta. Eðlilegt má telja að leggja það á vald kauplagsnefndar og Hagstofunnar að meta, hverja þætti rétt sé að telja til framfærslukostnaðar utan höfuðborgarsvæðisins, sem ekki eru taldir með í núgildandi vísitölu. En benda má á, að aðstöðumunur er orðinn mikill í mörgum greinum á hinum ýmsu landssvæðum, og hefur það oft bein áhrif á framfærslukostnaðinn. Hér skal aðeins bent á fáein dæmi.

Telja má, að hvergi sé fullkomin læknisþjónusta á landinu utan höfuðborgarinnar, og knýr það margan manninn til kostnaðarsamra ferða heiman að til leitar að heilsubót. Í þeim tilvikum, sem nauðsynlegt er talið, að fólk leiti sér lækninga í önnur lönd, af því að viðeigandi læknishjálp er ekki fáanleg hérlendis, hefur nú verið ákveðið með lögum, að kostnaður slíkra ferða verði borinn uppi af opinberu fé. Virðist þá ekki fjarri lagi að telja hliðstæðan innlendan kostnað sem lið í almennum framfærslukostnaði.

Skólakerfi landsins, að því er tekur til hinna æðri skóla og æðsta skóla landsins, er að mestu byggt upp í höfuðborginni, og það kallar til sín fjölda fólks um langa vegu og oft um lengri tímabil.

Landsráðstefnur af mörgum gerðum eru oftast haldnar í Reykjavík, og stéttarfélög verða jafnan um þessar mundir að senda samningamenn sína til höfuðborgarinnar til samningsgerðar um kaup og kjör félaga sinna.

Af því, sem nefnt hefur verið, er augljóst, að nokkur ferðakostnaður til höfuðborgarsvæðisins er óhjákvæmilegur svo stórum hópi manna, sem fjarri býr þeim allsherjarbrennidepli, sem höfuðborgin er nú orðin samfélaginu öllu. Hann hlýtur því að teljast sem hluti af framfærslukostnaði.

Sérstaða einstakra kaupstaða kann að vera margs konar og í hinum einstöku tilvikum álitamál, hvort meta beri hana til áhrifa á framfærslukostnað og þá á hvern veg. En einn þátt vil ég benda á, sem vart er umdeilanlegt, að orkar á almennan lífsþarfakostnað á þann veg, að hann veldur kostnaðarauka. Það er sú sérstaða eins kaupstaðar að vera ekki í sambandi við þjóðvegakerfi landsins og koma ekki bílum sínum inn á það kerfi nema með kostnaði, sem nemur fúlgu fjár, hver einstök ferð, hvort heldur er heiman að eða heim. Þetta á við um Vestmannaeyjar og er ómótmælanlega eitt af því, sem veldur auknum kostnaði við að búa þar, og virðist eðlilegt, að sá kostnaðarmunur væri látinn hafa áhrif á vísitölu þess staðar.

Í þessari till. er gert ráð fyrir kaupstöðunum sem vísitölusvæðum. Auðvitað gætu önnur svæði komið til greina sem eins hentug vísitöluhéruð, en við allnákvæma athugun á stjórnarfarslegum einingum landsins kemur í ljós, að þeir eru einna næstir því að henta, og eru þeir hóflega margir í því tilliti. Lögsagnarumdæmin eru t. d. of mörg, en kjördæmin of ólík innbyrðis, sum hver a. m. k. Á hinn bóginn má telja nærri frágangssök að mynda nýja svæðaskiptingu eingöngu til þessara þarfa, skiptingu, sem ekki styddist við neina lögformlega skipan, sem fyrir er í landinu.

Ef til kæmi, að þær svæðavísitölur, sem hér ræðir um, yrðu þekktar, má telja líklegt, að þær yrðu notaðar sem viðmiðun við ákvörðun verðlagsuppbótar á kaup, þegar til kjarasamninga kemur, og yrði þá auðvitað að birta þær sem kaupgjaldsvísitölu á sama hátt og gert er nú um þá allsherjar kaupgjaldsvísitölu, sem í gildi er.

Á s. l. vori kom til margháttaðrar nýrrar kaupsamningagerðar, og framleiðslutruflanir urðu í sambandi við hana. Þetta er mönnum í fersku minni. Þjóðin á mikla hagsmuni undir því komna, að slíkir samningar geti gengið rösklega og sem átakaminnst. Til þess að svo megi verða, þarf að undirbúa samningsgerðina svo vel sem kostur er á. Upplýsingar þurfa að liggja fyrir um sem flesta þætti, sem máli geta skipt, og það má ekki ske, að þá fyrst sé farið að efna til hinnar sjálfsögðustu gagnaöflunar, þegar á eru skollin verkföll, sem kosta þjóðina milljónatugi á degi hverjum. Eitt af því, sem stundum tefur samninga, er það, að ekki er vitað um þá vísitölu framfærslukostnaðar, sem hér er farið fram á, að stjórnvöld sjái um, að tiltæk verði, þegar til á að taka. Ólíklegt er, að samningamenn víðs vegar utan af landi láti öllu lengur bjóða sér það að semja um verðlagsuppbót fyrir umbjóðendur sína eingöngu eftir framfærslukostnaði í Reykjavík. En í mörgum tilvikum vita þeir, að hann er allur annar en það fólk býr við, sem þeir eru að semja fyrir.

Herra forseti. Ég legg til, að á einhverju stigi þessarar umr. verði henni frestað og málinu þá vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Úrsögn úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna [36. mál] (A. 36).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Það eru nú 21 ár síðan ég tók fyrst sæti hér á hinu háa Alþingi, tiltölulega ungur maður. Fyrstu tvö þingin, sem ég sat á, var þátttaka mín í umr. einkum bundin málum, sem flokkur minn flutti til þess að vara við hættum, sem fylgdu þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Helztu hættuna sögðum við Sósíalistaflokksþingmenn vera þá, að hún, þátttakan í bandalaginu, mundi án efa áður en varði leiða til hersetu. Andstæðingar okkar kölluðu slíkt þvaður eitt. Herseta kæmi ekki til mála á friðartímum, og þeir vitnuðu til ákvæða í viðkomandi samningi þessari fullyrðingu til staðfestingar. Næstu tvö þingin, sem ég sat á í þetta sinn, tók ég helzt þátt í umr., sem flokkur minn hóf aftur og aftur til þess að benda á hættuna af þeirri hersetu, sem þá var orðin staðreynd þrátt fyrir fullyrðingu andstæðinga okkar. Og svona hefur þetta gengið síðan. Þing eftir þing hefur af hálfu Sósíalistaflokksins og síðan Alþýðubandalagsins verið haldið áfram þessari baráttu með till.-flutningi, fsp., með frv. og ræður fluttar svo margar, að ef allt yrði tekið saman, þá yrði án efa frekar að telja þær í hundruðum heldur en tugum. Og enn stendur þessi barátta. Enn liggur hér fyrir till. flutt af hálfu okkar Alþb.-manna um það, að Ísland losi sig við þær hættur og margvísleg skaðvænleg áhrif, sem fylgja þátttöku í hernaðarbandalaginu, og enn er ég hér staðinn upp til þess að fara nokkrum orðum um þessi mál, rúmum tveim tugum ára eldri en ég var, þegar ég gerði það fyrst og orðinn gráhærður maður. Hefur þá ekkert breytzt á öllum þessum tíma? Jú, víst hefur margt breytzt. Í hinum flokkunum t. a. m., þar sem fyrrum ríkti nærri eindregin andstaða gegn málflutningi okkar Alþb.-manna í þessum efnum, heyrast nú æ fleiri raddir, sem hafa uppi gagnrýni á þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og á hersetunni, meira og minna samhljóða gagnrýni okkar Alþb.-manna. Ungir framsóknarmenn hafa á þingum sínum samþ. ályktanir, þar sem þess er krafizt alveg vafningalaust, að herverndarsamningnum svo nefnda við Bandaríkin verði sagt upp og hernum vísað úr landi. Sama er að segja um unga Alþfl.-menn. Nú fyrir skömmu gerðu þeir t. a. m. samþykkt, þar sem þeir ítreka fyrri viljayfirlýsingar sínar um það, að herinn verði látinn fara, og lýsa um leið mjög skorinort yfir óánægju sinni vegna þess, hve seint gangi að koma þessu í framkvæmd. Og af hálfu beggja þessara flokka og raunar Sjálfstfl. líka hefur æ oftar að undanförnu verið rætt um það opinberlega, að nauðsynlegt sé, að Íslendingar endurskoði afstöðu sína til Atlantshafsbandalagsins, væntanlega þá með það fyrir augum að losa um tengsl þeirra við bandalagið. En það eru sem sé einkum hinir yngri menn í þessum flokkum, sem knýja á í þessum efnum. Ef einhverjir þeirra, t. a. m. ungir framsóknarmenn eða ungir Alþfl.-menn, ættu sæti hér á hinu háa Alþingi, þá er ekki að efa, að skelegglega yrði unnið af hálfu flokka þeirra að þeim málum, sem hér um ræðir. Þeir mundu án efa standa einarðir við hlið okkar Alþb.-manna í þessari baráttu og án allra fordóma, því að þeir eru, þessir ungu menn, hamingjunni sé lof, lausir við þá fordóma og aðra kvilla, sem svo mjög hafa þjakað hina eldri stjórnmálamenn í samskiptum milli flokkanna. En því miður, þetta er ekki ungra manna þing. Þetta er þing hinna rosknu, þeirra, sem eru farnir að grána. Og er sá ágalli, því skal ekki neitað, sameiginlegur að því er varðar alla flokkana. En þeir, sem hér eiga sæti, þó að þeir séu teknir að eldast, eru þó fulltrúar jafnt þeirra yngri sem annarra í flokkum sínum, og það verður að teljast lýðræðisleg skylda þeirra að gera opinberlega grein fyrir afstöðu sinni til vilja hinna ungu. Ég beini þessu sérstaklega til hv. þm. Alþfl. og Framsfl., og mikið væri nú ánægjulegt að sjá fleiri slíka hér inni í salnum og þá ekki hvað sízt flokksformennina. Vilja þessir hv. þm. framfylgja kröfum þeim, sem gerðar hafa verið í

flokkum þeirra, um það t. a. m., að hinn bandaríski her verði látinn hverfa af landinu? Ef svo er, þá ætti það ekki að vefjast fyrir þeim að samþykkja a. m. k. úr till. þessari þann hlutann, sem að þessu lýtur.

Ég sagði áðan, að ræður þær af hálfu þm. Alþb. og áður Sósíalistaflokksins, sem hafa verið fluttar til rökstuðnings þeim atriðum, sem till. þessi felur í sér, yrðu sennilega frekar taldar í hundruðum heldur en tugum. Ég sé því ekki ástæðu til þess að bæta hér langri ræðu við allt það mál. En ég vil leggja sérstaka áherzlu á tvö til þrjú atriði.

Það ofstæki og sú tortryggni milli austurs og vesturs, sem í upphafi skóp jarðveginn fyrir Atlantshafsbandalagið, hefur farið hraðminnkandi á undanförnum árum. Og sturlunin mikla, McCarthy-ismi í vestri, Stalinismi í austri, er nú löngu liðin tíð. Stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins, bæði hér á landi og annars staðar, kölluðu stofnun þess óhjákvæmilega öryggisráðstöfun vegna ástandsins, en við sósíalistar héldum því fram, að hún mundi auka ofstækið, magna sturlunina og tefja fyrir því, að heimurinn læknaðist af þessum ósköpum. Stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins héldu því fram þá og halda því fram margir enn þann dag í dag, að tilgangur þess væri að öllu leyti hinn göfugasti, enda helgaðist hann af margrómuðum friðarvilja Bandaríkjanna. Við hinir þykjumst geta bent á fjölmörg dæmi um haldleysi þeirrar kenningar, þ. á m. hinn sérstæða friðarvilja, sem Bandaríkin hafa sýnt með framferði sínu í Suðaustur-Asíu. Við höldum því einnig fram, að Varsjárbandalagið, sem til varð sem bein afleiðing af stofnun NATO, hafi torveldað alla þróun í frelsisátt fyrir austan járntjald og tryggt Sovétríkjunum aðstöðu til þess að sitja yfir hlut annarra þjóða þar og jafnvel beita þær vopnuðu ofbeldi eins og sýndi sig t. a. m. í hinni svívirðilegu innrás þeirra í Tékkóslóvakíu. Þá innrás þóttust Sovétríkin beinlínis geta réttlætt með því, að Tékkóslóvakía væri bandalagsríki þeirra. Um þetta getum við auðvitað lengi deilt enn, tildrög Atlantshafsbandalagsins og afleiðingar þess fyrir ástandið í heiminum, fyrir þjóðir í austri og vestri, fyrir mannkynið allt. Vandséð er þó, hvaða tilgangi slíkt gæti þjónað. Það eru viðhorf dagsins í dag, sem skipta máli. Í stað ofstækis milli austurs og vesturs hefur komið vaxandi skilningur á nauðsyn aukinna samskipta. Mestu áhrifamenn bæði í austri og vestri leggja æ meiri áherzlu á, að slík vinsamleg samskipti séu hin eina raunhæfa trygging friðarins. Boðskapurinn um vopnavald og það jafnvægi, sem á því eigi að byggjast, á sér æ færri formælendur. Og jafnframt þessu þokast æ meir í átt til lausnar á ýmsum mestu vandamálunum, sérstaklega þeim, sem snerta Evrópu. Þýzkalands-vandamálið, sem í upphafi og löngum síðar var helzta orsök tortryggninnar milli austurs og vesturs, virðist nú t. a. m. óðum nálgast lausn, sem báðir aðilar muni sætta sig við. Jafnframt þessum breytingum breytast einnig viðhorfin til hernaðarbandalaga og þess skefjalausa vígbúnaðar, sem þau hafa haft í för með sér. Það má skjóta því hér inn í, að samkv. nýbirtri skýrslu Svíans Gunnars Myrdals eiga nú risaveldin kjarnorkuvopnabirgðir, sem að sprengimætti samsvara 15 þús. tonnum, — það eru ekki kg, heldur tonn — 15 þús. tonnum af TNT á hvert mannsbarn á jörðinni. En hitt er sem kunnugt er einnig staðreynd, að meira en helmingur, ef ekki ⅔ þessara mannsbarna, býr við stöðugt hungur og næringarleysi. Ef einhver skyldi telja þetta nauðsynlegt vegna valdajafnvægisins í heiminum, þá má bæta við þeirri staðhæfingu, sem Myrdal byggir á rannsóknum sínum, að hversu mjög sem risaveldin drægju úr vígbúnaði sínum, þá eigi það óralangt í land, að það geti haft í för með sér nokkra minnstu röskun varðandi þetta margumtalaða valdajafnvægi.

En víkjum aftur að okkur Íslendingum sérstaklega. Er ekki kominn tími til, að við förum að átta okkur á hinum breyttu aðstæðum? Er ekki kominn tími til, að við förum að endurskoða afstöðu okkar til Atlantshafsbandalagsins, svo sem nú er víða gert í aðildarríkjum þess? Er ekki kominn tími til, að við förum á alþjóðavettvangi að stuðla að þeirri þróun til friðar og samkomulags, sem nú á sér stað, en hristum af okkur það slen, sem fylgt hefur þátttöku okkar í NATO?

Og hvað um hersetuna? Ég bið hv. þm. Framsfl. og Alþfl. enn að leggja sérstaklega við eyrun. Margir helztu forustumenn þeirra flokka, sem fylgt hafa þátttöku okkar í NATO, hafa hvað eftir annað lýst yfir, að herinn ætti að fara strax og aðstæður leyfðu, strax og nógu friðvænlega horfði í þessum heimshluta. Því væri ekki úr vegi að spyrja hér að lokum: Hvað segja þessir menn um aðstæðurnar núna? Eru þær friðvænlegar? Og ef ekki, hvers vegna þá? Og hverjar þyrftu þær aðstæður að vera, sem þessir menn teldu nógu friðvænlegar til þess, að við gætum losað okkur við herinn?

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði, þegar þar að kemur, frestað og till. vísað til utanrmn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vil segja af þessu tilefni. Ræða hv. flm., hv. 4. landsk. þm., snerist að verulegu leyti um það að skipta þm. í tvo hópa. Það voru gamlir menn og ungir menn. Hann minnti á, að þeir yngri væru nærri flm. í skoðunum í þessu máli, en hinir gömlu á móti. Og hann minnti sérstaklega á samþykktir ungra manna, ungra framsóknarmanna, ungra jafnaðarmanna, jafnvel fleiri, að þeir hefðu gert góðar samþykktir um það, að það bæri að vísa hernum úr landi. Ég vil ekki sætta mig við þessa skiptingu hjá hv. þm. Ég er nefnilega elzti þm. á þingi og búinn að vera það nokkur ár, og ég get undir eins í dag greitt atkv. með því, að hernum sé vísað úr landi, og þessarar skoðunar hef ég verið alla tíð síðan herinn kom til landsins. Ég mótmæli því algerlega þessari flokkun hjá hv. þm.

Um till. að öðru leyti ætla ég ekki að ræða að þessu sinni, enda tel ég mig ekki þurfa þess. Ég býst við, að þm. yfirleitt viti mínar skoðanir í þessu máli. En ég efast mjög um það, að allir ungir menn í flokkunum séu sömu skoðunar og hann og ég, hvað snertir hersetu á Íslandi. Því miður er ég hræddur um, að allmikill hluti ungra manna sé rétt eins og sumir hinna eldri og sætti sig vel við hersetuna, jafnvel áframhaldandi um ófyrirsjáanlegan tíma. Ég stóð upp til þess eins að ítreka þessa skoðun mína og minna hv. þm. á, að hann flokki ekki menn í unga og gamla í þessu máli.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Mér þykir leitt, að ég skuli hafa valdið réttlátri gremju í hjarta þessa ágæta þm., en þegar hann segir, að ég hafi skipt þm. í tvo flokka, unga og gamla, þá er um að ræða algeran

misskilning, því að ég gerði þar engan greinarmun á. Ég komst þannig að orði, að þetta væri þing hinna rosknu, þeirra, sem væru farnir að grána.

Mér hefur lengi verið kunnugt um afstöðu þessa hv. þm. í herstöðvamálinu og varðandi aðild okkar að NATO, enda höfum við barizt í því máli hlið við hlið, meira þó utan þings heldur en innan, að vísu. En ég vil enn biðjast afsökunar á því að hafa ekki orðað þessa hluti það skýrt, að hann þyrfti ekki að reiðast. Ég tel ekki, að í ræðu minni hafi neitt það komið fram, sem hafi gefið tilefni til þess. Ég vil reyndar nota þetta tækifæri til þess að þakka þessum hv. þm. fyrir ágæta samvinnu í þessu máli. En ég vek athygli á því, að sá, sem stendur hér upp af hálfu framsóknarmanna, er hinn elzti þeirra. Og ég leyfi mér hér undir lokin að lýsa eftir skoðunum þeirra, sem yngri eru.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. utanrmn., á þskj. 833, var útbýtt 5. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Siglingar milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um daglegar siglingar milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og nýtt skip til að annast þær [40. mál] (A. 40).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 40 flutt till. til þál. um, að Alþ. skori á ríkisstj. að hlutast til um, að Skipaútgerð ríkisins taki upp daglegar áætlunarferðir með vörur og farþega milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og jafnframt verði undirbúin smíði skips, sem væri sérstaklega gert til þess að sinna þessu verkefni á sem hagkvæmastan hátt og veita sem bezta þjónustu.

Samgöngur milli Vestmannaeyja og lands hafa nú um hríð verið ófullnægjandi og ótryggar, enda fara þær kröfur, sem landsmenn gera til góðra samgangna, sífellt vaxandi. Skipaútgerð ríkisins heldur uppi ferðum til Vestmannaeyja frá Reykjavík, sem hafa undanfarið verið með þeim hætti, að strandferðaskipið Herjólfur hefur farið nokkuð reglulega tvær ferðir í viku milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og öðru hverju á sumrin milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Flugfélag Íslands hefur reglulegar áætlunarferðir til Vestmannaeyja frá Reykjavík, en veðurskilyrði til þessa flugs eru oft mjög erfið, og á árinu 1969 féllu niður ferðir sökum veðurs í 89 daga á árinu. Þeir dagar voru oft æði margir í röð, og það má nærri geta, hverjum erfiðleikum það getur valdið, þegar margir dagar líða á milli skipaferða og flugferðir falla niður til svo fjölmenns byggðarlags í marga daga í röð. Einnig hafa skipasamgöngur öðru hverju truflazt um nokkurn tíma vegna viðgerða á skipum eða á annan hátt, m. a. nú nýlega í sambandi við það, þegar skipin stöðvuðust vegna deilu við yfirmenn, en nútíma atvinnulíf krefst örra og traustra samgangna, og nútímafólk vill geta komizt ferða sinna og þarf að geta komizt ferða sinna án óvæntra tafa.

Það er á sjötta þús. manns, sem búa í Vestmannaeyjum, og margir fleiri, sem eiga erindi þangað. Vestmanneyingar starfa við útflutningsframleiðslu fyrst og fremst, enda leggja þeir til hennar drýgri skerf en margir aðrir, en sækja aftur á móti flesta aðdrætti sína til annarra landshluta. Eyjabúar yfirleitt eru að sjálfsögðu háðari skipulögðum ferðum en aðrir, og það leggur að sjálfsögðu þjóðfélaginu, okkur, sem annars staðar búum, skyldur á herðar gagnvart þeim. Viðskipti Vestmanneyinga við Skipaútgerð ríkisins hafa um langt skeið verið bæði mikil og góð, þannig að Skipaútgerðin ætti að finna til nokkurra skyldna gagnvart þeim. Ég dreg þessa ályktun ekki eingöngu af því, að það skip, sem einkum hefur verið í Vestmannaeyjasiglingum hefur haft betri afkomu en önnur strandferðaskip yfirleitt, heldur dreg ég hana fyrst og fremst af flutningaskýrslum Skipaútgerðar ríkisins, sem fyrir liggja. Samkv. þeim er flutt meira vörumagn til Vestmannaeyja en til nokkurrar annarrar hafnar og meira vörumagn frá Vestmannaeyjum en frá nokkurri annarri höfn nema Reykjavík. Á árinu 1969, og það er ekki mjög mikið öðruvísi en önnur ár í því sambandi, voru fleiri farþegar fluttir af Skipaútgerðinni til og frá Vestmannaeyjum en til og frá nokkurri annarri höfn, þ. á m. Reykjavík. Þegar fleiri fara með skipum Skipaútgerðar ríkisins frá Vestmannaeyjum heldur en koma í allt til Reykjavíkur, þá á það einmitt sína skýringu í því, hvað margir Vestmanneyingar hafa notað sér þær ekki svo mjög mörgu ferðir, sem eru frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar, og aðrir, sem erindi eiga til Eyja, nota sér þessar ferðir, og þær hafa verið mjög vinsælar. Þær tölur, sem ég hef um þetta, eru þær, að á árinu 1969 fluttu skip Skipaútgerðarinnar 5717 tonn til Vestmannaeyja. Næstmest fluttu þau til Reykjavíkur, 5044 tonn, næst komu svo flutningar til Hornafjarðar og Ísafjarðar, töluvert miklu minna. Aftur var langmest vörumagn flutt frá Reykjavík, 17 þús. tonn, en næst koma Vestmannaeyjar. Þaðan eru flutt 1400—1500 tonn, og síðan kemur Hornafjörður og aðrar hafnir. Í Vestmannaeyjum gengu á þessu ári 3777 farþegar á skip Skipaútgerðarinnar, en í Reykjavík komu á skipsfjöl 2943 farþegar, og þar á eftir kemur svo Þorlákshöfn með rúmlega 1000 farþega, sem þar ganga á skip. En af skipum Skipaútgerðarinnar fara flestir farþegar í Vestmannaeyjum, 2727, næstflestir í Þorlákshöfn, 2419, og í Reykjavík 2408. Þær tölur, sem birtar eru um aðra staði, eru lægri. Er þetta mjög athyglisvert og sýnir, hve ríkur þáttur flutningar til og frá Vestmannaeyjum eru í starfsemi Skipaútgerðar ríkisins.

Nú síðustu árin hefur skapazt ný flutningaþörf í sambandi við Eyjar, en það eru bifreiðar ferðafólks og

þá fyrst og fremst Vestmanneyinga, sem vilja ferðast um landið. Um s. l. áramót voru 600 bifreiðar í Vestmannaeyjum, þar af 488 fólksflutningabifreiðar minni en sjö farþega, en gera má ráð fyrir, að langflestar þeirra séu einkabifreiðar og eigendur þeirra hafi fullan hug á því að ferðast um landið með fjölskyldur sínar eins og aðrir landsmenn, enda eiga þeir sanngirniskröfu á því, að þeim sé auðveldaður aðgangur að þjóðvegakerfinu, því að þeir greiða til þess skatta og skyldur eins og landsmenn yfirleitt og bifreiðaeigendurnir sérstaklega.

Það hníga margvísleg rök að því, að Þorlákshöfn sé sá staður í landi, sem eðlilegast sé, að siglingar til Eyja séu stundaðar frá. Það er fyrst að nefna það, að það er sú höfn í landi, sem næst er Vestmannaeyjum. Þar í milli er 3½ klst. sigling með þeim skipum, sem nú er um að ræða, en það er 10 stunda sigling milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur er svo rúmlega klukkustundar akstur, og það gefur auga leið, hversu miklu þægilegri sú ferð er farþegum en sigling fyrir Reykjanes. Þá ber einnig að minna á það, að mjög mikið af aðdráttum Vestmanneyinga kemur einmitt úr sveitunum austanfjalls, þ. á m. mjólkin og annað nýmeti, og það eru einmitt þær vörur, sem verst þola tímafreka flutninga og mest ríður á, að séu fluttar reglulega.

Auðvitað kemur mikið af þeim vörum, sem til Vestmannaeyja fara, úr Reykjavík, þ. á m. mikið af innfluttum vörum, sem þar er skipað upp úr millilandaskipum. Þangað fer einnig mikið af þeim vörum, sem Vestmanneyingar senda frá sér. Í sambandi við þetta verður auðvitað að taka upp eðlilega flutninga í sambandi við áætlunarferðirnar frá Þorlákshöfn milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar, en þar kemur einnig til athugunar, að hve miklu leyti er hagkvæmt og rétt að láta vöruflutningaskipin nýju, sem sigla austur um, koma við í Vestmannaeyjum líka vegna þessara flutninga.

Það var vissulega mikil samgöngubót, þegar Herjólfur kom til sögunnar fyrir meira en áratug. Nú síðustu árin hefur hann verið tekinn nokkru meira úr Vestmannaeyjasiglingum en áður var til annarra þarfa, en þegar nýju vöruflutningaskipin eru bæði komin í notkun, má gera ráð fyrir því, að Herjólfur geti aftur sinnt Vestmannaeyjasiglingum í ríkari mæli, en væntanlega yrði það þó aðeins til bráðabirgða, því að flutningaþarfirnar eru breyttar. Þess er varla að vænta, að Herjólfur anni þeim á hagkvæman hátt, sízt þegar hann á að gera það á nýrri siglingaleið, sem hann var ekki miðaður við í upphafi, og því verður að gera ráð fyrir því, að nýtt skip þurfi að smíða, sem verður miðað við að sinna þessu verkefni á sem hagfelldastan hátt. Eftir að Þorlákshöfn er komin og þær framkvæmdir orðnar þar, sem raun ber vitni og lokið var við nú fyrir nokkrum árum, þá verður að teljast, að hún sé nægilega örugg höfn til þess, að þaðan séu svona áætlunarsiglingar, sem hér er gert ráð fyrir. Þó að þessar siglingar séu að sjálfsögðu fyrst og fremst miðaðar við það að vera samgöngubót fyrir Vestmanneyinga og aðra, sem þangað eiga erindi, þá liggur það í augum uppi, að þau umsvif og athafnir, sem þetta hefði í för með sér í Þorlákshöfn, yrði einnig lyftistöng fyrir þann stað, og ástæða er til þess að stuðla að því.

Ég vil svo geta þess, sem ég hefði kannske átt að geta í upphafi máls míns, að sú hugmynd, sem hér er hreyft í þessari till., er ekki ný af nálinni, eins og þm. sjálfsagt vita. Það mun hafa verið strax á kjörtímabilinu 1959—1963, síðari hluta þess, sem þm. Alþb. og Framsfl. úr Suðurlandskjördæmi fluttu frv. til l. um það, að byggt yrði skip sérstaklega fyrir þessar siglingar, og sú till. hefur verið tekin upp oftar en einu sinni síðan, ýmist í frv.-formi eða í sambandi við fjárlög, en þegar ég hef kosið að flytja till. nú í þessu formi, þá er það vegna þess, að ég vil leggja aðaláherzluna á það, að þessar siglingar verði teknar upp og jafnframt verði svo undirbúin smíði skips, en ekki hitt, að byrjað sé að smíða skipið og síðan beðið með siglingarnar, þangað til það væri tilbúið. Enda vænti ég þess, að þegar skipakostur batnar hjá Skipaútgerð ríkisins, sem nú er að gerast um þessar mundir, þá verði hægt að láta Herjólf sinna þessum ferðum, þar til öðruvísi úr rætist.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari till. verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er um að ræða, er um það að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að Skipaútgerð ríkisins taki upp daglegar áætlunarferðir með vörur og farþega milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Það er út af fyrir sig ágætt að vekja athygli á þörfinni á því að bæta samgöngur við Vestmannaeyjar. En ef hv. þm. hefði rætt við mig eða forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, þá hefði hann nú strax fengið upplýsingar um það, að einmitt þetta mál er í sérstakri athugun hjá Skipaútgerðinni núna, einmitt vegna þess, að skipakostur Skipaútgerðar ríkisins batnar á næsta vetri og þá fæst möguleiki til þess að bæta úr samgöngunum frá því, sem verið hefur. Vestmanneyingar vilja helzt ráða Herjólfi. Þeim finnst nú alltaf svona eins og þetta skip sé þeirra skip. Það er rétt, sem hv. flm. minntist hér á áðan, að Herjólfur hefur ekki verið látinn þjóna Vestmanneyingum eingöngu, og það er vegna þess, að skipakosturinn hefur ekki verið nægilega mikill, sem Skipaútgerðin hefur haft yfir að ráða. Nú breytist þetta til batnaðar, þegar tvö ný vöruflutningaskip, miklu hentugri en áður, verða komin í þjónustu landsmanna. Þá er útlit fyrir, að Herjólfur gæti þjónað Vestmanneyingum eingöngu.

Það er vitanlega í athugun hjá Skipaútgerð ríkisins, með hverjum hætti verður hægt að þjóna hagsmunum fólksins á ströndinni, eftir að nýju skipin eru bæði komin í notkun, og þetta, hvort fært er að láta Herjólf vera eingöngu fyrir Vestmannaeyjar, eins og upphaflega var nú jafnvel áætlað, þegar þetta skip var byggt. Herjólfur hefur verið tekinn í Hornafjarðarflutninga aðra hverja viku, og það hefur dregið úr og spillt fyrir samgöngum við Vestmannaeyjar að nokkru leyti. En þegar hin skipin eru bæði komin, er alveg óvíst, hvort það gerist þörf á því að láta Herjólf fara til Hornafjarðar. Þá verða vikulegar ferðir til Hornafjarðar með öðru hvoru þessara nýju skipa, og samgöngurnar batna mjög, auk þess sem það er til athugunar, hvaða annar skipakostur verður fyrir hendi hjá Skipaútgerðinni til þess að fullnægja þessari þörf. Allir vilja vitanlega fá bættar samgöngur og sem bezta þjónustu hjá Skipaútgerðinni, og það er vitanlega hlutverk hennar að gera

allt, sem unnt er, til þess að uppfylla þessar óskir, sem eru sanngjarnar.

Ég get tekið undir flestallt, sem sagt er í grg. fyrir þessari till. um nauðsynina á því að bæta samgöngurnar á milli lands og Vestmannaeyja. Og vissulega er það rétt, að það er styttst að fara til Þorlákshafnar frá Vestmannaeyjum. Hvort það er heppilegt að gera ferðaáætlun um það, að þangað fari skipið á hverjum degi allan ársins hring, það er eftir að athuga. M. a. það, hvort höfnin sé þá nógu góð til þess, að það geti verið á hverjum degi yfir vetrarmánuðina. En það er mál út af fyrir sig. Það breytir ekki því, að það er eðlilegt og sjálfsagt, að þetta geti átt sér stað þann tíma ársins a. m. k., sem talið er, að heppilegt sé að leggja skipi í Þorlákshöfn og byggja áætlun á því, að það verði á hverjum degi.

Það hefur farið mjög í vöxt, að fólk fari á milli frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar. Sérstaklega var það á s. l. sumri. Það hefur aldrei verið meira en á s. l. sumri. Og það var m. a. vegna þess, að flutningsgjöld á bifreiðum voru lækkuð verulega á s. l. vori. Í sumar treysti fólk sér frekar til þess að flytja bílinn með sér heldur en áður, af því að það kostaði minna. Og það er eðlilegt, að þeir, sem búa úti í Vestmannaeyjum, vilji fara með bifreiðarnar með sér og fjölskylduna til landsins og nota sitt sumarleyfi með því að ferðast á eigin farartæki með sinni fjölskyldu um landið. Þetta þurfa Vestmanneyingar að geta gert, og þeir notuðu sér það í ríkara mæli í sumar en nokkru sinni fyrr, vegna þess að það kostaði minna í sumar að koma bifreiðinni á milli en áður hafði verið. Og það var líka sanngjarnt að láta það kosta minna, ekki sízt vegna þess, að hallinn á Herjólfi hefur verið mun minni en á öðrum strandferðaskipum og flutningar milli lands og Eyja eru verulegir og þessi hópur manna, á sjötta þúsund, sem lifir í Vestmannaeyjum, leggur mikið til þjóðarbúsins og á það skilið, að eftir því sé tekið og stuðningur sé veittur þessu byggðarlagi, sem réttlátur og nauðsynlegur er.

Það hefur batnað mikið með samgöngur í Vestmannaeyjum undanfarið við það, að þverbrautin er komin á flugvöllinn, sem þó þarf að lengja og verður lokið við að lengja sennilega í vetur. Það verk hefur verið boðið út, það er að taka úr Sæfellinu, gera aðflugið auðveldara og öruggara, jafnvel í stormi, en verið hefur og lengja þverbrautina um 300 metra. Við það batnar öll aðstaða við flugið. Ég skal ekki fullyrða um það, hversu mikið flugdögunum getur fjölgað, en eitthvað gæti þeim fjölgað við það. En hvað sem því líður, hvað góður sem flugvöllurinn verður í Vestmannaeyjum, þá dugar flugið ekki eitt út af fyrir sig. Það skapar þægindi, það skapar aukið öryggi, en það hljóta alltaf að koma dagar og jafnvel margir dagar á ári, sem ekki verður hægt að fljúga. Og þungavöruflutninga er ekki hægt að hafa að verulegu marki í lofti. Það verður því að hafa skip, sem gengur frá Vestmannaeyjum og til Þorlákshafnar og jafnvel stundum til Reykjavíkur. Ég geri ráð fyrir því, ef menn setjast nú niður og fara að reikna það út, hvort eigi að flytja þungavöruna frá Reykjavík landveg til Þorlákshafnar og koma henni þar í þetta svo kallaða Vestmannaeyjaskip, þá verði niðurstaðan sú, að hin vöruflutningaskipin eigi að koma við í Vestmannaeyjum, þegar þau sigla þar fram hjá, og það sé heppilegt, að þau taki vörur í Reykjavík samhliða þeim ferðum. Með þessu verða ferðirnar fleiri, og með því verður hagsmunum fólksins þjónað betur.

Það er óþarfi að fara mörgum orðum um þessa till. Seinni hluti hennar er þannig, að það verði undirbúin smíði skips, sem væri sérstaklega gert til þess að sinna þessu verkefni, þ. e. að fara milli lands og Eyja, og það veiti sem bezta þjónustu á sem hagkvæmastan hátt. Það er náttúrlega vissulega eðlilegt, að það verði athugað með smíði nýs skips, en það, sem fyrst á að gera, er að ígrunda það, hvernig fyrirkomulagið á að vera á strandferðunum yfirleitt og hvernig eigi að haga áætlunum á milli lands og Eyja. Ég geri ráð fyrir því, að Herjólfur, ef Vestmanneyingar fá hann til eigin umráða, geti dugað nú fyrstu árin, ekki kannske mörg. En það má segja, að það taki nokkurn tíma að smíða nýtt skip og undirbúa það, og það er síður en svo, að það sé ekki tímabært að tala um þetta nú og hugsa um það.

Það er rétt, sem hefur verið sagt, að þetta mál er ekki nýtt. Þetta mál hefur áður verið rætt hér í hv. Alþ., og það hefur oft verið rætt í Vestmannaeyjum, bæði í bæjarstjórninni og á fundum þar. Og þetta mál hefur verið rætt á fundum, sem ég hef verið staddur á í Vestmannaeyjum, ekki endilega framboðsfundum, heldur öðrum fundum, þannig að málið er vissulega á dagskrá, og Vestmanneyingar spyrja um það, hvenær þeir geti fengið hentugt skip til flutninga. Herjólfur er ekki hentugur til bifreiðaflutninga. Hann getur ekki tekið marga bíla. En forstjóri Skipaútgerðarinnar hafði orð á því við mig einu sinni í haust, að nú væri gott að flytja bíla frá Vestmannaeyjum með Heklu og nýju Esju, því að nú sé pláss. Vestmanneyingar vilja vitanlega fara þá leiðina, sem stytzt er. Þeir vilja vitanlega heldur aðeins vera 3½ tíma á sjó en 10 tíma, a. m. k. ef það er vont í sjóinn og ef menn eru sjóveikir. En það er óhentugt að senda bílinn til Reykjavíkur, ef fólkið eða fjölskyldan fer til Þorlákshafnar, þannig að þetta er nú allt saman nokkuð flókið og þarf að gera sér grein fyrir því, hvernig þessu verður bezt fyrir komið.

Herra forseti, ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að þetta mál er á dagskrá og í athugun hjá Skipaútgerð ríkisins og að forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur sérstaklega rætt það við mig, hvernig þessum málum verði bezt fyrir komið, þegar nýja Esja kemur í gagnið, sem vonazt er til að verði í febrúarmánuði n. k.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, gæfi vissulega tilefni til almennra umr. um samgöngumál Vestmannaeyja, því að þau hafa frá fyrstu tíð valdið Vestmanneyingum nokkrum erfiðleikum og verið þar mjög á dagskrá. Ég mun þó ekki fara út í það, heldur halda mig við efni till. Ég skal þó geta þess, að þó að ekki séu nema rúmlega 5 þús. manns búsettir í Vestmannaeyjum, þá hafa á undanförnum árum rúmlega 30 þús. farþegar verið fluttir flugleiðis og með skipum á milli lands og Eyja eða rösklega sexföld íbúatala byggðarlagsins. Þetta sýnir, að samgönguþörf er þarna kannske enn frekar fyrir hendi en íbúatala bæjarins gefur tilefni til.

Daglegar ferðir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja hafa mjög verið á dagskrá heima í héraði nú að undanförnu. Á síðasta hausti eða fyrri part vetrar var

gerð um þær ákveðin ályktun í bæjarstjórn Vestmannaeyja, sem ég hygg, að hafi verið send réttum stjórnvöldum, enda kom það fram hjá hæstv. samgrh., að þetta mál væri í athugun í rn. og hjá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Í sambandi við daglegar samgöngur milli Þorlákshafnar og Eyja með því skipi, sem nú gengur mest á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, verður að hafa það í huga, að á rekstri þess yrðu allverulegar breytingar og sérstaklega í sambandi við vöruflutninga. Vestmanneyingar gera sér það vel ljóst, að á því er nokkur annmarki að taka upp vöruflutninga frá Reykjavík um Þorlákshöfn til Vestmannaeyja og það geti leitt til hærri flutningsgjalda en þó eru með Ríkisskip, eins og gjaldskrá þess er í dag, sem öllum þykir þó sennilega nægilega há. Það atriði er einnig í athugun, hvernig þessu yrði bezt við komið og hver kostnaður mundi af því verða. Sú breyting hefur orðið á vöruflutningum, aðallega stykkjavörum, nú að undanförnu, að farið er að flytja þetta í kössum eða svo kölluðum gámum, og mundi ekki á annan hátt verða komið við flutningum á smærri stykkjavöru frá Reykjavík um Þorlákshöfn til Eyja en með slíkum hætti. Það fer mjög eftir því, hvaða samningar tækjust á flutningi þessara vörukassa frá Reykjavík til Þorlákshafnar, hvert flutningsgjaldið yrði. Á flutningunum yrði að vísu ekki mikil breyting. Nú er varan flutt úr pakkhúsi og niður í skip og þar sett í þessa kassa. Í stað þess þyrfti að setja í kassana uppi í pakkhúsi og flytja þá síðan þriggja kortera eða klukkutíma leið á bifreiðum til Þorlákshafnar. Útskipun þar hlyti að verða ódýr miðað við þá uppskipunartaxta, sem nú eru, þar sem ekki væri um annað að ræða en taka þessa kassa í heilu lagi um borð, og þá yrði uppskipun í Eyjum einnig að því leyti ódýrari, að þetta er miklu handhægara viðfangs með þeim tækjum, sem nú eru, heldur en ef þarf að handleika hvert einasta stykki og umstafla því upp á trillur eða bíla eins og áður var gert. Ég er því ekki tilbúinn að samþykkja það enn þá, að það megi ekki flytja smærri stykkjavörur — með útbúnaði eins og nú er farið að nota og hlyti að verða notaður í þessu tilfelli — fyrir sama gjald eða ekki hærra gjald en nú á sér stað hjá Ríkisskip samkv. gildandi töxtum.

Það er rétt, sem kom hér fram hjá hv. flm. till., að á undanförnum árum hafa vöruflutningar frá Reykjavík til Eyja numið um 6 þús. tonnum, stundum aðeins minna og stundum aðeins meira. En það er ekki öll sagan sögð þar, því að það er farið að flytja vörur með flugvélum, sérstaklega hinar viðkvæmari vörur, til Eyja í miklu stærri stíl en ég hygg, að menn almennt geri sér grein fyrir. Má t. d. geta þess, að samningar hafa tekizt við ölgerðirnar um, að allt öl og tómar umbúðir frá þeim sé flutt flugleiðis milli Eyja og Reykjavíkur. Á sínum tíma voru slíkar vörur einnig fluttar milli Akureyrar og Eyja. Ef um daglegar ferðir milli Þorlákshafnar og Eyja yrði að ræða, þá er ég sannfærður um það, að þá mundu einnig vöruflutningar aukast með skipinu frá því, sem nú er, ef hægt væri að koma því þannig fyrir, að það þyrfti ekki að verða dýrara en er nú í dag.

Farþegaflutningar voru fyrst til að byrja með mjög miklir með Herjólfi. Farþegatala komst yfir 10 þús. á ári, en hefur lækkað nú hin síðari ár. Vegna bættra flugsamgangna hefur fólk frekar kosið að ferðast með flugvélum, þó að það sé nokkru dýrara en að ferðast með Herjólfi. Ef komið yrði á daglegum ferðum milli Þorlákshafnar og Eyja, eins og Vestmanneyingar stefna mjög að og telja reyndar ekki annað koma til greina í framtíðinni, þá hygg ég, að farþegatala mundi aukast mjög verulega með skipinu eða því skipi, sem gengi á milli. Vestmanneyingar tala um það svona í heldur léttari tón, að aldrei hafi verið betri samgöngur milli Vestmannaeyja og fastalandsins, eins og við köllum það, en í verkföllunum í vor, þann mánaðartíma, sem þau stóðu. Þá fékk Herjólfur undanþágu til að flytja fólk þessa leið og fór þá daglegar ferðir. Þetta var ákaflega vel séð í Eyjum og sannfærði Vestmanneyinga um, að þetta væri það, sem hlyti að koma í framtíðinni, hlyti að verða sú samgönguleið, sem þeir kæmu til með að nota, bæði, að því er ég hygg, til farþega- og vöruflutninga.

Heimamenn hafa ávallt verið mjög vakandi fyrir þeim möguleikum, sem til eru til flutninga milli lands og Eyja. Þeir gera sér fulla grein fyrir hinum erfiðu aðstæðum í sambandi við þá, en hafa þó verið vakandi fyrir þeim. Vil ég benda á, að það var fyrir tilstilli þeirra á sínum tíma, að hér var gerð tilraun með farþegaflutninga með hinu svo kallaða svifskipi, sem hingað kom til lands og var hér til reynslu, ef ég man rétt, í einn mánuð og gekk hluta þess tíma milli lands og Eyja. Við bundum satt að segja nokkrar vonir við það, að farartæki af þessari gerð mundi leysa þá hlið málsins að flytja farþega og bifreiðar milli lands og Eyja hina styztu leið, en það er aðeins 10 mín. sigling með slíku farartæki upp í Landeyjasand gegnt Vestmannaeyjum. Því miður hefur sú þróun ekki orðið í byggingu þessara skipa, sem við vonuðum og höfðum ástæðu til á þeim tíma að vona, að mundi verða, eftir þeim upplýsingum, sem við þá fengum frá framleiðendum þessara farartækja. En það virðist sem einhver stöðnun hafi verið í því. A. m. k. hafa ekki enn þá verið uppi neinar ráðagerðir um að byggja skip af þeirri stærð, sem mundi henta til þessara flutninga. Það skip, sem hér kom og Íslendingar fengu að reyna, var of lítið til flutninga með bifreiðar. Það má segja, að það væri nægilega stórt til flutninga með farþega einvörðungu, en til flutninga með bifreiðar og farþega samtímis var það talið of lítið, og hygg ég, að flestir hafi verið sammála um það, sem athuguðu það mál og reyndu far með því skipi. Hins vegar sýndi það sig, að farartæki af þessari gerð mundi henta mjög vel við þær aðstæður, sem þarna eru, og alveg ótrúlega vel, jafnvel þó að um eitthvert brim væri að ræða við Landeyjasand. Það hittist þannig á, að logn og blíða var að heita mátti allan tímann, sem skipið var hér til reynslu, nema næstsíðasta daginn, sem það var hér, þá brimaði allt í einu verulega við sandinn, og var þá farin reynsluför á skipinu frá Eyjum upp í Landeyjasand. Sá árangur, sem fékkst af því, að þetta farartæki fór án nokkurrar hindrunar bæði gegnum brimgarðinn og upp í sandinn og út aftur, sannfærði okkur um það og gaf okkur vonir um, að þetta mundi í framtíðinni verða lausn á málinu að því leyti, sem við sáum fram á það, að það gæti fullnægt flutningi með farþega og bifreiðar. En eins og ég sagði, þá hefur því miður orðið stöðnun á framleiðslu farartækja þessarar gerðar af þeirri stærð, sem við mundum telja hentuga eða nægjanlega fyrir okkur.

Þá hefur einnig skapazt nýtt viðhorf, eins og fram kom í framsöguræðu hv. flm. till., í sambandi við bifreiðaeign Vestmanneyinga. Það munu vera orðnar þar um 500 fólksbifreiðar. Eigendur þessara farartækja óska að sjálfsögðu eftir því eins og aðrir að geta notað sitt helgarfrí og sitt sumarfrí til þess að komast á þjóðvegakerfi landsins með eins handhægu móti og á eins ódýran hátt og frekast er kostur á. Hæstv. samgrh. benti réttilega á það, að á s. l. sumri hefðu þessir flutningar aukizt verulega, og stafar það af því, að þá var fargjald með bifreiðum frá og til Vestmannaeyja lækkað mjög mikið eða um nær helming. Það, sem ég hygg, að Vestmanneyingar séu mjög sammála um, er í fyrsta lagi það, að eins og aðstæður eru í dag, verði komið á daglegum ferðum milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja og þá með því skipi, sem nú er fyrir hendi. Herjólfur hefur vissulega reynzt mjög traust og gott og happasælt skip, en til flutninga á bifreiðum er hann alls óhæfur. Við illan leik er hægt að koma þar, ef ég man rétt, sex eða átta litlum bifreiðum á dekkið, en við slíkar aðstæður, að menn hálfpartinn veigra sér við því að setja bifreiðar sínar um borð í skipið, því að þó að allrar varúðar sé gætt, eru aðstæður þannig um borð, þegar farið er að troða bifreiðunum niður á milli lúgu og lunningar, að menn eru alltaf mjög uggandi yfir því, að eitthvað beri út af og þeir fái þá bifreiðar sínar skemmdar, jafnvel þó að gott veður sé, — ég tala nú ekki um, ef þarf að flytja þær í misjöfnu veðri. Það er því mjög um það talað heima í Eyjum, og ég hygg, að það sé það, sem Vestmanneyingar eru sammála um að stefna að, að fá nýtt skip í þessar ferðir, sem þannig sé byggt, að það sé jafnframt hentugt til bifreiðaflutninga, fyrst og fremst til farþega- og bifreiðaflutninga og þá einnig að sjálfsögðu til vöruflutninga. Það gera sér auðvitað allir ljóst, að þarna er um nokkuð kostnaðarsama framkvæmd að ræða, og miklu varðar, hvernig staðið verður að því máli. Það hefur verið mjög um það rætt, að Vestmanneyingar sjálfir tækju að einhverju leyti þátt í byggingu slíks skips með fjárframlagi, hefðu þá að sjálfsögðu óskoraðan umráðarétt yfir því og fengju þá ríkisframlag í sambandi við stofnkostnað og rekstur skipsins, eins og á sér stað um flóabáta víða um landið. En þetta er að sjálfsögðu mál framtíðarinnar, en málið er það aðkallandi, að ég hygg, að öllum sé ljóst, að lausn verður að finnast á því, og ég segi: Lausnin verður að koma fyrir næsta sumar.

Það hefur einnig verið mjög um það rætt og kom mjög til umr. í bæjarstjórn, þegar ákveðin samþykkt var gerð um málið þar, að þetta mál mundi aldrei verða í því lagi, sem við sjálfir óskuðum eftir, nema Vestmanneyingar sjálfir hefðu umráðarétt yfir því skipi, sem þarna gengi á milli. Við gerum okkur það ljóst, að Ríkisskip þarf mörgum kröfum að sinna, og má vel vera, að sumt af því, sem gerzt hefur í sambandi við rekstur þess, sé afsakanlegt. Annað er það, sem við teljum, að ekki hafi farið úr hendi eins og við hefðum óskað, en ég geri ráð fyrir, að forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hafi einnig sína skoðun á þeim hlutum eins og við, en ég hygg, að það sé nú mjög almennt talið úti í Eyjum, að þetta verði aldrei í lagi, fyrr en Vestmanneyingar sjálfir fái umráðarétt yfir því skipi, sem þarna gengur á milli. Það getur kannske verið matsatriði í hverri ferð, hvort senda á skipið til Þorlákshafnar, hvort aðstæður eru hagkvæmar til að senda það til Þorlákshafnar — á ég þá aðallega við vetrarferðir — eða hvort eðlilegt sé að senda það til Reykjavíkur og þá hvort nægilega mikið vörumagn sé liggjandi fyrir í Reykjavík á hverjum tíma. Það verður náttúrlega að meta það, hvort heppilegra er fjárhagslega séð og þá hvort það mundi valda nokkrum vandræðum, þó að skipið yrði látið fara einstaka ferðir til Reykjavíkur til að sækja þangað þungavöru og þá flytja frá Eyjum bæði afurðir og annað, sem það stundum hefur gert, þegar umskipun á sjávarafurðum á sér stað. En eins og hæstv. samgrh. benti á, er málið í athugun hjá réttum aðilum, hjá samgrn. og framkvæmdastjórn Skipaútgerðarinnar. Ég hef tjáð honum það sem mína skoðun, að Vestmanneyingar muni ekki sætta sig við annað en að fá skip í daglegar ferðir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja og þeir muni vart sætta sig við annað en að fá umráðarétt eða ráðstöfunarrétt á skipunum í sambandi við þessar ferðir. Ef til þess kemur, að það þurfi að flytja till. um þetta mál í sambandi við 6. gr. fjárlaga, þá hef ég tjáð hæstv. ráðh., að ég muni gera það, ef hann telji þess þörf, því að málið er að mínum dómi og okkar allra, sem það þekkjum, svo aðkallandi, að það verður að fást einhver lausn á því fyrir næsta vor. Við höfum kannske beðið rólegri en segja má, að ástæða hafi verið til, vegna þess að okkur eru ljósir þeir örðugleikar, sem Ríkisskip er nú í með flutninga í kringum landið, en þetta mun breytast, þegar síðara skipið, sem nú er í smíðum á Akureyri, verður tilbúið til ráðstöfunar fyrir Ríkisskip. Þá mun þessi aðstaða breytast.

Eins og kom fram hjá hæstv. samgrh., þá hefur hann fullan hug á því, að sú lausn fáist í þessu máli, að Vestmanneyingar geti við hana unað. En framtíðin er án efa sú, að byggt verði nýtt skip til þessara flutninga og þá byggt með það fyrir augum, að það geti einnig annazt birgðaflutninga undir þiljum, en ekki á dekki eins og nú er, þannig að Vestmanneyingar geti á sem ódýrastan hátt komizt í beint samband við þjóðvegakerfi landsins. Keflvíkingum og Suðurnesjabúum þykir það hár skattur að greiða 40 kr. fyrir að fá að aka Keflavíkurleiðina. Ég held, að ég hafi aldrei greitt neinn opinberan skatt með meiri ánægju heldur en þær 40 kr., því að við, sem þurfum að flytja bifreiðar sjóleiðis hvort sem er frá Vestmannaeyjum til fastalandsins eða annars staðar frá til Reykjavíkur eða í sambandi við þjóðvegakerfið, við vitum alveg, hvað það kostar, og mundum án efa með mikilli ánægju greiða þann skatt, sem Suðurnesjabúar kvörtuðu undan að greiða á sínum tíma, þegar Keflavíkurvegurinn var lagður.

Um till. sjálfa er í sjálfu sér ekkert að segja. Málið er í athugun heima í héraði. Það er í athugun hjá réttum stjórnvöldum, hjá samgrn., og er því að treysta, að viðunandi lausn finnist á því, þannig að þeir, sem úti í Vestmannaeyjum búa, geti talið, að þeirra óskum hafi verið mætt á eðlilegan hátt.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það, sem hér hefur komið fram í þessum umr., gefur mér ekki tilefni til neinna andsvara, heldur þvert á móti að þakka þær góðu undirtektir, sem hafa komið um þetta mál, og ég hlýt að gera mér vonir um það, að það dragist ekki lengi, að það, sem till. miðar að, komist í framkvæmd. Að vísu sagði hæstv. samgrh., að það væri eftir að

athuga, hvort þessar ferðir yrðu daglega. Ég fyrir mitt leyti vil leggja áherzlu á það og taka undir það, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði, að það er í rauninni ekki annað viðunandi en að þær verði það. Ef einhver dráttur kynni að verða á því, að hægt væri að koma því þannig fyrir, þá vil ég þó leggja megináherzlu á það, að fylgt sé algerlega reglulegri áætlun, þannig að truflanir verði sem allra minnstar.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að það var samgöngubót við Eyjar, þegar þverbrautin kom á flugvöllinn, en þær tölur, sem ég nefndi, 89 dagar, sem flugið féll niður vegna veðurs, eru eftir að flugbrautin var tekin í notkun. Hún á að vísu eftir að lengjast, en ég vara við því að gera sér vonir um, að það fjölgi flugdögunum mjög mikið, þó að vonandi geri það eitthvað.

Það kom fram hjá hv. 3. þm. Sunnl., að það væri skoðun sumra, að það væri varla hægt að gera ráð fyrir því, að þessar ferðir yrðu nokkru sinni í lagi, nema Vestmanneyingar sjálfir hefðu umráðarétt yfir skipinu. Ég hef heyrt þessar skoðanir, þó að þær komi ekki fram á neinn hátt í till. minni, vegna þess að ég vil gera ráð fyrir því, að Skipaútgerð ríkisins sinni skyldum sínum við byggðarlag eins og Vestmannaeyjar, og treysti því, að rétt stjórnvöld sjái þá um það, að það sé gert, ef einhver misbrestur kynni að verða á.

Mig langar svo að síðustu til þess að segja þetta í tilefni af því, að hæstv. samgrh. sagði í upphafi ræðu sinnar, að ef ég hefði leitað upplýsinga hjá honum eða forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, hefði ég fengið að vita það, að þetta mál væri þegar í góðri athugun. Í tilefni af því vil ég segja í fyrsta lagi, að ég efaðist ekki um það, að vandamál þessi væru í athugun. En till. mín fjallar um það, að þeirri athugun lyki og komizt yrði að niðurstöðu, og ég vona, að hún verði alla vega til þess, að menn hraði sér að komast að henni. Hitt er svo annað mál, sem ég vildi segja í þessu sambandi, að ég hef oft rætt þessi vandamál við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, en svo illa vildi til, að að undanförnu hefur hann verið fjarverandi, og ég hef þess vegna ekki rætt þetta við hann alveg nýlega og gat ekki náð til hans meðan ég var að undirbúa þessa till. En ég fór nú samt ekki til hæstv. samgrh., heldur fór ég til annars þeirra stjórnarnefndarmanna, sem settir hafa verið við hlið forstjórans í stjórn þessa fyrirtækis, og leitaði upplýsinga hjá honum. Þær upplýsingar, sem ég fékk hjá honum, voru á þá lund, að það dró ekkert úr mér að flytja þessa till.

Nú er gott að vita það, að hæstv. ráðh. muni ekki í framtíðinni taka það illa upp fyrir mér, þó að ég ónáði hann, þegar ég næ ekki í þá embættismenn hans, sem kunna að vera fjarverandi, og kann að vera, að hann verði þá einhvern tíma var við það.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það var nú í rauninni óþarfi að standa upp eftir þær aths. eða þakkarræðu, sem hv. flm. flutti hér áðan, bæði til mín og hv. 3. þm. Sunnl., en ég held, að hann hafi nú misskilið mig, þegar hann var að tala um það, að hann vildi taka undir það, sem hv. 3. þm. Sunnl. hafði sagt um daglegar ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, en hann var ekki eins ánægður með mínar undirtektir hvað þetta atriði snerti. Ég tók það hins vegar alveg fram, að það væri mjög æskilegt að hafa daglegar ferðir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, þegar það þætti fært, a. m. k. á þeim árstíma, þegar það þætti öruggt, þ. e. frá því snemma á vori og þangað til seint á hausti. En skipstjórnarmenn hafa talið, að það þyrfti að athuga, hvort hægt væri að gera áætlun um daglegar ferðir að vetrinum til Þorlákshafnar. Það er einmitt þetta, sem ég skrifaði niður eftir hv. flm. Hann sagði: Það þarf að fylgja reglulegri áætlun. Það þarf að gera ítarlegri áætlun og fylgja henni. Það er þetta, sem skipstjórnarmenn telja vafasamt, að hægt sé að fylgja reglulegri áætlun, ef það væri um daglegar ferðir að ræða vetrarmánuðina. Þetta er mál, sem þarf að skoða og er í athugun, hvort það þætti fært að hafa daglegar ferðir með þessu skipi á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja yfir vetrarmánuðina, þótt allir teldu það æskilegt og vildu gera það. En það þurfa vitanlega að vera ferðir á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eins oft og mögulegt er, líka að vetrinum til. En ég held, að það sé hyggilegast að fullyrða ekkert um það í dag, hvernig það verður framkvæmt. Það er í athugun.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti lýsa ánægju minni yfir þeim umr., sem hafa farið fram um þetta mál, sem hér hefur verið flutt till. um og reyndar er ekki nýtt af nálinni hér í þingsölum, eins og flm. reyndar gat um. Ég leyfi mér að láta í ljósi sérstaka ánægju yfir tiltölulega góðum undirtektum þeirra flokksmannanna, hæstv. samgrh. og hv. 3. þm. Sunnl., því að ég hef nú dálitla lífsreynslu líka í svona málum, og þeirra flokkur hefur ekki alltaf tekið svona till. vel. Ég minnist þess t. d., að flokksblað þeirra úti í Vestmannaeyjum fór hinum hraklegustu orðum um það, að flutt skyldi á Alþ. till. um smíði sérstaks skips á snærum ríkisins til Vestmannaeyjaferða. Þetta skip ættu Vestmanneyingar að smíða sjálfir og eiga, það kostaði ekki meira en svo sem eins og það, að allir Vestmanneyingar fengju sér gúmmístígvél, í hvaða sambandi sem sú samlíking hefur nú staðið við ferðaþörf Vestmanneyinga á milli lands og Eyja.

En sem sagt, þetta er liðinn tími, og ég fagna því mjög. Það er að vísu imprað á því, að það sé vafasamt, að það séu ekki Vestmanneyingar sjálfir, sem eigi að smíða svona skip. Ég tel það ekki mjög miklu máli skipta, hver smíðar svona skip. En samgöngur þurfa að vera, og þær þurfa að vera betri, og þær þurfa að vera fullkomnari en þær hafa verið um skeið, að ég ekki tali um það, hvernig þær voru, áður en Herjólfur kom til sögunnar. Ég vil sömuleiðis láta í ljós fögnuð yfir því, að svo skuli nú komið málum, að flutningsgjald fyrir bifreiðar á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur skuli hafa verið lækkað frá því, sem áður var. Sannleikurinn er sá, að mér er alveg óskiljanlegt, með hverjum hætti sú óhæfa hefur komizt inn í gjaldskrár, sem allt þar til nú fyrir skömmu voru í gildi um flutning bifreiða á milli Vestmannaeyja og lands. Ég sannreyndi það sjálfur eitt sinn, þegar ég var að afla mér upplýsinga um bifreiðaflutninga til Vestmannaeyja, að það var miklu dýrara að flytja bíl til Vestmannaeyja en til Kaupmannahafnar, ef menn fóru með skipinu sjálfir. En sem sagt, ég læt í ljósi sérstakan fögnuð yfir því, að þetta skuli nú vera breytt, og vænti ég, að e. t. v. megi setja það í samband við það, að þm. Sunnl. fer nú með samgöngumál og hefur vafalaust rekið augun í þessa

óhæfu ekki síður en ég og gert ráðstafanir til að breyta því. Ég vona, að ég megi þakka honum fyrir það.

En annars stóð ég nú aðallega upp vegna þess, að í sambandi við umr. um Vestmannaeyjasamgöngurnar á sjó er eitt geysimikilvægt atriði, sem á að vera í athugun. Ég veit ekki, hversu langt slík athugun kann að vera komin. En sé hún komin eitthvað áleiðis, þá vildi ég óska eftir svörum samgrh. þar um, því að það skiptir verulegu máli. Eins og ráðh. sjálfur gat um hér í ræðustóli áðan, þá er ekki alveg að vita, hvort hægt er að hafa samgöngurnar við Þorlákshöfn svo reglulegar sem menn gjarnan vildu annars óska vegna ófullkomleika hafnarinnar þar og vegna þeirrar sjóleiðar, sem þar er um að fara, en hún er bæði alllöng og sérstaklega ströng á vetrarmánuðum. En í hv. Ed. var í fyrra samþ. till. til þál. um áskorun á ríkisstj. að láta fram fara athugun, sérstaka athugun á hafnarstæði og hafnargerð við Þjórsárósa eða í Þjórsármynni. Það er á allra vitorði, að við það fljót eru nú að fara fram framkvæmdir með þeim hætti, að rennsli árinnar verður jafnað og ós hennar getur væntanlega orðið hagkvæmara hafnarstæði í framtíðinni en verið hefur til þessa. Enn fremur er það vitað mál, að hafnamálastjórnin hjá okkar þjóð hefur verið ærið hugmyndafátæk um hafnargerðir allt til þessa. Henni hefur lítið annað dottið í hug í hafnargerðum en að hafnir skyldu byggjast með þeim hætti, að grjóti væri ekið fram í sjóinn, unz grjótgarðarnir þar væru orðnir svo stórir og fyrirferðarmiklir í úthafinu, að þar myndaðist pottur, sem skip gætu haft skjól í. En ef maður lítur til annarra landa með svipuðum ströndum og okkar strönd virðist vera, þá eru hafnir yfirleitt ekki byggðar með þessum hætti. Þær eru byggðar með þeim hætti, að það er grafið upp í árósa og hafnir gerðar þar. Ég vil í sambandi við þetta mál sérstaklega vekja athygli á þessu og nota tækifærið til þess að spyrja ráðh. um þetta: Er athugunin á hafnargerðinni í Þjórsárósum komin eitthvað áleiðis? Ég tel þetta vera verulegt atriði í sambandi við Vestmannaeyjasamgöngur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. vildi gefa í skyn, að það hefði nú ekki alltaf verið tekið jákvætt undir till. um samgöngubætur á milli Vestmannaeyja og Íslands af sjálfstæðismönnum. **(KGuðj:** Rétt er það.) Og svo endurtekur hann þetta, þegar hann er kominn í sæti sitt, og segir: Rétt er það. Hann heldur víst, að hann sé kominn á framboðsfund í Vestmannaeyjum. Það er nú alveg ástæðulaust fyrir hv. 6. þm. Sunnl. að vera að misbrúka talfæri sín á þennan hátt hér í hv. Alþ. Allir hv. alþm. munu vita það, að sjálfstæðismenn hafa beitt sér fyrir samgöngubótum milli lands og Eyja, bæði á sjó og í lofti, og er alveg ástæðulaust að vera að orðlengja það meira nú. Það hefði verið eftir hv. 6. þm. Sunnl. að viðhafa svona orð úti í Vestmannaeyjum í trausti þess, að einhver tryði því þar. En hér í hv. Alþ. þýðir ekki að segja þetta, því að hv. alþm. þekkja miklu betur til þingsögunnar og vita, hvað hefur áður gerzt í þessu máli.

Það er náttúrlega út af fyrir sig ágætt að tala um höfn í Þjórsárósi í sambandi við till. um samgöngubætur við Vestmannaeyjar, og við skulum allir vera bjartsýnir, við skulum allir vona það, að þarna komi höfn. En getum við ekki um leið verið það raunsæir að viðurkenna, að það hljóti að taka nokkurn tíma, nokkur ár, og það sé ekki heppilegt fyrir Vestmanneyinga að bíða eftir samgöngubótum þangað til? Ég held, að við verðum að gera ráðstafanir við þær aðstæður, sem nú eru, til þess að gera samgöngubæturnar sem beztar við Vestmanneyinga og nota Þorlákshöfn. Það verðum við áreiðanlega að gera í nokkur ár, jafnvel þótt hv. 6. þm. Sunnl. réði einn hafnamálunum og legði í það við fyrsta tækifæri að byrja á höfninni í Þjórsárósi. En hv. þm. viðhafði ekki viðkunnanleg orð um hafnamálastjórnina og verkfræðinga okkar. Hann sagði, að hafnamálastjórn væri mjög hugmyndafátæk í sambandi við hafnargerðir, m. ö. o., kynni ekki til verka. Jú, hún vissi það, að það þyrfti að nota grjót í hafnargerð, það væri bezta efnið. Því hafði hafnamálastjórn gert sér grein fyrir. En hvernig hún notaði grjótið, það var ekki gert á réttan hátt. Þá vantaði verksvitið. Grjótið var notað með þeim hætti, að það var bara keyrt út í sjó og það var reynt að gera grjótgarða út í sjóinn. Þannig hafa hafnir okkar verið byggðar, eftir því sem hv. þm. upplýsti. En hv. 6. þm. Sunnl. hugsar sér að byggja höfnina við Þjórsárós með allt öðrum hætti. Það á að grafa hana inn í landið, af því að það hefur víða verið gert erlendis, t. d. í Hollandi og víðar. Og það er sennilegt, að þetta sé mögulegt. En það er langt frá því, að ég treysti mér til þess að gera till. um það, hvernig væntanleg Þjórsáróshöfn skuli gerð. Hv. 6. þm. Sunnl. getur hins vegar gert það. En ánægður mundi ég vera, ef ég sæi hafnargerð þarna, líklega alveg eins og hv. 6. þm. Sunnl.

Hvað rannsóknina líður, sem hv. þm. spurði um á síðasta þingi, þá er það að segja, að það var á s. l. vetri, að ég skrifaði vitamálastjóra og lagði fyrir hann að framkvæma rannsókn á hafnargerð í Þjórsárósi samtímis því, sem hafnargerð væri rannsökuð við Þykkvabæjarsand. En það hafði áður verið rætt um möguleika á því að gera höfn þar, og það virðist vera rétt að láta rannsókn á þessum tveimur hafnarstæðum fara fram samtímis, en það hlýtur að taka nokkurn tíma. Þetta bréf var ákveðið orðað og fyrirmæli um, að þessi rannsókn væri hafin, og ég geri ráð fyrir því, að þessi rannsókn sé byrjuð. En það er víst óhætt að fullyrða, að hún er ekki langt á veg komin. Og hvað sem hafnargerð í Þjórsárósi líður, þá er það öruggt, að í sambandi við sjóferðir á milli Vestmannaeyja og landsins verðum við að nota Þorlákshöfn næstu árin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til fjvn. með 43 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar [41. mál] (A. 41).

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég kynni betur við, að fleiri hv. þm. væru viðstaddir, þegar rætt er um stjórnarskrá lýðveldisins, og vil því leggja til, að hæstv. forseti hringi bjöllu sinni, ef vera mætti, að það bæri árangur. Ég veiti því m. a. athygli, að hér er enginn hæstv. ráðh. viðstaddur, en mun þó freista þess að hefja mál mitt.

Hinn 22. febr. 1944 gáfu stjórnarskrárnefndir beggja deilda Alþingis út sameiginlegt álit um frv. til l. um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem þá lá fyrir Alþ. Í þessu sameiginlega áliti þingnefndanna segir svo m. a.:

„Það mun vera almenn skoðun í landinu, að mikil þörf sé gagngerðrar endurskoðunar stjórnarskrárinnar og að sú breyting ein sé ekki fullnægjandi, að lýðveldi verði stofnað í stað konungdæmis."

Með þessum fyrirvara lögðu þn. til, að afgreitt yrði frv., sem aðeins fól í sér þær breytingar, sem óhjákvæmilegar voru til þess, að þjóðkjörinn forseti yrði þjóðhöfðingi Íslendinga í stað Danakonungs. Síðan var lýðveldið formlega stofnað á Þingvöllum við Öxará 17. júní 1944. En Alþ. tók fyrirvara þn. til greina, lét átta manna mþn. frá 1942 í stjórnarskrármálinu halda áfram störfum og ákvað árið eftir, að skipa skyldi 12 manna endurskoðunarnefnd átta manna nefndinni til ráðuneytis. Þarna voru þá samkv. ákvörðun Alþingis 20 menn að verki við það að semja það, sem almennt var nefnt í þann tíð lýðveldisstjórnarskráin, og réðu þeir til utanfarar prófessor í lögfræði, nú þjóðkunnan mann, sem fór víða um lönd til að safna stjórnarskrám ríkja og draga saman fróðleik um stjórnarskrár. En frá þessari 20 manna samvinnumilliþinganefnd komu aldrei neinar till., svo að ég viti, og eftir tvö ár felldi Alþ. niður umboð hennar, árið 1947. En á því sama ári fól Alþ. ríkisstj. að skipa nýja nefnd sjö manna til þess að endurskoða stjórnarskrána. Fyrir því eru prentaðar heimildir, að 6—7 árum eftir að nefndin var skipuð, komu fram till. í nefndinni, en þær voru ekki afgreiddar, og nál. kom aldrei fram. Það var sameiginlegt öllum þessum stjórnarskrárnefndum, að nm. voru skipaðir eftir tilnefningu þingflokka.

Sú „almenna skoðun í landinu", svo að notað sé orðalag þingnefndarinnar 1944, að mikil þörf væri á gagngerðri endurskoðun stjórnarskrárinnar, kom víða fram í þann tíð. Fjórðungsþing Norðlendinga og Austfirðinga létu lýðveldisstjórnarskrármálið mjög til sín taka á fyrsta áratug lýðveldisins og gerðu till. til stjórnarskrárbreytinga, sem birtar voru og mikla athygli vöktu. Sunnanlands var stofnað stjórnarskrárfélag áhugamanna. Í blöð og tímarit var mikið um þetta mál ritað, og víða var um það rætt. Árið 1959 var á Alþ. gerð mjög umdeild skyndibreyting á 31. gr. stjórnarskrárinnar og árið 1968 lítt eða ekki umdeild breyting á 33. gr. En nú 26 árum eftir stofnun lýðveldisins hefur endurskoðun stjórnarskrárinnar enn ekki farið fram eða er a. m. k. ólokið og hin fyrirheitna lýðveldisstjórnarskrá enn þá ófengin.

Hafi það, eins og þskj. votta, verið almenn skoðun við stofnun lýðveldisins fyrir rúmum aldarfjórðungi, að nauðsynlegt væri að endurskoða stjórnarskrána í heild, þá er það áreiðanlega ekki síður nauðsynlegt nú, svo að ekki sé meira sagt, enda er það svo, að breytingar á stjórnarskránni hafa verið mikið ræddar á ýmsum vettvangi nú undanfarin ár, m. a. nú á þessu hausti á félagsfundi lögfræðinga í Reykjavík og kannske víðar. Hér á hinu háa Alþingi var endurskoðunarmálið tekið upp að nýju veturinn 1966—1967. Karl Kristjánsson þáv. alþm. flutti þá till. til þál. um það mál. Þessa till. Karls Kristjánssonar flutti ég svo á næsta þingi á eftir að mestu óbreytta. Á Alþ. 1968, þ. e. í fyrravetur, flutti ég á ný till. um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sú till. var með sama sniði og hinar fyrri till., en fjallaði þó um ýmis ný efnisatriði, að þau skyldi taka til sérstakrar athugunar við endurskoðunina, en flest þeirra voru valin með hliðsjón af ýmsu, sem aðrir hafa lagt til mála innan þings og utan. Þessari till. var vísað til hv. allshn. Sþ. og nokkuð rædd þar. Ég átti þá, eins og ég á nú, sæti í þeirri hv. nefnd. En þegar ég komst að raun um það hjá meðnm. mínum, að ekki mundi vera nægur áhugi í þingflokkum fyrir framgangi málsins, ákvað ég að óska ekki eftir afgreiðslu þess í nefndinni í það sinn, taldi réttara að bíða átekta, ef takast mætti að vinna málinu meira fylgi síðar. Það er því óátalið af minni hálfu, að nál. kom ekki fram á því þingi.

Nú þegar ég flyt till. enn á ný á þskj. 41, hef ég gert á henni lítils háttar breytingar frá till. í fyrra. Í stað þess að áður var lagt til, að fjórir nm. væru tilnefndir af þingflokkum, sem voru fjórir, þegar till. var flutt, er nú lagt til, að Alþ. tilnefni þessa fjóra nm. Ég er tregur til að leggja til að fjölga nm., en er þó vel viðmælandi um það, ef óskað er. Þá hef ég aukið því við till. frá því í fyrra, að þeim, sem þess kynnu að óska, verði gefinn kostur á að koma á framfæri við endurskoðunarnefndina skriflegum og skriflega rökstuddum brtt. við stjórnarskrána og eiga þannig frumkvæði. Þetta mun vera óvenjulegt ákvæði í þingmáli, en ég tel það eðlilegt í þessu máli. Það kom fram á sínum tíma hjá Karli Kristjánssyni og hefur einnig komið fram í fundarsamþykktum undanfarin ár, að tilhlýðilegt sé, að ný lýðveldisstjórnarskrá taki gildi árið 1974 á aldarafmæli íslenzkrar stjórnarskrár og ellefu alda afmæli Íslandsbyggðar. Og í till., eins og hún liggur nú fyrir, segir, að stefnt skuli að því, að svo megi verða. Ég vil taka það fram nú, eins og á síðasta þingi, að ég stend einn að þessari till., eins og hún liggur fyrir í heild, og finni menn á henni agnúa, er við mig einan að sakast, því að ég hef ekki farið fram á, að henni verði veitt flokksfylgi, hún er ekki flokksmál, till. í heild.

Um efni till. ræddi ég nokkuð ítarlega á síðasta þingi og tel ekki ástæðu til að endurtaka nema að nokkru leyti það, sem þá var sagt. Það virðist ekki hafa gefið góða raun að fela þingflokkum einum eða fulltrúum þeirra að endurskoða stjórnarskrána. Þess vegna er nú lagt til, að endurskoðunarnefndin verði þannig skipuð, að líklegt sé, að þar ráði fleira tillögum manna en flokkssjónarmið ein og að af níu nm. verði fjórir frá Alþ., en fimm frá Hæstarétti og lögfræðideild Háskólans. Ætla má, að slíkri nefnd tækist að ljúka verkinu,

hvort sem hún yrði að lokum sammála eða ekki. Jafnvel þó að nefndin kynni að klofna, má vænta þess, að till. og rök nefndarhlutanna yrðu mikilsverður umræðugrundvöllur. Að sjálfsögðu hefði nefndin samkv. till. óbundnar hendur um tillögugerð, en lagt yrði fyrir nefndina, ef till. verður samþ., að taka til gaumgæfilegrar athugunar allmörg nánar tilgreind málsatriði. Um þessi málsatriði, sem eru 20 talsins, ætla ég að fara fáeinum orðum.

Ísland er lýðveldi, og hér á að vera lýðræði eða það, sem á erlendum málum nefnist „demokrati". Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er rætt um þrjár greinar stjórnvalds, löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald. Þjóðin kýs sér fulltrúa, nú 60 talsins, til þess að semja lög. Hún kýs sér forseta til þess að fara með framkvæmdavald, og kem ég að því síðar. Handhafar dómsvalds eru valdir með öðrum hætti og tekið fram, að þeir dæmi eftir lögum, en séu óháðir framkvæmdavaldi. Forsetinn er kjörinn af þjóðinni, eins og Alþ., en hann fer ekki nema að mjög litlu leyti með framkvæmdavaldið. Alþ. eða meiri hl. þess ræður framkvæmdastjórn ríkisins. Þessi framkvæmdastjórn hefur svo í reynd mjög mikil áhrif á löggjafarstarfið. Rökréttara væri og að líkindum affarasælla, að forsetinn færi raunverulega með framkvæmdavald samkv. þeim lögum, sem Alþ. setur, og stjórnarskránni. Að þessu efni lúta 1. og 3. tölul. till., að um það skuli fjallað í nefndinni.

Ég kem þá að því næst, sem mest mun vera rætt í þessu stjórnarskrármáli, en það er kjördæmaskipunin og kosning Alþ., en um þetta fjallar 7. tölul. till. Stjórnmálaflokkar eiga rétt á sér eins og önnur félög, en það orkar tvímælis, svo að ekki sé meira sagt, að gera stjórnmálaflokkum eins hátt undir höfði og nú er gert og mun verða gert í vaxandi mæli, ef ekki er í taumana tekið, og stuðla beinlínis að því, að þjóðin skiptist í sem flesta flokka. En þá getur þess orðið skammt að bíða, að flokkurinn verði aðeins einn, eins og dæmi sýna. Stjórnarskráin á ekki að vernda flokkaríki hér á landi. Það er um flokkana eins og stéttasamtökin. Hvort tveggja er eðlilegt og getur verið nauðsynlegt, en bæði stjórnmálaflokkar og stéttasamtök geta orðið þjóðfélaginu ofjarl eða ofurefli, ef illa tekst til, eins og ættasamtökin á 13. öld. Mín skoðun er sú, og hún má gjarnan koma fram þegar á þessu stigi, að sérhver kjósandi eigi að hafa rétt til að kjósa þann karl eða konu til setu á Alþ., sem hann treystir bezt af þeim, sem völ er á, án þess að kjósa um leið heilan hóp manna eða spila í happdrætti eins og nú er gert í sambandi við uppbótarsæti. Þess vegna ættu kjördæmin að vera eins mörg og þingsætin á Alþ., og þá er líka hægara fyrir flokka að koma við skoðanakönnunum eða prófkosningum. Einmenningskjördæmi munu stuðla að traustari, staðbundnari þekkingu þm., og hin staðbundna þekking einstaklinganna er undirstaða þess, að þingið þekki þjóðarhag. Ég veit, að skipting landsins í einmenningskjördæmi er vandaverk, en ef ég ætti á þessu stigi málsins að gera till. um þá skiptingu, mundi ég að líkindum benda á þá leið, að núverandi kjördæmum væri skipt í jafnmörg einmenningskjördæmi og þm. þeirra eru nú, þó þannig, að uppbótarsætunum 11 yrði skipt milli þriggja fjölmennustu kjördæmanna og svo aðallega tveggja hinna fjölmennustu, ef þm. eru 60. Það er af mörgum talið sanngjarnt og er það, að strjálbýlið hafi hlutfallslega fleiri þm. en höfuðborgarsvæðið eða stærstu kaupstaðirnir. Ég veit, að ýmsir láta sér detta í hug einhvers konar bræðing í þessu máli, eitthvert innflutt „patent" frá Norðurlöndum eða kannske Þýzkalandi, og má vera, að sú verði niðurstaðan. En núv. þingflokkar ættu ekki að láta misjafnlega traustar áætlanir um flokkstjón eða flokkshagnað ráða gerðum sínum í þessu máli. Þeir ættu að gera sér grein fyrir, að núv. fyrirkomulag getur orðið þeim dýrkeypt og er kannske að verða það sumum. En þjóðin ætti að hugleiða, að róttæk breyting í rétta átt á þessu sviði er líkleg til að ýta fram á stjórnmálasviðið ýmsum mikilhæfum mönnum, sem ekki kæmu við sögu að öðrum kosti fyrst um sinn.

Í 8. tölul. till. er fjallað um skyldur og réttindi þingflokka. Slík ákvæði hafa áður verið sett um sum félög, sem mikið láta að sér kveða. Í gildandi stjórnarskrá eru þingflokkum veitt mikilsverð réttindi, og eðlilegt er, að réttindi og skyldur fylgist að. Að öðru leyti ætla ég ekki að endurtaka það, sem ég hef áður sagt um þetta atriði.

Í 5. tölul. er fjallað um þjóðaratkv. Það er trúlegt, að beita mætti þjóðaratkvgr. meira en nú er gert og veita henni meira gildi. En auðvitað má ekki skapa skilyrði til þess að setja af stað svo margar þjóðaratkvgr., að þær geri löggjafarþingið óvirkt.

Í 9. tölul. er fjallað um skiptingu landsins í ný stór umdæmi eða landshluta með sjálfsstjórn í sérmálum í líkingu við fjórðungana fornu eða ömtin á 19. öld. Hinir orðhögu menn, sem stóðu fyrir tillögugerð Norðlendinga og Austfirðinga um þetta efni fyrir 20 árum, vildu nefna þessi landshlutaumdæmi fylki, sem er fornt orð og gott. Það var líka skoðun forustumanna málsins, og undir hana vil ég taka, að þetta fyrirkomulag, skipting landsins í fylki eða landshluta, mundi verða áhrifameira en önnur úrræði til að efla skapandi mátt innan landshlutanna og jafnræði milli þeirra sem og heppilega þróun landsbyggðar og að stjórnarmiðstöðvar, sem þar kæmu upp, mundu laða til sín menntaða hæfileikamenn, sem ella hverfa til höfuðborgarsvæðisins úr átthögum sínum, af því að þá vantar þar verkefni, en sú blóðtaka er mikil fyrir hlutaðeigandi landshluta. Í þessu sambandi leyfi ég mér að minna á 19. tölul. till., þar sem fjallað er um hugsanlega stjórnarskráryfirlýsingu um skyldur þjóðarinnar við landið og um nauðsyn landsbyggðar og verndun á eignarrétti Íslendinga á náttúruauðæfum og föstum verðmætum. Yrði þar m. a. um það að ræða, sem er kallað náttúruvernd.

Um önnur athugunarefni, sem nefnd eru í till., skal ég vera fáorður, en vísa til grg., sem prentuð er með frv., og framsöguræðu, sem ég flutti um þetta mál á síðasta þingi. Lagt er til, að fjallað verði um samninga við aðrar þjóðir, um kjörgengi, um brbl., um kaup og sölu ríkiseigna, um óeðlilega verðhækkun lands, um skiptingu Alþ. í deildir, um þingsetningartíma, um rétt og skyldu til vinnu, um jöfnun aðstöðu til almennrar menntunar, um varnarskyldu, um hækkun ríkisútgjalda, um mannréttindi og um stjórnlagaþingið. Um sum þessara atriða er ég sjálfur í vafa um, hvað ég mundi þar vilja leggja til mála, eins og sakir standa nú, en öll eru þau þannig vaxin eða þannig tilkomin, að um þau ber að fjalla við endurskoðun. Hin gífurlega verðhækkun lands og lóða og fasteigna sums staðar í landinu virðist í þann veginn að verða þjóðarmein hér eins og víðar.

Mikið er um það rætt, að sum trúnaðarstörf utan þings séu ekki vel samrýmanleg þingmennsku eða stjórnmálaþátttöku, og rétt er að gefa því gaum a. m. k., hvort setja eigi búsetuskilyrði fyrir kjörgengi í einstökum kjördæmum. Rökin fyrir því, að sérstaklega kjörið stjórnlagaþing fjalli um stjórnarskrána, eru þau, eins og kunnugt er, að til slíks þings mundu menn valdir með tilliti til stjórnarskrármálsins eins og kæmi þá betur fram en verið hefur þjóðarvilji í því máli.

Fyrir einstaklingana í landinu hvern og einn er það oft erfitt, en þó jafnframt mikilsvert að læra að stjórna sjálfum sér. Miklu vandasamari er þó sjálfstjórn þjóðar, þar sem árekstrarefnin eru mörg milli einstaklinga og þjóðfélagsafla og hin frumstæða og þó mannlega baráttugleði nær oftar en hollt er fyrir samfélagið tökum á hugum manna. Ef hin fámenna og lítilsmegandi íslenzka þjóð gæti lært þá list að stjórna sér sjálf betur en aðrar þjóðir, yrði sannarlega eftir því tekið, og þá yrðu Íslendingar ekki lengur áhrifalítil þjóð, heldur stórveldi á sinn hátt, og væri þá vel, ef endurskoðun stjórnarskrárinnar yrði áfangi á leiðinni að því marki, en fleira mun þó þurfa til að koma.

Ég mun nú senn ljúka þessari framsögu, en ég hef orðið þess var hjá ýmsum, að þegar þeir ræða um endurskoðun eða breytingu á stjórnarskránni, þá eiga þeir fyrst og fremst við kjördæmaskipunina eða jafnvel hana eina. Ég lít öðruvísi á það mál. Kjördæmaskipunin er vissulega eitt af meginatriðum stjórnarskrárinnar, en að mínum dómi er það ekki æskilegt að afgreiða hana eina út af fyrir sig, jafnvel þó að það kynni að reynast óhjákvæmilegt. Kjördæmaskipunina á að athuga í samhengi við ýmislegt annað í stjórnarskránni, t. d. aðgreiningu valdsins og stöðu landshlutanna innan ríkisheildarinnar. Þessi till. mín á þskj. 41 fjallar ekki um kjördæmamálið sérstaklega, heldur um endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild, þá endurskoðun, sem þjóðin óskaði eftir og heitið var af ráðamönnum við stofnun lýðveldisins. Sú endurskoðun á ekki að verða vettvangur fyrir reikningslist eða valdaspil klókra manna, heldur þarf hún að mótast af stjórnvizku og umhyggju fyrir sjálfstæði Íslands á komandi tímum.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, en legg til, herra forseti, að till. verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

6. Upplýsingaskylda stjórnvalda.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um upplýsingaskyldu stjórnvalda [42. mál] (A. 42).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Till. þessi fjallar um það, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða. Það liggur að sjálfsögðu í augum uppi, að til þess að almenningur geti dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, þá þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Nú skortir mjög á, að svo sé. Það hvílir mikil leynd yfir starfsemi flestra þessara aðila, og reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum, þannig að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur að sjálfsögðu úr því aðhaldi, sem þegnarnir gætu veitt og eiga að veita, og gerir það erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana, eins og þeir eiga að gera og ber að gera sem kjósendum. Í mörgum löndum hefur verið stefnt að því á undanförnum árum að auðvelda borgurunum að geta fylgzt með starfsemi opinberra stofnana og stjórnvalda, m. a. með því að gera almenningi kleift að kynna sér skjöl og reikninga og skilríki þessara stofnana eða þá með því að þær gefa út sérstakar skýrslur um starfsemi sína, þar sem veittar eru greinargóðar upplýsingar um það efni. Í ýmsum löndum hafa að undanförnu verið sett lög um rétt almennings til þess að eiga aðgang að skjölum og reikningum opinberra stofnana og stjórnvalda, þannig hefur slík löggjöf verið sett á þessu ári bæði í Noregi og Danmörku, og getum við að sjálfsögðu ýmislegt af því lært, hvernig þeirri löggjöf er háttað. Slíka löggjöf vantar enn hér á landi, og því er lagt til í þessari till., að ríkisstj. vinni að undirbúningi hennar fyrir næsta þing.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

7. Varanlegt slitlag á vegi á Reykjanesskaga.

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um lagningu varanlegs slitlags á vegi á Reykjanesskaga [48. mál] (A. 48).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. og 10. fundi í Sþ., 10. og 17. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt öðrum þm. Reykn. að flytja á þskj. 48 till. til þál., eins og þar stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrn. að hefja nú þegar undirbúning að lagningu varanlegs slitlags á vegina til verstöðvanna á Reykjanesskaga og kanna jafnframt leiðir til fjármögnunar og gera till. til Alþ. þar að lútandi."

Í grg. fyrir þessari till. koma fram þau rök, sem fyrir flutningi hennar eru af hálfu flm. Hér er um að ræða, að lagt verði slitlag á vegina út frá Reykjanesbraut til verstöðvanna á Reykjanesskaga, en eins og kunnugt er, eru þar verstöðvar, þar sem óhemjumikill afli berst á land á vertíðinni, oft á milli 25 og 30% þess afla, sem á land berst af bolfiski á vertíðinni. Í vegalögum er gert ráð fyrir því, að hægt sé að leggja varanlegt slitlag á hraðbrautir, svo fremi að í 10 ára áætlun sé umferðin orðin um 1000 bifreiðar á dag. Á þessum vegum, þ. e. af Reykjanesbrautinni til Grindavíkur, til Sandgerðis og út í Garð, mun talningin nú sýna, að á næstu 10 árum muni bifreiðafjöldinn, sem um þessa vegi ekur, fara upp í 1000 bifreiðar á sólarhring. Það liggur í augum uppi, að þegar aflinn er fluttur frá þessum verstöðvum til hinna fjölmörgu fiskverkunarstöðva hér við sunnanverðan Faxaflóa, þá hefur það að sjálfsögðu geysimikil áhrif á fiskinn, hráefnið sem slíkt, hvernig með hann er farið og eftir hvers konar vegum ekið er. Þegar nú kominn er svo góður vegur suður á Reykjanesskaga, þ. e. hin steypta Reykjanesbraut, þá sýnist ekki óeðlilegt, að freistað verði að leggja varanlegt slitlag á þá vegarspotta, sem eru frá Reykjanesbrautinni út í verstöðvarnar. Samkv. þeirri vegáætlun, sem nú gildir, er gert ráð fyrir því, að lokið verði við uppbyggingu þessara vega, þannig að hægt væri nú á næsta ári, árinu 1972, að hefja lagningu varanlegs slitlags á þessa vegi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessa till. Hún skýrir sig sjálf, svo og sú grg., sem með henni fylgir, en þar er getið um, að sveitarstjórnirnar hér suður á Reykjanesskaga hafa haft mikinn áhuga á þessu máli og eru þess mjög hvetjandi, að í slíkt yrði ráðizt. Þá hefur mál þetta verið á dagskrá Fiskiþings og þar gerð einróma ályktun í þá átt, sem hér er lagt til, að farin verði.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. þessari verði vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 48, 120).

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um Sinfóníuhljómsveit Íslands [53. mál] (A. 53).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessarar till. er að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er m. a. tryggi henni öruggan fjárhagsgrundvöll og kveði á um hljómleikaferðir hennar um landið. Stefnt skal að því, að frv. um þetta efni verði lagt fyrir næsta þing.

Eins og kemur fram í grg. till., er Sinfóníuhljómsveit Íslands 20 ára gömul um þessar mundir. Hún var á sínum tíma stofnuð af fjórum aðilum, þ. e. ríkinu, Reykjavíkurbæ, Ríkisútvarpinu og Þjóðleikhúsinu, og starfaði um 10 ára skeið sem sjálfstætt fyrirtæki undir stjórn sérstaks hljómlistarráðs, sem áðurnefndir aðilar munu hafa tilnefnt. Árið 1961 varð sú breyting á stjórn hennar og rekstri, að þetta hvort tveggja var falið Ríkisútvarpinu, en hins vegar héldu sömu aðilar og áður áfram að skipta kostnaði á milli sín eftir ákveðnu hlutfalli. En enginn skriflegur samningur er til um þessa skiptingu, og þess vegna getur hvaða aðili sem er dregið sig til baka, hvenær sem honum þóknast. Það er því óhætt að segja, að Sinfóníuhljómsveitin byggi á mjög ótraustum fjárhagslegum grundvelli. Hún er hins vegar orðin stórt og dýrt fyrirtæki, eins og sést á því, að á þessu ári mun rekstrarkostnaður hennar ekki verða minni en 25—26 millj. kr. og á næsta ári má reikna með því, að rekstrarkostnaður hennar geti orðið um 30 millj. kr. sökum þeirra launahækkana, sem hafa orðið á þessu ári og verða þó líklega meiri á næstunni, ef það verður almenn hækkun hjá opinberum starfsmönnum, því að laun hljóðfæraleikaranna miðast við það. Ég held, að allir geti orðið sammála um, að það sé fjarri öllu lagi, að menningarstofnun, eins og Sinfóníuhljómsveitin er, hvíli á jafnótraustum grunni og hér er rakið og það séu ekki til nein lagafyrirmæli um starfsemi hennar. Það er einnig mikilvægt, að unnið sé að því, að það séu fleiri en þeir, sem búa hér í þéttbýlinu við Faxaflóa, sem geti

notið hljómleika hennar, og það sé því tryggt, að hún geti farið a. m. k. öðru hverju í hljómleikaferðir um landið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að sinni, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Leit að bræðslufiski.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um leit að bræðslufiski [56. mál] (A. 57).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. og 11. fundi í Sþ., 17. og 24. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi till. til þál. er um, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta efla skipulega leit og rannsóknir ásamt veiðarfæra- og veiðitilraunum í því skyni að auka veiðar á bræðslufiski og gera þær veiðar fjölþættari. Athugunum að þessu leyti verði einkum beint að loðnu, kolmunna, spærlingi og sandsíli. Við eigum mjög mikið af ágætum síldarverksmiðjum, sem eru reistar á ströndinni víðs vegar, dreifðar mjög um landið. Við eigum í raun og veru heilt kerfi síldarverksmiðja, sem reistar hafa verið smátt og smátt á mörgum áratugum. Þessar verksmiðjur hafa malað þjóðinni mikið gull, en nú hafa síldarstofnarnir því miður eyðzt, minna er um síldina en var um langa hríð, og því hefur ekki verið hægt að notfæra sér þessar verksmiðjur til síldarbræðslu. En þá er spurningin: Er ekki hægt að gera ný átök í því að afla hráefnis af öðru tagi í þessi mikilfenglegu iðjuver, því að hér er sannast að segja um stór iðjuver að ræða, sem slæmt er að þurfa að láta liggja ónotuð og óarðbær. Þessi þáltill. fjallar um, að gerðar verði auknar ráðstafanir til þess að leita að þeim fiskum, sem vel gætu verið fallnir til hráefnis í slíkar bræðslur, og efldar verði tilraunir til þess að veiða þessa fiska, þannig að af því mætti leiða almenna útgerð á þessa nýju fiskistofna og upp rynni nýtt athafnatímabil fyrir þessi mikilfenglegu tæki á landi, sem sé síldarbræðslurnar.

Auðvitað er talsvert gert í þessu skyni, og nokkuð hefur því verið sinnt að leita að loðnu og fylgjast með loðnu og hjálpa til þess, að hún gæti orðið veidd til bræðslu. En samt sem áður finnst okkur flm., að meira mætti að gera í þessu efni, og í því sambandi leyfi ég mér að vísa í grein, sem kom í Ægi, riti Fiskifélags Íslands, 3. hefti 1969, eftir Jakob Jakobsson fiskifræðing, sem nefnist „Bræðslufiskur". Í þessari grein kemur mjög greinilega fram, að fiskifræðingurinn telur líklegt, að hægt mundi vera að stunda loðnuveiði miklu lengur en gert hefur verið og ná betri árangri, ef enn meira væri í það lagt að leita að þessum fiski og fylgjast með honum. Ég fer ekki út í einstök atriði í þessu sambandi, sé ekki ástæðu til þess, því að ég geri ráð fyrir því, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, muni fá færustu sérfræðinga til þess að ræða við sig um málið og einnig forráðamenn sjávarútvegsins. En á það legg ég hina mestu áherzlu, að hv. n., sem fær málið til meðferðar, kveðji ekki aðeins forráðamenn Hafrannsóknastofnunarinnar á sinn fund, sem er mjög þýðingarmikið, heldur einnig fulltrúa frá samtökum sjómanna í landinu og útvegsmanna, því að það er þetta fólk ásamt fiskifræðingum, sem veit bezt um, hvaða möguleikar raunverulega eru hér fyrir hendi. Það þarf að leggja saman reynslu og þekkingu þessara manna og fiskifræðinganna, til þess að mynd fáist af því, hvernig ástatt er og hvað hægt muni vera að gera.

Næst vil ég fara aðeins örfáum orðum um kolmunnann, sem er áreiðanlega mjög þýðingarmikill fiskur, ef rétt er með farið. Ég vil í því sambandi gefa mönnum þær upplýsingar, sem ég hef fengið frá framúrskarandi fiskiskipstjórum, sem fylgjast með því, hvað gerist í þessum efnum, að rússnesk veiðiskip hafa stundað kolmunnaveiðar ár eftir ár hér austur af landinu og þau hafa brætt þennan fisk um borð í verksmiðjuskipunum og einnig fryst talsvert og flutt hann þannig heim með sér líklega til bræðslu heima fyrir. Norðmenn hafa einnig veitt æði mikið af kolmunna. En það eina, sem hér hefur verið gert í þessum kolmunnamálum, er það, að Árna Friðrikssyni hefur verið falið að skima eftir kolmunna um leið og hann hefur átt að annast síldarleit, en það er líka það eina, sem gert hefur verið. Í þessum leiðöngrum t. d. í maí 1970, hefur Árni Friðriksson fundið æði margar stórar torfur af kolmunna austur af landinu, en síðan ekki söguna meir. Það hafa sem sé engin fiskiskip verið þá við hendina til þess að fylgja eftir þessari vitneskju. Íslendingar hafa sem sé enn sem komið er ekki lagt sig eftir kolmunnaveiðum, og segja má, að þær yrðu að vera tilraunaveiðar hér hjá okkur, því að þær hafa ekki verið stundaðar. Sú eina kolmunnaveiði, sem hér hefur átt sér stað, er sú, sem orðið hefur óviljandi, þegar menn hafa fengið kolmunna í staðinn fyrir síld. En þess er ekki að vænta, að einstakir útvegsmenn geti lagt í leiðangra til kolmunnaveiða. Þess vegna þarf það opinbera að eiga hlut að því, að gert verði út á kolmunnaveiðar í tilraunaskyni og að þeir tilraunaleiðangrar verði settir í samband við kolmunnaleitina. Það er ekki nóg að leita að fiskinum og finna kannske talsvert af honum. Tilraunaskipið getur ekki veitt að neinu ráði. Aðrir verða að taka við og framkvæma veiðarnar, og það er ekki

líklegt, að einstakir útgerðarmenn telji sig hafa bolmagn til þess að byrja á slíkum veiðum. Þess vegna er það okkar skoðun, að það þurfi að styrkja tilraunaleiðangra til kolmunnaveiða, og mér er kunnugt um, að það er gífurlegur áhugi meðal sjómanna og útvegsmanna einmitt fyrir þessu og þá ekki síður hjá þeim, sem eiga hér síldarbræðslur. M. a. hefur þetta komið til tals í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, að það sé kominn tími til þess, að hið opinbera eigi hlutdeild í slíkum leiðangri. Það er engin ástæða til að halda, að við getum ekki veitt kolmunna með góðum árangri hér austur af landinu eins og Rússar og Norðmenn. Við eigum standandi á ströndinni öflugar, góðar síldarverksmiðjur, sem hafa ekkert að gera, en kolmunnann úti fyrir, án þess að honum sé sinnt. En það kemst ekki skriður á þetta nema það sé bæði leitað og veitt í tilraunaskyni á vegum þess opinbera, t. d. í samvinnu við síldarverksmiðjurnar.

Ég skal svo ekki ræða um einstaka fiska meira. Ég nefni þessar fisktegundir. Það er raunar einnig athyglisvert í sambandi við þessar hugsanlegu kolmunnaveiðar, að það hefur ekki fengizt hér verðlagður kolmunni. Þó hafa ýmsir haft áhuga fyrir því, að hér fengist sett verð á kolmunna, ef menn vildu fara á stúfana og veiða hann til bræðslnanna, en það hefur ekki fengizt. Það hefur ríkt í þessu alger doði. En þetta þyrfti að breytast og ætti að ganga í það að gera kolmunnanum skil. Það þarf sem sé að okkar dómi að auka leitina að loðnunni og rannsóknir á henni, auka kolmunnaleitina og gera út leiðangra til þess að koma af stað kolmunnaveiðunum. Það er máske minna vert um spærlinginn og sandsílið. Ég þori ekki um það að segja. Þeim málum hefur verið nokkuð sinnt, en ég sé ekki ástæðu til þess að ræða um þær fisktegundir sérstaklega, en það er sjálfsagt að taka það með að sinna því vel, að skyggnast eftir þeim og gera sér grein fyrir því, á hvern hátt þær gætu orðið nýttar.

Það er svo annað mál, að ég er alveg sannfærður um, að þessir litlu fiskar, svo sem loðna, kolmunni, spærlingur og sandsíli, geta ekki aðeins orðið bræðsluhráefni, þótt þeir séu nú hér nefndir í sambandi við bræðslur og bræðslu, heldur er það augljóst mál, að þegar eftirspurn eykst eftir fiskmeti í heiminum, sem eykst nú gífurlega eins og við sjáum, þá verða þessir fiskar mjög eftirsóttir til matar. Og það er nú þegar farið að notfæra sér loðnu mjög verulega til matar. Því skyldi ekki vera hægt að leggja niður og matbúa með margvíslegu móti þessa smáfiska eins og marga aðra smáfiska, svo sem sardínur o. fl.? Það er ákaflega þýðingarmikið mál að notfæra sér þá möguleika, sem þarna eru fyrir hendi. En í því þarf alveg vafalaust talsverða opinbera forustu, og það viljum við reyna að sýna fram á og fá viðurkennt í framkvæmdinni, og við það er þessi þáltill.-flutningur miðaður.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tel mjög eðlilegt og sjálfsagt, að fram fari allar athuganir eins og við verður komið á því, á hvaða hátt fiskimiðin kringum landið verði bezt nytjuð. Ég hef nú satt að segja haldið, að þessi þróun yrði frekar í þá átt að veiða þann fisk, sem hér er hægt að veiða, hvort sem þar er um stærri eða smærri fisktegundir að ræða, með það fyrir augum, að hann yrði sem mest gerunninn til útflutnings, en ekki að fara í slíkar veiðar á smærri fisktegundum til bræðslu. Það er alveg vitað, að gervinnsla á fiski gefur miklu meiri vinnulaun fyrir það fólk, sem í landi er og vinnur við fiskiðnaðinn, en bræðslufiskur almennt gerir. Ég tel ekki, að það geti verið rök fyrir því að fara í stórum stíl út í að sumu leyti hæpnar veiðar á þessum fisktegundum, sem hér hafa verið nefndar, vegna þess að í landi séu til þær verksmiðjur, sem fram að þessu hafa unnið úr síld og þá loðnu. Vitað er, að síldin er því miður að verða mjög sjaldgæfur fiskur hér við land, ef svo má segja. Veiði á henni fer alltaf minnkandi ár frá ári, og fiskifræðingar geta ekki staðhæft það og ekki bent á það með neinum rökum, að þess sé að vænta, að þetta sé kannske tímabundið ástand hér við land, heldur geti svo farið, að síldin sé horfin frá ströndum landsins um lengri eða skemmri tíma. Við aukna sókn í loðnuveiðarnar hefur það komið í ljós, kom í ljós á síðasta ári, hvort sem það er stundarfyrirbæri eða ekki, að hún veiddist að vissu marki. Hún var elt austan frá strönd landsins vestur að Portlandi. Þar virtist hún vera horfin, hvort sem það hefur nú verið vegna þess að hún hefur tekið breytta stefnu frá því, sem menn eiga að venjast, farið aðra leið í kringum landið á hringrásinni, eða hvort sóknin hefur verið of mikil í stofninn. Það liggur ekki ljóst fyrir, og hafa ekki fengizt skýringar á því hjá fiskifræðingum, hvað þarna hafi raunverulega verið að gerast. En hitt er staðreynd, sem við blasir, að þetta skeði. Bátamenn eltu þennan fisk frá því að hann kom til landsins við austurströndina og að Portlandi. Þar með var veiðin búin á s. l. vertíð. Eins og ég segi kann þetta að vera stundarfyrirbæri, og er vonandi, að annað hafi verið að verki en það, að of mikil sókn hafi verið í þessar veiðar, en hitt er staðreynd, að þetta átti sér stað, og einnig það, að þetta er í fyrsta skipti, að ég hygg, sem þeir menn, sem stundað hafa sjó hér við suðurströndina um áratugabil, muna eftir því, að loðna hafi ekki komið vestur fyrir Portland.

Það er önnur spurning, sem ég tel að hljóti að vakna upp í sambandi við hugmyndir um aukna sókn í fisktegundir, sem hér er minnzt á, spærling og sandsíli. Það hefur alltaf verið talið, að einmitt þessar fisktegundir væru það, sem annar nytjafiskur okkar, þorskurinn, sækti mest í og lifði kannske að verulegu leyti á vissan tíma árs og kannske mikinn tíma árs á sumum stöðum við landið. Það er þá ekki óeðlilegt, að upp vakni spurningin: Hvað skeður, ef sókn er stóraukin í þessar fisktegundir? Ég hef spurt fiskifræðing um þetta. Er þetta óhætt? Erum við kannske að vinna þarna spjöll, sem verða þess valdandi, að veiði minnkar verulega á öðrum nytjafiskum, sem við höfum hingað til byggt atvinnuvegi okkar á? Þeir segja réttilega: Það hefur ekki farið fram nægileg rannsókn, til þess að þessu spursmáli verði svarað. Ég hygg, að það sé alveg rétt hjá þeim. Þeir telja sig hvorki geta játað því eða neitað, vegna þess að nægileg rannsókn hefur ekki farið fram á þessu. Þess vegna tel ég sjálfsagt, að það verði gert meira af því eftirleiðis en hingað til hefur verið gert að kanna, hvernig við getum á sem arðvænlegastan hátt fyrir þjóðarheildina nytjað veiðisvæðin. Ég mundi telja það illa farið, ef svo færi t. d. með spærling og sandsíli, að þessar fisktegundir hyrfu allt í einu úr hafinu hér í

kringum landið, eins og síldin hefur gert í bili. Það getur vel verið, að það mundi ekkert ske við það, en einhvern veginn held ég nú, að sjómenn hafi það á tilfinningunni, að það mundi eitthvað raskast við þetta, að aðrir nytjafiskar sæktu ekki eins á miðin, ef þessa fiska væri þar ekki að finna, því að lögmál náttúrunnar er, eins og allir vita, að það lifir þar hvað á öðru. Hinn stærri og gráðugri gleypir það smærra og lifir á því. Þetta er lögmál í dýraríkinu, og ef þessum hlutföllum er verulega raskað með stórsókn í þessar tegundir, þá gæti án efa verið hætta á því, að röskunin yrði meiri en við gerum okkur grein fyrir.

Eins og ég sagði í upphafi, þá held ég, að við hljótum að stefna að því fyrst og fremst að rannsaka aðstöðu okkar í sambandi við fiskveiðarnar í heild, hvaða fiskveiðar sé skynsamlegast að leggja mesta áherzlu á, og þá alveg sérstaklega þær fisktegundir, sem hægt er að vinna til útflutnings með meiri gervinnslu en átt hefur sér stað hingað til. Þróunin hefur verið að færast í þá átt, að þetta hefur smátt og smátt verið að gerast, að meiri gervinnsla hefur átt sér stað. En með hinar smærri fisktegundir, eins og síld, loðnu og spærling, hafa ekki verið gerðar tilraunir, svo að neinu nemi, eftir því sem ég bezt veit. Vel má vera, og ég hygg, að það sé rétt hjá flm. till., að þetta sé önnur hliðin á málinu, það geti vel farið svo, að með nægilegum athugunum komi það í ljós, að þessar smærri fisktegundir geti orðið verðmætar, ekki til bræðslu, heldur kannske fyrst og fremst til útflutnings og þá sem niðursoðnar eða niðurlagðar vörur. Væri að sjálfsögðu allt önnur aðstaða til þess að hefja veiðar á þessum tegundum, ef um það væri að ræða að gera þær að útflutningsvöru á þann hátt, því að þá yrði þar ekki um neitt magn sem heitið gæti að ræða og ekki magn, sem gæti raskað þeim hlutföllum, sem ég minntist á, að hlytu að vera eða maður verður að ætla, að séu á milli þessara fisktegunda og annarra nytjafiska, sem nú eru uppistaðan í okkar atvinnulífi.

Sem betur fer sýnist mér, að nokkur breyting sé kannske að verða á í sambandi við fiskveiðarnar, og á ég þar við það, sem nú hefur gerzt á þessu ári, að rækja er t. d. farin að veiðast víðar við land en áður var þekkt. Hún var, eins og vitað er, aðallega veidd í Ísafjarðardjúpi. Nú er hún farin að veiðast hér við Reykjanes, og ég hygg, að sjómönnum mörgum sé það ljóst, að rækja er kannske í mun stærri stíl annars staðar við landið en á þessum stöðum, sem hún enn þá hefur verið veidd. Og mér er kunnugt um það, að athuganir munu verða gerðar á því, þegar veðurfar og aðstæður leyfa, hvort rækja sé kannske í mun stærri stíl annars staðar við strendur landsins en hingað til hefur verið veitt. Þetta getur á mörgum stöðum, í mörgum sjávarplássum, gerbreytt atvinnulífinu, ef það kæmi á daginn, að hægt væri að veiða rækju í nokkuð stórum stíl. Þetta er sú tegund af sjávarfangi, sem útheimtir mjög mikla vinnu, skapar mikla vinnu í landi og er ein dýrasta sjávarafurð, sem flutt er út, og gæti þar af leiðandi orðið mjög til hagræðis og til þess að auka útflutning landsins á sjávarafurðum.

Þá verður sú breyting á, að hér við suðurströndina, bæði á miðum Grindavíkurbáta og miðum Vestmannaeyjabáta, er farið að veiða í net á þeim tíma árs, sem ekki hefur verið talið gerlegt að reyna þetta áður. Að vísu er þar nær eingöngu um eina fisktegund að ræða. Það er ufsi, sem veiðist í netin. Þetta var áður fyrr talinn mjög verðlítill fiskur. Nú í dag er þetta aftur að verða mjög verðmikill fiskur, og eftir því aflamagni, sem bátar hafa fengið undanfarna daga, bæði þeir, sem róa í Grindavíkursjó, og þeir, sem róa á miðin við Portland, þá er um það mikið magn að ræða, að vel getur svo farið að netavertíð lengist verulega frá því, sem við höfum áður þekkt. Netaveiðar hafa almennt ekki byrjað hér við suður- eða suðvesturströndina fyrr en komið er langt fram í febrúar eða marzmánuð. En við það, að ufsinn er allt í einu orðinn verulega verðmætur fiskur, bæði fyrir sjómenn og eins fyrir fiskvinnsluna í landi, þá virðist vera orðin nokkur breyting á til hagsbóta fyrir þjóðarheildina í framtíðinni, því að fari svo, að netavertíð lengist hér á þessum aðalveiðisvæðum frá Reykjanesi og austur að Hornafirði, lengist kannske allt frá því í okt. og fram á vor, þá auðvitað gerbreytir það rekstrargrundvelli þeirra báta, sem veiðar stunda á þessu svæði. Þessar veiðar byrjuðu frá Grindavík og frá Vestmannaeyjum á s. l. ári, svona upp úr áramótum eða með áramótum, með svona sæmilegum árangri, og hygg ég, að nokkur undirbúningur hafi verið undir það að byrja þessar veiðar miklu almennara upp úr áramótum en áður hafði verið. En við það, sem gerzt hefur síðustu daga, þá er það sjáanlegt, að stefnt verður að því, ef framhald verður á þessum veiðum eftirleiðis, að þessar veiðar byrji þegar með októbermánuði.

Það, sem gaf mér tilefni til þess að ræða þá till., sem hér er flutt fram, er ekki það, að ég sé henni mótfallinn. Ég tel allar athuganir, sem miða í þá átt að kanna, hvernig við getum bezt komið okkur fyrir með fiskveiðarnar, sjálfsagðar, en ég vildi þó benda á það, að þarna er komið inn á a. m. k. tvær fisktegundir, þ. e. spærling og sandsíli, en ég hygg, að það þurfi nánari athugunar við, hvort það sé gerlegt og hagkvæmt þjóðfélagslega séð að taka upp veiðar á þeim í stórum stíl. Spærlingsveiðar hafa verið reyndar hérna. Þær voru reyndar fyrst árið 1969 og aftur nú í sumar. Því er ekki að neita, að þetta virtist vera nokkuð til ávinnings til að byrja með. Menn töldu sig sjá fram á það, að þarna gæti orðið um aukinn rekstrargrundvöll fyrir stærri gerð fiskibáta að ræða. Hins vegar er veitt í botnvörpu með mjög smáriðnum möskvum, og hlýtur það að skapa nokkurn vanda, þegar 200—400 tonna bátar fara inn á trollsvæði, þar sem annars er ekki leyfilegt að veiða, og veiða þar með mjög smáriðnum möskvum. Það hefur kannske ekki komið beint í ljós, að þarna geti verið hætta á því, að þeir veiði ekki einasta þá fisktegund, sem þeir ætla að veiða, heldur fylgi þar með aðrar fisktegundir, sem bannað er að veiða í smáriðna möskva. Þó er þetta nú kannske ekki aðalatriðið. Hitt er vitað, að það hlýtur að vera mikil freisting fyrir þá, sem þessar veiðar stunda, að misnota þessi veiðarfæri, halda sig ekki eingöngu að þeirri fisktegund, sem þeir hafa leyfi til að veiða, heldur veiða með í stærra mæli en reiknað er með aðrar fisktegundir í veiðarfæri, sem ekki eru lögleg til veiða á þeim svæðum, sem þeir hafa veiðiheimildir á.

Ég endurtek: Allar frekari athuganir eru sjálfsagðar, en grundvallarstefnan í sambandi við fiskveiðarnar held ég að hljóti að verða sú í framtíðinni, að ekki einasta sé stefnt að því að moka upp sem mestu magni

af fiski í bræðslu, heldur að nytja allar þær fisktegundir, sem hægt er að veiða, og þá alveg sérstaklega með það fyrir augum að gervinna þær til útflutnings.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Sunnl., sem talaði um heildarstefnuna í þessum málum. Ég þorði ekki að ganga lengra í framsögu minni en að leggja áherzlu á loðnuna og kolmunnann, einmitt af svipuðum ástæðum og komu fram hjá honum, enda þótt minnzt sé á spærlinginn og sandsílið í ályktuninni. Við tókum þessar fjórar fisktegundir inn í ályktunina og studdumst þar við þær ritgerðir, sem ég vísaði til áðan, eftir Jakob Jakobsson fiskifræðing, sem virðist telja álitlegt að athuga um þessar fjórar tegundir, en ég lagði aðaláherzluna á loðnuna og kolmunnann, af því að á þessu stigi hef ég ekki sterka sannfæringu fyrir því, að ástæða sé til að leggja áherzlu á spærling eða sandsíli í sambandi við bræðslu. Samkv. því, sem fyrir liggur, virðist manni hins vegar alveg óhætt að leggja ríka áherzlu á að ná í talsvert af loðnu og kolmunna í bræðsluna.

Heildarstefnunni, sem kom fram í hans ræðu, er ég sem sé algerlega sammála. Það kom einnig fram í hans ræðu, sem við vitum, að við stöndum okkur ekki nógu vel í rannsóknum. Okkar vitneskja er ekki nægilega glögg um fiskana og fiskstofnana, jafnvel ekki suma þá, sem við eigum mest undir, en ég ætla ekki að ræða það núna, vegna þess að ég á aðra till. hér á dagskrá, sem fjallar einmitt um það efni.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Útflutningsráð.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um Útflutningsráð [64. mál] (A. 66).

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 13. fundi í Sþ., 24. nóv. og 3. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Við hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, flytjum hér till. til þál. um útflutningsráð. En till. er svo hljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um útflutningsráð, er hafi það hlutverk að efla íslenzka útflutningsstarfsemi og annast um útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanrrn. og viðskrn. Útflutningsráð verði sjálfstæð stofnun, skipað fulltrúum helztu samtaka íslenzkra útflytjenda og atvinnuvega. Viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar verði að hluta starfsmenn útflutningsráðs."

Við teljum eðlilegt að taka þetta mál upp hér á hv. Alþ. í formi þál., þar sem gert er ráð fyrir því, að aðild að útflutningsráði eigi ýmsir aðilar og þess vegna eðlilegt, að nokkur undirbúningur fari fram um samningu lagafrv. um málið. Einn af þeim aðilum, sem gert var ráð fyrir í þáltill. að eigi aðild að ráðinu, er sjálft ríkisvaldið og þess vegna eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi forustu um að láta undirbúa frv. um málið. Fyrir nokkuð löngu síðan mun hafa verið samþ. hér á hv. Alþ. þáltill. frá Jóni Skaftasyni, hv. 2. þm. Reykn., á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og markaðsleit í þágu atvinnuvega þjóðarinnar, og verði niðurstöður þessara athugana lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Þetta mun hafa verið samþ. á Alþ. árið 1966. Ég hygg, að það hafi verið sett nefnd í þetta mál, en mér er ekki kunnugt um og ég dreg það í efa, að sú nefnd hafi skilað áliti enn sem komið er. Það eru ýmsir aðilar, sem hafa unnið merkt starf á vettvangi útflutnings- og markaðsmála, og má þar nefna marga; í sjávarútvegi t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga, SÍF og ýmsa fleiri; í landbúnaði Samband ísl. samvinnufélaga og fleiri. Þá hefur verið starfandi um tveggja ára skeið sérstök útflutningsskrifstofa fyrir iðnaðinn, og mun hún hafa unnið talsvert mikið og merkilegt undirbúningsstarf á sviði iðnaðarins, og vörusýninganefnd hefur haft nokkra starfsemi og fleira mætti eflaust nefna í þessu sambandi.

Það fer ekki á milli mála, að undirstaða íslenzks efnahagslífs er útflutningurinn. Afkoma Íslendinga, efnahagsleg, hvílir á útflutningsatvinnuvegunum að mjög verulegu leyti eins og kunnugt er og útflutningsstarfseminni. Á síðasta ári, árið 1969, munu hafa verið fluttar út vörur fyrir 9.5 milljarða ísl. kr. og sýnir það í raun og veru gleggst, hvílík verðmæti um er að ræða. Hlutur sjávarútvegsins er náttúrlega langstærstur í þessum efnum. En það er höfuðnauðsyn fyrir okkur Íslendinga að efla útflutninginn og útflutningsstarfsemina. Á því hvílir í raun og veru framtíðin í efnahagsmálum. Nýlega höfum við gerzt aðilar að Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Það kemur til með að opnast og hefur opnazt markaður, nýr markaður að nokkru leyti fyrir okkar útflutningsafurðir, en þessi markaður er líka á vissan hátt hættulegur fyrir okkar atvinnulíf að því leyti til, að hann er mjög háþróaður. Þar er rekin mjög öflug og skipulögð framleiðslustarfsemi, sem kemur til með að keppa við okkar unga og tiltölulega lítt þróaða atvinnulíf. Það, sem e. t. v. mætti drepa á í sambandi við þessar hugleiðingar, það er nauðsynin á því fyrir Íslendinga að efla og byggja upp atvinnufyrirtæki þjóðarinnar. Án þess að ræða nokkuð nánar um það mikla deilumál, hverjir eigi að vera eigendur atvinnutækjanna þá er eitt ljóst, og það er það, að uppbygging atvinnufyrirtækjanna hlýtur að vera stór-

kostlegt framtíðarmál fyrir þjóðina, sem allir ættu að gefa gaum að og alls ekki gera of lítið úr.

Það, sem flestar þjóðir kappkosta í raun og veru, er að efla og stækka atvinnufyrirtækin og taka í þjónustu þeirra nýja tækni, vísindi og nýja kunnáttu á öllum sviðum. Fer mikið fyrir skipulagningu af ýmsu tagi í þessum efnum, bæði innan fyrirtækjanna sjálfra og einnig í sambandi við atvinnuuppbyggingu til þess að skapa skilyrði fyrir hagstæðari þróun í þessum málum. Þessi till., sem við flytjum hér, er í raun og veru um það, að hafizt verði handa um skipulagningu og samræmingu á útflutnings- og markaðsmálum þjóðarinnar, og það hafa verið gerðar samræmdar aðgerðir í þessum málum. Það mætti segja, að hægt væri að gera greinarmun á tveimur stefnum í þessu efni. Önnur stefnan er sú, að hver atvinnugrein fyrir sig setji upp sérstaka stofnun, sem fjallar um útflutnings- og markaðsmál. Í því sambandi má geta þess, að það hafa verið lögð fyrir hv. Alþ. frv. til laga, og það mun liggja eitt frv. af þessu tagi fyrir Alþ. nú, frv. til laga um útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Á Alþ. 1967 var lagt fram frv. til laga um fiskimálaráð, sem gerði ráð fyrir því, að fiskimálaráð skyldi vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum og hafa þar með höndum mikil verkefni. Þá kom fram frv. hér á þinginu 1965—1966 um Stéttarsamband bænda, samningsrétt þess o. fl. Flm. var hv. þm. Hannibal Valdimarsson. Þar var gert ráð fyrir sérstöku útflutningsráði landbúnaðarins. Það eru því ýmsir þeirrar skoðunar, að það geti komið til greina að velja þá stefnu í þessum málum að greina þetta niður eftir atvinnugreinum og hafa sérstaka starfsemi á vegum sjávarútvegsins, landbúnaðarins og iðnaðarins. Hin stefnan er sú að reyna að samræma og skipuleggja starfsemi allra útflutningsgreina með tilliti til þess að veita þeim kröftum, sem þessar atvinnugreinar hafa yfir að ráða, í einn og sama farveg og byggt á þeirri hugsun, að starfsemi af því tagi gefi betri árangur heldur en að greina þetta niður, sem sagt að sameina kraftana og okkar takmörkuðu getu í stað þess að greina þetta niður í margar kvíslar.

Í okkar nágrannalöndum hefur verið komið á fót sérstökum útflutningsráðum til þess m. a. að greiða fyrir framleiðendum með sölu á framleiðsluvörum sínum á erlendum mörkuðum. Ég hef sérstaklega kynnt mér, hvernig þessum málum er háttað í Noregi, með því að athuga löggjöf, sem Norðmenn hafa samþ. um útflutningsráð Noregs. Í styrjaldarlokin, þegar Norðmenn hófu endurreisnina, var komið á skipulagðri samvinnu milli útflutningsatvinnuveganna annars vegar og yfirvalda hins vegar, svo og milli hinna ýmsu útflytjenda innbyrðis. Var þetta gert með stofnun sérstaks útflutningsráðs árið 1945. Árið 1956 og aftur 1959 var norska útflutningsráðið endurskipulagt. Þá var lögfestur tekjustofn til handa ráðinu, sem svarar til ¾‰ af öllum norskum útflutningi nema skipum. Staða ráðsins sem sjálfstæðrar stofnunar var og styrkt. Það má geta þess, að útgjöldin vegna rekstrar norska útflutningsráðsins námu árið 1967 um 7.8 millj. norskra króna eða milli 90 og 100 millj. íslenzkra króna.

Ráðið er þannig skipað, að meiri hl. meðlima þess eru fulltrúar frá sérstökum samtökum. Sérstaklega er tekið mikið tillit til þýðingarmestu útflutningsaðila. Þá eiga viðskiptabankar þar fulltrúa svo og verzlunarflotinn norski. Landssamband norskra iðnaðarmanna, sýningarsamtökin norsku, samtök sjávarútvegsins, fulltrúar frá utanrrn., fjmrn. og viðskrn. eiga einnig fulltrúa í ráðinu. Utanrrn. ákvarðar fjölda meðlima þess eftir að hafa lagt það mál fyrir stjórn ráðsins. Hins vegar tilnefna hinar ýmsu stofnanir, sem fulltrúa eiga í ráðinu, fulltrúa sína. Ríkisstj. tilnefnir þó formann ráðsins, og alls eru um 43 meðlimir í norska útflutningsráðinu. Það heldur reglulega fundi tvisvar á ári og velur sér þar stjórn og framkvæmdastjóra.

Stjórnin er kosin til eins árs í senn. Fjórir fulltrúar eru valdir frá iðnaðarframleiðslunni og iðnaðarmönnum, þrír frá fiskútflutningnum og tveir frá útflutningsverzluninni. Þrír eru síðan valdir án þess að vera fulltrúar neinnar sérstakrar atvinnugreinar, og formaður ráðsins er einnig í stjórninni ásamt fulltrúa frá utanrrn. Alls eru því 14 fulltrúar í stjórn. Þessi stjórn heldur 4—6 reglulega fundi á hverju ári. Formaður útflutningsráðsins, fulltrúi utanrrn. og framkvæmdastjóri ráðsins ásamt fjórum meðlimum þess, kosnum af stjórninni, mynda framkvæmdastjórn, sem heldur fundi 6—8 sinnum á ári. Formaður útflutningsráðs er einnig formaður framkvæmdastjórnar. Hina daglegu framkvæmdastjórn annast fastir starfsmenn undir stjórn framkvæmdastjóra ráðsins.

Aðalskrifstofurnar eru í Osló og vinna þar um 85 manns í þremur deildum. Í fyrsta lagi er stjórnsýsludeild, í öðru lagi upplýsingadeild og í þriðja lagi sérstök markaðsdeild. Stjórnsýsludeildin sér um skrifstofuhald og almennan rekstur ráðsins. Upplýsingadeildin hefur tvíþætt hlutverk. Í fyrsta lagi að upplýsa norska útflytjendur um ástand og þróun erlendis, sem getur haft þýðingu fyrir söluaukningu á útflutningsvörum, og í annan stað að kynna útlendingum, útlendum viðskiptavinum, möguleika á hvers konar útflutningi frá Noregi og ekki sízt hvenær hann geti átt sér stað. Markaðsdeildin ræður starfsmenn, sem eiga að vera sérfræðingar á hinum mismunandi mörkuðum og einnig reyndir á þeim sviðum, sem þeir fjalla sérstaklega um. Þessir starfsmenn eru til reiðu fyrir alla, sem leita ráðlegginga hjá ráðinu um útflutning.

Á þýðingarmestu mörkuðum hefur útflutningsráðið eigin sendimenn, t. d. í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Niðurlöndum, Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar. Þeir vinna í nánum tengslum við utanríkisþjónustuna. Þar sem diplomatar vinna að markaðsrannsóknum og verzlunarmálum, eru störf þeirra unnin á ábyrgð útflutningsráðsins og þeir senda skýrslur sínar þangað. Á þetta jafnt við um sendiráðin, aðalræðismannsskrifstofur, ræðismenn o. fl. Hefur fulltrúum utanríkisþjónustunnar verið beitt í vaxandi mæli á þessum vettvangi. En þessir aðilar geta í krafti stöðu sinnar og kunnugleika í þeim löndum, þar sem þeir starfa, aðstoðað norska útflytjendur á ýmsa máta.

Norskir iðnrekendur og verzlunarsambandið hafa stofnað sérstakan skóla, sem heitir útflutningsskóli Noregs og heldur námskeið um þessi málefni. Verkefni skólans er fyrst og fremst að sérhæfa unga menn, sem hafa nokkra reynslu fyrir, í útflutningsmálunum og iðnaði eða verzlun. Einnig eru haldin sérstök námskeið fyrir framkvæmdastjóra fyrirtækja. Í Osló er sérstök bygging fyrir iðnaðinn og verzlunina. Þar eru stöðugar

sýningar á norskum vörum á vegum sérstakrar stofnunar, sem útflutningsráðið og samband norskra iðnrekenda eiga. Þá fer einnig fram kynningarstarfsemi í þessu húsi á norskum matvörum á vegum stofnunar, sem heitir Norsk matsentrum eða Norska matvælamiðstöðin. Útflutningsráðið er aðili að þessari stofnun. Útflutningsráðið hefur svo með höndum margþætta starfsemi, t. d. upplýsingastarfsemi og mikla útgáfustarfsemi bæði heima og erlendis. Það stuðlar að þátttöku í vörusýningum í samráði við norsku sýningarsamtökin og aflar sjónvarpsefnis bæði fyrir norska sjónvarpið og einnig fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar, sem er liður í þessari útbreiðslustarfsemi. Það skipuleggur ferðir blaðamanna til Noregs og fræðir þá um þessi málefni með fyrirlestrahaldi, kvikmyndasýningum og ferðalögum, og margt fleira mætti segja um útbreiðslu- og kynningarstarfsemi norska útflutningsráðsins.

Útflytjendur snúa sér til ráðsins til að fá greitt úr ýmiss konar vanda varðandi útflutningsmálin. Talsvert þýðingarmikill þáttur í starfsemi útflutningsráðsins er að skapa sambönd milli útflytjenda og erlendra kaupenda og er það gert með ýmsum hætti.

Þá eru markaðsupplýsingar mjög þýðingarmikill þáttur í starfsemi útflutningsráðsins, þar sem einstök fyrirtæki geta snúið sér til þess og fengið þar beztu fáanlegar upplýsingar í sambandi við möguleika á sölu þeirrar framleiðslu, sem viðkomandi fyrirtæki framleiðir. Margt fleira mætti auðvitað segja um starfsemi norska útflutningsráðsins. Ég hef orðið dálítið langorður um það, hvernig það er skipað og hvernig Norðmenn haga þessum málum hjá sér. Ég geri mér auðvitað vel ljóst, að við Íslendingar mundum að sjálfsögðu ekki setja upp svo stóra stofnun sem Norðmenn hafa gert. Það liggur í hlutarins eðli. Eigi að síður getum við sitthvað af þessari starfsemi Norðmanna lært, og þess vegna vildi ég skýra frá skipun og starfsemi norska útflutningsráðsins í sambandi við þessa þáltill. um útflutningsráð.

Að dómi okkar flm. er hér um að ræða þýðingarmikið og tímabært málefni. Mjög er áríðandi að örva og efla útflutningsverzlun þjóðarinnar og finna markaði fyrir vaxandi útflutningsframleiðslu, sérstaklega í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði. Með tilkomu markaðsbandalaga og aðildar okkar að EFTA vex nauðsyn á að tengja á lífrænan hátt framleiðslustarfsemi atvinnuveganna við erlenda markaði í þeim tilgangi að greiða fyrir sölu á framleiðsluvörum okkar. Ætla verður, að erfiðleikum sé bundið fyrir einstök fyrirtæki að standa fyrir markaðskönnun á erlendri grund. Hér þarf til að koma samstillt átak ríkisvaldsins og íslenzkra atvinnuvega.

Útflutningsráð færi fyrst og fremst með útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanrrn. og viðskrn. og þyrfti á skipulegan hátt að vinna að því að afla markaða erlendis fyrir íslenzkar framleiðsluvörur. Útflutningsráð þyrfti að vera upplýsinga- og kynningarmiðstöð fyrir útflytjendur og atvinnuvegina. Það væri útflytjendum til ráðuneytis um verzlun og viðskipti milli landa. Þá þyrfti útflutningsráð að hafa forgöngu um framleiðslu nýrra vörutegunda, sem ætla mætti, að markaður væri fyrir eða möguleikar á að skapa nýjan markað fyrir. En höfuðatriðið er að byggja á því að framleiða vörur aðeins fyrir markaði, sem fáanlegir eru, en ekki eins og stundum hefur viljað brenna við að framleiða vöruna og reyna svo að afla henni markaðar, eftir að hún hefur verið framleidd. Markaðsathuganir hafa farið fram hjá ýmsum aðilum. Þar er fyrst að nefna utanrrn., því að sendiráðin munu hafa haft með höndum einhverja takmarkaða markaðsathugun. Það leiðir af sjálfu sér, að starfslið sendiráða er ekki svo fjölmennt, að það geti sinnt þessari mjög svo nauðsynlegu starfsemi nema að mjög óverulegu leyti, því að á þessum sviðum þurfa í raun og veru að starfa sérfróðir menn, menn með sérþekkingu á vörum, framleiðsluvörum og verzlun o. fl., til þess að við höfum möguleika á því að keppa við aðrar þjóðir á þessum sviðum. Viðskrn. hefur aðstoðað utanrrn. við gerð viðskiptasamninga við önnur ríki, og þar er starfandi sérstök útflutningsdeild, sem hefur með höndum leyfisveitingar til útflutnings. Undir það heyrir alþjóðleg efnahagssamvinna, og það hefur fylgzt með þróun markaðsbandalaga og hefur haft með höndum upplýsingasöfnun um erlenda markaði almennt. Það er fjarri mér að vilja gera á neinn hátt lítið úr viðleitni þeirra aðila, sem hér hafa verið nefndir, og fleiri aðila í sambandi við markaðsmálin og markaðsathuganir, en ég hygg, að það sé nú samdóma álit flestra, ekki sízt þeirra, sem starfa í atvinnurekstrinum, að það sé nauðsynlegt að taka miklu fastar á í þessum málum og gera stærri átök í markaðsmálunum.

Við leggjum til, að útflutningsráð verði sjálfstæð stofnun, skipuð fulltrúum helztu samtaka íslenzkra útflytjenda og atvinnuvega, og ef hagkvæmt þætti, gætu utanrrn. og viðskrn. einnig átt fulltrúa í útflutningsráði. Ég tel, að það komi mjög til greina að sameina viðskrn. og utanrrn., að leggja viðskrn. undir utanrrn. Þá yrði hæstv. viðskrh. — hann er ekki viðstaddur — þá yrði hans starfssvið miklu minna en það er nú, en ýmsir eru þeirrar skoðunar, að það sé óþarfi að hafa þessa starfsemi í tveimur rn., heldur kæmi mjög til greina í sambandi við stofnun á sérstöku útflutningsráði að leggja viðskrn. undir utanrrn. En það mætti hugsa sér — og það hafa komið fram raddir um það, — ef sérstakt útflutningsráð yrði stofnað, að það heyrði t. d. undir viðskrn. Við erum hins vegar á þeirri skoðun, að það sé æskilegast, að þessi stofnun sé sjálfstæð stofnun og í sem lífrænustu sambandi við atvinnuvegina og mjög undir stjórn þeirra, til þess að slík stofnun hafi meiri þrýsting og meiri áhuga á að vinna að þessum málefnum, því að það ætti að vera tryggður áhugi atvinnuveganna eða fulltrúa frá atvinnuvegunum á starfi stofnunarinnar, ef hún er starfrækt á þeirra vegum að miklu leyti og undir þeirra stjórn, en auðvitað í samráði við sjálft ríkisvaldið. Starfsmenn útflutningsráðs erlendis þyrftu ekki allir að vera fastir opinberir starfsmenn og þeir yrðu að hafa trausta þekkingu á þörfum atvinnulífsins, verzlun og viðskiptum, en njóta jafnframt aðstoðar og fyrirgreiðslu utanríkisþjónustunnar. Æskilegast væri, að viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar verði að hluta starfsmenn útflutningsráðs og ráðnir til starfa í samráði við eða eftir tilnefningu ráðsins. Lagt mun hafa verið fyrir hv. Alþ. í fyrra frv. til l. um utanríkisþjónustu Íslands. Ég hygg, að það hafi nú ekki komið fram enn þá á þessu þingi, en þar hygg ég, að sé gert ráð fyrir því, að ráðnir verði sérstakir við-

skiptafulltrúar í utanríkisþjónustuna, og það er með hliðsjón af því, sem við gerum þetta að umtalsefni hér í grg. fyrir till.

Við höfum ekki gert till. um, hverjir eða hvernig afla skuli fjár til að greiða kostnað af störfum útflutningsráðs. En ég vil benda á, hvernig Norðmenn fara að. Þeir fara þannig að, að þeir leggja vægt gjald á útflutningsvörur, sem er svo m. a. notað til þess að standa straum af kostnaði við rekstur ráðsins. Þó er þetta atriði, sem auðvitað er hægt að haga á ýmsa vegu og ekki óeðlilegt kannske, að ríkisvaldið, ef það á einhverja aðild að ráðinu, tæki sérstaklega þátt í þessum kostnaði.

Það væri e. t. v. ástæða til þess að spyrja um það, hve rík þörf væri á stofnun sérstaks útflutningsráðs. Ég vil geta þess í því sambandi, að kanadískir sérfræðingar í markaðsmálum rannsökuðu nýlega möguleika íslenzka niðursuðuiðnaðarins og þeir komust að þeirri niðurstöðu, að kerfið og skipulagið vantaði hjá okkur að miklu leyti, svo og kunnáttu á eðli markaðsleitar. Þó að þeir hafi ekki lagt neitt sérstakt til í þessum efnum, þá hafa þeir þó komið auga á það, að æskilegt er, að þessi málefni og þessi starfsemi verði samræmd og styrkt mun meira en verið hefur fram til þessa. Það er skortur á upplýsingamiðstöð fyrir íslenzka framleiðendur, og það má vísa til þeirrar reynslu, sem Norðmenn hafa haft af starfsemi útflutningsráðs, en ég hygg, að hún sé mjög jákvæð, og auk þess leyfi ég mér að vísa í það, sem ég hef áður sagt hér um þessi efni.

Ég vildi svo leyfa mér að óska þess, herra forseti, að þáltill. þessari verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að n. sú, sem fær þessa till. til athugunar, sendi hana þeim aðilum til umsagnar, sem mál þetta snertir, og tel ég því eðlilegt, að þeir sömu aðilar fái einhverjar frekari upplýsingar um þá stefnu, sem flm. taldi, að mörkuð væri með þessari till., hver þeirra staða yrði, ef till. yrði samþ. og til útflutningsráðs stofnað. Ég á þá aðallega við tvo aðila, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og útflutningsdeild Sambands ísl. samvinnufélaga, sem um áratuga skeið hafa annazt útflutning svo til á öllum hraðfrystum fiski, sem fluttur hefur verið út frá landinu. Það er vitað, að þessir aðilar báðir hafa lagt fram mikið fjármagn til að skipuleggja sína sölustarfsemi og hafa í gegnum þetta starf öðlazt mjög mikla reynslu á undanförnum árum, og eru án efa kunnugri en nokkrir aðrir aðilar hér á landi markaðsmálum þessarar vöru. Einnig má á það benda, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, SÍF, hefur, ef ég man rétt, um nær 40 ára skeið annazt mestallan útflutning á saltfiski, en þessar tvær útflutningsvörur eru langsamlega stærsti liðurinn í útflutningi sjávarafurða. Það er því eðlilegt, að þessir aðilar fengju einnig eitthvað um það að vita, áður en þeir veita umsögn um till., hver þeirra aðstaða yrði, ef til útflutningsráðs yrði stofnað. Ég vildi því beina því til hv. flm. till., að þeir veiti hér nú við þessa umr. eða áður en umr. lýkur frekari upplýsingar um stöðu þessara aðila en fram kemur í grg. till. eða fram kom í framsöguræðu fyrri flm. till. Hann benti réttilega á það, að hér væri um nýja stefnu í útflutningsmálum að ræða, því að það er vitanlegt, eins og ég hef hér drepið á, að það eru vissir aðilar, viss heildarsamtök fiskiðnaðarins, sem á undanförnum áratugum hafa annazt sölustarfsemi verulegs hluta af útflutningi sjávarafurða. Hvort það er heppilegt, ef það er hugmynd flm., að sú starfsemi, sem þessir aðilar hafa rekið að undanförnu, eigi að leggjast undir útflutningsráð og útflutningsráð eigi að taka við starfi þessara aðila, þá er það vissulega mál, sem ég tel, að þurfi að skoða mjög vandlega.

Það segir í till., að hlutverk útflutningsráðs eigi að vera að annast um útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanrrn. og viðskrn. Mér er ekki alveg ljóst, hver tilgangur flm. er eða hvernig ber að skilja orðin „að annast um" í þessu sambandi, hvort þau eigi að skilja svo, að útflutningsráð eigi að vera til aðstoðar þeim mönnum, sem hafa þessi mál með höndum, eða hvort útflutningsráð eigi að yfirtaka þá starfsemi, sem þeir hafa rekið. Ég tel, að það þurfi að koma alveg skýrt fram.

Hér fyrir þessari hv. d. liggur stjfrv. um útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Ég tel, að þar gæti nokkurs annars, því að vitað er, að þegar til útflutnings íslenzks iðnaðar kemur, annars en fiskiðnaðar, þá verður þar um marga smærri aðila að ræða, sem hafa sennilega hvorki aðstöðu né fjárhagslega getu til þess að vinna nauðsynlegt undirbúningsstarf í sambandi við sölu íslenzks iðnvarnings á erlendum markaði. Það má því segja, að það geti verið og sé án efa eðlilegt, að þessir aðilar, þessir mörgu, smáu og dreifðu aðilar, fái þá fyrirgreiðslu, sem frv. til l. um útflutningsmiðstöð iðnaðarins gerir ráð fyrir. Hins vegar tel ég, að nokkuð öðru máli gegni um þá aðila, sem annast útflutning sjávarafurða. Þeir hafa bæði skipulagt sölustarfsemi á erlendum vettvangi og eytt til þess verulegum fjármunum. Ef um það eitt er að ræða, að till. geri ráð fyrir, að útflutningsráð verði aðeins til aðstoðar þeim aðilum, sem flytja út t. d. sjávarafurðir, þá vil ég benda á, að í 5. gr. laga um fiskimálaráð, — það var meira en að frv. væri lagt fram um fiskimálaráð á sínum tíma eða 1967, eins og flm. gat um, það var afgr. sem lög frá Alþ. — í 5. gr. segir:

„Fiskimálaráð skal hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir svo og um framleiðslu nýrra vörutegunda."

Ef útflutningsráð á ekki beinlínis að yfirtaka útflutning sjávarafurða eða annast um hann, eins og segir í till., þá sýnist mér, að í 5. gr. laga um fiskimálaráð sé beinlínis gert ráð fyrir hinu sama, að það eigi að vera til aðstoðar þeim aðilum, sem útflutning sjávarafurða annast, í sambandi við markaðsöflun og framleiðslu nýrra vörutegunda.

Ég skal ekki á þessu stigi neitt um málið dæma. Ekki fyrr en ég fæ nánari skýringu á því, hvert sé raunverulega markmið hins fyrirhugaða útflutningsráðs og hve víðtækt vald það eigi að hafa. En ég tel nauðsynlegt, að þær upplýsingar, sem ég hef hér beðið um, komi fram, áður en þeir aðilar, sem málið varðar og ég geri fyrir, að fái till. til umsagnar, veita sína umsögn.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég upplýsa það mjög greiðlega, að það er ekki hugsunin með flutningi þessarar þáltill., að þessi stofnun verði annað en fyrirgreiðslustofnun og til aðstoðar þeim aðilum, sem eru í framleiðslunni eða í tengslum við framleiðsluna eða í verzluninni, eða öðrum þeim

aðilum, sem starfa að útflutningsmálum. Það er e. t. v. ekki nægilega skýrt orðalagið á þáltill. að þessu leyti, en það, sem fyrir okkur vakir, er fyrst og fremst þetta: að það verði fyrirgreiðslustofnun, er verði til aðstoðar þeim aðilum, sem ég nefndi. En við leggjum á það ríka áherzlu, að þessi stofnun verði sjálfstæð stofnun, sem atvinnugreinarnar, verzlunin og e. t. v. fleiri aðilar, eiga aðild að og stjórna í raun og veru. Og eins og ég tók fram hér áður í minni framsöguræðu, þá teljum við skynsamlegra að haga málum á þann veg í stað þess, að þessi stofnun heyrði undir ríkisvaldið, t. d. viðskrn. eða utanrrn., þó að þessar stofnanir kæmu til með að hafa veruleg afskipti af þeim störfum, sem unnin verða á vegum útflutningsráðsins. Þannig get ég svarað þessu greiðlega á þá leið, að það vakir ekki fyrir okkur, að þessi stofnun breyti á neinn hátt stöðu þessara aðila, sem hv. 3. þm. Sunnl. gat um hér áðan.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég þakka fyrir upplýsingar hv. fyrri flm. till., þar sem hann skýrði frá því alveg afdráttarlaust, að með útflutningsráði væri aðeins átt við fyrirgreiðslustofnun. En þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort ástæða sé til að stofna til slíks útflutningsráðs, þegar í lögum er gert ráð fyrir slíkri stofnun eins og þarna er um að ræða. Eins og ég benti á, er í 5. gr. laga um fiskimálaráð beinlínis gert ráð fyrir, að sú stofnun verði fyrirgreiðslustofnun í sambandi við útflutning sjávarafurða, en ekki aðeins fyrirgreiðslustofnun, heldur skuli fiskimálaráð hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulagðar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og framleiðslu nýrra vörutegunda. Ég sé ekki, að hugmyndin um útflutningsráð, eins og hún kemur fram í þeirri þáltill., sem hér um ræðir, sé neitt viðtækari heldur en þegar er í lögum um fiskimálaráð, og því dreg ég mjög í efa, að það sé nokkur ástæða til þess að stofna til enn nýrrar stofnunar um útflutning sjávarafurða.

Um aðra aðila hef ég þegar bent á, að það er gert ráð fyrir með því stjfrv., sem liggur fyrir í sambandi við iðnaðinn, að stofnuð verði útflutningsmiðstöð iðnaðarins, sem hafi sama hlutverki að gegna og gert er ráð fyrir í till. um útflutningsráð, nema víðtækara. Þar er um nokkru víðtækari aðstoð að ræða en gert er ráð fyrir í sambandi við útflutningsráðið.

Ég tel, að eins og málum er háttað nú, og á ég þar helzt við útflutning sjávarafurða, þá beri að leggja meiri áherzlu á það en nú hefur verið gert fram að þessu, að utanríkisþjónustan taki þessi mál frekar í sínar hendur en verið hefur og þá beinlínis með því, að settir yrðu niður í hinum ýmsu sendiráðum viðskiptafulltrúar, sem sæju um þessi mál fyrir þá aðila hér á landi, sem útflutning annast. Ég tel, að þetta vanti inn í utanríkisþjónustuna, og vona, að þegar að því kemur, að breyting verður gerð á lögum um utanríkisþjónustu, þá verði þetta atriði sérstaklega tekið upp. Það var ekki gert í því frv., sem var lagt fyrir þessa hv. d. á síðasta þingi, nema að mjög takmörkuðu leyti. Ég flutti þá brtt. við það frv. þess eðlis, að í tveimur tilteknum löndum, sem við höfum mikil viðskipti við, en sendiherrarnir sitja víðs fjarri, yrðu ráðnir viðskiptafulltrúar, þ. e. á Ítalíu og Spáni. Sendiherrar þessara landa sitja í London og í Osló. Ég flutti brtt. um það, að í þessum tveimur löndum yrðu þegar skipaðir viðskiptafulltrúar.

Ég held, að með tilliti til þeirra upplýsinga, sem hér hafa komið fram, að útflutningsráð eigi aðeins að verða fyrirgreiðslustofnun, þá sé þegar í lögum aðstaða til þess að veita þá fyrirgreiðslu, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir, og því ekki ástæða til þess að stofna til enn fleiri ráða í sambandi við þessi mál.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hygg, að það sé nokkuð greinilegt, að það, sem greinir á í skoðunum okkar flm. þessa máls og hv. 3. þm. Sunnl., sé það, að hann er fylgjandi þeirri stefnu í þessum málum, að hver útflutningsgrein fyrir sig hafi sérstaka stofnun, sem m. a. fjallar sérstaklega um, eins og segir í lögum um fiskimálaráð, „markaðsrannsóknir og skipulagðar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir", þ. e. að sjávarútvegurinn hafi sérstaka stofnun fyrir sig, sem fjallar um þessi málefni. Svo komi iðnaðurinn með sérstaka stofnun, sem fjallar einnig um þessi málefni, og svo komi e. t. v. landbúnaðurinn með enn eina stofnunina, sem fjallar um þessi sömu málefni. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því, að þarna er um að ræða mismunandi framleiðslu og mismunandi vörur. En það, sem við viljum leggja áherzlu á með þessari þáltill., er það, að gerðar verði skipulagðar og samræmdar aðgerðir á þann hátt að setja þessa starfsemi undir eina stofnun, sem sé fyrirgreiðslustofnun og aðstoði útflutningsatvinnuvegina í sambandi við útflutningsmálin og hafi með höndum markaðsrannsóknir og ýmsa aðra starfsemi, sem má verða til þess að styðja og efla útflutningsstarfsemina og útflutningsatvinnuvegina í heild. Það verður að athuga það, að þessi till. er um það að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um útflutningsráð. Auðvitað koma þá til athugunar öll lagaákvæði, sem snerta þessi málefni, og þar á meðal það, hvort skynsamlegra sé að hafa þetta undir einum hatti eins og Norðmenn hafa gert hjá sér með góðum árangri og fleiri þjóðir eða að greina þetta niður í smærri einingar, sem við óttumst að mundu verða veikari og ekki ná sama árangri og einn aðili, sem hér er gert ráð fyrir. En ég legg áherzlu á það, að þetta er ekki stofnun, sem er ætlað að taka að sér í raun og veru útflutningsstarfsemina sjálfa. Þetta er ekki þjóðnýting, ef svo mætti segja, á útflutningsstarfsemi, heldur er þetta fyrirgreiðsla, aðstoð, sem felst í því að styrkja og efla útflutningsatvinnuvegina og útflutningsfyrirtækin og ýmiss konar félagasambönd, sem atvinnuvegirnir hafa stofnað með sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

11. Iðnþróunaráætlun.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um iðnþróunaráætlun fyrir næsta áratug [68. mál] (A. 70).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Þegar á dagskrá var hér í fyrra till. um aðild Íslands að EFTA, fluttu framsóknarmenn till. um frestun á afgreiðslu þess máls, m. a. með tilliti til þess, að ekki lægi fyrir iðnþróunaráætlun, sem gerði ráð fyrir þeim breytingum, sem aðildin mundi hafa í för með sér. Raunar var þetta ekki ný hugsun af hálfu framsóknarmanna, því að því hafði nokkuð oft verið hreyft á undanförnum áratug af þeirra hálfu, að gera þyrfti slíka áætlun. Aðildin að EFTA markaði að sjálfsögðu tímamót í þessu efni, og var í því sambandi eðlilegt að líta bæði aftur á bak og skoða, hvar við stæðum nú í þessum efnum, og eins fram á við og gera áætlanir um, hvernig við snerumst við hinum nýju viðhorfum í sambandi við uppbyggingu nýrra atvinnugreina á sviði iðnaðar og þróun hinna eldri. Þessi nýju skilyrði, sem EFTA-aðildin hafði í för með sér, voru einkum fólgin í því að opna iðnaðarvarningi landsmanna stóran markað, en jafnframt hvarf að sjálfsögðu sú vernd, sem innlendi iðnaðurinn hafði á heimamarkaðinum. Menn voru þá að sjálfsögðu misjafnlega bjartsýnir á það, hvernig takast mundi til, og mér er nú nær að halda, að hinir bjartsýnustu kunni að hafa orðið fyrir einhverjum vonbrigðum. Stóri 200 millj. manna markaðurinn hefur ekki staðið með útbreiddan faðminn fyrir íslenzkum iðnaðarvörum, heldur er hér tvímælalaust um mjög erfitt viðfangsefni að ræða að koma íslenzkum iðnaðarvörum á erlendan markað, og virðist sú reynsla, sem þegar er fengin, þótt stutt sé og kannske of stutt til þess að draga af henni almennar ályktanir, nokkuð styðja þá skoðun.

Eftir þrjú ár tekur sú vernd, sem iðnaðurinn hefur á innlendum markaði, enn að skerðast, og það verður að gera allt, sem unnt er, til þess að búa iðnaðinn undir þá þolraun, sem hann þá stendur frammi fyrir. Það er að okkar dómi, flm. þessarar till., sem hér liggur fyrir á þskj. 70, nauðsynlegast að skilgreina markmið okkar með iðnaðaruppbygginguni, ákveða hvert skuli stefnt og varða leiðina að því marki. Í hv. Ed. höfum við nokkrir framsóknarmenn flutt frv. um atvinnumálastofnun, sem gerir ráð fyrir, að komið verði á fót stofnun, sem vinni að áætlanagerð á sviði atvinnumála, og það verkefni, sem hér er lagt til í þessari till., að unnið sé, mundi að sjálfsögðu falla undir verksvið þeirrar stofnunar, ef hún væri komin á fót. En það er hún nú ekki, og jafnvel þó að frv. okkar fengi fljóta afgreiðslu, þá hefur okkur þótt eðlilegt að taka þetta mál út úr og leggja til, að því yrði sérstaklega sinnt nú þegar, þar sem við teljum, að það þoli ekki langa bið.

Það hefur á undanförnum árum mikið verið um það rætt, hverjar tegundir iðnaðar við munum þurfa að byggja upp í okkar landi, og margir hafa lagt mikla áherzlu á það, að svo kölluð stóriðja eða orkufrekur iðnaður gæti orðið meginuppistaða þeirrar uppbyggingar. Við, sem þessa till. flytjum, erum ekki þeirrar skoðunar. Við lítum svo á, að sá iðnaður, sem þar er um að ræða, henti ekki íslenzku þjóðinni nema að mjög takmörkuðu leyti. Þar kemur fyrst og fremst til greina, að stofnkostnaður við slíkan iðnað er ákaflega mikill. Í þeirri grein, sem við þekkjum helzt enn þá, sem er álbræðsla, reynist stofnkostnaður á hvern starfsmann vera um 15 millj. kr., og í mörgum öðrum greinum er þessi tala svipuð, jafnvel hærri í ýmsum, og skal ég neita mér um það hér að telja það frekar upp. En í einni af þeim greinum, sem talað hefur verið mjög um hér á sviði orkufreks iðnaðar, sem er framleiðsla þungs vatns, er gert ráð fyrir stofnkostnaði á hvern starfsmann, sem nemur 58 millj. kr., og er það nú hæsta tala af þessu tagi, sem heyrzt hefur nefnd. En ef miðað væri við það, sem um er að ræða í áliðnaði, 15 millj. á hvern starfsmann, þá er það ljóst, að ef ætti að hugsa sér t. d., að sá iðnaður gæti tekið við þó ekki væri nema 10 þús. starfsmönnum, þá væri um að ræða stofnkostnað upp á 150 milljarða kr., sem er miklu hærri upphæð en nokkur von er til, að við Íslendingar getum lagt til. Þó að við fengjum það fjármagn annars staðar frá, þá væri það ljóst, að með þeim hætti væri fjárhagslegu sjálfstæði atvinnulífs okkar og þar með pólitísku sjálfstæði þjóðarinnar stefnt í tvísýnu. Það er að sjálfsögðu ekki óeðlilegt, að einhver orkufrekur iðnaður geti verið þáttur í íslenzku atvinnulífi. Það er ekki óeðlilegt hjá þjóð, sem hefur í landi sínu svo miklar orkulindir sem við höfum, og þess vegna höfum við í till. þessari gert ráð fyrir því, að það væri þáttur í þeirri áætlunargerð, sem hún fjallar um, að gert væri yfirlit yfir þá möguleika á þessu sviði, sem fyrir hendi eru. Það er ljóst, að þeir möguleikar eru á margan hátt í margs konar samhengi hver við annan, einn kostur, sem tekinn kynni að verða, útilokar annan eða það þarf að taka tillit til annarra möguleika í sambandi við hann, og af því leiðir að okkar dómi, að mjög nauðsynlegt er, að heildaryfirlit yfir þessa kosti liggi fyrir og hlutirnir séu skoðaðir í samhengi hver við annan. Við erum þeirrar skoðunar, að þjóð, sem hefur yfir litlu fjármagni að ráða, hljóti að byggja atvinnuuppbygginguna á þeim þáttum, þar sem fyrst og fremst er tekið tillit til þess vinnuafls, sem þjóðin hefur yfir að ráða, frekar en að miða við fjármagn, sem þjóðin hefur ekki og þyrfti að fá annars staðar.

En hvaða svið eru það þá, sem athyglin ætti að beinast að? Þau eru auðvitað mörg, og vil ég þar til fyrst nefna iðnað, sem byggir á innlendum hráefnum og innlendum undirstöðuatvinnuvegum eins og sjávarútvegi og landbúnaði. Það var fyrir rúmum fjórum árum, að samþ. var hér á Alþ. þál., sem gerði ráð fyrir því, að ríkisstj. skipaði nefnd til þess að gera ítarlegar athuganir á því, á hvern hátt yrði bezt unnið að því að koma á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og bæta nýtingu sjávaraflans með því að efla þær iðngreinar, sem vinna úr honum vörur, sem skapa sem mest útflutningsverðmæti. Þessi nefnd var skipuð fyrir meira en fjórum árum, og tveimur árum síðar skilaði hún mjög merku áliti. Í þessari nefnd voru þrír ágætir sérfræðingar. Sigurður Pétursson gerlafræðingur var formaður nefndarinnar, og með honum í nefndinni voru verkfræðingarnir Hjalti Einarsson og Gísli Hermannsson. Það álit, sem þeir lögðu fram, er mjög merkilegt og felur í sér margvíslegar ábendingar og till., og hefði verið fróðlegt, ef hæstv. ráðh., sem um þær hafa fjallað,

væru hér staddir, svo að hægt væri að fá upplýsingar frá þeim um það, hvað gert hefði verið til þess að hrinda þessum till. í framkvæmd, en því miður er mér nær að halda, að það muni ekki hafa verið eins mikið og æskilegt hefði verið.

Það er enn fremur oft talað um iðnaðarmöguleika, sem byggðust á afurðum landbúnaðarins. Á því sviði hefur töluvert mikið verið unnið á undanförnum árum og áratugum. Nú á s. l. ári hafa t. d. verið reistar verksmiðjur til þess að vinna meiri hlutann af öllum gærum, sem til verða í íslenzkum landbúnaði, og er þess að vænta og vona, að þó að sú uppbygging hafi komið mjög skyndilega og orðið mjög stórfelld á einu ári, þá muni þarna samt hafa verið rétt að farið og þetta muni bera þann árangur, sem til var ætlazt. En þó er það þannig, að markaðir fyrir sútaðar, íslenzkar gærur eru nær eingöngu í einu landi og eru það enn þá, þrátt fyrir aðild okkar að EFTA, og það er land, sem er utan þess bandalags, nefnilega Bandaríkin, sem hafa keypt um 85% af öllum unnum gærum, sem fluttar hafa verið út úr landinu.

Á sviði ullariðnaðarins eru nú orðnar í landinu verksmiðjur, sem eru færar um að vinna nær alla ull, sem hér fellur til. Og af þessu má sjá það, að ef eingöngu væri í þessum greinum miðað við innlendu hráefnin, þá eru vaxtarmöguleikar þessara greina nær tæmdir í bili, en því segi ég þetta, að ég vil alveg sérstaklega vekja athygli á því, að þessi iðnaður á að mínu viti að geta orðið grundvöllur, sem byggt yrði á áfram með þeim hætti að flytja hráefni inn til viðbótar innlendu hráefnunum. Það er alveg ljóst, að íblöndun margvíslegra annarra tegunda ullar og trefjaefna í íslenzku ullina mundi gera hana hæfari til miklu fleiri nota heldur en nú er, en enn þá mun heldur lítið hafa verið gert af því að kanna þá möguleika til hlítar. Enn fremur er eðlilegt að gera ráð fyrir því, að þær verksmiðjur, sem byggðar hafa verið upp til þess að vinna úr íslenzkum gærum og íslenzkum skinnum, geti einnig unnið úr innfluttum húðum af ýmsu tagi, en það er alkunna, að erlendar verksmiðjur af þessu tagi flytja hráefni sín frá ýmsum löndum víðs vegar um heim til vinnslu. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það að byggja iðnað upp hér á landi, jafnvel ekki iðnað, sem ætlaði sér aðallega að selja vörur sínar á erlendum markaði, á grundvelli erlendra hráefna. Þetta er gert á fjölmörgum sviðum víða annars staðar og raunar einnig hér. Ýmsar greinar, sem menn gera sér vonir um hér, að geti orðið frambúðaratvinnugreinar hér á landi, eru einmitt þannig upp byggðar. Það má nefna þar t. d. skipasmíðaiðnaðinn og ýmsa málmsmíði og margvíslegt fleira.

Ég skal nú ekki hafa þessa upptalningu mjög langa, heldur reyna að takmarka mál mitt nokkuð. Fyrst hæstv. forseti var svo vinsamlegur að lofa mér að koma hér fram fyrir ýmsa aðra, þá skal ég ekki misnota þann velvilja með því að halda hér mjög langa framsöguræðu fyrir þessari till., en ég vil þó leggja á það megináherzlu, að það er skoðun okkar flm., að það þurfi að fara fram ítarleg og skipuleg rannsókn á þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru og sem til umr. hafa verið, og þær niðurstöður verði svo að setja upp í áætlun, sem við ynnum eftir á komandi tímum.

Það er einnig í þessari ályktunartillögu gert ráð fyrir því, að athugaðar séu og metnar þær aðgerðir af hálfu löggjafans og stjórnvalda, sem til greina koma til þess að efla iðnþróunina og til þess að stýra henni eftir þeim stefnum, sem hagkvæmastar teljast samkv. því mati, sem áætlunin og undirbúningsstarfið að henni hefur falið í sér. Og þá skuli jafnframt hafa hliðsjón af því, hverjum aðferðum aðrar þjóðir hafa beitt í þessu skyni og hvernig þær hafa reynzt. Það kemur að sjálfsögðu margt til greina í þessu sambandi. Það er ekki aðeins spurningin um það, hvernig fjárveitingavaldi og lánaveitingavaldi í landinu yrði beitt til þess að stýra þróuninni. Það kemur einnig margt fleira til greina, s. s. skattapólitíkin og sérstakar skattaívilnanir, sem í ýmsum löndum hafa verið notaðar í þessu skyni. Það er atvinnufræðsla og margt fleira, sem þarna kemur til athugunar.

Á fundi í borgarstjórn Reykjavíkur í maímánuði s. l. flutti Kristján Friðriksson iðnrekandi, sem er varafulltrúi framsóknarmanna í borgarstjórn, till., sem hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgarstjórn ákveður að beita sér fyrir, að hafin verði skipuleg leit að nýjum verkefnum á sviði iðnaðar. Verði leit þessi framkvæmd í samvinnu við samtök iðnaðarins í borginni og aðra þá aðila, sem ástæða þykir til að hafa samvinnu við um þetta verkefni."

Þessari till. var vel tekið í borgarstjórn Reykjavíkur, og eftir nokkrar umr. þar var samþ. till., sem gekk í þessa stefnu, þótt með nokkuð öðru orðalagi væri. Það frumkvæði, sem tekið hefur verið í borgarstjórn Reykjavíkur með þessum hætti, er mjög lofsvert, og æskilegt væri, að fleiri sveitarstjórnir könnuðu möguleikana hver í sínu umdæmi, en ljóst er, að forusta öll um þessi mál, ekki bara samræming, heldur forusta og frumkvæði um þessi mál á að koma frá ríkisvaldinu, og samkv. þeim skilningi er þessi till., sem hér liggur fyrir, flutt.

Ég ætla ekki, herra forseti, að orðlengja miklu meira um þessa till. Ég vænti þess, að hv. alþm. hafi skilning á þeim viðhorfum, sem þar koma fram. Ég tók eftir því, að í stefnuræðunni, sem hæstv. forsrh. flutti hér í upphafi þings, var þess getið, að vísu aðeins í einni setningu, að í rn. hans væru í undirbúningi áætlanir um áframhaldandi iðnþróun í landinu, en frá því var ekkert frekar skýrt, hvað þar væri átt við, og töldum við flm. því tímabært að flytja ítarlegri till. um þetta efni, ekki sízt vegna þess, að það var í eðlilegu framhaldi af fyrri afstöðu okkar í þessum málum. Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 31., 33., 34. og 36. fundi í Sþ., 5., 9., 16. og 23. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 70, n. 425 og 427).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

12. Áætlun um skólaþörf landsmanna.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heildaráætlun um skólaþörf landsmanna næstu 10—15 ár [76. mál] (A. 78).

Á 13., 14., 17. og 22. fundi í Sþ., 3., 8. og 15. des. og 26. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. forseta fyrir það að halda fund í dag, því að það er mikið af málum, sem liggja fyrir og þyrftu að komast til n., og eitt þeirra mála er þessi þáltill., sem hefur legið alllengi hér fyrir þinginu, og er nú kannske ekki alltaf forseta að saka um það, heldur mig, því að ég hef stundum verið fjarverandi, þegar þetta mál hefur verið á dagskránni. En það er áreiðanlega ástæða til þess fyrir okkur þm. að fagna því, að mál skuli vera tekin meira fyrir nú og örar í Sþ. heldur en oft hefur verið áður.

Við flytjum þessa þáltill. nokkrir þm., og ég vil, með leyfi forseta, lesa hana. Hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera heildaráætlun um skólaþörf landsmanna næstu 10—15 ár, bæði að því er varðar almenna skóla og hvers kyns sérskóla og aðrar fræðslustofnanir, enda nái áætlunin jafnt til skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, sem hinna, sem ríkið stendur eitt undir eða nú eru reknar af einkaaðilum. Skal áætlun þessi m. a. verða grundvöllur undir gerð framkvæmdaáætlana á sviði skólabygginga. — Skal áætlunargerðinni lokið eigi síðar en einu ári eftir samþykkt ályktunar þessarar. Ber ríkisstj. að leggja áætlunina fyrir Alþ."

Eins og fram kemur hér í þessari till., er það markmið hennar að kanna raunverulega þörf þjóðfélagsins fyrir skóla á næsta áratug eða næstu 15 árum, ef þess er kostur. Og þessi könnun, sem við höfum þarna í huga, er hugsuð sem eins konar spá um skólaþörf landsmanna í náinni framtíð. Ég vil sérstaklega taka það fram, að hér er ekki beinlínis átt við framkvæmdaáætlanir, heldur verði um að ræða eins konar grundvallarathugun á því, hver sé skólaþörfin, og þá að slík athugun verði grundvöllur undir það, að hægt sé að gera afmarkaðar framkvæmdaáætlanir. Og ég vil líka minna á það, eins og kemur fram raunar í till. sjálfri, að það er gert ráð fyrir, að þessi athugun nái til allra skóla og fræðslustofnana, en ekki aðeins til hinna almennu skóla eins og barna- og unglingaskólanna eða gagnfræðaskólanna eða grunnskóla, skyldunámsskóla eins og nú er farið að kalla þá, heldur yfirleitt til allra þeirra fræðslustofnana, sem líklegt er, að við þurfum á að halda. Þess vegna verður þetta að vera ákaflega víðtæk heildaráætlun, sem nái til hvers konar sérskóla, til menntaskóla, til þarfar um verzlunarskóla, háskóla, um fullorðinsfræðsluna, um skólasjónvarp, skóla fyrir afbrigðilega nemendur af ýmsu tagi, og þannig mætti lengi upp telja. Ef slík áætlun lægi fyrir, þá væri mun auðveldara að gera sér grein fyrir því stóra verkefni að mæta vaxandi menntunarkröfum, sem nú eru alveg augljósar og hljóta að fylgja næstu áratugum og við stöndum frammi fyrir.

Á síðustu árum hefur krafan um aukna menntun á öllum sviðum orðið æ háværari, og áhrifa hennar gætir nú orðið mjög mikið, vil ég segja, á fjárveitingar Alþ. og framkvæmdir ríkisins, en þó hygg ég, að hér sé aðeins um að ræða forsmekk þess, sem verður á næsta áratug og þar á eftir. Ég er sannfærður um, að þáttur skólabygginga í heildarfjárfestingu þjóðarinnar á eftir að vaxa mikið frá því, sem nú er, og þess vegna er m. a. frá efnahagslegu sjónarmiði, frá fjármálalegu sjónarmiði ríkisins, brýn nauðsyn á því, að þessum málum sé gefinn alveg sérstakur gaumur og ekki síður en ýmsum öðrum málum og það sé reynt að áætla þessi mál nokkuð fram í tímann, að svo miklu leyti sem það er hægt.

Það er nú þessa dagana mikið rætt um skólamálin og stefnumörkun í mennta- og menningarmálum, og það er alveg höfuðnauðsyn að gera sér grein fyrir eðlilegum þörfum á vettvangi skólamála yfirleitt, þ. á m. skólabyggingamála um lengri eða skemmri tíma. Menn verða að reyna að gera sér grein fyrir því, hvaða kröfur nútímaþjóðfélag gerir á sviði skólamenntunar og fræðslustarfs yfirleitt og hvað það kann að kosta þjóðfélagið peningalega. Ég vil í sambandi við þetta geta þess, að skólakostnaðarlögin, sem nú gilda, gera ráð fyrir því, að menntmrn. láti gera framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar fyrir allt landið. Annars vegar er talað um áætlun, sem taki til 10 ára tímabils, og hins vegar árlega framkvæmdaáætlun, sem á að fylgja till. til fjárveitinga á fjárlögum. En nú er það svo, að skólakostnaðarlögin taka ekki til allra skóla, heldur tiltekinna flokka þeirra. Og það er því hætt við, að framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar samkv. skólakostnaðarlögum fjölluðu aðeins um þá skóla, sem lögin ná til, og þá er augljóst, að þá yrði fjöldinn allur af nauðsynlegum skólum og fræðslustofnunum út undan í áætlunargerðinni. Það er m. a. tilgangur okkar flm. með þessari till. að tryggja, að gerðar verði heildaráætlanir um skólaþörf, en ekki eingöngu áætlanir, sem ná yfir tiltölulega þröngt svið eða a. m. k. mjög afmarkað svið.

Ég skal nú ekki, herra forseti, fara fleiri orðum um till., en ég tel ákaflega mikilsvert, að hún fái athugun í n., eftir að umr. er lokið nú, og ég hygg, að það væri eðlilegt, að þetta mál yrði til meðferðar í fjvn. vegna eðlis málsins, og mun leggja það til, að málinu verði vísað til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Flugvöllur í Siglufirði.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um framhaldsframkvæmdir við flugvöll í Siglufirði [77. mál] (A. 79).

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um framhaldsframkvæmdir við flugvöllinn í Siglufirði, og er till. svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að flugmálastjórnin láti ljúka hið fyrsta gerð flugvallar í Siglufirði."

Ég skal ekki draga þingfundinn með langri ræðu. Ég vil aðeins minna á nokkur atriði varðandi þetta mál og rekja sögu þess. Fyrir 10 árum hófst flugvallargerð í Siglufirði, og var þá aðeins hafður í huga lítill flugvöllur, sem notaður væri fyrir litlar flugvélar og þá aðallega sjúkraflugvélar í neyðartilfellum. Nokkru eftir að framkvæmdir þessar hófust, vaknaði almennur áhugi í Siglufirði fyrir því, að fram færi athugun á því, með hvaða hætti flugsamgöngur yrðu bezt tryggðar við Siglufjörð. Var þá samþ. hér á Alþ. eða nokkru síðar þáltill. þar að lútandi. Tæknileg rannsókn fór fram af hálfu flugmálastjórnarinnar í þessu máli, og í ljós kom, að unnt væri að byggja í Siglufirði 1300 m langan flugvöll og 50 m breiðan, en framkvæmdir hafa gengið mjög hægt við að fullgera þennan völl. Bygging þessa vallar, sem ég kalla stærri vallar, hófst árið 1962, en það hefur aðeins verið byggð 650 m löng braut. Það er nú áhugi fyrir því í Siglufirði, að þessi flugvöllur verði fullgerður hið fyrsta, og er því till. á þskj. 79 borin hér fram.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, það liggur mjög klárt fyrir, en legg til, að afgreiðslu málsins verði frestað og málinu vísað til nefndar. Ég vildi beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann kannaði, hvort atkvgr. gæti ekki farið fram hér á þingfundinum um það að vísa þessu til n., og kanna, hvað margir þm. eru í húsinu, en að því yrði ekki frestað til næsta fundar.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

14. Skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum [82. mál] (A. 85).

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 13. og 14. fundi í Sþ., 24. nóv., 3. og 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 85 flyt ég ásamt hv. 5. þm. Reykn. svo hljóðandi till. til þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta leggja fyrir Alþ. það, er nú situr, frv. til l. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík."

Þegar menn leiða hugann að skiptingu landssvæða í lögsagnarumdæmi og ígrunda, að hverju beri að keppa, þegar sú skipting er ákveðin, sýnist ljóst, að markmiðið ætti að vera það, að íbúarnir njóti sem beztrar og aðgengilegastrar þjónustu og rekstrarkostnaður embætta sýslumanna og bæjarfógeta verði þó sem minnstur. Í ríkisrekstrinum er það að sjálfsögðu svo, að þessi sjónarmið stangast æði oft á. Því meira sem gert er til þess að tryggja aðgengilegri og bætta þjónustu, þeim mun meiri verður rekstrarkostnaðurinn. Sú breyting, sem í þeirri þáltill., sem hér er til umr., er lagt til, að gerð verði á lögsagnarumdæmum í Reykjaneskjördæmi, er þó þess eðlis, að hún ætti hvort tveggja í senn að verða til sparnaðar og hagkvæmni fyrir ríkissjóð og auka og bæta þjónustu við það fólk, sem á Suðurnesjum býr.

Allt til ársins 1949 annaðist embætti sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeta í Hafnarfirði héraðsdóms- og stjórnsýslustörf á öllu því svæði, sem nú er Reykjaneskjördæmi. Varðandi Suðurnes, þ. e. svæðið sunnan Hafnarfjarðar, hefur það síðan gerzt, að Keflavíkurkauptún fékk kaupstaðarréttindi og varð sérstakt lögsagnarumdæmi árið 1949 og Keflavíkurflugvöllur var gerður að lögsagnarumdæmi undir stjórn sérstaks lögreglustjóra árið 1954. Þannig skiptist þetta svæði sunnan Hafnarfjarðar nú á milli þriggja lögsagnarumdæma. Lögreglulið á þessu svæði, nær 50 manns, lýtur stjórn þriggja aðila, og það fólk, sem býr í hreppsfélögunum umhverfis Keflavík, hefur ekki not af því, að sérstakt bæjarfógetaembætti er í Keflavík, heldur verður um afgreiðslu sinna mála að sækja til Hafnarfjarðar, þar sem sýslumaður hefur aðsetur. Íbúar Miðnes- og Gerðahrepps verða þannig að fara um Keflavík, þar sem embætti bæjarfógeta er, og halda allt til Hafnarfjarðar, ef þeir þurfa t. d. að láta þinglýsa skjali, skrá bifreið eða leita réttar síns fyrir dómstóli. Byggðin í Ytri-Njarðvík er samvaxin Keflavík, en samt

sem áður verða íbúarnir í hreppsfélaginu að fara til Hafnarfjarðar, þegar um afgreiðslu slíkra mála er að ræða. Nokkur fyrirgreiðsla er að vísu veitt í sveitarfélögunum með greiðslu tryggingabóta einn tiltekinn dag í mánuði, og fyrir kemur, að haldin eru þar dómþing. En augljóst er, að þægilegra væri fyrir íbúa þessara sveitarfélaga og hagkvæmara fyrir ríkissjóð, að þeir fengju afgreiðslu mála sinna hjá embætti í Keflavík, og auðsætt er að sú skipan mála, sem nú ríkir í þessu efni, er afleiðing af öðru en því, að hafðir hafi verið sérstaklega í huga hagsmunir íbúanna á þessu svæði í heild eða þá fjárhagslegir hagsmunir ríkissjóðs.

Sveitarfélögin sunnan Hafnarfjarðar eru í rauninni allsamstæð heild, en jafngreinilega aðskilin frá öðrum hlutum þess svæðis, sem heyrir til embætti sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þróunin stefnir í þá átt, að þessi sveitarfélög leysi meira og meira af vandamálum sínum og verkefnum í sameiningu og samstarfi, og sú till., að þau verði sérstakt og eitt lögsagnarumdæmi, er eðlilegur liður í þeirri þróun, sem þarf að verða, og nauðsynlegur undanfari nánara samstarfs og samstöðu íbúanna á Suðurnesjum. Það er auðsætt, að hagkvæmara og ódýrara væri fyrir íbúa Suðurnesja að geta fengið sín mál afgreidd hjá embætti í Keflavík í stað þess að þurfa að sækja til Hafnarfjarðar. Á sama hátt yrði um sparnað að ræða fyrir ríkissjóð, ef lagt yrði niður sérstakt embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, og betri nýting fengist á því 50 manna lögregluliði, sem nú lýtur stjórn þriggja embætta, ef hægt væri að skipuleggja störf þess sameiginlega á svæðinu öllu undir stjórn embættis, sem þegar er til í Keflavík. En sýslumaðurinn, sem situr í Hafnarfirði, væri þá leystur undan þeirri skyldu að annast stjórn löggæzlu í sveitarfélögum, sem svo fjarri eru aðsetri hans.

Þegar undirnefnd fjvn. starfaði að því fyrir nær tveimur árum að kanna ásamt fleiru, hvort unnt væri að draga úr kostnaði ríkisins við löggæzlu í landinu, gerði hún það m. a. að till. sinni til fjmrn., að löggæzla á Suðurnesjum yrði sett undir eina stjórn, þannig að allt það lögreglulið, sem þar starfar, væri unnt að skipuleggja sem eina heild á svæðinu öllu. Vert er að geta þess, að eins og skipan þessara mála er nú, er embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli sérstætt að því leyti, að það heyrir undir utanrrn., en með þeirri nýskipan að gera allt svæðið sunnan Hafnarfjarðar að sérstöku lögsagnarumdæmi, er gert ráð fyrir, að dóms- og stjórnsýslustörf á Keflavíkurflugvelli hyrfu undir dómsmrn., til þess að unnt væri að koma við fyllstu hagsýni í fjárveitingum til lögreglumála. Fæ ég ekki séð, að neitt væri þeirri skipan til fyrirstöðu, en legg þó áherzlu á, að að mínum dómi er aðalatriðið, að dóms- og löggæzlumál í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum heyri til einu embætti í Keflavík, og það ætti að vera unnt að framkvæma, hvað sem um lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli yrði.

Ég hef orðið þess var, að þessi þáltill. hefur mælzt vel fyrir meðal íbúa á Suðurnesjum, enda yrði það án efa til aukins hagræðis því fólki, að þessi mál heyrðu til einu embætti í Keflavík.

Eins og ég benti á í upphafi máls míns, er það ekki oft, að unnt er að gera hvort tveggja í einu að auka þjónustu við almenning og koma samtímis við aukinni hagkvæmni og sparnaði í ríkisrekstrinum, en hvort tveggja tel ég, að mundi leiða af samþykkt þessarar þáltill. Og þess vegna vænti ég þess, að hún fái jákvæðar undirtektir hv. þm. Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn., áður en umr. lýkur.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, er fjallað um breytta tilhögun á skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum. Þar er sem sé gert ráð fyrir, að lagt verði fyrir Alþ. frv. til laga, sem breyti núverandi umdæmaskipan þannig, að dóms- og lögreglumál svæðisins sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar falli undir eða um þau verði fjallað hjá einu embætti, þ. e. í Keflavík. Það mundu þá væntanlega verða Vatnsleysustrandar-, Grindavíkur- og Njarðvíkurhreppur, austan og sunnan Keflavíkur, og Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppur, vestan og sunnan Keflavíkur, sem þarna yrði um að ræða. Ég sé ekki, að grg. beri með sér, að hve miklu leyti liggja fyrir óskir eða álit íbúanna í þessum hreppum. Hv. flm. lét þess raunar getið áðan í sinni framsöguræðu, að honum væri kunnugt um, að áhugi væri fyrir þessu. En sú hv. þingnefnd, sem fær till. til meðferðar, mun að sjálfsögðu kynna sér ítarlega viðhorf fólksins, sem býr á þessu svæði.

Dómaskipunin í landinu hefur verið nokkuð til umr. á undanförnum árum, og eins og hv. þm. minnast, þá lagði þáv. dómsmrh. árið 1966 fyrir Alþ. skýrslu um athugun, sem hafði farið fram á meðferð dómsmála við dómaraembætti landsins á árunum 1961 til 1965. Jafnframt skipaði ráðh. nefnd, sem átti og á að fjalla um endurskoðun á dómaskipun og starfstilhögun dómstólanna. Þessi nefnd skyldi taka við af nefnd, sem félmrh. hafði skipað til endurskoðunar á lagaákvæðum um sveitarstjórnaumdæmi í landinu. Voru uppi hugmyndir um, að til greina gæti komið veruleg stækkun umdæmanna frá núverandi fyrirkomulagi. Athugun hefur þó leitt í ljós ýmis tormerki og meiri tormerki á verulegum breytingum í þessum efnum en ætlað hafði verið. Það eru því líklega ekki horfur á því, að alveg á næstunni a. m. k. komi til meiri háttar breyting á umdæmisskipan sveitarstjórnaumdæmanna, og það munu ekki enn vera uppi neinar mótaðar skoðanir um stækkun lögsagnarumdæma að því er varðar meðferð dómsmála og ekki heldur sundurgreiningu þeirra embætta, sem fyrir eru. En hitt er annað mál, að að sjálfsögðu getur alltaf komið til athugunar og hagkvæmnisástæður mælt með því, að á einstökum stöðum á landinu yrðu slíkar breytingar yfirvegaðar.

Samkv. gildandi lögum er aðeins í tveimur tilfellum vikið frá hinni almennu skipan og þá samkv. sérlögum. Það er annars vegar lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli, sem hv. flm. till. minntist á áðan, en það byggist á þeim sérstöku aðstæðum, sem varnarstöðin skapar þar. Í hinu tilfellinu er um að ræða lögreglustjóraembættið í Bolungarvík, sem er nú eitt eftir af þess kyns lögreglustjóraumdæmum, sem ekki eru jafnframt almenn lögsagnarumdæmi. En eins og menn minnast, þá háttaði hér áður fyrr svo til um Akranes, Keflavík, Neskaupstað og Ólafsfjörð um árabil, en það var áður en þessir staðir fengu kaupstaðarréttindi og urðu lögsagnarumdæmi og aðgreind sveitarstjórnarumdæmi þar með.

Mér er það ekki alveg ljóst og varð það ekki ljóst af lestri þáltill. eða grg., hvort fyrir flm. vakir alger skipting sýslumannsembættisins í Hafnarfirði, þ. e. í Gullbringu- og Kjósarsýslu, eða hvort hún er takmörkuð við það, sem orðanna hljóðan gefur tilefni til að halda, að það séu eingöngu dóms- og lögreglumál, sem þarna eigi að taka frá því embætti og flytja til Keflavíkurembættisins. Þó skildi ég í öðru orðinu hv. flm. svo áðan í hans framsöguræðu, að ætla mætti, að fyrir honum hefði vakað alger skipting embættisins, því að ef eingöngu væri um að ræða dóms- og lögreglumál, þá væru eigi að síður eftir hjá sýslumannsembættinu öll þau umboðsstörf, sem sýslumenn hafa á hendi. Mér koma nú einnig til hugar hreppstjórarnir, sem heyra undir sýslumenn, hvernig með skuli fara, ef það eru eingöngu lögreglustjórnar- og dómsmál, sem ættu að falla til Keflavíkur, þá mundu hreppstjórarnir eftir sem áður heyra undir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það verða sjálfsagt fleiri atriði, sem mjög hljóta að koma til athugunar í þessu sambandi, ef framkvæma ætti þá skiptingu, sem till. fjallar um. Það er, eins og ég áður sagði, sjálfsagt fyllsta tilefni til þess að kanna viðhorf íbúanna á Suðurnesjum, í þeim hreppum, sem þessi breyting mundi ná til, og alveg sjálfsagt að hyggja vel að bættri þjónustu af hálfu almannavaldsins við þéttbýlið, sem stöðugt vex á utanverðu Reykjanesi, en leita þá líklega fyrst og fremst til sveitarstjórnanna um þeirra viðhorf til þeirra atriða, sem þáltill. fjallar um.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi aðeins benda á þessi atriði, sem ég held, að hljóti að koma til álita í sambandi við afgreiðslu málsins, og einnig að vekja athygli á þeim atriðum, sem kynnu að vera nokkuð óljós, bæði hvað fyrir flm. vakir og einnig hvernig skipa ætti málum, ef til framkvæmda á þáltill. kæmi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

15. Samstarf við þjóðir, sem berjast fyrir sem stærstri fiskveiðilandhelgi.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um aukið samstarf Íslendinga á alþjóðavettvangi við þjóðir, sem berjast fyrir sem stærstri fiskveiðilandhelgi [85. mál] (A. 89).

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 13., 14., 22., 24., 25., 27. og 29. fundi í Sþ., 24. okt., 3. og 8. des., 26. jan., 2., 9. og 23. febr., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Stjórnkerfi sjávarútvegsins.

Á deildafundum 4. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi stjórnkerfis sjávarútvegsins [87. mál] (A. 91).

Á 13., 14. og 22. fundi í Sþ., 3. og 8. des., 26. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 91 hef ég leyft mér ásamt tveim öðrum hv. þm. að flytja till. til þál. um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi stjórnkerfis sjávarútvegsins. Till. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa nú þegar nefnd fimm manna með þekkingu á málefnum sjávarútvegsins til þess að endurskoða ríkjandi fyrirkomulag um yfirstjórn hans og undirbúa frv. til l. um þau efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Með þáltill. þessari fylgir nokkuð ítarleg grg., og tel ég ekki ástæðu til að fylgja henni úr hlaði með langri framsöguræðu, þó að ég vilji bæta örfáum orðum við það, sem fram kemur í sjálfri grg.

Það lætur að líkum, að fyrir atvinnugrein eins og sjávarútveginn, sem gegnir í okkar þjóðfélagi ákaflega mikilsverðu hlutverki og þar sem svo margt byggist á velgengni hans, þá skiptir það talsvert miklu máli, að hinum æðstu stjórnarstofnunum, sem eru til fyrst og fremst vegna þessa atvinnuvegar, sé þannig fyrir komið, að þar sé hagkvæmni gætt og þær geti leyst sín mikilvægu verkefni þannig af hendi, að viðunandi sé. Ég hef orðið var við það í viðræðum við ýmsa menn, sem í þessari atvinnugrein starfa, að þeir telja, að á það skorti allnokkuð.

Fyrir nokkru var gerður aðskilnaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytanna. En áður höfðu þessi rn. verið undir stjórn eins og sama ráðuneytisstjórans. Jafnframt voru þá, sem kunnugt er, gerðar allmiklar breytingar á starfsskiptingu rn. almennt. Þær helztu, er snertu sjávarútveginn, voru þær, að viðskiptamál sjávarafurða voru flutt til viðskrn. Að mínu viti var þetta mjög vafasöm ráðstöfun. Með þessu eru starfrækt tvö utanrrn. í vissum skilningi, og auk þess er rofið samband á milli öflunar, framleiðslu og sölu sjávarafurða, er verkefni þessi eru fengin tveimur mismunandi rn. Þá er það augljóst mál öllum, sem til þekkja, að sjálft sjútvrn. er fjarri því að vera þannig mannað eða þannig að því búið að öðru leyti, að það geti sinnt, svo að sæmilegt sé, þeim verkefnum, sem eðlilegt væri, að það annaðist. Ég get um það í grg., að í sjútvrn. starfi nú auk ráðuneytisstjóra aðeins einn fulltrúi og skrifstofustúlka

og þetta rn. muni vera mannfæst af öllum rn. Ýmsum kann að virðast, að miðað við mikilvægi þess málaflokks, sem fyrst og fremst heyrir undir þetta rn., þá skjóti þarna nokkuð skökku við. Það held ég líka að sé samdóma álit þeirra, sem til þekkja, að af því hafi hlotizt bæði tafir við afgreiðslu mála og ýmislegt annað óhagræði fyrir það, hvað sjútvrn. er fáliðað. Þannig hafa mál sem til rn. hafa gengið oft verið send hinum og þessum aðilum út um allan bæ til umsagnar og það af þeirri ástæðu, að starfslið rn. er svo fámennt, eins og ég gat um, að það hefur ekki komizt yfir að sinna þeim án þess að fá upplýsingar frá öðrum aðilum í landinu, en eðlilegt væri, að sumir þeirra a. m. k. störfuðu í sjálfu rn. Ég tel því, að í sambandi við þá endurskoðun, sem lagt er til í þessari þáltill., að framkvæmd verði, sé sérstaklega gætt að því, hvað eðlilegt sé að leggja af verkefnum til sjútvrn., og það síðan búið því starfsliði, sem nauðsynlegt má telja, að sé þar til staðar til að sinna þeim verkefnum, sem sjútvrn. fer með á hverjum tíma.

Næsta stofnun, sem ég vík lítillega að í þáltill. minni, sem einnig er mjög mikilvæg, er Fiskifélag Íslands. Það er einnig stofnað vegna brýnnar þarfar á örlagaríku tímabili í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, sem jafnframt var eitt hið merkilegasta tímabil í atvinnusögu hennar, er stærri og meiri framfaraspor voru mörkuð en nokkru sinni fyrr. Stofnendur Fiskifélagsins sáu þörfina á stjórnunarstofnun, sem fyllt gæti rúm, sem hjá flestum þjóðum, er notið höfðu stjórnarfarslegs og atvinnulegs sjálfstæðis um langt skeið, var fyllt af ríkisstofnunum annars vegar og hagsmunasamtökum hins vegar. Hvorugt var til hjá Íslendingum á þessu tímabili sögu þeirra. Ég veit, að flestir munu samdóma um, að Fiskifélag Íslands hafi verulega mikilvægum verkefnum að sinna, verkefnum, sem því eru falin ýmist með ákvörðunum, sem Fiskiþing tekur, verkefnum, sem Alþ. sjálft ákveður starfsmönnum Fiskifélagsins að vinna, eins og t. d. skýrslusöfnun og útgáfustarfsemi í sambandi við aflatryggingasjóð og stofnfjársjóð, og fleira. Auk þess hefur Fiskifélagið á sinni könnu að sinna verkefnum, sem til þess er vísað frá sjútvrn.

Staðið hefur yfir að undanförnu, og ég held, að henni sé ekki enn þá lokið, endurskoðun á samþykktum eða lögum Fiskifélags Íslands, og er sjálfsagt að líta til þeirrar niðurstöðu, sem þeir, sem vinna að þeirri endurskoðun, kunna að komast að, þegar endurskoðun á stjórnkerfi sjávarútvegsins verður framkvæmd, ef till. þessi verður samþ., því að að sjálfsögðu mun Fiskifélag Íslands áfram gegna verulega mikilvægu hlutverki í því kerfi.

Þriðja stofnunin, sem við flm. vikjum lítillega að, er fiskimálaráð, sem stofnað var með lögum nr. 35 frá 23. apríl 1968 og á samkv. lögunum að vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins. Eins og þessar upplýsingar bera með sér, er reynslan af starfi fiskimálaráðs ekki ýkja löng, en ég hygg þó, að ég geti sagt það með nokkrum rétti, að sú stofnun hafi ekki starfað mikið, og ég hef heyrt um það raddir, að vafasamt væri, að fiskimálaráð ætti sjálfstæðan tilverurétt, vegna þess að eðlilegt væri að fela verkefni þess ýmsum öðrum eldri og starfandi stofnunum í stjórnkerfi sjávarútvegsins, eins og t. d. Fiskifélaginu og jafnvel sjútvrn. Ég vil ekki kveða sjálfur upp endanlega dóm um réttmæti þessara staðhæfinga. Það fæst væntanlega úr því skorið, ef sú endurskoðun fer fram, sem hér er lagt til, að gerð verði.

Þá er vikið nokkrum orðum í grg. till. að hinum tæknilegu stofnunum sjávarútvegsins, og er þar átt við Hafrannsóknastofnunina og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þær, en það, sem mér og raunar fleirum finnst á vanta fyrst og fremst í starfsemi og starfrækslu þessara stofnana, er meira og betra samband við sjálfan útveginn og fiskiðnaðinn. Þegar lög voru sett um þessar stofnanir, var m. a. gert ráð fyrir, að á vegum þeirra væru starfandi svo kallaðar ráðgjafarnefndir. Í þeim ráðgjafarnefndum sátu m. a. menn frá viðkomandi atvinnugrein. Nú segja kunnugir menn mér, sem starfað hafa þarna lengi, þá sorgarsögu, að þessar ráðgjafarnefndir hafi á engan hátt staðið undir þeim vonum, sem við starfsemi þeirra voru bundnar í upphafi, og staðreynd er það, að allt samband á milli þessara stofnana og sjálfra atvinnuveganna, sem þær eiga að þjóna, sjávarútvegsins og fiskiðnaðarins, er of losaralegt og of lítið enn þá.

Um tæknideild Fiskifélagsins langar mig aðeins til þess að segja örfá orð til uppfyllingar því, sem fram kemur í grg. Þessi stofnun eða þessi deild í Fiskifélaginu var á sínum tíma sett á laggirnar í samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs til þess að þjóna almennri þörf útvegsmanna, fylgjast með nýjungum og vera Fiskveiðasjóði til aðstoðar við útboð í smíði skipa. Með núverandi getu deildarinnar eru þessi verkefni henni algerlega ofviða. Benda má á það, að við verjum hundruðum millj. kr. til skipakaupa og tækjakaupa og hvers konar endurnýjunar á skipum og tækjum árlega. Aðeins þessi litli vísir að skipatæknilegum rannsóknum er til í landinu til þess að sinna þessum verkefnum. Efast ég ekki um, að milljónir fara árlega í súginn vegna þess, að þessa starfsemi vantar. Tæknideildin hefur reynt að halda uppi námskeiðum til þess að fræða starfandi skipstjóra og vélstjóra, og hefur oftast tekizt vel til. Ég tel því nauðsynlegt, að þessi námskeið haldi áfram jafnframt því sem skólum sjávarútvegsins verði gert kleift að kenna nýsveinum undirstöðuatriði.

Þriðji kaflinn í grg. minni fjallar um lánastofnanir sjávarútvegsins, og er þar fyrst vikið að þeirri stærstu og langmikilvægustu, sem er Fiskveiðasjóður, sem er aðalstofnlánasjóður sjávarútvegsins. Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða löngu máli um hann, en ég vil undirstrika það, sem fram kemur í grg. minni með till. þessari, að ég tel, að breyta ætti til um sjálfa stjórn Fiskveiðasjóðs á þann hátt, að auk þeirra bankastjóra og bankamanna, sem þar sitja nú, verði bætt við fulltrúum frá fiskveiðunum og fiskiðnaðinum. Ég tel, að öll afgreiðsla á lánamálum og lánabeiðnum til Fiskveiðasjóðs mundi verða öruggari og byggð á meiri réttsýni, ef fulltrúar, sem gjörþekkja til þessara atvinnugreina, ættu sæti í sjóðsstjórninni.

Um Fiskimálasjóð skal ég ekki heldur hafa mörg orð. Það er vitað, að á sínum tíma gegndi hann mjög verulegu og merkilegu hlutverki. Hann lánaði m. a. í árdaga til hraðfrystihúsa, sem þá var verið að byggja víða um landið, en síðan hefur það verkefni verið frá honum tekið og sett til Fiskveiðasjóðs, sem á allan hátt er eðlilegt. Mér virðist, að þeirri starfsemi, sem enn þá er eftir hjá Fiskimálasjóði, sé á allan hátt betur og eðlilegar

fyrir komið í Fiskveiðasjóði í stað þess að viðhalda og reka sérstaka lánastofnun til þess að sinna því takmarkaða verkefni, sem Fiskimálasjóður gegnir í dag.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Að mínu viti og væntanlega okkar flm. er eðlilegt og hagkvæmt að sameina í eina löggjöf eins mikið af stjórnarstofnunum sjávarútvegsins og hagkvæmt og eðlilegt má telja, og miðar þessi till. að því, að sú hugmynd fái athugun kunnáttumanna og að frá þeim berist till. í þessum efnum, því að eins og ég gat um í upphafi, þá er það æði margra manna mál, sem þessum atvinnuvegi eru kunnugir, að þarna þurfi að bæta um frá því, sem er. Sá er líka tilgangurinn með tillöguflutningnum.

Ég legg svo til, herra forseti, að þáltill. þessari verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. 1. flm. þessarar till., að það er nauðsyn á því að endurskoða ríkjandi fyrirkomulag og yfirstjórn sjávarútvegsmála. Hann fylgdi þessari till. sinni nokkuð ítarlega úr hlaði og minntist á ýmsar stofnanir sjávarútvegsins, sem ég vildi einnig gera nokkuð að umræðuefni.

Ég er alveg sammála því, að hér er mikið verkefni að vinna, en því er við að bæta, að það hefur verið unnið að þessu verkefni nú undanfarna mánuði, því að hæstv. sjútvrh. skipaði þriggja manna nefnd fyrir nokkrum mánuðum til þess að vinna að þessu verkefni. Í þessari nefnd eiga sæti Jón Arnalds, ráðuneytisstjóri sjútvrn., Már Elísson fiskimálastjóri og framkvæmdastjóri fiskimálaráðs, Eggert Jónsson. Það vill svo vel til, að ég á sæti í framkvæmdanefnd fiskimálaráðs, og Eggert Jónsson, sem á sæti í þessari nefnd, hefur skýrt okkur í framkvæmdanefndinni mjög ítarlega á hverjum fundi, sem haldinn hefur verið, frá störfum þessarar nefndar og því helzta, sem þar hefur verið til umræðu. Ég spurði hann að því einmitt í gær, hvenær hann byggist við, að nefndin lyki störfum og skilaði áliti sínu. Hann sagði, að það væri stefnt að því, að hún gerði það fyrir vorið. Ég tel því, að það hafi þegar verið unnið í nokkra mánuði að framkvæmd þessarar þáltill., en það breytir ekki því, að það hafi verið hér mikið og þarft verkefni að vinna.

Hv. 1. flm. þessarar till. gat þess, að breytt hefði verið lögum um Stjórnarráð Íslands, og sjútvrn. væri nú orðið sjálfstætt rn., en með mjög fáa starfsmenn. Ég held, að það sé rétt munað hjá mér, að auk ráðh. séu nú fjórir starfsmenn í sjútvrn., sem er mikil framför frá því, sem áður var. Ég fagna því mjög, að þessi löggjöf var sett og atvinnumálarn. sem slíkt var lagt niður og höfuðatvinnuvegirnir fengu hver sitt rn. og sína starfsmenn. Þar hefur orðið á mjög góð og þörf breyting til batnaðar frá því, sem áður var. En því er líka ætlað meira. Það þarf sannarlega að skipuleggja þessi mál mun betur.

Hér er bent í grg. á ýmis atriði, sem er sjálfsagt og eðlilegt að benda á og þarfnast mjög ítarlegrar athugunar. Hv. flm. þessarar till. ræddi nokkuð um Fiskifélag Íslands og kom síðan að fiskimálaráði. Mér skildist, að hann hefði heyrt, að það væri að verulegu leyti óþarft, þó að hann vildi ekki sjálfur leggja á það dóm. Af því að mér finnst, að mér sé þetta mál að sumu leyti skylt, þá vil ég skýra nokkru nánar tilkomu þessa ráðs, en það var stofnað, eins og flm. till. gat um, með lögum frá 23. apríl 1968. Það var ekki fyrr en í ársbyrjun 1969, sem það í raun og veru tók til starfa. Þá var ráðinn starfsmaður, sem er í hálfu starfi. Þar með eru upptaldir starfsmenn þess. Það hefur verið okkur, sem sitjum í framkvæmdanefndinni, höfuðatriði að byrja hér ekki með neinu bákni, heldur að fara hægt og rólega af stað og taka mál til meðferðar í framkvæmdanefndinni og síðan í fiskimálaráði, sem við teljum, að fært sé að vinna að og koma til betri vegar og betra skipulags. Hins vegar rekst það fljótt á hagsmuni ýmissa annarra ráða eða nefnda, sem fyrir eru og telja, að á sig sé hallað, og því verður oft að fara gætilega í þessum málum.

Það er alveg rétt hjá flm. till., að Fiskifélag Íslands og fiskimálaráð eru að mörgu leyti mjög skyld og fjalla að sumu leyti jafnvel um sömu verkefni. Það, sem skiptir höfuðmáli, er uppbygging Fiskifélagsins og uppbygging fiskimálaráðs. Þegar Fiskifélag Íslands var stofnað, þá var grunnur þess fiskideildirnar úti um landið, og þá voru þær mjög fjölmennar og mjög lifandi starf í fiskideildunum, og því var Fiskifélagið í mjög náinni snertingu við framleiðsluna á hverjum stað, bæði við fiskimenn og útvegsmenn og fiskverkendur. Á síðustu áratugum hefur orðið mjög mikil breyting á þessum grunni á þann veg, að það hefur verið stofnað til æ fleiri landssamtaka í hinum ýmsu sérgreinum sjávarútvegsins. Stofnað er Landssamband ísl. útvegsmanna fyrir rúmlega 30 árum. Það er stofnuð Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. skreiðarframleiðenda, Samband ísl. fiskframleiðenda og Sölusamlag skreiðarframleiðenda og ýmis önnur sölusamtök og sérhagsmunasamtök. Síðar er stofnað Sjómannasamband Íslands. Þessir aðilar sem slíkir eiga ekki aðild að fiskimálaráði. Það, sem hefur skeð, er það, að deildirnar, sem eru grundvöllurinn undir Fiskifélaginu, eru tiltölulega mjög fámennar, og félagsstarf þeirra þar af leiðandi ákaflega lítið, sorglega lítið hjá flestum, ef ekki öllum þessum deildum. En grunnurinn undir fiskimálaráði er aftur sú nýskipan, sem hefur verið tekin upp með heildarsamtökum í hinum ýmsu greinum fiskverkunar og sölu fiskafurða, heildarsamtök útvegsins, heildarsamtök sjómanna, bæði Sjómannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands, og á þann hátt er reynt með fiskimálaráði að mynda eina stofnun, þar sem fulltrúar allra þessara aðila og jafnframt fulltrúar hinna opinberu sjóða eins og Fiskveiðasjóðs. Fiskimálasjóðs, Seðlabankans og Efnahagsstofnunar eiga sæti. Þar hafa verið rædd fjölmörg mál, sem varða sjávarútveginn, og það hefur nokkuð, verð ég að segja, þó að ekki sé liðinn lengri tími, áunnizt í þessum umr. Hins vegar skal ég fúslega segja það, þó að ég hafi verið 1. flm. að frv. um fiskimálaráð, að ég skal verða fyrstur manna til að samþykkja að leggja það niður. En það, sem ég legg höfuðáherzlu á í sambandi við endurskoðun og mótun á stefnu í sjávarútvegi, það er, að tekið verði tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa í sjávarútvegi frá því að Fiskifélag Íslands var stofnað. Ég tel, að ef grundvelli Fiskifélagsins væri breytt í svipað horf, þá ætti Fiskifélag Íslands tvímælalaust að fá að lifa fremur en fiskimálaráð, vegna þess að það er gömul stofnun, sem vel má vera við lýði. En grundvöllur Fiskifélagsins er fyrir löngu breyttur og allt of veikur

fyrir það mikla og þýðingarmikla hlutverk, sem það þarf að inna af hendi fyrir íslenzkan sjávarútveg.

Í grg. fyrir þessari till. er minnzt á lánastofnanir sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóð og Fiskimálasjóð. Það er vissulega hagkvæmni í því að sameina stofnanir og sjóði, og það er talað mikið um að sameina banka. Það hefur verið talað um það í mörg ár, en þeir verða alltaf fleiri með hverju árinu, sem líður, þrátt fyrir allt þetta tal um sameiningu bankanna. En það er eitt atriði, sem þó verður að taka með í reikninginn og hefur allmikla þýðingu. Eigum við að færa valdið í hendur örfárra manna, eigum við bara að hafa einn ríkisbanka á Íslandi með þremur bankastjórum, sem hafa yfirleitt líf allra manna í hendi sér? Eða er nú ekki hyggilegra, þótt það kosti kannske eitthvað meira, að hafa þá fleiri, svo að menn hafi í önnur hús að venda, því að þeir hljóta að vera misjafnlega góðviljaðir í þeim stofnunum eins og víða annars staðar. Sömu sögu vil ég segja um það, ef færa á saman stofnlánasjóði sjávarútvegsins. Eigum við að eiga allt undir högg að sækja við eina stjórn, sömu menn, eða eigum við að hafa þetta á fleiri stöðum, á tveimur stöðum, eins og þetta er nú? Fiskveiðasjóður hefur mjög afmarkað verksvið. Hann sér um stofnlán fyrir fiskiskipastólinn, fyrir byggingar fiskiskipa og fyrir fiskverkunarstöðvar. Fiskimálasjóður veitir lítil lán til fiskverkunarstöðva, en hann hefur aftur að gera með markaðsöflun og markaðskönnun og uppfinningar og nýjungar á sviði sjávarútvegs. Nú sem stendur eru í stjórn Fiskveiðasjóðs fimm bankastjórar, og ég hygg, að þeir hafi allmiklum störfum og umfangsmiklum að gegna. Ég tel, að fyrirkomulagið, sem nú er, sé betra, að Fiskimálasjóður hafi það verkefni að styrkja þessa starfsemi. Hún er því miður engan veginn nógu rishá í okkar þjóðfélagi, en Fiskimálasjóður hefur að mínum dómi í mörg undanfarin ár og raunar allt frá stofnun hans sýnt mjög mikinn skilning á þessu sviði. Hins vegar verðum við auðvitað að gera okkur það ljóst, að við megum alltaf búast við því, að stór hluti þess fjármagns, sem varið er til tilrauna og nýjunga, fari í súginn og ekkert verði úr þeim uppfinningum, sem verið er að vinna að, en það veit enginn fyrir fram. Þetta er sennilega eitt mesta áhættufé. En við verðum þó að lifa í þeirri trú, að alltaf komi eitthvað gott út úr því. Og ég hygg, að eftir því sem verkefnin eru afmarkaðri og minni, sjái þeir menn, sem eiga að stjórna þeim, betur út yfir þau. Ég er ekki að víkja að þessu hér, af því að flm. till. gefi neitt tilefni til þess, en ég vildi aðeins við þetta tækifæri láta það koma í ljós, að ég er þeirrar skoðunar, að þetta eigi mjög að hafa í huga við þá endurskoðun, sem verið er að vinna að.

Ég tel, að hér hafi verið hreyft mjög þörfu máli í sjálfu sér. En það er ekki vitað, og þess var ekki getið af flm. till., að honum væri kunnugt um, að þessi endurskoðun væri alllangt á veg komin. Þess vegna tel ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að fara að samþykkja hér á hv. Alþ. þessa till., því að ég tel það ekki skipta höfuðmáli, hvort að þessu vinnur þriggja manna nefnd eða fimm manna nefnd, eins og tillögumenn gera ráð fyrir.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég kem ekki í ræðustól til þess að andmæla þessari till., nema síður sé, en tilbúnaður hennar finnst mér vera nokkuð einkennilegur, með nokkuð einkennilegum hætti, því að mér er kunnugt um, að hv. 1. flm. till. — um hina tvo veit ég ekki — vissi, að þessi endurskoðun var hafin. Og meginefni þeirrar till., sem hér er flutt, var þegar komið af stað, svo sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vestf. Þetta er út af fyrir sig aukaatriði í málinu, en maður sér ekki alveg tilgang þingmannsins. Ég tel nokkuð víst, að hann hafi vitað um nefndina, sem hóf störf sín 26. maí s. l. En eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vestf., þá skipaði rn. þessa þriggja manna nefnd með fulltrúum frá fiskimálaráði, Fiskifélagi Íslands og rn. til þess að gera könnun og till. um heildarstjórn sjávarútvegsmála, m. a. á skipulagi innbyrðis og tengslum stjórnarstofnana. Nefndina skipa, eins og hv. þm. tók einnig fram, Jón L. Arnalds ráðuneytisstjóri, sem jafnframt er formaður hennar, Már Elísson fiskimálastjóri og starfsmaður eða framkvæmdastjóri fiskimálaráðs. Nefndin gerði sér fljótlega starfsáætlun, þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir, að kannað verði, hvort það stjórnkerfi, sem íslenzkur sjávarútvegur býr nú við, sé fullnægjandi. Í þessu skyni hefur verið safnað saman öllum lögum og reglugerðum, sem sjávarútveg snerta með einum eða öðrum hætti. Verður það safn tekið til athugunar og niðurröðunar, til þess að skýrar liggi fyrir um skipulag, verkefni og starfsemi hverrar stofnunar. Nefndin hefur þegar aflað sér gagna um heildarstjórn sjávarútvegsmála í öðrum löndum, og hafa nm. m. a. haft til hliðsjónar yfirlitsrit Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um þjónustu, sem hið opinbera veitir sjávarútveginum í aðildarríkjum stofnunarinnar. Nefndin hefur gert athugun á stöðu einstakra stofnana í sjávarútvegi gagnvart Alþ., ríkisstj. og rn. svo og athugað þátt stofnana utan sjávarútvegs í töku ákvarðana í málum, er snerta sjávarútveginn í heild eða einstakar greinar hans. Gerð hafa verið drög að framtíðargreiningu verksviðs og starfa og framtíðarskipan rn. Næst tekur við athugun á starfsemi Fiskifélags Íslands. Að öðru leyti hefur nefndin með hliðsjón af heildarskipulagningu einkum beint athygli að fjórum höfuðþáttum, þ. e. fjárfestingar- og rekstrarmálum, eftirliti með hráefnisöflun og framleiðslu, markaðsmálum og rannsókna- og upplýsingastarfsemi. Að lokum tel ég svo rétt að taka fram, að verkefni nefndarinnar eru þess eðlis, að ekki má búast við verulega skjótri niðurstöðu, sem á því sést, að nefndin hefur nú um níu mánaða skeið starfað, að ég tel mjög ötullega, að því verkefni, sem þál. felur í sér, og hefur ekki enn talið sér fært að skila lokaniðurstöðum, en stefnir að því, eins og áður hefur komið fram í umr., að ljúka þessu verki fyrir vorið. Ég tel því, eins og hv. 2. þm. Vestf., að þessi þál. sé óþörf, þar sem meginefni þess, sem hún fjallar um, er þegar komið í framkvæmd, og ég vænti þess, að það sé ekki dregið í efa af hv. Alþ., að þarna eigi þeir aðilar hlut að, sem gerst ættu til að þekkja. Alþ. mun svo á sínum tíma, þegar niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir, fjalla um þær og gera á núverandi skipulagi þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að teljast að mati meiri hl. Alþ., þegar till. liggja fyrir.

Það er enginn vafi á því, að sú afstaða Alþ. að leysa upp hið gamla atvinnumálarn. og skipta því í fleiri rn., var rétt. Ég vænti þess, að sú endurskoðun, sem nefndin hefur nú með höndum, leiði það í ljós, að þessi ákvörðun Alþ., sem tók gildi um s. l. áramót, var rétt. Það

er og tvímælalaust rétt, sem hv. 2. þm. Vestf. lagði mikla áherzlu á, að hið gamla skipulag Fiskifélags Íslands, sem nánast tilheyrir fyrri öld, hefur á margan hátt gengið sér til húðar með tilkomu nýrra samtaka, sem fjalla um einstakar greinar í sjávarútvegi. Einnig var tvímælalaust rétt sú ákvörðun meiri hl. Alþ. að stofna til fiskimálaráðs, þar sem öllum þessum aðilum gefst kostur á að skiptast á skoðunum og gera sameiginlegar till. um hina einstöku þætti sjávarútvegsmála. Það ber síður en svo að gera lítið úr starfi fiskimálaráðs, því að ég álít, að það hafi verið merkt spor og stigið í rétta átt, þegar Alþ. ákvað að stofna til þess, þó að áþreifanlegur árangur sé ekki fyrir hendi í öllum þeim greinum, sem æskilegt væri, enda hefur sjálfsagt enginn hv. alþm. búizt við því, að gjörbylting ætti sér stað á svo skömmum tíma. Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram við umr. um þessa þál., þannig að sú n., sem fær málið til meðferðar, viti, að byrjað var að fást við meginefni hennar fyrir níu mánuðum.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim ræðum, sem hér voru haldnar af hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Vestf. Ég fagna þeim undirtektum, sem till. þessi eða efni hennar fékk í ræðum þeirra beggja, þó að ég geti ekki fallizt á niðurstöður þeirra í lokin, að þótt efni till. sé ágætt út af fyrir sig, þá beri ekki að samþykkja hana, vegna þess að starfandi sé sérstök nefnd, sem sé að athuga þessi mál. Það er rétt, að nokkru áður en ég flutti þessa till., þá hringdi ég í ráðuneytisstjóra sjútvrn., Jón Arnalds, í þeim tilgangi að fá upplýsingar hjá honum um starfslið í sjálfu rn. Þær upplýsingar, sem er að finna í grg. till., um fjölda starfsmanna í sjútvrn., eru frá honum komnar. Ég sagði honum þá, af hverju ég væri að spyrja um þetta, og þá sagði hann mér, að fyrir nokkrum mánuðum hefði ráðh. skipað tilgreinda þrjá menn í nefnd til þess að athuga svipað verkefni og ég var með í huga. Hann gaf mér einnig upp nöfn þeirra manna, sem þessa nefnd skipuðu, og þá sá ég strax í hendi mér, að hér var eingöngu um embættismenn að ræða. Í nefndinni var enginn maður starfandi sérstaklega í útvegi eða fiskiðnaði, sem þó eiga mjög mikið undir því, að stjórnkerfi þetta sé byggt upp á þann bezta máta, sem vera má fyrir þessar atvinnugreinar. Ég er ekki með þessu að kasta á nokkurn hátt rýrð á þá ágætu menn, sem þessa nefnd skipa. Ég þekki suma þeirra persónulega mjög vel, og ég veit t. d., að Már Elísson fiskimálastjóri er gjörkunnugur málefnum sjávarútvegsins sökum langs starfs í hans þágu. En ég veit líka, að sumir þessara manna a. m. k. hafa mjög mikið að gera, og ég þykist hafa haft upplýsingar um það á þeim tíma, þegar ég hringdi í rn. og spurði um þessa nefnd og starfshætti hennar, að verkefninu hefði miðað mjög lítið áfram og væri mjög skammt á veg komið. Þegar af þessari ástæðu, að ég tel, að í nefndinni þurfi að sitja fleiri menn en embættismenn, að í henni þurfi að vera starfandi menn bæði frá fiskiðnaðinum og eins frá útveginum, þá taldi ég eðlilegt, að ég hreyfði þeirri till., sem ég hef hér gert.

Hv. 2. þm. Vestf. gat um það áðan, að hann teldi vafasamt að setja lánasjóðina á of fáar hendur. Ég held, að það sé ekki ýkja mikil hætta því samfara í sambandi við stofnlánasjóði sjávarútvegsins. Þeir starfa eftir ákveðnum lögum, lánveitingar þeirra fara flestar og að langmestu leyti eftir lögbundnum reglum, þannig að ég tel, að þó að allar þessar lánveitingar væru á hendi eins aðila, þá væri ekki ýkja mikil hætta á því, að hann mundi fara illa með það vald, sem hann hefði í sambandi við stofnlánaveitingar til sjávarútvegsins. Þessar styrkveitingar, sem hafa verið í höndum fiskimálaráðs, eru mjög lítill þáttur í heildarlánveitingum Fiskimálasjóðs, eru mjög lítill þáttur í heildarfjármögnun og lánveitingum til sjávarútvegsins, og ég held, að út af fyrir sig mundi það engin vandræði skapa með útdeilingu á þessum styrkjum. Það væri hægt að hugsa sér bæði Fiskifélagið og eins Fiskveiðasjóð sem líklegan aðila til þess að annast þessi verkefni annaðhvort í sameiningu eða hvor fyrir sig.

Ég vil aðeins að endingu segja það, að mér finnst, að ef menn vilja ekki fallast á að samþykkja þessa þáltill., þá ættu þeir hv. ræðumenn, sem hér töluðu á undan mér, að geta samþ., að þessi svo kallaða embættismannanefnd, sem er að vinna að endurskoðun á stjórnkerfi sjávarútvegsins, verði útvíkkuð þannig, að til viðbótar þeim mönnum, sem fyrir eru í henni, komi a. m. k. tveir menn, annar skipaður frá útvegi og hinn þá t. d. frá fiskiðnaðinum, og ég vildi nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. sjútvrh., hvort hann sæi nokkuð því til fyrirstöðu, að sá háttur yrði upp tekinn, að þessum mönnum yrði bætt við embættismannanefndina.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Nú er það upplýst af hv. 1. flm. þessarar till., að meginefni hennar sé það að fá fjölgað um tvo menn í nefndinni og, eins og hann segir, annar sé frá sjálfum útveginum og hinn frá fiskiðnaðinum. Það er meginefni till. og sú höfuðbreyting, sem hann vill gera á þessari núverandi skipan mála. Dettur nokkrum hv. alþm. í hug, að slík nefnd sem þessi geti starfað án þess að hafa samband við alla þætti sjávarútvegsins og án þess að leita samráðs og till. frá þeim? Nefndin sjálf hefur skýrt frá því, að hún hafi unnið á þeim grundvelli. Hér er fyrst og fremst um að ræða vinnunefnd. Erfiðleikar eru hins vegar á því að fara að velja, úr hvaða þætti útvegsins ætti að taka mann í nefndina, úr hvaða þætti fiskiðnaðarins ætti að taka mann í nefndina. Eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vestf. hér á undan, þá eru um eða yfir 20 aðilar hjá fiskimálaráði, og ef rétturinn réði, þá ætti að ræða þessi mál þar, sem allir aðilarnir væru saman komnir, en vandinn, sem er ráðh. á höndum eða rn. í því efni að velja tvo menn úr þessum hópi til þess að bæta við þessa vinnunefnd, vinnunefnd embættismanna, hann er slíkur, að þar verður erfitt úr að skera. Ég fullvissa hv. þm. og þingheim um það, að nefndin mun, eins og hún hefur þegar gert í sínu níu mánaða starfi, hafa samband við alla þá þætti, sem snerta íslenzkan sjávarútveg.

Þetta er þó aðeins önnur hliðin á starfi nefndarinnar. Hin er að samræma gildandi lög og reglugerðir, sem um alla þessa þætti gilda og hafa verið sett á mismunandi tímum við mismunandi aðstæður, eins og ávallt vill verða í okkar þjóðfélagi, og eru sum ákvæðin orðin 80—90 ára gömul. Það er þessi endurnýjun, sem sú

breyting á stjórnarráðinu, sem Alþ. ákvað, að tæki gildi um s. l. áramót, gerir mögulega.

Ég sé ekki þá nauðsyn, sem hv. þm. lagði svo mikla áherzlu á, að fjölga í nefndinni. Við vitum flestir af okkar félagsmálareynslu, að stórar nefndir eru þungar og erfiðar í vöfum. Hér eru þrír embættismenn, sem enginn efast um, að séu vel inni í embættisstarfshlið þessara mála, og þeir munu áreiðanlega ekki skila sínu áliti án þess að hafa náið og fullkomið samstarf og samvinnu við alla þætti sjávarútvegsmálanna. Þess vegna sannfærðist ég ekki, þrátt fyrir ítrekanir hv. 1. flm. þessarar till., um nauðsyn till., þar sem unnið mun verða að málinu nákvæmlega eins og hv. þm. óskar eftir, þ. e. að haft verði samráð og samstarf við alla þá aðila, sem þessi mál snerta.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en mér finnst rétt, að það komi fram, að þegar þessi nefnd var skipuð, leitaði sjútvrn. eftir því við framkvæmdastjórn fiskimálaráðs, að það tilnefndi mann í nefndina. Við, sem erum í framkvæmdanefndinni, áttum þess kost að vera skipaðir í nefndina. Í framkvæmdanefnd fiskimálaráðs er *formaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, formaður* Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem jafnframt á sæti í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, og ég, sem er fulltrúi Landssambands ísl. útvegsmanna. Við vorum allir þeirrar skoðunar, að við hefðum svo takmarkaðan tíma, að það væri ekki rétt, að einhver okkar færi í nefndina, en þar sem við værum með starfsmann, *þætti okkur það miklu betra og þægilegra, að hann yrði* í nefndinni, en hefði náið samráð og samstarf við okkur um það, sem væri að gerast hverju sinni, og það hefur hann virkilega gert, og það er auðvitað ætlun okkar að ræða málið í heild í ráðinu, þegar lengra er komið. Það stendur einnig fyrir dyrum að kalla okkur sérstaklega á fund þessarar nefndar, og sama mun verða gert við *stjórn Fiskifélags Íslands. Þannig mun þessi nefnd hafa* mjög náið samstarf við allar greinar sjávarútvegsins, en hitt hlýtur að verða miklu erfiðara, ef rn. eða ráðh. á að skipa tvo menn úr öllum þessum fjölda greina, sem standa að sjávarútveginum. Þess vegna tel ég, að ráðh. hafi farið mjög rétt að við þessa nefndarskipun og það sé eiginlega ekki hægt með neinum rökum að benda á, *að betur hefði verið hægt að skipa í nefndina en gert* hefur verið, því að það er og verður höfð mjög náin samvinna við alla þá aðila, sem hér eiga hlut að máli. Þess vegna tel ég, að niðurstaðan, sem við komumst að í sambandi við þessar umr., sé rétt, að þessi till. sé óþörf. Ég get því ekki fallizt á sjónarmið hv. flm.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þessi till. um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi stjórnkerfis sjávarútvegsins sýnist mér fara í rétta átt. Hún fer í þá átt, að það beri að endurskoða stjórnkerfi okkar grundvallaratvinnuvegar með það fyrir augum að færa saman þær fjöldamörgu stofnanir, sem í þjónustu þessarar atvinnugreinar eru. En þær eru eiginlega mýmargar og *sumar með lítt aðgreinanleg verkefni. Ég er ekki í* nokkrum vafa um það, að þetta er í raun og veru sjúkdómseinkenni á okkar þjóðfélagi. Það er ekkert sérstakt um sjávarútveginn. Það er allt saman bútað og bitað niður í alls konar skrifstofur og stofnanir, sem margar hverjar, tvær eða þrjár, eru að vinna að sama verkefninu. Á þessu höfum við engin efni, og þar að auki vinnast verkin verr og skipulagslausar með svona fyrirkomulagi. Ég er alveg viss um, að það er rétt, sem hér er lögð áherzla á í till., að það eigi að framkvæma endurskoðun á þeim ríkjandi lagafyrirmælum, sem um þessi efni gilda, með það fyrir augum að færa stjórnkerfið saman, gera það þar með einfaldara, ódýrara og virkara. Ég held því, að það sé meginefni þessa máls, hvort sú nefnd, sem hæstv. ráðh. hefur skipað, hefur fengið það verkefni, sem þessi till. miðast við. Ef svo er, þá má segja, að framkvæmdin sé í fullum gangi og till. fullnægt, þó að ég hins vegar líti ekki fram hjá því, að ég kynni betur við og treysti betur á, að verkið væri vel af hendi leyst fyrir sjávarútveginn, ef í nefndinni ættu sæti starfandi aðilar úr sjávarútvegi og fiskiðnaði, en ekki embættismenn eingöngu, hversu ágætir sem þeir eru. Og ég get ekki trúað því, að hæstv. ráðh. væri neitt í vandræðum með að finna menn úr fiskiðnaði og sjávarútvegi til þess að taka þátt í slíku nefndarstarfi eða að gera upp á milli þessara mörgu aðila. Slíkur vandi hefur verið yfirstiginn af ráðh. fyrr og ekki verið hopað í það vígi að hafa heldur engan úr þeirra röðum og losna við vandann þannig og skipa í þetta eintóma embættismenn til þess að leysa vandann. Það er ekki hin rétta lausn.

Það hefur ekki komið fram hér, hvert hið afmarkaða verkefni þeirrar þriggja manna nefndar, sem nú starfar, er, og það vil ég fá að vita. Miðast verkefni nefndarinnar, sem nú er að starfi, við það verkefni, sem af*markað er hér í þessari till.*? Ég tel það stefna í rétta átt, og svo framarlega sem nefndin á ekki að vinna að því að samhæfa þetta og fækka stofnunum og gera þannig skipulagið einfaldara, ódýrara og virkara, þá er a. m. k. full ástæða til að samþykkja þessa till.

Ég sagði það áðan, að ég teldi þetta eiginlega eins og mý á mykjuskán, þegar við fáum mynd af því, hversu *margar stofnanirnar eru.* Auk *sjútvrn. er* það Fiskifélag Íslands, fiskimálaráð, ýmsar tæknilegar stofnanir, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og af lánastofnunum Fiskveiðasjóður og Fiskimálasjóður. Með öryggismál sjávarútvegsins fer Siglingamálastofnunin. Svo er það verðlagsráð sjávarútvegsins, Fiskmatið o. fl. Þetta er eins og mý á mykjuskán, enda alveg í samræmi við það, sem hefur gerzt á síðustu árum í okkar þjóðfélagi. Það er alltaf verið að unga út nýjum skrifstofubáknum og nýjum stofnunum af lítt þörfu og stundum alþörfu máli. Við höfum rannsóknarstofnanir hingað og þangað út um borg og bý, ein til þess að rannsaka líf í ósöltum vötnum og önnur í söltum vötnum og þar fram eftir götunum. Ekkert má þetta vera saman. Svona mýgrútur stofnana var af orðhögum manni fyrir nokkrum árum kallaður veðramót, og þau eru orðin mörg veðramótin hjá okkur, en þau eru nokkuð dýr, og þau eru ekki þar eftir afkastamikil. Nei, það væri áreiðanlega ástæða til þess að líta á fleiri stofnanir og fyrirtæki í þjónustu okkar atvinnulífs og fækka þeim, leggja yfirleitt áherzlu á að fækka þeim, færa verkefnin saman og gera þau ódýrari og jafnframt líklegri til þess að bera jákvæðan árangur. Þessi fjölmennu ráð, sem hafa verið sett á fót, eins og fiskimálaráð og iðnaðarráð og ég veit ekki, hvað þau heita öll, ég held, að þau skili heldur litlum hlut að landi

flest. Um Fiskifélag Íslands, sem er mjög gömul stofnun, er það að segja, að um það eru ekki til nein lög. Fiskifélagið starfar án nokkurrar lagasetningar. Það eru bara til félagslög þar. Og ég er alveg sannfærður um það, að það hefði verið affarasælla fyrir sjávarútveg og fiskiðnað að efla Fiskifélagið, setja um það landslög og ákveða því víðtækt og þýðingarmikið verkefni með landslögum, heldur en að setja aðra stofnun við hliðina á því til þess að vinna að sumum verkefnum þess. Það er ég sannfærður um.

Ég orðlengi ekki frekar um þetta. Ég er fylgjandi þessari till., tel, að hún eigi erindi, þó að þriggja manna nefndin starfi, og það væri æskilegra að bæta við mönnum frá sjávarútvegi og fiskiðnaði í viðbót við þá þrjá embættismenn, sem starfið hafa hafið, og leysa það sem fyrst með það fyrir augum, sem í till. felst, að færa þessar mörgu stofnanir saman og gera þannig kerfið einfaldara, virkara og ódýrara.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. meira, enda óþarft. Hér er deilt um keisarans skegg. Ég stend hér upp í þriðja sinn til þess að skýra frá því, að vinna við verkefni þau, sem í þáltill. felast, var hafin fyrir níu mánuðum. Það er meginverkefni þessarar nefndar að vinna að því, sem í till. felst. Og svo stendur hér þm. eftir þm. upp til að spyrja að þessu sama. Ég tel ástæðu til þess að undirstrika þetta. Verkefnin eru þegar í höndum þessarar nefndar. Alþ. ákvað með lagasetningu að stofna til svo kallaðs fiskimálaráðs, þar sem allir þættir sjávarútvegsins eru dregnir inn í. Ég skal lýsa því yfir sem minni skoðun, að meðan þessi mál eru undir minni stjórn, verður hver einstök till. þessarar nefndar rædd í fiskimálaráði, þar sem fulltrúar sjómanna, útgerðarmanna, vinnslustöðva og allra þeirra aðila, sem tengdir eru sjávarútvegi, fá um þær að fjalla. Það ætti að vera trygging fyrir því, að það verði ekki bara embættismannaniðurstöður, sem út úr nefndarstarfinu koma, heldur till. þeirra manna, sem gerst til þekkja. Þar er fulltrúi Alþýðusambands Íslands, þar er fulltrúi sjómannasamtakanna, vinnslustöðvanna og allra þeirra, sem nánast eru tengdir þessum málum. Fyrir því ætti að vera fengin sú trygging, sem hv. flm. vilja fá með því að bæta við tveimur mönnum í nefndina. Og svo er um hnúta búið, ef samkomulag næst í þeirri stofnun um niðurstöður nefndarinnar, að fram kemur álit þessara aðila. Hitt er alveg rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, og eins hv. 2. þm. Vestf., að það hafa orðið á s. l. 80—90 árum stórkostlegar breytingar á öllu starfi, félagsstarfi, framleiðslu og fiskveiðum, og þetta hefur kallað fram ný samtök, nýjar skrifstofur, og verkefnin hafa breytzt. En þetta er megintilgangur með stofnun þessarar nefndar, að færa verkefnin saman, samhæfa þau og gera þau ódýrari í framkvæmd, þannig að allir viti raunverulega, hver hönd í þessum útvegi viti, hvað hinar eru að gera. Það sá enginn við stofnun Fiskifélags Íslands um s. l. aldamót, hver þessi þróun yrði. Þetta er eðlileg tímanna rás. Hlutirnir hafa breytzt, og endurskipulagning verður að fara fram á þeim. Ég ítreka það því einu sinni enn, til þess að það fari nú ekkert á milli mála, að nákvæmlega sama verkefni og í till. felst hefur umræddri nefnd verið falið. Til viðbótar þessu skal ég bæta því við, að till. nefndarinnar skulu ræddar í fiskimálaráði, þar sem allir hlutaðeigandi aðilar eiga sinn fulltrúa.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 31., 34. og 36. fundi í Sþ., 5., 16. og 23. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 91, n. 379 og 393).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Einkaréttur ríkisins til lyfsölu.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um einkarétt ríkisins til lyfsölu [89. mál] (A. 93).

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13., 14. og 22. fundi í Sþ., 3. og 8. des., 26. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þegar hæstv. heilbrmrh. hefur tíma til, þá þætti mér vænt um, að hann yrði viðstaddur umræður. Ég verð með stutta ræðu, en mig langaði að beina til hæstv. ráðh. spurningu í lokin, ef ég er ekki að trufla hann allt of mikið.

Ég flyt hér á þskj. 93 till. til þál. ásamt fjórum öðrum hv. alþm., og er till. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta endurskoða lyfsölulög, nr. 30 frá 29. apríl 1963. Skal endurskoðunin við það miðuð, að ríkið fái einkarétt til lyfsölu og komi á laggirnar sérstakri stofnun til að annast það verkefni. Tilgangur hinnar nýju skipunar skal vera sá að tengja lyfsöluna á sem hagkvæmastan hátt heildarskipulagi heilbrigðismála, tryggja sem lægst lyfjaverð og stuðla að aukinni lyfjaframleiðslu innanlands."

Eins og kunnugt er, eru lyf mjög veigamikill þáttur í heilbrigðisþjónustu. Lyflækningar eru mjög verulegur þáttur í sjúkdómsmeðferð, og kostnaður við lyf er einn helzti útgjaldaliður sjúkrasamlaga. Því verður að telja lyf mjög algenga nauðsynjavöru í almennum skilningi. Hins vegar eru lyf ekki markaðsvara á sama hátt og annar varningur, sem hafður er á boðstólum í neyzluþjóðfélögum. Sala þeirra hlítir ekki almennum reglum um framboð og eftirspurn og samkeppni. Yfirleitt eru það læknar, sem mæla fyrir um það, hvaða lyf menn kaupa og hvernig þeir nota þau. Því eru lyfin í eðli sínu þáttur í heilbrigðisþjónustu og heilsugæzlu á sama hátt og hverjar aðrar ráðstafanir til að berjast gegn sjúkdómum.

Svo sem kunnugt er, er heilbrigðisþjónusta hérlendis skipulögð á félagslegum grundvelli, og við teljum það mjög verulegan kost við þjóðfélagskerfi okkar. Sjúkrahúsin eru yfirleitt stofnuð og starfrækt á félagslegum forsendum. Við höfum almennt sjúkrasamlagskerfi, sem á að tryggja almenna samhjálp í þágu þeirra, sem veikjast. Læknar okkar eru yfirleitt starfsmenn sjúkrahúsa og sjúkrasamlaga. Við teljum okkur hafa haft mjög góða reynslu af þessu kerfi á undanförnum áratugum, ekki sízt ef við berum okkur saman við önnur þjóðfélög, þar sem annar háttur er á hafður. Ég hygg, að flestir hv. þm. viti t.d. dæmi þess, að Íslendingar, ekki sízt íslenzkar konur, sem hafa setzt að í Bandaríkjunum, koma oft hingað heim til þess að fá meðferð á sjúkrahúsum eða jafnvel til þess að ala börn sín, vegna þess að það er svo dýrt að njóta slíkrar þjónustu í Bandaríkjunum, vegna þess að þar er hún rekin á forsendum gróðaviðskipta. Þess vegna held ég, að það sé mjög almenn skoðun hér á Íslandi, að menn vilji halda áfram þessu félagslega kerfi og efla það. En í þessu kerfi eru ýmsar veilur, og ein veilan er sú, að lyfsalan er ekki í samræmi við þessa félagslegu stefnu. Apótek eru ekki þáttur af hinu almenna heilsugæzlukerfi, heldur eru þau rekin af einstaklingum í gróðaskyni. En samt eru lyfjaverzlanir engar venjulegar sölubúðir. Verðlag á lyfjum er ekki ákveðið á venjulegan hátt, heldur fjallar um það fimm manna nefnd, og síðan gefur ráðh. út svo kallaða lyfjaverðskrá. Laun starfsmanna í lyfjabúðum eru ekki ákveðin með venjulegum samningum milli launamanna og atvinnurekenda, heldur sker gerðardómur úr um allan ágreining. Engar lyfjabúðir má stofna án ráðherraleyfis og samkv. formlegum forsetaúrskurði. Forstöðumenn lyfjabúða keppa ekki um aðstöðu sína samkv. venjulegum lögmálum í kapítalísku þjóðfélagi, heldur velur ráðh. úr hópi þeirra, sem sækja um að vera forstöðumenn. Lyfsölum er óheimilt að beita þeirri aðalaðferð svo kallaðrar frjálsrar verzlunar að auglýsa vörur sínar. Öll er þessi skipan eins og um væri að ræða opinber fyrirtæki, þar sem opinberir starfsmenn eru að störfum. Munurinn er sá einn, að forstöðumenn lyfjabúða fá ekki laun samkv. ákvæðum um kjör opinberra starfsmanna, þeir hafa einokun með ráðherraleyfi til þess að reka lyfjabúðir í gróðaskyni fyrir sig persónulega.

Þetta er að minni hyggju algerlega fráleit skipan, og gallar þessa skipulags eru ákaflega margir. Það er almennt séð ákaflega óeðlilegt og hlýtur einnig að vera það frá sjónarmiði þeirra manna, sem aðhyllast frjálsa verzlun, að ráðherrar úthluti sjálfvirkri gróðaaðstöðu með einokunarfyrirkomulagi á þann hátt, sem ég hef verið að lýsa. Og ég hygg, að það séu æði margir Íslendingar, sem eru þeirrar skoðunar, að það sé einnig af siðferðilegum ástæðum óeðlilegt að hafa sjúkdóma og vanheilsu manna að gróðalind. Það er einnig óeðlilegt af hagkvæmnisástæðum að skilja lyfsöluna frá hinu almenna félagslega kerfi í heilbrigðismálum. Það veltur mikið á, að það kerfi sé sem heilsteyptast, og lyfjanotkun er, eins og ég sagði áðan, sívaxandi þáttur í lækningum, og notkun þeirra verður sífellt margbreytilegri og flóknari. Þess vegna er ákaflega mikilvægt, að þarna haldist í hendur hið almenna heilsugæzlukerfi og lyfsalan. Einnig er sá háttur, sem hér er nú á hafður með margar lyfjabúðir, þar sem einn kóngur ber ábyrgð á hverri fyrir sig, ákaflega óhagkvæmur. Þetta hefur í för með sér mjög dýra dreifingu, og þarna er ekki um að ræða þá eðlilegu samvinnu, sem ætti að geta verið á milli aðila, sem starfa á sama vettvangi. Sú tilhögun, sem hér er, ýtir ekki heldur undir aukna lyfjaframleiðslu í landinu sjálfu, heldur torveldar hún hana. Samt er lyfjaframleiðsla ákaflega mikilvæg og gæti verið miklu meiri hér á landi en hún er nú. Á sviði lyfjaframleiðslu starfa, eins og kunnugt er, harðsnúnir einokunarhringar á alþjóðlegum vettvangi og halda uppi verðlagi, og því kappkostar hver þjóð að hafa framleiðslu á ýmsum grundvallarlyfjum til þess að brjóta skörð í þessa einokun og vernda hagsmuni sína.

Sá gróði af lyfsölu, sem nú rennur til einstaklinga, gæti þá stuðlað að lækkuðu lyfjaverði. Ég vil einnig minna á það í þessu sambandi, að aðaltekjur lyfjaverzlana koma úr félagslegum sjóðum. Þeim er ávísað frá sjúkrasamlögunum, og það er ekki nema eðlilegt, að þá vilji hinn félagslegi aðili, þá vilji þjóðfélagið sjálft hafa með höndum stjórn þessara mála. Ég ætla, eins og ég sagði í upphafi, ekki að flytja um þetta langt mál. Ég veit, að það eru margir þm., sem hafa fullan hug á því að koma málum sínum til n. og það hefur dregizt æði lengi, að slíkt gerðist. En ég vil minna á það í lokin, að hér er ekki um að ræða vandamál okkar Íslendinga einna. T. d. hafa Svíar verið að rannsaka þessi mál um alllangt skeið að undanförnu, og árið 1969 skilaði nefnd, sem um þetta hafði fjallað, mjög umfangsmikilli skýrslu um skipan lyfjamála í Svíþjóð. Ég er með hana hérna, þetta er mikið verk og ákaflega fróðlegt, ekki aðeins um aðstöðu þessara mála í Svíþjóð, heldur yfirleitt. En það fróðlega í sambandi við þessa athugun er það, að það fékkst allsherjarniðurstaða, það fékkst allsherjarsamkomulag á milli ríkisins og apótekara í Svíþjóð um, að lögð yrði niður verzlun einkaaðila á þessu sviði og lyfsalan öll yrði félagsleg. Samkomulagið er þannig, að það verður stofnað sérstakt hlutafélag, sem ríkið á að ⅔ hlutum, en lyfsalarnir að ⅓ hluta. Og þetta fyrirtæki fær einkarétt á allri lyfsölu í Svíþjóð. Þetta fyrirtæki tekur einnig að sér að nokkru leyti innflutning á lyfjum og framleiðslu á lyfjum. En einkaaðilar verða þar einnig að verki til þess að tryggja samkeppni. En ástæðan til þess, að þarna næst samkomulag, þetta verður ekki pólitískt deilumál, er sú, að röksemdirnar fyrir þessu eru svo sterkar, að menn féllust á þær, einnig lyfsalarnir, þrátt fyrir gróðahagsmuni sína. Og þessi nýja skipan, sem ég hef verið að lýsa, kom til framkvæmda nú um síðustu áramót. Þá yfirtók þetta hlutafélag, sem ríkið á að meiri hluta til, allar lyfjabúðir í Svíþjóð og allt það kerfi, sem ég var að lýsa. Síðan eru samningsákvæðin um það, að menn fá að sjálfsögðu greiðslur fyrir eignir sínar, og enn fremur er lyfsölum, sem þess óska, tryggð atvinna áfram við lyfsöluna.

En ástæðan til þess, að ég bað hæstv. heilbrmrh. að hinkra örlítið við hér áðan, er sú, að frá því að þessi till. var flutt hér í fyrra hafa þau tíðindi gerzt, að heilbrigðismálin hafa verið flutt frá Sjálfstfl. til Alþfl. Ég hef fulla ástæðu til þess að ætla, að Alþfl. hafi mun meiri skilning á þessu máli heldur en Sjálfstfl., og mig langaði til að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort svo væri ekki. Hér áðan voru menn að deila um það, hvernig ætti að haga endurskoðun á tilteknu sviði, hvort það ætti að vera þingkjörin nefnd, sem þar ynni að, eða hvort

hæstv. ráðh. gætu skipað nefndir í þessum tilgangi. Ég vil taka það mjög skýrt fram, að mér er það engan veginn fast í hendi, að Alþ. taki þá ákvörðun, sem lögð er til með till. minni, ef hæstv. trmrh. vill framkvæma þessa athugun á sínum eigin vegum. Hann hefur fullt vald til þess, og ég teldi það ákaflega eðlilegt, að ráðh., sem telur sig aðhyllast sósíaldemókratísk viðhorf, noti þá nýju aðstöðu, sem flokkur hans og hann sjálfur hefur fengið í ríkisstj., til þess að sinna einmitt þessu verkefni.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að till. verði á sínum tíma vísað til hv. allshn.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í framhaldi af flutningi þessarar till. vildi ég aðeins upplýsa það, að nú fyrir skömmu var gefin út ný lyfsölureglugerð, sem byggð er á lögum, sem sett voru hér fyrir, að mig minnir, 2—3 árum, þar sem mjög var þrengdur hagur þeirra einstaklinga eða apóteka, sem hafa farið með lyfsölu, og mjög aukið á allt eftirlit, sem hana varðar. Ég veit ekki, hvort þessi reglugerð er komin fyrir almannasjónir, en hún fór frá rn., að mig minnir, fyrir einni eða tveimur vikum. Ég vil lýsa því yfir í sambandi við fsp. hv. 1. flm. þessarar till., að ég tel hana mjög athyglisverða og að hún eigi að fá gaumgæfilega athugun hér í n. Um sérstaka afstöðu mína til einkaréttar ríkisins eða einstaklinga þarf þm. ekkert að spyrja. Ég hef, eins og hann lýsti yfir, aðhyllzt það, að ríkið eigi að hafa á sínu valdi slíka hluti sem þessa. Þar tala ég að sjálfsögðu ekki fyrir hönd ríkisstj. í málinu. Um þetta hafa ekki verið deilur innan ríkisstj., þegar málið var þar á dagskrá.

Hv. þm. lagði mikla áherzlu á það, að ráðh. úthluti hér einstaka mönnum í gróðaskyni leyfum til sölu á lyfjum. Það, sem ráðh. eru að gera í þessu máli, bæði fyrirrennarar mínir og ég, er að framkvæma gildandi lög. Það eru sérstök lög um lyfjaskrárnefnd, og hún gerir sínar till. til ráðh., og það er meira formsatriði en hitt, að ráðh. staðfesti þessa reglugerð. Í nefndinni er fulltrúi ríkisins, og er hann formaður hennar, þannig að ríkið hefur mjög hönd í bagga með þessum málum eins og þau eru í dag. Ég skal ekki segja, hvort fulltrúi ríkisins sem slíkur getur ráðið úrslitum í verðákvörðunum hverju sinni, en hann er alla vega þarna með, og hann er fulltrúi ráðh. í lyfjaskrárnefnd og á að gefa honum skýrslu, ef hann telur, að of langt sé gengið. Ég vil sem sagt segja um málið í heild, að ég tel, að þessi till. eigi að fá vandlega skoðun og síðan verði látið á það reyna, hvort meiri hl. sé fyrir þeirri breyttu tilhögun, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir, frá gildandi lögum. Ég vænti þess, að þetta séu nægjanleg svör.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Innkaup landsmanna.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á hagkvæmni innkaupa landsmanna [91. mál] (A. 95).

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13., 14. og 22. fundi í Sþ., 3. og 8. des., 26. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 95 að flytja till. til þál. um athugun á hagkvæmni innkaupa fyrir landsmenn. Tillgr. sjálf er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun, í samráði við launþega- og neytendasamtökin, á hagkvæmni innkaupa til landsins s. l. þrjú ár, að því er tekur til verðs og gæða, og birta almenningi niðurstöðurnar."

Það er staðreynd, sem allir landsmenn vafalaust þekkja, að við verjum stærri hluta af þjóðartekjum okkar en flestar ef ekki allar menningarþjóðir fyrir vestan okkur og austan til þess að flytja inn nauðsynjavarning til landsins. Við höfum sjálfir ekki enn þá komizt það langt í sambandi við iðnað t. d. hér á landi, að við getum framleitt mikið af vörum, sem við notum, og þurfum því að flytja þær inn, og ýmsar aðrar sérástæður okkar gera það að verkum, að við verðum um nokkuð langa framtíð ábyggilega mjög háðir innflutningi. Það lætur því að líkum, að það skiptir mjög verulegu máli fyrir hag landsmanna, hvernig staðið er að því að gera innkaup til landsins. Ástæðan til þess, að þessi till. er flutt, er sú, að ég las í Morgunblaðinu 18. sept. á s. l. ári grein eftir einn af stærri innflytjendum þessa lands, sem vakti athygli mína mjög verulega, og skal staldrað lítils háttar við hana, af því að ég þóttist vita, að þar væri um fjallað af manni, sem nokkuð hlyti að þekkja til þess, sem hann var að skrifa um. Þá fæddist sú hugmynd, hvort ekki væri rétt fyrir Alþ. að láta sig þetta mikilvæga mál, hagkvæmni innflutningsins til landsins, nokkru skipta og ákveða að rannsaka hagkvæmni innflutnings ákveðins tímabils, að því er tekur bæði til verðs og gæða, og birta síðan almenningi niðurstöðurnar. Ég tel, að hér sé um mjög brýnt hagsmunamál allra að ræða, og ég vil taka það fram, að í flutningi þessarar till. felst ekki neinn broddur um það, að ég telji innflutningsverzlunina sjálfa ekki fyllilega nauðsynlegan atvinnuveg fyrir landið. Þvert á móti. Ég er sannfærður um, að innflutningsverzlunin er mjög nauðsynlegur þáttur í okkar atvinnulífi, en ég tel, að gera megi þá kröfu til innflutningsverzlunarinnar, sem gerð er a. m. k. til sumra annarra atvinnugreina, fyrst og fremst þeirra, sem flytja út og verða að heyja samkeppni á erlendum mörkuðum um söluvarning sinn, að hún sé rekin á svo hagkvæman hátt fyrir landsmenn sem mögulegt er. En grein þessa innflytjanda gaf síður en svo tilefni til þess að ætla, að svo væri. Og hann er

ekki sá eini, sem heyrzt hefur halda því fram, að mjög verulegar fjárhæðir mætti spara í þjóðarbúskap okkar, ef meiri hagkvæmni gætti í sambandi við innflutningsverzlunina.

Ég skal ekki orðlengja þetta mikið. Ég tel þó rétt að víkja að nokkru, sem raunar kemur fram í grein þessari, sem birt er sem fskj. með þál. Greinarhöfundur nefnir þar dæmi um innflutning á járni á árinu 1969, sem hann tekur upp úr hagskýrslum. Ber hann þar saman innkaupsverð á 20 þús. tonnum af járni frá fjórum löndum, sem hann kallar a, b, c og d. Munurinn á innkaupsverði á 20 þús. tonnum járns á árinu 1969, eftir því hvort þau innkaup eru gerð frá landinu a eða landinu d, er 248 millj. kr. Og hann segir svo í greininni:

„Til glöggvunar skal bent á, að fyrir þessar 248 millj. kr. mætti kaupa tuttugu 50 tonna fiskibáta eða tíu 100 tonna fiskibáta eða 150 3—4 herbergja íbúðir eða 1000 dráttarvélar, og þannig mætti lengi telja."

Nú geri ég ráð fyrir því, að þessi innflytjandi beri hér saman járn af sambærilegum gæðum, annað finnst mér ósennilegt, en ef svo er, þá er hér um svo gífurlegan verðmun að ræða, að með ólíkindum er, og þyrfti að fá upplýst, hvernig á þessu gæti staðið.

Við vitum, að til þess að tryggja það, að Íslendingar selji ekki útflutningsvörur sínar á undirverði, þá er í íslenzkum lögum ákveðið, að fylgzt sé með því verði, sem fyrir útflutninginn fæst hverju sinni. Stjórnvöld hafa heimild til og hafa enda stundum gert að banna útflutning ákveðinnar vöru, þegar talið hefur verið, að verðlag hennar væri óeðlilega lágt. Þetta er vafalaust hagkvæmt og eðlilegt, og ég fæ ekki séð, að nein rök mæli því sérstaklega í gegn, að einhverju svipuðu eftirliti verði komið á, að því er tekur til innflutningsins. Það mætti hugsa sér, að a. m. k. í sumum greinum innflutningsins, þar sem inn er flutt magnvara í stórum stíl, gæti verið eðlilegt, að einhver stofnun — þá dettur mér í hug t. d. Seðlabankinn eða einhver af hans undirstofnunum — fylgdist með verðlagi á slíkum varningi. En ég skal ekki fara langt út í þá sálma, því að till. gerir ráð fyrir því, að þetta sé athugað í samráði við launþega- og neytendasamtökin í landinu. Ef þessi till. fæst samþ., þá geri ég mér vonir um, að hún geti leitt til einhverra skipulagsbreytinga, er tryggi það, að neytendur í landinu geti búið við hagkvæmara verðlag á innfluttum varningi og jafnvel meiri gæði í mörgum tilfellum en við höfum átt að venjast til þessa.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um till. þessa verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Löggjöf um rétt til óbyggðа, afrétta og almenninga.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heildarlöggjöf um nýtingu og rétt til óbyggða, afrétta og almenninga [93. mál] (A. 97).

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til fyrri umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 97 að flytja till. til þál. um heildarlöggjöf um nýtingu og rétt til óbyggða, afrétta og almenninga. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til að gera könnun á eignarrétti, takmörkuðum eignarréttindum, svo sem ítökum og afnotarétti, svo og landamerkjum afrétta, almenninga á landi og í vötnum og annarra óbyggðra svæða í landinu. Enn fremur að undirbúa heildarlöggjöf um nýtingu og rétt til þessara svæða. Skal leggja frv. um þetta efni fyrir Alþ. svo fljótt sem unnt er."

Til skamms tíma hefur meginhluti Íslands verið talinn óbyggilegur með öllu og ónýtanlegur nema til beitar fyrir búfé, þar sem gróður var. Nútímahugmyndir um þetta efni eru allt aðrar. Komið hefur í ljós, að á hinum auðu og óbyggðu svæðum felast mikil verðmæti, og líkur benda til, að mun meiri hluti landsins sé í raun byggilegur en talið hefur verið. Hugmyndir manna um nýtingu vatnsorku hafa gerbreytzt á síðari árum, og margir líta á jökla vora sem ein mestu auðæfi landsins. Þar sé fólgin sú orka, sem ókomnar kynslóðir Íslendinga muni nota og megi jafna til kolanáma og olíu- eða gaslinda annarra þjóða.

Þótt landamerkjalög hafi verið hér í gildi um langt skeið, hefur komið í ljós, að landamerki eru víða mjög óglögg, og sérstaklega er óljóst um takmörk lögbýla annars vegar og afrétta og almenninga hins vegar. Skýr lagaákvæði skortir um rétt til afrétta og almenninga. Má í því sambandi benda á hin miklu málaferli, sem hafa verið um Veiðivatnasvæðið og svo um Nýjabæjarafrétt og Laugarfellsöræfi. Þá munu nú og risin mikil málaferli um rétt til botns í almenningum vatns.

Telja má víst, að rétturinn til afrétta og almenninga sé með mjög mismunandi hætti víða um land. Lönd utan byggða heyra sum undir jarðir þær, sem að þeim liggja, og eru þá hluti af þeim sem jarðareign. Önnur eru afréttir tiltekinna sveitarfélaga eða upprekstrarfélaga. Hver réttur sveitarfélags til afréttar síns er, mun vera með nokkuð mismunandi hætti. Sum afréttarlönd eru vafalítið bein eign sveitarfélaganna. Réttur þeirra til annarra er hins vegar e. t. v. aðeins afnotaréttur í tiltekna átt. Um þetta eru engin almenn lagaákvæði, og dómsúrskurðir eru fáir um þetta efni, svo að þar getur verið um mörg vafamál að ræða. Um almenninga eru ýmis ákvæði í Jónsbók, sem flest munu orðin úrelt nú á tímum, enda sniðin í fyrstu eftir norskum landsháttum og því efasamt, hversu vel þau hafa átt við hér á landi. Að svo miklu leyti sem almenningar eru enn til, mun annars víða vera svo komið, að tilteknar jarðir hafa

eignazt tiltekin afnot þeirra, og munurinn á þeim og afréttum mun því vera orðinn óljós nú á tímum. Loks eru inni á hálendinu landssvæði, sem liggja utan afrétta, þ. e. jöklar og öræfi, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að.

Um rétt til afrétta og almenninga, sem ekki tilheyra sveitarfélögum, upprekstrarfélögum eða einstökum jörðum, er því nokkur vafi. En eftir því sem stöðu ríkisvalds er háttað nú á tímum, virðist eðlilegast, að ríkið sé aðili þessara réttinda, enda er sú regla yfirleitt ríkjandi með öðrum þjóðum. Til skamms tíma skipti litlu máli um eignarrétt þessara landssvæða. Umferð um afréttir og óbyggðir landsins var nær engin. Engum datt í hug, að neinar verulegar nytjar væru af þessu landi. Menn höfðu ekki skilning á því, að gróður landsins væri í stórri hættu og nauðsyn bæri til að verja landið gegn uppblæstri með uppgræðslu og gróðurvernd. Menn gera sér ekki ljóst, að heiða- og fjallavötn búa yfir miklum möguleikum til fiskiræktar og vötn hálendisins hafa grundvallarþýðingu í sambandi við virkjunarmál landsins.

Það hefur komið á daginn, að afréttir og óbyggðir Íslands búa yfir miklum möguleikum, sem snerta landsmenn alla. Af örfáum lagagreinum, sem fjalla um afréttir og almenninga, má yfirleitt ráða, að löggjafinn líti svo á, að þessi lönd séu almenningi frjáls til afnota, nema þau séu háð eignarrétti lögbýla eða sveitarfélaga eða sveitarfélög hafa öðlazt afnotarétt af tilteknum svæðum. Í þessu sambandi má minna á lög um fuglaveiði og fuglafriðun nr. 33 1966. Þar segir í 5. gr.:

„Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareignar lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Samkv. þessari gr. er þýðingarmikið að vita, hvaða afréttir landsins eru háðar eignarrétti einstaklinga, upprekstrarfélaga eða sveitarfélaga. Hins vegar er í lögum um lax- og silungsveiði nr. 76 1970, í 5. gr., ákvæði, sem bendir til, að afnotahefð hafi skapazt. Þar segir:

„Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfar á sama hátt og verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Eigi má leigja veiði í slíkum vötnum eða leyfa hana með öðrum hætti. Veiðifélögum við slík vötn er heimilt að ráðstafa veiði í samræmi við lög þessi."

Þetta bendir til þess, að löggjafinn líti þannig á, að það sé ekki eignarréttur á afréttarvötnunum, en hins vegar hafi búendur, sem eiga upprekstrarréttinn, öðlazt einir veiðiheimildina. Þannig eru þau fáu lagaákvæði, sem snerta þessi mál, yfirleitt nokkuð óskýr og teygjanleg. Sama máli gegnir um þá fáu dóma, sem gengið hafa um þessi mál. Þó virðist mega draga þá ályktun af þessum dómum, að sá, sem telur sig eiga eignarrétt á landssvæði utan landareignar lögbýla og ofar byggð, hafi sönnunarskyldu fyrir staðhæfingu sinni um beinan eignarrétt. Sérstaklega á þetta við um hrein öræfasvæði, eins og t. d. dómur Hæstaréttar frá 29. apríl 1969 um Nýjabæjarafrétt gefur tilefni til.

Um fjölmörg landssvæði utan landareigna lögbýla ríkir veruleg óvissa um beinan eignarrétt. Er því ljóst, að brýna nauðsyn ber til að taka þessi mál til gagngerðrar athugunar og reyna að koma fastri skipan á þessi mál, þannig að réttarstaða þeirra, sem hér eiga hagsmuna að gæta, verði skýrt mörkuð. Það land, sem hér er um að ræða, hefur verið að blása upp á undanförnum áratugum og er víða örfoka. Þessa gróðureyðingu verður að stöðva hið fyrsta og hefja jafnframt stórfellda sókn til að auka gróðurfar og almennar nytjar þessara landshluta. Slíkt stórátak verður að sjálfsögðu ekki gert nema með samstilltu átaki margra aðila og öflugum stuðningi ríkisvaldsins með hæfilegum fjárveitingum af almannafé. Víst er, að ríkið sjálft á mikinn hluta þessara landssvæða, og ber því siðferðisleg skylda til þess að bæta sín eigin landssvæði. Það þarf því að kveða tryggilega á um það, hverjir eigi rétt til óbyggðanna á Íslandi, afréttanna og almenninganna. Það er grundvallarforsenda þess, að hafizt verði handa um gróðurvernd og auknar nytjar þessa landssvæðis.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar að sinni. Hér er vissulega um þýðingarmikið og margþætt mál að ræða, sem snertir alþjóð. Ég vænti þess, að hv. alþm. séu sammála mér um það, að tímabært sé, að málið verði ítarlega kannað, eins og till. gerir ráð fyrir. Að þessari umr. lokinni leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til allshn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka fyrir, að þessu máli er hér hreyft. Ég er sannfærður um, að hér er um eitt hið mikilvægasta mál að ræða, sem við eigum við að glíma á næstu árum. Það er alveg skýlaust, að eignarréttur er mikilvægur hér á landi, og mér er sagt, að í setningarræðu í gær á Búnaðarþingi hafi formaður Búnaðarfélagsins kveðið svo að orði, — e. t. v. er það mismæli, e. t. v. er það ekki alveg laukrétt hermt, — en hann hafði átt að segja: „Um 2700 bændur eiga landið." Hvað eigum við hinir þá og hvað á þá öll íslenzka þjóðin, ef 2700 bændur eða þar um kring eiga allt landið?

Það kom skýrt fram í máli ræðumanns, að hann taldi, að víst væri, eins og hann orðaði það, að ríkið ætti mikinn hluta landsins, en ekki liggur ljóst fyrir, hvað ríkið á. Ég tel það vel tímabært, að það liggi ljóst fyrir á 1100 ára afmæli landsins, hvað íslenzka þjóðin á og hvað einstakir þegnar eiga, og það yrði skýrt afmarkað og undinn að því bráður bugur að fá löggjöf um það, sem tekur fram, hvað hver á, að nytjar þeirra, sem hafa nytjað landið, séu tryggðar. Það ætlast enginn til þess, að þeir missi af sínum nytjum, sem hafa nytjað öræfin, en það liggur líka ljóst fyrir, að fjöldi bænda hefur rekið upp í sameiginlegan almenning, án þess að eignarréttur sé viðurkenndur. Það kemur líka skýrt fram í sambandi við hæstaréttardóm í Nýjabæjarmálinu svo nefnda um afréttir, að það er mjög erfitt að sanna eignarrétt uppi í óbyggðum. Það er nauðsynlegt, að þetta komi fram vegna þeirra möguleika, eins og ræðumaður kom inn á, sem búa í óbyggðunum. Ég tel þess vegna mjög nauðsynlegt, að menn hugleiði það alvarlega að leysa þennan hnút, sem fram undan er, því að ella verða mjög mörg erfið mál fram undan, sem skapa erfið málaferli.

Ég ætlast ekki til þess, að þeir, sem hafa nytjað landið um áratugi með upprekstri á búfé eða með veiðum, missi sinn rétt. En það verður að liggja ljóst fyrir, hver á landið. Á þjóðin það sameiginlega eða er það eign

nokkurra einstaklinga eða hreppsfélaga? Og það verður að höggva á þennan hnút sem fyrst, ella stefnir í voða.

Það er sagt, að ein jörð í Mývatnssveit eigi stærra landssvæði en t. d. Árnessýsla öll er. Ég veit ekki, hvort nokkrir pappírar liggja fyrir um þessa eignaraðild. En þessu hefur verið haldið fram um áratugi. Mest af þessu landi er vötn og sandar og hraun og jöklar, en engu að síður er það talið í bókum, að því er mér er tjáð, eign vissra jarða og vissra manna þá um leið. Nauðsyn er því á, að hv. Alþ. taki undir þessa till. hér og stuðli að því, að löggjöf verði sett um, hverjir eiga landið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Heimild til að selja Rafveitu Vestmannaeyja og Andakílsárvirkjun raflínur.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heimild til handa ríkisstj. að selja Rafveitu Vestmannaeyja og Andakílsárvirkjun tilteknar raflínur [94. mál] (A. 98).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

21. Stækkun fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um stækkun fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum [96. mál] (A. 100).

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 24., 25., 27. og 29. fundi í Sþ., 2., 9. og 23. febr., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Menntastofnanir og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um dreifingu menntastofnana og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar [98. mál] (A. 103).

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessi till. til þál., sem við flytjum þrír þm. Framsfl. úr Norðurl. e., er að okkar dómi allveigamikil og mikilsverð till. Ég vil nú leyfa mér að lesa till., sem hljóðar þannig:

„Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu skóla og hvers kyns mennta- og menningarstofnana um landið og tillit tekið til þeirrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana. Enn fremur lýsir Alþ. yfir því, að sérstaklega skuli að því stefnt, að Akureyri verði efld sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar."

Það er sem sagt þannig með efni þessarar till., að það er tvíþætt. Fyrri liður hennar er almenns eðlis og felur í sér viljayfirlýsingu Alþ. um það, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið og að tillit verði tekið til slíkrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana. Í öðru lagi er lagt til, að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum, að Akureyri verði sérstaklega efld sem skólabær og miðstöð vísinda og mennta utan höfuðborgarinnar. Ég vil geta þess, að till. mjög svipaðs efnis var flutt á þinginu 1964 og þá var hún rædd hér, og ég vil segja, að hún fékk á margan hátt vinsamlegar viðtökur hér í þinginu. Hún var rædd í n., og það var leitað umsagna um efni hennar víða að, og umsagnir bárust um hana frá ýmsum aðilum. Þær urðu lyktir þessa máls, að till. var að vísu ekki samþ. sem ályktun Alþ., en fékk þá afgreiðslu, að henni var vísað til ríkisstj. Nú er okkur flm. allsendis ókunnugt um, að ríkisstj. hafi gert nokkuð sérstakt í þessu máli, og við teljum því eðlilegt nú á þessu þingi eða eftir þennan langa tíma, að málinu sé hreyft að nýju, og þess vegna höfum við leyft okkur að flytja þessa till., sem að efni til og að meginstefnu er mjög hin sama og sú till., sem lá hér fyrir þinginu 1964. Við viljum benda á það, að þessi till. er hugsuð af okkar hálfu sem framlag í umr. og ákvarðanir í sambandi við svo kallaðar byggðaáætlanir, sem nú er svo mikið um rætt, byggðaáætlanir eða landshlutaáætlanir. Við viljum leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að þróun ýmiss konar félags- og menningarstarfsemi og þjónustustarfsemi verður að haldast í hendur við atvinnuuppbygginguna, ef árangur á að nást af landshlutaáætlunum, því að nútímafólk, sérstaklega yngra fólkið, lætur sér ekki nægja trygga at-

vinnuafkomu, þó að atvinna sé að sjálfsögðu grundvöllur þess, að menn geti lifað í landinu, en fólk mælir ekki lífskjör sín eingöngu eftir því, hver atvinnan er, heldur lítur það einnig til þess, hver sé hin félagslega og menningarlega aðstaða á þeim stöðum, þar sem það á heima. Þannig viljum við flm., að Alþ. marki ákveðna stefnu í þessa átt, þannig að mennta- og menningarstofnunum sé dreift um landið, eftir því sem mögulegt er og eðli máls krefst. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að með þessu orðalagi, mennta- og menningarstofnun, þá er um að ræða mjög víðtækt hugtak og engin ástæða til þess að þrengja merkingu þess. Hér er að sjálfsögðu átt við skóla- og fræðslustofnanir yfirleitt, en einnig ýmsar aðrar menningarstofnanir eins og bókasöfn, náttúrugripasöfn og listasöfn, minja- og þjóðfræðasöfn, leiklistar- og tónlistarstarfsemi og raunar aðra listastarfsemi.

Í þessari till. er gert ráð fyrir því, að Akureyri sé sérstaklega efld sem skólabær, og þá er sjálfsagt að minnast þess, að Akureyri er þegar talsvert mikill skólabær og hefur lengi verið, þannig að það er veruleg undirstaða til að byggja á fyrir framtíðina í þessu efni, og það ætti að vera tiltölulega auðveldara að efla Akureyri á þessu sviði heldur en ýmsa aðra staði í landinu. Auk þess er það almennt viðurkennt nú, að ef Norðurlandsáætlun svo nefnd kemst til framkvæmda, þá sé rétt að stefna að því, að Akureyri verði í því sambandi efld verulega sem stærri bær en nú er og þá til þess að verka sem mótvægi á móti því mikla afli, sem höfuðborgin, Reykjavík, er. Við höfum látið okkur detta ýmislegt í hug í sambandi við það að efla Akureyri á sviði skólamála, og í því sambandi höfum við lagt það til sérstaklega, flm. þessa frv., að hafðir séu í huga a. m. k. tveir skólar, sem virkileg þörf er fyrir í landinu. Annars vegar er það tækniskóli og hins vegar verzlunarskóli. Tækniskóli starfar í Reykjavík samkv. sérstökum lögum, en í lögunum um tækniskóla eru einnig heimildarákvæði um það, að starfrækja megi á Akureyri sjálfstæðan tækniskóla, og nú þegar er starfrækt og hefur verið undanfarin ár starfrækt undirbúningsdeild undir tækniskóla. Nú er það jafnframt á vitorði flestra, að Tækniskóli Íslands hér í Reykjavík hefur átt við mjög erfiðan kost að búa á margan hátt, einkum og sér í lagi hvað varðar húsnæði, og er mér ekki fyllilega ljóst, hvort búið er að bæta úr þeim húsnæðisvandræðum, þó að fram hafi komið af hálfu ríkisstj., að úr því verði bætt. En mér er ókunnugt um, að það hafi orðið, og það er eindregin till. okkar, sem að þessu máli stöndum, að nú, þegar Tækniskólinn stendur á þessum tímamótum, að það verður að byggja yfir hann eða útvega honum viðunandi húsnæði með ærnum kostnaði þá sé það fyllilega eðlilegt, að skólinn yrði fluttur til Akureyrar og látinn starfa þar í framtíðinni, á meðan ekki telst þá fært eða eðlilegt, að tveir tækniskólar starfi í landinu.

Annar skóli, sem við höfum minnzt á í þessu sambandi, er verzlunarskóli. Þess er brýn þörf, að verzlunarskóla verði komið upp á Norðurlandi, og ég held nú raunar, að eftir öll þessi ár sé loks að komast á það hreyfing hjá fleirum en okkur, sem að þessu máli stöndum, að það sé nauðsynlegt að efla verzlunarmenntunina í landinu með því að stofna fleiri verzlunarskóla, og ég er ekki frá því, að það hafi jafnvel komið til tals, að slíkur skóli yrði á Akureyri, og þá, eins og við höfum bent margsinnis á, flm. þessa máls, að það væri eðlilegt, að samvinnuhreyfingin og samtök einkarekstrarmanna stæðu að slíkum verzlunarskóla í sameiningu. Einnig hefur verið nokkuð rætt um það, m. a. hér á Alþ., að verkalýðshreyfingin eða alþýðusamtökin þyrftu að koma sér upp sérstökum félagsmálaskóla, og ég vil nefna það í þessu sambandi, að við flm. þessarar till. höfum hreyft þeirri hugmynd í sambandi við þetta mál, að hugsanlegt væri, að slíkur skóli yrði á Akureyri og þá jafnvel í sambandi við hugsanlegan verzlunarskóla þar. Að vísu er sjálfsagt að kanna það mál betur, hvort þessi mál fara saman, en ég hygg þó, að svo mætti verða.

Í sambandi við þetta mál allt saman, um eflingu Akureyrar sem skólabæjar, þykir mér rétt að minnast á það, að fyrir nokkrum árum, það eru líklega orðin ein 6—7 ár, þá beittu Norðmenn eða norsk stjórnvöld sér fyrir því að kanna, hvaða möguleikar væru á því að flytja ýmsar stjórnarstofnanir og opinberar stofnanir frá Osló og finna þeim stað utan Oslóborgar. Í þetta var skipuð nefnd, sem vann verk sitt á tiltölulega stuttum tíma og skilaði ítarlegu áliti, sem ég hef haft tækifæri til að kynna mér. Þetta álit kom fram líklega 1963—1964, og þar voru hafðar uppi ýmsar hugmyndir um það, hvernig flytja mætti stjórnarstofnanir, opinberar stofnanir, burtu frá höfuðborginni og finna þeim stað annars staðar. Þá var sérstaklega á það bent, að engin sérstök vandkvæði væru á því að flytja ýmsa sérgreinaskóla úr höfuðborginni og láta þá starfa annars staðar en þar og jafnvel á það bent, að því fylgdu ýmsir kostir. Jafnframt gat nefndin þess, að heppilegt væri í þessu sambandi, ef flytja ætti skólana frá höfuðborginni, að byggja upp sérstök skóla„centrum" eða skólamiðstöðvar. Að því væri ýmiss konar hagræði, að fleiri skólar en einn störfuðu á sama stað. Með því mundi kennarakrafturinn m. a. nýtast miklu betur, og það er einmitt í þessum anda, sem við höfum túlkað þetta mál.

Þá vil ég geta þess, sem skiptir miklu máli í sambandi við þetta. Það er, að við höfum lagt til, að Akureyri verði ekki einungis skólabær, heldur líka það, sem við köllum miðstöð menningar og vísinda utan höfuðborgarinnar. Og þá felst í þessu það, að ýmiss konar menntir, fræði og vísindi, slíkar menntir verði auknar, þannig að Akureyri verði áður en langir tímar líða viðurkennd sem aðsetur æðri mennta- og vísindastofnana, þar sem m. a. væru stundaðar rannsóknir og fræði á vísindalegum og akademískum grundvelli. Nú kunna ókunnugir e. t. v. að halda um þetta atriði, að þar sé á litlu að byggja. En ég held, að svo sé ekki. Það er áreiðanlega mögulegt, og það er skynsamlegt að tengja saman hugmyndina um skólabæ og miðstöð mennta og vísinda. Það er líklegt og hefur raunar sannazt nú þegar, þó að í litlu sé, að skólamiðstöðin mun draga að sér efnilega menntamenn og kennara, sem áhuga hefðu á að sinna vísindastörfum að nokkru með kennslu. Slíkt getur farið saman á Akureyri eins og annars staðar. Og þá er þess að geta, að þegar er sprottinn úr grasi vísir að rannsóknarstofnunum á Akureyri og nágrenni, einkum á sviði náttúrufræði og svo kallaðra raunvísinda. Náttúrugripasafnið á Akureyri hefur á ýmsa lund eflzt mjög mikið síðustu ár. Þar er fuglasafn gott, enda er það kjarni safnsins frá upphafi, en grasasafnið er einnig mikið að vöxtum og mun fyllilega standast samjöfnuð

við grasasöfn í Reykjavík. Grasgarðurinn svo kallaði á Akureyri er alveg einstakur í sinni röð. Forstöðumaður náttúrugripasafnsins, Helgi Hallgrímsson, er ungur vísindamaður og áhugasamur um eflingu vísindastarfsemi á Norðurlandi. Hann hefur ritað nokkuð um það og bent á það rækilega, að vísindastarfsemi á Norðurlandi ætti að hafa aðalaðsetur á Akureyri. En Helgi Hallgrímsson á heima á bæ nokkuð utan við Akureyri, úti á Árskógsströnd, og þar hefur hann komið sér upp nú þegar náttúrufræðilegri rannsóknarstöð, og þar hyggst hann stunda rannsóknir á sjávarlífinu við Eyjafjörð og raunar mörgum öðrum atriðum. Hann hefur þar með félögum sínum, sem standa með honum að þessu og eru flestir menntaskólakennarar, fengizt við ýmsar merkar rannsóknir, og ég vil geta þess sérstaklega, að þessi vísindastöð Helga Hallgrímssonar á Víkurbakka hefur m. a. fengið styrk úr Vísindasjóði til sérstakra jarðvegsrannsókna, og hefur vísindastöðin skilað áliti um þær rannsóknir. Ég vil einnig geta þess, að Rannsóknastofa Norðurlands tók til starfa fyrir nokkrum árum á Akureyri. Þar er að störfum mjög hæfur vísindamaður, ungur maður, Jóhannes Sigvaldason magister í náttúrufræði, og hann hefur þegar getið sér mjög gott orð sem vísindamaður, og ég held, að það sé óhætt að segja, að eftir hann liggi mjög merkar rannsóknir, sérstaklega kalrannsóknir og aðrar jarðvegsrannsóknir.

Þá vil ég geta þess, að á Akureyri er sérlega gott bókasafn, og þar er einnig skjalasafn í sambandi við bókasafnið, og þetta bókasafn á Akureyri er alveg áreiðanlega langbezta bókasafn utan Reykjavíkur og hefur eflzt mjög mikið á undanförnum árum og er sífellt að eflast. Og þá er líka að geta þess, sem ég tel, að sé mjög merkilegt atriði, en það er Minjasafnið á Akureyri, sem við hér í till. bendum á, að gæti orðið þjóðfræðastofnun. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta, að þetta er ekki beinlínis hugmynd okkar sem slíkra, heldur eru það menn á Akureyri, sem hafa bent á, að svo gæti orðið. Hygg ég, að Helgi Hallgrímsson hafi skrifað hvað mest um það og bent á, að minjasafnið gæti orðið grundvöllur að þjóðfræðastofnun, akademískri stofnun, sem hafa mundi mjög mikið vísindalegt gildi og rannsóknargildi í þjóðfræðum.

Ég skal nú ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég hef bent hér á höfuðatriði málsins og mundi leggja til, að þetta mál færi til allshn., sem hafði málið til skoðunar fyrir fimm árum. Það er víst ein umr., sem ráðgerð er um þetta mál, og ég legg þá til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn., þegar umr. lýkur nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Dreifing framkvæmdavalds.

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu á sjálfstjórn héraða [115. mál] (A. 124).

Á 23., 24., 25. og 27. fundi í Sþ., 29. jan., 2., 9. og 23. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 124 till. til þál. um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu á sjálfstjórn héraða. Mér þykir ástæða til þess að lesa þessa till. eins og hún er. Þessi till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna mþn., sem hafi það verkefni að athuga, með hvaða hætti bezt verði unnið að dreifingu framkvæmdavalds til fleiri staða en nú er og til eflingar á sjálfstjórn í landsfjórðungunum eða öðrum stórum landssvæðum.

Nefndin athugi sérstaklega um möguleika á að flytja að meira eða minna leyti ýmsar ríkisstofnanir eða mikilvægar þjónustustofnanir frá höfuðborginni til staða úti á landi í þeim tilgangi að auðvelda afgreiðslu mála og skapa meira jafnvægi í landinu.

Þá verði einnig athugað gaumgæfilega um möguleika á að veita héraðsstjórnum rétt til fjármálalegrar yfirstjórnar og ráðstöfunar á tilteknum fjárveitingum, sem varða viðkomandi hérað eða umdæmi.

Tillögur nefndarinnar skulu við það miðast, að dregið verði úr því mikla miðstöðvarvaldi, sem orðið er í Reykjavík, og komið í veg fyrir áframhaldandi ofvöxt þess. Nefndin skal skila till. sínum og álitsgerð til Alþ. fyrir 1. jan. 1972.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Hér er lagt til, að Alþ. kjósi sérstaka mþn. til þess að gera athugun á því mikilvæga máli, sem hér er fjallað um. Það er nú orðið alllangt um liðið síðan hér hefur verið kosin af Alþ. sérstök mþn. til að fjalla um mikilvægan málaflokk, og ég tel vera fullan tíma kominn til þess, að slík nefnd sé kosin, en horfið frá því ráði, sem einkum hefur verið stuðzt við nú um langan tíma, þegar meiri háttar málaflokkar hafa verið teknir til athugunar, að skipa í sífellu fasta ríkisstarfsmenn eða beint þjónustulið stjórnarvalda til þess að fjalla um slík mál.

Það hefur greinilega komið fram margsinnis í umr. hér á Alþ., að menn úr öllum stjórnmálaflokkum telja, að sá mikli vöxtur, sem nú um alllangan tíma hefur hlaupið í höfuðborgina og það svæði, sem henni liggur næst, sé óæskilegur fyrir þjóðarheildina. Það færi á margan hátt betur á því, að vöxtur höfuðborgarinnar og höfuðborgarsvæðisins yrði heldur minni en hann hefur verið um alllangan tíma, en meira jafnvægi yrði hins vegar í byggð landsins.

Hér hafa verið fluttar margvíslegar till. á Alþ. í þessa átt, sem miða að því að finna ráð til þess að auka á jafnvægi í byggð landsins, og ýmsar minni háttar ráðstafanir hafa beinlínis verið gerðar, sem áttu að stuðla að þessu, en öllum er þó ljóst, að það, sem gert hefur verið í þessum efnum, er öldungis ónóg. Það hefur oft verið á það minnzt, að þetta mikla jafnvægisleysi staf-

aði af ótryggu atvinnuástandi úti á landi umfram það, sem væri hér á höfuðborgarsvæðinu, og því hafa ýmsar till. manna miðazt við það, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að bæta nokkuð úr í atvinnumálum úti á landi. Ég vil ekki á neinn hátt gera lítið úr því, að það þurfi að gera ráðstafanir til þess að bæta úr í atvinnumálum víða úti á landsbyggðinni frá því, sem verið hefur, og gera atvinnuástand þar allt öruggara. En ég er fyrir löngu orðinn sannfærður um það, að aðalorsökin fyrir jafnvægisleysinu liggur ekki í mismuninum á þessu sviði. Það hefur komið mjög greinilega í ljós, að þau svæði eru til úti á landi, ekki aðeins einstakir staðir, heldur allstór svæði, þar sem atvinnuástandið hefur verið fyllilega sambærilegt við það, sem er í Reykjavík, um langt árabil. Meðaltekjur manna í mörgum starfsgreinum hafa verið fyllilega eins háar og þær hafa verið á Reykjavíkursvæðinu, en eigi að síður hefur gætt jafnvægisleysis í sambandi við búsetu manna. Að þessu þarf að huga, þegar verið er að kanna leiðir til úrbóta í þessum efnum. Ég held, að það þurfi að huga miklu meira að því en gert hefur verið, að það eru ýmis önnur atriði, sem hér grípa einnig inn í, og þar komum við að ýmsum félagslegum efnum. Það skiptir hreint ekki litlu máli fyrir fólkið í landinu, hvernig t. d. aðstaða er til menntunar, hvaða aðstaða er til þess að koma börnum í skóla, a. m. k. að því marki, sem nú er almennt stefnt að hjá þeim, sem sæmilega komast af í landinu. Þegar þannig er haldið á uppbyggingu skólamálanna í landinu, að flestir eða allir framhaldsskólar eða sérskólar þurfa að vera í Reykjavík og heilir landshlutar fara svo að segja alveg varhluta af slíku skólakerfi, þá leiðir það af sjálfu sér, að þeir munu verða æði margir, sem leita einmitt inn á höfuðborgarsvæðið af þeim ástæðum, að þar er miklu auðveldara að mennta börnin heldur en á hinum svæðunum. Og það hefur gengið grátlega seint að koma fram úrbótum í þessum efnum. Og það hefur heyrzt hér á Alþ., því miður, þegar kvartað er undan því, að það vanti tiltekna skóla í vissa landshluta, að það sé vel hægt að koma nemendum úr þessum landshlutum fyrir á Reykjavíkursvæðinu, útvega þeim skólapláss þar, af því að þar sé nægilegt húspláss til í skólunum.

Fullyrðingar af þessu tagi bera vott um það, að menn hafa ekki áttað sig á því, hvers konar vandamál er við að glíma, þar sem jafnvægisleysið er í búsetunni í landinu. Og hvaða ástæður liggja til þess? Það er einnig um það að ræða, að mikil áhrif hefur bæði á staðsetningu og rekstur fyrirtækja og þar með á þróun allra atvinnumála, hvernig miðstjórnarvaldinu öllu er fyrir komið í landinu. En því er þannig fyrir komið hjá okkur, að það er t. d. óþekkt fyrirbæri á Íslandi, að nokkur stofnlánasjóður, sjóður, sem veitir lán til stofnframkvæmda, sé staðsettur nema í Reykjavík. Og það er ekki aðeins það, að þeir séu allir staðsettir í Reykjavík, heldur hafa allir þann hátt á, að það er með öllu útilokað að ganga frá stofnláni til fyrirtækis, nema skjöl öll og þar til heyrandi gögn séu send til Reykjavíkur og umboð með og lánið veitt og útborgað í Reykjavík. Þetta er svo þunglamalegt fyrirkomulag, að það tekur í rauninni engu tali. Og þetta er ekki aðeins í sambandi við lánastofnanir. Ekki er ástandið betra varðandi ýmiss konar ríkisstofnanir, t. d. alla yfirstjórn fræðslumálanna í landinu, yfirstjórn vegamála, hafnamála og alls slíks. Er ekki nóg með það, að háyfirstjórn þessara mála hafi aðalbækistöð sína í Reykjavík, heldur heimta allir þessir aðilar, að öll stofnunin, eiginlega frá toppi til táar, verði að vera í Reykjavík og allt verði að vinnast þar, sem að undirbúningi lýtur í sambandi við framkvæmdir t. d. á þessum sviðum, sem ég nefndi. Því er raunverulega þannig komið, að ef á að byggja brú yfir vatnsfall á Austurlandi, svo að við tökum það sem dæmi, þá verður að sjá um það, að hún sé teiknuð í tilteknu húsi hér í Reykjavík. Það er talið með öllu óframkvæmanlegt að láta vinna það verk t. d. á Austurlandi. Þannig er þessu fyrir komið á allan hátt, og þetta verður til þess, að þeir, sem úti á landsbyggðinni búa, verða að standa undir gífurlega miklum kostnaði, þegar allt er talið, í sambandi við ferðalög sín fram og til baka til miðstjórnarvaldsins í Reykjavík til þess að reyna að sannfæra menn þar um það, sem gera þarf, til þess að tala við þá, og oftast nær þarf auðvitað að gera það margsinnis í hverju einstöku máli.

Ég þarf í rauninni ekki að hafa um þetta langt mál að þessu sinni. Ég hef talað fyrir þessu máli áður á Alþ., og ég efast ekkert um það, að öllum hv. alþm. er fyllilega ljóst, að það er þörf á að taka á málinu, það er þörf á að taka á þessu á miklu breiðari grundvelli en gert hefur verið áður, og því er fyllilega ástæða til þess að setja mþn., sem kanni málið og geri till. um ný úrræði í þessum efnum. Ég get því í rauninni stytt mál mitt og skal sleppa því nú að nefna ýmis dæmi um það, hvernig að kreppir í þessum efnum.

Mál þetta er búið að liggja hér lengi fyrir og hefur ekki komizt til 1. umr., en af því að það hefur verið lagt fyrir Alþ. margsinnis áður og er í rauninni margrætt á Alþ. og það er aðeins verið að leggja til, að Alþ. bregðist nú við á eðlilegan hátt og setji niður rannsóknarnefnd í málið til þess að kanna það og til þess að gera till. um það. Og ég vænti þess, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, afgreiði það fljótt og vel, en leggist ekki á það eða taki upp á því eins og vill verða og það á áliðnu þingi að senda málið frá sér tvist og bast til margra aðila, svo að bíða þurfi fram á síðasta dag eða jafnvel fram yfir hann eftir því, að nefndin skili áliti sínu. Það þarf ekki að spyrja aðra en alþm. sjálfa eða þá, sem mundu fjalla um þetta mál í n., hvort ástæða sé til þess, að Alþ. taki þannig á þessu máli, sem hér er lagt til. Það er alveg óþarfi að leita til einhverra ríkisstofnana og spyrja þær um ráð í þessum efnum, enda megum við vita það, að viðbrögð ríkisstofnana hér verða svipuð og viðbrögð ríkisstofnana í löndunum hér í kringum okkur, þar sem sams konar vandamál hafa komið upp og tekið hefur verið á þessum vandamálum. Ríkisstofnanirnar sjálfar eru nálega alltaf á móti því að gera nokkra breytingu á í þessum efnum. Forstöðumenn stofnananna hafa alltaf þessa sterku tilhneigingu til að hlaða í kringum sig og segja, að þetta verði aldrei gert vel nema undir þeirra eigin stjórn. Ég minnist þess í þessu sambandi, og það veit ég, að fleiri alþm. muna, — mér er það sérstaklega minnisstætt, sem gerðist hér á Alþ. varðandi mál eins og þetta fyrir allmörgum árum. Þá var mikið um það rætt, að það þyrfti að koma upp sæmilegri skólastofnun yfir húsmæðrakennaraefnin í landinu. Það var rekinn skóli með 12 nemendum í þessari grein. Og það urðu allmiklar deilur um það hér á Alþ., hvort það væri í rauninni mögulegt að hafa skóla

af þessari tegund, sem hefði 12 nemendur og átti að undirbúa húsmæðrakennaraefni, hvort það væri yfirleitt mögulegt að hafa hann annars staðar en í Reykjavík. Þá var bent á það, að það væri jafnvel tilbúið hús, sem ríkið ætti, í öðrum stærsta kaupstað landsins. En forstöðumenn þessarar litlu stofnunar og þeir, sem þar áttu mestra hagsmuna að gæta, töldu fram hin ólíklegustu rök fyrir því, að í rauninni gæti skólinn hvergi annars staðar verið en í Reykjavík og það væri ómögulegt að nota húsnæði, sem til væri norður á Akureyri.

Svona er þessu farið, og þessu er auðvitað svona farið í öðrum löndum líka. Það er tregða á því hjá embættismönnunum, hjá hinum opinberu starfsmönnum að fallast á dreifingu þessa framkvæmdavalds, og það má vel fara svo, að það geti orðið hjá okkur eins og við höfum verið að heyra fréttir um í útvarpi nú síðustu daga, að ef forstöðumenn ýmiss konar stofnana eða starfsmenn væru spurðir að því, hvort þeir vildu vinna áfram í stofnuninni, ef hún yrði ekki staðsett í Reykjavík, þá yrðu þeir allmargir, sem segðu: Þá vil ég heldur hætta en að vinna í stofnuninni utan Reykjavíkur.

Mín skoðun er sú, að hinar einstöku stofnanir, sem ætlaðar eru til þess að þjóna þjóðinni allri, séu ekki til vegna mannanna, sem vinna í stofnununum, heldur séu þær til fyrir þjóðina, og vilji þeirra manna, sem vinna í stofnununum, eigi því ekki að ráða um það, hvar stofnunin er sett niður, heldur hagkvæmni frá sjónarmiði heildarinnar. Og það getur ekki verið hagkvæmt til lengdar að hafa allar framkvæmdastofnanir þjóðarinnar svo að segja á einum stað, í Reykjavík.

Ég læt svo máli mínu lokið, en vil vænta þess, að n. taki málið fyrir til afgreiðslu og hraði sinni afgreiðslu. Ég vænti þess, herra forseti, að till. verði vísað til allshn.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Þessi till. er nú búin að liggja alllengi hér á borðum okkar, eins og ýmsar fleiri í hv. Sþ. Ég vil aðeins taka undir það, að hér er hreyft merkilegu máli, og raunar var þessi till. flutt fyrir nokkrum árum, — ég held af hv. þm. Birni Jónssyni, lík till. a. m. k. Ég vil þó nota tækifærið og víkja aðeins máli mínu til hv. flm. út af því, að ég hef einmitt verið sérstakur baráttumaður fyrir því í verki að reyna að hamla á móti þessu miðstjórnarvaldi allra stofnana hér í Reykjavík. Það eru raforkumálin, sem ég tel einmitt vera alger grundvallarmál í öllum þessum sjálfstæðismálum byggðarlaganna í landinu, vegna þess að raforkumálin eru orðin svo mikilvæg, að þau raunverulega stjórna allri starfsemi. Allur atvinnurekstur er orðinn meira háður raforku en nokkru öðru, að við tölum ekki um allt daglegt líf fólks. En eins og marga mun reka minni til, þá flutti ég hér á Alþ. fyrir nokkrum árum frv. um sjálfstætt raforkufyrirtæki á Austurlandi, og ég held, að það muni allir einnig hafa veitt því athygli, að þá var ekki mikill áhugi hjá hv. flm. þessarar till. á því að styðja mig í því máli. En ég vil ítreka það, að ég álít, að það sé einmitt eitt af þeim verksviðum, þar sem við eigum að byrja og þar sem auðveldast er að byrja. Þið munið e. t. v. eftir því líka, að þegar frv. um Lagarfossvirkjun var hér á ferðinni í vetur, þá beitti ég mér fyrir því, að inn í það kæmi ákvæði, þar sem heimilað væri að veita heimaaðilum þátttöku í þeirri virkjun. Það er alveg rétt, að þessi hv. þm. lagðist ekki beint þar á móti, en væntanlega rekur hann einnig minni til þess, að hér flutti hann þá ræðu, sem gekk í þá átt að tortryggja á allan hátt það, sem vakti fyrir mér með þessari baráttu. Og ég man eftir því, að í blaðinu Þjóðviljanum var slegið upp daginn eftir þessari fyrirsögn: „Á að leggja niður Rafmagnsveitur ríkisins?" Þarna er einmitt um eitt ríkisfyrirtæki að ræða, sem ég tel, að nú hafi lokið sínu hlutverki. Ég tel, að það eigi að skipta því upp, og ég held, að það sé meira að segja talsverður prófsteinn á það, hvað menn meina, þegar menn eru að tala um, að það þurfi að efla sjálfstæði byggðarlaganna með ýmsum hætti með því að flytja miðstjórnarvald burtu héðan úr höfuðborginni o. s. frv.

Ég vil enn fremur minna á það, að núna fyrir stuttu var lagt hér fram frv. um verkfræðiráðunauta ríkisins. Ég lýsti því þá hér í Nd. hv. Alþ., — að það væri auðvitað hin mesta nauðsyn að fá tæknimenn út um landið, en ég væri algerlega mótfallinn því, að það væri ríkið, sem réði yfir þessum mönnum. Og ég tel, að það sé einmitt hlekkur í þessu máli, sem hér er um að ræða, og við verðum að átta okkur á því, hvernig á að taka á þessu. Það er ekki mest um vert að færa, ef svo mætti segja, angana út um allt frá stofnunum, miðstjórnarstofnunum, sem hér eru settar, heldur beinlínis að skipta málunum meira upp og veita byggðarlögunum meira sjálfstæði.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í tilefni af því, sem hv. 3. þm. Austf., Jónas Pétursson, sagði hér. Það er nú í fyrsta lagi í sambandi við aths. um það, að Björn Jónsson hefði flutt áður þessa till. Ég get nú upplýst hann um það, að þessa till. samdi ég og grg. hennar og hef verið 1. flm. að henni frá upphafi. Það má vera, að á meðan Björn Jónsson var í þingflokki Alþb., hafi hann verið með mér á þessari till., það má vel vera. Ég býst nú við því, að Björn Jónsson kannist við það sjálfur, enda er hægt að sanna það með öðrum hætti, svo að hv. þm. slær nú engar keilur á því að koma með einhverjar aðdróttanir um það, að ég hafi stolið þessu máli.

En aðalatriðið var þó sú einkennilega skoðun, sem kemur fram hjá hv. þm. í sambandi við þetta mál, sem ég tel í meira lagi skammsýna. Hann minnir á afstöðu sína hér til uppbyggingar í raforkumálum og á skoðanamun, sem fram hefur komið hjá mér og honum í þeim efnum og reyndar fleiri þm. En þar hefur hann verið á þeirri skoðun, að það ætti að leggja niður Rafmagnsveitur ríkisins og láta þær í rauninni hætta að byggja upp raforkukerfið í landinu og síðan ætti að skipta þessu þannig upp, að hin einstöku héruð í landinu, stór eða smá eftir atvikum, sem koma sér saman um framkvæmdir í raforkumálum, hefðu sjálf með þessi mál að gera. Þetta er auðvitað skoðun út af fyrir sig. Þetta er kerfi, sem við bjuggum við á Íslandi um langan tíma, og okkur, mönnum úr öllum flokkum, þótti þetta hafa tekizt illa, og þá var horfið að því ráði að setja raforkulögin 1946, sem miðuðu að því að byggja upp Rafmagnsveitur ríkisins og miklum mun stærri raforkuheildir í landinu. En vegna þess að upp hafa komið vissir annmarkar á framkvæmdinni hjá Rafmagnsveitum ríkisins, hjá þessari ríkisstofnun eins og öðrum ríkisstofnunum, þá dregur þessi hv. þm. þá

ályktun, að menn eigi að vera á móti ríkisstofnunum. Við ættum á sama hátt að segja: Við skulum hætta þessum afskiptum ríkisins af vegamálum. Látið þið Austfirðinga hafa sín vegamál, Vestfirðinga hafa sín vegamál og aðra hafa sín vegamál. Við skulum skipta þessu öllu upp. Hvern fjandann er ríkið að skipta sér af þessu? Sama ættum við að segja um vitamál og önnur slík málefni. Eða fræðslumálin í landinu. Auðvitað er hægt að deila þessu upp eins og hér var áður og leyfa hverjum fyrir sig að potast í þeim málum.

Þetta er auðvitað grundvallarmisskilningur. Það, sem hér er um að ræða, er það, að það er vitanlega ekki sjálfgefið á neinn hátt, að í þeim tilvikum, þegar ríkið tekur að sér að byggja upp eitt eða annað í þjóðfélaginu eða annast rekstur á einhverri grein, þá eigi höfuðstöðvar þess reksturs og allt það framkvæmdavald, sem því fylgir, alltaf að eiga heima í Reykjavík. Þegar ég tala um það að dreifa framkvæmdavaldi í mikilvægum efnum, þá hef ég t. d. nefnt til grein eins og fræðslumálin. Mér kemur ekki annað til hugar en viss yfirstjórn fræðslumála verði áfram staðsett hér í Reykjavík. En ég álít, að það sé t. d. hægt, eins og nú þegar eru komnar fram till. um, að byggja upp í landsfjórðungunum þannig umdæmisstöðvar, að heimamenn geti leitað til þeirra og hægt sé að útkljá framkvæmdamál þar á heimasvæðinu hjá þessari heimastofnun, án þess að menn þurfi að fara til yfirstjórnarinnar í Reykjavík með alla hluti. Það var nákvæmlega þetta sama, sem ég sagði hér í umr. um raforkumálin. Ég er á þeirri skoðun, að það eigi að breyta yfirstjórn Rafmagnsveitna ríkisins að fenginni reynslu þannig, að í hinum einstöku umdæmum, t. d. á Austurlandi eða Vestfjörðum eða annars staðar, þar sem eru eðlilegar rafmagnsheildir, eigi að vera starfandi sérstakar stjórnir þeirra rafmagnsveitna, sem þar eru reknar, sem eigi að hafa vald í sambandi við reksturinn á því svæði og geti haft afgerandi áhrif á uppbyggingu kerfisins á þeim stöðum. En hitt tel ég alveg fráleita kenningu að ætla sér að setja þessi mál þannig upp, að dreifing framkvæmdavalds þýði það, að þar með þurfi að skipta öllum rekstri niður í smáeiningar og þátttöku og forustu ríkisvaldsins í heild geti þar ekki notið við á neinn hátt. Ég teldi, að ef horfið yrði að þessu ráði, sem Jónas Pétursson talar hér um í sínum málflutningi og tekur dæmi af till. sínum úr raforkumálum, þá værum við raunverulega í öllum greinum að hverfa aftur í tímann um svona 50 ár til stórkostlegs óhagræðis fyrir hinar dreifðu byggðir í landinu. Ég veit það, að í rauninni ætlast hann ekki til þess, þó að hann hafi nú þessa skoðun í sambandi við rafmagnsmálin. Hann telur, að mínar skoðanir séu þær, að ég sé í rauninni á móti eflingu byggðavaldsins, vegna þess að ég sé ekki með því að splundra fyrirtækjum, sem reist eru af hinu opinbera. Slík uppsetning er auðvitað algerlega röng.

Það er ábyggilega mikil þörf á því að færa út á landsbyggðina ýmsar framkvæmdastofnanir, sem þó eru í eðlilegum tengslum við rekstur ríkisins. Ég er t. d. ekki í neinum vafa um, að það væri hægt að gera stóráták í því til framfara í landinu að byggja upp úti á landi ákveðnar framkvæmdastöðvar yfir vissa þætti í rekstri heilbrigðismála og sjúkrahúsmála, jafnvel þó að ríkið væri allstór aðili að rekstrinum áfram. Við skulum ekki gera lítið úr því á þann hátt, sem hv. 3. þm. Austf. gerði, að þó að sú leið sé farin, sem ég hef bent hér á og farin er í nágrannalöndum okkar, að færa vissan hluta af þýðingarmiklu stjórnunarkerfi út í umdæmin, þá sé aðeins með því verið að leggja til að færa svona útangana, eins og hv. þm. sagði. Við eigum ekki að ganga inn á þá skoðun, að yfirstjórn allra ríkisstofnana eða alls þess, sem ríkið hefur með að gera, þurfi endilega að vera í Reykjavík. Slíkar stofnanir geta átt sínar undirdeildir annars staðar, og þannig getur orðið eðlileg verkaskipting í þessu eða samstarf.

Ég þarf svo ekki að fara um þetta fleiri orðum. Ég var aðeins að leiðrétta þessar missagnir hjá hv. þm., sem virtist hafa það helzt til þessa máls að leggja að reyna að gera tillöguflutning minn í málinu tortryggilegan.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti taka vel þessari till. og öðrum, sem fram koma hér á hinu háa Alþingi með það fyrir augum að reyna að breyta þeirri þróun, sem stefnir í þá átt, að Ísland verði einhvers konar borgríki hér í höfuðstaðnum, þar sem meginhluti þjóðarinnar safnist saman. Það hafa á ýmsum tímum í seinni tíð verið fluttar till. af ýmsu tagi í þessa átt. Mér finnst satt að segja, að þeir, sem áhuga hafa í þessum efnum og vilja beita sér fyrir eflingu raunverulegrar landsbyggðar, eigi að reyna að sameina sjónarmið sín og deila ekki innbyrðis um þessa hluti. Ég hygg, að möguleikarnir til þess að koma einhverju fram í þessum efnum hljóti að vera vaxandi, a. m. k. ef dæma skal eftir ýmsu, sem fram kemur opinberlega um þessi mál.

Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum flutti ég ásamt þáv. hv. þm. Karli Kristjánssyni till. um skiptingu landsins í fylki með sjálfsstjórn í sérmálum. Ég minnist þess einnig, að fyrir æði löngu var sett á stofn samkv. þál. svo kölluð staðsetningarnefnd ríkisstofnana, sem hafði það verkefni að gera till. um flutning ýmissa ríkisstofnana frá höfuðstaðnum. Og sú nefnd skilaði á sínum tíma till. um þetta efni. Ein af þeim till., sem fluttar hafa verið í þessa átt, er frv., sem við flytjum nokkrir þm. á þessu þingi og hefur reyndar verið flutt áður, um verkfræðiráðunauta ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir því, að í þjónustu ríkisins verði nokkrir verkfróðir menn, sem starfi í hinum einstöku landshlutum. Mig minnir, að það sé gerð till. um, að þeir séu sex talsins. Og svo er þessi till., sem hv. 4. þm. Austf. flytur um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu og sjálfsstjórn héraðanna. Þó að ekki sé á annað minnt heldur en þennan tillöguflutning, sem ég hef nú nefnt, á undanförnum þingum og nú, þá er það auðsætt, að áhugi er hjá mörgum hér á þinginu fyrir þessu máli. En það, sem á vantar, er það, að þeir, sem áhuga hafa í þessum efnum, sameini krafta sína um það að reyna að koma einhverju fram.

Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að það, sem þurfi að stefna að, sé skipting landsins í fylki eða umdæmi með einhverja sjálfsstjórn í sérmálum, það sé það, sem þurfi að stefna að. Og að því miðaði sú till., er ég nefndi áðan og ég flutti ásamt Karli Kristjánssyni á sínum tíma. Að því er líka vikið í till. þeirri um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem ég hef leyft mér að flytja á þessu þingi. Eitt atriði, sem þar er sérstaklega vikið að, er einmitt þetta, um skiptingu landsins í fylki eða umdæmi. Þessi till. hefur að vísu fengið misjafnar

undirtektir hér og þar, en ég geri ráð fyrir því, að með stofnun hinna nýju fjórðungssambanda eða sambanda sveitarfélaga sé í rauninni með frjálsum samtökum að fara af stað þróun í þessa átt, og það held ég, að sé það, sem þarf að stefna að. Fyrirmynd okkar, sem höfum gert slíka till. um skiptingu landsins í fylki, eru auðvitað fjórðungarnir fornu. En margt er orðið breytt í landinu. Ég býst ekki við, að það henti nú að skipta landinu aðeins í fjögur umdæmi, þau yrðu að vera eitthvað fleiri, og þess vegna höfum við líka tekið upp nýtt nafn á þessum umdæmum. En á meðan við erum að vinna að þessu máli, og ég hef ekki gert mér vonir um, að það muni ganga fram í skyndi eða á mjög stuttum tíma, þá þurfa menn að einbeita sér að því að vinna að þessari sömu þróun á annan hátt með því að flytja ýmsar starfsstöðvar ríkisins eða deildir þeirra burt úr höfuðborginni og fá þeim stað annars staðar á landinu. Að því hygg ég, að þessi till. miði, sem hv. 4. þm. Austf. hefur flutt hér, og að því miðar frv., sem ég nefndi áðan, um verkfræðiráðunauta ríkisins. Ég lít á slíkar till. og slíkar ráðstafanir sem millibilsástand eða millibilsráðstafanir, sem síðar mundu styðja að því, að hugmyndin um skiptingu landsins í fylki gæti gengið fram og auðveldara yrði að koma henni á, þegar þar að kæmi, því að þá væru þessar deildir í ríkiskerfinu til í hinum einstöku landshlutum. Þetta vildi ég láta koma fram hér við þessa umr., og ég held, að það sé óþarft, að þeir, sem eru því fylgjandi, að þjóðfélagið grípi inn í hina blindu þróun og stuðli að raunverulegri landsbyggð, séu að deila sín á milli um það, hvaða till. sé bezt, sem að þessu miðar, heldur eigi menn, eins og ég sagði áðan, að reyna að sameinast um að stuðla að þeirri þróun, sem gæti leitt það af sér í lokin, að þetta takmark næðist, sem ég álít, að við eigum að stefna að, sem sé skipting landsins í þessi stóru umdæmi eða fylki með takmarkaða sjálfsstjórn í þeim málum, sem þau varða. Það er auðvitað, að ef umdæmi eða fylki eða sambönd sveitarfélaga eða hvað sem það nú kallast, fjórðungssambönd, taka að sér eitthvað af þeim verkefnum á sínu sviði, sem ríkið innir af hendi nú, þá eiga þau líka að fá til sinna nota tilsvarandi fjármuni eða tilsvarandi hluta af því fé, sem ríkið nú fær í hendur til starfsemi sinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 3. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

24. Klak- og eldisstöð fyrir lax og silung.

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum [117. mál] (A. 126).

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. og 24. fundi í Sþ., 29. jan. og 2. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Fyrsti flm. þessarar till. um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum, hv. *varaþm. Jónas Jónsson, er nú ekki* hér á þingi, og kemur því í minn hlut sem 2. flm. að mæla með till. En till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung og aðra nytjafiska, ef henta þykir, svo fljótt sem nauðsynlegt fé fæst til framkvæmda. Stöðin verði á þeim stað í Þingeyjarsýslum, þar sem skilyrði reynast hagstæðust."

Í 62. gr. laga nr. 76 1970, um klak- og eldisstöðvar, segir svo:

„Rétt er ráðh. að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt í fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum."

Samkv. orðalagi þessarar lagagreinar er það, eins og hv. þm. heyra, lagt á vald ráðh. að koma upp klak- og *eldisstöðvum, einni eða fleirum, þegar fé er veitt til þess* í fjárlögum. Eins og kunnugt er, hefur heimildin þegar verið notuð til þess að koma upp einni fiskeldisstöð, stöðinni í Kollafirði, sem stofnuð var fyrir u. þ. b. 10 árum. Starfsemi þessarar stöðvar hefur borið athyglisverðan árangur, og má benda á það, að á s. l. sumri hafa gengið eitthvað yfir 4000 laxar úr sjó í stöðina af þeim seiðum, sem sleppt hefur verið úr stöðinni á undanförnum árum. Hins vegar mælir margt með því, að fleiri stöðvum verði komið upp, og fyrir nokkrum árum var samþ. þáltill. þess efnis, að látin yrði fara fram athugun á því, hvort rétt væri að stofnsetja slíka stöð á Norðurlandi. Var sérstaklega að því vikið í þessari till., að athuguð yrðu skilyrði fyrir slíkri stöð í Þingeyjarsýslum og svo nánar tiltekið á vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Á grundvelli þessarar till. hafa verið gerðar athuganir á mörgum stöðum á Norðurlandi á skilyrð*um til þess að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og* silung. Eru þeir staðir, sem athugaðir hafa verið og álitlegir hafa þótt, einkum í Þingeyjarsýslum. Það eru í þessum sýslum a. m. k. fjórir staðir, sem eru taldir vel fallnir til slíkrar starfsemi og eru taldir í fyrstu röð í þeirri skýrslu, sem fyrir liggur um athugunina. Það er Litlá hjá Skúlagarði í Kelduhverfi, Húsavík, Hafralækur í Aðaldal og Mývatnssveit eða staður við austanvert Mývatn. Til þess að gera upp á milli þessara staða mundi þurfa nánari rannsókn. En það eru nokkur atriði, sem eru mjög mikilsverð í þessu sambandi og eru öll fyrir hendi á þeim stöðum, sem ég hef nú nefnt. Það er í fyrsta lagi nægilega gott eldisvatn, bæði heitt og

kalt, þannig að hægt sé að fá æskilegan eldishita á vatnið. Í öðru lagi, nægilegt landrými. Í þriðja lagi, möguleikar á að tryggja varavatn í nágrenni. Í fjórða lagi, sæmilegar samgöngur til flugvallar og að góðum veiðiám. Og svo að lokum í fimmta lagi, möguleikar á að útvega ódýrt fóður í viðráðanlegri fjarlægð. Ég vil nefna það sérstaklega í þessu sambandi, að bæði í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu og í ám, sem renna í Þistilfjörð, er sérlega stórvaxinn laxastofn, og einnig má benda á það, að bæði Húsavík og fleiri staðir í Þingeyjarsýslum kæmu mjög til greina sem verksmiðjustaðir fyrir framleiðslu á tilbúnu fiskfóðri, sem bráðlega hlýtur að verða hér framleiðslugrein, bæði fyrir innlendan markað og sennilega einnig til útflutnings. Á það vil ég jafnframt benda, að á austanverðu Norðurlandi, eða á svæðinu frá Ólafsfirði og austur á Langanes, eru a. m. k. 28 ár, stærri og minni, sem eru eða geta orðið laxveiðiár, og a. m. k. 14 þeirra eru nú þegar laxveiðiár.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en till. er um það, eins og ég áður hef sagt, að heimild, sem til er í lögum, verði notuð til þess að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum. Við flm. teljum, að athuganir þær, sem um er að ræða, séu það langt á veg komnar, að eðlilegt sé að samþykkja þessa tillögu.

Ég legg svo til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Till. þessi til þál. fjallar um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum. Mér flýgur í hug að beina því til þeirrar hv. n., sem fær þessa till. til meðferðar, hvort eigi sé rétt að breyta fyrirsögn till. og þar með efni hennar á þá lund, að í staðinn fyrir Þingeyjarsýslum komi Norðurlandi. Hv. flm. till. vitnaði hér til skýrslu, sem veiðimálastjóri hefur gert, ef ég hef tekið rétt eftir, þar sem fram koma athuganir á því, á hvaða stöðum norðanlands hentugast sé að setja upp slíka eldisstöð, ef af verður. Nú hef ég ekki séð þessa skýrslu og get ekki um það dæmt, hvað þar kemur fram. Hitt kemur mér kynlega fyrir sjónir, ef ekki eru víðs vegar um Norðurland ágæt skilyrði til fiskeldis og til þess að setja upp slíka stöð sem hér er fjallað um. Mér er kunnugt um það, að bæði í Skagafirði og Húnavatnssýslum eru skilyrði til fiskeldis, sem ég ætla að óreyndu, að ekki séu miklu lakari en gerist um Þingeyjarþing. Má þar nefna, að í þessum byggðarlögum eru ekki einasta margar veiðiár, einkanlega þó í Húnavatnssýslum, þar sem veiðiár eru fjölmargar auk fjölda vatna, heldur eru þessi héruð einnig eins og Þingeyjarsýslur auðug að jarðhita. En þetta hvort tveggja eru þau frumskilyrði, sem þyngst vega, þegar til álita kemur um stofnsetningu slíkra eldisstöðva.

Nú ætla ég ekki að benda á marga staði. Þó er e. t. v. skaðlaust, að það sé þegar gert, þar sem í grg. þessarar till. eru taldir upp ýmsir staðir í Þingeyjarsýslum, sem taldir eru vel fallnir til fiskeldis. Það má t. d. benda á, að mikill jarðhiti er við Áshildarholtsvatn í Skagafirði. Þar er fenginn sá jarðhiti, sem nægir til þess að hita upp íbúðir þeirra Sauðkrækklinga. Víðar um Skagafjörð er jarðhiti, og má nefna t. d. jarðhitasvæðið hjá Varmahlíð, og einnig er mikill jarðhiti fram í Lýtingsstaðahreppi, sem eflaust mætti nýta til fiskeldis við Svartá. Jarðhitasvæði eru mjög víða í Húnavatnssýslum, t. d. í Miðfirði við hina ágætu veiðiá Miðfjarðará. Það er jarðhiti í Austur-Húnavatnssýslu við Svínavatn og Laxárvatn, og einmitt við Laxá á Ásum hefur verið talið sérlega heppilegt svæði til þess að koma upp laxeldisstöð. En Laxá á Ásum er jafnframt ein af hinum betri laxveiðiám í landinu, a. m. k. meðal hinna smærri.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að tíunda fleiri staði, en vildi beina þessu hér til hv. allshn. d. Ég átta mig ekki á því, hvort nokkur úr þeirri hv. n. er hér viðstaddur, en vænti, að tekið verði til athugunar, hvort eigi sé rétt að breyta fyrirsögn og efni till. í þá átt, sem ég hef hér um rætt, og væntanlega fær þessi hv. n. þá skýrslu, sem vitnað er til hér í grg. till., til athugunar og getur þá tekið sínar ákvarðanir í samræmi við það.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það vill nú svo til, að ég á sæti í allshn., og ef málinu verður vísað þangað, þá mun ég sjá til þess, að n. fái fregnir af því, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur sagt um þetta mál. Ég geri ekki ráð fyrir, að það komi upp neinn metingur milli okkar Norðlendinga um það, hvar laxeldisstöð á Norðurlandi eigi að vera, og mála sannast er það, að þó að hér sé nefnd aðeins ein eldisstöð, þá eru engin takmörk á því í lögunum. Ef það þætti hentara að koma upp tveim stöðvum á Norðurlandi, annarri á austanverðu Norðurlandi og hinni á vestanverðu Norðurlandi, þá heimila lögin það, því að það er gert ráð fyrir einni stöð eða fleiri.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að í þáltill., sem samþ. var hinn 29. apríl 1966, var talað um stöð á Norðurlandi, en þó sérstaklega vikið að austursvæðinu, þ. e. Laxársvæðinu, vegna þess að þeir, sem þá fluttu till., munu hafa álitið, að einkanlega mundi verða um þennan landshluta að ræða. En till. fjallaði um athugun á Norðurlandi, till. frá 1966. Hins vegar hefur það gerzt í málinu síðan, að bráðabirgðaathugun, sem gerð var af veiðimálastjóra og mig minnir af einum verkfræðingi, liggur fyrir. Bráðabirgðaathugun liggur fyrir, og þessa bráðabirgðaathugun eða skýrslu um hana hafði hv. 1. flm. till. í höndum, og ég hef einnig séð hana. Á því, sem þar kemur fram, er þessi till. byggð, um að gera ráð fyrir, að stöðin verði í Þingeyjarsýslum. Ég hef fyrir mitt leyti myndað mér skoðun á því, á hvaða stað í Þingeyjarsýslum þessi stöð ætti að vera, eftir að hafa rætt við veiðimálastjóra um þessi mál og eftir öðrum gögnum, en sé ekki ástæðu til þess að ræða nánar um það hér. En í þessum hluta Norðurlands, á austanverðu Norðurlandi, eru, eins og ég sagði, hvorki meira né minna en 28 ár, sem talið er, að megi rækta lax í, og helmingurinn af þessum ám eru þegar laxveiðiár. Fleira skal ég svo ekki um þetta segja. Ég vil aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna svæðið, sem um er að ræða, hefur verið nefnt í þessari till., sem hér liggur fyrir, en eins og ég sagði, skal ég sjá um það, að n. verði kunnugt um ræðu hv. þm., sem hér talaði áðan.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

25. Hagnýting fiskimiðanna umhverfis landið.

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið [118. mál] (A. 127).

Á 23. og 24. fundi í Sþ., 29. jan. og 2. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Við höfum, 10 þm., leyft okkur á þskj. 127 að flytja till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis Ísland. Tillgr. sjálf er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd til þess að undirbúa setningu heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Skulu fimm nm. kosnir hlutbundinni kosningu í Sþ., en Hafrannsóknastofnunin tilnefna tvo nm., Landssamband ísl. útvegsmanna einn nm. og samtök sjómanna einn nm. Nefndin skal hraða störfum eftir föngum, og greiðist kostnaður við störf hennar úr ríkissjóði."

Þessi þáltill. hefur tvívegis áður verið flutt óbreytt frá því, sem hún er, og hef ég þannig sem 1. flm. talað fyrir henni tvisvar. Ég tel því óþarft að fara um hana nú mörgum orðum, en vísa til grg. um rökstuðning fyrir henni. Aðaltilgangurinn með tillöguflutningnum er sá, að fá settar hér innanlands reglur, er miði að því að nýta fiskimiðin eins heppilega fyrir landsfólkið og kostur er og þá að sjálfsögðu að gæta þess í leiðinni að ganga ekki of nærri stofnum helztu nytjafiska. Ég vil vekja athygli á því, sem segir í niðurlagi grg. þeirrar, er fylgir þessari þáltill., þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reglur, er miðuðust við hámarksarðsemi veiðanna, án þess að ganga of nærri fiskistofnunum og þá að sjálfsögðu ungfiskinum fyrst og fremst, mundu einnig duga okkur vel í baráttunni fyrir rýmri fiskveiðilandhelgi, sem okkur er lífsnauðsyn að fá fram sem fyrst."

Einmitt vegna þess, að nú er um fátt meira talað af stórum málum hér í landi voru en einmitt landhelgismálið, nauðsyn nýrra átaka og aðgerða í því, þá vil ég undirstrika, að að áliti okkar flm. mundi skipulagning veiðisvæðanna og ákvörðun friðunarsvæða innan fiskveiðilandhelginnar geta verið okkur verulega mikið hjálpartæki í þeim málflutningi okkar gagnvart öðrum þjóðum, sem við hljótum að verða að hafa uppi í baráttunni fyrir útvíkkun fiskveiðilandhelginnar, sem stendur nú væntanlega fyrir dyrum. Skal ég ekki fara nánar út í það, því að ég hef ásamt fleirum flutt till. til þál. um fiskveiðilandhelgina við landið og mun e. t. v., þegar ég ræði hana, koma lítillega inn á þetta.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég held, að þm. hljóti almennt að vera sammála um það, að að því beri að stefna, að veiðisvæðin víðs vegar kringum land verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt fyrir landsmenn alla, eins og fram kom í framsöguræðu hv. 1. flm. Hitt hygg ég, að sé rétt, sem einnig kemur fram í grg., að það eru ýmsir augljósir vankantar á því að koma við ákveðnum reglum um nýtingu veiðisvæðanna. Það er margt, sem þar kemur til greina, sem þeir þekkja, sem útgerð stunda, og sjómenn eða skipstjórnarmenn eru að sjálfsögðu manna kunnugastir. Það, sem ég er nú að fiska eftir hjá flm. frv., er það, hvernig þeir hugsa sér skiptingu veiðisvæðanna eða nýtingu veiðisvæðanna eftir ákveðnum reglum. Ég vil t. d. benda á það, að hér á suður- og suðvesturssvæðinu mundu mjög margir óska eftir því að geta stundað línuveiðar á vissum tíma framan af vertíð eins og uppistaðan var hér áður fyrr í veiðunum á þessu svæði. Á þessu eru vankantar, sem hvorki útgerðarmenn né sjómenn ráða við. Þeir, sem áður stunduðu þessar veiðar og voru þá kallaðir landmenn eða beitumenn, eru því miður alveg að hverfa úr sjómannastéttinni. Þetta er staðreynd, sem við höfum horfzt í augu við á undanförnum árum. Þó að ýmsir útgerðarmenn vildu setja sína báta á línuveiðar á þessu svæði, þá hefur það ekki verið hægt, vegna þess að menn hafa ekki fengizt til þessara veiða og þá sérstaklega ekki þeir, sem í landi þurfa að vinna að undirbúningi þessara veiða. Þetta er eitt atriði, sem kemur til með að valda nokkrum örðugleikum í sambandi við beina skipulagningu veiðisvæðanna, og kemur þar einnig fleira til. Sumum skipstjórum hentar vel þetta veiðarfæri, svo að þeir geta skarað fram úr með þetta veiðarfæri í aflabrögðum, en eiga aftur ekki eins hægt með að veiða í önnur veiðarfæri, þannig að það eru margir mjög augljósir vankantar á þeirri skipulagningu, sem þarna er stefnt að með flutningi þessarar þáltill., eins og reyndar kemur fram í grg., að flm. gera sér ljóst. En mig langar að fá nánari skýringar á því hjá flm. till., hvernig þeir hugsa sér þær reglur í stórum dráttum, sem þeir ætlast til, að settar verði um heildarveiðarnar.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af fsp., sem hv. 3. þm. Sunnl. bar hér fram til okkar flm. þessa máls. Hann spurði um það, hvernig við hugsuðum okkur í stórum dráttum, að skipta ætti landhelginni upp í veiðisvæði. Mér er það fyllilega ljóst, eins og hann kom raunar inn á og við tökum sérstaklega fram í grg. okkar, að hér er um mjög vandasamt verk að ræða, sem vafalaust mundi valda nokkrum ágreiningi og jafnvel árekstrum milli starfandi sjómanna. Við erum ekki alveg reynslulausir um það hér á landi. Það hafa verið ákveðin hér í mörg ár veiðisvæði fyrir ákveðin veiðarfæri, af því að allir vita, að það gengur mjög illa úti á miðunum að nota á sama svæðinu bæði veiðarfæri eins og línu og önnur staðbundin veiðarfæri og hins vegar veiðarfæri, sem dregin eru, eins og dragnót og botnvörpu. Þetta samræmist illa á sömu svæðunum. Því höfum við Íslendingar ákveðið vissa svæðaskiptingu með tilliti til þess að hindra árekstra milli þessara veiðarfæra. Í Noregi er mér tjáð af kunnugum mönnum, að um svipað sé að ræða, nema bara að Norðmenn séu enn þá lengra komnir í þessum efnum heldur en við. Þetta er sú meginhugsun, sem á bak við till. okkar liggur, að skipta veiðisvæðum eins og mögulegt er, þannig að ekki þurfi að koma til tíðra og mjög dýrra árekstra á milli báta, er nota mismunandi veið-

arfæri. Og þó e. t. v. sé ekki rétt að segja, að friðunarsvæði út af fyrir sig sé veiðisvæði, þá er það þó svo, að við teljum, að nauðsynlegt sé að ákveða viss friðunarsvæði hér innan fiskveiðilandhelginnar.

Till. gerir ráð fyrir því, að skipuð sé níu manna nefnd til þess að ákveða þessar reglur í smærri atriðum, og það er stungið upp á því í sjálfri till., að nefndin sé þannig skipuð, að í henni séu menn, sem þekki vel til þessara mála, og treysti ég því a. m. k., að þeir muni geta komizt frá þessu verkefni á sómasamlegan hátt, þannig að við getum skipulagt okkar fiskveiðilandhelgi með hliðsjón af því, að við fáum sem mestan arð út úr fiskveiðum okkar, án þess að við séum að skemma hverjir fyrir öðrum og án þess að við göngum of nærri stofnum nytjafiska innan landhelginnar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

26. Sjóvinnuskóli á Siglufirði.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sjóvinnuskóla eða sjóvinnunámskeið á Siglufirði [123. mál] (A. 141).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafi Jóhannessyni, leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál. um sjóvinnuskóla eða sjóvinnunámskeið á Siglufirði, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að vinna að því í samráði við bæjarstjórn Siglufjarðar að koma á fót sjóvinnuskóla eða sjóvinnunámskeiðum á Siglufirði."

Áður en ég ræði þessa þáltill. sérstaklega, vil ég með nokkrum orðum minnast á ástand og horfur í atvinnu- og efnahagsmálum Siglufjarðar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að s. l. áratug hefur svo að segja engin síld veiðzt og verið flutt til Siglufjarðar, og árið 1970 var að því leyti sögulegt, að það var fyrsta árið á þessari öld, sem engin síld barst á land á þennan stað, sem áður var stærsti síldarverksmiðjubær í Evrópu. Við getum hugsað okkur áhrifin, sem slíkt ástand hefur á eitt byggðarlag, sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á síldveiðunum. Hvað mundi ske í Vestmannaeyjum, ef þar hefði ekki veiðzt fiskur og ekki borizt á land fiskur í heilan áratug? Og hvað mundi ske á Suðurlandi, ef þar væri stöðugur heybrestur og þar sprytti ekki gras í áratug? Þetta er eitthvað svipað og það, sem hefur gerzt á Siglufirði. En þó að svona hafi til tekizt og þrátt fyrir það að fjórar síldarverksmiðjur hafi verið lokaðar þar árum saman, þá hefur þó það fólk, sem þarna býr, snúið bökum saman og leitazt við að byggja upp atvinnulífið í þessum bæ. Ég vil í því sambandi minna á, að Siglfirðingar keyptu fyrsta tilbúna skuttogarann, sem var keyptur hingað til landsins og heitir nú Dagný. Siglfirðingar létu smíða fyrsta skuttogarann, sem kom til Íslands, skuttogarann Siglfirðing. Þeir hafa nýlega keypt togskipið Sigurð Bjarnason, sem nú heitir Hafnarnes. Og gerður hefur verið samningur um kaup á nýjum skuttogara, sem smíða á í skipasmíðastöðinni Stálvík. Ég minni á útgerð togarans Hafliða, sem hefur haft geysilega þýðingu fyrir atvinnulífið á Siglufirði allt frá því að hann var keyptur.

Ég rifja þetta hérna upp, þar sem ég er að tala um málefni, sem varðar Siglufjörð, vegna þess að ég hef stundum heyrt það á mönnum, að þeim finnst Siglfirðingar vera framtakslitlir í atvinnumálum og vilji gera mestar kröfur til annarra. En þeim fullyrðingum vísa ég algerlega á bug. Fiskiskipaflotinn hefur aukizt, og þeir vilja auka hann. Auðvitað hefur aðstoð þess opinbera komið til, þeirra gata hefur verið greidd af hálfu ríkisvaldsins eins og annarra. Á Siglufirði er síldarniðursuðuverksmiðja ríkisins. Hún hefur því miður ekki haft hráefni sem skyldi, og hún hefur staðið auð mánuðum saman, vegna þess að við höfum ekki haft síld til þess að leggja niður og selja dýrar úr landi en hún er seld í tunnum. Þetta hefur skeð á sama tíma sem tugir þúsunda tunna hafa verið seldar úr landi. Þarna er eitthvað að. Ég hef áður minnzt á þetta hér á Alþ., og ég endurtek það, að hér er eitthvað að. Það þarf líka í sambandi við rækju- og hörpudiskaveiðar að leita að nýjum miðum fyrir Norðurlandi með það fyrir augum, að þessi fiskur veiðist til þess að skapa frekari vinnu í verksmiðjunni. Tunnuverksmiðjan er nú gangandi, en þar er heldur ekki rétt á málum haldið. Það þyrfti að framleiða eingöngu í þeirri verksmiðju tunnur, sem notaðar eru á Íslandi, og þá mundu fást ódýrari tunnur en nú er, þar sem tunnusmíði er dreift á milli fleiri verksmiðja. Í verksmiðjum utan Siglufjarðar, sú stærsta er á Akureyri, eru framleiddar dýrari tunnur en á Siglufirði. Verði þessum málum kippt í lag og fiskiskipastóllinn stækkaður, þá mun birta í atvinnumálum Siglfirðinga, og það færi vel. Í þessum bæ er næg raforka, og Siglufjörður er einn af þeim fáu kaupstöðum, sem á sjálfur sitt orkuver, og er það bænum til stórra hagsbóta. Þar eru tveir skólar fyrir utan barnaskólann, tveir framhaldsskólar, gagnfræðaskólinn, sem nýtur mikils trausts, og iðnskólinn, sem nýtur vaxandi vinsælda og hefur starfað þar að ég hygg um fjóra áratugi.

Till. okkar Ólafs Jóhannessonar er um það að skora á ríkisstj. að vinna að því í samráði við bæjarstjórnina að koma á sjóvinnuskóla eða sjóvinnunámskeiðum á Siglufirði. Það fer vel á því, að slíkum skóla eða námskeiðum væri valinn staður á þessum stað, því að þarna hafa löngum átt heima góðir sjómenn. Afkoma Siglufjarðar hefur byggzt á sjávarafla og vinnslu hans, eins og ég hef áður tekið fram í þessari stuttu ræðu minni, og síldveiðin var, eins og við vitum allir, sem hér erum, lengi vel aðaluppistaðan í atvinnulífi Siglfirðinga, en síldarleysi hefur orðið fáum stöðum meiri hnekkir en Siglufirði.

Sjómennskan er ein af meginstoðum íslenzks atvinnulífs. Það er því þjóðfélagsleg nauðsyn að búa vel að þeim, sem sjómennsku stunda. Þeir, sem við hana fást, þurfa og að kunna vel til verka, og það er því mikilvægt, að þeir eigi kost á starfsmenntun og verkþjálfun. Þá starfskunnáttu og reynslu fá ungmenni auðvitað fyrst og fremst á sjónum og undir handleiðslu reyndra sjómanna. Það er þó vafalaust hægt að kenna ungmennum ýmis vinnubrögð, er að sjómennsku lúta, í skóla eða á námskeiðum. Það er einmitt þörf á því að taka upp skipulega þjálfun sjómannsefna með einum eða öðrum hætti, og með því að koma á fót sjóvinnunámskeiðum eða sjóvinnuskóla mætti eflaust vekja áhuga ungra manna á þessari atvinnugrein, en þess er einnig mikil þörf.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þessa till., en óska eftir, að umr. verði frestað og henni verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

27. Atvinnulýðræði.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um atvinnulýðræði [124. mál] (A. 145).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Með till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er stefnt að því, að starfsmenn fyrirtækja, jafnt í einkarekstri sem í opinberri þjónustu, fái aukinn íhlutunarrétt um stjórn og allan rekstur þess fyrirtækis, sem þeir vinna hjá. Í till. er gert ráð fyrir, að 11 manna nefnd, skipuð fulltrúum launþegasamtaka, vinnuveitenda og stjórnmálaflokka, taki málið til undirbúnings og athugunar, en í fyrstu lotu verði athyglinni einkum beint að fyrirtækjum í eigu ríkis og bæjarfélaga. Eins og ég gat um í umr. hér áðan, þá er þetta síður en svo í fyrsta sinn, sem þetta mál er flutt hér af hálfu okkar Alþb.-manna. Þessi till. var fyrst flutt 1964, flm. hennar var Ragnar Arnalds, og þetta mun vera í þriðja eða fjórða skipti, sem hún er flutt í lítið breyttri mynd. Vegna þessa þarf ég ekki að vera langorður um till. Hv. alþm. hafa eflaust kynnt sér þá ítarlegu grg., sem fylgir henni, þeir hafa haft aðstöðu til þess að lesa hana upp aftur og aftur, og ég tel nú raunar, að nokkurs árangurs verði vart, sbr. þann áhuga, sem nú er mjög áberandi hér á hinu háa Alþingi fyrir atvinnulýðræði og m. a. kom fram í umr. hér áðan. Ég tel þess vegna, að ég þurfi ekki að vera mjög langorður um till., en fylgi henni úr hlaði með aðeins fáeinum orðum.

Það er ekki að efa, að íhlutunarréttur starfsmanna mun hafa holl og góð áhrif á stjórn fyrirtækja og rekstur. En hitt verður að játa, að þetta er ekki auðvelt viðfangsefni. Það er að mínum dómi og okkar Alþb.-manna t. a. m. til lítils að kasta inn till., eins og gert hefur verið varðandi þessi mál, svo og svo illa unnum og illa undirbúnum. Þetta mál þarf rækilegan undirbúning og athugun. En þeim mun meiri er nauðsynin náttúrlega, að sem fyrst verði hafizt handa um undirbúning, komið verði af stað umr. á milli launþega og atvinnurekenda og leitað verði eftir reynslu annarra þjóða og þá síðast en ekki sízt, að rannsakaðar verði séríslenzkar aðstæður. Atvinnuhættir á Íslandi eru nefnilega að ýmsu leyti miklu frumstæðari heldur en t. a. m. hjá nágrannaþjóðum okkar. Það er miklu meira jafnvægisleysi á flestum sviðum, ringulreið og verðbólga, ofsagróði og botnlaus taprekstur og þetta svona sitt á hvað. Nefna mætti ýmis fleiri vandamál, sem hljóta að koma upp í þessu sambandi og snerta sérstaklega íslenzkar aðstæður. Það er t. a. m. smæð fyrirtækjanna, fámenni á vinnustað og losaraleg tengsl margra verkamanna við vinnustaðina vegna atvinnuhátta okkar. Má þar t. d. nefna verstöðvarnar, hina árstíðabundnu atvinnu o. s. frv.

En ég sé sem sagt ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta atriði hér, enda er það ítarlega gert í grg. Og eins og ég sagði áðan, ég treysti því, að hv. alþm. hafi kynnt sér þessa grg., og flestir þeirra hafa haft tækifæri til að gera það hvað eftir annað. Þess er því að vænta, og eins og ég sagði áðan reyndar, ekki aðeins þess að vænta, heldur hefur það greinilega komið í ljós, að skilningurinn á nauðsyn atvinnulýðræðis og skilningurinn á réttlæti atvinnulýðræðis er sí og æ að aukast hér á hinu háa Alþingi. Svo að hver veit nú nema þessi till. okkar Alþb.-manna fái loksins samþykkt.

Ég legg til, að till. verði að lokinni þessari fyrri umr. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til allshn. með 43 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Flugstöð á Vestmannaeyjaflugvelli o. fl.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um flugstöð á Vestmannaeyjaflugvelli, endurskipulagningu samgangna við Vestmannaeyjar o. fl. [130. mál] (A. 152).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem í dagskrá er nú bara kölluð Flugstöð á Vestmannaeyjaflugvelli, fjallar raunar um nokkru fleiri þætti í samgöngumálum Vestmannaeyja og Suðurlandskjördæmis heldur en rúmast í því hugtaki einu. Till. er sem sagt á þessa leið:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til þess að bæta verulega samgöngur við Vestmannaeyjar. Í því skyni verði hið bráðasta hafizt handa um eftirgreindar ráðstafanir:

1. Vestmannaeyjaflugvöllur verði stækkaður og búinn fullkomnum öryggistækjum á næsta ári og byggð við hann fullkomin flugstöð.

2. Ríkisstj. beiti áhrifum sínum til þess, að upp verði teknar að nýju áætlunarflugferðir milli Eyja annars vegar og Hellu og Skógasands hins vegar.

3. Endurskipulagðar verði ferðir Skipaútgerðar ríkisins, þannig að komið verði á daglegum skipsferðum milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja."

Um þessa till. er það sérstaklega að segja, að eins og allir þeir vita, sem kunnugir eru samgöngum innanlands, þá fara meginflutningarnir, bæði fólksflutningar og vöruflutningar, í landinu fram á bifreiðum eftir vegakerfi landsins. En einn er þó sá kaupstaður landsins, sem ekki er í sambandi við þetta vegakerfi og verður þar af leiðandi að hafa sínar samgöngur með öðrum hætti. Það er Vestmannaeyjakaupstaður, og veldur það þeim kaupstað verulegum erfiðleikum að liggja ekki að þessu stærsta samgöngukerfi landsmanna og geta þar af leiðandi ekki notið þess. Á hinn bóginn verður þess ekki vart, að kostnaður við þjóðvegakerfið sé ekki látinn falla á þennan kaupstað eða íbúa hans með svipuðum hætti eins og aðra landsmenn. En af því leiðir að sjálfsögðu sú skylda þjóðfélagsins að búa þeim mun betur að slíkum kaupstað um aðra þætti samgöngumála, sem nýtur ekki þessa þáttar.

Þegar flugsamgöngur hófust fyrir alvöru hér á landi, var hafizt handa um að byggja í Vestmannaeyjum flugvöll eða nánar tiltekið flugbraut, og var hún tekin í notkun fyrst í smáum mæli fyrir u. þ. b. 20 árum og síðan í síauknum mæli. Flugvallarframkvæmdir í Vestmannaeyjum hafa hins vegar verið svo hæggengar, að þessi flugbraut er engan veginn búin enn þá. Hún er í smíðum enn þann dag í dag. Það hefur líka verið byggð önnur braut, þverbraut á þessa, sem fyrir var. Hún er ekki heldur búin. Hvorug þeirra hefur náð þeirri lengd, sem ætlað var, hvorug hefur verið búin þeim öryggisbúnaði, sem sjálfsagður er. T. d. eru þessar brautir ekki raflýstar, þannig að þær séu nothæfar í myrkri. Þetta þykja nú hv. alþm. vænti ég nokkur tíðindi, því að svo óskaplega stinga þessar upplýsingar í stúf við það, sem almenningi í landinu og þá væntanlega ekki að undanskildum alþm. þætti sjálfsagt, að gert hefði verið til framkvæmda. En svona hæggengar hafa þessar samgöngur verið við þennan stóra kaupstað, sem mun vera sá fjórði eða fimmti stærsti í landinu og reyndar sá þeirra, sem að tiltölu skilar þjóðarbúinu hvað mestum arði í útflutningsverðmætum.

Ég gat þess, að hvorki flugbrautir í Vestmannaeyjum né heldur öryggisbúnaður svo sem raflýsing væri í því lagi, sem una mætti við. En ef við komum að aðstöðu farþeganna sjálfra og afgreiðslu flugvéla á þessum stað, þá munduð þið hv. alþm. verða þess varir, ef þið gerðuð ykkur ferð á þennan stað, að þarna er hvorki flugstöð né flugstjórnarstöð í þess orðs merkingu. Í staðinn fyrir þetta tvennt eru að vísu tvær kofabyggingar, báðar þröngar og ekki ýkja stæðilegar, svo að mann uggir, að þær gæti vel tekið af eða þær gætu oltið í einhverju meiri háttar veðri, sem þarna eru ekki ótíð. Þetta gildir jafnt um farþegaafgreiðslu og það, sem kallað er flugturn, en er reyndar ekki turn í þeirri merkingu, sem við venjulega leggjum í það orð, heldur er það bygging af svipaðri stærð og bændur höfðu gjarnan fyrir hænsni sín fyrir u. þ. b. hálfri öld. Mér þykir reyndar fyrir því, að hæstv. samgrh. skuli ekki vera staddur hér í salnum, en hafi hann haft augun sæmilega opin á sínum ferðum um staðinn, þá veit hann allt þetta álíka vel og ég.

Sem betur fer hafa á ýmsum flugstöðvum landsins, á ýmsum flugvöllum landsins verið gerðar alveg sómasamlegar farþegaafgreiðslur og flugstjórnarstöðvar og reyndar á flugvöllum, þar sem mun minni umferð farþega og varnings á sér stað en á þessum flugvelli, sem ég hef hér gert að umræðuefni. En um hann fara á snærum Flugfélags Íslands 23-26 þús. manna á ári miðað við s. l. fimm ár, en Flugfélag Íslands er að vísu eina flugfélagið, sem heldur uppi áætlunarferðum á þennan stað, en farþegafjöldinn er ekki allur þar með upp talinn, því að allmikið ferðast þar um af fólki á leiguflugvélum, sem ekki er í þessum tölum, sem ég hér nefndi.

Suðurland er með talsverða sérstöðu meðal kjördæma landsins að því leyti, að það er í rauninni tvö lönd, annars vegar Vestmannaeyjar og hins vegar Suðurlandsundirlendið. Og á milli þessara tveggja aðalbyggða kjördæmisins eru reyndar engar áætlunarsamgöngur eins og stendur, er svo geta kallazt. Það er að vísu rétt, að Skipaútgerð ríkisins sendir öðru hverju að sumarlagi strandferðaskipið Herjólf á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, en ekki er þar um neinar áætlunarbundnar ferðir að ræða yfir allt árið, heldur einungis stopular ferðir einu sinni í viku yfir hásumarmánuðina. Eitt sinn hafði Flugfélag Íslands áætlunarflugferðir á þríhyrningnum Vestmannaeyjar — Skógasandur — Hella — Vestmannaeyjar. Þessar flugferðir þóttu ekki gefa nægan arð og voru þess vegna þegjandi og hljóðalaust lagðar niður, og þar með tíðkast engar reglubundnar samgöngur á milli þessara fjölmennustu svæða innan kjördæmisins. Ríkisstj. Íslands hefur mér vitanlega ekkert gert til þess að beita áhrifum sínum í þá átt, að þessum flugferðum væri haldið áfram.

Ég gat þess, að þessar flugferðir mundu ekki hafa gefið stóran arð, og reyndar má vera, að á þeim, ef þær eru taldar út af fyrir sig, hafi verið eitthvert tap. En að nota það sem réttlætingu fyrir því að leggja flugferðirnar niður, það hefur ekki verið gert á öðrum stöðum. Við vitum, að það eru fjöldamargar flugleiðir á Íslandi, sem ekki skila arði, ef þær eru taldar út af fyrir sig með tekjur og gjöld. Þetta sama má reyndar segja um allt innanlandsflug á Íslandi, a. m. k. sum árin. Mér vitan-

lega hefur þó engum dottið í hug að leggja niður innanlandsflug á Íslandi. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að ef slíkar fyrirætlanir kæmu upp, þá mundu stjórnvöld landsins beita sér gegn því, að af þeim yrði. Á sama hátt álít ég, að stjórnvöldum landsins og þó einkum samgrn. hefði borið skylda til þess að koma í veg fyrir slíkt tap, að þessar áætlunarflugferðir yrðu lagðar niður, og eftir að þær voru samt lagðar niður, ætti íslenzka ríkisstj. að beita sér fyrir því, að þær yrðu teknar upp að nýju, enda er það einn þáttur þessarar till. að skora á ríkisstj. að hefjast nú handa um það að koma þessum flugferðum á aftur, þó að ekki hafi verið á þeim bókhaldslegur gróði einum saman og reiknuðum út af fyrir sig. Allir hlutir, líka á okkar landi, eru háðir nokkrum breytingum, og það liggur ekkert fyrir um það, að þessar ferðir gætu ekki verið eins arðgæfar nú eins og hverjar aðrar flugferðir, og þar af leiðandi tel ég, að það sé óréttlætanlegt af stjórnvaldanna hálfu að gera ekki verulegar tilraunir til þess að koma þeim á að nýju.

Fyrir rösklega einum áratug eða líklega fyrir 12 árum réðst Skipaútgerð ríkisins í það að byggja sérstakt strandferðaskip til þjónustu við Vestmannaeyjar. Að vísu vantaði ekki plögg um það frá alls konar forstjórum og embættismönnum og forráðamönnum þessarar útgerðar, að það væri ekkert vit í slíkri skipsbyggingu. En skipið var nú byggt samt, af því að í það skiptið fór nú svo, sem reyndar allt of sjaldan skeður, að alþm. mátu meira nauðsynina heldur en vífilengjur embættismanna. Alþingi samþykkti að smíða þetta skip, og það var gert. Það hefur nú starfað í um það bil 12 ár og komið að ómetanlegum notum og reyndar oft og tíðum verið eina samgöngutækið, sem Vestmanneyingar hafa haft fyrir sínar þarfir. Þetta er strandferðaskipið Herjólfur. Á þessu tímabili hefur Skipaútgerð ríkisins gert gagngerar áætlanir um nýja tilhögun strandferða á Íslandi. Skipakostur hennar hefur verið við það miðaður, eldri skip hafa verið seld og ný hafa verið byggð eða eru í byggingu eins og Hekla, sem nú siglir hér á ströndinni. Í þessum yfirstandandi mánuði var nú talað um, að koma ætti nýtt strandferðaskip til sögunnar, ný Esja. En hvort sem það dregst nú lengur eða skemur, að það skip komi, þá er augljóst mál, að þegar þessi skip eru bæði komin til þjónustu við landsmenn, þá ætti að geta rýmkazt mjög um fyrir strandferðaskipið Herjólf, og þá ætti ekki að vera nauðsynlegt að binda hann alveg við þær ferðir, sem hann nú er í.

Hér á þingi hefur verið flutt till. og af ýmsum látinn uppi þó nokkur áhugi fyrir því, að nýtt skip yrði byggt til þess að annast farþega-, bifreiða- og mjólkurflutninga, daglega flutninga á milli Vestmannaeyja og lands, milli Vestmannaeyja og þá einna helzt Þorlákshafnar. Þetta er allt saman góðra gjalda vert, en ég hygg, að hægt muni vera að koma á daglegum eða a. m. k. allmörgum vikulegum ferðum á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar með strandferðaskipinu Herjólfi, án þess að þær ferðir, sem hann er í nú, féllu niður, þegar tvö ný strandferðaskip — ég á þar við Esjuna og Heklu na — eru komin til starfa hjá Skipaútgerð ríkisins. Þá mætti sem sagt taka Herjólf í það að koma á daglegum eða nærri daglegum ferðum á milli Vestmannaeyja og lands. Ég veit það, að Herjólfur er ekki byggður fyrir þess kyns siglingar. Engu að síður hefur hann sýnt það, að hann er gott skip og traust og getur afkastað býsna miklu í flutningum, bæði vöru og farþega, sem mundi koma að mjög miklum notum, ef hann gæti haft þessar ferðir að aðalverkefni. Það er þess vegna lagt til í þessari till., að við endurskipulagningu á flutningum Skipaútgerðar ríkisins, þegar nýju strandferðaskipin tvö eru komin í notkun, verði Herjólfur tekinn meira til þeirra þarfa að annast flutninga daglega eða sem næst daglega á milli Vestmannaeyja og lands. Þetta er byggðarlaginu alveg sérstaklega nauðsynlegt, vegna þess að þrátt fyrir alla kosti flugsamgangna geta þær ekki á næstu tímum orðið dagvissar ferðir fyrir Vestmanneyinga. Reynslan sýnir, að í u. þ. b. 90 daga á ári er ekki fært til flutninga eða til flugs á þessari leið, og það er nú ekki svo, að hér sé bara um fjórða hvern dag að ræða. Það veit enginn fyrir fram, hvenær þessir dagar koma. Þetta getur verið heil vika eða jafnvel lengri tími í einu, sem engin flugvél kemst þessa leið, og er það mjög bagalegt. Það má kannske segja, að það sé svo sem ekki alveg öruggt, að hægt sé að komast upp á hvern dag á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, en eins og nú er komið hafnargerð á báðum þessum stöðum, þá má ætla, að það yrðu ekki margir dagar árlega, sem féllu úr, þannig að ekki væri hægt að komast þessa leið.

Ég vil að lokum, áður en ég lýk máli mínu um þessa till. og nauðsynina á því að taka upp bættar samgöngur milli Vestmannaeyja og lands, minna á það, að allir, sem augu hafa opin í þessu landi, hafa séð, að það er stöðugt að verða erfiðara og erfiðara að halda uppi nútímalegum þjóðfélagsháttum í byggðarlögum, sem eru umkringd sjó, á eyju. Við höfum séð hverja eyjuna af annarri við strendur landsins, sem áður var byggð, fara í eyði. Og nú er svo komið, að maður hefur það á tilfinningunni, að það sé ekkert langt þangað til aðeins ein eyja verður í byggð við strendur þessa lands, Heimaey í Vestmannaeyjum. Ef það er alveg látið sitja á hakanum að vinna eitthvað að bættum samgöngum fyrir þennan þýðingarmikla kaupstað, þá er til í málinu, að þar halli aftur af blómanum í byggðinni. En það er ég sannfærður um, að enginn alþm. óskar eftir að horfa fram á. Það væri ekki heldur æskilegt efnahagslega fyrir íslenzka þjóðfélagið, því að slíkur hefur til þessa arður þess af þessum kaupstað og fólkinu, sem þar býr, verið.

Herra forseti. Um leið og ég lýk máli mínu legg ég til, að á einhverju stigi umr. verði till. vísað til allshn., en umr. frestað á meðan.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég var nú því miður ekki viðstaddur, þegar hv. 6. þm. Sunnl. hóf mál sitt, en geri ráð fyrir, að það hafi verið um efni fyrri hl. till. um flugsamgöngur við Eyjar, þannig að ég veit ekki, hvort þar hefur nokkuð komið fram, sem ég teldi eðlilegt að gefa frekari skýringu á eða ræða nánar og verð því að sleppa því. Hins vegar hlustaði ég á síðari hluta ræðu hans varðandi ferðir Herjólfs og samgöngur Vestmanneyinga sjóleiðina. Hann var í þeim hluta ræðunnar, þegar ég kom inn, að tala um byggingu Herjólfs. Ég hef áður hlustað á það hér hjá honum úr þessum ræðustól, að hann hefur sveigt að Vestmanneyingum í því sambandi, að þeir hafi jafnvel ekki tekið

því með neinum þökkum, að Herjólfur var byggður, og haft ýmislegt við það að athuga. Ég ætla þó ekki að fara í neinar orðasennur við hann út af þeim málum, en vil aðeins rifja það upp, að á sínum tíma voru Vestmanneyingar búnir að undirbúa nokkuð samgöngumál sín, gerðu það á þann veg, sem þeir þá töldu eðlilegast. Þeir héldu um málið borgarafund í Vestmannaeyjum, þar sem ákveðið var að stofna til hlutafélags um byggingu skips, sem henta mundi til ferða milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og/eða Þorlákshafnar, ef það þætti betur henta. Það var búið að halda fyrsta undirbúningsfund þessa fyrirhugaða hlutafélags, teikningar höfðu verið fengnar erlendis frá af skipum, sem kæmi til greina að miða við byggingu nýs skips, og menn höfðu þá á hendinni tilboð í skip, sem var verið að athuga, hvort mundi henta í þessar ferðir. Þegar þetta skeði, flutti hv. 6. þm. Sunnl., sem var þá formaður fjvn., málið hér inn á Alþ. í því formi, að Ríkisskip byggði nýtt skip, sem í öllum umr. um málið, — ég hef lesið það, — er talið Vestmannaeyjaskip, en þó með þeirri kvöð, sem á það var lögð þá, að það skyldi fara eina ferð á hverjum hálfum mánuði til Hornafjarðar. Ég hygg, að þetta hafi verið pólitískt samkomulag við hans samstarfsflokk, Framsfl., að hann varð að taka þetta ákvæði inn til þess að fá málið gegnum fjvn. og Alþ., og var í sjálfu sér ekkert við það að athuga að öðru leyti en því, að það skerti auðvitað flutningamöguleika skipsins fyrir Vestmanneyinga. Þegar málið fór inn á þennan farveg, þá var hætt öllum frekari umræðum um byggingu skips á vegum Vestmanneyinga sjálfra, sem þeir ættu og stjórnuðu, en að sjálfsögðu höfðu þeir farið fram á ríkisframlag í sambandi við stofnkostnað skipsins og án efa farið fram á ríkisframlag í sambandi við rekstur þess, eins og aðrir flóabátar fá og hafa notið síðan. Ég skal ekkert fara út í það, hvort það hefði farið betur, hefði verið farin sú leið, sem þá var uppi hjá Vestmanneyingum um að byggja eigið skip á þennan hátt, eða eins og málið fór, að Herjólfur var byggður og rekinn af Ríkisskip.

Ræðumaður vék að þriðja lið till., sem hljóðar þannig:

„Endurskipulagðar verði ferðir Skipaútgerðar ríkisins, þannig að komið verði á daglegum skipsferðum milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja."

Þetta hefur að undanförnu verið mjög brennandi mál heima í héraði, sem eðlilegt er, því að hv. þm. sagði það alveg rétt, að krafa fólks, sem byggir eyjar eins og t. d. Vestmannaeyjar, er í dag sú að geta haft eins öruggar og þéttar ferðir eins og hægt er að koma við með eðlilegum hætti. Flugferðir eru að sjálfsögðu tíðar þangað, 2-3 ferðir á dag yfir sumarmánuðina, ef veður leyfir, en lega eyjanna úti í hafi fyrir suðurströnd landsins er þannig, að þar er oft veðrasamt og því getur orðið erfiðara með flugsamgöngur þangað heldur en kannske á aðra staði á landinu, þannig að þó að flugsamgöngur séu mjög þægilegar og verði án efa það samgöngutæki, sem í framtíðinni eins og hingað til verður mest notað fyrir farþegaflutninga, þá falla oft úr það margir dagar, að við slíkt verður ekki unað af þeim, sem búa nú í Eyjum og í framtíðinni koma til með að búa þar.

Í sambandi við þessar hugmyndir Vestmanneyinga, sem mjög hafa verið ræddar heima í héraði, var á sínum tíma, hinn 10. febr. 1970, gerð samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyja, þar sem farið var fram á það við samgrn. eða skorað á það, að það sæi um, að Skipaútgerð ríkisins tæki upp það, sem við köllum daglegar ferðir. Náttúrlega gerum við okkur allir ljóst, að ef sama skip á að annast vöruflutninga milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja og farþegaflutninga milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, þá verður þar vart um daglegar ferðir að ræða, þannig að það verður a. m. k. fyrst um sinn að falla úr einn eða tveir dagar í viku, þar sem skipið yrði að fara til Reykjavíkur, og féllu þá Þorlákshafnarferðirnar niður til að byrja með, þangað til komið verður á flutningakerfi, þannig að vöruflutningar verði þá einnig að langmestu leyti teknir yfir Þorlákshöfn. Þetta erindi bæjarstjórnar, sem var samþ. þar alveg einróma, var að sjálfsögðu afgr. til samgrn. Við rn. og ráðh. hafa síðan iðulega verið viðræður. Viðræður hafa átt sér stað milli mín og ráðh. og annarra fulltrúa úr Eyjum og samgrn. um framkvæmd á þessu. Þetta hefur valdið nokkrum örðugleikum, og við höfum kannske séð fram á það, að Skipaútgerðin með þann prönga skipakost, sem hún hefur búið við fram að þessu, mundi hafa átt erfitt með að verða við þessum tilmælum okkar fyrr en hið nýja skip, sem nú er komið á lokastig með byggingu á, verður komið í notkun. Nú er nokkurn veginn séð fram á það, að það er aðeins orðið viku- eða mánaðarspursmál, hvenær það skip kemur í hendur Ríkisskip til afnota.

Hinn 11. þ. m. skeði það, að lokaviðræður höfðu þá í bili átt sér stað við rn. um málið. Samgrh. og samgrn. gáfu þá út erindisbréf, þar sem skipuð var þriggja manna nefnd Vestmanneyinga. Verkefni nefndarinnar var tvíþætt, annars vegar að gera till. um ferðaáætlun fyrir skipið og í annan stað að gera till. um, hvernig þetta skip, sem nú er í eigu Skipaútgerðarinnar, yrði bezt nýtt í framtíðinni í þágu Vestmanneyinga til að leysa flutningaþörf þeirra, farþegaflutninga, vöruflutninga og bifreiðaflutninga. Þessi nefnd hefur þegar haldið einn fund og gert till. um ferðaáætlun skipsins, tók það mál sérstaklega út úr, vegna þess að hún taldi, að það, sem fyrst yrði að leysa, væri að koma skipan á ferðir Herjólfs á næstu mánuðum og sérstaklega næsta sumri. Till. nefndarinnar voru þær, að fyrst um sinn færi skipið, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, þrjár ferðir milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja á tímabilinu til 30. apríl. Það var þó gert með þeim fyrirvara, að þar til Esja, hið nýja skip Skipaútgerðarinnar kæmist í gagnið, færi skipið áfram eina ferð til Hornafjarðar í hálfum mánuði, ef þörf krefði. Till. nefndarinnar um sumaráætlun fyrir skipið, sem var afmörkuð á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept., var á þá leið, að skipið færi fimm daga í viku milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, færi frá Vestmannaeyjum kl. 10 að morgni miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga og til baka frá Þorlákshöfn kl. 4, og er þá miðað við, að skipið væri komið kl. 7.30-8.00 til Eyja. En á sunnudagskvöldum héldi skipið síðan frá Vestmannaeyjum kl. 9 að kvöldi til Reykjavíkur og væri komið þar á mánudagsmorgni, lestaði vörur að mánudeginum í Reykjavík og væri komið á venjulegum vinnutíma, eins og gert hefur verið ráð fyrir áður, til Eyja á þriðjudagsmorgni. Þriðjudagurinn fer að sjálfsögðu í að losa skipið, þannig að þarna falla úr tveir dagar, mánudagur og þriðjudagur, vegna vöruflutninga

frá Reykjavík til Eyja. En fimm ferðir vikulega eða daglegar ferðir aðra daga vikunnar er gert ráð fyrir, að skipið gangi nú í sumar frá 1. maí til 30. sept., og hygg ég, að við þær aðstæður, sem nú eru, sé búið að leysa málið, þetta samgöngumál Vestmanneyinga, á þann hátt, sem þeir sjálfir hafa gert sér grein fyrir, að hægt væri að leysa það með þessu skipi, sem fyrir hendi er, ef stjórn Skipaútgerðarinnar fellst á till. nefndarinnar, sem um þetta mál fjallar heima í héraði. Það er einnig tekið fram í skipunarbréfi nefndarinnar, að verði ekki samkomulag milli stjórnar Skipaútgerðarinnar og þeirrar nefndar heima í héraði, sem ég hef minnzt á, þá verði þeim ágreiningi áfrýjað til samgrn. og það skeri úr um deiluna. Ég hef átt viðræður við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, og ég er nú að vona, að um þetta verði allt saman fullt samkomulag, þannig að Vestmanneyingar séu þegar búnir að ná því marki, sem þeir hafa sett sér í bili, meðan ekki er um annan kost að velja en það skip, sem nú er.

Hitt er alveg rétt, sem hv. 6. þm. Sunnl. sagði, að þegar Herjólfur var byggður á sínum tíma, þó að hann væri byggður í samræmi við þær kröfur, sem til slíks skips voru þá gerðar, og þó að hann hafi alla tíð reynzt mjög öruggt og traust skip, verið farsæll í öllum sínum ferðum, þá liggur það alveg ljóst fyrir, að aðstæður hafa breytzt það mikið síðan, að hann hentar ekki til að þjóna því marki og uppfylla þær kröfur, sem nú eru gerðar til slíks skips. Á ég þar kannske aðallega við aðstæður í sambandi við bifreiðafluttninga, — ég er ekkert að loka augunum fyrir því — sem eru orðnir verulegur þáttur í daglegu lífi Vestmanneyinga, þeir eru búnir að eignast þann fjölda bifreiða. Ef ég man rétt, eru 500—600 fólksbílar þar á staðnum, og auðvitað vill fólk eiga þess kost yfir sumartímann að komast með þessar bifreiðar inn á þjóðvegakerfið, bregða sér upp til landsins og nota þessar bifreiðar, eins og aðrir landsmenn. Þetta er ósköp eðlileg og sjálfsögð krafa og verður að gera sér grein fyrir því, að aðstöðu verður að skapa til þess að fullnægja þessu atriði einnig.

En framtíðin er það, — það gerum við okkur alveg ljóst, — framtíðin er það, og þegar er farið að ræða það heima í héraði, að byggja verður nýtt skip, sem uppfyllir betur þær kröfur, þær eðlilegu kröfur vil ég segja, sem nú eru gerðar í sambandi við ferðir milli Eyja og meginlandsins. Það eru nokkrar umr. um það, og verður það án efa skoðað mjög nákvæmlega, hvort tekin verður að nýju upp sú hugmynd, að Vestmanneyingar sjálfir láti byggja þetta skip, að sjálfsögðu með þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og þá ef eða þegar til kæmi með þátttöku ríkisins í rekstri skipsins eins og annarra flóabáta, eða farið verði fram á við ríkisvaldið, að Skipaútgerðin verði látin byggja hið nýja, fyrirhugaða skip. Vestmanneyingar mundu þá að sjálfsögðu gera kröfu til þess að fá að gera tillögur um fyrirkomulag skipsins, því að ég tel, að þeir þekki það manna bezt, hvernig það skip ætti að vera, sem þeim hentaði bezt, og þá að sjálfsögðu að hafa nokkra hönd í bagga um rekstur þess, þegar til kæmi. Það mál er á umræðustigi heima í héraði, og er ég að vona, að þegar nokkur reynsla er komin á ferðir Herjólfs í því formi, sem nú er lagt til, að á ferðum hans verði, þá sé betra að átta sig á því, hvort við, sem þarna búum, teljum það heppilegra að eiga skipið sjálfir eða þar verði um að ræða skip, sem væri eign Skipaútgerðar ríkisins. Sannleikurinn er sá, að þó að ég segði, að Herjólfur hefði á sínum tíma verið byggður og uppfyllt þær kröfur, sem þá voru gerðar til slíks skips, þá liggur það í augum uppi, að við þröngan skipakost hjá Ríkisskip hefur oft verið gripið til þessa skips og það notað í aðrar þarfir en við hefðum óskað eftir, en ekki haft aðstöðu til að koma í veg fyrir. Auðvitað er það stjórn Skipaútgerðar ríkisins, sem leggur áætlun og getur breytt henni og hefur gert. Út af þessu hafa orðið nokkrir árekstrar, en þó vil ég kannske segja ekki meiri en efni hafa staðið til. En ég vildi láta það koma hér fram við umr. um þessa till. hv. 6. þm. Sunnl., að málið er, að því leyti sem það varðar ferðir Skipaútgerðarinnar, leyst, ef samkomulag næst um þá áætlun, sem þeir aðilar heima í Eyjum gerðu, sem skipaðir voru í nefnd til að gera till. um þetta, ef till. verða annaðhvort samþykktar af stjórn Skipaútgerðar ríkisins eða úrskurðaðar af rn. sem ferðaáætlun skipsins.

Hv. þm. lét í lokin nokkurn ugg í ljósi um það, að mér skildist, að Vestmannaeyjar mundu ekki haldast í byggð áfram. Ég er nú ekki hræddur um það, satt að segja, ég tel mig þekkja allar aðstæður það vel, eins og ég veit, að hann gerir einnig. Ég ber engan kvíðboga í brjósti um það, að Eyjarnar verði ekki í byggð áfram. Þau mál hafa legið fyrir að gera Eyjarnar eins byggilegar og mögulegt er. Á ég þar t. d. við það, sem gerðist í sambandi við raforkumálin, þegar sæstrengurinn var þar lagður. Vestmanneyingar standa núna betur að vígi, held ég, en flestir aðrir landsmenn að því leyti til, að þeir eru í beinu sambandi við Sogsvirkjunina með sæstreng yfir sundið út til Eyja, sem hefur reynzt traust mannvirki. Þeir hafa auk þess nægilegt vélaafl á staðnum heima, eru þar með fullkomna rafveitu, sem áður sá byggðarlaginu fyrir raforku. Allar vélar þar standa nothæfar, og þó að einhver bilun verði á línunni frá Soginu, eins og iðulega kemur fyrir, þá verður fólk aldrei vart við það. Ljósin slokkna kannske í hálfa mínútu eða eina mínútu, en það er búið að stilla það þannig saman, að þetta fer sjálfvirkt í gang. Um leið og rafstraumur fer af línunni, þá fer vélaraflið í gang, og við verðum ekki varir við það, þó að truflanir séu á línunni hérna á Suðurlandi. Að því leyti erum við mjög vel sett.

Við komumst á sínum tíma í samband við hið sjálfvirka símakerfi, sem ég segi, að var okkur kannske mun meira til hagræðis en mörgum öðrum. Það var mjög mikið álag á símakerfinu heima. Það var einn sæstrengur, sem lá þarna á milli. Iðulega kom það fyrir, að hann bilaði. Athafnalíf var þarna mikið, sérstaklega um veturinn, og á tímabili var erfitt að fá símtal við Reykjavík nema með hraðsamtali eða jafnvel forgangshraðsamtölum. Við breytinguna að þessu leyti getur maður nú hringt úr sínum eigin síma heima hvert á land sem er. Það er ekki meira að hringja á Húsavík nú orðið frá okkur eða norður eða vestur yfir land en að hringja innan bæjar. Maður fær svarið strax, ef síminn á annað borð svarar, og sambandið er á þann veg, að maður verður ekki var við það, hvort maður er að tala utanbæjar eða innanbæjar.

Þriðja stórátakið, sem Vestmanneyingar hafa staðið fyrir sjálfir til hagræðis fyrir þá íbúa, sem þarna eru, er í sambandi við vatnsveituna. Það hefur að mínum dómi

lukkazt mjög vel, og hygg ég, að eins og grundvöllurinn var lagður að því máli, þá sé þar um framtíðarlausn að ræða. Þegar hin nýja leiðsla, sem hér var nú til umr. í gær, er komin, sem ráðgert er, að verði á næsta sumri, þá er búið að ganga endanlega frá þeim málum næstu 20-30 árin.

Þannig er þetta alltaf að færast í það horf, að aðstaða verði ekki lakari úti í Eyjum til búsetu en annars staðar. Að mörgu leyti er hún betri en víða annars staðar, og afkomumöguleikar fyrir allan almenning hafa verið og eru mjög góðir. Fólk er þar yfirleitt með því tekjuhæsta á landinu, og hygg ég, að þetta stefni allt að því að gera Eyjarnar ekki síður byggilegar en aðra staði landsins. Ég er ekki með neinar vangaveltur um það, að íbúum fækki þar eða þær fari í eyði. Þetta síðasta, sem er að gerast, að við erum að ná vissum áfanga í samgöngumálunum, að því leyti sem um er að ræða ferðir sjóleiðina, er í samræmi við þær óskir og kröfur, sem við höfum sett fram. Meiningin hjá okkur er sú, því skýrði ég forstjóra Skipaútgerðarinnar frá í viðtali fyrir stuttu síðan, að þó að við hefðum ekki gert um það neina samþykkt á þessum fundi eða sú nefnd, sem um þetta fjallaði, hefði ekki gert neina beina samþykkt um það, þá hefðum við rætt það bæði þar og áður að stefna að því að taka flutning á stykkjavöru og öllum léttari varningi með bifreið frá Reykjavík til Þorlákshafnar og síðan með skipinu þaðan til Eyja, þannig að ef það tekst að því marki, sem við stefnum að, þá mun nægja ein ferð til vöruflutninga milli Reykjavíkur og Eyja. Það liggur að sjálfsögðu fyrir, hve mikið vörumagn er flutt hvern mánuð ársins. Það liggur auðvitað fyrir skýrsla yfir nokkur undanfarin ár, og maður getur alveg gert sér grein fyrir, hve mikið þarf að taka af vörumagni í hinum daglegu ferðum, sem við köllum, yfir Þorlákshöfn, til þess að skipið þurfi ekki að fara út úr áætlun nema eina ferð í viku til Reykjavíkur. En hjá því verður að sjálfsögðu ekki komizt, því að alltaf er nokkur hluti af þeim varningi, sem flytja þarf á milli, þess eðlis, að það er erfitt að keyra hann frá Reykjavík til Þorlákshafnar og umskipa honum þar, þannig að við reiknum með, að eina ferð í viku verði skipið að fara milli Eyja og Reykjavíkur til vöruflutninga. Og þó að það sé gert, þá kemur það þannig út, eins og ég sagði, að fimm daga vikunnar fer skipið daglegar ferðir á vissum tímum frá hvorum stað, frá Þorlákshöfn annars vegar og Vestmannaeyjum hins vegar, og er þá vissulega búið að ná þarna ákveðnu marki, þó að það sé ekkert lokastig í samgöngumálum að okkar dómi, sem búum í Eyjum.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég tel rétt að segja hér örfá orð, áður en þessi till. fer til n., og þó ekki síður út af þeim upplýsingum, sem fram komu í ræðu hv. 3. þm. Sunnl. hér áðan. Þriðji tölul. í tillgr. felur það í sér, að endurskipulagðar verði ferðir Skipaútgerðar ríkisins, þannig að komið verði á daglegum skipsferðum milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Ég tel í sjálfu sér mjög eðlilegt, að þessar óskir séu settar fram, og það er ekki óréttmætt, að litið sé á samgöngumál Vestmannaeyja með fullkomnum velvilja og víðsýni, þannig að þeirra aðstaða sé gerð eins góð í þessu efni og kostur er á. En þrátt fyrir þetta mega hv. þm. ekki gleyma því, að Skipaútgerð ríkisins er ríkisfyrirtæki, sem á að gegna því hlutverki að veita allri þjóðinni þjónustu á þessu sviði, eftir því sem að skipakostur fyrirtækisins leyfir og tök eru á.

Ég held, að það sé mála sannast, að þegar ráðizt var í kaup á Herjólfi og ákveðið hér á hv. Alþ., að það skip yrði ríkiseign og rekið af Skipaútgerðinni, þá hafi það sjónarmið verið ráðandi, að Skipaútgerðin ætti með þeim skipastól, sem henni væri fenginn í hendur, að leysa svo vel úr þörfum allra landsmanna sem nokkur kostur væri á og að áætlunum skipanna yrði að haga með þetta fyrir augum. Þetta held ég, að hafi legið til grundvallar því, þegar ákveðið var með samþykkt Alþ. og mig minnir í sambandi við fjárlög, að Herjólfur yrði ríkiseign og rekinn af Skipaútgerðinni. Nú hefur þessu verið háttað þannig, að Herjólfur hefur farið ferðir til Hornafjarðar eigi sjaldnar en á hálfs mánaðar fresti og stundum jafnvel ofurlítið oftar. Með þessu hefur Herjólfur bætt mjög úr þörfinni í sambandi við flutninga til og frá Hornafirði, en þetta hefur þó haft enn víðtækari áhrif gagnvart Austurlandi öllu, vegna þess að með því að láta Herjólf þjóna Hornafirði að þessu leyti, þá hefur rýmkazt til fyrir höfnunum austur á fjörðunum með það að geta notað betur en ella skipsrúm annarra skipa útgerðarinnar. Nú er það svo, að þó að Austfirðir hafi mjög góðar hafnir, þá er það allt of takmörkuð þjónusta, sem Austfirðir hafa notið á sviði samgöngumálanna. Þeir eru innilokaðir mikinn hluta ársins og geta ekki notað landsamgöngur, vegna þess að þjóðleiðin norður um land lokast svo snemma á haustin og opnast ekki fyrr en komið er fram á sumar, og um landleiðina hér sunnan jökla er það að segja, að þar hafa verið stórvötn til tafar. Það er nú smám saman verið að vinna bug á þeim farartálma, en þó er eftir að opna leiðina um Skeiðarársand, svo að enn þá lokar þessi þröskuldur leið Austfirðinga með landflutninga hér sunnan jökla. Það er því enn þá full ástæða til þess að líta á þetta mál sem eina heild, og þó að Vestmannaeyingar séu alls góðs maklegir og það þurfi vissulega að líta til þeirra hagsmuna, þá má það ekki gerast á þann hátt að draga úr þeirri þjónustu, sem aðrir hafa notið og mega alls ekki missa.

Nú kom það fram hjá hv. 3. þm. Sunnl., að það stæðu yfir viðræður við samgrn. um þessar mundir á þeim grundvelli, að Herjólfur yrði á þessu ári tekinn eingöngu til ferða milli Vestmannaeyja og lands, ýmist Vestmannaeyja og Þorlákshafnar eða Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Það kom enn fremur fram, að skipuð hefði verið þriggja manna nefnd 11. þ. m., að mér skildist, til þess að semja áætlun um ferðir Herjólfs. Ég leyfi mér nú að minna á í þessu sambandi, að Skipaútgerð ríkisins er ríkisfyrirtæki. Þessu ríkisfyrirtæki veitir forstöðu forstjóri, og honum til aðstoðar og fulltingis hefur verið sett þriggja manna stjórnarnefnd við þetta ríkisfyrirtæki á nokkuð háum launum. Ég hefði nú ætlað, að það væri hlutverk þessara yfirmanna ríkisfyrirtækisins að gera úr garði áætlanir fyrir ríkisskipið Herjólf, eins og önnur ríkisskip, en nú koma fram þær upplýsingar, að það sé búið að setja á fót sérstaka nefnd til þess að annast þennan þátt starfseminnar. Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á þessu, þetta eru nýjar upplýsingar og talsvert eftirtektarverðar að mínum dómi. Það kom einnig fram, að till. þessarar nefndar séu þær, að Herjólfur fari til Hornafjarðar eina

ferð á hálfum mánuði á tímabilinu til 30. apríl n. k., ef þörf krefur, en frá mánaðamótum apríl—maí og fram til 30. sept. er fyrirhugað samkv. því, sem fram hefur komið, að Herjólfur gegni eingöngu þjónustu milli Vestmannaeyja og lands. Út af þessu vil ég enn taka fram það, sem ég vék að í upphafi máls míns, að það verður að skoða þessi mál öll í einni heild. Það er ekki rétt stefnt að bæta aðstöðu Vestmanneyinga á þessu sviði með því einu að draga úr nauðsynlegri og óhjákvæmilegri þjónustu við aðra landsmenn. Það verður heldur að finna einhver önnur ráð til þess að bæta hlut Vestmanneyinga, og ég vil láta það sjónarmið koma hér fram, að það þurfi að koma meiri reynsla á það, hverjar þarfir Hornafjarðar og Austfirðinga verði, eftir að nýja strandferðaskipið verður tekið til nota, og að ferðum Herjólfs verði ekki breytt í þá stefnu, sem upplýst hefur verið, að fyrirhugað sé, fyrr en nokkur reynsla er fengin um það, hvort hin tvö nýju strandferðaskip geta annað því að veita Austfirðingum þá þjónustu, sem þeir þurfa á að halda. Ég vil því vænta þess, að þessi mál verði nú skoðuð í þessu ljósi og ekki undinn bráður bugur að því að gera breytingar á ferðum Herjólfs, fyrr en nokkur fyllri reynsla er fengin af ferðum hinna tveggja nýju strandferðaskipa heldur en vænta má, að verði fyrir hendi um mánaðamótin apríl—maí, hvað sem síðar kann að koma í ljós.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Austf., kom inn á Hornafjarðarferðirnar, þannig að ég tel rétt að gefa hér nokkrar upplýsingar. Ég skal taka það fram, að sú nefnd, sem ég kann að vinna í, eykur ekkert rekstrarkostnað Ríkisskips. Hún er alveg ólaunuð og verður það að sjálfsögðu. Þetta er áhugamannanefnd, sem við höfum sótt eftir, að yrði skipuð, og hún hefur því miður ekki vald til að gera beinar áætlanir. Hún hefur vald til að gera till. um áætlun, sem við ætlumst að sjálfsögðu til, að verði tekið tillit til. Um Hornafjarðarferðirnar gerum við okkur alveg ljóst, að kæmi þetta til, þá er þetta nokkur skerðing á aðstöðu þeirra. En það liggur fyrir, að nýtt skip á vegum Skipaútgerðarinnar hefji ferðir nú alveg innan tíðar. Þó að hálfs mánaðar ferðir Herjólfs falli niður, þá kemur ferðum til Hornafjarðar til með að fjölga, eftir því sem ég bezt veit, ég vil ekki segja hve mikið, en það er öruggt, að þær koma til með að verða fleiri eftir að nýja skipið kemur, þó að Herjólfur verði tekinn út úr Hornafjarðaráætluninni, heldur en þær hafa verið fram að þessu, og möguleikar á flutningi á vörum aukast. Það er einnig vitað, að þarna verður um stærra skip að ræða en Herjólfur er. Ég hygg því, að þó að þessi breyting verði gerð, eins og við höfum lagt til og farið fram á, þá verði Hornfirðingar sem betur fer betur settir en áður, enda tökum við fullt tillit til þess í okkar till. Við ætlumst ekki til, að Hornafjarðarferðir með Herjólfi falli niður, fyrr en hið nýja skip kemur í gagnið. Sem betur fer eru Hornfirðingar að sumu leyti betur settir en við. Þeir eru þó í sambandi við þjóðvegakerfi landsins, þó að það séu annmarkar á því, eins og hv. 2. þm. Austf. benti réttilega á, og vetrarferðir geti orðið þar erfiðar. Þeir hafa flugvöll, sem hefur nýtzt betur en Vestmannaeyjavöllur eftir því sem ég bezt veit. Það virðist vera meiri veðursæld þar. Fram undan er eitt hið stærsta mál fyrir þá á Hornafirði og Austfirðinga, sem er lagning hins svo kallaða hringvegar eða þess kafla, sem eftir er að leggja af hringvegi kringum landið, þannig að ég vona, að við séum ekki að gera Hornfirðingum of mikinn miska með þeim till., sem við höfum lagt fram um ferðir Herjólfs í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

29. Rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rekstrarlán iðnfyrirtækja [131. mál] (A. 153).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þetta mál hefur oft verið flutt áður hér á Alþ. án þess að það hafi fengið afgreiðslu og án þess að iðnaðurinn hafi fengið þá úrbót, sem till. fjallar um.

Því var heitið, þegar Ísland gekk í Fríverzlunarbandalagið á síðasta ári, að unnið skyldi að því að bæta aðstöðu iðnfyrirtækja í sambandi við rekstrarlánin, og af hálfu formanns Félags ísl. iðnrekenda var þá lögð áherzla á það, að úrbætur í þeim efnum væru eitt hið mikilvægasta, sem iðnaðurinn þyrfti á að halda eða þyrfti að fá fram, til þess að hann gæti staðizt þá auknu samkeppni, sem af EFTA-aðild leiðir. Þrátt fyrir það hafa enn ekki fengizt neinar úrbætur í þessum efnum, og aðstaða iðnaðarins hvað rekstrarlán snertir er á margan hátt lakari nú heldur en hún var t. d. fyrir ári síðan, sem leiðir af því, að rekstrarkostnaður, m. a. vegna kauphækkana, hefur stóraukizt og rekstrarlán þau, sem viðskiptabankarnir hafa veitt, hafa hvergi nærri aukizt að sama skapi. Það er því hin mesta nauðsyn og jafnvel enn þá meiri nauðsyn nú en nokkru sinni fyrr, að Alþ. taki þetta mál til meðferðar og geri nú meira en svæfa það í nefnd.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta mál fleiri orðum að sinni, vegna þess að ég veit, að öllum hv. þm.

er það kunnugt, hverjir þeir erfiðleikar eru, sem iðnaðurinn glímir við í þessum efnum, og að öðru leyti vísa ég svo til grg.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að umr. sé frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 8. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

30. Endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins, vötn, ár, jarðhita og námur [143. mál] (A. 175).

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins, vötn, ár, jarðhita og námur. Ég vil þegar taka fram, að hér hefur áður komið fram till., sem fjallar um hluta af þessu verkefni, og mín till. er ekki miðuð við það að setja á nokkurn hátt fót fyrir þá till., en þar sem hún fjallar um ýmis atriði önnur, taldi ég rétt, að hún kæmi hér fram. Ég ætla að leyfa mér að lesa fyrst till. Hún er í nokkuð mörgum liðum og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj., að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu. Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari verði m. a. athugað:

1. Hvort ekki sé rétt að lýsa allt hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, og hvernig kveða megi á, svo að glöggt sé, um mörk þessarar ríkiseignar.

2. Hvort ekki sé rétt, að öll not afrétta, sem eru ekki í einkaeign, skuli teljast réttindi viðkomandi sveitarfélaga, eins og þau yrðu nánar skilgreind.

3. Hvort veiði- og fiskræktarréttur í stöðuvötnum og fallvötnum í byggðum skuli ekki fremur bundinn viðkomandi sveitarfélagi en einkaeigendum jarða.

4. Hver mörk skuli setja milli eignarráða ríkis og réttinda annarra eigenda fallvatna, t. d. varðandi virkjanir, þegar árekstrar verða milli einkanota og almenningsnota.

5. Hver eignarmörk ríkið skuli hafa yfir jarðhita og hve djúpt í jörð eignarréttur jarðeigenda á honum skuli ná.

6. Hvort verðmæti í jörðu, á landi eða landgrunni, er finnast fyrir atbeina ríkisins, skuli ekki teljast ríkiseign og háð valdi ríkisins, hvernig unnið verði og farið með.

7. Hver takmörk náttúruvernd skuli sett.

8. Hvern umgengnisrétt og hverjar umgengnisskyldur almenningur skuli hafa til ónotaðs lands og óbyggða."

Hér eru ýmis atriði tekin fram, sem mönnum þykir kannske einkennilegt við fyrstu sýn, að gerð séu að tillöguefni. Hins er að gæta, að nú í seinni tíð hefur margt komið upp á, sem gerir það að verkum, að menn fara að endurskoða viðhorf sín um eignarrétt á landi og landgrunni. Viðhorf okkar í þessum málum hafa breytzt vegna nýrrar tækni t. d., og gætum við tekið jarðhitann þar sem gott dæmi. Áður fyrr datt engum í hug, að hægt væri að bora svo og svo djúpt í jörðu eftir jarðhita, eins og nú er farið að gera, og þá vaknar spurningin: Hve langt nær eignarréttur jarðeigenda niður í jörðina?

Annað dæmi, sem ég tek hér, er um eignarrétt yfir veiði í ám og vötnum. Það er að verða mjög svo áberandi víða, hvað það getur verið mikill réttindamunur, mikill eigendamunur, mikill aðstöðumunur til þess að nota eða hafa gagn af sínu landi, hvort menn hafa veiðirétt í ám eða stöðuvötnum, og þá vaknar spurningin: Er ekki eðlilegra, að sveitarfélögin sem slík eigi þennan rétt, heldur en einstakir landeigendur? Er ekki eðlilegra, að allir bændur í viðkomandi sveitarfélagi njóti góðs af þessum gögnum, en ekki einstakir menn, sem kannske fyrir einhverja tilviljun, sem ekki þarf að vera svo merkileg að einkarétti upphaflega, skuli hafa þar öll gögn og gæði? M. a. mundi þetta kannske koma í veg fyrir það, að fjársterkir menn úr kaupstöðunum gætu keypt upp jarðir uppi í sveitum og kannske lagt þær niður sem bújarðir, en farið að hafa þar eingöngu veiðistöð og hindrað þannig eðlilega byggðarþróun eða byggðarvöxt í viðkomandi sveitarfélagi.

Enn vil ég nefna það, að í seinni tíð hafa af skiljanlegum ástæðum breytzt viðhorf varðandi virkjanir fallvatna. Í seinni tíð hefur raforkunotkun farið ört vaxandi hér á landi, og allir vita, að íslenzka þjóðfélagið er hraðfara að breytast úr og þegar búið að breytast mjög verulega úr því, sem áður var bændaþjóðfélag, yfir í það, sem við köllum núna þéttbýlisneytendaþjóðfélag. Þá vaknar upp þessi spurning: Hvaða rétt skal þéttbýlisbúinn hafa á móti strjálbýlisbúanum varðandi þennan afnotarétt, virkjun fallvatnanna? Og í því sambandi getur maður farið að hugleiða hitt og annað út frá þessu. Hvernig má það ske, að regnið, sem fellur yfir landið og dregst síðan saman í ár og læki víða af jörðum, skuli svo allt í einu verða eign þessa eða hins landeiganda, þegar vatnið fellur þar um? Er ekki eðlilegra, að einmitt þessi lind, regnið, sem fellur yfir landið allt og streymir síðan um það hingað og þangað, þessi orkulind sé í eign alþjóðar? Allt þetta vaknar upp í hugum manna við þær breyttu aðstæður, sem við erum nú farnir að lifa við á seinustu tímum, og með þetta í huga hef ég leyft mér að leggja fram þessa þáltill. Ég tel, að það sé orðið tímabært að endurskoða ýmiss konar hugtök, ýmiss konar aðstöðu varðandi eignarréttinn á

landi. Við getum spurt: Hverjir eiga landið, gögn þess og gæði, er það ekki fyrst og fremst þjóðin öll?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 3. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

31. Viðgerðaþjónusta sjónvarps.

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um viðgerðaþjónustu sjónvarps [151. mál] (A. 189).

Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Það er oft talað um það, þegar mál koma fyrir hér á Alþ., að þau séu sérstaklega dreifbýlismál. Slík mál eru mörg af eðlilegum ástæðum, því að dreifbýlið býr óneitanlega við skarðan hlut á mörgum sviðum. Það mál, sem hér liggur fyrir, er eitt slíkt, eitt dreifbýlismálið, þessi þáltill. um viðgerðaþjónustu sjónvarps, sem er á þá leið, að Alþ. ályktí að skora á menntmrh. að hlutast til um, að sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins skipuleggi viðgerðaþjónustu úti um landsbyggðina.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það, að af u. þ. b. 40 þús. sjónvarpsviðtækjum, sem nú eru í notkun hér á landi, eru um 19 þús. í notkun í Reykjavík sjálfri og u. þ. b. 5 þús. í Kópavogi, Hafnarfirði, Garðahreppi og Seltjarnarnesi, eða því svæði, sem átt mun vera við, þegar talað er um Stór-Reykjavík. En á landinu öllu eru starfandi u. þ. b. 75 útvarpsvirkjar, þ. e. menn, sem eru til þess lærðir að gera við sjónvarpsviðtæki og hafa til þess leyfi, 75 útvarpsvirkjar og 25 sveinar, samtals um 100 manns. Þar að auki er svo 31 útvarpsvirkjanemi, en af þeim eru aðeins tveir utan Reykjavíkur.

Af þeim tölum, sem ég nefndi áðan, er ljóst, að tæplega 50% sjónvarpstækjanna eru notuð hér í Reykjavík, en í Reykjavík starfa 80—85% allra útvarpsvirkjanna eða þeirra manna, sem kunna til sjónvarpsviðgerða. Útvarpsvirkjar eru starfandi annars staðar á landinu eins og hér segir: Það er einn á Ísafirði, einn í Neskaupstað, í Vestmannaeyjum sennilega tveir, í Ólafsfirði einn, á Akureyri fimm, á Húsavík einn, í Keflavík einn, á Selfossi einn eða tveir, á Akranesi einn og í Kópavogi líklega sjö talsins, en flestir þeirra munu að vísu eiga búsetu í Reykjavík.

Af þessu verður ljóst, að aðstaða dreifbýlisins eða landsbyggðarinnar hvað þessa hluti snertir er mjög erfið. Maður gæti tekið sem dæmi um þetta, að á öllu svæðinu vestan frá Ísafirði og suður á Akranes er ekki starfandi einn einasti útvarpsvirki, þannig að t. d. ef sjónvarpsviðtæki bilar, við skulum segja vestast á Snæfellsnesi, þá er það ekki skemmri vegalengd en hátt í 200 km að senda tækið til viðgerðar á Akranes. Nú mun þessi eini útvarpsvirki á Akranesi, sem kann til þessara verka, eflaust hafa nóg að gera við að gera við tæki heimamanna þar, svoleiðis að að öllum líkindum verður að senda tækið hátt í 300 km vegalengd, alla leið til Reykjavíkur. Af þessu hlýzt eflaust fyrir utan kostnaðinn hnjask ýmiss konar — vegir í Vesturlandskjördæmi eru, þó að skömm sé frá að segja, ekki alltaf sérlega góðir, og það má því e. t. v. gera ráð fyrir, að svo langur flutningur orsaki meiri bilanir en þær, sem eru í tækinu, þegar það er sent af stað.

Á það er bent í grg., að ein leiðin til að bæta úr þessu væri sú, að sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins sæi til þess, að sérstakur bíll væri í ferðum um landið með nauðsynleg tæki til þess að gera við sjónvarpsviðtæki og þá að sjálfsögðu menn, sem kunna til þessara verka. Einnig að sjálfsagt sé að taka upp aftur námskeiðahald, sem efnt var til skömmu eftir að sjónvarpið tók til starfa. Þessi námskeið féllu niður, námskeið fyrir útvarpsvirkja í sjónvarpsviðgerðum. Og einnig virðist sjálfsagt, að sjónvarpið sjái fólki fyrir aðgengilegum leiðbeiningum til þess að gera við minni háttar bilanir. Umboðsmenn sjónvarpstækja munu nú að vísu dreifa *einhverjum slíkum upplýsingaritum, þannig að flestir* eiga að geta gert við minni háttar bilanir, t. d. þær, sem algengastar eru, að lampi bilar eða eitthvað slíkt. En eins og ég hef sýnt hér fram á, er aðstaða dreifbýlisins þannig, að ef um meiri háttar bilanir er að ræða, þá er ekki um annað að ræða fyrir þá, sem eiga biluð sjónvarpstæki, en að senda þau oft og tíðum langar leiðir.

Það liggur í augum uppi, að eftir því sem sjónvarpið starfar lengur og sjónvarpsviðtækin eldast, þá verður meiri þörf fyrir sjónvarpsviðgerðir og þess vegna meiri þörf fyrir þá þjónustu, sem hér er lagt til, að dreifbýlinu verði veitt.

Ég vænti þess, að þetta dreifbýlismál fái vinsamlegar undirtektir hér á hinu háa Alþingi.

Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

32. Fiskverð á Íslandi og í Noregi.

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á fiskverði á Íslandi og í Noregi [152. mál] (A. 190).

Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. og 31. fundi í Sþ., 2. og 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 190 höfum við fjórir hv. þm. úr Framsfl. leyft okkur að flytja þáltill., sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka í samráði við fulltrúa fiskseljenda og fiskkaupenda, í hverju mismunurinn á fiskverði hér og í Noregi liggur.

Skal rannsókn þessi m. a. beinast að:

a) samanburði á aðstöðu íslenzks fiskiðnaðar við hinn norska, að því er tekur til opinberra álaga, ríkisstyrkja, tækniþróunar, lánakjara og lánsmöguleika, markaðsaðstöðu o. fl.,

b) mati á gæðum vinnsluhráefnis íslenzks og norsks fiskiðnaðar."

Eins og sést af lestri þeirrar grg., er fylgir þessari þáltill., þá er hún flutt fyrir s. l. áramót, þó að hún komi ekki til umr. fyrr en nú, og því er ýmislegt af upplýsingum, sem þar er að finna, úrelt orðið. M. a. vil ég geta þess, að síðan þessi till. var flutt, þá hefur um s. l. áramót orðið hækkun á fiskverði, sem nemur allt að 25%. Þessa vil ég geta til frekari upplýsinga. En ástæðan til þess, að við flm. þessarar till. höfum flutt hana, er sú, að á mörgum undanförnum árum hafa orðið hér á landi mjög miklar umr. og harðvítugar deilur, sem stundum hafa leitt til stöðvunar fiskiflotans, út af fiskverðinu. Mikillar tortryggni hefur gætt meðal sjómanna, fyrst og fremst út af því, að fiskverðið hér væri hvergi sambærilegt við fiskverð t. d. í Noregi og hjá öðrum fiskveiðiþjóðum, sem seldu afurðir sínar á svipaða markaði og við gerum. Af þessu hefur eðlilega leitt talsverða óánægju meðal sjómanna, því að það er staðreynd, að kaup þeirra er fyrst og fremst miðað við það skiptaverð, sem er ákveðið á hverjum tíma. Í till. eru tekin dæmi um fiskverðið í Noregi og á Íslandi, og skal ég ekki tefja tíma hv. Sþ. með því að fara að lesa þau dæmi upp, heldur aðeins benda á þau. En samkv. þeim dæmum, sem þar eru nefnd, þá virðist vera mikill munur á skiptaverði í Noregi og á Íslandi, þ. e. að skiptaverðið í Noregi sé allt að því helmingi hærra og jafnvel enn þá hærra en helmingsmun nemi. Þegar maður lítur nánar ofan í þessi mál, þá sér maður það, að á þessu er að finna ýmsar skýringar. Það hefur nefnilega verið að gerast á nokkuð löngum tíma, að með ákvörðunum, sem teknar hafa verið hér á hv. Alþ., hefur svo og svo stór hluti af því fiskverði, sem fiskkaupendur verða að greiða, verið látinn renna til annarra þarfa en hlutar sjómannsins. Alþ. hefur gengið svo langt á þessari braut, að það skekkir mjög verulega þann grundvöll, sem hægt er að finna til þess að bera saman fiskverðið hér og í Noregi, svo að óyggjandi sé.

Í grg. okkar flm. er m. a. getið um það lágmarksfiskverð, er gilti á Íslandi fyrir síðustu áramót, skiptaverðið á nokkrum helztu fisktegundum í okkar útgerð. Þar er m. a. talað um þorsk, slægðan með haus, yfir 57 cm, að skiptaverðið á honum sé 7.70 kr., en til viðbótar því verði verða fiskkaupendur — vegna lagasetningar hér á Alþ. m. a. — að greiða eftirtaldar fjárhæðir: Svo kallað stofnfjársjóðsgjald, sem nam þá um 77 aurum á hvert keypt fiskkíló. Hlutdeild í útgerðarkostnaði skipanna, sem nam um 85 aurum á hvert keypt fiskkíló. Útflutningsgjald, er nam 75 aurum á hvert keypt fiskkíló. Verðjöfnunarsjóðsgjald, er nam um 50 aurum á hvert fiskkíló. Auk þess er að finna ákvæði um það frá verðlagsráði, að sé fiskur lagður niður í kassa úti á miðunum og ísaður, þá beri að greiða fyrir þann fisk 33 aurum meira fyrir hvert kíló en skiptaverðið segir til um. Ef allir þessir póstar eru lagðir saman, þá sést, að fyrir áramótin varð að greiða fyrir hvert kg af þorski, slægðum með haus, sem var stærri en 57 cm, 10.90 kr. á hvert kg. En eins og ég gat um áðan, þá ganga aðeins af þessu um 7.70 kr. til sjómanna, til fiskimanna þeirra, er þessa fisks afla. Um 3.20 kr. ganga í ýmsa sjóði eða er ráðstafað til ýmissa sérstakra þarfa, sem ákveðnar hafa verið hér á hv. Alþ., en koma sjómönnum ekki til góða í hærra skiptaverði.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, þyrfti að hækka skiptaverðið um 13% til þess að ná sambærilegu skiptaverði á þorski hér á Íslandi og gilti í Noregi fyrir áramótin. Og þá er einungis miðað við það verð, sem greitt er í Noregi án ríkisuppbóta, en þær ríkisuppbætur ganga líka til sjómannanna, sem fisksins afla og lagður er upp í Noregi. Staðreynd er það, að um fiskverðið hefur verið mjög mikið deilt mörg undanfarin ár, og sýnist greinilega sitt hverjum um réttmæti þeirra ákvarðana, sem verðlagsráðið tekur á hverjum tíma.

Ég er ekki í vafa um það, að það þjónar jákvæðum og mikilvægum hagsmunum í þessu landi að útrýma þeirri tortryggni, sem er ríkjandi mjög víða í hópum sjómanna, um að fiskverðið hér sé óeðlilega lágt og lægra en verð sambærilegs fisks í Noregi. Þess vegna er þessi till. flutt. Það er engan veginn vandalítið að bera þetta verð saman á sambærilegum grundvelli m. a. af þeim ástæðum, sem ég vék hér að, hvað okkar verðútreikningar eru flóknir og hvað mikið af fiskverðinu gengur til annarra hluta en til þess að greiða kaupið til sjómannanna. Þó eru þessi vandræði á engan hátt það stórfengleg, að ekki sé möguleiki á að framkvæma þessa rannsókn. Og ég held, að það ætti að vanda til hennar, og það má verja til þess talsverðum fjármunum og nokkrum tíma. Niðurstöður hennar ætti að birta, og þær á að rökstyðja, þannig að sé sá grunur margra sjómanna, sem uppi er um það, að þeir fái of lágt fyrir fiskinn, ekki á rökum reistur, þá verði honum hnekkt með þessari rannsókn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að eyða tíma Sþ. við að fara öllu nánar út í þetta. Ég legg til, að umr. um þáltill. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram og í þáltill. felst, að rannsakað verði, í hverju sá mismunur liggur, sem allir

vita, að er á fiskverði hér á landi og í nágrannalöndunum. Ég tel þetta ekki einasta nauðsynlegt vegna sjómanna eða útgerðarmanna, ég tel það ekki síður nauðsynlegt vegna fiskiðnaðarins í heild eða þeirra aðila, sem taka við fiskinum til vinnslu, því ef aðeins er litið á þær tölur, sem mest er talað um, hið beina fiskverð hér á landi og svo í Noregi, Danmörku og Færeyjum, þá mætti ætla, að verulegur hlutur og kannske allt of stór hlutur af andvirði fisksins gengi til fiskvinnslustöðvanna eða fiskiðnaðarins, sem þá ætti að koma út með verulegum fjárhagslegum ágóða. Því miður er þetta ekki svo, því að þótt vitað sé, að aðstaða fiskiðnaðarins hafi batnað núna s. l. tvö ár, þá hygg ég, að afkoma fiskiðnaðarins almennt, ef litið er á lengra tímabil, sýni ekki, að þar hafi verið tekinn neinn óeðlilegur gróði umfram það, sem eðlilegt verði að teljast í sambandi við afskriftir og endurnýjun bæði bygginga og tækja. Ég tel einmitt, að vegna þessara ástæðna sé það ekki síður mikilsvert fyrir fiskiðnaðinn, að þetta mál sé rannsakað.

Nú er það svo, að hér á landi er, eins og allir vita, starfandi verðlagsráð sjávarútvegsins. Þar eiga bæði sæti fulltrúar seljenda og fiskkaupenda, fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna annars vegar og fulltrúar fiskiðnaðarins hins vegar. Verðlagsráð á aðgang að öllum opinberum upplýsingum, sem hægt er að finna í sambandi við afkomu sjávarútvegsins, bæði bátanna og fiskiðnaðarins, þannig að fulltrúum fiskseljenda hlýtur að vera það ljóst, að þarna er um annað að ræða en að fiskiðnaðurinn hafi í gegnum árin tekið til sín óeðlilegan hlut af fiskverðinu.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. framsögumanni, að það er nokkuð erfitt og nokkuð flókið að bera saman fiskverðið hér á landi og annars staðar, því að uppgjöri til útgerðarmanna og sjómanna er skipað nokkuð á annan veg hér en í Noregi og öðrum löndum í okkar nágrenni. Það liggur augljóslega fyrir a. m. k. nú í ár, og einnig gilti það um s. l. ár, að af brúttósöluverði útfluttra sjávarafurða er tekin veruleg upphæð, ég hygg mun stærri upphæð en hv. flm. nefndi hér áðan, því að veruleg upphæð af brúttóandvirði sjávarafurða er tekin í verðlagssjóð. Verðlagssjóði var á sínum tíma komið á fót með lögum hér frá Alþ., og man ég ekki betur en að menn væru almennt sammála um, að það væri mjög eðlilegt, að hann tæki til starfa og á þeim grundvelli, sem ráð var fyrir gert, og verður að telja, að svo sé, því að ef svo færi, að verð sjávarafurða félli skyndilega á erlendum markaði, þá á að vera hægt að mæta því verðfalli með því fjármagni, sem verðlagssjóður er nú að fá til ráðstöfunar, án þess að fiskverð hér á landi þyrfti að lækka, og á ég þar við fiskverð til sjómanna og útgerðarmanna. Það má því segja, að verðlagssjóður — en í hann er nú tekinn verulegur hlutur af andvirði sjávarafla — sé nokkurs konar trygging fyrir þá aðila, sem útgerð stunda, og þá jafnframt þá sjómenn, sem á bátaflotanum eru. Þetta m. a. gerir það að verkum, að fiskverð hlýtur að lækka, útborgunarverð á fiski bæði til útgerðarmanna og sjómanna.

Í sambandi við aðstöðu Norðmanna er það alkunna, að þeir hafa hlutfallslega mun meiri sölu á fiski innanlands en við höfum hér á landi. Ég hygg, að verð á neyzlufiski sé mjög hátt í Noregi, þannig að ætla má, að fiskkaupendur geti með því eitthvað jafnað til verðinu á því, sem þeir selja innanlands, og á því, sem þeir þurfa að vinna sem útflutningsvöru á erlendan markað. Þá er aðstaða Norðmanna, Færeyinga og Dana nokkru betri að því leyti, að þeir hafa aðstöðu til þess að flytja ferskan fisk á nokkuð örugga markaði. Norðmenn flytja, eins og vitað er, mikið af ferskum fiski yfir til Bretlands, eru ekki eins háðir þeim sveiflum, sem á þeim markaði eru, eins og Íslendingar, hafa þar oft og tíðum fyrirframsamninga og hafa með því náð hærra verði á þessum ferska fiski en þeir geta fengið út úr þeim fiski, sem unninn er, hvort sem er í frystingu eða í salt. Þessi aðstaða er miklu erfiðari hjá Íslendingum. Þó að hún þekkist í mjög smáum mæli, þá er hún miklu erfiðari og getur, ég er ekki með neinar fullyrðingar um það, en mér sýnist, að hún geti mjög vel leitt til þess, að norskir fiskkaupendur geti af þessum orsökum að einhverju leyti greitt hærra verð fyrir fiskinn til útgerðarmanna og sjómanna. Einnig kemur það til, að vitað er, að uppbótakerfi er í Noregi og einnig Danmörku, þar sem ríkissjóður greiðir nokkurn hluta af fiskandvirðinu. Allt þetta tel ég eðlilegt, að rannsakað sé, og Alþ. og allir þeir, sem láta sig þessi mál varða, fái um þetta réttar upplýsingar, þannig að við vitum, hvar við stöndum í þessu sambandi. Þó tel ég nú, að nokkuð hafi eyðzt sú tortryggni, sem áður var um þetta, þegar útgerðarmenn eða sjómenn horfðu beint á þær tölur, sem fyrir hendi voru um fiskverð hér og annars staðar — sú tortryggni hafi nokkuð eyðzt við það, að verðlagsráð sjávarútvegsins og fulltrúar þessara aðila þar eiga aðgang að öllum skjölum varðandi rekstur frystihúsanna og fiskvinnslustöðvanna, þannig að þeir geta kynnt sér, hver hlutur þeirra raunverulega sé í sambandi við fiskverðsálagninguna.

Ég skal nú ekki fjölyrða meira um þetta. En eins og ég sagði í upphafi, þá tel ég mjög eðlilegt, að sú rannsókn, sem þarna er gerð tillaga um, verði látin fara fram. Hygg ég, að það verði öllum til nokkurs hagræðis, sem nálægt þessum málum koma, að fyrir liggi réttar upplýsingar og menn fái vitneskju um það, í hverju sá munur liggur, sem nú virðist vera á verði á ferskum fiski til útgerðarmanna og sjómanna hér á landi og í nágrannalöndunum. Eins og hv. flm. tók réttilega fram, er þetta að mörgu leyti flókið mál, grípur þar margt inn í, en að mínum dómi er því meiri ástæða til þess, að það verði rannsakað og upplýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

33. Breytt stefna í utanríkismálum.

Á deildafundum 2. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um breytta stefnu í utanríkismálum [158. mál] (A. 200).

Á 13. fundi í Sþ., 3. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44. fundi í Nd., 8. febr., utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Núna í hádeginu var lesin í útvarp frétt, þar sem segir m. a.:

„Suður-vietnamskt herlið, stutt bandarískum flugvélum, gerði í morgun innrás í Laos frá Suður-Víetnam. Um leið var stóraukinn hernaður Suður-Víetnama alls staðar í Indókína og lofthernaður Bandaríkjanna aukinn á öllum vígstöðvum. Áður en innrásin hófst í dögun á morgun, hélt stórskotalið Bandaríkjamanna uppi mikilli eldflauga- og fallbyssuskothríð inn yfir landamærin, en um 9000 manna bandarískt herlið og um 20 þús. manna lið Suður-Víetnama hefur beðið átekta við landamærin í rúma viku. Stjórn Laos hefur mótmælt innrásinni harðlega og skorað á stórveldin, sem ábyrgðust hlutleysi landsins á Genfar-ráðstefnunni 1962, að skerast í leikinn."

Þetta er ískyggileg frétt, og hún kemur til viðbótar mörgum öðrum ískyggilegum fréttum, sem borizt hafa frá Indókína undanfarna daga, fréttum, sem sýna það, að Bandaríkin eru að stórauka hernaðaraðgerðir sínar á þessum slóðum, og hefur þó flestum þótt nóg um þann skefjalausa yfirgang og þann eyðileggingarofsa, sem bandarískt herinn hefur sýnt þjóðum Indókína fram til þessa. Að vísu segir í frétt þeirri, sem ég las úr áðan: „Lögð er rík áherzla á, að engir bandarískir hermenn taki þátt í bardögum." Þetta breytir þó að sjálfsögðu engu um þá staðreynd, sem við öllum blasir, að Bandaríkin standa á bak við þessa innrás. Leppstjórn þeirra í Saigon hefur sent hersveitir inn í Laos að undirlagi Bandaríkjanna, enda er bandarískra flughernum beitt til fulltingis innrásarhernum, og bandarískt flugherinn hefur sig raunar meira í frammi nú um þessar mundir heldur en hann hefur nokkru sinni gert í öllu hinu langa stríði í Indókína. En þessi afsökun eða þessi hlálega tilraun til þess að bera sakir af Bandaríkjunum sýnir það, að bandarísk stjórnarvöld óttast fordæmingu fyrir þetta athæfi, og fordæmingu munu þau vissulega hljóta víðs vegar um heiminn. Og á því er enginn vafi, að meiri hluti Íslendinga fordæmir þetta athæfi. Réttur aðili til þess að koma á framfæri slíkri fordæmingu væri að sjálfsögðu hæstv. ríkisstj., en því miður er ekki mikil von til þess, að svo verði. Af hálfu okkar Alþb.-manna hefur hér á hinu háa Alþingi æ ofan í æ verið lýst eftir þeirri afstöðu íslenzku ríkisstj., sem okkur Íslendingum mætti vera sómi að gagnvart yfirgangi Bandaríkjanna í Indókína, en við höfum ýmist fengið við slíku loðin svör eða engin. Raunar hefur mér fundizt, að einstakir þm. og talsmenn einstakra stjórnmálaflokka hafi sýnt ósæmilega mikið tómlæti varðandi þá válegu þróun mála, sem orðið hefur í Indókína fyrir tilstilli Bandaríkjanna. Og jafnvel þegar flutt er till., sem snertir þetta mál, þá liggur hún óhreyfð í stöflunum hér á borðum hv. þm. langtímum saman, er ekki einu sinni tekin á dagskrá. Ég á við þá till. sem tveir hv. þm., Magnús Kjartansson og Sigurvin Einarsson, hafa flutt, en henni var útbýtt 2. des. s. l. Þetta er þáltill. um breytta stefnu í utanríkismálum, og þar segir m. a., að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. „að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi, að Bandaríkin hætti styrjaldaraðgerðum sínum í Indókína og kalli heri sína heim, svo að landsmenn fái sjálfir aðstöðu til þess að leysa vandamál sín."

Ég vil af þessu tilefni lýsa yfir furðu minni yfir því, að svo mikilvæg till. skuli svo lengi liggja óhreyfð, og ég vil láta í ljós þá von mína, að síðustu atburðir þar austur frá verði til þess, að till. þessi og þessi mál öll verði tekin til rækilegrar íhugunar og umr. hér á hinu háa Alþingi.

Á 29., 31., 34. og 38. fundi í Sþ., 2., 5., 16. og 30. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Öryggisráðstefna Evrópu.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um Öryggisráðstefnu Evrópu [162. mál] (A. 206).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. og 31. fundi í Sþ., 2. og 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 206 till. til þál. um öryggisráðstefnu Evrópu ásamt hv. 9. þm. Reykv. Till er svofelld:

„Alþingi lýsir yfir samþykki sínu við fram komna hugmynd um „Öryggisráðstefnu Evrópu", er hafi tvennt að meginmarkmiði:

1. að hernaðarbandalögin tvö, NATO og Varsjárbandalagið, verði lögð niður og leyst af hólmi með sameiginlegu öryggiskerfi allra Evrópuríkja, Bandaríkjanna og Kanada,

2. að ná samkomulagi um gagnkvæman brottflutning allra erlendra herja úr löndum álfunnar,

og ályktar því að skora á ríkisstj. að vinna að því innan Norðurlandaráðs, NATO og annarra alþjóðlegra samtaka og stofnana, sem Ísland er aðili að, að slík ráðstefna komist á hið fyrsta. Jafnframt felur Alþ. ríkisstj. að athuga möguleika á því, að ráðstefnan fari fram í Reykjavík, og, sé það talið kleift, bjóði Reykjavík fram sem stað til slíks ráðstefnuhalds."

Það ætti e. t. v. að vera óþarfi að orðlengja mjög um þá till., sem ég hef hér greint frá. Hún ásamt með grg., sem fylgir henni, skýrir sig að miklu leyti sjálf. En þar sem með henni er hins vegar komið inn á þau mið

íslenzkra stjórnvalda, sem hvað mestum og örlagaríkustum deilum hafa valdið með þjóðinni, tel ég rétt að ræða nokkru nánar ýmis þau atriði, sem aðeins er drepið á í grg.

Með mótun þeirrar utanríkisstefnu, sem upp var tekin skömmu eftir heimsstyrjöldina og leiddi til inngöngu í NATO 1949 og herverndarsamningsins 1951, var sáð fræ kornum ósættis, sem skipti þjóðinni í tvær andstæðar og ósættanlegar fylkingar. Í lok stríðsins hafði náðst samkomulag milli flokka verkalýðshreyfingarinnar, Sósialistaflokksins og Alþfl., og borgarastéttarinnar undir forustu Sjálfstfl., sem leiddi til stjórnarmyndunar þessara flokka. Hvað sem menn annars vilja um þá stjórn segja, verður ekki um það deilt, að hún lagði grundvöllinn að því þjóðfélagi, sem við búum við í dag, og olli að sínu leyti a. m. k. ekki minni straumhvörfum í þjóðlífinu en minnihlutastjórn Framsfl. 1927 eða fyrsta vinstri stjórnin 1934—1937. Þetta samstarf rofnaði 1946 í fyrsta ágreiningnum, sem kom upp um utanríkismál með Keflavíkursamningnum svo nefnda. Sá ágreiningur varð alger og endanlegur nokkrum árum síðar með inngöngu í NATO og herverndarsamningnum. Enginn vafi er á því, að þetta óbrúanlega bil milli einstakra flokka hins íslenzka flokkakerfis hefur leitt til verulegs tjóns. Hvoru tveggja er þar um að kenna, annars vegar nær ofstækisfullri óvild og hræðslu Sjálfstfl. og valdamikilla aðila í Alþfl. og Framsfl. gagnvart Rússum og kommúnisma yfirleitt samfara takmarkalausu trausti á málstað Bandaríkjanna og bandamanna þeirra, sem leiddi til margvíslegrar þægðar, að ég segi ekki undirlægjuháttar, í samskiptum við þessi sömu ríki. Hins vegar glórulaus trú valdamanna Sósialistaflokksins á sæluríkið í austri, sem gerði hann oft aðeins að bergmáli þeirra slagorða, sem þeim aðilum þótti henta að halda uppi í áróðri sínum. Eldar kalda stríðsins kyntu svo enn undir þennan örlagaríka klofning þjóðarinnar í háværar málpípur austurs og vesturs.

Tilraunir til þess að finna hér pólitíska milliveg fóru út um þúfur. Þessi klofningur hefur skipt sköpum í stjórnmálalífi Íslendinga þennan aldarfjórðung. Samstaðan milli verkalýðshreyfingar og sterkasta afls borgarastéttarinnar, Sjálfstfl., um nærri hvaða mál sem er, hefur verið útilokuð. Frekara samstarf milli verkalýðsflokkanna, Sósfl. og Alþfl., sem virtist í sjónmáli á árunum 1944—1946, varð einnig útilokað. Ágreiningurinn um utanríkismál sundraði verkalýðshreyfingunni og leiddi um sex ára skeið til samstöðu svo ólíkra afla sem Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl., sem tryggði þeim vald þann tíma í hreyfingunni með því markmiði að útiloka róttækasta fólkið þar frá eðlilegum þjóðfélagsáhrifum. Samstaða þessara tveggja fyrrnefndu hefur reyndar haldizt í verkalýðshreyfingunni fram á þennan dag, valdið þar og viðhaldið pólitískum deilum og sundrungu, sem naumast byggist á eðlilegum ágreiningi um dagleg málefni, og nú hin síðustu ár leitt til þegjandi samkomulags um viðhald „status quo", þ. e., að hvor hinna pólitísku deilda héldi því, sem hún hafði unnið á tímum kalda stríðsins, án íhlutunar hinnar, en þetta ástand hefur valdið stöðnun í innbyrðis þróun hreyfingarinnar og dregið verulega úr þjóðfélagslegum áhrifamætti hennar.

Háskalegast af öllu fyrir íslenzka stjórnmálaþróun var þó það, að með almennri viðurkenningu á þessum tvenns konar viðhorfum til utanríkismála sem stjórnmálalegum vatnaskilum, sem leiddi til samstöðu svokallaðra lýðræðisflokka annars vegar, en gerði hins vegar róttækasta hluta þjóðarinnar að pólitískum paríum, sem útiloka yrði frá áhrifum, tókst Sjálfstfl. sem stærsta flokki lýðræðisflokkanna að koma sér upp eins konar pólitískri eilífðarvél, sem tryggði honum völd, á hverju sem gekk. Valkostir þjóðarinnar hafa raunar ekki verið aðrir en þeir að ákveða, hvort Alþfl. eða Framsfl. ættu að þjóna Sjálfstfl. til borðs og sængur. Frá þessu er aðeins ein undantekning, vinstri stjórnin 1956—1959. Sú undantekning sannar í rauninni aðeins regluna.

Árin á undan höfðu friðarhorfur verið betri en áður um skeið. Alþfl. og Framsfl. höfðu þá talið, að þau skilyrði væru að skapast, sem gerðu dvöl hers og þátttöku í hernaðarbandalagi ónauðsynlega, og stóðu að till. í þessa átt hér á hv. Alþ. Hitt hjálpaði einnig til, að með stofnun Alþb. höfðu hin þjóðfélagslega róttæku öfl Sósfl. um sinn a. m. k. fengið annan og hugnanlegri svip en undir einhlítri forustu gamalkunnra og gamalreyndra Sovétdýrkenda. Grundvöllur vinstri stjórnarinnar var því byggður á afstöðunni til utanríkismála, eins og allra annarra ríkisstj. hér eftir stríð. Úr þeim grundvelli molnaði verulega við atburðina í Ungverjalandi strax um haustið 1956. Við borð lá, að stjórnin klofnaði vegna landhelgismálsins. Þótt hún svo að lokum sundraðist vegna afstöðu til efnahagsmála, má telja, að það hafi fremur verið valinn ásteytingarsteinn en að ágreiningurinn hafi verið óbrúanlegur á því sviði.

Landhelgismálið er glöggt dæmi þess, hve skaðvænleg áhrif þessi óbrúanlegi ágreiningur um utanríkismál hefur haft á brýnustu hagsmunamál þjóðarinnar. Um ekkert mál er nauðsyn algerrar samstöðu allrar þjóðarinnar brýnni en útfærslu landhelginnar til alls landgrunnsins. Landhelgismálið var líka mesta afrek vinstri stjórnarinnar, en þeim árangri, sem náðist, tókst að spilla með því að draga málefni NATO inn í það og gera þá tortryggilega, sem í eldinum stóðu, með því að leiða að því getum, að þeim væri efst í huga að spilla vestrænni samvinnu og ganga erinda Sovétríkjanna. Svo vill til, að einmitt nú er þetta mál aftur í brennidepli og brýn nauðsyn á falslausri og einlægri samvinnu allra flokka og allrar þjóðarinnar um framgang þess, og eykur það enn á gildi þess máls, sem hér er verið að ræða.

Hér hef ég rætt nokkuð um afleiðingar þessa djúpstæða ágreinings um utanríkismálin á stjórnmálin innanlands. Ég tel þær hafa verið örlagaríkar, valdið ágreiningi og deilum, sem innlend málefni gáfu ekkert rökrétt tilefni til, verið bein og óbein orsök að sundrungu verkalýðshreyfingarinnar, verkalýðsflokkanna og vinstri manna almennt, dregið verulega úr áhrifum þeirra afla, sem helzt hefðu átt að orka breytingum á gerð og þróun samfélagsins, á svipaða lund og orðið hefur með nálægum þjóðum og okkur skyldustum. Þannig má vafalaust skrifa vandamál stjórnmálanna hér s. l. þrjá áratugi, dýrtíðar- og verðbólguvandann, með nokkrum hætti á reikning þessarar óeðlilegu flokkaskipunar á grundvelli utanríkismála.

Nú vil ég víkja nokkrum orðum að efnislegu innihaldi þeirra deilna, sem átt hafa sér stað um þessi mál.

Ég vil taka það fram hér strax í upphafi, að ég og þau stjórnmálasamtök, sem ég tilheyri, tel í alla staði eðlilegt vegna aldalangrar menningarlegrar og viðskiptalegrar hefðar svo og landfræðilegrar legu Íslands og tengsla við umhverfi sitt, að við eigum sem allra nánust og bezt samskipti við þær þjóðir, sem venja er að kalla vestrænar þjóðir. Við teljum hins vegar óeðlilegt og ónáttúrlegt, að 200 þús. manna þjóð, sem aldrei hefur borið vopn, sé aðili að hernaðarbandalagi stórvelda, þar sem hún getur aldrei orðið þátttakandi í neinum þeim ákvörðunum, sem þó geta varðað tilveru hennar sem þjóðar, þar sem þær verða ávallt teknar af hinum hernaðarlega sérfróðu. Á sama hátt er það óviðunandi niðurlæging svo fámennri þjóð að búa við fjölmennt erlent herlið um áratuga skeið. Það hefur því ævinlega verið mín stefna og er stefna þeirra samtaka, sem ég er hér fulltrúi fyrir, að við losnum undan þessum skuldbindingum svo fljótt sem auðið er.

Deilurnar hafa einkum snúizt um þessi atriði: Í fyrsta lagi höfum við andstæðingar núv. utanríkisstefnu frá upphafi haldið því fram, að árás Rússa væri á engan hátt svo yfirvofandi, að okkur væri nauðsyn á vernd NATO.

Í öðru lagi höfum við haldið því fram, að á tímum öflugra langdrægra eldflauga, sem skotið geta vetnissprengjum heimsálfa á milli, hafi hernaðarlegt mikilvægi Íslands orðið næsta lítið, a. m. k. fyrir Bandaríkin. Öðru máli kann að gegna fyrir Sovétríkin, ef hér væri beint vinveitt stjórn, sem léði þeim hernaðaraðstöðu, sem gæti opnað þeim Atlantshafið og gert Ísland eins og skammbyssu, sem beint væri að Bandaríkjunum. En eygir nokkur möguleika á slíkri þróun íslenzkra stjórnmála, að hætta sé á þess háttar stjórn?

Í þriðja lagi, að framþróun á sviði ratsjártækni og notkun gervitungla hafi gert hernaðargildi Íslands lítið á þessu sviði, þ. e. á sviði viðvörunarkerfis, eins og uppgjöf stöðvanna á Langanesi og í Aðalvík ber raunar ljósan vott um. Þá höfum við haldið því fram, að aðild að hernaðarbandalagi og dvöl erlends herliðs hér verki öfugt við yfirlýstan tilgang sinn, bjóði hættunni heim, geri okkur að óhjákvæmilegu skotmarki, færi svo, að ófriður brytist út.

Hins vegar standa svo þeir, sem trúa staðfastlega á útbreiðslukerfi heimskommúnismans, að NATO sé eini raunverulegi varnarveggurinn gegn því, að stríðsvél Sovétríkjanna brjóti undir sig öll lönd veraldar, og okkur beri í verki að sýna samstöðu okkar með vestrænum þjóðum með þátttöku í NATO og leggja fram okkar skerf til varnar þessum hluta heimsins með því að lána hluta af landi okkar undir herstöð vinveittra þjóða.

En er NATO þá það skjól og hlíf lýðræðislegu þjóðskipulagi, sem áköfustu aðdáendur þess og hugmyndafræðilegir fylgjendur vilja vera láta? Í meiri hluta þátttökuríkjanna hefur tilvist þess sennilega ekki haft veruleg innri áhrif. En í sameiginlegum ákvörðunum þessara ríkja yfirskyggja hernaðarlegir hagsmunir eðlileg pólitísk sjónarmið. Þannig hefur NATO, þrátt fyrir orðagjálfur um lýðræði í stofnskrá þess, orðið til þess að vefa miðaldaeinræðisríki eins og Portúgal, sem þar að auki stundar einstæða nýlendukúgun í löndum sínum í Afríku, sem mynztur inn í vef vestrænna lýðræðisþjóða. Stuðningur þessara þjóða við afturhaldsstjórn Portúgals hefur gert henni kleift að hefta í fæðingunni sérhverja viðleitni til að lyfta þjóðinni úr hyldýpi eymdar og réttindaleysis, sem hún hefur búið við um aldir. Sama er að segja um Spán. Hernaðarhagsmunir Bandaríkjanna hafa leitt til opinberrar viðurkenningar og stuðnings við fasistastjórn Francos, ýtt undir straum erlends fjármagns inn í landið og fest með því stjórnina í sessi og auðveldað henni að halda þorra þjóðarinnar á lægsta stigi lífskjara og mannréttinda, sem þekkist í Evrópu. Líku máli gegnir um Tyrkland, og hvað sem segja má um ásakanir um beinan stuðning NATO og bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, við valdatöku hershöfðingjanna í Grikklandi, leiddu hernaðarsjónarmið Bandaríkin fljótlega til opinberrar viðurkenningar á stjórn þeirra. Í kjölfarið kom innflutningur bandarísks og evrópsks fjármagns, sem verulega hefur styrkt stjórn þeirra í sessi.

En lítum svo aðeins á málið frá sjónarmiði ríkjanna hinum megin tjaldsins. Ef við lítum á það frá sjónarmiði ríkjanna hinum megin tjaldsins, þá er Varsjárbandalagið skilgetið afkvæmi NATO. Í skjóli þess gátu Sovétríkin hlutazt til um innanríkismál Ungverjalands 1956 og Tékkóslóvakíu 1968, komið í veg fyrir, að stjórnarfar þessara ríkja þróaðist í samræmi við innri aðstæður, og hneppt þessi ríki á ný í harðstjórnarfjötra, sem mótast af miðaldaviðhorfi ríkisvaldsins á 19. öld, en hafa aldrei átt við utan Rússlands og hvergi á seinni hluta 20. aldarinnar. Þannig hefur spegilmynd NATO, Varsjárbandalagið, sömu áhrif á þróunina austan tjaldsins og NATO hefur í mörgum tilfellum fyrir vestan, þótt með óbeinni hætti sé. Það hefur háskaleg áhrif, ekki aðeins á heimsfriðinn, heldur sérstaklega háskaleg áhrif á tímum gagngerra þjóðfélagsbreytinga og byltinga, eins og þeim, sem við lifum á, ef þjóðfélög fá ekki að þróast í samræmi við innri þarfir og lögmál, en verða að taka upp og viðhalda þjóðfélagskerfi, sem þeim er algerlega framandi og á sér engar rætur í eigin jarðvegi. Þetta virðast Bandaríkin nú loksins vera að læra, er þau viðurkenna rétt Chilebúa til að velja sér stjórnarform og þróunarleiðir. Þau grípa nú ekki til hernaðaríhlutunar þar eins og þau áður gerðu á Kúbu, St. Domingo og í Guatemala. En NATO er hemill á rás þróunarinnar í Vestur-Evrópu og óbeint í Austur-Evrópu líka með því að gefa Sovétríkjunum nauðsynlega átyllu fyrir Varsjárbandalaginu. Það er því öllum fyrir beztu, hverja trú sem menn hafa haft í þessum samtökum í fortíðinni, að báðum sé þeim nú hrint fyrir ætternisstapa samtímis. Ætti sú skoðun varla að valda ágreiningi hér úti á Íslandi á því herrans ári 1970.

Hitt skal ég svo viðurkenna, að mér hafa aldrei þótt aðrir valkostir fyllilega raunsæir eða algerlega sannfærandi. Enda þótt herinn færi brott og við segðum okkur einhliða úr NATO, breytti það engu um hernaðarjafnvægið í heiminum, og einhliða afturhvarf til hlutleysisyfirlýsingarinnar frá 1918 gæfi okkur varla frekara öryggi, ef til ófriðar drægi. Þá væri að vísu ekki hægt að stimpla okkur óvini í upphafi styrjaldar, en ef einhver ófriðaraðilinn sæi sig styrkja hernaðaraðstöðu sína með töku eða eyðingu landsins, mundu engar yfirlýsingar hindra hann í því. Það sannar reynslan frá síðustu heimsstyrjöld margfaldlega. Athygli mín og ýmissa samherja minna hefur því í vaxandi mæli beinzt að því á síðari tímum, hvort með einhverjum hætti væri hægt að nema brott sjálfa orsökina fyrir dvöl herliðs hér

og þátttöku í hernaðarbandalagi og þá hvort Ísland gæti með einhverjum hætti orðið virkur þátttakandi í eða jafnvel flýtt fyrir þeirri þróun, að það ástand komist á, sem allir teldu uppfylla þá opinberu meginstefnu allra flokka, að hér sé ekki her á friðartímum, því að hvað sem ágreiningnum meðal okkar líður, hafa ekki heyrzt raddir um, að dvöl erlends herliðs hér sé eðlileg. Einlægustu stuðningsmenn hennar hafa aldrei talið hana meira en illa nauðsyn. Við höfum því gaumgæfilega fylgzt með þróun hugmyndarinnar um öryggisráðstefnu Evrópu, frá því að hún kom fyrst fram, og smám saman sannfærzt um, að þar var um raunsæjan möguleika að ræða til að gerbreyta ástandinu í Evrópu. Ísland gæti þar kvatt sér hljóðs á sjálfstæðan hátt með realpólitík í utanríkismálum, sem grundvallaðist á hagsmunum þess sjálfs sem ríkis og væri um leið sameiginlegt hagsmunamál í flestum smærri og miðlungsstórum ríkjum álfunnar. Þarna væri leið til að losna úr sjálfheldu hernaðarblakkanna, hætta að vera einungis peð í refskák stórveldanna. Þetta gæfi þeim tækifæri til að þróa þjóðskipulag sitt í samræmi við innri þarfir og lögmál, en ekki geðþótta stórveldanna.

Enda þótt kalda stríðið sé fyrir alllöngu undir lok liðið, hafa leifar af hugsunarhætti þess tímabils lifað góðu lífi fram á þennan dag. Og það er ekki fyrr en á þessu ári, að stórstígar breytingar hafa orðið til viðurkenningar á staðreyndum í Evrópu. Á ég þar einkum við hina nýju austurpólitík Willy Brandts og vesturþýzku stjórnarinnar, sem segja má, að með samkomulagi sínu við Sovétríkin og Pólland, fyrirhuguðu samkomulagi við Tékkóslóvakíu og vaxandi og vinsamlegri samskiptum beggja þýzku ríkjanna sé loks að viðurkenna í formi það, sem varð raunveruleg og endanleg niðurstaða seinni heimsstyrjaldarinnar. Ástæða er til þess að ætla, að þetta gerbreyti andrúmsloftinu í Evrópu og gefi rökstuddar vonir um, að ráðstefna sem þessi um öryggismál Evrópu beri jákvæðan árangur. Enn fremur má benda á, að með ágreiningi og nær algerum vinslitum Sovétríkjanna og Kína hafa þeir fyrrnefndu orðið að beina miklum hluta herafla síns að kínversku landamærunum, og nauðsyn þeirra á tryggingu landamæranna í vestri með öðrum hætti en hernaðarlegum hefur vaxið, auk þess sem ótti Rússa við hernaðarlega umkringingu hefur fengið byr undir báða vængi og ætti að leiða til sáttfúsari afstöðu í málefnum Evrópu en lengi hefur verið.

Vil ég nú víkja nokkrum orðum nánar að hugmyndinni um öryggisráðstefnu Evrópu. Í svipuðu formi og hún er nú var hún fyrst sett fram af Adam Rapatsky, þá utanrrh. Póllands, á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í des. 1964. Næsta skref var stigið með svo kallaðri Búkarest-yfirlýsingu Varsjárbandalagsins í júlí 1966. Enda þótt sú yfirlýsing liti á köflum út sem venjulegt sovézkt áróðursplagg fullt af venjulegum beinfrosnum kaldastríðsslagorðum um haturs-, hefndar- og hernaðaröfl, sem sífellt ógnuðu hinum friðelskandi sósíalísku þjóðum, voru einnig sett fram eftirtalin atriði sem umræðugrundvöllur um öryggisráðstefnu:

1. Þróun samskipta í anda góðra granna, eins og það heitir á þeirra máli, er byggðu á grundvallarforsendum sjálfstæðis og þjóðlegs fullveldis, íhlutunarleysi um innri mál og gagnkvæmum hag og friðsamlegri sambúð ríkja ólíkra samfélagsforma. Þróun efnahagstengsla og samvinna á sviði vísinda, tækni, menningar og lista í þeim tilgangi að skapa efnislegan grundvöll evrópsks öryggis og fordæming allrar mismununar og þvingana í samskiptum ríkja Evrópu.

2. Algert afnám hernaðarbandalaga. Yfirlýsingin ítrekaði fúsleika Varsjárbandalagsins til að taka höndum saman um samtímis upplausn, eins og það er nefnt, Varsjár- og NATO-bandalaganna, en varaði jafnframt við því, að svo lengi sem NATO héldi áfram tilvist sinni, væru Varsjárbandalagsríkin staðráðin í að styrkja mátt sinn og varnaraðstöðu.

3. Að koma á í nokkrum áföngum til að draga úr spennu heimkvaðningu allra erlendra herja af landsvæðum annarra ríkja, gagnkvæmri fækkun í herjum þýzku ríkjanna beggja, kjarnorkuvopnalausum beltum og banni við umferð og dvöl flugvéla og skipa, er bæru kjarnorkuvopn.

4. Viðurkenning á öllum þáverandi landamærum, þ. á m. Oder-Neisse landamærunum og markalínunni milli þýzku ríkjanna, sem endanlegra og órjúfanlegra.

5. Samþykkt um, að þýzkur friðarsáttmáli skyldi byggður á ofangreindum forsendum.

6. Vestur-Þýzkalandi yrði bannaður aðgangur að eða stjórn á kjarnorkuvopnum í hvers konar formi.

Þremur síðast töldu atriðunum virðast Varsjárbandalagsríkin raunar vera að ná með tvíhliða samningum sínum við Vestur-Þýzkaland að undanförnu, en þó má búast við, að þau óski eftir að fá önnur Vestur-Evrópuríki til að undirgangast þær skuldbindingar líka til frekara öryggis. Enn fremur var í þessari Búkarest-tillögu hvatt til þess, að evrópsk öryggisráðstefna léti frá sér fara yfirlýsingu um samstarf að viðhaldi og styrkingu evrópsks öryggis í samræmi við þessar tillögur, en gaf í skyn, að dagskrá ráðstefnunnar skyldi vera opin tillögum frá hvaða ríki sem væri. Enda þótt yfirlýsingin útilokaði ekki sérstaklega nokkurt ríki frá þátttöku í ráðstefnunni, var því þar haldið fram, að ríki Evrópu séu fær um að leysa vandamál sín innbyrðis án íhlutunar utan frá, jafnframt því sem svo var kveðið að orði, að þjóðirnar láti sér ekki á sama standa, hvaða pólitíska stefnu þetta eða hitt ríkið kýs sér, í samræmi við hagsmuni friðar og öryggis eða andstæðar þessum hagsmunum. Þessi atriði vöktu grunsemdir um, að Bandaríkin yrðu í bezta falli óvelkominn þátttakandi og að Vestur-Þýzkaland gæti búizt við að verða að standa í hlutverki hins ákærða á ráðstefnunni. En síðari þróun hefur þó gert hvort tveggja þessara atriða úrelt. Vestur-Þýzkaland gegnir ekki lengur því hlutverki syndahafurs, sem áður tíðkaðist, og viðbrögð Vestur-Evrópuríkja við útilokun Bandaríkjanna reyndust ekki þau, að henni væri haldið til streitu. Ég tel rétt að skjóta því hér inn í, að það er ekki aðeins sjálfsagt, að Bandaríkin og Kanada taki þátt í slíkri ráðstefnu sem meðlimir í varnarkerfi Vestur-Evrópu frá upphafi, heldur er það lífsnauðsynlegt hagsmunum okkar Íslendinga, að Bandaríkin taki þátt í henni, ef hún á að leiða til brottflutnings erlends hers héðan af landi. Kemur þar hvort tveggja til, að hinn svo nefndi varnarsamningur frá 1951 er formlega milli Íslands og Bandaríkjanna, og svo hitt, að trygging fyrir öryggi Íslands í evrópsku öryggiskerfi yrði lítils virði, nema Bandaríkin væru þar einnig aðili að.

Lítil hreyfing komst þó á þessi mál næstu árin. Að

vísu lagði Breshnev enn áherzlu á þýðingu þeirra í ræðu á ráðstefnu kommúnistaflokka í Tékkóslóvakíu 1967, sérstaklega með tilliti til þeirr tækifæra, sem opnuðust, þegar upphaflegur gildistími NATO-samningsins rynni út. Sá tími leið þó hjá, án þess að nokkuð væri aðhafzt til þess að nýta þau tækifæri, enda höfðu nú Varsjárbandalagsríkin, önnur en Rúmenía, öðrum hnöppum að hneppa, þar sem var innrás og hernám Tékkóslóvakíu, sem einmitt var lítt samræmanleg hinum þýðingarmeiri greinum Búkarest-yfirlýsingarinnar frá 1966. En í marz 1969 áréttuðu leiðtogar Varsjárbandalagsins enn Búkarest-yfirlýsinguna á ráðstefnu í Búdapest og nú í mun sáttfúsari og meira sannfærandi tón en áður, og vakti yfirlýsingin því óvenjulega athygli á Vesturlöndum. Þótt þessi nýja áskorun, sem gefin var út rétt fyrir 20 ára afmælishátíð NATO í Washington, innihéldi almenna fordæmingu á öflum, sem reyna að viðhalda skiptingu meginlands vors með stefnu síaukinnar spennu, eins og þar sagði, voru nú engir þorparar nefndir með nafni, en athyglisverðari var þó ítrekun Búdapest-áskorunarinnar á þeirri grein Búkarest-yfirlýsingarinnar, sem krafðist heimkvaðningar allra erlendra herja úr löndum Evrópu, þrátt fyrir það, sem gerzt hafði. Næsta áskorun Varsjárbandalagsríkjanna kom frá Prag 31. okt. 1969 og lét í ljósi von um, að evrópsk öryggisráðstefna gæti komið saman í Helsinki á fyrri hluta árs 1970. En finnska stjórnin hafði þá boðið Helsinki sem aðsetur slíkrar ráðstefnu.

Þessi mál voru ítarlega rædd á ráðstefnu NATO í des. 1969, og kom þar fram óvenjulegur áhugi á málinu hjá flestum fulltrúum öðrum en frá Bandaríkjunum og föstu starfsliði bandalagsins, að ekki sé talað um hernaðarforingjana. Síðan hafa farið fram ýmsar viðræður milli einstakra ríkja, og hafa t. d. Frakkar nú nýlega lýst sig samþykka hugmyndinni, þar sem Ítalir hins vegar töldu, að af henni gæti ekki orðið í næstu framtíð vegna ónógs undirbúnings. Nú fyrir skömmu hafa Finnar sent 35 ríkjum formlegt boð til slíkrar ráðstefnu og vafalaust þar á meðal Íslandi. Þannig standa málin nú. Að sjálfsögðu geta ýmis atriði, svo sem svo kallaðar Salt-viðræður Rússa og Bandaríkjamanna um takmörkun árásarvopna, einkum eldflauga með kjarnaoddi, og e. t. v. viðræður fjórveldanna um Berlín, haft veruleg áhrif á, hvort slík ráðstefna kemst á laggirnar eða ekki. En ástæðulaust er að bíða með að taka afstöðu, þar til öll slík vafaatriði eru til lykta leidd, svo brýnt hagsmunamál sem slík öryggisráðstefna virðist geta orðið Íslandi, heldur ber að hefjast þegar handa við að undirbúa jarðveginn, hvetja aðra til jákvæðra viðhorfa gagnvart henni.

Einu sinni var spurt: Getur nokkuð gott komið frá Nazaret? Og nú munu sjálfsagt ýmsir spyrja: Getur nokkuð gott komið frá Sovétríkjunum? Er hægt að treysta nokkru þeirra orði, er þetta ekki allt þáttur í skuggalegum áformum þeirra um heimsyfirráð, tilraun til að draga úr árvekni lýðræðisríkjanna og gleypa þau síðan? Ekki get ég gefið neina tryggingu fyrir, að svo sé ekki, en ég vil biðja hv. alþm. að líta með mér á nokkrar staðreyndir og ályktanir, sem af þeim má draga, og sjá til, hvort þeir komist ekki að sömu niðurstöðu og ég, að ástæða sé til nokkurrar bjartsýni. Sú hugmynd, sem að baki þeirri skoðun liggur, að þessi tillaga sé ekki annað en einn liður í heimsyfirráðaáætlun Sovétríkjanna, hlýtur að byggjast á þeirri grundvallarforsendu, að í Varsjárbandalaginu ríki aðeins einn vilji og eitt vald, þ. e. Kremlarherranna, og gera þar ráð fyrir, að önnur meðlimaríki eigi einskis annars úrkosti en að styðja hvert það frumkvæði, sem Moskvu þóknast að taka í utanríkismálum, að þau geti ekki sett fram nein eigin markmið og þess vegna skipti hagsmunir þeirra og óskir varðandi evrópskt öryggiskerfi litlu máli. Sú hugmynd kann að hafa átt rétt á sér á tímum kalda stríðsins, en allt bendir til, að hún eigi engan rétt á sér lengur. Til þess hefur verið allt of augljóst síðustu ár, að Sovétríkin hafa hvað eftir annað átt í erfiðleikum með að knýja fram vilja sinn gagnvart öðrum þátttakendum COMECON og Varsjárbandalagsins í öðrum málum. Af þessu leiðir, að menn verða að álykta svo, að stjórnir Austur-Evrópuríkjanna hafi almennt tilhneigingu til að meta stefnu og áform Sovétríkjanna fyrst og fremst frá sjónarhóli sinna eigin hagsmuna. Þau gætu því litið á stefnu Varsjárbandalagsins varðandi evrópskt öryggiskerfi sem tæki, sem gæti, þegar til lengdar léti, orðið þeirra eigin markmiðum til framdráttar, markmiðum, sem gætu í mörgu tilliti verið verulega frábrugðin markmiðum Sovétríkjanna og reyndar hinna aðildarríkjanna innbyrðis. Þannig geta óskir sumra þessara ríkja beinzt fyrst og fremst að vernd og tryggingu gegn erlendum yfirráðum og þá ekki sízt gegn yfirráðum Sovétríkjanna sjálfra. T. d. eru Júgóslavía, Albanía og Rúmenía í opinni andstöðu við Sovétríkin á þessu sviði, þar sem hins vegar Austur-Þýzkaland, sem hefur óvissa og óákveðna alþjóðlega stöðu, og Pólland og Tékkóslóvakía, sem fengu veruleg landssvæði eftir styrjöldina, sem byggð hafa verið Þjóðverjum, og því telja vesturlandamæri sín ótrygg, hafa talið sér hentara að fórna öðrum hagsmunum sínum og sjálfstæðri afstöðu fyrir tryggingu Sovétríkjanna og vernd þeirra hvað þetta snertir. Þá njóta þessar ríkisstjórnir ákaflega mismunandi hylli og stuðnings almennings í löndum sínum og leggja því mismunandi mikið upp úr stuðningi sovézks hervalds, allt frá þeim, sem líta á það sem einu leiðina til að haldast við völd, og til þeirra, sem sjá í því stöðuga ógnun við sjálfa sig og þjóðlega hagsmuni landa sinna. Enn ber að nefna það, að flestar þessar þjóðir sæju sér hag í að vera í minna mæli efnahagslega háðar Sovétríkjunum, eiga fleiri kosta völ, bæði um markaði, hráefnisöflun og kaup á framleiðslutækjum. Allt bendir til þess, að Moskva hafi á síðustu árum orðið að taka verulegt tillit til þessara mismunandi hagsmuna og að yfirlýsingar þær og till., sem Varsjárbandalagið hefur látið frá sér fara hin síðari ár varðandi evrópskt öryggiskerfi, séu málamiðlanir, sem innihaldi m.a. ýmis sjónarmið þessara ríkja, sem ekki eru í samræmi við langtímamarkmið Sovétríkjanna.

Ef við tökum einstök dæmi um þetta, getum við byrjað á Rúmeníu. Enda þótt þar ríki enn stalíniskt stjórnarfar, hefur ríkisstjórnin tekið upp ákveðna þjóðernisstefnu og aflað þannig víðtækan stuðning almennings. Með því móti hefur Rúmeníu tekizt að taka upp tiltölulega sjálfstæða stefnu gagnvart Sovétríkjunum og rær að því öllum árum að tryggja þessa stöðu sína. Þannig er talið, að þau atriði Búkarest-yfirlýsingarinnar, er varða frumreglur um sjálfstæði, íhlutunarleysi um innri málefni annarra ríkja og fordæmingu pólitískra og efnahagslegra þvingana, hafi verið

sett inn að kröfu Rúmeníu. Þar að auki eru önnur atriði yfirlýsingarinnar talin bera enn ákveðnara rúmenskt vörumerki, einkum ákvæðin um samtímis upphafningu NATO og Varsjárbandalagsins og um heimkvaðningu erlendra herja, sem sérstaklega voru nefnd af Ceausescu forsætisráðherra í ræðu 5. maí 1966, tveimur mánuðum fyrir Búkarest-ráðstefnuna. Varla leikur vafi á því, að það er að kröfu Rúmeníu, að þessi atriði hafa verið látin standa í síðari áskorun ríkjanna, þrátt fyrir framkomu Breshnev-kenningarinnar í millitíðinni.

Ef við lítum svo næst á skilning Ungverjalands á evrópsku öryggiskerfi, liggur beinast við að vitna í ræðu sem Janos Peter utanríkisráðherra hélt á 9. þingi kommúnistaflokksins 1. des. 1966, en þar sagði hann m. a.:

„Öryggiskerfi Evrópu mun hafa í för með sér aukna samvinnu grannríkja og gaumgæfilega athugun, skref fyrir skref, á flóknum vandamálum, er valda spennu. Smám saman gæti samvinna tekizt milli hópa, og af því gæti svo leitt lífræna þróun, heildaröryggiskerfi evrópskra landa með frábrugðið stjórnarfar. Á Balkanskaga gæti orðið um að ræða samvinnu milli Rúmeníu, Júgóslavíu, Búlgaríu, Albaníu, Grikklands og Tyrklands um lausn aðkallandi vandamála. Í Mið-Evrópu eru sérstakir möguleikar á samvinnu Tékkóslóvakíu, Júgóslavíu, Ungverjalands og Austurríkis, og Dónárdalurinn gæti gefið ýmsa möguleika á samvinnu allt frá Vesturþýzka sambandslýðveldinu til Sovétríkjanna."

Þannig eru langtímamarkmið Ungverja varðandi evrópskt öryggiskerfi byggð á svæðabandalögum, rótttækt fráhvarf frá veruleika dagsins í dag, þar sem tvær blokkir, hugmyndafræðilega einlitar, standa hvor andspænis annarri gráar fyrir járnum, svo að yfir allra höfðum hangir Demoklesarsverð gagnkvæms jafnvægis í tortímingarmætti.

Hvað Pólland og Austur-Þýzkaland snertir, þá hafa þau þangað til mjög nýlega haft sameiginlega afstöðu varðandi öryggismál sín. Bæði hafa litið sömu augum mögulega ógnun við landfræðilegt öryggi sitt af hálfu Vestur-Þýzkalands. Allt fram að sigri sósíaldemókrata í fyrra var það yfirlýst stefna Bonn-stjórnarinnar, að hún væri fulltrúi allrar þýzku þjóðarinnar, og gerði hún tilkall til allra landssvæða, sem verið höfðu innan landamæra þýzka ríkisins 1939. Til að þægja Bonn-stjórninni í þessu efni hafa flestar vestrænar ríkisstjórnir neitað Þýzka alþýðulýðveldinu um diplómatíska viðurkenningu. Þetta gerði það að verkum, að stjórnir Póllands og Austur-Þýzkalands hafa verið reiðubúnar til að fórna öllu til að hafa Sovétríkin að bakhjarli til tryggingar tilveru sinni og landamærum. Þessi ríki kröfðust þess lengi vel, að engin Austur-Evrópuríki tækju upp neins konar tengsl við Bonn, nema Austur-Þýzkaland hlyti áður fulla viðurkenningu sem sjálfstætt ríki og Oder-Neisse landamærin væru viðurkennd. Þessi samstaða riðlaðist þó smám saman. Loks tók Pólland einnig upp tvíhliða viðræður, sem nú hafa leitt til viðurkenningar núverandi landamæra, og varð þá stjórn Austur-Þýzkalands að snúa við blaðinu og leita einnig samkomulags við Bonn án fyrirframtryggingar um opinbera viðurkenningu. Hvaða áhrif þetta kann að hafa á viðhorf þessara ríkja í framtíðinni, er enn of snemmt að fullyrða um.

Ég tel mig hafa sýnt fram á það hér á undan, að hvað sem líður varnargildi NATO á liðnum tíma, þá sé það nú orðið þrándur í götu friðsamlegri þróun. Það er óbein máttarstoð áfturhaldsstjórna í ýmsum ríkjum Vestur-Evrópu, það er hornsteinn tilveru Varsjárbandalagsins, sem heldur þjóðum Austur-Evrópu í spennitreyju framandi stjórnarfars, sem engar eðlilegar rætur á í löndunum sjálfum. NATO verkar því nú öfugt við meintan tilgang sinn. Það ver okkur ekki gegn ógnuninni frá austri, það viðheldur henni. Þróunin krefst þess, að heimsstyrjöldin síðari verði formlega enduð, og Bonn-stjórnin hefur undanfarið verið að leggja grundvöll að því, að svo megi verða, að hernaðarbandalög kalda stríðsins verði leyst upp og löndin beggja megin núverandi járntjalds fái frjálsar hendur um pólitíska uppbyggingu sína.

Við lifum á tímum örra framfara og tæknilegra breytinga, sem krefjast samsvörunar í stjórnkerfinu. Steinrunnar kreddur verða að víkja fyrir viðleitni þjóðfélaganna til að fá frjálsa framrás til margvíslegra tilrauna með ný stjórnarform. Það var heiminum vafalaust óbætanlegur skaði, að svo fór sem fór í Tékkóslóvakíu, en það gefur nýjar vonir, eins og ég áður sagði, að Bandaríkin virðast ætla að láta tilraunir fólksins í Chile óáreittar. Það ber þess vott, að Vesturveldin séu nú að verða reiðubúin til þess að skoða þessi mál í nokkuð nýju ljósi.

Vík ég þá að síðustu aðeins til Íslands. Ég hef hér að framan lýst, hversu skaðvænleg áhrif ég tel að hafi haft á þróun okkar þjóðmála sá djúpstæði klofningur, sem orðið hefur um þessi mál, og þær endalausu umræður, sem átt hafa sér stað, án þess að breyta nokkrum sköpuðum hlut. En er nú mjög líklegt, að við hernámsandstæðingar sjáum draum okkar um brottför hersins rætast með öðrum hætti en að þetta sé leyst á slíkri sameiginlegri öryggisráðstefnu allra ríkja? Ég sé ekki raunsæja möguleika til þess. Þetta vandamál er brot af vandamáli allrar Evrópu og verður naumast héðan af leyst nema sem angi af því. Er líklegt, að við losnum öðruvísi úr NATO en með þeim hætti, að það sé lagt niður eða breytt í eitthvert annað form? Ekki sé ég heldur mikil líkindi til þess. Þá kemur spurningin um það, hvort við getum ekki sameinazt um að vinna að lausn málsins með þeim hætti, sem hér er lagt til, enda þótt það kynni að taka nokkurn tíma. Við NATO-sinna vil ég segja þetta: Getið þið ekki fallizt á það með okkur að vinna að því að afnema undirrót meinsins og orsökina fyrir hinni illu nauðsyn, sem þið kallið, hersetunni? Getum við þá ekki gert þetta að sameiginlegu markmiði þjóðarinnar og neytt allra ráða, sem við kunnum að hafa tiltæk, á alþjóðavettvangi til þess að skapa möguleika á lausn málsins með þessum hætti, þ. e., að öryggisráðstefna Evrópu verði kölluð sem fyrst saman og þá helzt hér í Reykjavík, ef ekki reynast á því óyfirstíganlegir tæknilegir annmarkar, sem vel má vera, að séu fyrir hendi? Á meðan ættum við svo að einbeita orku okkar að löngu tímabærum umbótum og verkefnum, sem kalla á okkur hér innanlands, svo sem lausn verðbólguvandans og landhelgismálsins, án þess að annað spili þar inn í en málavextir og staðreyndir málanna sjálfra.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til, að umr. verði nú frestað og till. vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á tveimur undanförnum þingum hef ég flutt nokkra skýrslu um gang utanríkismála á næsta ári á undan. Þessa skýrslu hafði ég hugsað mér að flytja enn á þessu þingi, áður en þinginu lýkur, og mun þá að sjálfsögðu víkja að þeim málum ýmsum, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur hér minnzt á, en það gefur jafnframt tilefni til þess, að ég mun ekki á þessu stigi taka upp almennar umr. um utanríkismál, sem hann gaf nú annars tilefni til, að upp hefðu verið teknar, en ég mun geyma mér það þangað til síðar.

En um þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, vil ég aðeins segja nokkur orð. Hugmyndin um öryggisráðstefnu Evrópu hefur nú verið til umr. í fullkominni alvöru að ég ætla í tvö ár eða hátt í tvö ár. Það hefur verið talað um fjögur vandamál í sambandi við þessa ráðstefnu. Það er í fyrsta lagi, hverjir skuli vera þátttakendur. Í öðru lagi, hvar hún skuli haldin. Í þriðja lagi, hvert eigi að vera umræðuefni þessarar ráðstefnu, og í fjórða lagi tímasetningin. Um fyrstu tvö atriðin má segja, að sé fullkomin samstaða nú þegar. Það kom fram strax í upphafi ósk um það, að auk Evrópulandanna yrði Kanada og Bandaríkjunum boðið að vera einnig þátttakendur, og inn á það mun nú vera gengið af öllum, að Kanadamenn og Bandaríkjamenn verði ásamt Evrópuríkjunum þátttakendur í þessari ráðstefnu. Í öðru lagi hafa Finnar boðizt til, að ráðstefnan verði haldin í Helsinki, og hafa unnið mikið að undirbúningi ráðstefnunnar, bæði þar í heimalandinu og á ýmsum vettvangi annars staðar. Það eru ekki nema nokkrar vikur síðan, að hingað kom fulltrúi finnska utanrrn., ambassador Enckell, til þess að ræða við Íslendinga um þeirra þátttöku, og hann mun hafa ferðazt til flestra þeirra landa, sem þátt munu koma til með að taka í ráðstefnunni, og rætt við þá um ýmislegt, sem ráðstefnuna snertir. Ég tel, að Reykjavík komi því í þessu sambandi ekki til greina, þar sem það er ákveðið af flestöllum aðilunum, að ráðstefnan verði haldin í Helsinki.

Svo eru tvö hin atriðin, sem hafa verið til umr., þ. e. hvaða umræðuefni eigi að taka fyrir á ráðstefnunni og hvenær eigi að halda hana. Upphaflega, þegar byrjað var að ræða um þessa ráðstefnu, þá var því haldið fram, að það ættu ekki að vera mjög mörg mál þarna til umr., því að annars mundu aðalatriðin drukkna í málaflóði, eins og tíðkast stundum á þessum alþjóðaráðstefnum. Talað var um, að það mundi vera mjög viðeigandi, að löndin kæmu sér saman um einhvers konar „ekki árásar" samband eða samstarf og kannske eitthvað fleira í sambandi við það. Í umr. á ráðherrafundum NATO hefur oftar en einu sinni verið rætt um þessa væntanlegu öryggisráðstefnu Evrópu, og þar var mjög snemma minnzt á það, að það yrði gert að skilyrði fyrir þátttöku NATO-landanna í ráðstefnunni, að samkomulag yrði um samdrátt heraflans hjá báðum aðilum, bæði hjá NATO og hjá Varsjárbandalaginu, gagnkvæman samdrátt og jafnmikinn á herafla bandalaganna. Um þetta náðist ekki samkomulag, þannig að ég geri ekki ráð fyrir því, að það geti orðið umræðuefni eða markmið, eins og stendur í till., að hernaðarbandalögin tvö, NATO og Varsjárbandalagið, verði lögð niður eða leyst af hólmi með sameiginlegu öryggiskerfi allra Evrópuríkja, svo einfalt er þetta ekki. Það verða menn að skilja, að um þetta, ef til þessa kæmi, þyrfti miklu lengri aðdraganda. Ég tel þess vegna, að fyrri liður till. sé ekki framkvæmanlegur, þótt hann kannske væri æskilegur, ég skal ekkert segja um það. Ég skal ekki fara að segja neitt um það, hvað réttlætir tilveru NATO eða Varsjárbandalagsins eða hvort þau hafi gert nokkuð gott síðan þau komu til, en á það vil ég benda, að síðan NATO var stofnað fyrir rúmum 20 árum, fyrir 21 ári, þá hefur verið friður í Evrópu, og það eru til menn, og það margir menn, sem þakka NATO það, að friður skuli enn vera hér á þessum mesta vígvelli veraldarinnar, friður og ró í Evrópu, samtímis því sem styrjaldir hafa geisað annars staðar.

Nú hefur það verið stefna NATO á þeim fundum, sem ég hef sótt seinast, að skilyrði fyrir því, að til þessarar ráðstefnu komi, sé, að það náist samkomulag um lausn Þýzkalandsvandamálsins. Þýzkalandsvandamálið hefur verið erfiðasta viðfangsefnið í Evrópu fyrr og síðar og er það raunar enn í dag, og NATO-samtökin telja það þýðingarlítið að fara að ræða öryggismál Evrópu, án þess að einhverjir möguleikar liggi fyrir um lausn Þýzkalandsvandamálsins.

Annað atriði þessarar till. fyrir utan að leysa upp varnarbandalögin tvö, NATO og Varsjárbandalagið, er, að samkomulagi verði náð um gagnkvæman brottflutning allra erlendra herja úr löndum álfunnar. Þetta er sjálfsagt æskilegt og gott, en ég segi, eins og ég sagði áður, að þetta er ekki eins einfalt og það lítur út á blaðinu. Ég tel, að það sé ákaflega erfitt að ná samkomulagi um brottflutning allra erlendra herja úr löndum álfunnar, þannig að ég hef enga trú á því, að þessi till., sem hér er flutt, þjóni þeim tilgangi, sem henni er ætlað að þjóna, að ná samkomulagi um eða verða til þess, að samkomulag náist um þetta þing um öryggismál Evrópu. Það er unnið að því enn í dag og verður væntanlega á næstunni reynt að styðja að því, að þessi öryggisráðstefna verði haldin og að hún geti með einhverjum hætti — ég segi ekki með hverjum, því að það er mér ekki ljóst heldur — orðið til þess, að öryggismál Evrópu verði styrkt og þau nái að verða til friðarvarðveizlu í álfunni, eins og til var stofnað í upphafi. Þessi viðleitni heldur áfram undir forustu Finnlands, þannig að ég held, að það sé alveg tómt mál að nefna Reykjavík í því sambandi, eins og ég sagði áðan. Það er þegar búið að veita þeim fáu atriðum samþykki, sem búið er að koma sér saman um í sambandi við þessa ráðstefnu, að hún skuli haldin í Helsingfors og að nokkru leyti a. m. k. undir forustu Finnlands. Ég stóð nú bara upp til þess að benda á þessi atriði í sambandi við till. á þskj. 206, sem hv. flm., hv. 4. þm. Norðurl. e., hefur nú flutt grg. fyrir. Hins vegar skal ég endurtaka það, að ég vonast til þess að geta svarað ýmsum atriðum í ræðu hv. þm., þegar utanríkismálin almennt koma hér til umr., sem ekki verður langt að bíða. Ég býst við, að ég geti útbýtt fyrir fram skýrslu eða vélrituðu plaggi frá utanrrn. fljótlega. Það er verið að semja það núna og er e. t. v. þegar samið, og ég geri ráð fyrir, að það geti orðið um helgina, öðru hvoru megin við helgina.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég verð nú að játa, að eftir því að dæma, sem maður hefur heyrt í lausafréttum eða föstum af afstöðu hæstv. ríkisstj., þá hélt ég, að e. t. v. væri afstaða hennar til þessarar till.

jákvæðari en ég get fullyrt eftir að hafa hlustað á þessa stuttu ræðu hæstv. utanrrh. En e. t. v. er of snemmt að dæma um það og réttara, að það komi betur í ljós, þegar hann flytur skýrslu sína um utanríkismál hér núna bráðlega. Ég ætla þess vegna að geyma mér að mestu að leggja dóm á það, hver raunveruleg afstaða hæstv. ríkisstj. er í þessu máli, en allt, sem maður hefur heyrt hingað til um það, er það, að sú afstaða hafi í meginatriðum verið jákvæð.

Það, sem hann fann að þessari till., var, að hún væri óraunhæf, hún stefndi að of háu marki, sem væri út af fyrir sig ágætt, en hún væri bara ekki eins auðveld í framkvæmd og að skrifa hana á pappírinn. Vissulega get ég tekið undir það, að hér sé ekki um einföld mál að ræða, enda býst hvorki ég né neinir aðrir við því, að þau leysist á svipstundu á nokkurra daga fundi, þó að honum væri komið á með þessum ríkjum. Hér er auðvitað um mál að ræða, sem hljóta að takast í áföngum. Hann nefndi t. d., að samdráttur herafla væri eitt af skilyrðunum, sem hefði verið sett af NATO hálfu fyrir ráðstefnunni. Vissulega getur það verið spor í áttina, en aðalatriðið er vissulega, hvaða mark er sett sem framtíðarmarkmið. Óraunsærri er nú mín till. ekki en það, að hún byggir á þegar framkomnum till., sem mörg ríki í Evrópu standa að, og hefur hún a. m. k. verið studd í meginatriðum af svo kölluðum bræðraflokkum Alþfl., sósialdemókrataflokkum, m. a. á Norðurlöndum. Ég veit ekki betur t. d. en að það sé yfirlýst stefna danska sósialdemókrataflokksins og sennilega fleiri sósialdemókrataflokka í Vestur-Evrópu, að komið verði upp sameiginlegu öryggiskerfi fyrir Evrópu alla báðum megin járntjaldsins.

Ég verð að játa, að ég verð að bíða með það að leggja fullkominn dóm á það, hversu jákvæðar undirtektir hæstv. ráðh. eru og hver afstaða ríkisstj. er í raun og veru. Ég sannast að segja þóttist nokkuð viss um hana, þegar ég samdi mína ræðu, en ég er eftir ræðu hæstv. ráðh. ekki orðinn jafnviss um, hver stefna hennar sé í raun og veru.

Um önnur minni háttar atriði, sem hann kom inn á, ætla ég ekki að fjölyrða. Ég játa það, að ég tel ólíklegt, að slík ráðstefna geti farið fram í Reykjavík. Hins vegar var það niðurstaða okkar flm. að setja þetta í till., því að við töldum, að bærist slíkt boð frá okkur, ef það væri talið frambærilegt af tæknilegum ástæðum, væri það undirstrikun á afstöðu okkar og mundi vekja meiri athygli á þeirri afstöðu, sem við hefðum í þessu máli. Það vegur kannske ekki þungt, hvað smáþjóð eins og Íslendingar segja, og e. t. v. er það svo, að það sé ekki annað að gera en að vitna, eins og hæstv. ráðh. gerði, í hernaðarfræðingana í NATO eða þá einhverja aðra, sem eru gagnstæðrar skoðunar, en mitt álit er samt, að Íslendingar verði að hafa þá reisn í sínum utanríkismálum, að þeir geti haft ákveðna stefnu og sett hana fram sem sína ákveðnu skoðun, þó að það falli ekki algerlega í kramið hjá foringjunum í NATO eða forustumönnum einhverra stórvelda. Við hljótum að geta sett okkar stefnumark í utanríkismálum alveg eins og aðrir og haft sama rétt til þess í samfélagi þjóðanna að beita okkur fyrir því. Ég held, að það sé eitt af grundvallaratriðum fyrir okkur, að við höfum fastmótaða utanríkisstefnu, sem sé til þess fallin að vekja virðingu í samfélagi þjóðanna. Það er ekki aðeins metnaðarmál, heldur beint hagsmunamál. Þess vegna læt ég ekki hrekja mig frá neinu orðalagi í minni till. á þeirri forsendu einni, að NATO hafi gert þetta að skilyrði, að NATO hafi gert hitt að skilyrði. Við hljótum að geta haft okkar skoðun á því, hvernig slík ráðstefna eigi að vera og hvernig þessum málum eigi að vera fyrir komið í framtíðinni.

Það kann svo að vera deiluefni, sem getur þá beðið betri tíma, þangað til hér verða almennar umr. um utanríkismál, hvort þessi till. er til ills eða hvort hún, ef hún yrði samþykkt, yrði frekar til að vinna því máli gagn, sem hún fjallar um. Ég ætla ekki að taka upp neinar þrætur núna við hæstv. ráðh. um það efni, en ég er sannfærður um það, að virðing Íslendinga sem sjálfstæðrar smáþjóðar mundi vaxa af því, en ekki minnka, að gera ákveðna samþykkt um þetta mál, eins og hér er um að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. utanrmn., á þskj. 834, var útbýtt 5. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

35. Bann við því, að hljóðfráar þotur fljúgi yfir Ísland.

Á 23. fundi í Sþ., 29. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um bann við því, að hljóðfráar þotur fljúgi yfir Ísland [193. mál] (A. 316).

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Áður en ég vík að þeirri till., sem ég vildi mæla hér fyrir, þá vil ég vekja athygli hæstv. forseta og hv. þm. á því, að hér er ekki viðstaddur í þingsölunum neinn ráðh. Mér er að vísu kunnugt um það, að ýmsir telja, að þáltill. séu ómerkari heldur en lagafrv. Engu að síður er í þáltill. hreyft ákaflega merkum málum, málum, sem geta síðan stuðlað að nauðsynlegri þróun í lagasetningu í landinu, og mér finnst það vera ótæk vinnubrögð með öllu, að hér sé enginn ráðh. viðstaddur til þess að ræða slík mál við þm. Mér finnst, að í framferði eins og þessu komi fram óvirðing við Alþ., sem forsetar þingsins eiga ekki að una.

Till. sú, sem ég flyt á þskj. 316, fjallar um það, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að leggja bann við því, að hljóðfráar þotur fljúgi yfir Ísland og landgrunnssvæðið umhverfis landið með svo miklum hraða, að sprengihljóð myndist. Ástæðan til þess, að ég veitti þessu vandamáli athygli, er sú, að ég á sæti í samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs og þar hefur æði mikið verið fjallað um þetta mál. Þar var lögð fram till. á s. l. ári þess efnis, að Norðurlandaráð skoraði á ríkisstj. allra Norðurlanda að leggja bann við slíku flugi, að því er varðar hljóðfráar farþegaþotur. Á fundum samgöngumálanefndarinnar hafa verið lagðar fram mjög ítarlegar grg. um þetta mál, og þar hafa mætt færustu sérfræðingar Norðurlanda, bæði Danmerkur og Svíþjóðar, og það varð niðurstaða, almenn niðurstaða nefndarinnar eða þessara sérfræðinga, að þetta vandamál væri svo alvarlegt, að það yrði að gera tafarlausar ráðstafanir til þess að banna slíkt flug yfir Norðurlöndum. Á síðasta þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í s. l. mánuði afgreiddi samgöngumálanefndin þessa till. Í nefndinni eru 13 þm., og af þeim voru 12, sem mæltu með því að skora á ríkisstjórnirnar að taka upp skilyrðislaust bann. Einn nm. taldi hins vegar fulllangt gengið með þessu og vildi, að bannið yrði skilorðsbundið. Þegar greidd voru atkv. í Norðurlandaráði, þá virtust sárafáir með þessari brtt., og hún var felld með öllum þorra atkv., en síðan var ályktunin, sem skorar á ríkisstjórnir Norðurlanda að hafa þennan háttinn á, samþykkt einróma.

Ástæðan fyrir því, að menn taka þetta mál upp, er sú, að það hefur lengi verið vitað, að áhrifin, hávaðinn, gnýrinn, sprengihljóðin frá þotum, valda ákaflega mikilli röskun á lífi manna. Þetta hefur verið vitað þann tíma, sem venjulegar þotur hafa flogið hraðar en hljóðið, það eru t. d. herþotur, en þessar aðstæður breytast í mjög alvarlegt horf, ef það á að taka upp framleiðslu á hljóðfráum farþegaþotum. Bæði eru þær miklum mun stærri en hernaðarþoturnar, og eins mun flug þeirra ná yfir miklu víðtækara svæði og langtum stærri hluta af hnettinum. Hljóð það, sem myndast, — ég reyndi að gera nokkra lýsingu á því í grg. þessarar till. og skal ekki endurtaka það hér, — en það er mat sérfræðinga, að þarna sé um að ræða svo alvarlegan skarkala, að hann raski mjög högum manna og geti haft hættuleg áhrif á veikburða fólk og jafnvel á dýr. Og þetta er ástæðan til þess, að nauðsynlegt er talið að banna slíkt flug yfir löndum eða í nágrenni landa, svo nálægt, að þessi gnýr berist til jarðar. Það eru aðallega sprengihljóðin, sem eru fyrst í þrýstibylgjunni, sem myndast undir þotunum. Slíkt bann er víða til umræðu og ekki sízt í þeim löndum, sem vinna nú að því að framleiða slíkar þotur. Þannig er slíkt bann fyrirhugað sérstaklega í Bandaríkjunum og í Frakklandi, og slíkar tillögur liggja fyrir mörgum þjóðþingum í Evrópu. Ástæðan fyrir þessari hreyfingu er raunar ekki aðeins sú, að þessi hávaði er miklu alvarlegri en venjulegur skarkali frá flugi, jafnvel í nánd við flugvelli, heldur er ástæðan einnig sú, að mjög margir draga í efa, að hér sé um að ræða rétta stefnu hjá flugvélaframleiðendum að framleiða slíkar hljóðfráar þotur. Þróunin hefur orðið sú í flugvélaframleiðslu, að það eru framleiðslufyrirtækin, sem leggja á ráðin um nýjar flugvélagerðir. Þær eru ekki framleiddar eftir óskum flugfélaganna, heldur eru þær hreinlega búnar til, hannaðar í þessum framleiðslufyrirtækjum, og síðan er treyst á það, að samkeppni flugfélaganna leiði til þess, að þau kaupi þessar nýju gerðir af vélum. Þær öru breytingar, sem verða á farþegaflugvélum, hafa leitt til þess, að mörg flugfélög eiga við mikil efnahagsleg vandkvæði að stríða, vegna þess að þau verða að breyta flugvélakosti sínum mun hraðar en hagkvæmt er talið. Það er talið, að það sé mjög efnahagslega erfitt fyrir flugfélög að breyta vélakosti sínum í grundvallaratriðum örar en á 10 ára tímabili, en verði tekin upp þessi stefna að hefja farþegaflug með hljóðfráum þotum, þá mundi koma þarna til alger grundvallarbreyting, sem mundi leiða miklar hættur yfir efnahag margra flugfélaga. Mér er t. d. kunnugt um það, að ekki minna flugfélag en SAS hefur ákaflega miklar áhyggjur einmitt af þessu. Nú draga raunar margir í efa, hvað unnið sé með því að taka upp farþegaflug með hljóðfráum þotum. Menn benda á það, að sá aukni hraði, sem það hefur í för með sér, skipti almenning ákaflega litlu máli. Það er ekki orðið neitt samhengi á milli þess tíma, sem það tekur að fljúga t. d. á milli Ameríku og Evrópu, og svo hins vegar þess tíma, sem það tekur fólk að komast frá heimilum sínum og út á flugvellina, og þó að flugleiðin yfir Atlantshaf styttist um 2—3 klukkustundir, þá hefur þetta ekkert raunhæft gildi. Þetta er hégómlegt markmið, það skiptir fólk engu máli, ekki sízt vegna þess, að það er læknisfræðilega viðurkennd staðreynd, að það tekur menn talsverðan tíma að ná sér eftir slíkt flug, hvort sem þeir gera sér grein fyrir því eða ekki. Þeir verða að taka vissan tíma í að ná eðlilegu jafnvægi. Þess vegna er hreyfing uppi víða um lönd að banna, að slíkar hljóðfráar þotur fljúgi yfir löndin. Það er einnig liður í almennum mótmælum gegn þessari stefnu flugvélaframleiðenda. Slík mótmæli hafa víða komið fram, t. d. frá Bandaríkjunum, eins og menn vita, og það eru uppi þær hugmyndir, að það muni takast að efla þessa andstöðu svo mjög, að horfið verði frá því að fara inn á þá braut að stunda flug með hljóðfráum þotum, þannig að þetta er einnig liður í þeirri baráttu.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar. Hins vegar hef ég í fórum mínum gögn frá samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs um þetta mál, og ef sú n., sem um málið fjallar, hefur hug á því að líta á þau, þá er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að afhenda þau.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að málinu verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

36. Móðurmálskennsla í barna- og gagnfræðaskólum.

Á deildafundum 3. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sérstaka athugun á móðurmáls-

kennslu í barna- og gagnfræðaskólum og tillögur til úrbóta [197. mál] (A. 324).

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 324, er um sérstaka athugun á móðurmálskennslu í barna- og gagnfræðaskólum. Efni till. er að fela menntmrh. að láta í samráði við fræðslumálastjóra, kennarasamtökin, ríthöfundasamtök og heimspekideild Háskóla Íslands fara fram sérstaka athugun á því, hvort íslenzkukennslu í barna- og unglingaskólum og gagnfræðaskólum sé almennt að meira eða minna leyti áfátt, og gera till. til úrbóta um námsefni og kennslutilhögun, eftir því sem nauðsynlegt telst að lokinni rannsókn.

Í till. eru nefnd nokkur tiltekin atriði varðandi móðurmálskennsluna, sem gert er ráð fyrir, að rannsökuð verði.

1. Hvort kennsla í íslenzkri málfræði taki of mikið eða of lítið af námstímanum, hvort áherzla sé lögð á að kenna það, sem nauðsynlegast er, og hvort eitthvað af námsefninu geti talizt óþarft.

2. Hvort næg áherzla sé á það lögð að kenna nemendum að lesa og tala skýrt í heyranda hljóði.

3. Hvaða árangur stafsetningarkennslan ber.

4. Hvernig skólunum takist að auka orðaforða nemenda, kenna þeim notkun íslenzkra orðtaka eða orðskviða og bæta á annan hátt málfar þeirra í ræðu og riti, t. d. með því að draga úr notkun útlendra orða eða orðskrípa.

5. Hvernig tekizt hafi að kynna nemendum sígildar, íslenzkar bókmenntir og vekja eða auka áhuga á slíkum bókmenntum.

6. Hvort næg áherzla sé lögð á að kenna nemendum ljóð og að greina stuðlað mál og rím frá óbundnu máli.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í till., að niðurstaða athugunarinnar verði lögð fram á Alþ. og birt opinberlega á sínum tíma.

Um þessa till. get ég að mestu leyti látið mér nægja að vísa til þeirrar grg., sem fylgir till. á þskj. 324.

Um þessar mundir er ákaflega mikið rætt um skólamál hér á landi, þ. á m. þá skóla, sem till. fjallar um sérstaklega, barna- og gagnfræðaskólana. Og margar fullyrðingar koma fram um galla, sem menn telja vera á þessum skólum, og er það eðlilegt, að slíkt beri á góma, því að bæði er, að lagðar eru fram miklar fjárhæðir af almannafé til skólahalds í landinu og þjóðin á mikið undir því, að hin uppvaxandi kynslóð hafi það gagn af skólavistinni, sem bezt má verða.

Nú er ekki í þessari till. fjallað um skóla almennt og ekki einu sinni um barna- og unglingaskóla almennt, heldur um einn þátt kennslunnar eða starfseminnar í þessum skólum, móðurmálskennsluna, en móðurmálskennslan er einmitt eitt af því, sem hefur verið mikið rætt á undanförnum tíma, m. a. hér á Alþ. og svo víðar á opinberum vettvangi, og hún er a. m. k. að mínum dómi og sjálfsagt margra annarra í raun og veru undirstaða annarrar skólastarfsemi, því að ef ekki tekst að kenna nemendum móðurmálið, þá vantar þá í mörgum tilfellum þá undirstöðu, sem þarf til þess að geta lært meira, og það hefur a. m. k. verið skoðun manna hér á landi, að sá, sem kynni vel móðurmálið, jafnvel þótt hann kynni ekki mikið annað, væri miklu betur búinn undir það að ganga út í lífsbaráttuna heldur en sá, sem ekki kynni það. Móðurmálið hafa menn að sjálfsögðu lært með ýmsum hætti. Fyrr á tímum lærðu börnin og unglingarnir það af hinum eldri, lærðu það á heimilunum, lærðu það af bókunum, sem skrifaðar hafa verið hér á landi, og hver af öðrum. Nú læra menn það í skólunum. Mér finnst, að það sé mjög æskilegt að geta gert sér grein fyrir því, hvernig þessi kennsla er nú í raun og veru, hver árangur verður af henni og hvort það er rétt, að móðurmálskennslunni sé að meira eða minna leyti áfátt og þá í hverju. Því hef ég lagt til, að þetta verði athugað þannig, að tekin verði fyrir einstök atriði, sem hér eru nánar tilgreind í till.

Eitt af því, sem ég held, að sé ekki nógu mikill gaumur gefinn í skólum, er að kenna nemendum að lesa og að tala móðurmálið, þ. e. að lesa upphátt og tala. Mér finnst það fara í vöxt, að ungt fólk, a. m. k. sums staðar á landinu, sé óskýrt í máli og veigri sér við að lesa upphátt. Á þessu held ég, að þurfi að ráða bót. Annað atriði, sem ég vil sérstaklega nefna, er hið menningarlega tjón, sem af því hlýzt, ef þjóðin missir „rímeyrað", ef þjóðin hættir að hafa tilfinningu fyrir stuðluðu máli, eins og hent hefur frændþjóðir okkar í nágrannalöndunum. Þær eru búnar að týna stuðlamálinu niður fyrir nokkuð löngu síðan, þó að forfeður þeirra, eins og okkar, kynnu þetta mál. En það er aðeins hér á Íslandi, sem það hefur varðveitzt, eins og við ein höfum varðveitt hina fornu tungu Norðurlanda og við ein getum lesið bækur, sem skrifaðar voru fyrir mörgum öldum. En auðvitað er það svo, að alveg eins og stuðlamálið laut í lægra haldi á öðrum Norðurlöndum, þá er hætta á, að það lúti í lægra haldi hér einnig vegna áhrifa frá stærri þjóðum. En skólarnir þyrftu sannarlega að stuðla að því, að svo verði ekki.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að halda um þetta neina ræðu og læt nægja að vísa til grg., en legg til, herra forseti, að málinu verði frestað og vísað til hv. allshn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja fáein orð í sambandi við þessa till., vegna þess að e. t. v. átti ég nokkurn þátt í því, að hún kom fram. Hún var lögð fram eftir töluverðar umr. hérna á þingi ekki alls fyrir löngu um móðurmálskennslu í skólum. Ég lýsi því yfir, að ég er fylgjandi þessari till. Mér sýnist mikil nauðsyn á þeirri rannsókn, sem hún stefnir að, og þá um leið á ýmsum úrbótum á því sviði. En ég vil enn undirstrika það grundvallaratriði, sem ég tel, að eigi að fylgja í sambandi við íslenzkukennslu í skólum, og það er það, að málfræðikennslunni sem slíkri verði lokið sem fyrst, eins og ég sagði í umr. um daginn, helzt á því aldursskeiði, sem nú lýkur við svo nefnt barnapróf, og alls ekki seinna en við unglingapróf. Ég tel og byggi það á reynslu minni, að litlu verði

bætt við kunnáttu eftir það aldursskeið, og þá reiknar maður með, að sæmilega hafi verið að unnið í barnaskólunum varðandi málfræðikennsluna. Mín reynsla er sú, að eftir að nemendur eru komnir í gagnfræðaskóla til að mynda, þá verði litlu við bætt á þessu sviði. Þá er farið að gæta þeirrar þreytu hjá nemendunum, sem einhvern veginn veldur því, að það er engu hægt að koma inn hjá þeim til viðbótar því, sem þegar er komið. Og þetta veldur svo leiða og jafnvel óbeit á móðurmálinu. Þegar komið er á þetta stig, þá á að mínum dómi að hefja hina lifrænu íslenzkukennslu, sem maður gæti kallað, sem yrði þá byggð á bókmenntum, að sjálfsögðu bæði í bundnu máli og óbundnu, þó að ég persónulega leggi mest upp úr því, að fornsögurnar séu notaðar við þá kennslu. Og eins er það með stafsetninguna. Ég tel líka, að þar verði litlu bætt við, þegar komið er upp yfir þann aldur, þegar nemendur taka nú barnapróf, og alls ekki eftir að þeir hafa lokið unglingaprófi. Þetta er einnig reynsla mín, að við erum að gaufast við þetta í tvo vetur í viðbót, án þess að nokkuð að ráði bætist við. Og enn segi ég það, að eigi þetta að verða kerfið, þá verður auðvitað að ætlast til þess, að íslenzkukennslu í barnaskólunum og unglingaskólunum sé þannig háttað, að fullkomin eða nægileg þekking í stafsetningu sé fyrir hendi, þegar lengra kemur á námsbrautinni; nægileg segi ég, en ekki fullkomin, vegna þess að það er ekki um að ræða raunverulega fullkomna þekkingu á stafsetningu. Þetta þekkja allir þeir, sem fást t. d. við að skrifa eitthvað, við þurfum alltaf öðru hverju að fletta upp orðum til þess að ganga úr skugga um stafsetningu þeirra, og kunna þá jafnvel að vera fleiri en ein kenning á lofti um það, hvernig eigi að skrifa orðið.

Eitt mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við stafsetninguna er það, að svo kallaða hljóðfræði, sem nú er yfirleitt ekki farið að kenna fyrr en undir unglingaprófið, en mest þó í 3. og 4. bekkjum, þessa hljóðfræði á að kenna strax og farið er af alvöru að kenna stafsetninguna, vegna þess að á henni byggist stafsetningin að svo miklu leyti. Sá, sem ekki kann hljóðfræði eða er sæmilega að sér í hljóðfræðinni, getur ekki náð tökum á stafsetningunni eins og skyldi. Þess vegna segi ég það, að það á ekki að bíða með að kenna hljóðfræðina, sem er undirstaða stafsetningarinnar, þangað til skyldunáminu er að ljúka, heldur á að gera þetta miklu fyrr. Yfirleitt á að gera meiri kröfur að mínum dómi til barnanna í námi, miklu strangari kröfur heldur en gengur og gerist. Þetta er að vísu misjafnt. Mér er kunnugt um það hér í einum skóla, að íslenzkukennari, sem hefur með að gera pilt eða dreng, 11 ára dreng, sem ég þekki til, hann gerir það miklar kröfur til nemenda í sínum bekk, að þeir eru að mínum dómi, eftir því sem ég hef kannað málið, búnir að ljúka því, sem þörf er á að kunna t. d. varðandi stafsetninguna. En þá vantar að sjálfsögðu mikið varðandi þekkingu á tungumálinu að öðru leyti, orðaforða og annað slíkt. En þetta er dæmi um það, hverju má áorka, ef vel er að unnið og ef kröfur eru gerðar til nemendanna, einnig á barnsaldri. Ég hef orðið var við það, — foreldrar hafa sýnt mér dæmi um það, — hvaða kröfur eru gerðar varðandi kvæði t. d. Nemanda er sett fyrir kvæði að læra heima, venjulega eru honum valin léttustu kvæði skáldanna okkar, og svo er e. t. v. sleppt úr nokkrum erindum. Þegar maður fer að athuga þessi erindi og ástæðuna fyrir því, að þeim er sleppt úr, þá er það greinilegt, að það er vegna þess, að þarna koma fyrir nokkur fágæt orð, það er ekki lagt á barnið að læra þessi orð, heldur er þessum erindum sleppt fyrir bragðið. Allt þetta þarf að taka til rækilegrar athugunar, og það er von mín, að þessi athugun öll og rannsókn leiði til þess, að þeir kennarar, sem trúað er fyrir íslenzkukennslunni að því er varðar eldri nemendur en þá, sem eru í barna- og unglingaskólum núna, þeir hafi frjálsari hendur, sem allra frjálsastar hendur í kennslunni, og þá á ég við það, að þeim veitist tækifæri til þess að glæða tilfinningu nemendanna fyrir móðurmálinu, auka orðaforða þeirra og vald þeirra á málinu, bæði að því er varðar að tala það og einnig að rita.

Ég sé nú ekki ástæðu, held ég, til þess að bæta neinu sérstaklega við þetta, en vil þó segja eitt í sambandi við setningafræði, sem hefur verið fordæmd allmjög af hálfu ýmissa aðila, ekki síður en málfræðistaglið, sem við höfum leyft okkur að nefna svo. Að mínum dómi er setningafræðin allt annars eðlis. Það verður ekki talað um hana sem stagl. Til þess að læra setningafræðina þarf töluverðan skilning, og jafnframt því sem sá skilningur eykst, þá eykst að mínum dómi hæfileiki nemandans til þess að hugsa rökrétt. Ég álít, að setningafræði sé ekki óskyld stærðfræðinni að þessu leyti. Og svo að ég segi nú aftur frá reynslu minni sem kennara, þá er setningafræðinámið oft þannig í sinni verkan, að það er eins og nemendurnir frelsist úr málfræðinni og yfir á þetta svið. Og það sama gildir reyndar um okkur kennarana, að við, sem höfum fengizt við þessa íslenzkukennslu í gagnfræðaskólunum, unglinga- og gagnfræðaskólum, við hressumst allir, þegar komið er út í setningafræðina, vegna þess að þá er bæði það, að nemendurnir eru að verða áhugasamari og að öllu leyti andlega hressari við námið, og eins hitt, að við finnum meiri tilgang með því, vegna þess að hvað svo sem líður gagnsemi setningafræðinnar, — hún er nú dregin í efa, þó að hún komi sannarlega að miklu gagni t. d. varðandi mál eins og latínu, sem hreint ekki verður lærð, nema menn kunni sæmilega setningafræði, — en hvað sem öllu þessu líður, þá er hún þó þjálfun. Hún þjálfar hugsun nemandans og eykur þar með þroska hans. Þetta vildi ég nú aðeins taka fram til þess að fyrirbyggja misskilning, sem mér virðist hafa aðeins örlað á í sambandi við tal mitt um málfræðistaglið um daginn. Ég vil þar undanskilja setningafræðina.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þau stungu mig dálítið ummæli þess hv. þm., er síðastur talaði. Hann komst svo að orði, að þegar lyki barnaprófi, þá ætti að hefja lifræna kennslu í íslensku. Ég veit, að þetta er nú einhver misgáningur, hann meinar það auðvitað ekki, að hún eigi að hefjast þá. En vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram, bæði nú og áður, þá langar mig til þess að bæta við örfáum orðum og láta koma fram mitt viðhorf einmitt varðandi þetta, hvenær eigi að hefja og halda uppi lifrænni kennslu, ef svo má segja, í móðurmálinu. Ég tel, að það sé alveg höfuðatriði að hefja hana strax, þegar barnið kemur í skólann. Mig hefur t. d. oft undrað það, hversu seint er farið að láta börn skrifa ritgerðir. Ég hef ofur-

lítið fengizt við barnakennslu utan við lög og rétt að því leyti, að ég hef ekki haft kennararéttindi, gert það eins og margir fleiri góðir Íslendingar út úr neyð, þegar þeir, sem réttindin hafa, eru við önnur störf. En mér hefur fundizt það mjög nauðsynlegt að byrja strax á því að lofa börnunum að skrifa ritgerðir, strax og þau geta stautað sig fram úr léttum bókum. Ég held, að vinningurinn við þetta sé sá, að á þessu aldursskeiði hafa börnin minni sjálfsgagnrýni, og ef þau byrja þá strax að semja, þá verður það þeim eðlilegt og þeim finnst þetta alveg sjálfsagt, og þau þurfa þá ekki seinna, þegar ritgerðirnar byrja almennt, eftir því sem ég hef komizt næst, að byrja á því að yfirvinna óttann við það að tjá sig í skrifuðu máli. Og ég held, að þetta gildi alveg eins um framsetningu talaðs máls, að það þurfi að byrja mjög snemma á því að láta börnin koma fram sjálfstætt, t. d. lesa upp eða flytja ljóð fyrir framan félaga sína. Ég segi þessi orð ekki til þess á neinn hátt að brjóta niður það, sem þeir hafa sagt hér, hv. flm. þessarar till. og hv. 4. landsk. þm., heldur vildi ég eins og bæta þessu við þeirra ummæli. Í aðalatriðum er ég þeim alveg sammála, og ég vil fyrir mitt leyti fagna því, að þessi till. er fram komin. Vonast ég til þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að afgreiða hana, þó að stutt sé e. t. v. til þingloka. Þetta er ekkert flókið mál, en það er væntanlega öllum augljóst, sem hugann að því leiða, að það er nauðsynlegt að fylgjast ákaflega vel með á þessu sviði.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend upp aftur, vegna þess að ég sé ekki ástæðu til þess að láta niður falla þetta notalega rabb okkar hér um móðurmálið. Það er fámennt í salnum að vísu, en góðmennt, að ég hygg. Það eru þrír Alþb.-þm., tveir eins og stendur, einn var að fara fram, ég veit, að hann kemur aftur rétt strax, og þrír framsóknarþm. og einn fulltrúi ríkisstj. eða stjórnarflokkanna, og þarna kemur þriðji Alþb.-þm. inn aftur, og fulltrúi stjórnarflokkanna er forseti. Og nú sé ég, að hæstv. forseti Nd. gengur í salinn, og þar með hefur stjórnarflokkunum aukizt fylgi um 100% í salnum.

Ég vil ekki láta niður falla þetta rabb okkar strax. Ég vil gjarnan halda þessu áfram, og ég vil taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 5. þm. Austf., um ritgerðir barna. Ég er feginn því, að hann skildi rétt það, sem ég sagði, þó ekki alveg rétt, að því er virðist. Ég átti við það, að lifandi móðurmálskennsla á að sjálfsögðu að hefjast sem allra fyrst, og það mátti að sjálfsögðu skilja það af tali mínu um það að géra sem mestar kröfur til barnanna á þessu sviði, enda skildi hann þetta þannig og skildi það þar með rétt.

En það er eitt atriði í því, sem hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson nefndi, sem gjarnan mætti hugleiða nokkru nánar, þar sem hann talar um ritgerðir barna og gildi þeirra. Hann segir alveg réttilega, að gildi þessara ritgerða, sé ekki hvað sízt fólgið í einlægninni. Börnin eru óbundin, þau eru ótrufluð af ýmsu, sem seinna kemur til sögunnar og heftir hugsun þeirra og veldur þá alls konar tilgerð og erfiðleikum í framsetningu. En þetta sýnist mér rökstyðja það, sem ég hef áður sagt um málfræðistaglið. Það er ásamt mörgu öðru málfræðistaglið, sem að mínum dómi veldur þessari þvingun, því miður. En vandamálið hjá barnakennurunum og þá enn meira hjá unglingakennurum, sem taka við þeim nemendum, sem eru komnir á það skeið, þegar ýmiss konar tilgerð fer að segja meira til sín, það vandamál er að viðhalda þessari einlægni. Og hér er reyndar um að ræða vandamál, sem snertir allt ritað mál. Ritað mál, árangurinn á því sviði, byggist einfaldlega fyrst og fremst á einlægni. Sá mæti maður Bernhard Shaw var einu sinni spurður að því, hvað stíll væri, og hann svaraði: Stíll er sama og einlægni. Og ég er hræddastur um það, að skilningur margra kennara sé ekki nógu mikill einmitt á þessu, að viðhalda einlægni nemendanna að því er snertir alla framsetningu. Reynsla mín sem nemanda í skóla var t. a. m. sú, að kennarar höfðu tilhneigingu til að vera með ýmiss konar spissfyndugheit út af smámunum, sem ég leyfði mér um daginn að nefna tæknileg atriði. Þeir býsnuðust yfir atriðum, sem voru í skyldleika við svona minni háttar slys, eins og það að segja mér langar í staðinn fyrir mig langar. Mér dettur í hug að nefna dæmi um það, hvað hægt er að ganga langt í því að venja blessuð börnin af svo kallaðri þágufallssýki.

Ég var einu sinni staddur þar, sem tvær litlar telpur voru að flýta sér mikið í hádeginu, og sú eldri, sem taldi sig vera menntaðri, setti ofan í við systur sína, sem var að flýta sér og þurfti að fá eitthvað, og sagði við hina eldri: Mér liggur á. Þá sagði sú eldri: Þú átt ekki að segja mér liggur á, þú átt að segja ég ligg á. Mér virðist, að þetta standi í sambandi við það, sem síðasti íslenzkutími þessarar telpu fjallaði um. Hann hefur eflaust fjallað um þetta, að maður á að segja ég kvíði fyrir og ég hlakka til, en ekki mig eða mér. Þetta er nú aðeins sagt til gamans, en þó er fólgin í þessu nokkur viðvörun. Og mér er ekki grunlaust um t. d., að viðkomandi kennari hafi verið farinn að binda íslenzkunámið helzt til mikið við svona hluti.

En svo að við komum aftur að einlægninni, þá vildi ég einmitt taka undir þetta með hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni, að það á að sjálfsögðu að láta börnin semja ritgerðir sem allra fyrst og leggja mikið upp úr því. Og ég er ekki fjarri því, að ef góðir kennarar fjalla um, þá mætti fá frá börnum nokkuð svo merkilegar bókmenntir og fullt eins merkilegar og þær ýmsar, sem á markað koma hér hjá okkur og eru samdar af ýmsum þeim, sem eldri eru, en hafa því miður glatað þeirri einlægni, sem börnin hafa.

Og af því að ég er nú farinn að tala um eldri rithöfunda, þá ætla ég að ljúka þessu með aths., sem ég leyfi mér oft að gera, þegar ég er spurður um bókmenntir eða rithöfunda. Ástæðan til þess, að sá maður, sem ég hygg, að megi telja, að hafi haft mest áhrif á íslenzkar nútímabókmenntir, a. m. k. að því er varðar stílinn, ástæðan til þess, að hann hefur náð svona miklum árangri og haft svona mikil áhrif og bókstaflega orðið byltingarmaðurinn í bókmenntum þjóðarinnar, þ. e. Þórbergur Þórðarson, ástæðan til þess er fyrst og fremst sú, að hann hefur alltaf haldið einlægninni, ekki glatað henni, þeirri einlægni, sem hann öðlaðist sem barn og unglingur austur í Suðursveit.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að halda neina ræðu, en ég vil þakka þeim, sem talað hafa, bæði hv. 4. landsk. þm. og hv. 5. þm.

Austf., fyrir góðan stuðning við þessa till., og ég vil mega vænta þess, eins og þeir, að það takist að afgreiða till. á þessu þingi, þó að hún sé ekki snemma fram komin. Ég geri ráð fyrir því, að ýmislegt hafi nú þegar verið unnið af rannsóknum af þessu tagi. Það hlýtur eiginlega að vera svo, en þeim mun skemmri tíma ætti það þá að taka að ljúka þessu verki og birta niðurstöðu, en það skiptir að sjálfsögðu miklu máli, að niðurstaða þeirrar rannsóknar, sem gerð verður, verði birt, þannig að almenningur geti haft gagn af henni.

Það er nú kannske ekki svo, eins og hv. 4. landsk. þm. gat sér til, að umr., sem fóru hér fram á Alþ. einhvern tíma fyrir nokkru síðan um málfræðistagl og fleira, hafi komið þessari till. af stað, heldur er það nú líklega fremur þannig, að ég hafi tekið þátt í þeim umr. lítils háttar, vegna þess að ég var þá með þessa till. í huga. Annars hélt hv. 4. landsk. þm. mjög fróðlega ræðu um ýmislegt í sambandi við kennslu, enda er hann sjálfur kennari og hefur verið nokkuð lengi. Ég hliðra mér hjá því að ræða um ýmislegt af því, sem hann talaði um, af því að mig skortir þar reynslu. Að vísu hef ég fengizt við kennslustörf, en það er ákaflega langt síðan það var, og um það er nú varla ástæða til þess að ræða.

Ég held, að ef við tölum um móðurmálskennslu sérstaklega, þá sé það skilyrði til þess, að sú kennsla beri árangur, eins og yfirleitt á við um alla kennslu, að hún sé lifræn. Öll kennsla þarf að vera lifræn. Og það er yfirleitt mögulegt að gera alla kennslu lifræna, ef skilyrðin eru fyrir hendi, sem til þess þarf. Meira að segja heyrði ég það á hv. þm., að það er hægt að gera setningafræði lifræna, því að hann sagði, að hún væri sannarlega af því tagi, og hann talaði mjög vel um setningafræðina sem þroskandi námsgrein. Mig minnir nú, að þegar ég var í skóla fyrir mjög löngu síðan, þá væri þetta allt haft undir sama hatti og kölluð málfræði, sem hér hefur verið talað um, þ. á m. hljóðfræðin og setningafræðin. Ég býst við, að hljóðfræðin og setningafræðin hafi í þann tíð verið talin hlutar af málfræðinni, en það er nú svo skrýtið, að þessi hluti málfræðinnar, setningafræðin, sem hv. þm. talaði um og honum þykir skemmtileg, sérstaklega skemmtilegt að kenna hana, og honum hefur líklega einnig þótt skemmtilegt að nema, það er nú sú grein málfræðinnar, sem ég hef helzt heyrt nemendur kvarta yfir og kalla „stagl". En setningafræðikennsla mun hafa verið aukin mjög mikið a. m. k. í gagnfræðaskólunum á síðustu áratugum og mun vera miklu meiri nú en hún var í þann tíð, þegar ég þekkti til þessara skóla. En hv. þm. hefur sjálfsagt sem kennari gott lag á setningafræðinni að gera hana lifræna og hefur sjálfur verið hneigður fyrir þessa námsgrein, en aðrir kalla hana „stagl".

Ég held, að það hafi verið vel mælt og réttilega hjá hv. þm., þegar hann var að tala um það, hvernig börnum væri kennt að lesa og að sleppt væri köflum úr lesmáli og ljóðum, þar sem væru fágæt orð. Hann var að segja frá því, og þessu hef ég nú líka tekið eftir, að þetta er gert, og það er áreiðanlega ekki stefna í rétta átt. Það á ekki að vera að búa til neitt sérstakt barnamál, ekki vera að búa til bækur á barnamáli til þess að lesa í skólum. Nemendur eiga að fá lestrarefni á málinu, eins og það er. Í fyrri daga var börnum kennt að lesa biblíuna í þýðingu Odds Gottskálkssonar og Guðbrands Þorlákssonar, og ýmsir merkir menn, rithöfundar, hafa einmitt haft orð á því, að sú lestrarkennsla hafi reynzt þeim vel og verið góð undirstaða í meðferð hins ritaða máls.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, þó að það sé alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það gæti verið skemmtilegt að rabba um þessa hluti. Ég stóð aðallega upp til þess að þakka fyrir þann stuðning, sem till. hefur hlotið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

37. Áætlun til að binda enda á vanþróun Íslands í vegamálum.

Á deildafundum 4. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um 10 ára áætlun um ráðstafanir til að binda enda á vanþróun Íslands í vegamálum [200. mál] (A. 335).

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31., 35., 36., 38. og 40. fundi í Sþ., 5., 19., 23. og 30. marz, 2. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Endurskoðun laga varðandi úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins o. fl. um ályktanir sveitarstjórna.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun laga varðandi úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins o. fl. um ályktanir sveitarstjórna [206. mál] (A. 351).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31., 34., 35., 36., 38. og 40. fundi í Sþ., 5., 16., 19., 23. og 30. marz, 2. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá og var það ekki á dagskrá tekið framar.

39. Öflun skeljasands til áburðar.

Á deildafundum 17. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um öflun skeljasands til áburðar [210. mál] (A. 367).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31., 34., 36., 38. og 40. fundi í Sþ., 5., 16., 23. og 30. marz, 2. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

40. Upphitun húsa.

Á deildafundum 17. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um upphitun húsa [216. mál] (A. 373).

Á 31., 34., 36., 38. og 40. fundi í Sþ., 5., 16., 23. og 30. marz, 2. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

41. Ættaróðul.

Á deildafundum 24. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga nr. 102 frá 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir o. fl. [219. mál] (A. 396).

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36., 38. og 40. fundi í Sþ., 23. og 30. marz, 2. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

42. Rannsóknarnefnd til könnunar á högum fanga.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar til könnunar á högum fanga [220. mál] (A. 399).

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

43. Stuðningur við blaðaútgáfu utan Reykjavíkur.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um stuðning við blaðaútgáfu utan Reykjavíkur [224. mál] (A. 410).

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

44. Sumarvinna unglinga.

Á 32. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um sumarvinnu unglinga [240. mál] (A. 457).

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

45. Ábúðarlög.

Á deildafundum 10. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun ábúðarlaga, nr. 36 29. marz 1961 [245. mál] (A. 472).

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

46. Kísilgúrnáma við Vesturá.

Á deildafundum 15. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rannsókn kísilgúrnámu við Vesturá á Tvídægru [252. mál] (A. 484).

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

47. Talsímagjöld.

Á deildafundum 15. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um talsímagjöld [253. mál] (A. 486).

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

48. Endurskoðun á gjaldskrá landssímans.

Á deildafundum 15. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun á gjaldskrá landssímans [254. mál] (A. 487).

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

49. Flugmál.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um flugmál [257. mál] (A. 500).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

50. Staðsetning ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um athugun á staðsetningu ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana [259. mál] (A. 515).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

51. Aðstoð vegna endurbóta í hraðfrystiiðnaðinum.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um útvegun fjármagns og aðstoð vegna endurbóta í hraðfrystiiðnaðinum [268. mál] (A. 528).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

52. Skipting landsins í fylki.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um skiptingu landsins í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum [269. mál] (A. 529).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

53. Tekju- og verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um breytta tekju- og verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til eflingar héraðsstjórnum [271. mál] (A. 534).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

54. Endurskoðun hafnalaga.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun hafnalaga [272. mál] (A. 535).

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

55. Djúpvegur í Ísafjarðardjúpi.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um Djúpveg í Ísafjarðardjúpi [275. mál] (A. 546).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

56. Virkjun Sandár í Þistilfirði.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um virkjun Sandár í Þistilfirði [277. mál] (A. 549).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

57. Fiskeldi í Þorskafirði og Hestfirði.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um athugun á fiskeldi í Þorskafirði og Hestfirði og vegagerð yfir þá firði [284. mál] (A. 571).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

58. Embætti umboðsmanns Alþingis.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis [286. mál] (A. 582).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

59. Endurskoðun á starfsháttum utanríkisþjónustunnar.

Á deildafundum 26. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun á starfsháttum utanríkisþjónustunnar [299. mál] (A. 668).

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

60. Lausn Laxárdeilunnar.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um aðgerðir til lausnar Laxárdeilunni [301. mál] (A. 710).

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

61. Sáttanefnd í Laxárvirkjunardeilunni.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um aðgerðir til lausnar Laxárvirkjunardeilunni [301. mál] (A. 710).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

62. Leiðrétting á vaxtabyrði lána úr Byggingarsjóði ríkisins.

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um leiðréttingu á vaxtabyrði lána úr Byggingarsjóði ríkisins [304. mál] (A. 755).

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

63. Endurskoðun orkulaga.

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun orkulaga [305. mál] (A. 757).

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

64. Kynning íslenzkrar iðnaðarframleiðslu í sjónvarpi.

Á deildafundum 5. maí var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um kynningu íslenzkrar iðnaðarframleiðslu í sjónvarpi [306. mál] (A. 815).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

65. Efling landhelgisgæzlunnar.

Á deildafundum 5. maí var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eflingu landhelgisgæzlunnar [307. mál] (A. 816).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

66. Rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Till. til þál. um rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar [100. mál] (A. 105).

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er lagt til, að Nd. Alþ. skipi rannsóknarnefnd í samræmi við ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar. Henni eru ætluð tvö verkefni samkv. till. Í fyrsta lagi að rannsaka aðdraganda verðstöðvunar þeirrar, sem kom til framkvæmda 1. nóv., þ. e. verðlagsþróunina, sem leiddi til þessarar svo kölluðu verðstöðvunar nú í haust, og í annan stað á rannsóknin sérstaklega að beinast að þróun verðlagsmála, eftir að hæstv. forsrh. boðaði það í sjónvarpi með 18 daga fyrirvara, að verðstöðvunaraðgerðir væru væntanlegar. Þessi till. hefur greinilega vakið allmikla athygli og raunar nú þegar haft áhrif hér innan þingsalanna. Nú fyrir nokkrum dögum dreifðu t. a. m. nokkrir þm. Framsfl. till. frá sér um skipan rannsóknarnefndar, sem átti að hafa fyrra verkefnið, sem ég minntist á hér. Nú er það að vísu algengt, að hv. framsóknarmenn fái ágætar hugmyndir frá okkur Alþb.-mönnum, en þetta skeður þó skjótar heldur en við erum vanir, og ég segi þetta ekki til þess að amast við þessu, þvert á móti. Ég tel ekki, að við Alþb.-menn þurfum að vera neitt sínkir á hugmyndir okkar eins og sumir virðast nú vera, þvert á móti teljum við það vera til marks um það, að hugmyndir okkar eigi hljómgrunn, þegar þær fá stuðning á þennan hátt.

Síðara atriði þessarar rannsóknar, athugunin á því, hvað gerðist eftir að hæstv. forsrh. boðaði verðstöðvun í sjónvarpi með alllöngum fyrirvara, virðist hafa komið æði illa við stjórnarflokkana, hæstv. ráðh. og málgögn þeirra. Þessir aðilar hafa aftur og aftur kveinkað sér undan till., þeirra á meðal hæstv. forsrh., sem gerði till. sérstaklega að umtalsefni, þegar hann mælti fyrir frv. ríkisstj. um nýjar aðgerðir í efnahagsmálum, þessi árvissu bjargráð, sem aldrei bjarga þó neinu. Hæstv. forsrh. andmælti þó fyrst og fremst forminu á till. og taldi óeðlilegt að flytja till. um skipan rannsóknarnefndar. Vitnaði hann m. a. í 13. gr. laga um landsdóm, sem svo hljóðar:

„Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðh. skal gerð með þál. í Sþ., og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þál., enda sé sókn málsins bundin við þau."

Og síðan hélt hæstv. forsrh. áfram á þessa leið:

„Hér er skýrt ákveðið og engin tvímæli. Ef þessir herrar, sem flytja umgetna þáltill. í Nd., telja mig sekan sem ráðh. vegna ummæla í sjónvarpi, þá eiga þeir lögum samkv. að flytja þál. um málshöfðun í Sþ. og tiltaka kæruatriðin nákvæmlega. Yrði þá tekin afstaða til slíkrar till. um ákæru á þinglegan hátt. Að öðrum kosti tel ég ekki mark á þessum hv. þm. takandi í slíku máli."

Hæstv. forsrh. heldur því sem sé fram, að við flm. hefðum lögum samkv., eins og hann orðaði það, átt að flytja þetta mál á allt annan hátt. Málatilbúnaður okkar sé í eðli sínu lögbrot og því ekki mark á honum takandi. Nú er hæstv. forsrh. að vísu margfalt löglærðari maður heldur en ég, en samt virðist þekking hans á þeim lögum, sem fjalla um störf ráðh., vera farin að fyrnast æði mikið, og hefði þó mátt vænta þess, að hæstv. ráðh. hefði litið á þau lög, eftir að hann tók að sér verkstjórn í stjórnarráðinu.

Í lögum um ráðherraábyrgð, sem eru forsenda laga um landsdóm, er í 14. gr. fjallað um málshöfðunarfresti og fyrningarákvæði, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú samþykkir Alþingi áður en málshöfðunarfrestur er liðinn að kjósa rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðh., og getur Alþ. þá jafnan samþykkt málshöfðun innan árs frá kosningu rannsóknarnefndarinnar."

Hér gerir löggjafinn ráð fyrir því sem eðlilegum aðdraganda, að skipuð sé rannsóknarnefnd samkv. 39. gr.

stjórnarskrárinnar, ef talin er ástæða til þess að rannsaka störf ráðh., og samkv. stjórnarskránni eru slíkar rannsóknarnefndir bundnar við þd. Við flm. höfum því ekki brotið nein lagaform, heldur fylgt þeim út í yztu æsar. En raunar skiptir efnið ævinlega meira máli en formið. Ég hefði talið það yfirborðsleg vinnubrögð að flytja till. um að höfða nú þegar mál gegn hæstv. ráðh., en fyrir hinu eru full rök, að rannsakað verði til hlítar, hvað hlotizt hafi af þeirri ráðabreytni hæstv. ráðh. að tilkynna í sjónvarpi með hálfrar þriðju viku fyrirvara um mjög afdrifaríka efnahagsákvörðun, sem hefur veruleg áhrif á afkomu ýmissa þjóðfélagshópa, ekki sízt ýmissa atvinnurekenda og kaupsýslumanna. Slík aðvörun fyrir fram er svo furðulegt fyrirbæri, að ég tel, að Alþ. eigi ekki að láta það fram hjá sér fara athugunarlaust.

Ég vil vekja athygli á því, að orðalagið á till. okkar er algerlega óhlutdrægt. Þar er farið fram á það eitt, að rannsókn verði framkvæmd, en síðan verði niðurstöðurnar notaðar til þess að meta það, hvort rök séu til þess að kæra hæstv. forsrh. fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð. Hér er sem sé farið fram á fullkomlega málefnaleg vinnubrögð. Einnig er lagt til, að rannsóknin verði framkvæmd af fimm innandeildarþm., sem kosnir verði hlutfallskosningu. Stjórnarflokkunum er sem sé boðið upp á að hafa meiri hl. í rannsóknarnefndinni. Ef hæstv. forsrh. er jafnsannfærður um málstað sinn og hann vill vera láta, þá hafði hann ekki neina ástæðu til þess að bregðast við slíkri till. af yfirlæti, eins og hann gerði hér í þinginu, heldur hefði hann átt að fagna henni. En raunar tel ég það ekki skipta máli, hvernig hæstv. forsrh. bregzt við till. eins og þessari. Hver svo sem viðbrögð hans eru, tel ég það vera skyldu Alþ. að láta kjósa rannsóknarnefndir samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar í hvert skipti, sem fram á það er farið með fullum rökum. Slík starfsemi þn. er mjög algeng í þingræðisríkjum umhverfis okkur, og hún beinist langoftast að athöfnum ráðh. og embættismanna, sem þjóðþingin telja sig þurfa að fá betri vitneskju um. Þar er litið á slíka rannsóknarstarfsemi sem sjálfsagða skyldu þjóðþinga, en ekki neina óvirðingu við þá, sem rannsóknin beinist að. Í því að hefja slíka rannsókn er enginn áfellisdómur fólginn. Hann getur einungis falizt í niðurstöðu rannsóknarinnar. Þeir einir óttast slíka rannsókn, sem ekki hafa hreint mél í pokanum.

Þannig er þegar ærin vitneskja fólgin í hinum vanstilltu viðbrögðum stjórnarliðsins í sambandi við þessa till., og ýmsir skoðanabræður hæstv. forsrh. hafa haft uppi ummæli í þessu sambandi, sem eru ekki síður athyglisverð. Þannig vék frsm. meiri hl. fjhn. þessarar d., hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, að þessari till., þegar hann mælti fyrir nál. stjórnarsinna um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að tilfæra ummæli hans, eins og þau voru rakin í Morgunblaðinu 13. nóv. s. l.:

„Matthías sagði, að reynt hefði verið að gera forsrh. tortryggilegan vegna ummæla hans í sjónvarpi og flutt hefði verið till. um, að kannað yrði, hvort grundvöllur væri fyrir því að stefna honum fyrir landsdóm og fá hann dæmdan fyrir brot á ráðherraábyrgð. Kvaðst Matthías vilja vekja athygli á þessari málsmeðferð; hún væri með eindæmum. Það hefði verið að kvöldi 13. okt., sem umræddu sjónvarpsviðtali var útvarpað, en 1½ sólarhring síðar hefði verið útbýtt í þinginu frv. til l. um verðstöðvun, sem Alþb.-menn fluttu. Þeir höfðu því haft snör handtök, gripið til Alþingistíðinda og flett upp verðstöðvunarfrv., er lagt var fram á Alþ. 1966, tekið úr því nokkrar greinar og samið frv. sitt eftir þeim. Með þessu frv. hefði augsýnilega verið tilgangurinn að hagnýta sér þau ummæli, sem forsrh. viðhafði í sjónvarpsviðtalinu, og hefði flutningur till. um skipun rannsóknarnefndarinnar verið síðasti þáttur þeirrar sviðsetningar. Með frv., sem lagt var fram 15. okt., hefði verið ætlunin að koma af stað skriðu verðhækkana í landinu og reyna síðan að kenna forsrh. um það, sem þá hefði gerzt."

Hér er það sem sé játað afdráttarlaust, að vitneskja um væntanlega verðstöðvun hefði getað komið af stað skriðu verðhækkana í landinu. Hins vegar reynir þessi hv. þm. að koma ábyrgðinni á okkur Alþb.-menn. Hann virðist telja, að tillöguflutningur okkar veki meiri athygli og sé tekinn alvarlegar en skýlausar yfirlýsingar hæstv. forsrh. Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um hinn barnalega reyfara hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen. Ákvörðunin um að leggja fram frv. um verðstöðvun var tekin af þm. Alþb., áður en þing kom saman, og í frv. voru ákvæði um, að verðstöðvun skyldi gilda frá þeim tíma, sem frv. var lagt fram. Í því var þannig ekki fólgin aðvörun til eins eða neins. En það fróðlega er, að hv. þm. skuli hafa talið nauðsynlegt að búa til þessa sögu, að hann skuli viðurkenna á svona skýlausan hátt, að fyrirframvitneskja um verðstöðvun geti komið af stað skriðu verðhækkana í landinu, eins og hann orðaði það. Að vísu taldi hv. þm. í áframhaldinu, að skriðan hefði ekki hlaupið, en um það atriði er ég á öðru máli. Till. um rannsóknarnefnd hefur m. a. þann tilgang að fá sannreynt, hvor okkar hefur á réttu að standa. Ég er reiðubúinn til að leggja mitt mat undir dóm rannsóknarnefndar, og ég vænti, að hv. þm. sé það sömuleiðis.

Mig langar til að minnast á enn eitt dæmi um mat stjórnarliðsins sjálfs. Eftir að hæstv. forsrh. var búinn að auglýsa væntanlega verðstöðvun í sjónvarpinu, voru þau vinnubrögð að sjálfsögðu gagnrýnd opinberlega og tengd við verðhækkanir, sem dundu yfir þegar næstu daga á eftir. Svo fór að lokum, að hæstv. ríkisstj. notfærði sér heimild í lögum og lét tilkynna verðstöðvun frá og með 1. nóv., en það var viku áður en frv. hæstv. ríkisstj. var lagt fram hér á þingi. Um ástæðurnar fyrir þeirri ráðabreytni komst hæstv. viðskrh., Gylfi Þ. Gíslason, svo að orði í viðtali við Alþýðublaðið 2. nóv., með leyfi hæstv. forseta:

„Í síðustu viku var fjallað ítarlega um málið allt í ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar á Alþ. Í þessari viku mun ríkisstj. birta heildartillögur sínar. Það var því sjálfsögð ráðstöfun, að hún skyldi beita sér fyrir því, að engar verðhækkanir ættu sér nú stað. Að öðrum kosti hefðu ýmsir aðilar getað reynt að nota tímann fram til heildarráðstafananna til þess að hækka verð og hagnast á því."

Þarna segir sjálfur viðskrh., að það hefði verið sjálfsögð ráðstöfun að framkvæma verðstöðvun, áður en frv. var lagt fram, til þess að ýmsir aðilar gætu ekki notað tímann til þess að hækka verð og hagnast á því.

En þessi sjálfsagða ráðstöfun, sem hæstv. viðskrh., einn aðalleiðtogi ríkisstj., talar um, kom ekki fyrr en 18 dögum eftir að hæstv. forsrh. hafði auglýst það í sjónvarpi, að verðstöðvun væri væntanleg eftir nokkrar vikur. Hinir ýmsu aðilar, sem hæstv. viðskrh. talaði um, höfðu fengið ærin tilefni til þess að hækka verð og hagnast á því. Sá hæstv. ráðh., sem taldi það sjálfsagða ráðstöfun að koma í veg fyrir slíka þróun, hlýtur að vera sammála því, að skipuð verði rannsóknarnefnd til þess að kanna afleiðingarnar af þveröfugri ráðabreytni hæstv. forsrh. Þannig hafa fulltrúar stjórnarflokkanna sjálfra þegar viðurkennt, að till. þessi er flutt af ærnu tilefni. Og ég vil vænta þess, að viðbrögð þeirra við till. verði í samræmi við það. Hins vegar væri afar fróðlegt að fá nú þegar við 1. umr. um þetta mál skýringu á því frá hæstv. forsrh., hvers vegna hann auglýsti hina væntanlegu verðstöðvun með 18 daga fyrirvara. Voru þetta mistök hjá hæstv. ráðh., hugsunarleysi, eða var þetta gert að yfirlögðu ráði í samræmi við stefnu hæstv. ríkisstj.?

Sú hugmynd, að verðstöðvunin hafi verið boðuð fyrir fram af yfirlögðu ráði, er ekki eins fjarstæðukennd og sumir kunna að ætla. Þegar samið hafði verið í vor um kauphækkun, sem var í fullu samræmi við aukningu framleiðslutekna hjá þjóðarbúinu, hefði ríkisstj. borið að grípa þegar til verðstöðvunaraðgerða, reyna að koma í veg fyrir það, eins og kostur var, að kauphækkunum yrði velt út í verðlagið. Slíkar ráðstafanir hefðu orðið í fullu samræmi við stefnu þá, sem hæstv. ríkisstj. hét að framkvæma, þegar hún hóf hina svo kölluðu viðreisnarstefnu sína 1960. Í bókinni Viðreisn segir svo á bls. 23 um viðbrögð ríkisstj. við slíkum vandamálum, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er það einnig ætlun ríkisstj. að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana. Með þessu móti getur því aðeins skapazt grundvöllur fyrir launahækkunum, að um sé að ræða aukningu framleiðslutekna, sem launþeginn njóti góðs af fyrir sitt leyti í hækkuðu kaupi. Það er líka aðeins með þessu móti, sem launahækkanir geta orðið launþegum til raunverulegra hagsbóta."

Þetta var afar skýr stefna. Atvinnurekendur verða sjálfir að standa við þær kauphækkanir, sem þeir semja um. Þeir munu ekki fá að velta kauphækkunum af sér út í verðlagið. En eftir kjarasamningana í vor braut hæstv. ríkisstj. ekki aðeins í bága við þessa stefnu, eins og hún hefur oft gert áður, heldur tók hún upp þveröfuga stefnu vitandi vits og af ráðnum hug. Allir þeir, sem gátu velt af sér kauphækkunum út í verðlagið, fengu að gera það, jafnt einkaaðilar sem opinberir aðilar. Fulltrúi ríkisstj. í verðlagsnefnd var önnum kafinn fund eftir fund að samþykkja með fulltrúum atvinnurekenda og kaupsýslumanna allar óskir um verðhækkanir. Listi um þessa skriðu hefur verið birtur opinberlega, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að lesa hann upp hér. Hins vegar skortir að sjálfsögðu lista yfir þær vörur og þá þjónustu, sem hækkar, án þess að verðlagsnefnd hafi um það fjallað. Svo hömlulaus var þessi verðbólguskriða, að á aðeins fjórum mánuðum hækkaði almennt verðlag, meðalverð í landinu um því sem næst 12%. Það jafngildir því, að almennt verðlag í landinu hafi hækkað um 2—3000 millj. kr. miðað við ársneyzlu. Hér er sannarlega um að ræða efnahagsaðgerðir, sem hafa haft hin víðtækustu áhrif á afkomu manna og hagsmunahópa. Hæstv. ríkisstj. beygði sig ekki aðeins fyrir kröfum atvinnurekenda og kaupsýslumanna um hækkanir, hún hafði sjálf forustu um þessa verðbólguþróun. Í grg. með frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis segir svo um afskipti ríkisstj. af þessum málum, með leyfi hæstv. forseta:

„Hækkanirnar hafa dreifzt mjög almennt á allar tegundir vöru og þjónustu og tiltölulega jafnt, eftir því sem tilefni hafa gefizt til. Hafa hlutaðeigandi yfirvöld fylgzt rækilega með verðlagsaðlöguninni með stuðningi sundurliðaðra vísitöluyfirlita og áætlana og unnið að samræmdu mati hækkunartilefna."

Hér heitir óðaverðbólgan verðlagsaðlögun. Og sagt er, að ríkisstj. hafi gert áætlanir um verðbólguþróunina og unnið að framkvæmd þeirrar áætlunar. Áætlun hæstv. ríkisstj. var raunar svo rúm, að kaupsýslumenn hafa ekki fyllt út í hana. Hæstv. fjmrh. greindi frá því hér á þingi ekki alls fyrir löngu, að verðbólguþróunin hefði orðið hálfu stigi hægari en hæstv. ríkisstj. reiknaði með í þessum áætlunum, sem hún lét gera og vann að því að framkvæma, að því er hún sjálf hefur sagt. Í grg. fyrir þessu frv. er enn fremur komizt svo að orði:

„Hefur jafnframt verið unnið að því að ljúka þeirri verðlagsaðlögun, sem óhjákvæmileg reyndist, meðan athuganir hafa farið fram til undirbúnings almennum aðgerðum til verðstöðvunar."

Það þurfti að ljúka verðlagsaðlöguninni. Það þurfti að hækka verðið. Samkvæmt þessum ummælum var það keppikefli fyrir hæstv. ríkisstj., að allir sem vildu hækka, fengju tækifæri til þess, áður en verðstöðvunin kæmi. Verðstöðvunin mátti ekki koma fyrr en allir væru búnir að ljúka sér af. Einmitt þess vegna væri ákaflega fróðlegt að heyra, hvort það var e. t. v. þetta, sem vakti fyrir hæstv. forsrh., þegar hann boðaði verðstöðvunina með 18 daga fyrirvara í sjónvarpinu. Var hann að framkvæma þá stefnu ríkisstj., að allir fengju tækifæri til að ljúka verðlagsaðlöguninni, eins og það heitir á tungutaki viðreisnarhagfræðinga? Öll er þessi þróun með sönnum ólíkindum. Hún er afar skýrt dæmi um vísvitandi verðbólgustefnu og raunar afar óþjóðholla stefnu núv. hæstv. ríkisstj. Ég vil minna menn á, að ríkisstj. fara með mikil völd. Þær taka oft ákvarðanir, sem raska högum manna og stétta mjög verulega. Þegar slíkar ákvarðanir eru teknar, þá skiptir mjög miklu máli, að menn viti ekki um þær fyrir fram. Því að ef menn vita um þær, er hægt að búa sig undir þær og jafnvel hagnast á þeim af þeim, sem sízt skyldi. Því þykir það hvarvetna sjálfsögð skylda að láta slíkar ákvarðanir fara leynt, þar til þær komast í framkvæmd. Hvergi á þessi regla meiri rétt á sér en á Íslandi, vegna þess að hér eru stökk og kollsteypur, óðaverðbólga og gengislækkanir algengari en í nokkru öðru þjóðfélagi með svipaðan efnahag. Vitneskja fyrir fram um slíkar stökkbreytingar er afar mikilvæg fyrir fésýslumenn. Hún gerir þeim kleift að taka ákvarðanir í samræmi við þær aðgerðir, sem fyrirhugaðar eru, og hagnast stórlega á kostnað annarra. Það getur vissulega oft verið erfitt að komast hjá því að draga réttar ályktanir um fyrirhugaðar aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum. En það er samt alger eðlismunur á slíkum spádómum og formlegri tilkynningu í útvarpi. Mér er spurn, hvar lendum við, ef þessi aðferð hæstv. forsrh. verður tekin upp? Er

það e. t. v. ætlun hæstv. ríkisstj., ef svo ólíklega skyldi vilja til, að hún héldi völdum eftir næstu kosningar, að tilkynna næstu gengislækkun sína í sjónvapri nokkrum vikum áður en hún verður framkvæmd?

Mál eins og þessi eru talin afar alvarleg í ríkjum, sem búa við sterka þingræðis- og lýðræðishefð. Mig langar til að minna á dæmi, sem hlaut heimsfrægð á sínum tíma. Í nóv. 1947 var fjmrh. Breta, Hugh Dalton, á leiðinni í þinghúsið til að leggja fram fjárlagafrv., en í því voru meiri háttar efnahagsráðstafanir, skattar og álögur, sem áttu að stöðva verðbólguþróun. Í anddyri þinghússins hitti hæstv. ráðh. blaðamann, sem spurði hann um efni frv. Og ráðh. skýrði honum frá nokkrum meiri háttar efnisatriðum. Síðan liðu nokkrir klukkutímar, þar til ráðh. lagði frv. sitt formlega fyrir á brezka þinginu, með þeim afleiðingum, að málgagn blaðamannsins, dagblaðið Star, kom út og var selt á götunum með fréttum um fjárlagafrv., áður en það hafði verið lagt fram í þinginu. Þetta var gagnrýnt í ræðum á þingi. Og Hugh Dalton viðurkenndi mjög hreinskilnislega, að hann hefði gert sig sekan um trúnaðarbrot, og hann bað þingið afsökunar. Þessari hreinskilnu afsökunarbeiðni var vel tekið, en engu að síður skrifaði leiðtogi Íhaldsflokksins brezka, Winston Churchill, Dalton bréf og tilkynnti honum, að hann mundi leggja til á þingi, að skipuð yrði rannsóknarnefnd til þess að kanna, hver áhrif þessi ótímabæra frásögn fjármálaráðherrans hefði haft. Þá skrifaði Hugh Dalton Attlee forsrh. bréf og bauðst til þess að segja af sér störfum, og Attlee forsrh. tók því boði og skipaði nýjan fjármálaráðherra. Enda þótt ráðherrann segði af sér, þá var rannsóknin engu að síður framkvæmd með einróma samþykki brezka þingsins, þ. á m. Hugh Daltons. Þessi rannsóknarnefnd kannaði síðan grunsemdir um, að þessi vitneskja um fjárlögin hefði haft áhrif á kauphallarviðskipti og komst að þeirri niðurstöðu, að svo hefði ekki orðið. En þrátt fyrir það, að talið væri sannað, að ekkert alvarlegt hefði hlotizt af lausmælgi Hugh Daltons, fékk hann ekki ráðherrastarf sitt aftur. Þessi atburður er til marks um það, hversu strangar kröfur eru gerðar til ráðh. og opinberra embættismanna í löndum eins og Bretlandi, og ég er þeirrar skoðunar, að slíkar kröfur séu nauðsynlegar í hverju heilbrigðu þjóðfélagi.

Við skulum minnast þess, að þótt um sé að ræða *meiri hl. og minni hl. á þingi og oft harðan ágreining* milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, þá eru ráðherrar einnig ráðherrar þjóðarinnar allrar. Þeim eru falin mikilvæg ábyrgðarstörf, sem varða þjóðina í heild. Þetta ber ráðherrum ævinlega að muna í öllum athöfnum sínum og forðast sérstaklega, hvort sem það er af gáleysi eða ásetningi, að unnt sé að misnota vald þeirra eða vitneskju af forréttindahópum í þjóðfélaginu.

Ég er þeirrar skoðunar, að ýmsir geri nú minni kröfur til sjálfra sín hér á landi en nauðsynlegt er og hafi sú lausung verið að ágerast á síðustu árum. Till. sú, sem hér er flutt, felur ekki aðeins í sér kröfu um eðlilega og raunar óhjákvæmilega rannsókn, heldur er henni einnig ætlað að leggja áherzlu á nauðsyn aukins aðhalds og sjálfsvirðingar hjá opinberum sýslunarmönnum.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. þessari verði, þegar þessum áfanga umr. er lokið, vísað til hv. fjhn. Ég hygg, að það væri eðlilegt, af því að hún hefur fjallað um þessi mál.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. 1. flm. þeirrar till., sem hér er til umr., hv. 6. þm. Reykv., gerði að umræðuefni hér í ræðu sinni áðan þau orð, sem ég viðhafði sem framsögumaður meirihlutaálits fjhn. um frv. það, sem fyrir skömmu var fjallað um hér í hv. deild og nú er orðið að lögum, frv. til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis. Við 1. umr. þessa máls var mjög drepið á þessa till., sem hér er til umr., svo og í málflutningi stjórnarandstæðinga, því sama haldið fram og hv. 6. þm. Reykv. gerði hér áðan og fram kemur í grg. fyrir þeirri till., sem hér er til umr. Hv. þm. var fjarstaddur úr deildinni vegna starfa annars staðar og gat þess vegna ekki tekið þátt í þeim umr., sem hér fóru fram, en hann hefur auðsýnilega kynnt sér þær umr., sem hér fóru fram, og það mátti heyra af máli hans hér áðan, að það, sem ég þá sagði, hafði farið töluvert í taugarnar á þessum hv. þm. Ég skil það líka mætavel, en nauðsynlegt er að taka eftir þeim málatilbúnaði, sem hér er á ferðinni. Mér þykir rétt við þessa umr. að endurtaka þó nokkuð af því, sem ég þá sagði, og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem ég álít liggja til grundvallar þessari till., og jafnframt hvernig málatilbúnaðurinn er af hendi hv. Alþb.-manna.

Það var ákaflega fagurlega mælt hjá hv. 1. flm. hér áðan, þegar hann sagði, að till. væri ákaflega hlutlaus, orðalagið óhlutdrægt. Ef einhver skyldi nú hafa flett upp í grg. till., þá held ég, að sá hinn sami komist að niðurstöðu um það, að flutningur till. sé ekki óhlutdrægur, enda þótt orðalag till. sé haft þannig, eins og hv. 6. þm. Reykv. vildi vera láta. Í grg. er haldið fram fullyrðingum, sem ég mun koma að síðar. Eins og ég sagði í ræðu minni við 2. umr. áðurnefnds frv., þá sást og sést af vinnubrögðunum, af grg. og allri háttseminni, hvað hér stóð til, en það hefur verið afsannað af þeim embættismönnum, sem gerst þekkja til þessara mála.

Þegar Alþ. kom saman nú í haust, var öllum ljóst, að það mundi fjalla um vandamál í efnahagslífinu, ekki aðeins möguleika heldur fyrirsjáanlegt kapphlaup á milli kaupgjalds og verðlags. Það hlaut því að verða fyrsta verkefni þingsins að fjalla um þær ráðstafanir, sem ríkisstj. taldi rétt að gera til þess að freista þess, að þeim vágesti, sem var fyrir dyrum, yrði bægt frá og sú launahækkun, sem launþegar fengu á s. l. vori, gæti orðið þeim að gagni. Eitt af þeim úrræðum, sem um var rætt manna á meðal hér, var verðstöðvun. Þær umr., sem fóru fram, voru ekki aðeins í sjónvarpi, heldur og manna á meðal, e. t. v. vegna þess, að í nágrannalöndum okkar var við efnahagsvanda að glíma og þar höfðu viðbrögðin verið þau sömu, að reynt var að fyrirbyggja þær afleiðingar, sem fram kynnu að koma, með því að grípa til verðstöðvunar. Það er þess vegna, sem hæstv. forsrh. er spurður þessarar spurningar í sjónvarpi 13. okt., eins og segir í grg. með þáltill.: En hvað með verðstöðvun? Hann ræðir þar verðstöðvun, eins og hér kemur fram, enda málið í umr. manna á meðal og eitt þeirra atriði, sem gripið hafði verið til á næstu vikum á undan í nágrannalöndum okkar til þess að reyna að koma í veg fyrir áframhaldandi dýrtíð þar. Þegar hv. þm. Alþb. horfa á sjónvarpið þetta kvöld og hlýða á

viðræður þeirra sjónvarpsmanna og forsrh., þá kemur þeim augsýnilega það í hug, sem hv. 6. þm. Reykv. las hér áðan upp úr Morgunblaðinu og ég sagði við 2. umr. frv. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, og þá kemur þeim í hug að flytja frv., að vekja athygli á málinu eins og mögulegt er til þess að koma því fram, sem svo grg. með þessari þáltill. segir, að fram hafi komið. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr grg., grg. með þáltill., hvernig flm. álitu, að komið væri þann 6. nóv., þegar till. er útbýtt hér á Alþ. Þar segir:

„Þessi frásögn [þ. e. í sambandi við verðstöðvunina] vakti að vonum mjög mikla athygli og þá ekki síst hjá ýmsum kaupsýslumönnum, þjónustufyrirtækjum og öðrum atvinnurekendum, sem töldu verðstöðvun andstæða hagsmunum sínum. Enda létu viðbrögð þessara aðila ekki á sér standa. Næstu daga og vikur, eftir að forsrh. hafði boðað verðstöðvun síðar, magnaðist verðbólguþróunin stórlega. Ýmsir kaupsýslumenn hækkuðu verðlag á varningi sínum þegar næstu dagana á eftir, og var starfsfólk verzlana víða önnum kafið fram á nætur að breyta verðmerkingum; yfir verðlagsnefnd rigndi umsóknum um leyfi til að hækka varning, sem háður var verðlagsákvæðum. Hélt þessi þróun áfram að magnast allt þar til loks var birt tilkynning um verðstöðvun 1. nóv."

Hér kemur greinilega fram af hálfu flm., til hvers frv.-flutningur þeirra hér á Alþ. 15. nóv. var. Hv. 6. þm. Reykv. vildi af ummælum mínum ráða, að það væri hægt að koma af stað skriðu verðhækkana. Það var akkúrat það, sem ég sagði. Það var ætlun þessara manna að koma af stað skriðu verðhækkana, enda segja þeir sjálfir í grg. með frv., sem ég las upp úr áðan, að skriða verðhækkana hefði átt sér stað. Og til þess var leikurinn gerður. Síðan skyldi sett rannsóknarnefnd til þess að skoða málið, og samkv. því, sem segir í grg., þá gæti niðurstaða þeirrar nefndar að þeirra dómi ekki orðið önnur en sú, að hér hefði átt sér stað skriða verðhækkana vegna ummæla forsrh. Þá væri að þeirra dómi sjálfsagt komin ástæða til þess að draga hæstv. forsrh. til ábyrgðar fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð.

Það er ósköp auðvelt að koma hér í ræðustólinn og ræða óhlutdrægt um efni málsins og segja sögu af ráðh. frá Bretlandi, sem einhvern tíma hafði gert eitthvað, og láta líta þannig út, að það, sem hér sé verið að gera, sé ekkert annað en óhlutdræg athugun á máli, sem sjálfsagt verði með þeirri niðurstöðu, að ekkert komi út úr því, þess vegna sé nú samþykkt þessarar till. mjög eðlileg og sjálfsögð.

Ég gat þess áðan, að viðbrögð stjórnarandstöðunnar þetta kvöld voru mjög snögg og þeir drógu, eins og ég gat um í nefndri ræðu áðan, fram lagasafnið og endurprentuðu hér um bil sama frv. og ríkisstj. lagði fram á Alþ. 1966 um verðstöðvun. Hér síðustu daga hafa farið fram umr. um höfundarétt, en það er rétt svona til gamans fyrir hv. þm. að geta þess, að þegar þetta frv. var lagt fyrir Alþ. og afgr., þá gat ekki einn einasti þm. Alþb. samþykkt frv. En þetta sýnir, að það er rangt, sem hér hefur verið haldið fram bæði af hv. 4. þm. Austf. í umr. um frv. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis og af hv. 6. þm. Reykv. áðan, að verðstöðvun hafi verið fyrir löngu ákveðin, löngu fyrir þingbyrjun, og þá sjálfsagt verið búið að athuga, með hvaða hætti verðstöðvunin ætti að fara fram og vinna að frv., sem ætti svo að leggja fyrir Alþ. þegar það kæmi saman. Það frv., sem hér hefur verið flutt, sýnir, að þessi vinnubrögð voru ekki hugsuð og hafa aldrei verið hugsuð hjá Alþb.-mönnum, hér var aðeins um eitt atriði að ræða. Það skyldi notfæra sér umræðurnar í sjónvarpinu og reyna að villa um fyrir mönnum í sambandi við það. Þegar svo frv. er flutt, þá er málgagn þeirra Alþb.-manna næstu daga með frásagnir af þessu mjög merkilega frv. þeirra, og daginn eftir að því er útbýtt, þá er dregið fram úr skúffum stærsta fyrirsagnarletur, sem þar er til, menn hafa nefnt það heimsstyrjaldarfyrirsagnaletur, og skýrt er frá því, að frv. um verðstöðvun hafi verið flutt á Alþ. af Alþb.-mönnum. Daginn þar á eftir er svo leiðarinn, sem lesinn er í útvarpi, um verðstöðvun, um væntanlega verðstöðvun. Örfáum dögum síðar, þegar málið er tekið til umr., þá er því slegið upp. Hvað skyldi nú allt þetta þýða, og hvað skyldi það nú raunverulega hafa verið, sem fyrir þessum mönnum vakti? Jú, það, sem fyrir þeim vakti, var það, sem ég las hér upp áðan úr grg. með till., það var, að hér yrði komið á skriðu verðhækkana og síðan ætti að draga hæstv. forsrh. fyrir landsdóm sem höfund þeirra og hann skyldi gerður ábyrgur fyrir þessum verðhækkunum. Það var virkilega verið að hengja bakara fyrir smið þar. Það væri kannske hægt að koma í veg fyrir það að hengja bakara fyrir smið.

Þegar svo komið er að síðari hluta þessarar sviðsetningar, þá er flutt till. á þskj. 105 um það, að aðdragandinn að verðstöðvuninni skyldi rannsakaður með tilliti til þess, hvort ráðh. skyldi dreginn til ábyrgðar fyrir landsdóm. En þá vill svo til, að fjhn. þessarar hv. d. fékk til sín á fund, þegar áðurnefnt frv. var til umr. og athugunar, þá menn, sem gerst þekkja þessi mál, verðlagsstjórann og formann verðlagsnefndar. Ummæla verðlagsstjórans er getið á þskj. 134, í nál. meiri hl. fjhn. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna ummæla við 1. umr. þessa máls, þar sem því var haldið fram, að miklar og óeðlilegar verðhækkanir hefðu átt sér stað næstu daga og vikur, áður en frv. þetta var lagt fram, gaf verðlagsstjóri þær upplýsingar á fundi nefndanna, að við athuganir verðlagsskrifstofunnar síðustu daga hefði ekki orðið vart neinna dæma um óeðlilega verðlagsþróun á þeim tíma."

Hann var sérstaklega spurður að því verðlagsstjórinn, hvort hér hefði verið um að ræða nokkuð óeðlilegt, einfaldlega vegna þess, að hv. Alþb.-menn hafa haldið því fram, að nótt eftir nótt frá 13. okt. og fram til 6. nóv. — þeim varð ekki svefnsamt þá, þeim ágætu mönnum — hafi hér í verzlunum verið fólk að vinna að því að hækka vöruverð, hækka verð á vörunni með óeðlilegum hætti. Þessi starfsmaður, verðlagsstjórinn, hefur raunverulega svarað með því, sem hann sagði á fundi nefndanna. Það hefur ekki verið vefengt hér í þessari hv. d., að það sé rétt með farið á þskj. 134 eftir verðlagsstjóranum, en hitt sögðu raunar fulltrúar minni hl. í fjhn., að þeir hefðu skilið þetta eitthvað örlítið öðruvísi en meiri hl. Ég skal ekki deila um það, en þetta var sagt þarna, og það getur hver, sem lesið getur, skilið, hvað þessi orð þýða.

Ég taldi rétt nú við þennan fyrri hluta umr. að vekja athygli á þessum vinnubrögðum og láta koma í ljós þá skoðun mína, að mér finnst hér farið þannig að, að það

sé ekki til þess að vekja traust á því, að Alþ. skipi nefnd samkv. 39. gr. *stjórnarskrárinnar*. Hv. þm. sagði, að það væri skylda Alþ. Það er auðvitað skylda Alþ., ef Alþ. metur aðstæðurnar þannig. En þegar þetta ákvæði er notað eða á að notast eða menn óska eftir því að nota það í þeim tilgangi, sem flm. þessarar till. ætla að gera, þá hljóta þeir menn, sem taka eiga afstöðu til málsins, að skoða vel, hvernig að málinu er staðið. Upplýsingarnar, sem hv. þm. fara fram á að fá með því að skipa sérstaka innandeildarnefnd, getur að sjálfsögðu sú n. fengið, sem fær málið til meðferðar, og hún hefur þegar fengið upplýsingar frá þeim manni, sem gerst þekkir, *hvernig verðlagsmálum er háttað hér hjá okkur.*

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við umr. þá, sem fram fer um þáltill. á þskj. 105, vil ég taka fram nokkur atriði. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að það er hin mesta nauðsyn, þegar á að taka veigamiklar ákvarðanir, ekki hvað sízt í efnahagsmálum, að þá sé reynt að láta fara um meðferð á því máli með þeim hætti, að það sé ekki augljóst eða auglýst, að slíkar aðgerðir eigi fram að fara. Ég hef áður við umr. tekið það fram hér á hv. Alþ., að hæstv. *ríkisstj. hafi ekki gætt* þess sem skyldi að fara þannig að. Og í því sambandi hef ég minnt á aðgerðir í efnahagsmálum 1968, þegar gengisbreytingin var gerð. Upphaflega voru ákvarðanir eða aðgerðir þá gerðar með 20% hækkun á aðflutningsgjöldum, sem var beinlínis auglýsing á því, að hverju væri stefnt. Enda sýndi það sig þá, að þá varð hér kaupæði, svo að vöruþurrð var orðin og gjaldeyrisskortur. Þetta var afleiðing af þeirri aðgerð, sem gerð var þá í septemberbyrjun, og þeim umr., sem fram fóru um efnahagsaðgerðirnar. Ég vil líka taka undir það, að það er nauðsynlegt, að Alþ. skapi aðhald í þessum efnum. Og þess vegna getur rannsókn á slíkum aðgerðum verið nauðsynleg, og hv. Alþ. á ekki að vera jafnviðkvæmt fyrir því eins og hér er. Það þarf að skapa aðhald við slíkar framkvæmdir, og það ber nauðsyn til, að það verði gert.

Í sambandi við þær umr., sem fram fóru hér um frv. það, sem hæstv. ríkisstj. tengdi verðstöðvuninni, deildum við framsóknarmenn á hæstv. ríkisstj. fyrir meðferð málsins. Við héldum því fram í þeim umr., að í haust og í sumar hefðu orðið óeðlilega miklar verðhækkanir m. a. vegna meðferðar málsins. Hæstv. ríkisstj. hefði haft tök á því að festa verðlagið eða hafa fullkomið vald á verðhækkunum, ef hún hefði haft áhuga fyrir því. Lögin, sem notuð voru við ákvörðun á verðstöðvuninni 1. nóv. s. l., voru ekki ný, heldur löggjöf, sem var til staðar og hæstv. ríkisstj. gat haft sér til varnar í verðlagsmálunum hér í sumar, ef hún hefði óskað að gera það. Ég vil minna á það hér, eins og gert var í þeim umr. af okkur framsóknarmönnum, að einmitt í allt sumar eða seinni part sumarsins, eftir að verðlagsskriðan var komin af stað og umr. fóru að verða um þau mál, þá var ljóst, að að einhverjum slíkum aðgerðum yrði stefnt, sem gerðar hafa verið. Í samræmi við þessa skoðun vil ég benda á það, að þegar hæstv. ríkisstj. boðaði fulltrúa stéttarfélaganna og atvinnurekendanna til viðræðna við sig um stöðvun á víxlhækkun verðlags og kaupgjalds, eins og tekið var fram í sambandi við tilkynningar þar um, þá var nauðsyn að gera þá þegar ráðstafanir til þess að hafa hemil á verðlaginu í landinu. Þegar hæstv. forsrh. lét hafa eftir sér ummæli um hugsanlega möguleika á kosningum og umr. fóru fram um kosningar í haust, þá vissu allir, að þær voru tengdar því ástandi, sem var að skapast í efnahagsmálum. Það voru ekki forsendur fyrir því, að kosningar gætu átt sér stað, nema vegna þeirra viðhorfa, sem hæstv. ríkisstj. eða hæstv. forsrh. og hans flokkur taldi, að væru að skapast í efnahagsmálum.

Þessar umr. hafa því allar leitt til þess, að þróunin í verðlagsmálum hefur orðið slík sem raun ber vitni um. Þó að hæstv. stjórnarsinnar haldi því nú fram, að þar hafi ekkert gerzt, sem óeðlilegt megi teljast, þá er því til að svara, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki farið að gera þær ráðstafanir, sem hún hefur nú þegar gert, að grípa til stórfelldra niðurgreiðslna, ef það hefði ekki verið vegna þess, að þróunin í efnahagsmálunum í sumar og haust var slík, að hún treysti því ekki, að atvinnuvegirnir gætu starfað með eðlilegum hætti, nema til aðgerða kæmi. Það er því alveg þýðingarlaust að tala um það, að verðhækkanir hafi ekki orðið óeðlilegar eða miklar, því ef svo hefði ekki orðið, þá hefði ekki þurft að grípa til aðgerða. Það var undirstrikað í umr. um verðstöðvunarfrv., þar sem sýnt var fram á það með rökum, að þróunin í verðlagsmálum og útflutningsframleiðslu þjóðarinnar hefur verið sú á síðari hluta þessa árs, að hún hefur öll gengið til hins betra. Þess vegna þurfum við ekkert að eyða neinum orðum að því, að ástæðan fyrir því, að aðgerðir þær, sem nú er búið að gera, og ákvörðun hæstv. ríkisstj. frá 1. nóv. byggjast á því, að þróunin í verðlagsmálunum var slík, að hæstv. ríkisstj. treysti ekki atvinnuvegunum til þess að þola hana.

Þáltill. á þskj. 105 gengur út á það að rannsaka aðeins þær verðhækkanir, sem orðið hafa síðan hið fræga sjónvarpsviðtal hæstv. forsrh. átti sér stað. Við framsóknarmenn teljum hins vegar, að hér sé um allt of takmarkaða aðgerð að ræða. Það, sem eigi að rannsaka í þessu tilfelli, sé verðlagshækkunin, ekki eingöngu sú, sem var ákvörðuð af verðlagsstjóra, heldur verðlagsþróunin í landinu, síðan kjarasamningarnir voru gerðir. Við höfum þess vegna leyft okkur að flytja þáltill. um þetta efni á þskj. 164. Sú till. er þannig gerð, að hún nær yfir það, að rannsökuð verði verðlagsþróunin, síðan kaupgjaldssamningarnir voru gerðir, og að gerðar verði aðgerðir til þess að leiðrétta það, ef um óeðlilegar verðhækkanir hefur verið að ræða. Þessi till. okkar gengur í þá átt, sem rétt er, til þess að fá þetta mál afgr. á þann hátt, sem nauðsyn ber til, svo að hið sanna komi fram í þessum málum og augljóst verði, að vegna þessarar þróunar hafi orðið að taka þær efnahagsákvarðanir, sem nú hafa verið teknar, og það sé nauðsynlegt, að Alþ. *sýni það svart á hvítu með rannsókn sinni*, að það sé forsendan fyrir þessu. Þess vegna höfum við leyft okkur að flytja till. um þetta efni, sem er, eins og ég áðan sagði, á allan hátt viðtækari en till. þeirra hv. 6. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, og hans félaga. Við gerum ráð fyrir, að við fáum hana afgreidda fljótlega hér á hinu hv. Alþingi. Af þeim ástæðum munum við bíða með fylgi okkar við þessa rannsókn eftir afgreiðslu hennar, en ekki geta fylgt þeirri till., sem hv. 6. þm. Reykv. hefur flutt, enda hrekkur hún það skammt, að hún nær ekki til þess að skýra það mál, sem raunverulega *er um spurt og nauðsyn ber til*, að skýrt verði.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal aðeins taka lítinn þátt í þessum umr. og ekki fara að halda neina varnarræðu út af þeim ásökunum, sem bornar eru á mig í þessu máli.

Mér þótti merkileg þessi yfirlýsing af hálfu þm. Framsfl., eftir það, sem áður hafði verið sagt hér í þingsölunum, að þeir muni vera á móti þessari till., sem hér er verið að ræða, en afstaða þeirra kæmi fram í till. þeirra, sem hv. þm. sagði, að væri annars eðlis. Ég vil aðeins árétta hér nokkur atriði, sem gefa dálitla skýringu á ástandinu og segja aðra sögu bæði fyrr og síðar í sambandi við þessi verðlagsmál en hv. þm. hafa viljað láta í veðri vaka hér. Það er nú sagt og hefur reyndar verið sagt hér áður, að ríkisstj. hafi átt að láta ákveða verðstöðvun strax eftir kjarasamningana. Ég veit, að mörgum hv. þm. er það kunnugt, að fyrir aðila vinnumarkaðarins, bæði fulltrúa launþegasamtakanna og atvinnurekenda, þegar þeir voru við samningagerðina í vor, voru lagðar áætlanir um verðlagsþróunina, sem líkleg þótti, að verða mundi, ef þessar og þessar kauphækkanir ættu sér stað. Þeim áætlunum, sem þarna voru lagðar fram, var ekki mótmælt af nokkrum þunga af neinum, heldur taldar eðlilegar. Það var auðvitað ljóst, að útflutningsatvinnuvegirnir mundu bera allar kauphækkanirnar, hverjar svo sem þær yrðu, og það var talið líklegt, eins og þá stóð á, að sjávarútvegurinn gæti borið verulegar verðhækkanir, eins og hann líka hefur gert. En mönnum, fulltrúum frá báðum aðilum, var líka alveg jafnljóst þá, að aðrar atvinnugreinar, ýmsar atvinnugreinar hér innanlands, gátu með engu móti tekið á sig kauphækkanir án verðhækkana. Og ég minnist þess, að í þeim áætlunum, sem Efnahagsstofnunin lagði fyrir, var gert ráð fyrir, að lægstu mörk almennrar verðlagshækkunar mundu líklega verða nálægt 13.1%. Ég held, að hv. 6. þm. Reykv. hafi talað um nálægt 12% hækkanir, sem orðið hefðu og gefa mundu svo og svo mikla upphæð á ársgrundvelli, en í þessum mörkum, sem aðilum var gerð grein fyrir, var ekki tekið tillit til neinna hækkana á erlendu verðlagi. Og ef ég man rétt, þá held ég, að áætlað hafi verið, að það hlyti a. m. k. að mega gera ráð fyrir um 1.6% til viðbótar þar, ásamt gagnverkunum, sem af því mundu leiða. Það liggur því fyrir aðilunum, að með tilteknum kauphækkunum, eins og þá var verið að tala um, mundi óhjákvæmilega mega reikna með því, að almennar verðlagshækkanir yrðu yfir 15%. Og enginn aðili á þessum vettvangi hreyfði því, að þetta mætti hindra með verðstöðvun þegar í stað, þó að menn tali um það nú. Ríkisstj. lagði hins vegar fram miðlunartillögu í þessu máli, eins og kunnugt er, og við höfum fjallað um hana hérna. Hún kom með ábendingar til aðila um aðrar leiðir, mjög takmarkaðar kauphækkanir samhliða allt að 10% hugsanlegri gengishækkun til þess að reyna að halda stöðugu verðlagi og jafnvægi í þjóðfélaginu. Ég held þess vegna, að engum, sem fylgdist með þessum umr. og viðræðum í vor, hafi komið á nokkurn hátt á óvart þær verðhækkanir, sem á eftir komu. Og það er athyglisvert, að þegar Alþb.-menn leggja fram sitt verðstöðvunarfrv., þá gera þeir ráð fyrir, að sú verðhækkun haldist, sem mest var deilt um, 12.5% hækkunin á verzlunarálagningu.

Minnzt var á, hvernig stóð á 1960, og hv. 6. þm. Reykv. las upp úr pésanum Viðreisn. Ríkisstj. lýsti því þá yfir fyrir fram, að á kauphækkunum, sem yrðu, yrðu atvinnurekendur sjálfir að bera ábyrgð. Þá var ekki verðtrygging, hún var ekki leyfð. Og það vissu menn fyrir fram, að ef þeir semdu um einhverja hækkun, þá yrðu þeir að taka henni. Hér er því gersamlega ólíku saman að jafna. En eitt meginatriðið var verðtrygging, sem menn gerðu ráð fyrir, að mundi leiða til þessara verðhækkana, sem urðu.

Ég hef minnzt á miðlunartillögu ríkisstj. og deili ekki meira um hana. 19. júní voru samningarnir gerðir. Þá skrifaði ríkisstj. aðilum vinnumarkaðarins og óskaði eftir samráði um viðbúnað gegn þeim víxlhækkunum á kaupgjaldi og verðlagi, sem væru í aðsigi. Daginn eftir svaraði Vinnuveitendasambandið þessu bréfi, en svar Alþýðusambandsins barst í ágúst, og viðræður hófust 20. ágúst. Hugleiðingar okkar um það, hvort eitthvað skyldi gert og hvað gera skyldi, hlutu af þessum ástæðum fyrst og fremst að miðast við þau mörk, sem þá var um að ræða. Það var hækkun framfærsluvísitölunnar, sem hafði orðið 1. ágúst, og væntanleg hækkun kaupgjaldsvísitölu 1. sept., sem varð 4.2%. Og þessum 4.2% var ekki hleypt inn í verðlagið m. a. fyrir tilstuðlan ríkisstj. Þess vegna er það mjög mikill misskilningur hjá hv. 3. þm. Vesturl., sem sagði hér áðan, að það væri alveg tvímælalaust, að umr. á síðara stigi málsins hafi valdið verðlagsþróuninni. Verðlagsþróunin lá á borðinu í áætlanagerð, sem ekki var vefengd, og í engri tillögugerð frá þessum aðilum voru tilmæli um, að þessi verðlagsþróun yrði stöðvuð þegar í júlímánuði. Það er líka rangt, að listi um afgreiðslu í verðlagsnefndinni hafi verið þannig vaxinn, að hann hafi verið samþykktur í ríkum mæli gegn atkv. fulltrúa alþýðusamtakanna í verðlagsnefnd. Það var í mjög ríkum mæli, svo ef yfir hann er farið, — ég hef hann ekki undir höndum núna, — að hækkanir voru samþykktar mótatkvæðalaust og í mörgum tilfellum með samhljóða atkv. nær allra í verðlagsnefnd.

Ég held, að menn geti ómögulega núna eftir á eða eigi ekki núna eftir á að vera að gera tilraun til þess að búa til annað viðhorf en var í þjóðfélaginu og reyna að finna einhverjar tilbúnar skýringar á hlutum, sem í verulegum mæli var vitað, að yrðu. Það var ekkert gáleysi af minni hálfu að nefna það, að við vildum stefna að verðstöðvun, en efnislega mun ég hafa sagt það, ég man ekki orðalagið, í þessu umtalaða sjónvarpsviðtali 13. okt., vegna þess að ég sagði efnislega það sama í stefnuyfirlýsingu minni hér í sölum Alþ. 15. okt., og sú stefnuyfirlýsing var samin — og vorum við samnála um hana í ríkisstj. — áður en ég átti þetta sjónvarpsviðtal.

Ég þykist nokkuð viss um það, að ef menn vilja líta hlutlaust á þetta mál og fordómalaust, þá skiljist mönnum, að í raun og veru eru þær till. tilefnislausar, sem hér hafa verið bornar fram, fyrst af Alþb.-mönnum, síðar af framsóknarmönnum. Þær eru tilefnislausar, þegar við lítum til þess ástands, sem við höfðum búið við, og með hverjum hætti kauphækkanirnar og samningarnir voru gerðir og með hvaða vitneskju menn gengu til þeirra samninga og luku þeim endanlega 19. júní s. l.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., 26. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér á dagskrá í gær, þá voru nokkuð rifjaðar upp þær umr., sem fram fóru um verðstöðvunarmálin í sambandi við umr. um frv. ríkisstj. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis. Hv. 1. þm. Reykn. vitnaði þá alveg sérstaklega í viðræður, sem höfðu átt sér stað við verðlagsstjóra varðandi þessi mál í fjhn. þessarar deildar. Frá þessum viðræðum hafði verið skýrt hér á Alþ. áður, en vegna þeirra ummæla, sem hér komu fram hjá hv. 1. þm. Reykn., þá sé ég ástæðu til þess að rifja hér enn einu sinni upp þessi ummæli verðlagsstjóra varðandi verðstöðvunarmálið, sem fram komu á þessum umræddu fundi fjhn. Því fer víðs fjarri, að verðlagsstjóri hafi á þessum fundi fullyrt eitthvað um það, að ekki hafi orðið breytingar almennt á vöruverði frá 13. okt. og þar til verðstöðvunin varð 1. nóv. Það, sem verðlagsstjóri sagði í þessum efnum, var það, að á vegum verðlagsskrifstofunnar hefði farið fram almennt eftirlit með verðlagi, eins og venja væri til, og slík athugun stæði enn yfir og væri ekki lokið á þeim tíma, sem þessi fundur fór fram. En hann sagði, að enn hefðu ekki komið fram neinar sérstakar óeðlilegar verðhækkanir að þeirra dómi. Verðlagsstjórinn var spurður um það, hvort verðlagsskrifstofan hefði látið fara fram sérstaka athugun á verðlaginu fyrir 13. okt., fyrir þann dag, þegar hæstv. forsrh. gaf sína yfirlýsingu um það, að gert væri ráð fyrir því að setja á verðstöðvun, og eins hvort skrifstofan hefði framkvæmt sérstaka athugun á verðlaginu þar á eftir. Þá svaraði verðlagsstjórinn því, að engin slík sérstök athugun á verðlaginu hefði verið framkvæmd. Þegar þetta er upplýst, þá liggur það auðvitað alveg ljóst fyrir, að það er engin aðstaða til þess að segja neitt um það, nema fram fari alveg sérstök athugun á málinu, hvaða breytingar hafa almennt orðið á verðlaginu á þessu takmarkaða tímabili. Lauslegar athuganir verðlagsskrifstofunnar eru ekki þess eðlis, að hægt sé að draga af þeim neinar ályktanir um þessar verðbreytingar. Það kom einnig fram í viðtalinu við verðlagsstjóra um þessi mál, að verðlagsskrifstofan hefur mjög takmörkuðum mannafla á að skipa til þess að líta eftir verðlaginu í landinu. Hann upplýsti t. d., að í þjónustu verðlagsskrifstofunnar væru aðeins 4—5 menn fastráðnir til þess að líta eftir verðlagsmálum á öllu landssvæðinu utan Reykjavíkurumdæmis. Ég álít því, að það liggi alveg ljóst fyrir, að það sé ekki hægt að halda því fram, sem hv. 1. þm. Reykn. gerir, að verðlagsstjóri hafi gefið einhverjar yfirlýsingar um það, að á þessu tímabili hafi ekki orðið neinar þær verðlagsbreytingar, sem orð sé á gerandi. Það er engin leið að fullyrða neitt um þetta, án þess að það fari fram ítarleg athugun á því, hvernig verðlaginu var háttað fyrir þennan tiltekna dag og hvernig verðlagið var síðan aftur t. d. 1. nóv.

Það hefur einnig verið upplýst hér í umr. á Alþ., að á tímabilinu frá 13. okt. til 1. nóv. voru samþykktar mjög víðtækar verðlagsbreytingar af verðlagsnefnd, a. m. k. í 12 tilfellum. Þessar verðhækkanir hafa verið raktar hér á Alþ. Margar þeirra eru þess eðlis, að þær verka á verðlagið mjög almennt og hafa mjög víðtæk áhrif. Það hefur einnig verið upplýst hér í umr. á Alþ., að fyrir utan þessar verðbreytingar, sem verðlagsnefnd samþykkti á tímabilinu frá 13. okt. til 1. nóv. og voru býsna almennar, þá koma svo einnig aðrar verðbreytingar, sem t. d. opinberir aðilar ákváðu á þessu tímabili. Og þar að auki eru svo allar þær verðbreytingar, sem geta hafa átt sér stað í verzlunum og fyrirtækjum eða stofnunum, sem ráða yfir verðlagi og hafa beinlínis heimild til þess samkv. lögum og reglum að breyta verðlagi án þess að leita til verðlagsyfirvaldanna. Ég held, að það geti ekki leikið neinn vafi á því, að í þessum efnum sé almenningsálitið í landinu ólygnast. Það hefur kveðið upp sinn dóm um það, að á þessu tímabili hafi orðið miklar, mjög miklar verðbreytingar. Enda er það auðvitað í fullu samræmi við það, sem alltaf hefur verið talið, að hætta væri á, þegar um slíka aðgerð sem þessa hefur verið að ræða. Hvernig leit hæstv. ríkisstj. t. d. á þessi mál, þegar hún stóð að verðstöðvunarfrv. sínu á árinu 1967? Í því frv., sem ríkisstj. lagði þá fyrir Alþ., var beinlínis tekið fram, að verðstöðvunin skyldi gilda frá þeim degi, sem frv. var lagt fram, ekki frá þeim degi, sem frv. var samþ. sem lög frá Alþ. Og í grg. með því frv. sagði ríkisstj. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Augljóst er, að verðhækkanir, er ættu sér stað frá framlagningardegi frv. og þar til það yrði að lögum, mundu torvelda og jafnvel hindra framgang þeirra ráðstafana, er felast í frv."

Þá leit hæstv. ríkisstj. þannig á það, að alveg væri óhjákvæmilegt, ef verðstöðvunin ætti að ná tilgangi sínum, að hún gilti frá þeim degi, sem frv. kom fram á Alþ. um fyrirhugaða verðstöðvun. En nú er sem sagt annar háttur hafður á. Nú var verðstöðvunin, eins og hér hefur margsinnis verið bent á, tilkynnt opinberlega öllum landsmönnum með 18 daga fyrirvara af hæstv. forsrh. landsins. Það gefur vitanlega alveg auga leið, hvort þeir aðilar í landinu, sem hafa ýmist verið að undirbúa kröfur sínar um það að fá fram verðhækkanir sér til handa, eða þeir aðilar, sem höfðu beinlínis lagalegan rétt til þess að breyta verðlagi, og svo allir hinir, sem gátu beinlínis í skjóli hins almenna verðlags breytt verði á þeim varningi, sem þeir voru að selja, hvort þeir hafi ekki gert það að meira eða minna leyti í þetta skipti, eins og almennt hefur verið talið áður, að hætta væri á. Fullyrðingar um það, að engar óeðlilegar verðbreytingar hafi átt sér stað á þessu tímabili, eru því í rauninni alveg út í bláinn. Það eina, sem fyrir liggur alveg staðfest, er það, að á þessu tímabili áttu sér stað allmargar verðbreytingar, en það á eftir að láta fara fram ítarlega athugun á því, hversu víðtækar þessar verðbreytingar hafa verið.

Ég sé nú ekki mikla ástæðu til þess að elta ólar við þær fullyrðingar hv. 1. þm. Reykn., sem hann endurtók hér við þessar umr. en hafði sagt hér áður í umr. um verðstöðvunarfrv., að sökin væri okkar Alþb.-manna í sambandi við þær verðbreytingar, sem orðið hefðu á þessu tímabili, með því að við hefðum flutt hér frv., sem útbýtt var á Alþ. 15. okt. Það hafi verið áhrifin af okkar frv., sem raunverulega hafi hleypt verðhækkunarskriðunni af stað. Þessi fullyrðing hv. þm. er svo fráleit, að ég hélt satt að segja, að hann mundi ekki endurtaka hana, eftir að búið var að benda honum á það áður, hversu fráleit hún væri. Í fyrsta lagi er nú það, — og ég hélt, að flestir landsmenn væru nú búnir að læra það — að þó

að stjórnarandstaðan flytti mál á Alþ., væru ekki mjög miklar líkur til þess, að slík mál næðu fram að ganga, því að þannig hefur verið farið með þau mál, sem stjórnarandstaðan flytur. Hins vegar býst ég líka við, að menn hafi tekið eftir því, að þegar ríkisstj. og sjálfur forsrh. tilkynnir einhverja almenna, lagalega aðgerð, þá hafi menn þó búizt við því, að farið yrði eftir slíkri tilkynningu. Það gefur því alveg auga leið, að það er auðvitað tilkynning forsrh., sem gefin var í sjónvarpi þann 13. okt., sem hefur haft áhrif í þessum efnum, en ekki frv. okkar Alþb.-manna, sem kom fram hér á Alþ. þann 15. okt. En við gerðum beinlínis ráð fyrir því í okkar frv., að sú verðstöðvun, sem við lögðum til, að ákveðin yrði, gilti frá 15. okt., frá framlagningu okkar frv. á Alþ. Það hefði verið auðvelt fyrir ríkisstj. að miða sína verðstöðvun við 13. okt. eða yfirlýsingardaginn hjá hæstv. forsrh., hefði ríkisstj. virkilega viljað koma í veg fyrir það, að ýmsir aðilar hér í þjóðfélaginu notfærðu sér upplýsingarnar um það, að verðstöðvun væri á næsta leiti. Það var mjög einfalt fyrir ríkisstj. að standa þannig að verðstöðvuninni, ef hún aðeins vildi. En hún kaus að hafa þann háttinn á að tilkynna málið þann 13. okt., en skella síðan verðstöðvuninni á 1. nóv. Og á móti því verður ekki mælt, að þetta eru óvenjuleg vinnubrögð. Svona hefur ekki verið staðið að þessum málum hér áður, og þetta eru í rauninni alveg óskiljanleg vinnubrögð, nema, eins og hér hefur verið bent á, það hafi beinlínis verið tilætlun ríkisstj., að ýmsar verðhækkanir kæmu fram á þessu tímabili, frá því að tilkynningin var gefin og þar til verðstöðvunin átti að taka gildi, nema það hafi verið beinlínis til þess ætlazt, að ýmsar verðhækkanir kæmu fram á þessu tímabili, svo að sú margumtalaða verðaðlögun, sem ríkisstj. hafði reiknað með, næði fram að ganga. Eða hvernig stóð á því, að hæstv. ríkisstj. kaus að hafa annan hátt á nú í sambandi við þessa verðstöðvun en hún hafði í sambandi við fyrri verðstöðvun sína á árinu 1967? Hvernig stóð á því? Af hverju þurfti þá að binda það í lögum, að verðstöðvunin gilti frá þeim degi, er frv. um verðstöðvun var sýnt í þinginu? En nú mátti snúa hlutunum við, tilkynna verðstöðvunina fyrst með 18 daga fyrirvara, og síðan átti verðstöðvunin að koma.

Það er út af fyrir sig býsna athyglisvert, að talsmenn ríkisstj. skuli í þessu sambandi tala um, að ekki hafi átt sér stað nein óeðlileg verðlagsþróun á þessu tímabili, frá 13. okt. til 1. nóv. Þetta orðalag, sem er greinilega engin tilviljun, að er notað, af því að það er endurtekið hvað eftir annað, bendir til þess, að þessir talsmenn ríkisstj. telji, að það hafi á þessu tímabili, þ. e. eftir að verðstöðvunin var tilkynnt, einnig getað farið fram einhverjar verðlagshækkanir, sem telja verði eðlilegar, en aðrar hafi að þeirra dómi verið óeðlilegar. Ég hef lýst því hér áður, að það er mín skoðun, að allar verðlagshækkanir, sem fram fóru, eftir að tilkynningin var gefin af hæstv. forsrh., hafi verið óeðlilegar. Eftir að búið var að tilkynna um verðstöðvun, þá átti að læsa verðlaginu föstu, og úr því átti ekki að heimila verðlagshækkanir.

Í þeirri till., sem liggur nú fyrir til umr. og flutt er af okkur Alþb.-mönnum hér í Nd., er lagt til, að efnt verði til sérstakrar rannsóknar á þeim breytingum, sem urðu á verðlaginu og telja má sem aðdraganda verðstöðvunarframkvæmdanna. Við leggjum til í okkar till., að alveg sérstaklega verði athugað, hvaða áhrif yfirlýsing hæstv. forsrh. muni hafa haft í þessum efnum, en því fer fjarri, að okkar till. sé eingöngu um athugun á því, hvaða áhrif þessi tilkynning forsrh. hafi haft. Í till. segir alveg skýrum orðum, að nefnd sú, sem lagt er til, að kosin verði, skuli rannsaka aðdraganda verðstöðvunar þeirrar, sem kom til framkvæmda 1. nóv. En auðvitað er það gefið mál, að þar er átt við að athuga alla verðlagsþróunina, sem hefur orðið á a. m. k. nokkurra mánaða tímabili og leiddi til þess, að óhjákvæmilegt þótti að grípa til verðstöðvunarinnar. Engum manni kemur til hugar að halda því fram, að gripið hafi verið til verðstöðvunarinnar eingöngu vegna þeirra verðbreytinga, sem urðu frá 13. okt. til 1. nóv. eða frá því að hæstv. forsrh. gaf sína yfirlýsingu og þar til verðstöðvunin var ákveðin. Með okkar till. er beinlínis lagt til að rannsaka verðbreytingarnar, sem urðu til þess, að það varð að grípa til verðstöðvunarlaganna. En í okkar till. er einnig lögð áherzla á, að það sé einnig skoðað gaumgæfilega, hvaða áhrif muni hafa orðið af þessari fyrirframtilkynningu hæstv. forsrh.

Nú hefur komið í ljós, að þrír hv. framsóknarmenn flytja hér till. á þskj. 164 um nákvæmlega sama efni og við Alþb.-menn höfum flutt till. um. Þeir tilgreina það aðeins í sinni till., að rannsaka skuli í þessum efnum allar þær verðhækkanir, sem hafa orðið síðan kaupsamningarnir voru gerðir í júnímánuði. En við viljum láta rannsaka aðdragandann að verðstöðvuninni, allar þær verðbreytingar, sem hafa verkað þar á. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að till. þeirra framsóknarmanna er um nákvæmlega sama efni. En í till. sinni leggja þeir að vísu enga sérstaka áherzlu á að athuga, hvaða áhrif hafi orðið af tilkynningu forsrh. Það er því að mínum dómi alveg furðulegt, þegar 1. flm. till. þeirra framsóknarmanna lýsir því hér yfir við þessar umr., að þeir geti ekki fallizt á till. okkar, sem fjallar um nákvæmlega sama efni og till. þeirra. En hvað um það, það verður hver og einn að nota sitt áralag. Ef menn vilja hafa þennan hátt á, þá verður það svo að vera. En við því er í rauninni ekkert að segja frá okkar hálfu, aðeins þetta, að það vekur nokkra undrun, að þetta skuli vera þeirra afstaða.

Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt í slíkum tilfellum sem þessu, að fram verði látin fara ítarleg athugun á verðlagsbreytingunum og öllum aðdragandanum að verðstöðvuninni að þessu sinni og alveg sérstaklega á þeim þætti, sem snertir þessa einkennilegu yfirlýsingu hæstv. forsrh.

Sú till., sem hér hefur komið fram frá hv. 1. þm. Reykn., að sú þn., sem fái þetta mál til athugunar, geti framkvæmt þessa athugun, er að mínum dómi alveg fráleit. Hvers vegna halda menn, að ákvæðin í 39. gr. stjórnarskrárinnar hafi yfirleitt verið sett, þar sem gert er beinlínis ráð fyrir því, að þd. geti skipað sérstakar nefndir, sem hafi með höndum rannsókn á tilteknum málefnum, ef menn ætla að bregðast þannig við öllum uppástungum um slíkt að segja, ja, sú þn., sem fær viðkomandi till. til athugunar, getur bara framkvæmt þessa rannsókn? Það vita allir hv. þm., að aðstaða þm. til vinnu í almennum þn., sem starfa hér á þingtímanum, þar sem miðað er við, að þm. fjalli um þær till., sem þangað berast og skoði þær, aðstaða þm. í þessum efnum er engan veginn þannig, að þeir geti tekið að sér víðtækar, almennar rannsóknir, sem krefjast þess að

yfirheyra fjölda manns og fjölda aðila og fara yfir ýmiss konar skýrslur um málefnið. Til þess er engin aðstaða. Þeir, sem leggja slíkt til, eru að fara fram á, að það verði nálega engin athugun framkvæmd á málinu.

Ég vil einnig í þessu sambandi segja það, sem ég hef sagt hér áður við svipað tækifæri, að ég tel alveg fráleitt, ef það á að slá því föstu með vinnubrögðum hér á Alþ., að í hvert skipti, sem lagt er til, að kosin sé rannsóknarnefnd til þess að rannsaka tiltekið málefni, þá sé því slegið föstu fyrir fram, að Alþ. sé búið að lýsa yfir sínu áliti í viðkomandi málefni. Til þess eru rannsóknarnefndir skipaðar, að þær eiga að rannsaka málið ítarlega og leggja sínar skýrslur um málið fyrir Alþ., og það er ómögulegt að segja um það fyrir fram, áður en rannsóknin er hafin, hver útkoman muni verða úr þessari rannsókn. Vitanlega er engu slegið föstu um það, þó að efnt yrði til þessarar rannsóknar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, það er engu slegið föstu um það, að aðdragandi verðlagsþróunarinnar á þessum tíma hafi verið óeðlilegur. En það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. líti þannig á þetta mál, að ef þessi athugun verði samþ. á Alþ., jafngildi það um leið dómi yfir vinnubrögðum ríkisstj. í málinu. En það er vitanlega engin ástæða til þess að taka till. sem þessari á þennan hátt. Það er rétt að láta rannsóknina fara fram. Sá, sem treystir á sinn málstað, á ekki að þurfa að óttast slíka rannsókn. Hann fær einmitt tækifæri til þess að leggja öll sín gögn á borðið, en sá, sem stendur gegn því að láta framkvæma rannsókn eins og þessa, hlýtur að óttast um sinn málstað. Hann er hræddur við athugunina.

Það þarf nú ekki að eyða hér löngu máli, úr því sem komið er, að því, að mjög miklar og vægast sagt vafasamar verðbreytingar hafa átt sér stað á s. l. sumri og s. l. hausti, sem leiddu svo til mjög mikillar hækkunar á framfærsluvísitölunni og áttu síðan vitanlega að leiða til hækkunar á kaupgjaldsvísitölunni og urðu svo til þess, að ríkisstj. kom fram með sínar till. um verðstöðvun. Enginn vafi er á því, að þessar miklu verðhækkanir áttu sér stað í sumar og haust af þeim ástæðum, að ríkisstj. hélt sér við sína gömlu afstöðu til kaupgjalds- og verðlagsmála. Hún var á þeirri skoðun, að um leið og kaup var hækkað með kaupgjaldssamningunum um miðjan júnímánuð væri rétt að heimila svo að segja öllum, sem laun þurftu að greiða, að hækka álagningu eða hækka sitt útsöluverð a. m. k. sem nam kaupgjaldshækkuninni. Það er þessi stefna ríkisstj., sem hefur leitt það af sér í þetta skipti og oft áður, að í kjölfar sanngjarnra og eðlilegra kauphækkana hafa komið gífurlega miklar almennar verðlagshækkanir í landinu. Ég hef sagt það áður, þegar þetta mál hefur verið rætt, að mér dettur ekki í hug að neita því, að í kjölfar 15—18% kauphækkunar, sem samið var um á s. l. sumri, hafi ekki fyllilega verið eðlilegt, að verðlag í ýmsum tilvikum hafi hækkað eitthvað, en ég álít, að almennt hafi atvinnurekendur, kaupsýslumenn og ýmsir þeir aðrir aðilar, sem ráða mjög verðmynduninni í landinu, haft tiltölulega góða aðstöðu til þess að taka á sig sanngjarnan hluta af þessari kauphækkun, án þess að til verðhækkunar þyrfti að koma. Og ég held, að sú verðhækkun, sem telja hefði mátt eðlilegt, að hefði fylgt á eftir kauphækkuninni, hefði ekki þurft að verða meiri en svo, að hún hefði ekki þurft að valda hér neinum meiri háttar erfiðleikum í okkar efnahagslífi. Ástæðurnar fyrir þessu eru auðvitað þær, að ytri kringumstæður í okkar efnahagskerfi voru einstaklega hagstæðar. Verð á okkar útflutningsvörum fór ört hækkandi, framleiðslan óx, og þjóðartekjur jukust mjög mikið. Þar áttu auðvitað ekki bara í hlut framleiðendur einir. Menn verða vitanlega að hafa það í huga, að um leið og þjóðartekjurnar vaxa stórlega, vex fljótlega á eftir öll umsetning í landinu, vörusalan stóreykst, umsetningin hjá kaupsýslumönnum eykst, þeirra staða batnar. Þeir gátu því beinlínis sætt sig við nokkru lakari álagningarprósentu en þeir höfðu búið við áður. Framkvæmdin á stefnunni hjá hæstv. ríkisstj. var alveg þveröfug. Hún leyfði kaupsýslumönnum í landinu ekki aðeins að velta af sér allri kauphækkuninni, heldur heimilaði einnig viðbótarálagningu þeim til handa algerlega umfram alla þá kauphækkun, sem þarna hafði átt sér stað. Það er enginn vafi á því, að þegar samþ. var skömmu eftir kauphækkanirnar að heimila kaupsýslumönnum í landinu að hækka álagninguna almennt séð um 12.1%, þá var verið að veita kaupsýslunni verulega bætt kjör frá því, sem áður var. Það er þessi stefna ríkisstj. í sambandi við kaupgjaldsbreytingar almennt og viðhorf hennar til verðlagsmálanna í landinu, sem hefur leitt til þess nú eins og jafnan áður, að eftir sanngjarnar kaupbreytingar rís hér illviðráðanleg verðbólgualda. Og þegar svona stóð á, var það vitanlega alveg fráleitt af hæstv. forsrh. að tilkynna með 18 daga fyrirvara, að það stæði til að setja á verðstöðvun, því að það gat ekki leitt til neins annars en þess, að ýmsir aðilar í landinu notfærðu sér aðstöðu sína til þess að koma fram sínum verðhækkunum.

Nú þessa dagana hafa átt sér stað nokkrar verðlækkanir í vissum tilvikum með niðurgreiðslum af hálfu ríkisins á vörum. Þegar um það hefur verið að ræða að lækka verð á vöru með niðurgreiðslum, þá hefur hæstv. ríkisstj. haft gersamlega önnur vinnubrögð í þessum efnum en þegar hækkunaraldan var að ganga yfir. Þegar til stóð að lækka verð á ýmsum landbúnaðarvörum, þá var látin fara fram ítarleg rannsókn á því, hvað mikið lægi í verzlunum og afgreiðslustöðum af landbúnaðarvörum á hærra verðinu, og þeir, sem höfðu þessa vöru, gátu gefið sitt magn upp og tryggt sér einnig niðurgreiðslur á þessar birgðir sínar. Þarna átti sem sagt að tryggja það, að kaupsýslumenn yrðu ekki fyrir neinum skakkaföllum. En hvað var gert í þessum efnum, þegar augljóslega var um að ræða, að ýmist var verið að leyfa á löglegan hátt verðlagshækkanir eða það var verið að tilkynna um væntanlega verðstöðvun og þannig að aðvara menn um það, að þeir skyldu nú nota tækifærið til þess að hækka sitt verðlag, ef þeir höfðu til þess heimild, hvað var þá gert? Fór þá fram einhver almenn athugun á því, hvað liði birgðum í landinu og kaupsýslumenn yrðu að selja birgðirnar á réttu verði? Þá upplýsir sjálfur verðlagsstjórinn í landinu, að það hafi engin sérstök athugun verið framkvæmd á því verðlagi, sem þá var, engin sérstök. Aðeins var framkvæmt á vegum verðlagsskrifstofunnar þetta almenna, daufa eftirlit, sem allir vita, að hefur verið nú um langan tíma og tiltölulega lítið hefur haft að segja. Þarna hefur auðvitað milliliðunum verið boðið upp á það að ná til sín allmyndarlegum fjárhæðum umfram það, sem þeim hefur þó verið ætlað að fá.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á þessum

mismunandi vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. varðandi verðlagsmálin eftir því, hver í hlut á, hvort það er hinn almenni neytandi í landinu, sem þarf að kaupa vöruna, eða hvort það er kaupsýslumaðurinn, sem er að selja vöruna. Það er greinilegt, að ríkisstj. lítur svo á, að það þurfi að hafa alla gát á, að kaupsýslumaðurinn verði ekki fyrir áföllum. En hitt virðist ekki skipta ýkja miklu máli, þó að hinn almenni neytandi verði fyrir skaða vegna óeðlilegrar framkvæmdar á verðlagsmálum í landinu. Það má auðvitað segja, að þetta hefði kannske ekki skipt launafólk í landinu ýkja miklu, ef staðið hefði verið við gerða kaupgjaldssamninga, því að ef verðlagið var hækkað á löglegan eða ólöglegan hátt óeðlilega mikið eða mikið, þá átti slíkt vitanlega að koma fram við verðathuganir Hagstofunnar, sem sá um það að reikna út framfærsluvísitöluna, og miðað við framfærsluvísitöluna átti síðan að ákvarða kaupgjaldsvísitöluna, og launþegar í landinu áttu þá að fá hækkað kaup út á hækkandi verðlag. En verðhækkunin var látin ganga yfir, hún mátti eiga sér stað. Það þurfti ekki að hafa mikið eftirlit þar á, en þegar kom að því, að launþegarnir áttu að fá sínar bætur í launum út á hækkandi verðlag, þá þurfti að gera efnahagsráðstafanir, þá þurfti að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það, að samningarnir, kaupgjaldssamningarnir, yrðu haldnir.

Þessi mál hafa öll verið rædd hér allítarlega áður, þegar frv. um verðstöðvun var hér til afgreiðslu. Ég skal því ekki fara miklu lengra út í að ræða þessi mál að sinni, en það er enginn vafi á því, að það hefur komið skýrt fram í öllum þessum umr., að til þess eru ærnar ástæður, eins og staðið hefur verið að öllum þessum málum að undanförnu, að nú verði látin fram fara ítarleg rannsókn á öllum aðdraganda þessarar verðstöðvunar að þessu sinni, bæði í sambandi við þær verðbreytingar, sem hafa orðið almennt, löglega og ólöglega, og eins þau áhrif, sem orðið hafa af þessum sérstöku og sérstæðu vinnubrögðum af hálfu hæstv. forsrh. að tilkynna um verðstöðvunina með 18 daga fyrirvara. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þjóðin krefst þess almennt nú í dag, að slík rannsókn fari fram, eins og við höfum lagt til. Ég veit auðvitað líka, að hæstv. ríkisstj. hefur afl til þess hér á Alþ. að koma í veg fyrir það, að þessi rannsókn fari fram. Og hún getur auðvitað haldið áfram í blaðakosti sínum að staðhæfa það aftur og aftur, að allt hafi farið hér fram með eðlilegum hætti og að yfirlýsingar forsrh. varðandi verðstöðvunina hafi ekki sakað á einn eða neinn hátt. Og Morgunblaðið getur meira að segja líka haldið áfram að prenta það upp aftur og aftur, að ástæðan fyrir öllum verðlagsbreytingunum frá því í sumar hafi ýmist verið kauphækkanirnar, sem þá var samið um, eða verðstöðvunarfrv., sem við Alþb.-menn fluttum. Þetta geta þeir gert. Þessu er vitanlega hægt að halda fram. En ég held nú samt, að almennt sjái menn í gegnum þetta og viti, að það hafa verið leyfðar og framkvæmdar allt of miklar verðhækkanir í sumar og haust og að ríkisstj. hefur staðið í mesta máta óeðlilega að framkvæmd þessara mála. Menn sjá, að það er sannarlega ástæða til þess að samþykkja till. okkar um hlutlausa athugun á þessu máli, svo að úr því verði skorið, hvað hefur verið að gerast, og hægt verði þá að mynda sér rökstudda skoðun á því, hvort það á að ákæra einn eða annan fyrir það að hafa staðið óeðlilega að framkvæmd mála í þessum efnum.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þarf nú ekki að bæta miklu við skýra og málefnalega ræðu, sem hv. þm. Lúðvík Jósefsson var að ljúka við að flytja hér. En engu að síður langaði mig til að bæta við örfáum aths. í tilefni af nokkrum atriðum, sem fram komu hér á fundinum í gær.

Ég minntist á það í gær, að mér þætti till. Framsfl. um rannsókn á verðhækkunum í sumar bera keim af þeim vinnubrögðum þess flokks að hirða málefni frá öðrum. En ég hef hugsað þetta mál dálítið frekar, og ég veit ekki nema það felist dálítið alvarlegri hlutur í þessari till. en aðeins þetta, sem þm. eru nú orðnir allkunnugir. Ég varð var við það, þegar till. okkar Alþb.-manna kom fram, að ýmsum þótti hún nokkuð harkaleg og óvenjuleg. Þetta er í fyrsta skipti í þingsögunni, sem í fullri alvöru er vitnað til laga um ábyrgð ráðherra og landsdóm. Þetta er till., sem sker í gegnum allt moldviðri, og hún er nærgöngul við hæstv. ríkisstj. Og ég er anzi hræddur um, að það hafi verið þetta einkenni till., sem gerði það erfitt fyrir ýmsa þm. Framsfl. að vilja fylgja henni. Það er háttur framsóknarmanna að vilja heldur hafa ummæli sín dálítið loðin en að segja þau skýrum orðum. Og það hefur einkennt Framsfl. mjög einmitt á þessu ári, að hann hefur greinilega verið að búa sig undir það að bæta sambúð sína við Sjálfstfl. Það kom ákaflega skýrt fram eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor, þar sem samið var um samvinnu við Sjálfstfl. á einum stað eftir annan, og það er alveg ljóst, að a. m. k. öflugir aðilar í Framsfl. stefna að þessu marki. Ég hygg, að þeim aðilum hafi fundizt, að það væri dálítið erfitt fyrir þá að fylgja till., sem var eins nærgöngul við hæstv. ríkisstj. og Sjálfstfl. og till. okkar er. Hins vegar veit ég, að framsóknarleiðtogunum hefur þótt það dálítið erfitt gagnvart kjósendum sínum að vilja ekki styðja slíka till. Og þá var fundin upp sú aðferð að taka hluta af henni, flytja hann sem sjálfstæða till. og segja svo, að þeir sjái ekki ástæðu til að taka þátt í afgreiðslu okkar máls, því að þeir séu með sínar eigin till. sjálfir. Það á sem sé að reyna að skjótast út úr málinu á formlegum rökum einum saman, og einnig þetta er ákaflega framsóknarlegt. Þetta er nýjasta útgáfan af þeirri stefnu, sem kennd hefur verið við já, já—nei, nei, að geta aldrei haft skýra stefnu í nokkru máli, að vilja halda öllum dyrum opnum, að vilja brosa til hægri og vinstri í senn. Það er þetta, sem ég les út úr afstöðu framsóknarmanna, þegar þeir flytja þetta mál, og út úr þeirri ræðu, sem hv. þm. Halldór E. Sigurðsson flutti hér í gær.

Það er, eins og hv. þm. Lúðvík Jósefsson benti á áðan, algerlega rangt, að í till. okkar felist ekki almenn athugun á verðlagsþróuninni í sumar. Till. okkar gerir ráð fyrir tveimur verkefnum fyrir rannsóknarnefnd. Í fyrsta lagi að rannsaka aðdraganda verðstöðvunar þeirrar, sem kom til framkvæmda 1. nóv. s. l. Aðdragandi þeirrar verðstöðvunar er verðbólguþróunin, sem varð eftir kjarasamningana í vor. Allir, sem læsir eru á einfalt mál, skilja þetta. Og séu þá einhverjir, sem hefðu viljað orða þetta eitthvað skýrar, þá er það ákaflega einfalt að flytja við þetta brtt., þótt þess gerðist raunar

engin þörf. En eftir þetta atriði í till. kemur punktur og ný setning, og þar segir:

„Sérstaklega skal rannsóknin beinast að þróun verðlagsmála, eftir að Jóhann Hafstein forsrh. boðaði það í sjónvarpsþætti 13. okt. s. l., að til stæði að framkvæma verðstöðvun nokkrum vikum seinna."

Nefndin á að athuga aðdragandann almennt, og síðan á hún sérstaklega að athuga þetta. Þetta er afar skýrt, og þess er enginn kostur fyrir hv. framsóknarmenn að komast fram hjá þessu með neinum vífilengjum.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að með þeirri afstöðu sinni að vilja ekki taka þátt í að afgreiða till. okkar, ef það er rétt hermt hjá hv. þm. Halldóri E. Sigurðssyni, að það sé almenn afstaða framsóknarþm. hér, sem ég dreg nú að vísu í efa, en sé það rétt hermt, þá eru þessir framsóknarþm. að gerast samábyrgir hæstv. forsrh. um þennan furðulega atburð. Þeir eru að lýsa blessun yfir honum. Þeir eru að taka á sjálfa sig siðferðilega ábyrgð. Og það er staðreynd, sem ástæða er til að muna og verður örugglega munuð.

Á fundinum í gær flutti hv. þm. Matthías Á. Mathiesen alllanga ræðu. Ég hafði raunar dálítið gaman af því að fylgjast með verkaskiptingunni milli þeirra flokksbræðranna, hæstv. forsrh. og hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen. Það var greinilegt, að hv. þm. hafði verið falið það verkefni að sinna moldarverkunum, en hæstv. ráðh. ætlaði svo að koma á eftir og flytja málefnalega ræðu í landsföðurlegum tóni. Ég hugsa nú, að moldarverkin hefðu verið unnin ögn rösklegar og á þróttmeiri hátt, ef hæstv. forsrh. hefði gert það, eins og hann hefur oft áður gert hér í þingsölunum.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson hefur svarað ræðu hv. 1. þm. Reykn. svo mjög, að ég sé ekki ástæðu til þess að fara mjög mörgum orðum um hana. Mér fannst raunar einnig, að málatilbúnaður hans minnti meira á pex það, sem við höfum vafalaust báðir haft gaman af, þegar við vorum ungir menn í Hafnarfirði, heldur en málflutning, sem ætti heima hér innan veggja Alþ., þessi reyfari, sem hann bjó til um samsærisáform okkar Alþb.-manna. Það eina, sem var fróðlegt í því efni, var það, sem ég benti á í gær, að með þessu er hv. þm. að viðurkenna, að fyrirframvitneskja um verðstöðvun hlýtur að leiða til misnotkunar. Þessi hv. þm. viðurkenndi þetta einnig í gær, og ég held, að það sé algerlega ómaklegt vanmat af hans hálfu á hæstv. forsrh. að telja, að orð hans hafi engin áhrif, en orð okkar Alþb.-manna mjög mikil.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson leiðrétti hér röng ummæli Matthíasar Á. Mathiesen um frásögn verðlagsstjóra. Hins vegar þóttu mér dálítið fróðleg ummæli þm. um eðlilegar og óeðlilegar verðhækkanir. Hann taldi, að ekki hefðu orðið neinar óeðlilegar verðhækkanir eftir sjónvarpsviðtal hæstv. forsrh. Ég minntist á það hér í gær, að verðhækkun sú, sem orðið hefur á fjórum mánuðum, nemur um 12%. Það jafngildir því, að almennt verðlag í landinu hefur hækkað um 2—3 þús. millj. kr. á ársgrundvelli. Þetta gerist á rúmum 100 dögum. Það þýðir það, að meðalhækkunin á hverjum degi er 20—30 millj. kr. á ársgrundvelli. Svona stórfelld er þessi skriða. 20—30 millj. kr. á dag á ársgrundvelli. Það er hægt að fela margs konar minni háttar fjárdrátt innan þessa ramma, ef þessi þróun er eðlileg. Ef þetta er talið það eðlilega, hvað er þá óeðlilegt? En það fróðlega og málefnalega, sem fram kom hér í gær, var að sjálfsögðu ræða hæstv. forsrh. Hann var að reyna að finna málefnaleg rök fyrir stefnu ríkisstj. í þessu efni, og hann minntist í ræðu sinni á þá tilvitnun, sem ég kom hér með, í bókina Viðreisn, þar sem ég rifjaði það upp, að hæstv. ríkisstj. hefði heitið því, að ef launahækkanir yrðu, mundi hún ekki leyfa atvinnurekendum að velta þeim út í verðlagið. Þetta átti að vera einn aðalkjarni hinnar nýju stjórnarstefnu. Þetta var eitt ákveðnasta fyrirheitið, sem hæstv. ríkisstj. gaf. Og hæstv. forsrh. varð að sjálfsögðu að viðurkenna það í gær, að rétt væri hermt. En hann sagði, að það væri ólíku saman að jafna. Árið 1960 hefði ekki verið ákveðið um verðtryggingu launa, en slík ákvæði væru núna, og þetta breytti ákaflega miklu. Ég fæ ekki séð, að þetta breyti neinu fyrir hæstv. ríkisstj. Þetta breytir miklu fyrir launafólk. En fyrir hæstv. ríkisstj. ætti verðtrygging launa, vísitölukerfið, að vera miklu meira aðhald til þess að koma í veg fyrir, að verðhækkanir fari út í verðlagið, en sú skipan, sem var 1960, með engum ákvæðum um vísitölubætur.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefðu verið lagðir fram reikningar í vor fyrir fulltrúa verkalýðssamtakanna, reikningar frá Hagstofunni um það, hver verðlagsþróun yrði, ef þetta og hitt gerðist. Mér er fullkunnugt um það, að þessir reikningar voru þar lagðir fram. Þeir voru gerðir af hálfu Hagstofunnar á þeim forsendum, að sama þróun héldist í landinu eins og verið hefur, að ekki yrði gripið til neinna sérstakra ráðstafana. En að sjálfsögðu lagði verkalýðshreyfingin enga blessun yfir þessa útreikninga. Verkalýðshreyfingin hefur ævinlega lagt á það mjög þunga áherzlu, að hún vildi beita afli sínu til að koma í veg fyrir verðbólguþróun á Íslandi og hún teldi verðbólguþróun andstæða hagsmunum vinnandi fólks. Þetta viðhorf verkalýðshreyfingarinnar var einmitt kjarninn í samningum þeim, sem gerðir voru í vor. Verkalýðshreyfingin lagði á það mjög þunga áherzlu að ná á nýjan leik ákvæðum um fulla verðtryggingu launa, einmitt vegna þess að hún treysti því ekki, að hæstv. ríkisstj. gerði ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að kauphækkanir færu út í verðlagið. Verkalýðshreyfingin vildi fá tryggingu, til þess að hún yrði ekki fyrir kjaraskerðingu af þessum sökum. Og hún knúði fram þessa tryggingu. En þá átti það einmitt að vera tvöföld röksemd fyrir hæstv. ríkisstj. til að koma í veg fyrir nýja verðbólguskriðu. Alls staðar í löndum, þar sem um er að ræða verðtryggingu launa og vísitölukerfi, er þetta kerfi ákaflega mikið aðhald fyrir stjórnarvöld til þess að draga úr verðbólguþróun. Við þekkjum það frá öðrum Norðurlöndum, þar sem þetta er eitt helzta viðfangsefni ríkisstj. hverju sinni. Af þessu hljótast oft mikil og erfið vandamál, en engu að síður hefur þetta tvímælalaust bremsað verðbólguþróun annars staðar á Norðurlöndum, vegna þess að þar eru ríkisstj., sem eru ábyrgari en stjórnarvöld hér á landi.

Ég komst svo að orði í ræðu minni hér í gær, að það hefði verið sjálfsögð ráðstöfun af hæstv. ríkisstj. að grípa til verðstöðvunar þegar í vor, eftir að samningar voru gerðir. Ég fór ekki dult með þessa afstöðu mína þá. Ég greindi frá henni margsinnis í því blaði, sem ég vinn við, og þetta er engin hugmynd, sem kemur upp eftir á. Um þetta var rætt þegar í vor. Með þessu á ég að sjálfsögðu ekki við það, að verðlagsnefndin hafi getað

komið í veg fyrir allar verðhækkanir. Hugmyndir um það efni eru alger fásinna. Ég hef sjaldan orðið eins undrandi á kenningum í kjaramálum eins og þegar ég sá það fyrir tveimur árum eða svo í málgagni Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að verðlagsnefndin væri orðin einn aðalaðilinn í íslenzku þjóðfélagi og kjarabarátta, venjuleg kjarabarátta ætti ekki lengur við, hún færi fram í verðlagsnefndinni. Kenningar af þessu tagi eru auðvitað barnaskapur. Verðlagsnefndin hefur í sjálfu sér ekki möguleika á að taka ákvarðanir nema um svona frekar minni háttar atriði í sambandi við óðaverðbólguþróun eins og hér. En það eru fleiri aðilar, sem geta gripið inn heldur en verðlagsnefndin.

Ég vil minna á það, hvað við höfum verið að gera hér á Alþ. að undanförnu. Hæstv. ríkisstj. hefur verið að leggja hér fyrir okkur aðgerðir til þess að eyða, eins og hún kallar það, 7.5 vísitölustigum. Hún eyðir að vísu þremur stigum með því að ganga á réttindi og samninga launafólks. En 4½ stigi eyðir hún á annan hátt. Nákvæmlega þessar sömu aðgerðir gat ríkisstj. gert strax í vor, eftir að kjarasamningarnir höfðu verið gerðir. Og ef hæstv. ríkisstj. hefði gert það eða eitthvað hliðstætt, þá hefði verðlagsþróunin í sumar orðið allt önnur en raun ber vitni, og þá væri staða þjóðfélagsins nú allt önnur en hún er í dag. Í því sambandi er fróðlegt að minna á það, að þjóðarbúið hefur búið við alveg einstaklega ánægjuleg ytri skilyrði að undanförnu. Það eru horfur á því, að þjóðarframleiðsla Íslendinga hækki um 27% að krónutölu frá því í fyrra, 27% að krónutölu. Innan þess ramma rúmast mjög auðveldlega þær kauphækkanir, sem launamenn fengu í vor, án þess að nokkur verðbólguskriða þurfi af því að hljótast. Þessi mikli bati stafar ekki sízt af því, hversu geysileg hækkun hefur orðið á afurðum okkar erlendis. Þær hafa hækkað og hækkað aftur og miklu meira en menn gerðu sér nokkrar vonir um. Þær hafa hækkað miklu meira en þær vörur, sem við flytjum inn til landsins. Ég hygg, að batinn á viðskiptakjörunum nemi nú þegar orðið hátt á annan milljarð kr. á þessu ári. Ég er alveg sannfærður um það, að ef ríkisstj. hefði framkvæmt verðstöðvun eða verðstöðvunaraðgerðir eftir kjarasamningana í vor, hefði verið fullkomlega raunsætt nú í haust að ræða í fullri alvöru um gengishækkun vegna þessara hagstæðu ytri skilyrða. Þá hefðu það ekki verið gervitillögur eins og hjá ríkisstj. í vor, heldur raunverulegt viðfangsefni.

Ég er þeirrar skoðunar, að ríkisstj. hafi haft af þjóðinni ákaflega mikil tækifæri, sem þjóðin hefði haft nú í haust, með verðbólgustefnu sinni nú í sumar. En ástæðan fyrir þessari öfugþróun og fyrir þessari háskalegu stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur framkvæmt, er að sjálfsögðu sú, að ríkisstj. var þeirrar skoðunar í vor, að kjarasamningarnir, sem gerðir voru, mættu ekki standast. Hæstv. ríkisstj. hefur síðan verið að grafa undan þessum kjarasamningum vitandi vits. Einmitt þess vegna hefur hún látið óðaverðbólguna magnast. Hún hefur látið útborgað kaupgjald hækka hjá almennu launafólki um næstum því 30%, þó að raunveruleg kjarabót sé aðeins 15—18%. Hún hefur látið landbúnaðarvörur hækka upp úr öllu valdi, hún hefur lagt fyrir fjárlög, sem hækkuðu um meira en fjórðung, þegar þau voru lögð hér inn, en mér skilst, að þau muni hafa hækkað um hvað, kannske ein 40%, hæstv. fjmrh., áður en Alþ. hefur lokið við þau. Hæstv. ríkisstj. ætlar að gera nýja kjarasamninga við opinbera starfsmenn, sem munu fela í sér, að mér skilst, allt að 100% hækkun hjá þeim, sem höfðu hæst laun fyrir. Öll þessi þróun er ekki ávísun á kjarabætur fyrir einn eða neinn. Öll þessi þróun stefnir á nýja kollsteypu, nýja óðaverðbólgu og nýja kollsteypu og nýja gengislækkun. Og ég tel, að hæstv. ríkisstj. geri þetta vitandi vits. Ástæðan fyrir þessari þróun er ekki sú, að ráðh. hafi ekki vald á viðfangsefnum sínum. Þeir vita fullvel, hvað þeir eru að gera. En skoðun þeirra er sú, að barátta verkalýðssamtakanna í vor til þess að hnekkja láglaunakerfinu á Íslandi, sú barátta megi ekki verða árangursrík og það verði að hnekkja henni á nýjan leik. Og þessi þokkalega aðferð, þessi óðaverðbólga, er aðferðin til þess.

Um þetta væri hægt að segja margt fleira, en það gefast nú síðar tækifæri til þess. Hins vegar vil ég minna á það, að í umr. um þetta mál, sem er mikið stórmál, hafa tekið þátt fulltrúar þriggja flokka hér á þingi, Alþb., Sjálfstfl. og Framsfl. Það hefur ekki enn heyrzt eitt orð frá Alþfl. Samt hefur mér skilizt það um alllangt skeið, að Alþfl. teldi verðlagsmál og verðlagsþróunina og hagsmuni neytenda mikið sérmál sitt. Ég hef stundum séð á það minnzt í blöðum Alþfl. og heyrt um það talað í ræðum forustumanna hans, að Alþfl. vilji mikið gera til þess að tryggja hagsmuni neytenda. Ég rifjaði það upp hér í gær, að 1. nóv. hefði formaður Alþfl., hæstv. viðskrh., Gylfi Þ. Gíslason, sagt um verðstöðvunina 1. nóv.:

„Í síðustu viku var fjallað ítarlega um málið allt í ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar á Alþ. Í þessari viku mun ríkisstj. birta heildartillögur sínar. Það var því sjálfsögð ráðstöfun, að hún skyldi beita sér fyrir því, að engar verðhækkanir ættu sér nú stað. Að öðrum kosti hefðu ýmsir aðilar getað reynt að nota tímann fram til heildarráðstafananna til þess að hækka verð og hagnast á því."

Þetta sagði formaður Alþfl. Hann var að lýsa því yfir, að fyrirframvitneskja um verðstöðvun yrði til þess, að ýmsir aðilar gætu hækkað verð og hagnazt á því. Mér er nú spurn: Er Alþfl. ekki sammála formanni sínum um þetta? Og ætlar þá Alþfl. að bera ábyrgð á því háttalagi hæstv. forsrh. að auglýsa verðstöðvun með 18 daga fyrirvara? Ef enginn af fulltrúum Alþfl. hér í d. tekur til máls um þetta, þá hlýt ég að líta á það sem þegjandi samþykki við það, að flokkurinn telji þetta hafa verið eðlilega ráðstöfun hjá hæstv. forsrh. En að vísu er það ekki stórmannleg afstaða að lýsa slíku yfir með þögninni einni.

Björn Pálsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. vék að afstöðu okkar framsóknarmanna hér og var að tala um ræðu, sem hv. 3. þm. Vesturl. hefði haldið hér í gær, og dró það að mér virtist í efa, að hann hefði talað fyrir munn okkar allra. Ég hygg nú, að hv. 3. þm. Vesturl. hafi fyrst og fremst talað frá eigin brjósti og fyrir sig. Ég veit ekki til, að neinar formlegar samþykktir hafi verið gerðar um afstöðu einstakra manna viðvíkjandi þessu máli, og ég vil taka það fram, að ég ætla að tala fyrir minn reikning hér, en ekki fyrir aðra.

Við búum í lýðræðislandi, og ég álít, að það sé eitt af grundvallaratriðum lýðræðisins, að flokkar og einstaklingar komi nokkurn veginn drengilega fram hver

við annan. Ef við förum að víkja frá þeirri reglu, er lýðræðinu hætt. Ef meiri hl. á hverjum tíma er að misnota aðstöðu sína og níðast á minni hl., þá álít ég, að lýðræðinu sé hætt. Ég álít, að við verðum líka í málflutningi að unna hver öðrum nokkurn veginn sannmælis, bæði persónulega og málefnalega. Gerum við þetta ekki, erum við komnir í hættu með þetta lýðræði. Nú vitum við það, að það er í takmörkuðum hluta af heiminum, sem raunverulega er ráðandi lýðræði, og það er af því, að það er misnotað. Borgararnir hafa ekki þann þroska, sem þarf til þess að geta lotið lýðræðisstjórn. Við vitum það t. d., að í kommúnistaríkjunum er ekki leyfð stjórnarandstaða. Þar fær stjórnarandstaðan ekki að segja meiningu sína og deila á viðkomandi ríkisstj. Ef þeir taka upp á slíku, eru þeir fjarlægðir, settir í fangabúðir eða jafnvel styttur aldur, eins og Stalin sálugi lét sig hafa það. Við viljum ekki svona stjórnarfar. Við viljum njóta þess frelsis, sem við höfum nú, en því aðeins getum við verndað það, að við misnotum það ekki.

Afstaða mín til þessa máls er ekki sú, að ég ætli að sleikja mig upp við einn eða neinn, ég þarf ekki að hafa gott af neinum. Ég á ekki eftir að lifa það lengi, að ég þurfi á neinu að halda. Ég get unnið fyrir mér það, sem ég á eftir ólifað, þannig að afstaða mín til mála hér á þinginu mótast ekkert af því, að ég ætli að sleikja mig upp við neinn. Ég þarf einskis með. Kæmi fram till., sem mér fyndist vera ástæðulaus og snerti hv. 6. þm. Reykv. persónulega, ef mér fyndist hún vera ósanngjörn, mundi ég greiða atkv. á móti, alveg jafnt þó að hann sé ekki í sama flokki og ég. Og ég mundi jafnvel taka málstað hans. Ég get lýst því yfir, að ég hef miklar mætur á gáfum og ræðusnilli hv. 6. þm. Reykv., og ég get viðurkennt allt vel um hann þannig. En ég álít, að með þessari till. hafi þeir skotið yfir markið. Ég sé enga ástæðu til að fara að samþykkja svona till., sem er um persónulega rannsókn á hæstv. forsrh. og jafnvel landsdóm á eftir, sem er eiginlega fáheyrður hlutur hér. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess arna. Þarna er verið að ráðast algerlega persónulega á mann að ósekju. Ég get lýst því yfir sem minni skoðun, að ég álít Jóhann Hafstein vera með mestu drengskaparmönnum, sem ég hef kynnzt, alveg án tillits til þess, þó að hann sé ekki í sama flokki og ég. Það kemur málinu ekkert við. Ég ann mönnum alveg jafnt sannmælis, þó að þeir séu ekki í sama flokki og ég. Og jafnvel þó að ég áliti hæstv. forsrh. slæman mann, sem er alveg hið gagnstæða, þá mundi ég ekki samþykkja till., ef ég áliti, að hún hefði ekki við rök að styðjast.

Það má vel vera, að sumir séu sannfærðir um, að ummæli hæstv. ráðh. hafi átt þátt í verðhækkunum. Hvers konar verðhækkunum? Geta kaupmennirnir farið og breytt vöruverðinu í búðunum? Er ekki eftirlit með flestum vörutegundum? Er það þá ekki slælegt eftirlit? Er þá ekki fyrst og fremst að biðja um athugun á því hjá þeim mönnum, sem eiga að sjá um það? Ég veit ekki betur en kaupfélögin verzli. Varla hafa þau hækkað vöruverð. Þá geta þau undirboðið, ef þau hafa orðið vör við, að það sé óeðlileg hækkun einhvers staðar. Þau geta auglýst sína vöru. Þetta er frjáls samkeppni að þessu leyti. Það er alveg rétt, að það eru stórhækkanir á þessu tímabili. En er það óeðlilegt? Ég lýsti því yfir hérna um daginn, og þá deildi ég alveg af fullri einurð á efnahagsmálin og talaði um þessa verðstöðvun. Það er allt í lagi, það eigum við að gera, en við getum gert það án persónulegra árása á menn að ósekju.

Nú er eðlilegt, að allt hækki í krónutölu, þegar búið er að lækka verðgildi krónunnar árið 1967 og 1968 um 100%. Ég lýsti því yfir hér um daginn, að þetta væri afleiðing af gengislækkun og ríkisstj. gat aðeins hamlað á móti í 1—2 ár. Þetta vissu allir viti bornir menn, að mundi koma. Samtök launþega gerðu sínar kröfur. Það veit enginn betur en hv. 6. þm. Reykv. og skilur það, að þegar öll þjónusta og öll laun í landinu hækka, þá hlýtur rekstrarkostnaður fyrirtækjanna að hækka. Ég hef ekki sannfærzt um það, að ummæli forsrh. hafi átt neinn þátt í þessum hækkunum, þannig að ég held, að þær hafi að mestu leyti og kannske öllu verið óhjákvæmilegar. Hafi þær ekki verið óhjákvæmilegar, þá er allt í lagi að biðja um athugun á því. Hefur fjhn. ekki aðstöðu til þess að tala við verðgæzlustjóra og fá ítarlegar skýrslur um það, ef eitthvað hefur verið óeðlilega hækkað? Og á það ekki að ganga þannig, að þm. eða þessar nefndir, sem starfa á hverju sviði, hafi aðstöðu til þess að kynna sér þetta hjá ríkisstarfsmönnunum? Ég hef hvergi komið til ríkisstarfsmannanna, þar sem mér hefur ekki verið vel tekið. Og hafi ég beðið um einhverjar upplýsingar, meira að segja niðri í Seðlabanka, þá hef ég ævinlega fengið þær. Ég hef ekkert undan því að kvarta, að þeir sýni ókurteisi eða óliðlegheit. Geta þessir ágætu menn þá ekki fyrst farið og kynnt sér þetta? Ég býst við, að sú hækkun, sem hefur kostað okkur mest, séu flutningsgjöldin. Það má vel vera, að þau hefðu mátt vera lægri. En er þá ekki hægt að athuga það? Það er í raun og veru ekkert óeðlilegt. Þegar kaupgjaldshækkunin varð í vor, hlutu að verða hækkanir á allri þjónustu. Það má vera, að þær hafi orðið of miklar, og þá er að athuga það. En það þarf ekkert að vera að tala um landsdóm eða sérstaklega persónulega árás á forsrh. í því sambandi. Það er gersamlega ómaklegt.

Um efnahagsmálin er hægt að deila óendanlega. Ég er sammála hv. 6. þm. Reykv., að gengislækkanir eru óhentugar og allar þær afleiðingar, sem af þeim leiða. En það er svo mikið mál að fara út í það, og ég hef gert grein fyrir því áður og margendurtekið það, að ég álít, að ríkisbúskapurinn sé orðinn of dýr. Ég álít, að útgjöldin séu orðin of há og það þurfi að reka ríkisbúskapinn af meiri hagsýni heldur en gert er. Ekki það, að mönnum, sem hafa unnið hjá ríkinu, sé of hátt launað. Svo hefur eigi verið. Það má vera, að þeim verði það eftir næstu kaupsamninga, en annars hafa Alþb.-menn ekki gengið fram fyrir skjöldu að fara fram á kauplækkanir. Og einu sinni man ég það, að ég var að tala um laun skipstjóra og var að tala um, að það væri vitleysa að borga orlofsfé nema á venjuleg laun, en ég fékk engar undirtektir um það hjá Alþb.-mönnunum. Þá höfðu þessir síldarskipstjórar á aðra milljón. En það er nú svo, að það er ekki nema takmarkað, sem getur komið til skipta í þjóðfélaginu, og ef einhver stétt manna ber óeðlilega mikið úr býtum, þá hlýtur önnur að fá minna, þannig að það er ekki hægt að gera endalausar kröfur um, að kaup allra hækki. Það er ekki hægt nema að takmörkuðu leyti og oft alls ekki. Það þarf að gera ríkisbúskapinn ódýrari og yfirleitt rekstur at-

vinnuveganna, þannig að það þurfi ekki alltaf að vera að fella gengið. Stilla þarf vöxtum í hóf. Og þar álít ég, að mistök ríkisstj. hafi verið í efnahagsmálum fyrst og fremst. Of mikil þensla á ríkisbúskapnum og ekki hugsað um að hafa skattana færri og minni hjá atvinnuvegunum. Búa eins vel að atvinnuvegunum og mögulegt er, en reyna að hafa gengið traust. Ég er ekki farinn að sjá, að það hafi verið gróði af gengislækkuninni 1968, þegar öll kurl eru komin til grafar. Ég álít, að við séum jafnvel verr staddir, þegar öll skriðan er komin, heldur en ef við hefðum aldrei fellt þetta gengi, en reynt að gera aðrar ráðstafanir, sem miðuðu að því að halda genginu stöðugu.

Ég get ekki verið með þessari till. hjá þm. Alþb., vegna þess að ég lít á þetta sem persónulega árás og það ómaklega á hæstv. forsrh. Ég vil ekki vinna að því, að neinn verði fyrir ómaklegum ásökum. Auðvitað getur hæstv. forsrh. yfirsézt eins og öðrum mönnum, og það má deila um stefnuna, en ég hef ekki sannfærzt um, að þetta hafi á neinn hátt skaðað þjóðfélagið, og er sannfærður um, að þau ummæli voru ekki töluð í illum tilgangi. Hafi eitthvað hækkað of mikið, því í ósköpunum er ekki beðið um athugun á því eða reynt að afla sér upplýsinga um það? Fái skipafélögin of mikið í sinn hlut, er þá ekki hægt að lækka það aftur?

Viðvíkjandi þessari blessaðri verðstöðvun þá vitum við allir, að hún er kosningamál, allir eru að reyna að afla sér atkv., og við vitum það líka, að þessi till. Alþb.-mannanna kom ekki fram af því að þeim sé í nöp við hæstv. forsrh. Þetta er kosningamál, þeir eru að ná í atkv. Þeir þyrla þarna upp ryki, alveg eins og verðstöðvunin hjá ríkisstj. Það er gagnkvæmt. Ég álít bara, að þessir góðvinir mínir hafi þarna skotið yfir markið, þannig að ef þeir kæmu þessu fram, sem þeir gera aldrei, kæmu einhverjum landsdómi fram, þá mundi það ekki vera gott fyrir neinn nema hæstv. forsrh. Hann mundi stórgræða á því í næstu kosningum. Þannig að það er hreinasta hermdarverk fyrir þá sjálfa. (Gripið fram í.) Hún er ekki frá mér. Það getur vel verið, að ég fari að kynna mér það persónulega, hvort þetta er mikið, sem hefur komið í hlut skipafélaganna t. d. Ég fullyrði ekkert um það. Lúðvík Jósefsson, hv. 4. þm. Austf., hann er töluglöggur, hann hefur alveg ágæta aðstöðu til að kynna sér þetta. Hvort skipafélögin fái nógu mikið og hvort það væri ekki hægt að lækka fargjöldin. Hví í ósköpunum kemur hann þá ekki hér með till. um það, að ríkisstj. hlutist til um lækkun á þeim heldur en að fara að setja landsdóm á forsrh.? Mér finnst það ósköp miklu eðlilegra og mannlegra. Nei, við þurfum að kunna drengilegar leikreglur, ef við ætlum að vernda okkar lýðræði. Það er ekki hægt annað. Og ég vil nota þær við Alþb.-mennina. Ég vona, að ef þeir komast hér í meiri hl., þá beiti þeir þeim gagnvart mér, þó vita menn aldrei, hverju má trúa, því það er þannig í þessu kerfi þeirra, að ópokkarnir komast alltaf þar til mestra valda, en það er það, sem ég er fyrst og fremst á móti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 2. des., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: EystJ, FÞ, GeirG, GíslG, HV, IG, JK, JónÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, ÞÞ, ÁÞ, EðS.

nei: GuðlG, GunnG, JP.

GeirH, GÞG, IngJ, JóhH, PJ, ÞG, SvJ, ÁS, BGr, BF, BK, EKJ, BrS, MÁM greiddu ekki atkv.

7 þm. (HS, JSk, MB, SI, VH, BP, EmJ) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Á 64., 66. og 87. fundi í Nd., 18. og 22. marz, 5. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en nefndaráliti frá meiri hl. og 1. og 2. minni hl. fjhn., á þskj. 501, 569 og 617, var útbýtt 16., 19. og 23. marz.

67. Rannsókn á verðhækkunum.

Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á verðhækkunum [134. mál] (A. 164).

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23., 24., 25. og 26. fundi í Nd., 25., 26. og 30. nóv., 2. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 3. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 164 höfum við hv. 4. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Austf. leyft okkur að flytja till. til þál. um rannsókn á verðhækkunum.

Eins og fram hefur komið í umr. hér fyrr á hv. Alþ. á þessu hausti, hafa orðið miklar umr. hér á Alþ. og eins í blöðum um verðhækkanir þær, sem hafa orðið síðan gerðir voru kjarasamningar í júnímánuði s. l. Menn eru ekki á eitt sáttir um það, hvað valdið hafi þessum verðhækkunum, og heldur ekki um hitt, hversu miklar þær hafi verið. Þess vegna höfum við, sem flytjum þessa þáltill., talið, að nauðsyn bæri til að fá úr því skorið, hvað þessar verðhækkanir hafi orðið miklar, og svo hitt, hvað hafi valdið þeim. Þess vegna leggjum við til með þessari þáltill., að skipuð verði fimm manna nefnd innandeildarþm. hér í hv. Nd. samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka þetta mál. Það er hugsun okkar flm., að hér skuli ekki eingöngu rannsaka verðhækkanir á þeim vörum, sem eru undir verðlagseftirliti, heldur og allar þær verðhækkanir, sem hafa átt sér stað frá því að kjarasamningarnir voru gerðir í júní og þar til að ákveðin var verðstöðvun 1. nóv. Við viljum láta

rannsaka eðli þessara hækkana og ástæðuna fyrir þeim.

Í öðru lagi teljum við, að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvort þessar hækkanir hafi verið sérstaklega óeðlilegar. Því hefur verið haldið fram, bæði af okkur og öðrum í umr. þar um, að það hafi verið hægt að hafa vald á því, að þessar verðhækkanir yrðu ekki svo miklar sem raun ber vitni um, og hafi borið nauðsyn til að gera það. Við höfum deilt á hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa ekkert aðhafzt í þeim efnum fyrr en um seinan. Og við teljum okkur ekki þurfa að eyða löngum tíma í að rökstyðja það, að verulegar verðhækkanir hafi átt sér stað umfram það, sem gert var ráð fyrir, þegar kjarasamningar voru gerðir, því að ég trúi því ekki, að þeir hefðu verið gerðir með þeim hætti, ef hæstv. ríkisstj. hefði reiknað með því að þurfa að eyða um einum milljarði af tekjum þjóðarinnar í niðurgreiðslur, eftir að áhrif þeirra væru komin fram. Ég trúi því ekki, að þá hefðu verið gerðir slíkir samningar sem gerðir voru hér á s. l. vori. Ég tel hins vegar, að það hafi komið fram í umr. þar um, að það var gert ráð fyrir því, að atvinnuvegirnir gætu borið þær verðhækkanir, sem kæmu eðlilega vegna þeirra, og þyrfti ekki aðgerða ríkisvaldsins við. Þessi athugun mundi einnig leiða til þess, að það yrði rannsakað og það kæmi í ljós, hvort verðlagseftirlitið í landinu er þess virði, sem menn ætla, hvort eftirlit af hálfu verðlagsyfirvalda er með þeim hætti, að ekki eigi sér stað óeðlilegar hækkanir m. a. á því, sem undir verksvið þeirra heyrir. Þess vegna leggjum við á það mikla áherzlu, að þessi rannsókn á verðlagsmálunum verði mjög víðtæk og alger, svo að í ljós komi eðli verðhækkananna og ástæður til þeirra og eftirlit, sem haft er með verðlagi hér á landi. Í tillögugerð okkar leggjum við svo til, að niðurstöður af þessari rannsókn, sem þarna fer fram, verði lagðar fyrir Alþ. og Alþ. meti það, til hverra aðgerða beri að grípa að rannsókn lokinni. Við teljum, að verðlagsyfirvöldin eigi að grípa inn í það, sem óeðlilegt kemur fram við þessa rannsókn, og að Alþ. eigi svo að meta, til hvaða aðgerða eigi að koma, eftir að málið hefur hlotið allsherjarrannsókn eins og hér er lagt til. Við teljum nauðsynlegt, að slík rannsókn fari fram og hún sé víðtæk og Alþ. meti svo, hvaða aðgerða sé þörf að henni lokinni. Það sé nauðsynlegt að grípa til þess ráðs, þegar svo víðtækar deilur hafa orðið manna á meðal um þetta atriði. Eins og ég áður sagði, þá leggjum við á það höfuðáherzlu, að gerð verði allsherjarrannsókn á verðhækkunum, sem orðið hafa síðan kjarasamningarnir voru gerðir. Við leggjum einnig á það höfuðáherzlu í tillögugerð okkar, að við gefum ekki neinar fyrirskipanir um aðgerðir þær, sem Alþ. ákvæði, þegar rannsóknir lægju fyrir. Hins vegar leggjum við á það megináherzlu, að rannsóknin fari fyrst fram og ákvörðun Alþ. um málið verði tekin á eftir. Þessi till. lokar engri leið til aðgerða af hálfu Alþ., hins vegar er hún víðtæk og krefst þess, að fyrir Alþ. liggi heildarrannsókn á málinu, áður en ákvörðun um aðgerðir verður tekin.

Ég mun ekki, nema tilefni gefist til, fara að ræða hér það, sem fram kom í umr. um þáltill. um skylt efni hér fyrir nokkru, því að ég tel, að síðar gefist tækifæri til þess að ræða það, sem þar kom fram, og það eigi ekki erindi inn í þessar umr. Mun ég þess vegna ekki gera það, nema tilefni gefist til. Ég tel hins vegar, að þessi grg. nægi til að skýra eðli málsins, og legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 64., 66. og 87. fundi í Nd., 18. og 22. marz, 5. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en nefndaráliti frá meiri hl. fjhn., á þskj. 502, var útbýtt 16. marz.

68. Bygging iðnskóla í Keflavík.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um byggingu iðnskóla í Keflavík [148. mál] (A. 180).

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28., 30., 39., 40., 41., 42., 43. og 44. fundi í Nd., 7. og 14. des., 27. og 28. jan., 1., 3., 4. og 8. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 180 að flytja till. um byggingu iðnskólahúss í Keflavík. Sjálf tillgr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á menntmrh. að hraða undirbúningi að byggingu nýs iðnskólahúss í Keflavík fyrir byggðirnar sunnan Hafnarfjarðar í samræmi við óskir sveitarfélaganna á Suðurnesjum til menntmrn. og tryggja jafnframt fjárveitingu í fjárlögum 1971 til þessara framkvæmda. Skal að því stefnt, að skólahúsið verði tilbúið fyrir skólaárið 1972—1973."

Eins og sést af sjálfri tillgr., er hún flutt áður en fjárlög voru afgreidd fyrir árið 1971. Hún hefur legið nokkuð lengi í hv. d. án þess að koma til umr.

Iðnskólinn í Keflavík hefur starfað sem síðdegis- og kvöldskóli óslitið frá því haustið 1943. Auk þess tvo vetur áður eða alls 29 skólaár. Skólinn hefur verið til húsa í barnaskólanum í Keflavík, eftir að kennslu er lokið þar. Með breytingu á iðnfræðslulögunum frá 11. maí 1966 var nauðsynlegt að breyta skólanum í dagskóla, og var tekið á leigu húsnæði haustið 1969, og 1. bekk, 26 nemendum, var kennt þar s. l. vetur, en 3. bekk kennt síðdegis og á kvöldin í barnaskólanum. Í vetur er þessu hagað þannig, að 1. bekkur er til húsa í leiguhúsnæðinu, þar sem aðeins er hægt að kenna einni bekkjardeild í einu. Verður 2. bekk kennt þar seinni hluta vetrar, þegar 1. bekk er lokið um miðjan jan.

Verður það þó miklum erfiðleikum háð, þar sem skipta þarf 2. bekk í sérgreinakennslu, sem samkv. námsskrá hefst þá. 4. bekkur er aftur á móti til húsa síðdegis og á kvöldin í barnaskólanum eins og áður. Eigi skólinn að geta starfað með eðlilegum hætti næsta vetur, er óhjákvæmilegt, að hann fái aukið húsnæði til umráða, þar sem þá þarf að starfrækja 1., 2. og 3. bekk sem dagskóla. Auk þess þarf að skipta 2. og 3. bekk í fagteiknikennslu og aðrar sérgreinar. Búast má og við, að 1. bekkur verði fjölmennari en svo, að nemendur hans rúmist í einni bekkjardeild.

Í iðnskólanum í Keflavík hefur nemendafjöldi verið sem hér segir: Árin 1943—1953 að meðaltali 24 nemendur, 1953—1963 50 nemendur, 1963—1964 71 nemandi, 1964—1965 81 nemandi, 1965—1966 81 nemandi, 1966—1967 98 nemendur, 1967—1968 103 nemendur, 1968—1969 104 nemendur, 1969—1970 90 nemendur, og á þessu skólaári munu þeir verða eitthvað á annað hundrað.

Í 12. gr. laga frá 11. maí 1966 segir m. a., að iðnskólar skuli vera einn í hverju kjördæmi landsins, þeirra, sem nú eru, svo og starfandi skólar með minnst 60 nemendum, er lög þessi taka gildi. Löggjafinn gerir því tvímælalaust ráð fyrir því, að áfram verði starfræktur iðnskóli í Keflavík, en þar sem framangreindar upplýsingar bera með sér, að það verður ekki gert án þess að byggt verði nýtt skólahús yfir þá starfsemi, þá er þessi till. til þál. flutt.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um till. þessa verði frestað og henni vísað til hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

69. Landssmiðjan.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um rekstur Landssmiðjunnar [167. mál] (A. 219).

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39., 40., 41., 42., 43., 44., 45. og 52. fundi í Nd., 27. og 28. jan., 1., 3., 4., 8., 10. og 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Á síðustu þingum hef ég stundum gert málefni Landssmiðjunnar að umtalsefni, vegna þess að það merka fyrirtæki hefur óneitanlega verið olnbogabarn hæstv. ríkisstj. núna um alllangt skeið. Starfsemi þessa fyrirtækis, sem um skeið hafði forustu í málmiðnaði á Íslandi, hefur dregizt stórlega saman, og ástæðan er ómótmælanlega hrein óvild af hálfu ráðamanna. Fyrirtækið hefur ekki fengið þá fyrirgreiðslu og þá fjárhagslegu aðstoð, sem þurft hefði, til þess að það gæti fylgzt með þróuninni og haldið áfram þeirri forustu, sem það hafði áður í járniðnaði á Íslandi. Þessi afstaða til fyrirtækisins hefur oft komið fram á hinu háa Alþingi. Ég vil minna á það, að þegar ég ræddi um hag Landssmiðjunnar, ég held, að það hafi verið á s. l. ári, þá kom hæstv. iðnrh. hér upp og taldi, að þetta fyrirtæki væri í miklum fjárhagslegum þrengingum og fengi engan veginn staðizt nema með annarlegri aðstoð af hálfu ríkisins. Ég gat þá nokkru síðar vitnað í sjálfa reikninga fyrirtækisins til sönnunar því, að fyrirtækið hafði raunar skilað smávegis ágóða á árinu á undan. Þá urðu viðbrögð hæstv. ráðh. þau, að hann gaf það mjög ótvírætt í skyn hér í þessum stóli, að þessir reikningar væru ekki heiðarlega samansettir. Ég bað hæstv. ráðh. að gera grein fyrir því þá, hvernig á þeim ásökunum stæði, en hann gerði það nú raunar ekki og hefur ekki gert það síðan. Hins vegar bar þetta vott um mjög takmarkaða velvild í garð þessa fyrirtækis, og sú afstaða náði reyndar hámarki á s. l. ári, þegar Sjálfstfl. lagði það til, að Landssmiðjan yrði lögð niður. Um þetta var flutt sérstök till. innan ríkisstj. Hins vegar náði sú till. ekki fram að ganga, vegna þess að ráðherrar Alþfl. vildu ekki á hana fallast. Þegar þessi staðreynd kom í ljós hér á hinu háa Alþingi, þá lagði ég til ásamt hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, að Alþ. yrði látið skera úr um það, hvort Landssmiðjan ætti að halda áfram störfum eða ekki. Ég taldi, og við flm. töldum fullar líkur á því, að meiri hl. Alþ. vildi, að Landssmiðjan starfaði áfram og fengi þá aðstöðu af hálfu ríkisins, sem til þess þyrfti, og ef það hefði fengið að koma í ljós þá, var það að sjálfsögðu skylda ríkisstj. að framkvæma þá stefnu. Hins vegar fór svo um þessa till., eins og ýmsar aðrar till., sem við stjórnarandstæðingar flytjum, að hún var svæfð í nefnd. Þess vegna hef ég enn einu sinni tekið þetta mál upp hér á þingi ásamt hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, og við leggjum til, að gerðar verði áætlanir um endurskipulagningu Landssmiðjunnar í þeim tilgangi, að afkastageta fyrirtækisins verði nýtt til fullnustu. Skulu þær áætlanir m. a. taka mið af áformunum um þurrkví í Reykjavík og endurskipulagningu verkstæða, sem starfrækt eru á vegum ríkis og ríkisstofnana. Áætlanir þessar skulu lagðar fyrir næsta reglulegt Alþ. ásamt till. um fjáröflun til þess að koma vélakosti og rekstri Landssmiðjunnar í nútímalegt horf.

Ég mun ekki að þessu sinni fara frekar út í sögu Landssmiðjunnar, ég hef minnzt á hana hér áður á undanförnum þingum og sé ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka þá frásögn. Hins vegar er ástæða til þess að vekja athygli á því, að ástæðan til þess, að Landssmiðjan hefur verið olnbogabarn hjá hæstv. ríkisstj., er pólitísk kredda, sérstaklega annars stjórnarflokksins, Sjálfstfl. Það er afstaða hans, almenn afstaða hans, að það eigi að vera verkefni einkaaðila að standa fyrir atvinnurekstri á Íslandi og að það sé rangt, að opinberir

aðilar séu aðilar að slíkum atvinnurekstri yfirleitt. Í samræmi við það reyndi ríkisstj. sérstaklega í upphafi göngu sinnar að skerða opinber fyrirtæki á Íslandi. Ég vil minna á, hvernig farið var með Viðtækjaverzlun ríkisins einmitt á sama tíma og óvenjulegar tekjur sköpuðust af innflutningi sjónvarpstækja. Þá var þetta ríkisfyrirtæki lagt niður og þessir miklu tekjuöflunarmöguleikar afhentir einstaklingum. Ég vil minna á mál, að vísu ekki sérlega stórt, en þó athyglisvert. Það var ákveðið hér á síðasta þingi að skerða tekjur sjálfrar áfengiseinkasölu ríkisins, sem er nú afkastamesta mjólkurkýr hæstv. ríkisstj., með því að skerða þær vörur, sem verzlunin hafði á boðstólum, og afhenda þær einkaaðilum. Þetta skerti tekjur áfengiseinkasölunnar um nokkrar millj. kr. á ári og átti að vera eins konar snuð upp í fjáraflamenn, sem vilja sitja yfir slíkum gróða. Það er af þessum ástæðum, sem sú ósk hefur verið uppi innan hæstv. ríkisstj. að leggja Landssmiðjuna niður.

En það er mjög fróðlegt í þessu sambandi að velta því fyrir sér, að þessi stefna ríkisstj. hefur engan veginn staðizt. Þvert á móti hefur það verið eitt veigamesta verkefni stjórnarvaldanna um langt skeið að skipuleggja hvers kyns opinbera aðstoð við atvinnufyrirtæki, sem verið hafa í höndum einstaklinga, og leggja fram stórfellda opinbera fjármuni til þess að bjarga slíkum fyrirtækjum, þegar þau hafa lent í vandræðum. Þar hefur viðhorfið verið býsna ólíkt því, sem viðhorfið til Landssmiðjunnar hefur verið. Má ég minna á fyrirtæki eins og t. d. Álafoss? Árið 1967 lá það fyrir, að það fyrirtæki var að sökkva í botnlaust skuldafen óreiðu og vanskila upp á tugi millj. kr. Þá var gripið til þess ráðs, að Framkvæmdasjóður var látinn leggja fram stórfé til þess að halda fyrirtækinu gangandi, bjarga því. 28 millj. af skuldum fyrirtækisins við Framkvæmdasjóð var breytt í hlutabréf, og síðan var samið um það, að 43 millj. skyldu greiðast upp á 10 árum með 8½% vöxtum. Jafnframt var hlutur eignaraðilanna hækkaður og metinn upp í 2 millj. kr., en opinbert fjármagn var orðið mikill meiri hluti af eigum fyrirtækisins, þegar þessari endurskipulagningu var lokið. Allt var þetta ákaflega óvenjulegt, en þarna var af hálfu ríkisstj. gripið inn í á félagslegan hátt til þess að bjarga þessu fyrirtæki frá hruni. Þarna var um að ræða ákaflega einkennilega tegund þjóðnýtingar, ef svo mætti að orði komast. Það var tekið almannafé til þess að bjarga einkaaðila. Og vissulega var fullur skilningur á því, að þetta mikilvæga fyrirtæki þyrfti að halda áfram störfum. En anzi er ég hræddur um, að það hafi ekki aðeins verið þetta, sem rak á eftir hæstv. ríkisstj. í þessu máli, heldur hitt, að þarna var um að ræða einstaklinga, sem höfðu góð sambönd, og það þurfti að bjarga fyrirtæki þeirra. Og mér er ekki grunlaust um, að þegar það hefur tekizt, ef það tekst þá, að koma þessu fyrirtæki aftur á fjárhagslega heilbrigðan grundvöll, þá sé það ætlun ríkisstj. að afhenda þetta fyrirtæki aftur hinum upphaflegu einkaaðilum, sem voru búnir að steypa því í glötun. Þetta er dæmi um það, að ríkisstj. telur það engan veginn óeðlilegt að nota fjármagn almennings til þess að bjarga atvinnufyrirtækjum. Þessi meginregla Sjálfstfl. var þverbrotin í þessu dæmi, og dæmin um það eru ákaflega mörg önnur.

Má ég minna menn á annað dæmi, alþekkt. Það er Slippstöðin á Akureyri. Það fyrirtæki er gott dæmi um það, hvernig farið er að því að stofna atvinnufyrirtæki á Íslandi. Þegar þetta fyrirtæki er stofnað, er hlutafé þeirra einkaaðila, sem taldir eru eiga fyrirtækið, 145 þús. kr. Það eru tæplega tveggja mánaða laun ráðh. um þessar mundir. Síðan var fyrirtækið þróað með almennu lánsfé úr lánastofnunum, þ. e. með sparifé almennings, með eigin fjármagni bankanna og opinberum sjóðum. Þarna var sem sé um að ræða almennt fjármagn almennings, og auðvitað var það þetta fjármagn, sem var hið raunverulega hlutafé, þótt það væri ekki skráð sem hlutafé. Það voru aðeins þessar 145 þús. kr., sem voru skráðar sem hlutafé, og þeir menn, sem taldir voru eiga þessar 145 þús. kr., voru taldir eiga fyrirtækið. Síðan lenti þetta fyrirtæki í miklum vandræðum, þannig að samkv. hinum venjulegum reglum í auðvaldsþjóðfélagi, sem Sjálfstfl. telur sig aðhyllast, hefði það fyrirtæki átt að vera gjaldþrota. En þá er ákveðið að hlaupa undir bagga. Ríkissjóður leggur fram 10 millj. kr. af almannafé. Það voru skuldir fyrirtækisins við ríkissjóð. Akureyrarbær leggur fram 15 millj. Það voru skuldir fyrirtækisins við Akureyrarbæ. KEA lagði fram 5 millj., Eimskipafélagið 2 millj., og síðan var hlutur einkaaðilanna, þessar 145 þús., hækkaður upp í 6 millj. Það er 4000% ávöxtun og þykir gott, jafnvel á verðbólgutímum. En á þennan hátt var þetta fyrirtæki gert að félagslegri eign. Þau fyrirtæki, sem þarna er um að ræða, ríkissjóður og Akureyrarbær og KEA og jafnvel Eimskipafélagið, eru á vissan hátt félagslegs eðlis og sérstaklega auðvitað ríkissjóður og Akureyrarbær, þannig að þarna er um að ræða félagslega eign. Þetta er gert til þess að bjarga þessu fyrirtæki, vegna þess að það er viðurkennt, að það verði að halda því gangandi, það sé mikilvægt af þjóðhagslegum ástæðum og til þess að tryggja atvinnu á Akureyri. Og sízt hef ég á móti því sjónarmiði. En einnig þarna grunar mig, að séu að verki hin frægu sambönd og það sé ekki ætlunin að láta þetta fyrirtæki þróast á félagslegum grundvelli áfram, ef það kemur undir sig fótunum, heldur muni þá vera ætlunin að afhenda hinum svo kölluðu einkaeigendum það á nýjan leik. A. m. k. kom það mjög greinilega fram í blaði Sjálfstfl. á Akureyri á s. l. vori, því að þar var komizt svo að orði:

„Það er skoðun sjálfstæðismanna, að bær og ríki eigi að selja hluti sína í Slippstöðinni eins fljótt og viðunandi tilboð fæst í hlutabréf þeirra, þegar rekstur fyrirtækisins er kominn í gott horf."

Sem sé, það má nota fjármuni almennings, þegar fyrirtækin eru að hrynja, en þegar fyrirtækin fara að græða, þá á að afhenda þau einkaaðilum. Það er tvískinnungur af þessu tagi, sem er auðvitað óeðlilegri en flest annað í þjóðfélaginu. Ef Sjálfstfl. væri alvara með þá stefnu, sem hann þykist fylgja, þá verður hann líka að framkvæma hana á þann hátt, að þeir einkaaðilar, sem reka fyrirtækin, beri ábyrgð á því, þegar þeim tekst ekki að reka þau.

Það væri hægt að minnast á fjölmörg önnur fyrirtæki af svipuðu tagi. Menn muna eftir ölgerðinni Sana á Akureyri, en henni varð að bjarga á hliðstæðan hátt með ýmiss konar opinberri fyrirgreiðslu. M. a. gaf ríkissjóður mjög óvenjulegan gjaldfrest á greiðslum Sana í ríkissjóð, og fór því mjög fjarri, að önnur fyrirtæki nytu slíkrar fyrirgreiðslu. Og meira að segja var Tóbaks- og

áfengisverzlun ríkisins látin standa í þjónustustarfsemi fyrir þetta fyrirtæki um skeið. Má ég minna á dæmi eins og stórhýsi Kr. Kristjánssonar við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Þar var um að ræða nýja og mikla verzlunarhöll, sem tekið var að byggja eftir bílavertíðina miklu. Sú bygging komst í þrot, og gjaldþrot blasti við eigendunum. En þá voru það stjórnarvöld, sem hlupu upp til handa og fóta með björgunarstarfsemi, raunar á mjög dularfullum forsendum, en þó þannig, að þessu stórhýsi var breytt í hótel, m. a. með einhvers konar aðild hæstv. ríkisstj. og ríkisbanka.

Ég gæti minnzt á mörg dæmi önnur af þessu tagi, og ég hygg, að allir alþm. viti um slík dæmi. Og eins og ég sagði áðan, er ég síður en svo að hafa á móti því, að ríkisvaldinu sé beitt til þess að tryggja atvinnuöryggi á Íslandi. Það tel ég vera verkefni ríkisvaldsins, jafnvel þó að Sjálfstfl. boði þverófuga stefnu í orði. En þessi aðferð, sem ég hef verið að greina frá þarna, er ákaflega óeðlileg. Hún býður heim hvers konar mismunun, hún hefur það í för með sér, að sumum fyrirtækjum er hjálpað, en öðrum, sem kannske stendur alveg eins á fyrir, er ekki hjálpað. Þetta býður heim hvers konar spillingu. Þetta býður heim mismunun, sem byggist á hinum frægu samböndum, sem mikið er talað um í þjóðfélaginu. Og það er þetta, sem gerir slíka atburði ákaflega hættulega, vegna þess að þeir grafa undan trausti almennings á stjórnarfarinu í landinu mjög svo eðlilega.

En ástæðan til þess, að jafnvel ríkisstj., sem er á móti opinberum afskiptum, leggur samt út í aðgerðir eins og þessar, er að sjálfsögðu sú, að þjóðfélag okkar er svo lítið, að það er ekki hægt að starfrækja hér kapítalískt þjóðfélag á sama hátt og gert er í stærri þjóðfélögum. Við getum ekki byggt hér upp meiri háttar atvinnutæki og rekið þau nema með mjög virkri aðstoð ríkisins, og þeir menn, sem ekki viðurkenna þetta, eru blindaðir af kreddu. Það er fátt hættulegra en einmitt slík kreddutrú, og mér finnst, að menn, sem lengi eru búnir að starfa að þessum málum, jafnvel áratugum saman sumir, ættu að vera farnir að átta sig á þessari reynslu og þeir ættu að vera horfnir frá kreddum, sem þeir vita, að duga ekki við íslenzkar aðstæður. Það er staðreynd, að ef við ætlum sjálfir að hafa vald á efnahagskerfi okkar, ef við ætlum að gerast stærri heild, þá koma ný lögmál. En ef við ætlum að hafa sjálfvirkt vald á efnahagskerfi okkar, þá verðum við að beita ríkisvaldinu til forustu á sumum sviðum og til virkrar aðstoðar á öðrum sviðum. Og þá eigum við ekki að segja í öðru orðinu, að ríkisvaldið eigi ekki að hafa afskipti af þessum málum, en vera samt jafnframt önnum kafnir við að veita slíka aðstoð. Við eigum að viðurkenna þessa staðreynd, að ríkisvaldið verður að hafa forustu á þessu sviði og við eigum að efla þau fyrirtæki, sem ríkið á á þessum sviðum, þ. á m. fyrirtæki eins og Landssmiðjuna. Málmsmíði er ákaflega mikilvæg iðngrein hér á landi og hlýtur að verða iðngrein, sem er undirstaða fjölmargra annarra. Þessi iðngrein er enn þá á byrjunarstigi, þótt þar hafi orðið merk þróun. En við þurfum að efla hana eins og við erum menn til. En til þess að það megi takast, verður þáttur ríkisins einnig að verða öflugur. Ég lít svo á, að Landssmiðjan sé einmitt sjálfsagt tæki til þess, að ríkisvaldið geti beitt sér fyrir því, að málmiðnaður eflist á Íslandi, og af þeim ástæðum er þessi till. okkar flutt. Ég vænti þess, að hún fái hér eðlilegar undirtektir, og ég vænti þess, að hún fái raunsæjar undirtektir, einnig hjá Sjálfstfl., einmitt vegna þess, að hann hefur þessa reynslu, að þeir menn, sem ábyrgðina bera, einnig ráðh. Sjálfstfl., komast ekki hjá því að standa í stöðugri fyrirgreiðslu við atvinnufyrirtæki. Og þegar ekki verður komizt hjá slíkri stefnu, þá eiga menn að viðurkenna þá staðreynd í verki.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að till. verði að lokinni umr. vísað til hv. iðnn.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Meginhlutinn af ræðu hv. 6. þm. Reykv. lá langt fyrir utan það efni, sem felst í þessari till. Skal ég víkja svolítið að því síðar, en byrja á því, sem till. fjallar um, og þeim hluta ræðunnar, sem snerti það mál, eflingu og rekstur Landssmiðjunnar.

Það er mikill misskilningur hjá hv. 6. þm. Reykv., að það sé einhver kredda hjá sjálfstæðismönnum að álíta, að yfirleitt og almennt sé atvinnureksturinn betur kominn í höndum einstaklinga heldur en þess opinbera. Þetta er meginstefna flokksins og hefur verið frá upphafi. Hitt höfum við ævinlega viðurkennt hispurslaust, að í okkar litla þjóðfélagi eru ýmsar aðstæður öðruvísi en í stærri kapítalískum þjóðfélögum, eins og hv. ræðumaður vék að, og þar höfum við ekki hikað við að standa með eðlilegri þátttöku og stuðningi þess opinbera við einkareksturinn. En nú skulum við bara líta á þessa kreddu. Hv. 6. þm. Reykv. segir: Landssmiðjan getur ekki gengið, af því að það er svo mikil óvild í hennar garð hjá ráðamönnum og þá sennilega fyrst og fremst iðnrh., sem hún heyrir undir. Óvildin er nú ekki meiri en það, að ég hef verið, ef segja mætti, eins og útspýtt hundsskinn í minni ráðherratíð sem yfirmaður Landssmiðjunnar til þess að redda þessu fyrirtæki æ ofan í æ. Það hefur verið stöðugt, eins og menn hafa séð, undir hamrinum. Það hefur verið auglýst á uppboðum, og það hefur verið mitt verkefni að forða því frá því að lenda á uppboði með einum eða öðrum hætti, síðast nú í sumar með því að fá peningastofnun hér til þess að lána fyrirtækinu fram að áramótum 3 millj. kr. til þess að reksturinn gæti haldið áfram, en forstjóri Landssmiðjunnar taldi þess ekki kost að fá neins staðar lán. Og ég tók á mig þá skuldbindingu gagnvart þessari peningastofnun að vera búinn að útvega eða skapa verksmiðjunni aðstöðu til þess að fá fast lán fyrir þennan tíma til þess að borga upp þetta bráðabirgðalán. Því miður hef ég nú ekki staðið fyllilega við þetta loforð, en það mun þó næstu daga verða efnt, þó að komið sé nokkuð fram yfir áramót. Þetta er nú eitt sýnishornið af þeirri óvild, sem ég ber til þessarar verksmiðju. En hv. þm. segir: Þetta er bara kredda. Það er enginn vandi að laga þetta, ef hið opinbera hleypur bara undir bagga. En hvað er að segja um hin málmiðnaðarfyrirtækin á Íslandi í dag? Ekki hafa þau beðið það opinbera um neina aðstoð, þvert á móti. Það er svo mikill vöxtur og blómgun í málmiðnaðinum núna, að hann hefur aldrei verið eins. Það, sem háir málmiðnaðinum núna, þar sem hann er rekinn af krafti af duglegum einstaklingum, er það, að það vantar vinnuafl. Það er það, sem fyrst og fremst hefur háð. En úr því er að rætast og þá fyrst og fremst vegna þess, að iðnaður-

inn hefur fengið aðstöðu til notkunar á meira fjármagni en áður.

Við getum athugað fleiri fyrirtæki með hliðsjón af þessari kenningu, að það sé einhver óvild af okkar hálfu og þess vegna gangi ríkisfyrirtækin ekki. Hvað er með Siglósíld? Var það einhver óvild af hálfu ráðh. á s. l. ári og ríkisstj. í heild að lána fyrirtækinu 4 millj. kr. til þess að geta haldið áfram rekstri þá? Þetta átti að borga um haustið, en er allt saman ógreitt enn. Var það af einskærri óvild, að ríkisstj. keypti tiltekið magn af hráefni fyrir þessa verksmiðju, svo að hún hefur nú líklega eitthvað um 8000 tunnur til þess að vinna úr, sem er meira en hún hefur haft um mörg ár? Hitt er svo rétt, að ríkisstj. hefur í miklu minna mæli hlaupið undir bagga hjá einkafyrirtækjum á Akureyri til að tryggja þeim hráefni af sömu tegund. Þetta lýsir ekki neinum kredduskap á einn eða annan hátt eða óvild í garð hinna opinberu fyrirtækja. Við erum að athuga möguleikana á að koma einmitt þessu fyrirtæki, sem er merkilegt fyrirtæki og við höfum tengt miklar vonir við, Siglósíld, á raunverulegan og rekstrarhæfan grundvöll. Það var sett á laggirnar sem opinbert fyrirtæki 1946, að mig minnir, með ákaflega ófullkominni löggjöf. Og það er vel á vegi statt núna með hráefni og annað, og til meðferðar eru í rn. till. um framtíðarskipulag á rekstri þessa fyrirtækis. Nei, það er víst alveg óhætt að sleppa öllum stóryrðum um það, að Landssmiðjan eða önnur ríkisfyrirtæki hafi vegna einhverrar óvildar okkar Sjálfstfl.-ráðherranna fyrst og fremst átt í ýmiss konar örðugleikum.

Auðvitað var eðlilegt, að Landssmiðjan lenti í erfiðleikum eins og mörg önnur fyrirtæki á árunum 1967 og 1968 eða þar á eftir, þegar sjávarútvegurinn átti í sem mestum erfiðleikum. Hún hefur getað sýnt reikningslega jafna, þ. e. hallalausa útkomu, eins og hv. þm. sýndi, en hún hefur ekki getað borgað neina krónu af þessu láni, sem ég var að tala um áðan. Það eru miklar eignir í þessu fyrirtæki. En ég hef borið fram till. um það innan ríkisstj., — og það hefur verið skýrt frá því hér á Alþ. — að þetta ríkisfyrirtæki yrði lagt niður. Það er mín skoðun, og ég mun halda áfram með eðlilegum hætti baráttunni fyrir því, af því að ég tel, að þetta fyrirtæki þjóni ekki þeim tilgangi, sem það upphaflega átti að gera, þegar það var sett á laggirnar. Þetta er mín skoðun, og hún er alveg bjargföst sú skoðun mín. Og það er ekki af neinni óvild við Landssmiðjuna. En eins og sagt var, það var ágreiningsmál innan ríkisstj., og þegar samstjórn er, þá látum við þau mál bíða, komumst kannske í samstjórn við einhverja aðra, sem síðar meir mundu vilja verða með okkur í því að efla einkareksturinn og leggja fyrirtækin niður, sem væru hætt að þjóna tilgangi sínum. Ég skal nú ekki hafa fleiri orð um þetta, því að auðvitað á þessi till. eins og aðrar till. að fá þinglega meðferð og fara til n. og allar upplýsingar um Landssmiðjuna að koma þar fram. En ég sagði það í fyrra, og ég get sagt það í sem fæstum orðum núna, að frá 1966 hefur hver rannsóknin farið fram á fætur annarri á rekstrarmöguleikum Landssmiðjunnar og þeim valkostum, sem um væri að ræða. Og niðurstöðurnar hafa í raun og veru allar verið þær, að það væri ekkert vit að reka þetta fyrirtæki. Þetta er ekki ásökun í garð fyrirtækisins, forstjóranna eða starfsfólksins. Fyrirtækið er illa staðsett og orðið gamaldags. Ef menn vilja á annað borð setja upp ríkisfyrirtæki eins og landssmiðju, þá verður að gera það á eðlilegan og réttan hátt í samræmi við þær tæknikröfur og aðstöðu, sem er í dag. Ég er ekki einn í þeirra hópi, sem það mundi vilja gera. En væri ég í hópi ríkisrekstrarmanna, þá mundi ég auðvitað fyrir löngu vera búinn að gjörbreyta þessu fyrirtæki og byggja það upp á allt öðrum slóðum. Við höfum ekki þörf fyrir það í dag, eins og það var upphaflega hugsað. Þá átti að nota það til þess að þjóna ýmsum öðrum ríkisfyrirtækjum í litlu þjóðfélagi. Hér eru svo breyttar kringumstæður eins og allir vita. M. a. hefur lengi verið talað um, að eitt af verkefnunum væri það að halda uppi einhvers konar samkeppni við önnur íslenzk málmiðnaðarfyrirtæki, þannig að ekki skapaðist einokun. En þau eru orðin svo miklu fleiri en þá var og einnig erlend fyrirtæki, sem hefur þurft að keppa við í sambandi við stórframkvæmdir. Þessi forsenda fyrir því að reka svona landssmiðju er því brostin. Þetta er mín skoðun, hún er sögð alveg illyrðalaust í garð fyrirtækisins. En það er ekkert nýtt, að mig greini á við ýmsa menn úr flokki hv. 6. þm. Reykv. um þessa hluti.

Svo skal ég aðeins segja örfá orð um hinn hluta ræðunnar. Ekki er ég að fárast yfir því, þó að hv. 6. þm. Reykv. sé við og við að reyna að minna á það, að hann sé nú aðalmálsvari kommúnista hér í þingsölunum. En öll þau ósköp af ranghermi og hugarburði, sem þessi hv. þm. flutti um fyrirtæki eins og Álafoss og Slippstöðina, gera ekkert annað en staðfesta það, að hann veit ekki, hvað hér hefur verið að gerast, hefur ekki fylgzt með því, kannske ekki heldur hægt að ætlast til þess, að hann hafi aðstöðu til þess. Hann er að tala um, að það hafi verið sett stórfé í Álafoss, 28 millj. kr. í hlutafé til þess að bjarga einstaklingunum í fyrirtækinu. Hvernig var þeim bjargað með þessum hætti? Fyrirtækið átti fyrir skuldum, það var í greiðsluþrotum, greiðsluerfiðleikum, og einstaklingarnir, fjölskyldan, sem átti þetta fyrirtæki, hafði lagt allar sínar eignir, húseignir og annað, að veði fyrir lánum, sem þeir höfðu fengið, og að þeim hafði verið gengið. En hvað þýðir þetta, að það eru komnar 28 millj. inn í fyrirtæki sem hlutafé á móti 2 eða 3 millj. af hálfu einstaklinganna, þegar uppmetið er gamalt hlutafé? Þetta er eitt af elztu fyrirtækjunum, og mig minnir, að þeirra hlutafé hafi verið metið á u. þ. b. 2 millj. Það þýðir það, að fyrirtækið er tekið af einstaklingunum. Svo segir hv. þm.: Ef fyrirtækið gengur vel, þá á að afhenda þeim það aftur. Ef það gengur vel, hvað kosta þá hlutabréfin? Hvað kosta þá hlutabréfin? Þá kosta þau peninga, og þá verður það auðvitað okkar meining, sem hefur verið skýrð í framkvæmdasjóðsstjórninni, þar sem stjórnarandstæðingar einnig eiga fulltrúa, að losna við hlutabréfin. En þá byggist það á því, að það fáist eðlilegt verð fyrir hlutabréfin og samkeppni um kaup á hlutabréfunum á opnum hlutabréfamarkaði, sem unnið er að að koma í gang. En að tala um það, að það sé svo meiningin, ef vel gangi, að afhenda því fólki, sem áður átti þessi fyrirtæki, fyrirtækin eins og bara smágjöf, þetta nær náttúrlega engri átt. Sama má segja um Slippstöðina. Þessir menn, sem á sínum tíma settu upp Slippstöðina og töldu sig eiga hana í einkaeign, — það var ekkert nýtt í slíku fyrirtæki, að hlutaféð væri sára lítið, — þeir hafa misst sitt eignarhald á þessu fyrirtæki. En það er eðlilegt, sem kom fram í Íslendingi, — ég held,

að það hafi verið það, sem hv. þm. vitnaði í, — að hugsunin hjá ýmsum aðilum, sem þarna hafa hlaupið undir bagga, væri sú að reyna að ná sínu fé til baka með sölu hlutabréfanna og nota það kannske í eitthvað annað, sem þeim hentaði betur, ef viðunandi boð fengjust fyrir þessi hlutabréf. En það fæst aldrei, nema hlutafélögin sjálf og rekstur þeirra komist á þann grundvöll, að menn meti hlutaféð, sem nú verður allmikið, raunverulega til fjár. En þessi íhlutun af hálfu sjóða, fyrirtækja og félaga eins og Eimskipafélagsins, sem nefnt var, og bæjarfélagsins á Akureyri, hún var til þess að bjarga þarna við úr greiðsluerfiðleikum fyrirtæki, sem að öðrum kosti hefði kannske sundrazt og miklir fjármunir farið forgörðum. Fyrir utan það er þetta eitt af stærstu atvinnufyrirtækjunum á Akureyri eins og er í dag. Takist að efla þetta fyrirtæki með þessu móti og aukinni þátttöku almennings, sem ég teldi vera æskilegast, þá er það í raun og veru þannig, að ef hægt væri að fullnýta húsakost, vélar og annað, þá gæti það veitt um 500 manns atvinnu, og það yrði þá eitt af þeim fyrirtækjum á Íslandi, sem hefði flesta menn í sinni þjónustu. Er þetta geysilega þýðingarmikið fyrir atvinnureksturinn á Akureyri. Ríkisstj., þessi illviljaða ríkisstj., sem talað var um, hefur líka lagt sig fram um það, að þetta fyrirtæki fái aðstöðu til þess að taka þátt í þeirri nýbyggingu togaraflotans, sem við Íslendingar stöndum nú í, þ. e. að byggja tvo af 6—8 nýjum togurum af stærstu gerð, sem hugsunin er að byggja. Það er ýmsum erfiðleikum bundið að eiga við þessa hluti. Í öðrum löndum er það svo, að gömul og gróin skipafélög hafa orðið gjaldþrota að undanförnu. Þau hafa ekki getað haldið áfram rekstri sínum nema með ríkisstyrk, vegna harðrar samkeppni í hinum kapítalísku þjóðfélögum. Þessar skipasmíðastöðvar hjá okkur, sem til hafa orðið á síðustu árum, eru yfirleitt allar saman einkafyrirtæki. Stofnað var til þeirra á sínum tíma af einstökum dugnaðar- og framtaksmönnum, en kannske var ekki alltaf mikil fyrirhyggja í fjármálunum, enda hefur það ekki verið sterkasta hlið okkar Íslendinga í uppbyggingu fyrirtækja. Þess vegna hafa þau lent í greiðsluerfiðleikum, og ég hef aldrei talið eftir mér að reyna að beita áhrifum mínum og aðstöðu til þess að greiða úr slíkum flækjum, bæði hjá opinberum fyrirtækjum og einkafyrirtækjum.

Þetta, sem ég hef verið að segja nú, fjallar um þann þátt ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem raunverulega kom þessari till. ekki við. Eins og ég sagði áðan, tel ég eðlilegt, að till. fái sína þinglegu meðferð, en ég kæri mig ekkert um, að mín afstaða í þinginu fari á milli mála, enda er hún mjög ljós til fyrirtækisins Landssmiðjunnar, því að við ræddum þetta, að ég hygg, á síðasta þingi og kannske þinginu þar áður, ég man það ekki. Bæði hef ég svarað fsp. um það og gert grein fyrir því og sífellt verið að láta athuga og fara í gegnum rekstur fyrirtækisins, sem ég held, að geti aldrei orðið til neins gagns, hvorki fyrir það opinbera eða einstaklinga, sem almennt þjónustufyrirtæki, nema menn vilji aðhyllast þá kenningu, sem okkur hv. þm. greinir á um, að það sé réttara að byggja upp ríkisfyrirtækin. En þá verður að byggja þau upp þannig, að þau geti keppt við einkafyrirtækin, hafi bæði aðstöðu og tæki til þess.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hæstv. iðnrh. taldi, að meginhluti ræðu minnar hefði í raun inni ekki komið efninu við. Ég var þó að reyna að gera grein fyrir því, að viðhorf ríkisstj. til Landssmiðjunnar væri þáttur í almennri afstöðu hennar til þess, hvernig ætti að reka atvinnuvegina á Íslandi. Og ég var að sýna fram á það, að þessi stefna hefði engan veginn staðizt í verki. Ríkisstj. og ekki sízt þessi hæstv. ráðh. hefði æ ofan í æ orðið að standa í athöfnum, sem brjóta þverlega í bága við þessa orðuðu stefnu, og það er ekki af óvild til Landssmiðjunnar út af fyrir sig, sem hæstv. ráðh. vill leggja hana niður, heldur er það eitt dæmi um þessa kreddu, sem ég var að lýsa, að ríkið mætti ekki hafa slík afskipti af atvinnumálum.

Hæstv. ráðh. kom hér með þá skemmtilegu lýsingu, að hann hefði verið eins og útspýtt hundsskinn í reddingum fyrir Landssmiðjuna. Þetta er vafalaust alveg rétt. Mér er kunnugt um það, að hæstv. ráðh. hefur staðið í endalausum reddingum af þessu tagi, ekki aðeins fyrir Landssmiðjuna, heldur líka fyrir fjölmörg fyrirtæki önnur. Það var þannig ástatt hér í a. m. k. ein tvö ár, að þessi hæstv. ráðh. stóð í daglegum reddingum fyrir alls konar málmiðnaðarfyrirtæki, í einkaeign líka, í alls konar útvegunum. En þetta er einmitt lýsingin á stefnu ríkisstj. í atvinnumálum og á forustu hennar. Það eru þessar daglegu reddingar, sem ekki hafa neitt stefnumið, sem eiga aðeins að bjarga hlutunum, þegar allt er komið í óefni, og það er þarna, sem hin mikla veila er í atvinnukerfi okkar. Það vantar heildarstefnu, það vantar áætlunargerð, það vantar, að ráðh. viti, hvað þeir vilja. Það er ekki nægilegt, að einhver ráðh. sitji uppi á skrifstofu sinni og svo komi til hans atvinnurekandi og segi: Nú er allt að fara í strand hjá mér, þú verður að redda mér. Það er ekki nóg, að hæstv. ráðh. sé þá bóngóður og reyni að hjálpa honum. Þetta er engin forusta í atvinnumálum. Ríkisstj. verður að hafa markaða stefnu, og hún verður að búa þannig í haginn fyrir atvinnuvegina, að þeir geti þróazt á eðlilegan hátt í stað þess, að ráðh. standi í eilífu smásnatti fyrir einstök fyrirtæki.

Landssmiðjan hefur goldið þess, að hún hefur ekki fengið leyfi til þess að endurnýja sig á eðlilegan hátt. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að hún er á óhentugum stað og vélakostur hennar er orðinn úreltur og það er raunar búið að leggja niður hluta af þessu fyrirtæki, sem hefur takmarkað til mikilla muna, hvað fyrirtækið getur gert. Staða fyrirtækisins væri allt önnur, ef það hefði haft heimild til þess að þróa sig á eðlilegan hátt, ef það hefði fengið eðlilega fyrirgreiðslu til þess, ég tala nú ekki um fyrirgreiðslu eins og þá, sem ég var að lýsa, sem ýmsir einkaaðilar hafa notið. En Landssmiðjan hefur ekki átt kost á neinu slíku. Ég er þeirrar skoðunar, að skynsamleg þróun í járniðnaði verði því aðeins, að það verði tekin upp samfelld stefna á því sviði, að við reynum að einbeita getu okkar, fjármagni og getu, til þess að láta þennan atvinnuveg í heild þróast sem bezt. Það dugar ekki að láta eitt fyrirtækið toga gegn öðru. Það dugar ekki að vera með yfirfjárfestingu, þar sem við komum okkur upp kannske allt of mikilli aðstöðu. Þjóðfélag okkar er svo lítið, að við verðum að einbeita okkur, og það hljótum við að geta gert með því að láta þessi fyrirtæki vinna saman. Ég er ekki að leggja það til, að Landssmiðjan eigi að einoka alla málmsmíði á Íslandi, síður en svo. En ég tel,

leggur niður í fæstar. Það verður að taka upp akkorðsvinnu. Og ég held, að ef hæstv. ríkisstj. vill leggja sig fram um að tryggja framtíð þessara verksmiðja, þá þurfi að athuga öll umrædd atriði. Það þarf fleiri og betri vélar, svo er það akkorðsvinna, þá er það öflun nýrra markaða og meiri rekstrarlán.

En því minnist ég á Siglóverksmiðjuna hér? Það er vegna þess, að það vaknar sú spurning, ef leggja á Landssmiðjuna niður, vegna þess að hún ber sig ekki: Hefur þá hæstv. ríkisstj. ekki í huga að leggja niður Siglóverksmiðjuna, ef hún ber sig ekki á pappírnum? Ég vona, að til þess komi ekki. Það hafa verið birtar tölur um tap á rekstri þessarar niðurlagningarverksmiðju ríkisins, en þegar maður hefur krufið þær tölur til mergjar, þá sést, að það hefur ekki verið um tap að ræða. Það er búið að borga svo og svo mikið í útflutningssjóðina, og það er búið að borga Síldarverksmiðjum ríkisins svo og svo mikið fyrir starfsmannahald, sem er hjá síldarverksmiðjum hvort sem er. Það er borgað svo og svo mikið í leigu fyrir hús, sem eru á staðnum og voru fyrir.

Að lokum ætla ég að leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., sem jafnframt er iðnrh., hvenær vænta megi nýrrar löggjafar um niðurlagningarverksmiðju ríkisins á Siglufirði.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Síðustu spurningu hv. þm. um, hvenær vænta megi löggjafar, get ég náttúrlega ekki svarað, en rn., sem hefur haft þessi mál til meðferðar, er einmitt þessa dagana að skila mér till. um frv. Hvort þær svo ná fram að ganga eða ekki, veit ég ekki, en það skiptir kannske ekki öllu máli á þessu stigi málsins, vegna þess að ég tel, að rekstur verksmiðjunnar sé nú tryggður fram á næsta haust, en það þarf að búa þannig að henni, að hún sé reiðubúin til þess sjálf að taka til starfa með eðlilegum hætti í framtíðinni og ekki þurfi að eiga þessi löngu viðtöl við ráðh., eins og hv. þm. talaði um. En þetta er allt í burðarliðnum.

En það eru nú kannske fleiri ráðh. en við, þessir vesalings íslenzku ráðh., sem eru eins og útspýtt hundsskinn fyrir fyrirtæki og stærri fyrirtæki en við eigum að fjalla um. Ég nefni nú aðeins í því sambandi hinar heimsfrægu Rolls Royce-verksmiðjur, sem menn hafa heyrt fréttir af þessa dagana, og Burmeister & Wain, eitt stærsta skipasmíðafyrirtæki, sem var í Danmörku um langan aldur, og fleira mætti sjálfsagt nefna.

Mig langar að víkja að einu atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv., þar sem hann mæltist til þess, að ég fylgdi a. m. k. till. sinni um það, að Alþ. skæri úr um það, hvort Landssmiðjan yrði lögð niður eða ekki. Þetta leiðir auðvitað af sjálfu sér, og hefur aldrei verið gert ráð fyrir öðru. Það eru til lög um landssmiðju á Íslandi, og spurningin hjá okkur innan ríkisstj. var um það á sínum tíma, hvort við ættum að afnema þau lög eða ekki. Það verður auðvitað í höndum Alþ. (Gripið fram í.) Jú, en hér var spurt um það, hvort ég gæti fallizt á þá skoðun hans, að Alþ. ætti að skera hér úr, og það fellst ég auðvitað á, og eins og ég segi, það leiðir af hlutarins eðli, að Alþ. skeri úr um það, hvenær sem það verður. Það hefur einu sinni verið ákveðið að setja á stofn þetta fyrirtæki, og það er ekki önnur stofnun en Alþ., sem getur ákvarðað um það, ef ekki á að halda áfram rekstri.

Þegar n. fær þetta mál um Landssmiðjuna til meðferðar og eins og till. er orðuð, að það eigi að athuga alls konar endurskipulagningarmöguleika á verksmiðjunni, þá vil ég mælast til þess við hv. n., að hún afli sér allhás bunka af grg. og álitsgerðum og útreikningum, sem fyrir liggja í iðnrn. frá síðustu árum og fari rækilega í gegnum hann, áður en hún tekur sína endanlegu ákvörðun.

Það að setja upp útibú annars staðar úti á landi er nokkuð frumleg hugmynd, en ég er nú hræddur um, að sá hv. þm., sem kom með þá till. að setja upp útibú Landssmiðjunnar á Skagaströnd og annars staðar, mundi ekki sækja um útibússtjórastöðu, þegar hún yrði auglýst þar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til iðnn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

70. Kaup og rekstur þyrilvængju á Vestfjörðum.

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um kaup og rekstur á þyrilvængju á Vestfjörðum [235. mál] (A. 447).

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 63., 64., 66., 75. og 87. fundi í Nd., 17., 18., 22. og 29. marz, 5. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

71. Hlutafélag til kaupa og rekstrar á verksmiðjutogara.

Á 71. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um stofnun hlutafélags til kaupa og rekstrar á verksmiðjutogara [290. mál] (A. 612).

Á 73. fundi í Nd., 26. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 74. fundi í Nd., 27. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Haraldur Henrýsson): Herra forseti. Þáltill. sú á þskj. 612, sem ég hef leyft mér að flytja hér, fjallar um, að ríkisstj. beiti sér nú þegar fyrir stofnun hlutafélags um kaup og útgerð verksmiðjutogara með þátttöku ríkisins, sveitarfélaga og einstaklinga og að aflað sé þeirra heimilda til lántöku, sem nauðsynlegar kunna að reynast til að hrinda málinu í framkvæmd. Verði m. a. leitað samstarfs við hlutafélagið Úthaf, sem stofnað var að frumkvæði Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, í þessu skyni.

Ég flutti hér á þinginu 1968 till. svipaðs efnis ásamt nokkrum hv. alþm., en hún náði ekki fram að ganga. Í framsögu fyrir þeirri till. benti ég á þá eindregnu skoðun Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, að við endurnýjun togaraflota okkar yrðum við að hagnýta okkur þá möguleika, sem ný tækni í fiskveiðum og fiskvinnslu býður upp á. Framangreind samtök höfðu þá nýverið mótmælt því við ríkisstj., að endurnýjun togaraflotans færi fram án þess að þessir möguleikar yrðu nýttir, svo sem virtist, að ætlunin væri. Til áréttingar þessum mótmælum sínum stóð farmannasambandið að og hafði forgöngu um stofnun hlutafélags, Úthafs h. f., í því skyni að kaupa og reka verksmiðjutogara. Þetta hlutafélag gerði þegar ráðstafanir til að kaupa slíkt skip, sem það hefði getað fengið afhent um áramótin 1969—1970. Hins vegar tókst félaginu ekki að afla þess fjár og þess stuðnings opinberra aðila, sem þurfti til að koma málinu fram, og varð því ekkert af skipakaupum.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja hér þau rök, sem mæla með útgerð slíkra verksmiðjutogara. Þau eru öllum hv. þm. kunn. Mörg ár eru síðan bent var á þá möguleika til gjaldeyrisöflunar, sem slík skip byðu upp á. Það er satt að segja allhart að þurfa enn að búa við það, að ekki skuli eitt einasta slíkt skip vera komið í okkar skipaflota. Það er ekki sízt hart, þegar haft er í huga, að samtök sjómanna hafa rétt fram hönd sína til samvinnu og samstarfs við ríkisvaldið til að ryðja hér nýja braut. Það er vissulega dálítið erfitt að skilja þá efnahags- og atvinnustefnu, sem hafnar slíkum tækifærum, sem hér hefur verið um að ræða, og það er öruggt, að þetta hefur orðið þjóðinni dýrt, jafnvel sem nemur hundruðum millj. kr. Þetta er ekki sagt út í loftið. Aðrar þjóðir hafa áralanga reynslu af útgerð þessara skipa, og á það hefur hvað eftir annað verið bent og frá því skýrt, hve hagkvæmur rekstur slíkra skipa hefur verið. Nágrannar okkar og frændur, Norðmenn og Færeyingar, hafa t. d. farið inn á þessa braut útgerðar í æ ríkari mæli og talið sig með því auka fjölbreytni sjávarútvegs síns. Nú nýlega skilaði nefnd, sem gerir úttekt á afkomu hinna ýmsu greina norskrar útgerðar, yfirliti yfir árið 1969. Samkv. því stóð útgerð verksmiðjutogaranna langfremst á öllum sviðum. Aflaverðmætið var mest, arðurinn mestur, hlutur sjómanna hæstur. Meðalaflaverðmæti þeirra, brúttó, þessara skipa, nam 5.6 millj. kr. norskum, þ. e. tæplega 70 millj. kr. íslenzkum. Meðalarður af rekstrinum nam 2.4 millj. norskum kr. eða tæplega 30 millj. ísl. kr., sem er meira en meðallaunagreiðslur til áhafna þessara skipa, en meðalhlutur sjómanna á þeim nam 44 þús. norskum kr., sem nálgast 550 þús. ísl. kr. Skýrslur liggja ekki fyrir um árið 1970, en afkoma þessara skipa mun sízt hafa verið lakari það ár. Svipaða sögu mun einnig af útgerð Færeyinga að segja. Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, er það nær óskiljanlegt, hvers vegna íslenzkir ráðamenn og sérfræðingar þeirra berja hér höfði við stein og hafa lagzt gegn till. um útgerð slíkra skipa.

Sú röksemd hefur heyrzt, að þessi skip muni veita frystihúsum okkar óæskilega samkeppni. Ég tel hana fjarstæðu og eiga engan rétt á sér. Þessum skipum er ætlað að leita á fjarlægari mið og á úthöfin. Ef þau skip, sem við nú eigum eða erum að láta smíða, eiga að sækja fisk þangað til vinnslu í landi, verður þar ekki úr fyrsta flokks vara. Við uppbyggingu sjávarútvegsins hljótum við ekki sízt að líta á krðfur og þarfir markaðanna. Við verðum að keppa að því, að allur sá afli, sem við veiðum, verði unninn sem fyrsta flokks vara. Það má ekki verða okkar höfuðsjónarmið aðeins að fá afla fyrir ákveðnar vinnslustöðvar, hvernig svo sem hann er á sig kominn, þegar hann kemur þangað, og hvernig sem úrvinnsla hans verður.

Ég hef trú á því, að hér sé stórkostlegt tækifæri til að treysta þjóðarbúskap okkar og við höfum hörmulega lengi vanrækt að nýta þetta tækifæri. Mér finnst sem íslenzkri sjómannastétt sé sýnd lítilsvirðing með því, að henni skuli ekki fengin í hendur slík tæki til verðmætasköpunar á sama tíma og sjómennirnir horfa á erlenda starfsbræður sína á sömu miðum breyta aflanum í miklu meiri verðmæti en þeir geta sjálfir. Íslenzkir sjómenn hafa margsinnis sýnt, að þeir kunna flestum betur að hagnýta sér nýja tækni við fiskveiðar. Ég er sannfærður um, að árangur þeirra á slíkum skipum yrði enn betri en þekkist hjá öðrum þjóðum.

Um þetta leyti árs 1967, eða rétt fyrir kosningar til Alþ., skipaði hæstv. sjútvrh. nefnd til að gera till. um endurnýjun togaraflotans. Sú nefnd hefur verið mikið gagnrýnd og ekki að ástæðulausu. Eftir fjögur ár er ástandið í togaramálum okkar enn við hið sama að mestu, en boðin hefur þó verið út smíði þriggja eða fjögurra 800—1000 lesta skuttogara, sem væntanlegir eru á næsta ári. En frá nefndinni hefur ekkert álit komið. Hún hefur enga skoðun látið í ljósi um það, hvernig haga eigi uppbyggingu togaraflotans í framtíðinni, en það var einmitt verkefni hennar, að því er mönnum skildist. Ég hefði vænzt þess, ekki sízt með hliðsjón af þeim mikla tíma, sem nefndin hefur haft til umráða, að hún gerði úttekt á togaraútgerð Íslendinga, nauðsyn hennar og eðli, framtíðarmöguleikum, aðstöðu hennar gagnvart öðrum þáttum útgerðar, stöðu hennar vegna friðunaraðgerða, að hún gerði grein fyrir því, hvar líklegt væri, að togarar framtíðarinnar leituðu fanga, og þannig mætti lengi telja. Slíkt starf hefur hún þó ekki unnið, sem verður þó að líta á sem nauðsynlega undirbúningsvinnu, svo að unnt sé að komast að skynsamlegri niðurstöðu. Þetta verk er því í rauninni enn óunnið, og væri e. t. v. athugunarefni fyrir hæstv. sjútvrh. að skipa aðra nefnd til að vinna að því máli, því að nú er skammt til kosninga.

Að slík vinnubrögð, sem hér hafa verið til umr., skuli viðhöfð við uppbyggingu svo mikilvægrar atvinnugreinar, sýnir, hve viðhorf ráðamanna til hennar mótast af skilningsskorti og skammsýni. Í þessum málum er engin heildarstjórn, sem miðar að þeirri uppbyggingu,

sem skili þjóðinni mestum árangri og mestum arði. Það er satt að segja átakanlegt, að við skulum ár eftir ár þurfa að horfa upp á slíkt aðgerðarleysi, skipulagsleysi og þröngsýni og sitja þannig af okkur hundruð millj. kr. í gjaldeyristekjum. Ég trúi því ekki, að það skorti enn vilja hér á hv. Alþ. eftir svo margítrekaða og margsannaða reynslu annarra þjóða til að leggja út á þá nýju braut útgerðar, sem hér er til umr.

Með þáltill. minni er lagt til, að ríkisstj. hafi forgöngu um þetta mál. Tel ég það mjög eðlilegt, þar eð hér er um það fjárfrekt fyrirtæki í stofnkostnaði að ræða, að ekki er á færi annarra, nema með verulegum stuðningi opinberra aðila. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um mál þetta að sinni, en ég vil enn ítreka áskorun mína til hv. þm. um, að þeir íhugi gaumgæfilega eðli þessa máls og veiti því stuðning sinn.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að umr. verði hér á eftir frestað og málinu vísað til hv. sjútvn.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekkert um það dæma, hvort það hefur kostað þjóðina hundruð millj. kr., að hlutafélagið Úthaf hafi ekki fest kaup á verksmiðjutogurum fyrir nokkru síðan eða 1—2 árum. Um það vil ég aðeins segja það, að þær umsagnir, sem ríkisstj. fékk um þau skipakaup, voru þannig, að þær voru neikvæðar að skoðun ríkisstj. Þeir sérfræðingar, sem um þau mál fjölluðu fyrir hönd ríkisstj., geta svarað fyrir sig um það. En það er eitt mál, sem ég vil nefna í þessu sambandi, og þess vegna kvaddi ég mér hljóðs. Af hverju eigum við Íslendingar að vera að kaupa verksmiðjuskip? Það eru þau hættulegustu skip, sem gætu komið á okkar landgrunn, og á meðan við erum að berjast fyrir því að tileinka okkur sjálfir landgrunnið og eigum verksmiðjurnar hér í landi, þá vil ég ekki stuðla að því, að við hefjum rekstur verksmiðjutogara. Það eru ekki aðeins þessir togarar, sem hv. þm. talaði um. Menn tala nú um verksmiðjuskip, sem með rafmagnsgeislum og annarri tækni beinlínis sópa upp miðin. Ég vil heldur standa þannig að vígi, ef til þess skyldi koma, að við þyrftum að beita mikilli hörku til þess að reka slíka áþján af okkar miðum, að við sjálfir hefðum ekki stofnað til slíkrar útgerðar til þess að reka á fjarlægum miðum hjá öðrum þjóðum.

Flm. (Haraldur Henrýsson): Herra forseti. Þessi stutta ræða hæstv. forsrh. er glöggt vitni um þá miklu þröngsýni, sem ríkir meðal ráðamanna í þessum efnum. Í fyrsta lagi reyndi hann að gera það að aðalatriði í mínum málflutningi, að hlutafélagið Úthaf hefði ekki getað keypt slíkan togara. Það er algert aukaatriði. Aðalatriðið er það, hvort við Íslendingar eignumst slík skip. Fyrir mörgum árum hefur verið bent á nauðsyn á þessum skipum. Hlutafélagið Úthaf varð til vegna skilningsleysis að áliti sjómannasamtakanna hjá ráðamönnum á nauðsyn slíkra skipa, þannig að það hlutafélag varð til til þess að reyna að knýja þetta mál fram. Það varð til að forgöngu þessara sjómannasamtaka. Þetta hlutafélag er stofnað fyrst og fremst vegna áhuga þessara samtaka á þessu máli, en það er ekki stofnað í neinu eiginhagsmunaskyni, og hluthafar í þessu félagi eru úr öllum starfsstéttum og mjög margir.

En síðan kom ráðh. að hinu, að nauðsyn þessara skipa, og þar sneri hann út úr mínum orðum. Ég tók það einmitt mjög skýrt fram, að þessum skipum væri ætlað að leita á fjarlægari mið, einmitt á þau mið, sem þau skip, sem við eigum núna, geta ekki sótt á og skilað fullkominni og fyrsta flokks vöru. Og það er einmitt þetta, sem haft er í huga, þegar við erum að benda á nauðsyn þess að fá svona skip. Við viljum auka og breikka grundvöll sjávarútvegsins, þannig að við getum unnið á fleiri miðum, getum haft fleiri vígstöðvar og þannig treyst grundvöll þjóðarbúskaparins. Og ég tel, að það sé okkur mikil nauðsyn. Rætt hefur verið um það á síðustu árum, að það ætti að fara að skipta úthafinu niður í kvóta milli fiskveiðaþjóðanna miðað við það, sem þær hafa veitt þar á undanförnum árum. Ég tel, að okkur sé mjög mikilvægt að komast inn í þennan kvóta, að við verðum ekki útilokaðir. Ef við drögum það miklu lengur að hefja fiskveiðar á úthöfunum, þá getum við verið settir þar út.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, en ég tel, að ræða hæstv. forsrh. sýni glögglega þá þröngsýni, sem ríkir innan ríkisstj. í þessum málum, og því fyrr sem sú þröngsýni verður útilokuð, þeim mun betra.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hlutafélagið Úthaf var algert aukaatriði í mínu máli, eins og ég held, að allir þm. hafi skilið, nema þessi síðasti hv. ræðumaður. Ég sagði það, að ég ætlaði ekki að skipta mér af því máli, nefndi bara, að ríkisstj. hefði fengið neikvæðar umsagnir í sambandi við málið og þeir sérfræðingar, sem þar hefðu tjáð sig um, yrðu að svara fyrir sig. Þetta var alveg aukaatriði. Aðalatriði ræðu minnar var þetta, að ég vil ekki standa að því að gera út verksmiðjutogara frá Íslandi á fjarlæg mið á sama tíma sem ég óttast langmest þennan ófögnuð á íslenzk mið. Við skulum hagnýta okkar mið fyrir okkar skip og okkar verksmiðjur, sem eru í landi. Okkar stóri verksmiðjutogari, það er landið sjálft. Við skulum vera lausir við það, að aðrir bendi á okkur og segi: Þið gerið út togara á mið hjá öðrum löndum. Því skyldum við ekki koma á ykkar mið? Þetta er aðalatriðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

72. Efling kaupskipaflota Íslendinga.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um aðgerðir til eflingar kaupskipaflota Íslendinga [291. mál] (A. 615).

Á 72. fundi í Nd., 26. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 75. og 87. fundi í Nd., 29. marz og 5. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

73. Neyzluvatnsleit.

Á 55. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um jarðfræðilegar rannsóknir vegna neyzluvatnsleitar [223. mál] (A. 409).

Á 56. fundi í Ed., 3. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. fundi í Ed., 4. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er raunar kunnugra en svo, að um þurfi að ræða hér, að allar kröfur um meðferð matvæla hafa mjög aukizt upp á síðkastið. Það má segja, að það sé einn þáttur í þeirri viðleitni að reyna að stuðla að betri meðferð umhverfis og heilsu manns. M. a. var rætt um sláturhúsin hér í gær í sambandi við Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Ef ég man rétt, þá er aðeins eitt sláturhús hér á landi með leyfi til þess að flytja sauðfjárafurðir á Bandaríkjamarkað.

Á sviði fiskvinnslu hafa verið uppi svipaðar raddir. Árið 1966 var lagt fram frv. í Bandaríkjaþingi um mjög strangt eftirlit og kröfur um vinnslu á fiski, og síðan hafa hvorki meira né minna en sex skyld frv. séð þar dagsins ljós. Er fullyrt, að slíkt frv. verði að lögum á þessu ári.

Við þessu var réttilega brugðizt, þannig að 25. ágúst 1969 var sett á fót tillögunefnd um hollustuhætti í frystiiðnaði, og er hennar hlutverk fyrst og fremst það að fylgjast með gangi þessara mála í Bandaríkjunum og leiðbeina íslenzkum aðilum um endurbætur á sviði fiskvinnslu, sem í því sambandi verða nauðsynlegar. Ég ætla ekki að rekja hér ítarlega, hverjar þær eru, en í fáum orðum má skipta þeim í tvennt. Annars vegar endurbætur, sem nauðsynlegar verða af hálfu frystihúsanna sjálfra, og hins vegar endurbætur, sem sveitarfélögin verða að sjá um og eru einkum á umhverfi og aðbúnaði frystihúsanna á hverjum stað. Þetta hefur einnig verið mikið rætt m. a. á ráðstefnu sveitarfélaga um umhverfismál, sem haldin var fyrir tveimur helgum. Kom þar fram, hverjar þessar kröfur eru. Jafnframt kom þar fram, að nefndin hafði gert ráð fyrir því og lagt til, að hið opinbera réði sérfræðinga til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög og frystihús um þær ráðstafanir, sem gera þarf, en það hafði ekki fengizt. Sé ég ástæðu til þess að harma það.

Ég ætla ekki að ræða um hina fjölmörgu þætti, sem þarna koma við mál. Þeir eru mjög mikilvægir, og verður að vinda bráðan bug að undirbúningi og endurbótum, ekki sízt með tilliti til þess, að gert er ráð fyrir því, að frestur til þess að koma hlutunum í viðeigandi lag verði aðeins veittur í tvö ár, eftir því sem sumir segja, en aðrir jafnvel í eitt ár, eins og kom fram í viðtali við Kanadamenn.

Einn er þó sá þáttur, sem hér er tekinn út úr með þessari þáltill. Það er aðstoð vegna rannsókna á neyzluvatni eða vegna neyzluvatnsleitar. Það er gert vegna þess, að slík rannsókn er tímafrek og við flm. teljum, að með undirbúning megi alls ekki bíða með tilliti til þess stutta frests, sem veittur er á framkvæmdum á þessu sviði. En væntanlega er öllum ljóst, að neyzluvatn er mjög mikilvægur þáttur í þeim endurbótum, sem víða þarf að gera. Það er þáttur, sem hvílir á sveitarfélögunum. Víða hefur verið leitað að fersku og góðu vatni, en það hefur víða mistekizt, vegna þess að grundvallarupplýsingar hafa ekki legið fyrir. Um þetta var sérstaklega rætt í tveimur erindum á þeirri fyrrnefndu ráðstefnu, sem ég gat um áðan, m. a. í erindi hjá Jóni Jónssyni jarðfræðingi, þar sem hann skýrði allítarlega frá ástandi þessara mála. Þar kom fram, að á svo nefndu blágrýtissvæði landsins, sem er nokkurn veginn Vestfirðir, Norðvesturland, Austfirðir og jafnvel Suðausturland, sé af jarðfræðilegum ástæðum vissum erfiðleikum bundið að benda á neyzluvatnslindir. Hann sagði orðrétt, eins og tekið er fram í grg., að von um neyzluvatn á því svæði væri einkum bundin við staði, „þar sem færa má sönnur á tilvist meiri háttar sprungukerfis. Varla er þetta hugsanlegt án meiri háttar jarðfræðirannsókna."

Rannsóknaráð ríkisins gerði sér grein fyrir þessu, og var því m. a. með tilliti til þessa verkefnis lagt til á s. l. ári, að við Orkustofnun yrði komið upp svo nefndri jarðkönnunardeild, sem hefði það hlutverk í fáum orðum að sinna ýmsum hagnýtum jarðfræðiverkefnum fyrir framkvæmdaaðila í landinu, eins og t. d. vegagerð, hafnargerð og leit að neyzluvatni, og margt fleira mætti nefna. Gert var ráð fyrir því, að stofnunin tæki að sér slík verkefni, þar sem um það væri að ræða, samkv. beiðni og fyrir ákveðið gjald, en engu að síður hefur ávallt verið talið ljóst, að stofnunin yrði að sinna ýmsum umfangsmiklum grundvallarrannsóknum til þess að geta gert sínar áætlanir um þær rannsóknir, sem nær eru framkvæmdum og stundum eru nefndar hagnýtar. Það skal viðurkennt, að fjárhagsáætlun þessarar deildar kom seint fram, og náðist því ekki fjárveiting inn á fjárlög þessa árs. Er varla við nokkurn að sakast um þetta, því um töluverðan undirbúning að þessu máli var að ræða. Hins vegar hefur verið leitað eftir fjármagni síðar og ekki fengizt, þrátt fyrir mjög sterkan stuðning sérfræðinga, sem á sviðum fiskvinnslu starfa. Okkur flm. sýnist, að við svo búið megi ekki sitja, og töldum við því nauðsynlegt að hreyfa þessu máli hér á Alþ.

Þess má geta, að 28. jan. s. l. var haldinn fundur á vegum Orkustofnunar, þar sem til voru fengnir ýmsir sérfræðingar úr fiskiðnaðinum og málin rædd. Þetta verkefni hlaut þar, eins og raunar í fyrri viðræðum, sem fóru þar fram við sérfræðingana, mjög ákveðinn stuðning. Var gerð nokkur úttekt á ástandi þessara mála hér á landi. Þar kemur m. a. fram, að af 58 stöðum eru 33 staðir með viðunandi neyzluvatn, 16 staðir eru

með lélegt neyzluvatn, þar sem þörf er brýnna aðgerða og mikil þörf fyrir rannsóknir, en 9 staðir eru merktir þannig, að úrbóta sé þörf. Þessir staðir eru taldir upp í fundargerð, en ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að fara yfir það.

Þarna er einnig getið um verkefni slíkrar jarðkönnunardeildar. Kom mönnum saman um, að það þyrfti að vera: Að rannsaka jarðvísindalega og tæknilega, hvaða framtíðarmöguleikar eru á hverjum stað til neyzlu- og iðnaðarvatnsöflunar; að safna saman á einn stað upplýsingum um rannsóknir, sem til þessa hafa farið fram á öflun neyzluvatns til almenningsnota og iðnaðar á Íslandi; að gera sér grein fyrir því, hversu vel er séð fyrir vatnsþörfinni á hverjum stað; að gera áætlanir um framtíðarþarfir fyrir neyzluvatn á hverjum stað og að gera till. um ráðstafanir til þess að friða svæði og varðveita þá möguleika til vatnsöflunar, sem fyrir hendi eru frá náttúrunnar hendi. Verkefni þessarar deildar eru þannig töluvert viðamikil, og var áætlað, að þessi starfsemi gæti komizt sæmilega af stað á þessu ári með fjárveitingu að upphæð u. þ. b. 1 millj. kr.

Einnig hefur Orkustofnun athugað völ á sérfræðingum, og kemur í ljós, að það ætti að vera hægt að sinna á þessu ári mikilvægri jarðkönnun með þeim sérfræðingum, sem fyrir hendi eru, og aðstoðarmönnum, sem fengjust á næsta sumri.

Ég ætla ekki að lengja þetta mál meira, enda er grg. með þáltill. nokkuð ítarleg, og koma þar fram þau meginsjónarmið, sem ég hef nú minnzt á. Ég vil þó að lokum leggja áherzlu á það, að hér er um grundvallarrannsókn að ræða, sem alls ekki er hægt að ætlast til, að sveitarfélögin á hverjum stað sinni. Slíkum rannsóknum fylgir oft töluverð áhætta og óvissa um niðurstöður, enda hefur það ávallt verið viðurkennt sem eitt af þjónustuhlutverkum hins opinbera að sinna slíkum grundvallarrannsóknum og veita þeim, sem þurfa, aðgang að þeim upplýsingum, sem þannig fást. Þessar rannsóknir eru hins vegar töluvert umfangsmiklar og taka sinn tíma, og vil ég því að lokum enn leggja áherzlu á það, að rannsóknunum og athugununum má ekki fresta með tilliti til þess skamma tíma, sem við Íslendingar höfum til ráðstöfunar til þess að bæta okkar frystiiðnað, m. a. gæði þess vatns, sem þar er notað. Legg ég svo til, að umr. verði frestað og málinu vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

74. Sjúkraflug á Vestfjörðum.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um sjúkraflug á Vestfjörðum [274. mál] (A. 543).

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 75. fundi í Ed., 25. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 26. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja fram í þessari hv. d. till. til þál. um sjúkraflug á Vestfjörðum. Í hv. Nd. liggur fyrir þáltill. um svipað málefni: Athugun á sjúkraflugi á Vestfjörðum með þyrilvængju. Ég tel hins vegar nauðsynlegt, að samfara þeirri athugun, sem þar er lagt til, að verði gerð, verði einnig framkvæmd athugun á sjúkraflugi með venjulegum tveggja hreyfla flugvélum.

Heilbrigðisþjónusta hefur verið mjög á dagskrá á hinu háa Alþingi, sem von er. Þetta er einn hornsteinn nútíma velferðarþjóðfélags, og því miður er það staðreynd, að víða í dreifbýli þessa lands er pottur brotinn í þessu sambandi. Hafa hv. alþm. bent á ýmsar leiðir til úrbóta, m. a. að flytja inn erlenda lækna og að skylda íslenzka lækna til að vera lengur úti í dreifbýlinu heldur en nú er. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að aldrei fáist lausn á þessu máli nema í nánu samstarfi við læknastéttina. Tel ég, að það samstarf eigi að efla, og harma, að það hefur ekki verið eins gott og nauðsynlegt er, til þess að samstaða geti náðst um lausn í þessu mikilvæga máli.

Helzt hafa læknar bent á læknamiðstöðvar sem líklega lausn á læknavandræðum dreifbýlisins. Ég er þeirrar skoðunar, að á þær beri að leggja ríka áherzlu. Læknamiðstöðvar koma hins vegar ekki að tilætluðum notum, nema læknum, sem þar eru, sé gert kleift að komast út til hinna ýmsu staða á þeirra svæði, sem oft eru innilokaðir í snjóum og erfitt með samgöngur. Þeir þurfa að geta farið á landi með snjóbílum, þegar það er unnt, en oft er það ekki, og verða þá að koma önnur tæki til. Einnig er það mjög algengt úti í dreifbýlinu, að flytja verði sjúklinga nokkurn veginn án tafar á hin fullkomnari sjúkrahús, eins og t. d. í Reykjavík. Mjög oft hafa íslenzkir flugmenn þá hlaupið undir bagga og bjargað lífi með flýti og áræði, þegar þeim hefur tekizt að flytja fársjúka sjúklinga í sjúkrahús í Reykjavík eða annars staðar um landið.

Ég tel vafasamt, að annars staðar sé þetta ástand alvarlegra en á Vestfjörðum. Á vetrum eru Vestfirðirnir mjög víða innilokaðir, erfitt eða útilokað að komast þar um landveg. Oft er næstum því eina leiðin með flugvélum og venjulega minni flugvélum, ef mikið liggur við, því að flugvellir eru ekki stórir víðast hvar.

Þyrla er vitanlega hið þarfasta þing, en staðreyndin er sú, að þyrla af þeirri stærð, sem nauðsynleg er til þess að geta flogið í misjöfnu veðri og sviptivindum, kostar um 40—50 millj. kr. og viðhald slíks tækis er mjög mikið. Þyrla þarf að hafa upphitað skýli og helzt ávallt einn til tvo viðgerðarmenn, og stöðugt eftirlit þarf að vera og ítarleg athugun jafnvel eftir tiltölulega fáa flugtíma. Vátrygging á því tæki er mjög kostnaðarsöm og fæst ekki, er mér tjáð, nema flugmaður hafi a. m. k.

þús. flugtíma á þyrlu. Því sjá allir, að það er miklum erfiðleikum bundið að halda úti slíku tæki í dreifbýlinu.

Ég er þeirrar skoðunar, að það beri að leggja ríkari áherzlu á að afla fullkominnar þyrlu til Landhelgisgæzlunnar, sem þá er unnt að grípa til, þegar önnur tæki duga ekki.

Ég tel hins vegar skynsamlegra að bæta flug venjulegra tveggja hreyfla flugvéla, sem vel eru búnar tækjum, þannig að þær geti sinnt sjúkravitjun og sjúkraþjónustu, þegar þörf er á. Venjulega tveggja hreyfla flugvél, sem er búin fullkomnum blindflugstækjum og öðru, sem nauðsynlegt er í misjöfnu veðri, má fá fyrir innan við 10 millj. kr., líklega fyrir u. þ. b. 6—10 millj.

Það er mín skoðun, að slík flugvél þurfi að vera staðsett á Vestfjörðum. Hún getur auk þess að sinna sjúkraflugi komið að mjög miklum notum við flutninga um Vestfirðina, bæði á mönnum, á pósti og við vöruflutninga, sem mjög aukast nú með flugvélum. Það er skoðun þeirra, sem á þetta mál hafa litið vandlega, að líklegt sé, að slík flugvél geti jafnvel staðið undir sér á Vestfjörðum, ef hún fær góða fyrirgreiðslu og lögð er áherzla á að nota hana fyrst og fremst til flugs um svæðið.

Flugvellir á Vestfjörðum eru satt að segja nokkuð margir. Mér telst til, að þeir séu a. m. k. 25. Þar af eru þrír flugvellir, sem eru allfullkomnir og vel búnir tækjum, þ. e. flugvöllurinn á Ísafirði, á Þingeyri og á Patreksfirði, en 22 eru minni flugvellir, svo kallaðir sjúkraflugvellir, og eru þeir að sjálfsögðu nokkuð misjafnir. Yfirleitt mun það vera svo, að þessa sjúkraflugvelli þarf að lagfæra nokkuð frá því, sem nú er. Nauðsynlegt er að bera betur ofan í þá. Þeir eru oft mjög lausir og afar erfiðir, sérstaklega í leysingum, en þetta má auðveldlega bæta. Fæstir þessara flugvalla eða jafnvel engir eru með ljósum. Ljós má fá tiltölulega ódýr, þannig að unnt er að lenda í myrkri, en þó er slíkt vafasamt á þeim flugvöllum, sem eru staðsettir t. d. inni í þröngum fjörðum og hindranir eru í vegi fyrir næturflugi.

Flugvellir eru á Gjögri, Hólmavík, Kollafjarðarnesi og á Borðeyri í Strandasýslu. Allt eru þetta flugvellir, sem með tiltölulega litlum kostnaði má lagfæra með því að bera ofan í þá. E. t. v. þarf þó að lengja og bæta flugvöllinn á Borðeyri nokkuð meira.

Á Króksfjarðarnesi er góður flugvöllur, sem e. t. v. mætti þó lengja nokkuð, en það er ýmsum erfiðleikum háð. Á Reykhólum er hins vegar lélegur flugvöllur, sem þarf að bæta mikið.

Síðan eru flugvellir á Melanesi, Skálmarnesi, Brjánslæk og Hrísnesi, sem allir eru sæmilega viðunandi fyrir sjúkraflug og má með tiltölulega litlum kostnaði bæta þannig, að góðir geti talizt. Að Hvallátrum er flugvöllur, sem svipað er ástatt um.

Ég hef nefnt flugvöllinn á Patreksfirði, sem er sæmilega góður.

Flugvöll vantar á Tálknafirði. Þar þyrfti hið skjótasta að koma sjúkraflugvöllur, enda auðvelt að gera hann á eyrinni, sem fyrir neðan kauptúnið er. Þetta hefur verið skoðað af flugmönnum, og dæma það allir, sem ég hef hitt, mjög gott flugvallarstæði og ódýrt. Tel ég þetta einhverja mikilvægustu framkvæmdina á Vestfjörðum í gerð nýrra flugvalla.

Á Bíldudal hefur flugvöllur verið nokkurt vandræðamál. Þar var gamall flugvöllur, sem hefur lagzt niður, en einkaaðilar hafa gert þar annan flugvöll, og skilst mér, að flugmálastjórnin sé nú að festa kaup á þeim flugvelli. Geri ég þá ráð fyrir því, að hann verði endurbættur eins og nauðsynlegt er.

Þessir tveir staðir, Tálknafjörður og Bíldudalur, hafa þannig verið í erfiðu sambandi við flugvöll, því að eins til tveggja tíma akstur er frá þessum stöðum á flugvöllinn sunnan Patreksfjarðar. Það er því mjög nauðsynlegt að þarna séu a. m. k. sæmilega góðir sjúkraflugvellir.

Hjá bóndanum í Selárdal er jafnvel lítill flugvöllur, og geri ég ekki ráð fyrir því, að hann þurfi að bæta að ráði.

Á Þingeyri er nú kominn góður flugvöllur, og er það einstakt framtak einstaklings, sem hefur lyft þessu Grettistaki. Það hefur sannazt upp á síðkastið, að flugvöllur þessi er mjög mikilvægur. Þangað er mikið flogið og með fjölda farþega, og flutningar til og frá flugvellinum eru sömuleiðis miklir. Hefur það bætt úr mikilli þörf þess svæðis fyrir góðan flugvöll.

Á Núpi er flugvöllur, sem þarf að vísu að bera ofan í, eins og víðar, og sömuleiðis í Holti. Þar er 600 m braut.

Í Súgandafirði er aftur á móti vandræðaástand. Þar er erfitt að gera flugvöll. Litið hefur verið á tvo staði. Þeir munu báðir vera kostnaðarsamir í framkvæmd, og þarf að skoða þá töluvert nánar.

Í Bolungarvík er flugbraut, sem hefur að vísu ekki verið haldið við eins og skyldi, enda er sá staður nálægt Ísafirði. Þó getur þannig háttað til, að erfitt sé að komast út í Bolungarvík, og væri æskilegt, að flugvöllurinn þar væri lagfærður.

Á Ísafirði er að sjálfsögðu góður flugvöllur. Í Djúpinu eru allmargir minni sjúkravellir, t. d. við Ögur, á Strandseli, á Reykjanesi, Arngerðareyri og Melgraseyri og á Snæfjallaströndinni. Að vísu þurfa þeir nokkurrar lagfæringar við, t. d. á Melgraseyri, en varla mun það vera erfitt verk eða kostnaðarsamt.

Í Flatey er loks flugvöllur, sem þjónar eyjunum á Breiðafirði.

Ég hef talið upp þessa flugvelli til þess að leggja áherzlu á það, að margir flugvellir eru á svæðinu, sumir góðir, aðrir, sem þarf að vísu að bæta verulega, en þó mun ekki vera mikill kostnaður samfara þeim aðgerðum, sem þarna eru nauðsynlegar. Margir þessir flugvellir eru fyrst og fremst erfiðir í leysingum. Viðgerðarflokkar koma þangað oft seint og síðla sumars, og hafa þá einstakir flugvellir verið ónothæfir mikinn hluta sumarsins. Úr þessu þarf að bæta.

Niðurstaða mín verður því sú, að með venjulegri, góðri, tveggja hreyfla flugvél, sem kostar innan við 10 millj. kr., og með nokkurra millj. kr. fjárveitingu til endurbóta á flugvöllum á svæðinu öllu megi efla mjög sjúkraflug á Vestfjörðum og að öllum líkindum gera það mjög viðunandi. Þetta held ég, að sé skynsamleg framkvæmd, og því hef ég leyft mér að leggja til í þessari þáltill., að slíkar endurbætur verði athugaðar með tilliti til sjúkraflugs, jafnframt því sem athugun fari fram á sjúkraflugi með þyrilvængju.

Þó hef ég e. t. v. ekki minnzt enn á eitt mikilvægasta atriðið í þessu sambandi. Á Vestfjörðum er nú staðsett lítil flugvél, sem er í eigu hlutafélags, tiltölulega nýstofnaðs. Með þessari flugvél hefur þegar verið gert margt gott í sambandi við sjúkraflug. Hún hefur leyst

mikinn vanda, eins og frá hefur verið greint í blöðum. Flugmaður þessarar vélar og þeir aðrir, sem að þessu fyrirtæki standa, hafa fullan hug á því að fá fullkomnari vél til Vestfjarða og eru áreiðanlega reiðubúnir til samstarfs við heilbrigðisþjónustuna við að leysa hið mikilvæga mál sjúkraflugsins. Þar held ég, að sé kjarni, sem rétt sé að hlúa að með samstarfi hins opinbera og einstaklinganna.

Að þessu mæltu vil ég óska eftir því, að umr. verði frestað og till. vísað til heilbr.- og félmn.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Áður en þessi þáltill. fer til n. til athugunar tel ég rétt að upplýsa hér nokkur atriði í sambandi við þyrlumál Landhelgisgæzlunnar. Eins og kunnugt er, þá hefur Landhelgisgæzlan alllengi haft hug á notkun þyrla við sína starfsemi vegna þeirra sérstæðu kosta, sem þyrlur hafa, að geta lent og hafið sig til flugs lóðrétt svo að segja hvar sem er. Þess vegna var það árið 1960, að hafin var þjálfun fyrsta þyrluflugmannsins og æfingar með þyrlum varnarliðsins jafnframt því sem byrjað var að útbúa varðskipin með þilfari til þyrlulendingar. Svo var það árið 1965, að keypt var lítil þyrla, TF Eir, í samvinnu við Slysavarnafélagið til þess að öðlast raunhæfari reynslu á þessu sviði.

Eins og mönnum er kunnugt, hefur þessi þyrla reynzt afburða vel, þó að smá sé, og smæð hennar hlýtur eðlilega að setja henni ákveðin takmörk. Þess vegna var það, að árið 1967 var leitað eftir tilboðum í stærri þyrlu, *en vegna fjárhagsörðugleika, sem steðjuðu þá að, var* horfið frá því í bili að fara út í kaup á slíku tæki. Svo var það fyrir ári síðan, þá var byrjað aftur að huga að útvegun á stærri þyrlu, og í þeim tilgangi voru ýmsar gerðir þyrla skoðaðar, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, og enn fremur voru kannaðir möguleikar á fjármögnun til slíkra kaupa. Athuganir bentu svo til þess, að með tilliti til getu, kaupverðs og rekstrarkostnaðar mundu þyrlur af gerðunum Sikorsky S—62 eða Bell 205 vera heppilegustu vélarnar, þó líklega frekar sú fyrrnefnda. Landhelgisgæzlunni var þá falið að afla endanlegra samanburðarupplýsinga um kostnaðarverð og fleira fyrir þessar tvær tegundir, og þeirri gagnaöflun var svo lokið nú um síðastliðin áramót. Þá kom m. a. í ljós við þessa athugun, að björgunarþyrla af gerðinni Sikorsky S—62 í fullri skoðun og með öllum nauðsynlegum varahlutum mundi líklega fáanleg til kaups á hagstæðu verði frá bandarísku strandgæzlunni, en strandgæzlan þar hefur notað þessa gerð þyrla með ágætum árangri við almenn gæzlustörf nú undanfarin átta ár. Það hefur nú verið beðið eftir endanlegum upplýsingum um möguleg kaup á slíkri vél ásamt varahlutum svo og um æfingu flugmanna og flugvirkja í meðferð slíks tækis. Jafnframt hefur verið unnið að útvegun á lánum og fé til kaupanna, og það mun verða fáanlegt hér innanlands með aðstoð Seðlabankans. Einnig hefur Landhelgissjóður nokkurt fé aflögu til slíkra kaupa, og enn fremur skal það tekið fram, að Slysavarnafélag Íslands hefur fyrir hönd Björgunarskútusjóðs Austfjarða boðið fram nokkurt framlag til þessara kaupa. Ef úr nefndum kaupum getur orðið, þá ætti slík þyrla að geta komið í notkun hér í sumar eða alla vega á þessu ári. Að sjálfsögðu þarf að senda út *flugmenn og tæknimenn* til þjálfunar og til að læra meðferð slíks tækis. Strax þegar liggja fyrir endanlegar upplýsingar um söluverð slíks tækis og söluskilmála, mun málið verða tekið til athugunar í ríkisstj.

Rétt er að taka það fram, að með öflun slíks tækis, slíkrar þyrlu af meðalstórri gerð, sem er náttúrlega langtum stærri en litla þyrlan, sem nú er í notkun, er ekki ætlunin að hætta starfrækslu litlu þyrlunnar, heldur mun hún verða rekin áfram með sama hætti. Ég taldi sjálfsagt, að þetta kæmi hér fram, áður en málið færi til n.

Það er auðvitað einhver mesti kostur þyrlu fram yfir flugvélar, að hún getur lent svo að segja hvar sem er. Þó að flugvellir, litlir sjúkraflugvellir, séu víða, þá er samt auðvitað aldrei með flugvélakosti unnt að fyrirbyggja það, að flytja þurfi sjúka menn og slasaða töluverðan veg til þess að komast á slíka flugvelli. Viðhaldskostnaður flugvallanna, þótt smáir séu og einfaldir að allri gerð, verður að sjálfsögðu alltaf nokkur, og verður þá þetta sjálfsagt tekið til athugunar og metið.

Ef við víkjum að þáltill., sem liggur fyrir hv. Nd. og flutt er af tveim þm. þar, þar sem lagt er til, að athuguð *sé notkun lítillar þyrlu til sjúkraflutninga, þá finnst mér* rétt að rifja aðeins upp, hvaða kosti þessi fyrirhugaða þyrla hefur umfram litlu þyrluna, sem nú er í notkun. Þessi þyrla, Sikorsky S—62, hefur möguleika á blindflugi, sem litla þyrlan, TF Eir, hefur ekki, og það er auðvitað gríðarlega mikið atriði. Þá hefur hún langtum meiri möguleika á flugi yfir sjó, sem eðlilegt er, en lítil þyrla. Þá er á þessari þyrlugerð, sem fyrirhuguð eru kaup á, *útbúnaður, sem gefur möguleika á að draga* menn upp og slaka niður á flugi með sérstakri vindu. En slíkt björgunartæki hefur litla þyrlan að sjálfsögðu ekki. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði og ekki sízt með tilliti til björgunar yfir sjó. Við kaup þyrlunnar er að sjálfsögðu alveg sérstaklega haft í huga auk landhelgisgæzlu og flutninga björgunarstarf á sjó. Þá hefur þessi stærri þyrla möguleika á að flytja 10—12 farþega, en ég ætla, að það muni vera þrír farþegar, sem TF Eir getur tekið. Möguleikar fyrir sjúklinga á börum eru stórum meiri í þessari stærri þyrlugerð. Í litlu þyrlunni mun vera rúm fyrir einn sjúkling á börum, en í þessari stærri gerð yrði hægt að flytja samtímis sex sjúklinga á sjúkrabörum. Og vegna stærðarmunar hefur þessi Sikorsky-þyrla langtum meiri möguleika til vöruflutninga. Hún hefur tvisvar sinnum meira flugþol en litla þyrlan, og hún hefur einnig möguleika á aukningu flugþols með því að taka eldsneyti úr varðskipi án þess að lenda þar. Að sjálfsögðu mundi hún geta lent á þilfari varðskipanna. Loks hefur hún meiri möguleika til flugs upp á há fjöll. Það eru þessir kostir, er mér tjáð, sem skipta mestu máli í samanburði við smærri þyrlu. En í sambandi við sjúkraflugið er það sjálfsagt meginatriðið, hve skjótt hægt er að bregða við, að hve miklu leyti hægt er að yfirstíga þá erfiðleika, sem veður geta skapað, og svo þetta, að slíkt tæki getur lent svo að segja hvar sem er.

Ég sé enga ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en fannst rétt og raunar sjálfsagt, að þessar upplýsingar lægju fyrir, áður en heilbr.- og félmn. tekur þáltill. fyrir til athugunar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir athyglisverðar upp-

lýsingar og vil, að það komi skýrt fram, að ég er með þessari þáltill. alls ekki að leggjast gegn því, að meðalstór þyrla verði keypt til Landhelgisgæzlunnar. Þvert á móti styð ég það eindregið og tel mikilvægt, að það verði gert sem allra fyrst.

Það er þó staðreynd, hygg ég, að ein slík þyrla þjónar alls ekki öllu sjúkraflugi hér á landi. Tækið er ómetanlegt við alls konar aðstæður, þar sem nánast ekkert annað tæki getur komið til greina, eins og t. d. iðulega við björgun á hafi úti eða í klettum eða uppi í fjöllum, svo að eitthvað sé nefnt. En ein þyrla fær ekki gert mikið. Viðhald hennar er afar mikið. Hana þarf oft að yfirfara, og vitanlega fer hún langtum hægar yfir en góðar tveggja hreyfla flugvélar.

Ég tel því, að ein góð þyrla, þótt hún sé mikilvæg, þjóni alls ekki öllu sjúkraflugi, t. d. á Vestfjörðum. Því er jafnnauðsynlegt, að þar sé góð tveggja hreyfla flugvél og sjúkraflugvellir þannig, að þá megi nota í flestum tilfellum. Þegar þeir eru lokaðir, getur hins vegar þyrla að sjálfsögðu komið að mjög mikilvægum notum.

Menn verða einnig að gera sér grein fyrir því, að þyrla er ekki fær um flug í öllu veðri. Um þyrlu leikur einhver dýrðarljómi í hugum margra. Vitanlega eru þær gífurlega mikilvægt og gott tæki, en þær þola ekki fremur en aðrar vélar verstu veður, sviptivinda og erfiðar aðstæður að öðru leyti.

Ég er alveg sammála þeim samanburði, sem hæstv. dómsmrh. gerði á meðalstórri þyrlu og lítilli þyrlu. Þetta eru tvö mjög ólík tæki. Meðalstór þyrla er færari til flugs í langtum verra veðri og aðstæðum, og tel ég afar mikilvægt eins og ég sagði í upphafi míns máls, að slík þyrla verði fengin til landsins hið fyrsta.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Síldarniðursuðuverksmiðja ríkisins á Siglufirði.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til iðnrh. um aðstoð við Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði (Siglóverksmiðjuna) vegna hráefniskaupa [20. mál, 6] (A. 20).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Hinn 16. sept. s. l. sendi starfsfólk hinnar svo nefndu Siglóverksmiðju á Siglufirði iðnrn. áskorun, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Starfsfólk Sigló-verksmiðjunnar á Siglufirði beinir þeim tilmælum til iðnrn., að það veiti nú þegar fjárhagslega fyrirgreiðslu, til þess að verksmiðjan geti keypt a. m. k. 10 þús. tunnur af síld, ef hún býðst í haust og vetur."

Þessari áskorun var stuttu síðar fylgt eftir af hálfu stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, sem fer með stjórn Sigló-verksmiðjunnar, en stjórnin samþykkti með 6:1 atkv. eindregnar undirtektir undir þessa áskorun. Ástæðan til þessarar áskorunar er sú, að hráefni verksmiðjunnar var á þrotum, og nú sennilega alveg þrotið, og ef ekki væri að gert, mundu 100 manns, sem vinna við verksmiðjuna, missa atvinnu sína. Og þetta gerist, þegar atvinnuhorfur eru að öðru leyti með allra versta móti á Siglufirði. Það er því óhætt að fullyrða, að beðið mun með nokkurri óþreyju eftir svari við fsp. þeirri, sem ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 20, svo hljóðandi:

„Hver hafa verið viðbrögð iðnrn. við áskorun starfsfólks Sigló-verksmiðjunnar um, að verksmiðjunni verði veitt fyrirgreiðsla til þess að kaupa hráefni til vinnslu?"

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Svar við þessari fsp. er á eftirfarandi hátt:

Starfsfólk Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins beindi þeim tilmælum til iðnrn. í bréfi dags. 16. sept. 1970, að rn. veitti þá þegar fjárhagslega fyrirgreiðslu, til þess að verksmiðjan gæti keypt a. m. k. 10 þús. tunnur síldar. Rn. barst skömmu síðar bréf frá stjórn síldarniðursuðuverksmiðjunnar, sem er líka stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, dags. 18. sept., þar sem hins sama var farið á leit. Bréf þessi voru tilefni fundar iðnrh. með stjórn verksmiðjunnar 30. sept. s. l. og með fulltrúum verksmiðjunnar og Siglufjarðarbæjar 1. okt. Á fundi ríkisstj. 8. okt. var samþ. að verða við beiðni stjórnar niðursuðuverksmiðjunnar, sem rædd var á fundi með ráðh. 7. okt., að Síldarverksmiðjur ríkisins mættu ábyrgjast greiðslu á helmingi andvirðis allt að 4 þús. tunna af kryddsíld, þ. e. í það magn af tómum tunnum, sem talið var, að verksmiðjan sjálf ætti, en þetta jafngilti um 6 millj. kr. ábyrgð. Samkv. þessari heimild voru fest kaup á 565 tunnum kryddsíldar. Síðan breyttust aðstæður, svo að ekki varð úr frekari kaupum samkv. henni. En þær ástæður voru ríkisstj. óviðkomandi. Á sama ríkisstjórnarfundi, þ. e. 8. okt., var einnig samþ., að sjútvrh. sæi um í samvinnu við síldarútvegsnefnd, að síld yrði ekki seld úr landi án hliðsjónar af hráefnisþörfum innlendra framleiðenda. Vert er að geta þess, að ríkissjóður hefur fyrr á þessu ári, 31. jan. 1970, veitt niðursuðuverksmiðjunni 4 millj. kr. lán til kaupa á 3000 tunnum kryddsíldar. Lán þetta var veitt til þess að tryggja rekstur á þessu ári. Lánið er enn ógreitt. Rekstrarhorfur niðursuðuverksmiðjunnar eru slíkar í ár, að líkur eru á 3—4 millj. kr. tapi.

Verksmiðjan hefur nú starfað frá 1962 og hefur verið rekin með halla öll árin nema 1969, en þá olli mikill gengishagnaður því, að verksmiðjan skilaði ágóða. Tap verksmiðjunnar hefur ósjaldan verið ámóta hátt og vinnulaun viðkomandi árs. Starfsmenn iðnrn. ásamt fulltrúa fjmrn. og fulltrúa verksmiðjunnar ásamt bæjarstjóra Siglufjarðar hafa kannað möguleika á að bæta rekstrarafkomu verksmiðjunnar og skapa fyrirtækinu sem heppilegast rekstrarform í framtíðinni.

Eins og kunnugt er, hefur nú í nokkurn tíma staðið yfir undirbúningur þess að skilja stjórn niðursuðuverksmiðjunnar frá Síldarverksmiðjum ríkisins og setja verksmiðjunni ný lög. Ráðuneytismenn hafa í því sambandi rætt við ýmsa aðila, sem málið varðar. Komið hefur fram m. a. í þessum umr., að sænskur framleiðandi niðurlagningarvara hefur mikinn hug á samvinnu við Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins um framleiðslu á síld undir hans merki. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur nú til afgreiðslu tilboð um vinnslu 4000 tunna fyrir þessa aðila. Fulltrúi hins sænska fyrirtækis er nú staddur hér á landi og hefur hafið samninga við síldarniðursuðuverksmiðjuna. Á ríkisstjórnarfundi 22. okt. var ákveðið, að forsrh., iðnrh. og sjútvrh. tækju að sér athugun þess, með hvaða hætti mætti tryggja niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinum þær 7400 tunnur kryddsíldar, sem alls hafa verið saltaðar í haust hérlendis, en það er allt magnið, sem saltað hefur verið með þessum hætti. Það er fyrst með bréfi Síldarverksmiðja ríkisins dags. 23. okt., að iðnrn. verður kunnugt um, við hvaða verði hægt er að kaupa kryddsíld hjá síldarútvegsnefnd, hversu mikið magn hefur

verið saltað og um hvaða kjör önnur er að ræða, svo sem stærðarflokkun og afhendingartíma. Í sama bréfi er tjáð eftirfarandi till., sem samþ. hafði verið 22. okt. af stjórn Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins:

„Stjórn Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins samþykkir að fara þess á leit við ríkisstj., að hún heimili Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins að taka tilboði síldarútvegsnefndar og útvegi greiðslutryggingu eigi síðar en 1. nóv. n. k. í trausti þess, að í væntanlegum sölusamningi um niðurlagða síld til Sovétríkjanna og annarra kaupenda niðurlagðrar síldar fáist hækkun á söluverði, sem svarar til aukins tilkostnaðar frá fyrra ári."

En daginn áður hafði síldarútvegsnefnd gert ákveðið tilboð um kaup á þessu magni af kryddsíld, sem ég greindi frá áðan.

Greiðslutryggingin, sem þarf að setja fyrir 1. nóv. miðað við 7400 kryddsíldartunnur, er um 18 millj. kr. Kaupverðið alls er um 32 millj. kr., en þar af mun fást lánað í viðskiptabönkum um 14 millj. kr. út á síldina. Iðnrn. barst einnig eftirfarandi bréf frá stjórn Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins 23. okt.:

„Í framhaldi af bréfi voru til iðnrn. dags. í dag viljum vér skýra frá því, hvað verksmiðjustjórnin hyggst gera, ef ekki reynist unnt að fá með fyrirframsamningum þá verðhækkun á niðurlagðri síld, sem svarar til aukins kostnaðar frá fyrra ári. Hafi það komið í ljós í árslok, að ekki náist viðunandi samningar eins og að er stefnt, þá viljum vér taka fram, að það er ætlun verksmiðjustjórnarinnar að selja kryddsíldina í tunnum á erlendan markað um áramótin, áður en til flutningskostnaðar milli hafna innanlands kemur á síldina, að undanskildum 2400 tunnum, sem þurfa að fullverkast í verkunarhúsi verksmiðjunnar á Siglufirði, svo að hún sé viðbúin að leggja síldina í dósir, ef samningar takast um sölu niðurlagðrar síldar. Viðræður hafa þegar hafizt við Seðlabankann um greiðslutryggingu þá, sem ríkisstj. er beðin að útvega fyrir 1. nóv."

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, og einnig ber að þakka fyrirgreiðslu hans og annarra aðila. Þetta var að vísu nokkuð löng lesning, og ég verð að játa, að ég áttaði mig ekki fyllilega á niðurstöðunum, en eftir því sem ég kemst næst, þá eru allar horfur á því núna, að Sigló-verksmiðjunni verði tryggðar 7400 tunnur til vinnslu, þannig að segja má, að þarna hafi verið orðið við óskum starfsfólksins a. m. k. að ¾ hlutum. En það vakna að sjálfsögðu fleiri spurningar í þessu sambandi og ekki hvað sízt eftir ræðu hæstv. ráðh. Hvað verður um Sigló-verksmiðjuna í framtíðinni? Hæstv. ráðh. talaði um hallarekstur í þessu sambandi, og tölur sýna það eflaust, þó að mér skiljist nú, að nokkur ágóði hafi stundum orðið. En ástæðan fyrir hallarekstri er án efa sú, hvað lítið hefur farið fyrir fyrirgreiðslu hins opinbera varðandi þetta fyrirtæki. Eins og hæstv. ráðh. vék að, hefur það lengi verið ósk manna, ekki hvað sízt þeirra, sem þarna eiga helzt hagsmuna að gæta, Siglfirðinga sjálfra, og raunar líka stjórnar SR, að Sigló-verksmiðjan verði sett undir sérstaka stjórn. En einnig hafa verið uppi grunsemdir um það, að stjórnarvöld gætu hugsað sér að selja þetta fyrirtæki í hendurnar á einstaklingum, og ég býst nú við, að flestir hafi gert ráð fyrir því, að það yrðu þá Íslendingar, en eftir ræðu hæstv. ráðh. að dæma, eru Svíar komnir þarna í spilið. Ég ætla ekki að dæma um, til hvers samningar við sænska aðila kunna að leiða, en hitt er víst, að vilji manna er sá, að þetta verði eftir sem áður ríkisfyrirtæki. En helzti gallinn á þessu hefur verið sá, að stjórn SR hefur haft með stjórn Sigló-verksmiðjunnar að gera ásamt mörgum sínum verkefnum, erfiðum og viðtækum, og einstakir aðilar, sem mestu hafa um þetta ráðið, eru jafnframt helztu postular einkaframtaksins hér á Íslandi, og þess vegna er ekki þess að vænta, að þeir beri svo mjög hag ríkisfyrirtækis fyrir brjósti. Það er ekki að efa, að rekstur þessarar verksmiðju hefði getað verið allur með öðrum hætti, og að sjálfsögðu hefur markaðsöflunin verið hreint kák á undanförnum árum. Ég ætla ekki að fara neitt út í þá sálma að ráði, en ég er sannfærður um það, að gróðamenn mundu eflaust, ef þeir fengju tækifæri til, hugsa gott til þess að reka verksmiðju eins og Sigló-verksmiðjuna, ef þeir teldu sig þá geta treyst því, að áframhald yrði á þeirri stjórnarstefnu, sem greinilega hefur að sama skapi mikla velþóknun á einkarekstri sem hún hefur hana litla á félagslegum rekstri eða ríkisrekstri.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, ef ég hef farið of fljótt yfir sögu í minni grg. Ég var minnugur orða, sem nýlega voru fallin úr forsetastóli um það, að menn reyndu að stytta sem allra mest mál sitt og verja sem stytztum tíma í fsp. og svör við fsp. Ég skal því alveg leiða hjá mér allt umtal um framtíð verksmiðjunnar og fortíð. Ég vil þó segja það, að þann tíma, sem þessi verksmiðja hefur heyrt undir iðnrn., þá hef ég enga ástæðu til þess að áfellast stjórn Síldarverksmiðja ríkisins fyrir stjórn hennar á þessu fyrirtæki og tel þess vegna af þeim ástæðum hnútukast óþarft í hennar garð.

Það hefur verið sagt frá því, held ég, opinberlega, og það kom fram í mínu máli, að unnið er að því að skipa málefnum þessarar verksmiðju til frambúðar, þannig að hún gæti verið sjálfstætt fyrirtæki, þ. e. að atvinnurekstur þessi verði styrktur til þess að vera öruggari vinnugjafi á Siglufirði heldur en ella. En fleiri orðum skal ég ekki um það fara og ekki heldur svara ýmsum ásökunum, sem beint hefur verið í garð ráðh. fyrir það að kaupa ekki síld, sem ég veit ekki, hvað kostar, veit ekki, hvað hægt er að fá mikið af, og veit ekki, á hvað hægt er að selja, eins og málin hafa staðið fram að þessu. Hvernig hún kynni að seljast síðar, vitum við ekki í dag. En ég vil aðeins draga saman til frekari skýringar, svo að það fari ekki á milli mála, sem er aðalefni spurningarinnar, viðbrögð ríkisstj. Þau eru þau í stuttu máli, að þegar var orðið við tilmælum um að ábyrgjast kaup á síld í 4000 tómar tunnur verksmiðjunnar, þegar beðið var um það. Þá var okkur sagt í ríkisstj., að það væri hægt að tryggja kaup á þessu magni fyrir tiltekið verð, sem var mjög hagstætt verð. Svo fór það út um þúfur. Það voru aðeins 565 tunnur, sem þannig var hægt að kaupa. Nokkru síðar kom í ljós, að það voru ekki nema alls 7400 tunnur kryddsíldar í landinu. Þá höfðu þegar, áður en við vissum um, hvað þetta var mikið, verið gerðar ráðstafanir til þess, eins og ég sagði, af hálfu sjútvrh., að ekki yrði seld úr landi kryddsíld, án þess að hagsmunir síldar- og niðurlagn-

ingariðnaðarins yrðu tryggðir. Hér verður að hafa í huga, að það eru fleiri verksmiðjur af þessu tagi heldur en verksmiðjan á Siglufirði. En málin hafa aðallega snúizt í kringum hana, og það, sem ég hef svarað, snertir hana. Við erum að reyna að tryggja þessar 7400 tunnur fyrir þennan iðnað í landinu, og til þess þurfum við fyrir mánudaginn kemur að hafa útvegað fyrir fyrirtækið og þá, sem þarna eiga hlut að máli, 18 millj. kr. tryggingu. Af því er gert ráð fyrir, að 2400 tunnur verði sendar strax norður, en að öðru leyti verði beðið samninga um sölu á framleiðslu þessarar verksmiðju og annarra, ef til kemur.

Síðan minntist ég á Svía. Það er ekkert í tilboðum eða skrifum frá þeim, sem bendir til þess, að þeir vilji ásælast þessa verksmiðju, heldur er það að fá verksmiðjuna til þess að vinna fyrir sig úr svo og svo miklu magni af síld, en þeir ætla að leggja til tunnur og annað efni, salt, krydd o. s. frv., ef þeim tækist þá að afla þess, sem við skulum vona, því að þetta er sáralítið magn af kryddsíld, sem saltað hefur verið, en með sæmilegum afla gæti auðvitað við þetta bætzt. Ef af því yrði, óháð því, sem hér hefur verið gert, þá væri þó alltaf með því móti, — sem ég veit ekkert um og skal ekkert fullyrða um, — tryggð 4000 tunna úrvinnsla fyrir verksmiðjuna, úrvinnsla á þessum 2400 tunnum fyrir svo utan 5000 tunnur, sem þá eru eftir af þessum 7400 tunnum, annaðhvort til vinnslu á Siglufirði eða annars staðar, eftir því sem þörf krefur. En hér hefur fyrst og fremst verið höfð í huga þessi niðurlagningarverksmiðja. Við höfum gert það, sem í okkar valdi stendur, til þess að tryggja hráefni í þessa verksmiðju við mjög erfiðar aðstæður. Það er ekki ofmælt, og það er unnið kappsamlega að því að koma þessu fyrirtæki á sjálfstæðan og öruggan rekspöl fjárhagslega í framtíðinni.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem niðurlagningarverksmiðja ríkisins er á dagskrá hér í þinginu. Hún hefur fyrr verið í erfiðleikum, og þá hefur verið leitað, eins og kallað er, á náðir ríkisstj., og það hefur verið hægt þá að bæta eitthvað úr, skaffa peninga til að kaupa síld og leggja niður, sem svo hefur selzt á sæmilegu verði. Mér finnst eitthvað að í þjóðfélagi eins og okkar. Við erum þjóð, sem byggjum tilveru okkar að langmestu leyti á sjávarútvegi. Við strendur Íslands hefur verið fáanlegt, þó að það sé erfiðleikum bundið núna, eitt það bezta hráefni, sem hægt er að fá, sem er síldin okkar. Hún hefur á síðustu áratugum verið flutt út sem hráefni handa öðrum þjóðum til að vinna. Svo er loksins hafizt handa um það að byggja upp niðursuðuverksmiðju. Þegar það var gert á sínum tíma, þá voru sumir með ólund í sambandi við þá stofnun og eru enn.

Ég hef líkt niðurlagningarverksmiðju ríkisins við olnbogabarn, og það er ekkert ofmælt. Fyrirtækið var fyrst sett í lélegar byggingar. Það voru alls ekki þær vélar, sem þar hefðu bezt verið komnar, og það var alltaf skortur á rekstrarfé. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að mér finnst ófært, að stjórnendur svona fyrirtækis þurfi að vera inni á gafli hjá ráðh. og taka frá þeim þeirra dýrmæta tíma kannske marga tíma á dag, kannske oft á ári til að útvega rekstrarfé handa fyrirtæki eins og þessu. Ég verð að segja það, að mér finnst, að það eigi að vera bankanna verk.

Nú hefur verið skrifað um það, og það hefur komið hér fram, að þetta fyrirtæki hafi verið rekið s. l. ár og þetta ár með miklu tapi. Það er alveg rétt. Það var tap 1968. Það var hagnaður 1969. Það hefur alltaf verið sagt, að það hafi stafað af gengislækkuninni, og það er rétt, en engu að síður var hagnaður, en það er fyrirsjáanlegur halli núna 1970. En þá er vert að hafa í huga, að á árunum 1968, 1969 og 1970 er búið að borga Síldarverksmiðjum ríkisins um 6 millj. kr. í húsaleigu, sem þessar verksmiðjur, sem eru eign ríkisins líka, hefðu ekki fengið annars. Það má hafa það líka í huga. Þá má líka hafa það í huga, að á þessum árum er Síldarverksmiðjum ríkisins borgað 1.2 millj. fyrir bókhald. Það er greitt fólki, sem hefði verið þarna á staðnum hvort sem var. Þá er á þessum árum búið að borga í útflutningsgjöld um 2.6 millj. kr. Þarna er tapið. Það er á reikningunum 10 millj. Það eru 6 millj., sem eru greiddar SR, sem þær hefðu annars ekki fengið. Það eru 1.2 millj., sem hafa verið greiddar verksmiðjunum, og hitt fékk ríkið í útflutningsgjald. Ástandið er nú ekki verra en þetta. En það er á annað hundrað manns, sem fær þarna vinnu við þetta fyrirtæki.

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu um niðurlagningarverksmiðju ríkisins, en ég vildi benda á þetta hérna. Ég vil þakka þá fyrirgreiðslu, sem nú hefur verið látin í té, en ég vona, að það takist að afla 2500 tunna í viðbót, svo að hægt sé að kaupa, eins og áætlað var, 10 þús. tunnur fyrir vinnslu á næsta ári í niðurlagningarverksmiðju ríkisins í Siglufirði.

2. Listasafn Íslands.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um Listasafn Íslands [20. mál, 2] (A. 20).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Veturinn 1968—1969 fjölluðum við þm. hér um frv. til l. um breyt. á lögum um Listasafn Íslands, þar sem lagaákvæði voru samræmd fenginni reynslu. Við í menntmn. Nd. höfðum þá á þann skynsamlega hátt, að við fórum í heimsókn á Listasafn Íslands til þess að kynna okkur þar störf og starfsaðstöðu. Við þá heimsókn kom það í ljós, sem sumir vissu að vísu nokkuð um áður, að aðstaða Listasafnsins í húsakynnum sínum var ákaflega bágborin. Í fyrsta lagi voru sýningarsalir allt of litlir. Þarna er hægt að sýna svo sem eins og 100 listaverk í senn, þó að listaverkaeignin sé orðin 1700—1800 listaverk. Auk þess kom það í ljós, að húsakynnin voru þá ákaflega léleg, húsið mjög gallað, sprungið og lekt, hitalögn og loftræstingarkerfi mjög áfátt, gluggar óþéttir, og frá sprungnu þaki hafði seytlað vatn inn í

húsið. Þarna var ekkert eldvarnarkerfi og hvorki rakamælar né sjálfvirkir hitamælar. Auk þess kom það í ljós, að þá nýlega hafði orðið mjög alvarlegt slys í þessum húsakynnum, bilun á hitunarkerfinu hafði leitt til þess, að vatn hafði flætt niður um veggi safnsins og skemmt ein 15 listaverk, þ. á m. mjög ágæt listaverk eftir Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson, Guðmund Einarsson frá Miðdal og dýrmætar danskar myndir frá síðustu öld, sem voru hluti af stofni safnsins. Um þetta allt saman var rætt hér, þegar n. skilaði áliti um frv., og menn voru mjög einhuga um nauðsyn þess, að við svo búið mætti ekki standa. Þá var því heitið af hæstv. ráðh., að ráðizt yrði í lagfæringar á húsinu, og það var vissulega gert, en slíkar lagfæringar einar saman leysa ekki þann vanda, sem ég hef verið að lýsa. Og af þessum ástæðum fluttum við fjórir þm., einn úr hverjum flokki, sameiginlega þáltill., þar sem skorað var á hæstv. menntmrh. að beita sér fyrir því, að tekin yrði ákvörðun um lóð handa Listasafni Íslands og hafinn undirbúningur að byggingu jafnframt því, sem hæstv. ríkisstj. gerir áætlanir og till. um nauðsynlega fjáröflun, til þess að framkvæmdir geti gengið sem greiðlegast. Þessi till. okkar fékk ágætar undirtektir hér í þinginu. Um hana var fjallað í n., og n. lagði einróma til, að till. yrði samþ., og síðan var þessi ályktun samþ. í einu hljóði hér á Alþ. Ég ber fram þessa fsp. til þess að grennslast fyrir um það, hvað líði framkvæmdum á þessari þál.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Áður en ég svara fsp., vil ég aðeins ítreka það, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda sjálfum í ræðu hans, að þegar í stað, þegar vart varð skemmda á húsi Þjóðminjasafnsins vegna bilunar á hitunarkerfi, var brugðið við og látin fara fram eins fullkomin viðgerð á húsinu og byggingarfróðir menn frekast töldu mögulega, og hefur síðan ekki borið á neinum afleiðingum þeirra alvarlegu skemmda, sem þá komu í ljós. M. ö. o., það var brugðið eins skjótt og vel við og hægt var að ráði byggingarfróðustu manna. Þessar viðgerðir á húsinu kostuðu stórfé, en þau útgjöld voru að sjálfsögðu nauðsynleg, og sem betur fer — og það vildi ég sérstaklega láta koma fram — virðast þessar viðgerðir hafa heppnazt — ég vil næstum segja vonum framar. Það hefur verið fylgzt nákvæmlega með því síðan, hvað kynni að geta gerzt þar í framhaldi af fyrri skemmdum, og byggingarfróðir menn telja húsið ekki vera í minnstu hættu eftir að þær viðgerðir, sem framkvæmdar voru, fóru fram. En nokkur uggur var í forráðamönnum þeirra mikilvægu safna, sem þarna eru til húsa, út af þessum skemmdum á hitunarkerfinu, sem var alger nýjung á sínum tíma, þegar Þjóðminjasafnshúsið var byggt, og lagt var af ensku fyrirtæki, sem framleiðir hitunartækin. Forráðamenn hússins höfðu látið í ljós þá skoðun, að þessi bilun væri svo alvarleg, að vafasamt væri, að hægt væri að gera húsið fulltryggt fyrir þau verðmæti, þau gífurlegu verðmæti, sem þar eru geymd. En athuganir, sem síðan hafa verið á þessu gerðar, virðast leiða í ljós, að sú viðgerð, sem framkvæmd var með ærnum kostnaði, hafi sem betur fer heppnazt, þannig að allar áhyggjur í þeim efnum eiga að vera ástæðulausar. Það breytir auðvitað engu um þá staðreynd, að jafnnauðsynlegt er eftir sem áður að hugsa fyrir nýju húsnæði fyrir Listasafn ríkisins og auka þar með húsnæði Þjóðminjasafnsins. En svar mitt við fsp. er þannig:

Farið hafa fram bréfaskipti og ítarlegar viðræður milli menntmrn., borgaryfirvalda og forráðamanna Listasafns Íslands um lóð handa Listasafninu. Ýmsar lóðir hafa verið taldar koma til greina. Á sínum tíma var rætt um lóð á Melunum, á horni Hringbrautar og Birkimels, en sú lóð er nú ætluð væntanlegri þjóðarbókhlöðu. Undanfarið hefur einkum verið rætt um stað í Öskjuhlíð eða í fyrirhuguðum nýjum miðbæ sunnan Miklubrautar og austan Kringlumýrarbrautar. Aðalskipulag þessa borgarhluta liggur ekki fyrir, en mun verða tilbúið á þessu ári, eftir því sem bezt verður vitað. Þá hefur og verið um það rætt, að ýmsir staðir aðrir geti komið til greina, einkum í tengslum við útivistarsvæði borgarinnar, en aðalskipulag gerir einmitt ráð fyrir því, að á slíkum svæðum megi ætla stað ýmsum opinberum byggingum. Safnráð Listasafns Íslands hefur mestan áhuga á lóð við Öskjuhlíð, og er ég persónulega á sama máli. Borgaryfirvöld hafa sýnt málinu fyllsta velvilja, og er mér óhætt að fullyrða, að þegar aðalskipulag fyrirhugaðs nýs miðbæjar liggur fyrir nú á næstunni og lokið hefur verið áætlanagerð um stærð húss og lóðar Listasafnsins, en hún getur legið fyrir samtímis, þá muni vera hægt að ganga frá úthlutun lóðarinnar, hvort heldur er við Öskjuhlíð eða í fyrirhuguðum nýjum miðbæ. Eign byggingarsjóðs Listasafns Íslands nemur 9 217 989.69 kr. Þegar ákvarðanir hafa verið teknar um áætlaða stærð húss og lóðar og safninu hefur verið ætlaður staður, mun menntmrn. hlutast til um, að safnhúsið verði teiknað og leitað eftir frekari fjárveitingum til byggingarsjóðsins, til þess að hægt sé að hefja framkvæmdir og ljúka þeim á hæfilegum tíma.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Hins vegar urðu mér það býsna mikil vonbrigði, að ekki skuli hafa orðið meira úr framkvæmdum í sambandi við þessa þál., því að eins og fram kom af ræðu hæstv. ráðh., þá hefur ekkert í þessu máli gerzt annað en ýmsar viðræður milli ýmissa aðila, eins og hann greindi frá. Mér kom það dálítið á óvart, þegar hann sagði, að það væru uppi ýmsar kenningar um það, hvar ætti að velja Listasafninu stað, því að listaráð samþykkti einróma snemma árs 1969 að leggja fram ósk sína um að fá lóð í Öskjuhlíðinni, og mér er ekki kunnugt um það, að listaráð hafi breytt þeirri afstöðu, þannig að ég hygg, að það sé einróma afstaða listaráðs. Og mér virðist, að það hefðu átt að vera full tök á því, að sú staðarákvörðun yrði bundin fastmælum á þeim tíma, sem liðinn er síðan þál. var samþ., en það er meira en 1½ ár. Ég vil einnig benda á, að það er mjög erfitt að gera áætlanir um fyrirkomulag slíkrar byggingar og tilhögun aðra, fyrr en vitað er, hvaða lóð hún getur fengið, því að það getur bæði farið eftir stærð lóðar og lögun lóðar, hvernig húsakynni menn hugsa sér, þannig að ef aðeins hefðu legið fyrir næsta örugg vilyrði um, að Listasafnið hefði getað fengið þá lóð, sem það hefur óskað eftir eða sem listaráðið hefur óskað eftir, þá hefði það auðveldað mjög allan undirbúning.

Mér þótti vænt um að heyra það, að hæstv. ráðh. taldi, að þær lagfæringar, sem gerðar hafa verið á Þjóðminjasafnshúsinu, hefðu reynzt vel og þar væri nú

allt fulltryggt, eins og hæstv. ráðh. sagði. Því miður verð ég nú að draga það í efa, að þar sé allt fulltryggt. Hitalögnin er engan veginn þannig, að hún hæfi fyrir listasafn. Þar eru ákaflega miklar sveiflur á hitastigi frá degi til dags, og í sjálfum sýningarsölum Listasafnsins er stundum ákaflega kalt, og það vita allir, að slíkar breytingar á hitastigi eru mjög hættulegar fyrir listaverk og skemma þau á vissu árabili.

Í sambandi við aðstöðu Listasafnsins vil ég einnig minna á það, að þegar við ræddum þetta mál hér fyrir tveimur árum eða svo, skýrði hæstv. menntmrh. frá því, að hann teldi þá vera brýnasta verkefnið að útvega geymslur fyrir þau málverk, sem ekki væru sýnd hverju sinni í safninu og aðstöðu til þess að skoða málverk og pakka þeim inn. Hæstv. ráðh. sagði, að lausn á því máli mætti ekki dragast og það væri verið að fjalla um það einmitt þá dagana, sem hann flutti ræðu sína, og ákvörðun yrði tekin innan örfárra vikna. Ég veit ekki til þess, að í þessu hafi neitt gerzt. Ég veit ekki betur en geymslur safnsins séu enn þá í húsakynnum Þjóðminjasafnsins, og eftir því sem eignir safnsins aukast, þá verður að ganga á sjálfa sýningarsalina. Það verður að taka meira og meira húsnæði undir geymslurnar, og hlutfallið á milli þeirra listaverka, sem eru í geymslum, og hinna, sem hægt er að sýna, er orðið algerlega fráleitt, þannig að það hefur lengi verið brýsna mikið álitamál, bæði fyrir listamenn og almenning, hvert keppikefli það væri, að listaverk væru falin í geymslum, eins og þar er gert.

Ég vil minna á það, að á okkur hvílir brýsna mikil skylda í sambandi við að hraða þessu máli. Listasafn Íslands hefur notið mikillar velvildar frá fjölmörgum aðilum, og það hefur hlotið mjög góðar gjafir, og með því að taka við þeim gjöfum, þá höfum við tekið á okkur miklar siðferðilegar skuldbindingar. Ég vil minna á það, að byggingarsjóður Listasafnsins var stofnaður með myndarlegri gjöf frá Jóhannesi Kjarval. Ég vil minna á hina miklu gjöf Ásgríms Jónssonar listmálara, sem gaf 400 málverk og mörg hundruð teikningar og ætlaðist að sjálfsögðu til þess, að íslenzka þjóðin, sem tók á móti þeirri gjöf, gerði ráðstafanir til þess, að hægt yrði að koma upp húsi, sem hentaði fyrir slíka eign. Margir aðrir einkaaðilar hafa sýnt safninu mikla vinsemd og fært því stórar gjafir, m. a. húseignir hér í Reykjavík. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef húsbyggingarmáli Listasafnsins væri hrundið af stað, þá mundu margir verða til þess að leggja því máli lið, og þó að sjálfsagt sé, að ríkið hafi þar alla forustu, sjálfsagt og óhjákvæmilegt, þá er sjálfsagt að hagnýta sér þá miklu velvild, sem þetta safn nýtur. En það gerum við því aðeins, að við hrindum þessu máli frekar af stað en gert hefur verið að undanförnu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Varðandi það, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til frá umr. hér á hinu háa Alþingi í fyrra í tilefni af till., sem þá lá fyrir, að æskilegt væri að rýma geymslur safnsins og koma þeim verkum, sem þar eru geymd, fyrir annars staðar, þá er það að segja, að ég bauð stjórn Listasafnsins þegar í stað að taka húsnæði á leigu annars staðar, til þess að hægt væri að koma þessum verkum í geymslu utan Þjóðminjasafnshússins og sú leiga mundi verða greidd. En að vandlega athuguðu máli og eftir að ýmiss konar húsnæði hafði verið skoðað, varð stjórn Listasafnsins á einu máli um það að þiggja ekki þetta boð, heldur leggja áherzlu á það, að heildarhúsnæðismál safnsins yrðu leyst sem fyrst, og að sjálfsögðu taldi ég mér skylt að gera þessa skoðun að minni, þ. e. gera ekki meira í málinu af hálfu rn., þegar skoðun listaráðs var þessi sem raun bar vitni.

Það, sem fyrirspyrjandi sagði um breytilegt hitastig í safninu er vitanlega alveg rétt. Þetta er vandamál, sem öll lítil söfn eiga við að etja. Fyrir þessu hafði ekki verið hugsað, þegar húsið var byggt á sínum tíma, og óframkvæmanlegt er að koma við í gömlu húsnæði eins og þessu þess konar ráðstöfunum, sem tryggja mundu fullkomlega jafnt hitastig og þannig fullkomið öryggi málverkanna, þegar yfir áratugi er litið. Raunar er þetta ekki bara vandamál okkar safns hér heldur vandamál, sem alls staðar er við að etja, og tiltölulega fá söfn í nálægum löndum eru búin hinum fullkomnustu tækjum, sem þó eru þekkt í þessu efni, enda mjög dýr. Sjálfsagt er þó að hafa nýjustu þekkingu til hliðsjónar, þegar ráðizt verður í byggingu nýs listasafns.

Varðandi það, að hann lýsti vonbrigðum sínum yfir því, að ekki skyldi meira hafa gerzt en orðið er frá því í fyrra varðandi úthlutun lóðarinnar, vegna þess að fyrir lægi einróma skoðun stjórnar Listasafnsins á því, hvar hún kysi væntanlegu listasafni stað, þá er það að segja, að hérna eru ekki allir á einu máli. Það er algerlega rétt, að stjórn Listasafnsins er á einu máli um það, að við Öskjuhlíðina sé hinn æskilegasti staður, og er sú skoðun þó ekki gömul í hópi meðlima stjórnar Listasafnsins. Ég er persónulega, að vandlega athuguðu máli, á þeirri skoðun. En ýmsir skipulagsmenn eru á annarri skoðun og vilja heldur, að safninu verði valinn staður í hinum nýja miðbæ. Ástæðan til þess, að ekki hefur endanlega verið tekin ákvörðun um þetta, er sú, að ekki er fullkomlega hægt að gera sér grein fyrir því, hver aðstaða safnsins mundi vera í hinum nýja miðbæ, fyrr en aðalskipulag hans liggur fyrir. En eins og ég tók fram í svari mínu áðan, þá mun það verða nú á þessu ári. En ég hef fulla ástæðu til þess að ætla það eftir þær ítarlegu viðræður, sem fram hafa farið við borgaryfirvöld, að ef rn. og stjórn Listasafnsins halda fast við ósk sína um það að fá lóð undir safnið við Öskjuhlíð, þá muni verða orðið við þeirri ósk, og sú niðurstaða á að geta legið fyrir, áður en þessu ári lýkur.

3. Endurskoðun fræðslulaganna.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um endurskoðun fræðslulaganna [20. mál, 4] (A. 20).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Fsp. okkar þriggja til hæstv. menntmrh. er þessi:

„Hvenær verða lagðar fyrir Alþ. niðurstöður nefndar þeirrar, er að undanförnu hefur starfað að endurskoðun fræðslulaganna?“

Síðan þessi fsp. var lögð fram, hefur hæstv. forsrh. flutt stefnuyfirlýsingu ríkisstj. sinnar. Þar er frá því greint, að fyrir þetta þing verði lagt frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu og frv. til l. um grunnskóla. Þessum fyrirhuguðu lögum er samkv. upplýsingum forsrh. í sömu ræðu ætlað að koma í stað gildandi laga um skólakerfi og fræðsluskyldu nr. 22 frá 1946, laga um fræðslu barna nr. 34 frá sama ári og laga um gagnfræðanám nr. 48 einnig frá 1946. Með þessari yfirlýsingu eru, eins og hv. alþm. sjá, boðuð ný lagafrv. um þá þætti skólamála, sem fyrst og fremst hafa verið verkefni þeirrar nefndar, sem hér er spurt um niðurstöður frá, og að frv. verði lögð fram á þessu þingi. Þar með má vænta, að niðurstöður nefndarinnar sjái loksins dagsins ljós, og mætti kannske segja, að með þessu sé fsp. okkar að nokkru svarað. Engu að síður sjáum við ekki ástæðu til að draga fsp. til baka með því líka, að ekki er einskis vert, hvenær á yfirstandandi þingi frv. verða lögð fram, því að á miklu veltur, að unnt verði að afgreiða þá lagasetningu á þessu þingi annaðhvort í því formi, sem nefndin leggur til, sem ég ætla, að sé grundvöllur þeirra frv., sem hæstv. forsrh. kynnti, eða einhverju öðru formi, eftir því sem alþm. kann að sýnast réttara við frekari skoðun.

Gildandi lög um þessi efni eru öll frá árinu 1946, eins og ég áðan sagði. Með tilliti til þess, að hér er fjallað um hin þýðingarmestu mál, menntun æskufólksins á tímum aukinnar menntunarþarfar og breyttra kringumstæðna, varðar e. t. v. mestu, að skólakerfið sé ekki látið dragast aftur úr, en til þess að einstakir þm. geti hugsanlega komið fram með þarfar ábendingar, er nauðsynlegt, að þeir fái að vita, hvað fyrirhugað sé af yfirvöldum og þeim, sem bezta yfirsýn hafa yfir þessi mál. Sérstök ástæða er til að hraða því að birta umrætt álit, þar sem lengi hefur verið vitað, að nefnd væri starfandi í þessum málum, og ýmsir eru satt að segja orðnir ærið langeygðir eftir því að sjá eitthvað frá þessari nefnd. Vitneskjan um tilvist hennar hefur áreiðanlega í mörgum tilfellum dregið úr frumkvæði manna til þess að lýsa hugmyndum sínum um tilhögun ýmissa þátta menntamálanna. Menn hafa hugsað sem svo, að þar sem svo háttaði til, að nefnd færustu sérfræðinga væri alveg að koma með nýjar tillögur um málin, væri ástæðulaust fyrir menn að koma sínum hugleiðingum á framfæri fyrr en niðurstöður nefndarinnar lægju fyrir. En það hefur dregizt æði lengi. Það þýðir ekki, að ekkert hafi verið gert í menntamálum. Ég er ekki að segja það. Það hafa af og til verið að birtast tilkynningar frá yfirvöldum menntamálanna um hinar og þessar breytingar, sem gerðar hafa verið á framkvæmd gildandi laga, og sjálfsagt eru margar þeirra til bóta. Þær ætla ég ekki að ræða hér. En það er mín skoðun, að það sé réttara að byrja á byrjuninni og breyta þeim undirstöðulögum, sem nú eru orðin 25 ára gömul og öll bygging menntamálanna hvílir á. Ég vona þess vegna, að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að gefa okkur ákveðin svör við þeirri fsp., sem hér er til umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Nefnd sú, er í fsp. getur, var skipuð af menntmrn. 4. júlí 1969 til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu nr. 22 1946, lög um fræðslu barna nr. 34 1946 og lög um gagnfræðanám nr. 48 1946 á grundvelli athugunar, sem þegar hafði farið fram í menntmrn. Í nefndinni eiga sæti Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, formaður, Andri Ísaksson, forstöðumaður skólarannsóknadeildar menntmrn., Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla, Helgi Elíasson fræðslumálastjóri, Jónas B. Jónsson fræðslustjóri, Kristján J. Gunnarsson skólastjóri og Sveinbjörn Sigurjónsson skólastjóri. Í fjarveru Andra Ísakssonar veturinn 1969—1970 tók Jóhann S. Hannesson skólameistari sæti í nefndinni í hans stað og hefur síðan starfað áfram í nefndinni, eftir að Andri tók þar sæti að nýju.

Nefndin er nú að ljúka störfum og hefur samið tvö lagafrv., frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu og frv. til l. um grunnskóla. Hafa frv. þegar verið sett sem handrit. Þegar ríkisstj. hefur athugað þau, munu þau verða send ýmsum aðilum til umsagnar, og hef ég hugsað mér að efna til fundar þessara aðila, til þess að þeir geti skipzt á skoðunum um frv. Samtímis munu þingflokkarnir fá þau til athugunar. Síðan verði nefndinni ætlaður ákveðinn tími til þess að athuga ábendingar þær, sem kynnu að berast, og gera till. um, hverjar þeirra beri að taka til greina, áður en frv. verða lögð fyrir Alþ. Stefnt er að því, að unnt verði að leggja frv. fram á fyrri hluta þessa þings, þ. e. í síðasta lagi áður en Alþ. fer í jólaleyfi.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör við fsp. okkar. Samkv. svari hans mætti ætla, að nefnd sú, sem hér um ræðir, hafi ekki haft ýkja langan starfstíma, þar sem hún var skipuð 4. júlí 1969, en þess er þá að gæta, sem einnig kom fram í svari hæstv. ráðh., að nefndin byggði athuganir sínar á grundvelli athugana, sem þegar höfðu farið fram í menntmrn. Þær athuganir hygg ég, að hafi farið fram á þann hátt, að önnur nefnd hafi verið starfandi til endurskoðunar á sama viðfangsefni, og núv. nefnd hafi því tekið við, þar sem hinni sleppti. Sé þetta rangt, bið ég afsökunar á því, og þá verður það eflaust leiðrétt. En ef þetta er svona, sem ég held, að sé, þá sé ég ekki, að þessar upplýsingar breyti því, sem ég sagði hér áðan, að þessi endurskoðun hefur verið furðulengi í fæðingunni.

Að öðru leyti ætla ég ekki að gera hugsanlegar niðurstöður nefndarinnar að umræðuefni. Ég hef ekki skilyrði til þess, ég hef ekki séð þær. Ég fagna því, að nefndin hefur nú lokið störfum og hv. alþm. mega eiga von á því að sjá niðurstöður hennar fyrr heldur en síðar, og sérstaklega tel ég ástæðu til þess að taka vel þeirri nýbreytni, sem hæstv. menntmrh. hyggst viðhafa í þessu sambandi, að senda frv. þingflokkunum til umsagnar, áður en það er lagt fyrir Alþ. Það getur eflaust og mun eflaust greiða fyrir fljótari og heppilegri vinnubrögðum í þessum málum, sem ég endurtek, að eru hin þýðingarmestu. Skal ég svo ekki að öðru leyti gera þau að umtalsefni hér að þessu sinni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins bæta örstuttum skýringum við ummæli mín áðan um undirbúning málsins í tilefni af því, sem hv. þm. sagði um það. Ég hafði sagt, að störf þessarar nefndar hefðu hafizt í fyrrasumar, sumarið 1969, á grundvelli athugana, sem gerðar hefðu verið í menntmrn. Hann túlkaði þetta þannig, að áður hefði önnur nefnd starfað að málinu. En sannleikurinn er sá, að embættismenn í menntmrn. — þar tel ég skólarannsóknir með — höfðu um nokkurt skeið áður starfað að mjög ítarlegri athugun á þessu máli og unnið mjög mikið undirbúningsverk. Ég hef ekki viljað og vil ekki enn segja, að hér hafi verið um nefnd að ræða, þar sem hér var um starfsmenn rn. að ræða, sem ég hafði falið þetta. (**EÁ:** Voru það engir aðrir?) Engir aðrir, eingöngu starfsmenn menntmrn. Þeir hafa eflaust rætt við ýmsa menn um þetta, en þeir voru ekki til þess skipaðir sem formleg nefnd og ekki venjan, að því er ég bezt veit, að tala um nefndarskipun, þegar starfsmenn rn. taka að sér ákveðið verk að ósk ráðh., enda t. d. ekkert fyrir það greitt sérstaklega. Þetta er þeirra verk í rn. og sem þeir unnu með hinni mestu prýði. Og sannleikurinn er sá, að þessi undirbúningsvinna hefur gert það mun auðveldara fyrir nefndina, sem skipuð var ekki aðeins starfsmönnum rn. heldur ýmsum mönnum utan rn., hún hefur gert þeim kleift að inna ótrúlega mikið verk af höndum á aðeins rúmu ári. Án undirbúningsvinnunnar, sem áður hafði verið unnin af embættismönnum sem embættisverk, hefði ekki tekizt að inna þessi störf af hendi af jafnmikilli vandvirkni og átt hefur sér stað, og nægir aðeins í þessu efni að vísa til þess, að þegar slík lagaendurskoðun fór fram síðast, þá tók það miklu lengri tíma, og minni ég í því sambandi t. d. á endurskoðun menntaskólalöggjafarinnar, sem tók mun lengri tíma en nefndarstarfið nú, en heildarvinnan hefur tekið *mun lengri tíma en nefndarstarfinu nemur.* Það er fullkomlega rétt og ekki að ástæðulausu, þegar það er haft í huga, um hversu geysilega flókið og viðamikið efni hér er að ræða.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja það, að með nefndarstarfi átti ég ekki við þau embættisstörf, sem starfsmenn menntmrn. inna af höndum, og satt að segja tel ég það svo sjálfsagt, að þeir séu að vinna að menntamálunum í sínum vinnutíma, að ástæðulaust sé að geta þess hér sérstaklega. En ef það er eina undirbúningsvinnan, sem undir þessi frv. hefur farið fram, þá skal ég afturkalla það, sem ég sagði hér um nefnd, sem hafi verið að vinna að þessu, en hitt hygg ég þó, að sé rétt, að fyrr hafi nefnd verið skipuð til þess að endurskoða þætti menntamála. Það kunna að vera aðrir þættir menntamála heldur en hér er um að tefla. Ég þekki þetta ekki nægilega vel til þess að fullyrða það gegn andmælum ráðh., að nefnd hafi áður starfað að þessari endurskoðun, en ég endurtek það, að ég átti ekki við þau venjulegu störf, sem starfsmenn hans í menntmrn. vinna hversdagslega. Þau hefði ég ekki gert hér að umtalsefni og tel satt að segja ekki neitt umræðuvert, þó að þeir vinni að endurskoðun menntamála.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar setningar. Mér þykir vænt um, að ekkert ber á milli okkar hv. fyrirspyrjanda um þetta efni, sem hann nú síðast gerði að umtalsefni. Ég hefði kannske getað bætt því við áðan, sem mér ekki hugkvæmdist, að ef hann kynni að hafa átt við það, að áður hafi starfað nefnd með hliðstæðu verkefni, þá er það rétt. En hún starfaði fyrir 10—11 árum. Ég lét það vera eitt af mínum fyrstu verkum, þegar ég tók við forustu menntmrn., að skipa nefnd — það er alveg rétt hjá hv. þm. — að skipa nefnd til þess að endurskoða þessa sömu löggjöf. Sú nefnd starfaði nokkuð á annað ár og skilaði ítarlegu áliti, en meginniðurstaða þeirrar nefndar var sú, að ekki væri ástæða til þess að endurskoða grundvallaratriði þessarar löggjafar, sem þá var orðin rúmlega áratugs gömul. Og það er höfuðástæðan fyrir því, að endurskoðun allrar sérskólalöggjafarinnar var látin ganga fyrir öllu verki í menntmrn. um þessi efni. Sannleikurinn er sá, að nú er lokið endurskoðun hvers einasta lagabálks, sem um íslenzka skóla fjallar, nema laganna frá 1946, sem er um skólakerfið og fræðsluskylduna sjálfa. Og þegar þessari endurskoðun á allri sérskólalöggjöfinni var lokið, þá þótti okkur tímabært að taka til við endurskoðun grundvallarlöggjafarinnar sjálfrar, sem í raun og veru lýtur fyrst og fremst að lengd fræðsluskyldunnar, sem gert er ráð fyrir, að nú verði lengd í þessum frv., sem samin hafa verið núna. Að því var unnið þannig, að fyrst var embættismönnum falið að vinna ákveðna undirbúningsvinnu, og síðan var nefnd sett í málið. Af langri reynslu af störfum í stjórnarráðinu tel ég, að slík vinnubrögð að undirbúningi mikilvægra lagabálka séu heppilegri en þau, sem yfirleitt hafa tíðkazt hingað til, að láta stórar nefndir með fulltrúum úr öllum mögulegum áttum sitja kannske árum saman á rökstólum og vinna verk, sem er hreint embættisverk. Það tel ég tímasóun og peningasóun og auk þess líklegt til þess, að útkoman verði ekki *eins fagleg og skynsamleg og raun ber vitni.* Þess vegna hef ég á síðari árum í vaxandi mæli farið út á þá braut, þegar verið er að undirbúa mikilvæga lagabálka, að fela embættismönnum fyrst undirbúning verksins. Hitt *er mér fullkomlega ljóst, að embættismenn vita ekki allt* í þessu efni og mörg fleiri sjónarmið þurfa að koma til en embættismannanna einna, í þessum efnum skólamannanna sjálfra. Þess vegna skipaði ég nefnd með embættismönnum og skólamönnum til þess að ganga frá málinu og geri mér þó enn ljóst, að það er ekki fullnægjandi athugun, málin þurfa að fara til enn fleiri aðila, þar á meðal þingflokkanna, og það mun verða gert, áður en málið kemur fullbúið fyrir þetta Alþ., sem síðan auðvitað breytir því eins og því sýnist.

4. Ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til heilbrmrh. um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfólki [20. mál, 5] (A. 20).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Fsp. mín til hæstv. heilbrmrh. er svona:

„Hvaða ráðstafanir hyggst heilbrmrh. gera til þess að ráða bót á þeim skorti hjúkrunarfólks, sem nú veldur því, að nýjar, fullbúnar deildir geta ekki tekið til starfa?"

Tilefni þessarar fsp. er, hvað mig snertir, það, að ég fór í heimsókn á Borgarspítalann í kynnisferð borgarfulltrúa hér í Reykjavík. Þá voru okkur m. a. sýndar tvær nýjar sjúkradeildir, sem voru lokaðar vegna þess, að starfsfólk, hjúkrunarfólk fékkst ekki. Það var annars vegar legudeild við lyflækningadeild spítalans með 18 rúmum og hins vegar svo nefnd gjörgæzludeild, þar sem fyrir hafði verið komið mjög dýrum og fullkomnum tækjum til þess að vaka yfir lífi manna, ef svo mætti segja, eftir uppskurði t. d., svæfingu, eða þegar menn veikjast snögglega af hjartasjúkdómum og ýmsum fleiri alvarlegum sjúkdómstilfellum. Þá var enn fremur upplýst á viðkomandi sjúkrahúsi, að álagið á skurðstofufólkinu væri óheyrilegt. Þar voru aðeins fimm hjúkrunarkonur, sem störfuðu að verkefnum, sem 12 hjúkrunarkonum væru ætluð samkv. fjárhagsáætlun spítalans. Svo koma sumarleyfin, sögðu menn og hugsuðu til þeirra með hryllingi, því að svo erfitt sem það er að halda sjúkrahúsinu gangandi að öllu venjulegu, kastar þó fyrst tólfunum, þegar nokkur hluti sjúkraliðsins þarf að fá sitt venjulega og lögboðna sumarfrí. Mér fór þá að verða hugsað til þess, hvort þetta væri einsdæmi á Borgarsjúkrahúsinu eða hvort ríkissjúkrahúsin væru nokkuð undir sömu sök seld. Og ég hef fengið hér upplýsingar frá skrifstofu ríkisspítalanna. Niðurstöðurnar, — það verður að fara fljótt yfir sögu hér, því að tíminn er naumur, — eru þær, að heimilaður fjöldi samkv. fjárlögum er 190½ hjúkrunarkona, en í starfi í dag eru 155½. Samkv. þessu vantar því 35 hjúkrunarkonur til þess að fylla upp í fjárlagaheimild, og ég held, að mér sé óhætt að segja það, að fjárlagaheimildin sé ekki of rúm. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir, kom björgunin, að því er virtist. 39 nýjar hjúkrunarkonur voru útskrifaðar úr Hjúkrunarskólanum, og ég hélt þá, að þar með mundi þetta leysast.

En því miður er fleira að athuga heldur en þetta og þá fyrst það, að 1967 gerði Kjartan Jóhannsson verkfræðingur á vegum fjmrn. athugun á því, hve margar hjúkrunarkonur væru í starfi, hve margar hefðu horfið frá störfum, athugun á starfsaldri hjúkrunarkvenna og framtíðarhorfum á grundvelli þeirra athugana, eins og þar segir. Rannsókn þessi leiddi í ljós, að 34% útskrifaðra hjúkrunarkvenna hverfa frá starfi sama ár og þær eru brautskráðar. En að tveimur árum liðnum hafa 60% þessa hóps horfið frá starfi, og aðeins 23% starfa að loknum námstíma, þar til þær hætta sökum aldurs. Þá er enn fremur þess að gæta, að Hjúkrunarskólinn var 1967 stækkaður þannig, að hann getur nú tekið á móti 80—90 nemendum í einu, og samkv. upplýsingum skólastjórans, Þorbjargar Jónsdóttur, sem birtar eru í tímariti Hjúkrunarfélags Íslands, í 2. og 3. hefti þessa árs, þá voru árið 1968 nýir nemendur yfir 80. En svo segir hún, — þetta er nú því miður á dönsku, en ég hef snúið þessu á íslenzku:

„En á síðasta ári neyddumst við til að skera töluna niður í 60 þrátt fyrir mikla aðsókn. Útskrifaðir nemendur í ár og næsta ár verða ca. 85 og um 80 1971, en tæpast útskrifast fleiri en 50—60 nemendur 1972, og þetta dugar tæpast til að mæta þeirri miklu eftirspurn eftir hjúkrunarkonum, sem nú er fyrir hendi."

Hún segir í þessari grein, að það sé hægt að kenna 80—90 nemendum í einu og að skólinn hafi nægilegt rými bæði fyrir bóklegu kennsluna og nógu mörg pláss á sjúkrahúsunum fyrir þá verklegu og stóran hóp umsækjenda með betri og samræmdari undirbúningsmenntun en fyrr, sem bíður eftir skólavist. Þrátt fyrir þetta er útlit fyrir, segir hún, að við verðum í framtíðinni að takmarka nemendafjöldann verulega, kannske jafnvel nú í haust, þar sem gífurlegur skortur er á hjúkrunarkennurum. Fleira er athyglisvert í þessari grein, sem ég hef að sjálfsögðu ekki tíma til að kynna þm. í stuttum ræðutíma í fsp.-formi, en ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri í upphafi, heldur vil ég heyra svör hæstv. heilbrmrh. við því, hvað hann hyggst gera til þess að mæta þessum vanda, en segi kannske nokkur orð hér á eftir.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það var nú nokkurt álitamál í upphafi miðað við efni þessarar fsp., hvor okkar ætti að svara hér, hæstv. menntmrh. eða ég. Niðurstaðan varð þó sú, að ég svaraði, en svör mín eru nánast byggð á upplýsingum, sem fengizt hafa annars vegar frá Hjúkrunarskóla Íslands og hins vegar frá menntmrn.

Þegar hafizt var handa um þá stórfelldu stækkun á nýbyggingu sjúkrahúsa, sem nú er komin allvel á veg, var ekki samtímis gerð áætlun um, hvernig skyldi manna þessar stofnanir, hvorki hvað snertir lækna, hjúkrunarlið eða annað starfslið sjúkrahúsanna. Þetta er raunar í samræmi við það, að engin heildaráætlun hefur enn verið gerð um störf sjúkrahúsa eða heilbrigðisstofnana fyrir landið í heild og einstök byggðarlög. Ef litið er til þess, hver nýting menntaðra hjúkrunarkvenna er, þá voru 1. jan. 1970 922 hjúkrunarkonur á landinu auk 196 nema. Þá voru starfandi 483, þar af 348 í fullu starfi. Í sambandi við skort annars sérmenntaðs fólks og starfsliðs fyrir sjúkrahús, þá hefur rn. nú ákveðið að setja á laggirnar nefnd, sem hefur það hlutverk að semja lög um námstilhögun og starfsréttindi slíks fólks, og er þess að vænta, að slíkt lagafrv. verði lagt fyrir þetta Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. heilbrmrh. svörin. Ég get út af fyrir sig vel skilið það, að það hafi verið matsatriði hjá þeim og kannske nokkurt ágreiningsatriði, hvor ætti að standa hér upp til þess að flytja þessa skýrslu, og ég segi það sem mína skoðun, að ég öfunda hæstv. heilbrmrh. ekkert af því að hafa orðið fyrir valinu. Hitt er svo annað mál, að þýðingarlaust er um þetta að tala. Hitt er úrlausnarefni, hvernig hægt sé að tryggja sjúkrahúsunum, eins og þau eru í dag og þá ekkert síður eins og þau verða, þegar þau eru komin í viðunandi horf, sérmenntaða starfskrafta til þess að sinna sjúklingum og þeim, sem þangað þurfa að leita. Og ég segi það hér sem mína skoðun, að ég tel fullkomlega óverjandi, að ekki sé hægt að veita viðtöku fullri tölu nemenda í Hjúkrunarskólann, eins og hann getur frekast við tekið.

Þörfin er vissulega fyrir hendi. Skólinn var stækkaður 1967, þannig að hann getur nú tekið við 80—90 nemendum, eins og ég sagði áðan, bæði til bóklegs og verklegs náms, og það er upplýst, að fyrir liggur nægilegur fjöldi og raunar fleira en hægt er að taka við af betur undirbúnu fólki en fyrr hefur sótt um inngöngu í þennan skóla til þess að gera þessi líknarstörf að ævistarfi. Og ég tel það enga afsökun, sem þó er tæpt á í þeirri grein, sem ég minntist hér á áðan, að ekki sé hægt að afla kennslukrafta. Ég hreinlega trúi því ekki, að það sé ekki hægt að fá fólk til þess að kenna við Hjúkrunarskólann. Hér hlýtur eitthvað annað að búa að baki. Hvað það er, skal ég ekki spá um, en eitt atriði vil ég nefna. Í þeirri grein, sem skólastjóri Hjúkrunarskólans skrifaði í áðurnefnt tímarit og ég las hér upp úr nokkrar setningar, minnist hún á það sem hugsanlegan möguleika, að ríkið styrki hjúkrunarfólk til náms, þannig að það geti aflað sér þeirrar menntunar, sem til þarf til kennslu. Það mun ekki hafa verið farið út á þessa braut. Er það ekki tilraun að fara út á þá braut? Er ekki tilraun að fá erlenda kennara, ef Íslendingar treysta sér á engan hátt til þess að gera þetta? Ég held það. Eitthvað verður að gera. Það er út af fyrir sig gott, sem hæstv. ráðh. sagði, að kosin verði nefnd og lagt fram frv. á Alþ. til úrbóta í þessum málum. Betra er seint en ekki. Ég skal fúslega fallast á það. En það er fullkomlega þýðingarlaust að byggja dýr sjúkrahús með fullkomnustu og dýrustu tækjum til þess að láta þau standa ónotuð, og það er óverjandi stefna að ráðast í byggingu slíkra húsa án þess fyrst að vera búinn að tryggja sér starfskrafta, til þess að húsin og tækin komi að fullum notum.

Ég vona, að þessar umr., þótt ófullkomnar séu að sjálfsögðu í fsp.-tíma, geti vakið athygli hæstv. ríkisstj. og hv. þm. á því alvarlega ástandi, sem hér er vissulega fyrir hendi, og nú taki þing og ríkisstj. höndum saman um að bæta úr þessu, þannig að ekki þurfi til þess að koma oftar, að nýjar, dýrar deildir standi fullbúnar ónotaðar, vegna þess að það er enginn til þess að vinna í þeim.

5. Úthlutun fjárveitingar til jöfnunar námskostnaðar skólafólks.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

Fsp. til menntmrh. um úthlutun fjárveitingar til jöfnunar námskostnaðar skólafólks [44. mál, 5] (A. 44).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 44 um úthlutun fjárveitingar til jöfnunar námskostnaðar skólafólks. Eins og kunnugt er hv. þm., bar ég fram frv. til l. á síðasta þingi um jöfnun aðstöðu þess fólks, sem sækja þarf skóla frá heimili sínu með ærnum kostnaði, og hins, sem á þess kost að sækja skóla kannske í gegnum allt skólakerfið frá barnaskólum og upp í gegnum öll námsstig frá heimili sínu eða réttara sagt að heiman án sérstaks aukakostnaðar við það. Þetta frv. mitt lá í meðförum þings og n. allan þingtímann í fyrra, en fékk ekki afgreiðslu, en hins vegar voru teknar 10 millj. kr. inn á fjárlög til jöfnunar þessa mismunar, og var með því sýndur litur á því að fullnægja þessu máli á nokkurn hátt, þó með allsendis ófullnægjandi fjárupphæð. Það varð mér ljóst þegar í byrjun. Nú er mér sagt, að rn. hafi sett menn í það að hugleiða, hvernig ætti að skipta þessari 10 millj. kr. upphæð, og muni vera skammt á veg komið með það verk, og svo mikið er víst, að engar styrkveitingar hafa, svo að mér sé kunnugt, átt sér stað til jöfnunar þess misréttis, sem þarna er um að ræða, og veit ég ekki, hversu langt þessu starfi í rn. er komið. Nú er spurningin um það, eftir hvaða reglum þessu fé hafi verið eða verði úthlutað af rn. hendi, og er fyrri liður spurningarinnar um það. En að öðru leyti langar mig til þess að fá að vita, til hvers reynslan af þeim gögnum virðist benda, sem liggja nú fyrir, um fjármagnsþörf til þess að jafna á sómasamlegan hátt það misrétti, sem námsfólk á við að búa vegna þessa aðstöðumunar. Vænti ég góðra og greiðra svara af hendi hæstv. ráðh. um það, því að það gæti gefið nauðsynlegar vísbendingar um það, hvaða tökum verður að taka þetta mál, til þess að misrétti þetta verði úr sögunni að mestu eða helzt öllu leyti.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. 1. fsp. hljóðar þannig:

„Eftir hvaða reglum er úthlutað því fé, 10 millj. kr., sem ætlað var á fjárlögum þessa árs til jöfnunar námskostnaðar skólafólks, er stunda verður nám fjarri heimilum sínum?“

Þær reglur, sem lagðar eru til grundvallar við úthlutun styrkja vegna skólaársins 1969—1970, eru í stórum dráttum þær, að veittir verða tvenns konar beinir styrkir til framhaldsskólanema, ferðastyrkir og dvalarstyrkir. Ferðastyrkir allt að ¾ verða veittir vegna ferðakostnaðar nemenda frá dvalarstað hér innanlands í byrjun skólaárs og frá skóla við lok skólaárs. Dvalarstyrkir verða veittir þeim nemendum, er verða að dvelja utan heimila sinna án þess að eiga kost á skólaheimavist. Dvalarstyrkur fyrir skólatímabilið er allt að 1200 kr. á mánuði eða fyrir 9 mánaða skólagöngu 10 800 kr. Styrkirnir voru auglýstir í maí s. l. og reglugerð ásamt umsóknareyðublöðum send til skólanna. Umsóknir bárust mjög dræmt, og aðeins 100—200 umsóknir höfðu borizt í júlí. Var því ákveðið að bíða með úthlutun styrkja, þar til skólar hæfust að nýju nú í haust og tryggt væri, að sem flestir nemendur fengju vitneskju um styrkina. Var því sent út nýtt bréf til skólanna, þar sem mælzt var til þess, að umsóknum yrði skilað eigi síðar en 25. okt. og athygli nemenda yrði vakin á styrkjum þessum, ef slíkt hefði ekki verið gert áður. Úthlutunarnefnd kom saman til fundar einum degi eftir að umsóknarfrestur var útrunninn, og má vænta, að úthlutun styrkja hefjist nú á næstunni. Jafnframt er í undirbúningi útsending á umsóknareyðublöðum fyrir

skólaárið 1970—1971, sem ætlunin er að afgreiða fyrir vorið.

2. spurning er svo hljóðandi:

„Til hve margra náði úthlutunin og á hvaða skólastigum voru þeir?"

Þegar liggja nú fyrir umsóknir frá 994 nemendum, sem skiptast þannig milli skólastiga: Gagnfræðaskólar 204 umsóknir, menntaskólar 347 umsóknir, kennaraskólar 269 umsóknir, sérnámsskólar 174 umsóknir. Þessi umsóknafjöldi er nokkru lægri en áætlun rn. gerði ráð fyrir, en hún var 1200 umsóknir. Hins vegar eiga eflaust eftir að bætast við umsóknir á næstunni.

3. og síðasta spurningin er þannig:

„Til hvers bendir reynsla þessa árs um fjármagnsþörf til viðunandi jöfnunar á aðstöðumun námsfólks að þessu leyti?"

Þó að sjálfsögðu sé erfitt að ákveða, hver viðunandi jöfnun á aðstöðumun námsfólks ofar skyldunámi sé vegna búsetu þess, þá er samt rétt að taka eftirfarandi fram: Það er ljóst, að viðunandi jöfnun á aðstöðumun vegna búsetu er ekki hægt að ná nema með verulega auknum fjárframlögum frá því, sem nú er, en einnig ber að hafa í huga, að þyngsti aðstöðumunurinn er ekki vegna búsetu heldur vegna efnahagsaðstöðu nemenda og aðstandenda þeirra. Það getur því verið álitamál, hve langt hið opinbera eigi að ganga í því að jafna aðstöðumun eingöngu með tilliti til búsetu, áður en gripið er föstum tökum á aðstöðumun vegna efnahags. Þeirri fjárveitingu, 10 millj. kr., sem Alþ. hefur veitt til þess að jafna aðstöðumun nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms, er m. a. ráðstafað til þess að veita einbirni tekjuhárra foreldra í strjálbýli ferðastyrk og einnig mánaðarlegan fæðisstyrk, búi hann ekki í heimavist. Hins vegar er tveimur, þremur eða fleiri systkinum, sem við lélegan efnahag búa, en eru búsett í grennd við þann framhaldsskóla, sem þau sækja, ekki veittur neinn styrkur, og námslána eru þau heldur ekki aðnjótandi fyrr en á háskólastigi eða á sambærilegu stigi. Væri fæðisstyrkur veittur til nemenda, sem búsettir eru í strjálbýli og verða að vista sig annaðhvort í heimavist eða við skóla á annan hátt, þannig að nemendur greiddu litlu meira en sem næmi efniskostnaði, mundi til þess þurfa u. þ. b. 24 millj. kr. Væri húsaleigustyrkur til þeirra af þessum nemendum, sem ekki komast í heimavist, ákveðinn 1500 kr. á mánuði, mundi til þess þurfa um 18 millj. kr. Væri enn fremur ferða- og aksturssstyrkur til þeirra miðaður við tvær ferðir fram og aftur milli heimilis og skóla, mundi til þess þurfa um 6 millj. kr. Alls mundi því þurfa um 48 millj. kr. miðað við nemendafjölda á yfirstandandi skólaári. Það liggur því í augum uppi, að þær 10 millj. kr., sem Alþ. veitti í fyrra til þess að jafna þennan aðstöðumun, nægja ekki til þess, sem ég þykist vita, að flm. eigi við með viðunandi jöfnuði vegna búsetu eingöngu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar, sem hann hefur gefið varðandi fsp. mínar, og harma það hins vegar, að enn þá virðist ekki vera komið til framkvæmda að verja þessum 10 millj. kr., sem þó voru veittar á fjárlögum yfirstandandi árs til þess, að svo miklu leyti sem sú fjárhæð gat hrokkið til, að draga úr því misrétti, sem námsfólk á við að búa vegna aðstöðumunar að þessu leyti.

Ég hrekk í raun og veru ekkert við, þó að ég heyri nefndar 48 millj. kr., sem til þess þurfi að jafna þennan aðstöðumun ungs fólks til lærdóms og mennta. Ég bjóst alltaf við, að til þess þyrfti háa upphæð, ef jafna ætti þann aðstöðumismun að nokkru gagni. Þetta var mér ljóst sökum þess, að hér er um átakanlegt og mikið misrétti að ræða. Það er þung byrði á því heimili, sem þarf í fyrsta lagi að koma tveimur til þremur börnum á barnaskólastiginu í skóla til heimavistar eða ráðstöfunar utan heimilis með öðrum hætti. Það nemur tugum þúsunda á hvert barn. Ef svo fer á framhaldsskólastigi, að einn eða tveir nemendur eru frá sömu fjölskyldu, verður þar einnig um að ræða hátt í 100 þús. kr. bara vegna þess, að það þarf að kosta unglingana í skóla fjarri heimili og borga þar heimavistarkostnað eða kostnað á heimili, sem unglingunum yrði komið fyrir á. Þessi mismunur er umfram þann efnahagslega mismun, sem svo getur verið um að ræða, en ég býst við, að okkar þjóðfélag sé nú ekki komið svo langt enn, að það treysti sér fremur á þessu sviði heldur en öðrum til að jafna aðstöðumun vegna efnahags, og væri það þó sannarlega æskilegt, að við værum þar lengra á braut komnir. En þegar hitt bætist við, er sérstök ástæða til þess að gera allt, sem þjóðfélagið getur, til þess að jafna þennan aðstöðumun, sem fsp. mínar og frv. frá því í fyrra miðaðist við.

Það er átakanlegt að vita til þess, að góð mannsefni geti ekki haldið áfram á menntabraut vegna mismunandi efnahags. En það er enn þá átakanlegra, þegar sumir verða einnig að neita sér um menntun og menntunaraðstöðu vegna þess, hvar þeir eru búsettir í landi okkar. Og það var sá aðstöðumunur, sem ég vildi með frv. því, sem ég flutti í fyrra, reyna til að fá jafnaðan að verulegu leyti, svo að viðhlítandi mætti teljast, með fjárframlögum úr ríkissjóði. Þörfin var svo brýn og átakanleg, að hún var viðurkennd með þessari litlu upphæð, 10 millj. kr., og það hefur orðið til þess, að gögn sýna nú, að þá upphæð þyrfti raunar sjálfsagt a. m. k. að fimmfalda.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh., hvaða rök liggja fyrir því, að nemendur í gagnfræðaskóla, sem heimavistar njóta, eru alveg hafðir út undan við úthlutun þess fjár, er hér um ræðir.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hér er um þýðingarmesta mál að ræða, sem er nú til umr. hér í sölum Alþ. dag eftir dag, og er það vel. Ég stend hér upp til þess að fá útskýringar, má vera á misskilningi mínum, og nota tækifærið til þess að beina máli mínu til hæstv. menntmrh., þar sem hann á þegar ósvarað öðrum fsp. Ég tók svo eftir, að þær 10 millj., sem ráðstafað er á fjárlögum 1970 í þessu skyni, ættu aðeins að ganga til greiðslu kostnaðarmismunar fyrir nemendur í gagnfræða-, mennta-, kennara- og sérskólum, en ekki til nemenda á skyldustiginu. Ég veit ekki, hvort það hafa komið nokkrar umsóknir um fyrirgreiðslu til handa nemendum, sem eru á skyldunámsstiginu. Það virðist vera, að þær hafi ekki borizt. Ég veit ekki heldur, hvernig auglýsingin var orðuð um það, að styrkur væri fyrir hendi

til handa nemendum. Það kann að vera, að auglýsingin hafi ekki náð til nemenda á skyldunámsstiginu. Ég hef ekki kynnt mér það. En styrkurinn ætti tvímælalaust fyrst og fremst að ná til nemenda á skyldunámsstiginu. Það er auðvitað slæmt, að aðstaðan sé mismunandi til náms þess, sem menn langar til að öðlast, en það er algerlega óverjandi, að það sé námsaðstöðumismunur hjá þeim, sem verða að sækja skólana, sem eru lögskyldaðir til að sækja skólana.

Það eru engin lagafyrirmæli um styrk til nemenda í framhaldsskólum. Það hefur nuddazt hér fram, vil ég segja, með tillöguflutningi ár eftir ár, að fjárveitingavaldið hefur tekið 10 millj. kr. í þessu skyni, sem allir eru svo í vandræðum með að skipta, af því að það er svo lítið. En það eru til lagafyrirmæli, sem kveða á um það, að nemendur við skyldunámið skuli fá fjárstyrk, ef þeir þurfi á því að halda. Þessi fyrirmæli eru í lögunum frá 1946, upphaflegu fræðslulögunum. Þar segir í 9. gr.:

„Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita styrk til þess af almannafé."

Og ég spyr: Hverju nema styrkveitingar samkv. 9. gr. laga nr. 22 frá 1946 á því 25 ára tímabili, sem lögin hafa verið í gildi?

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. nefndi það margar tölur um kostnað skólanemenda, sem þurfa að vistast að heiman, að ég náði þeim ekki öllum, en ég náði því þó, að hann taldi fjárþörfina um 48 millj., en við hvað hann miðaði, var ég ekki alveg viss um og langar til þess, að hann endurtaki það. Miðar hann ekki við þá, sem koma til greina samkv. auglýsingum rn. í sumar? Ég tók það svo. En auglýsingin var á þá leið, að þeir einir kæmu til greina, sem ekki væru á skyldunámsstigi, m. ö. o., þeir fá engan styrk, sem eru á skyldunámsstiginu. Þeir, sem eru í heimavistum, hvar sem er á landinu, koma heldur ekki til greina. Það eru aðeins þeir, sem komast ekki í heimavistir, svo og þeir, sem eru ekki á skyldunámsstigi, sem koma til greina. Eru þessar 48 millj. miðaðar við þessa nemendur?

Nú hafa, eins og ég hef getið um í sambandi við annað mál, legið fyrir upplýsingar samkv. bréfi frá menntmrn., sem mér hefur borizt, um að nemendur utan barnaskólanna hafi verið fyrir tveimur árum um 3640, en eru vafalaust orðnir um 4000 núna. Þetta er utan barnaskólastigsins. Ekki koma nú háar upphæðir út úr þessum 48 millj., ef á að skipta þeim niður, þannig, að hver fái námsstyrk.

Þá taldi ráðh. upp, hve margar umsóknir hefðu borizt. Það er ekki við því að búast, að það berist margar umsóknir, þegar mönnum er sagt: Það þýðir ekkert fyrir ykkur að sækja, sem eruð á skyldunámsstigi, og ekki heldur ykkur, sem eruð í heimavistarskólum. Þær verða náttúrlega aldrei margar með því móti.

Hæstv. ráðh. nefndi, að það væri fleira en dvalarstaður eða heimilisfesta nemendanna, sem segði til um það, hvort þörf væri á námsstyrk. Þetta er rétt hjá honum. Menn eru misjafnlega efnaðir. Sumir foreldrar hafa ekki efni á því að senda börn sín í skóla. Þetta er alveg rétt. En mun verri eru ástæður fátæks fólks, sem verður að senda börn sín að heiman, en hinna, sem geta látið þau ganga í skólann heima hjá sér. Og þess vegna held ég, að það ætti að láta það fólk ganga fyrir.

Annars veit ég ekki, hvernig hæstv. ráðh. hugsar sér að flokka fólkið eftir efnahag foreldra. Ég held, að það verði dálítið flókið. Hvernig er það með námslán háskólastúdenta? Eru þau flokkuð eftir efnahag foreldranna? Ekki hef ég heyrt það nefnt. Nei, það er alls ekki gert. Á þá að taka upp einhverja nýja aðferð hvað þessa nemendur snertir?

Þá átta ég mig ekki á því, hvers vegna ekki er farið að útbýta styrkjunum. Ég hef reyndar fundið þá skýringu og sagt frá því í þingræðu, að það muni vera vegna þess, að það sé ekki hægt að skipta þessum 10 millj. af nokkurri sanngirni, það sé svo lítil upphæð. Og þess vegna sagði fulltrúi hæstv. ráðh. mér fyrir fáum dögum, að það ætti að bíða með það, þangað til kæmi önnur fjárveiting, og skipta svo hvoru tveggja í einu. Er þetta ekki alveg rétt? Ég tók þetta alveg trúanlegt. Og ég skil það ósköp vel. Ég held, að það sé ekki hægt að skipta þessum 10 millj. af nokkurri sanngirni. En hefði þetta verið hægt, hefði vafalaust verið auglýst fyrr um styrkina, því að ég ætla, að skólar hafi verið um það bil að hætta störfum í vor, þegar loksins kom auglýsingin frá rn., jafnvel löngu hættir. Ég man ekki nákvæmlega, hvenær þetta var í sumar, sem ég sá auglýsinguna, en ég held, að skólar hafi verið löngu hættir, nemendurnir komnir hingað og þangað, svo að það var ekki að búast við mörgum umsóknum á þessu tímabili. Það getur verið, að þær komi núna, eftir að skólarnir eru byrjaðir aftur og nemendur eru farnir að átta sig á þessum hlutum. En aðalerindi mitt var það að spyrja hæstv. ráðh.: Eru þessar 48 millj., sem hann telur fjármagnsþörfina, miðaðar við þá nemendur, sem geta komið til greina að fá styrk samkv. auglýsingum rn. í sumar?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. sagði, að sig furðaði á því, að nemendur skyldunámsins skyldu hafa verið afskiptir í þessari úthlutun, og hafði um það allstór orð. Hv. þm. virðist ekki hafa athugað, hvernig ákvæði fjárlaga um þetta efni er. Ég er hér með fjárlögin fyrir framan mig, og þar stendur í gr., sem um þetta fjallar, 15. lið:

„Til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms."

Það er Alþ., sem hefur ákveðið það, en ekki ég eða ríkisstj., hverjir fá skuli þessar 10 millj. Peningarnir voru til þess að jafna aðstöðu nemenda til framhaldsnáms einmitt, ekki til nemenda á skyldunámsstiginu. (**EÁ:** Ráðh. hefur ekkert haft með það að gera.) Hvernig þetta var orðað? Það segi ég ekki, en lagaákvæðið er svona, og engin brtt. kom fram um það að breyta þessu, áreiðanlega ekki. En í öllu falli, fyrst lagaákvæðið er svona, þá er náttúrlega algerlega út í bláinn að deila á mig eða ríkisstj. fyrir það að hafa ekki úthlutað peningunum til nemenda, sem ekki máttu fá þá og ekki áttu að fá þá.

Hv. 3. þm. Vesturl. spurði um það, hvers vegna nemendur í heimavistarskólum hefðu ekki orðið aðnjótandi styrks samkv. þessum reglum. Skýringin er sú, að þeir njóta þegar verulegs ríkisstyrks til námsins með þeim hætti, að fæðiskostnaður þeirra er stórlega niðurgreiddur, auk þess sem þeir njóta ókeypis húsnæðis í heimavistarskólunum. Í þessu er þegar fólginn verulegur styrkur, sem kemur til greina til allra þeirra, sem njóta skólavistar í heimavistarskólum, eins og raunar hefur verið margtekið fram í þessum umr. áður. Það er

mikill misskilningur, að ríkið hafi fram að þessu ekki styrkt neitt vegna aðstöðumunar til að sækja skóla. Þvert á móti, allur rekstur heimavistarskólanna er stórfelldur styrkur til þeirra nemenda, sem verða að stunda nám utan síns heimilis, styrkur, sem nemur milljónatugum á hverju ári. Þessi litla fjárhæð, sem hér var bætt við, kemur til viðbótar þeim styrk, og þá var náttúrlega ekkert vit í því að ráðstafa þessari litlu fjárhæð að einhverjum hluta til þeirra aðila, sem þegar njóta mjög verulegs styrks af hálfu hins opinbera. Þess vegna var ákveðið að nota þessa litlu fjárhæð, eins og í reglugerðinni kemur greinilega fram, til þess að styrkja þá nemendur, sem ekki njóta þeirrar hagkvæmnisaðstöðu að geta stundað nám sitt í heimavist, m. ö. o. til þess að greiða ferðastyrki og til að greiða dvalarstyrki til þeirra, sem verða utan heimavistar. Þetta er tvímælalaust sanngirnisatriði.

Þá harmaði hv. þm. Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf., það, að ekki skyldi hafa verið úthlutað þegar á s. l. skólaári því fé, sem veitt var í fjárlögum á því ári. Því er til að svara, að öll byrjun er erfið. Í fyrsta lagi hlaut það að vera erfið byrjun að finna út reglur til að greiða úr jafngeysilega flóknu vandamáli og hér er um að ræða. Það var ekki hægt að hefja samningu þeirra reglna, fyrr en fjárlög lágu fyrir. Það var ekki fyrr en undir síðustu áramót. Það er langt frá því, að ég ámæli embættismönnum þeim, sem þessar reglur sömdu, fyrir það, að það tók margar vikur að koma sér niður á skynsamlega reglu um ráðstöfun jafntakmarkaðrar fjárhæðar og hér er um að ræða. En bréfin til skólanna, tilkynningin um þetta, fóru út 15. maí samkv. ljósritum, sem ég hef hér, og hefðu því átt að geta náð til skólanna. Skólum er ekki lokið 15. maí. En ástæðan til þess, að fénu var ekki úthlutað, var ekki sú, að ekki væri hægt að úthluta 10 millj. Ég dreg það ekki í efa, að embættismaðurinn hafi sagt við hv. þm., að það væri erfitt eða eitthvað því um líkt. En auðvitað trúi ég því ekki, að hann hafi sagt, að það væri bókstaflega ekki hægt. En erfitt hefur hann eflaust sagt, að það væri, og það er erfitt. (**HS:** Það er rétt.) Það er rétt, erfitt er það. En ástæðan til þess, að úthlutun var ekki framkvæmd, var sú, að það bárust ekki nema 100—200 umsóknir, beinlínis vegna þess, að það tekur tíma fyrir nemendur og skólastjóra að átta sig á málum, sem hér er um að ræða. M. ö. o., það var ekkert vit í því að hefja úthlutun á grundvelli 100—200 umsókna, og þess vegna var sú ákvörðun tekin, og á henni ber ég og ég einn ábyrgð, að geyma úthlutunina og freista þess að fá fleiri umsóknir, að bæta vitneskju um þetta nýja kerfi og fá fleiri umsóknir strax í haust, og það bar þann, ég vil segja gleðilega árangur, að nú bárust sem sagt u. þ. b. 1000 umsóknir, og þeim umsóknum verður sinnt núna alveg næstu daga eða vikur, og það mun verða hægt að sinna þeim svolítið ríflegar en reglugerðin hefur gert ráð fyrir, vegna þess að umsóknirnar eru 200 færri en gert hafði verið ráð fyrir, svo að styrkirnir geta orðið örlítið ríflegri auk þess, sem gert er ráð fyrir því, að um 20% aukningu verði að ræða á þessu fé, sem ég vona raunar, að verði aukið enn í meðförum þingsins.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði út af þeim aths. eða hugleiðingum, sem ég nefndi um efnahaginn, að erfitt hlyti að verða að taka tillit til ólíks efnahags nemenda og foreldra þeirra við úthlutun slíkra styrkja. Það er auðvitað fullkomlega rétt, að það er mjög erfitt. Það er líka rétt, sem hann sagði, að þrátt fyrir miklar umr. árum saman fram og til baka, umr., sem ég er nákunnugur, umr. um það, hvort taka eigi tillit til efnahags nemenda og foreldra þeirra við úthlutun námsstyrkja eða námslána, en þar er um tuga millj. úthlutun að ræða, það er rétt, sem hann sagði, að niðurstaðan hefur orðið sú að taka ekki tillit til efnahags nemendanna eða foreldra þeirra. Í nálægum löndum eru uppi tvær skoðanir eins og hér á þessum efnum, og framkvæmdin er tvenns konar. Sums staðar er tekið tillit til efnahags foreldra eftir mismunandi reglum þó, en sums staðar ekki, og hér hefur það orðið niðurstaðan, og þar hefur skoðun stúdentanna eða námsmannanna sjálfra ráðið mestu, að ekki er tekið tillit til efnahags foreldra eða nemenda. En þm. spyr, hví í ósköpunum ég láti mér þá detta í hug að nefna efnahag foreldranna í þessu sambandi? Það er vegna þess, að hér er um að ræða styrkveitingu, sem er sérstaks eðlis, sem tekur tillit til mismunandi aðstöðu, mismunandi búsetu. Þá hlýtur manni að detta í hug: Hvar eru takmörkin á milli þess að hafa efnahagsörðugleika vegna mismunandi búsetu eða réttara sagt, hvar eru takmörkin á milli þess, að menn eigi erfitt með að sækja skóla vegna búsetu eða vegna efnahags? Um námsstyrkina og námslánin til námsmanna heima og erlendis, sem úthlutað er samkv. lögum um námssjóð, þar er ekki um nein slík sjónarmið að ræða. Þar er verið að hjálpa mönnum til þess að stunda nám og hvorki tekið tillit til búsetusjónarmiðanna eða sjónarmiða skyldra þeim né heldur efnahagssjónarmiðanna. Ég nefndi hitt, efnahagssjónarmiðin, vegna þess að þarna er verið að reyna að taka tillit, með miklum vandkvæðum þó, til búsetusjónarmiðsins. Hjá öllum skynsömum mönnum hlýtur því að vakna spurningin: Hvar eru takmörkin milli erfiðleika á að sækja skóla vegna búsetu og vegna efnahags? Ég geri mér algerlega ljóst, a. m. k. eins vel ljóst og hv. þm. hafði vonað, að þar er um geysilega flókin og vandmeðfarin mál að ræða, og við höfum hugsað mikið um það, sem um þetta höfum fjallað, hvar takmörkin séu og hvernig eigi að nota það fé, sem Alþ. veitir, sem skynsamlegast og réttlátast. Og þá hlýtur efnahagssjónarmiðið að koma til greina í þessu sambandi. Mitt verk í þessu og okkar í menntmrn. er að úthluta því fé, sem Alþ. veitir, sem skynsamlegast og sem réttlátast. Það hefur verið reynt að gera fram að þessu, og þeirri viðleitni munum við halda áfram, en þá hljóta efnahagssjónarmiðin að skipta máli.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er nokkuð dregið úr kostnaði hjá nemendum, sem eru í skyldunámi í heimavist. En enda þótt það sé gert, hafa þeir nemendur erfiðari aðstöðu en þeir, sem heiman geta gengið. Hins vegar er það svo, að þegar komið er í gagnfræðaskóla, falla þau hlunnindi niður, sem tilheyra skyldunáminu, eins og greiðsla til starfsfólks og fleira þar um. Um húsnæðið mun hins vegar vera rétt, að þeir þurfa ekki að greiða húsaleigu. Þess vegna er það ekki réttmætt, að þessir nemendur, þeir, sem frá því að þeir hófu barnaskólanám hafa haft erfiðari aðstöðu en þeir, sem að heiman hafa gengið, skuli sitja við það borð nú, að við þeim sé ekki einu sinni litið. Og ég vil undirstrika það, að það er

hróplegt ranglæti, ef þannig á að fara með þetta mál í framkvæmdinni síðar meir. Hæstv. ráðh. getur í þessu tilfelli afsakað sig með því einu, að fjárhæðin sé svo lítil, að það sé ekki hægt að skipta henni meira en gert er. En það er ekki réttlætanleg skipting að skilja nemendur í gagnfræðaskólum, sem heimavistar njóta, eða menntaskólum, sem heimavistar njóta, algerlega eftir, eins og hér er gert. Ég vil því undirstrika það, að það er óhugsandi, að það sé hægt að framkvæma þetta mál svo framvegis. Enda þótt þessir nemendur hafi minni húsaleigukostnað, hafa þeir mjög svipaðan fæðiskostnað, að ég hygg, og hafa auk þess haft erfiðari aðstöðu áður fyrr.

Sigurvin Einarsson: Þetta eru nú aðeins örfá orð. Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að það væri rétt, að það væri erfitt að flokka nemendur niður eftir efnahag foreldranna. Ætli það sé ekki alveg óhætt að bæta því við, að það verði ekki framkvæmanlegt. En ég tók hitt fram, að þó að við tökum tvö heimili, bæði fátæk, annað getur sent börnin sín í skóla heima hjá sér, en hitt heimilið verður að senda þau burtu, ætli það séu ekki nokkurn veginn glögg skil á milli þess, hver aðstöðumunurinn er? Ég held, að það sé enginn vandi að sjá það.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi líka, að það væri rétt, sem ég hélt fram áðan, að þessa sjónarmiðs efnaðra og fátækra foreldra hefði aldrei gætt í úthlutun námsstyrkja eða námslána til háskólastúdenta. Þetta er auðvitað staðreynd. Treystir yfirleitt nokkur sér til þess að fara út í þá sálma? A. m. k. verður það ekki gert núna á næstunni viðvíkjandi þeim námsstyrk, sem nú á að fara að úthluta.

En aðalerindi mitt hingað er það að fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann endurtaki nú auglýsinguna um námsstyrkina, sem birtist í maí í vor, af því að hún mun hafa farið fram hjá mönnum einmitt á þeim tíma, sem skólarnir voru að hætta, og nú eru nemendurnir komnir hingað og þangað, en samt eiga styrkirnir að vera fyrir námsárið í fyrra, — að hann endurtaki þessa auglýsingu nú með ákveðnum umsóknarfresti, svo að mönnum gefist nú kostur á að sækja um styrk, og það sé tekið fram, hverjum þýði að sækja, alveg eins og var gert í sumar. Þar er tekið skýrt fram, að það þýði ekkert fyrir neinn á skyldunámsstiginu að sækja um styrk, og að það þýði ekki fyrir neinn, sem hefur verið í heimavistarskóla, að sækja um styrk. Þetta er reglan, sem búið er að gefa út. Ég fer fram á það, að hæstv. ráðh. endurtaki auglýsinguna.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er ekki oft, sem ráðh. er í þeirri ánægjulegu aðstöðu, þegar ósk er beint til hans frá þm., að geta sagt: Það er búið að verða við henni. Hv. þm. óskar eftir því, að ég eða menntmrn. auglýsi aftur og tilkynni rækilega, hverjir eigi að sækja og hverjir muni fá styrkinn. Þetta var gert 1. okt. s. l. Það er búið að því. Svona líkt hugsuðum við í rn. þeim, sem eru velviljaðir dreifbýlismönnum, að við erum búnir að þessu. (**SE:** Þá hefur það verið í Alþýðublaðinu.) Nei, nei, það var sent dreifibréf til allra skólastjóra á landinu, og þetta hefur eflaust verið auglýst í Lögbirtingablaðinu líka og útvarpinu. Hvort það hefur verið auglýst í dagblöðum, man ég ekki. Við erum ekki vanir að auglýsa þar. En hver einasti skólastjóri á landinu fékk vitneskju um þetta 1. okt. Frestinum lauk 25. okt., og það er verið að vinna að úthlutuninni. Mér þykir reglulega vænt um að geta meira að segja orðið á undan óskum hv. þm. varðandi umhyggju fyrir dreifbýlinu.

Út af því, sem hv. þm. Halldór E. Sigurðsson sagði um styrkinn til gagnfræðaskólanemendanna, er okkur algerlega ljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða, sem mikið hefur verið hugsað um og mikið rætt við forustumenn ýmissa skóla. Fyrst svo fór, — það er hugmynd, sem ég varpa fram núna, — að færri umsóknir bárust en við höfðum gert ráð fyrir, kæmi til álita, — og þann möguleika skal ég kanna eða láta kanna í fullri alvöru, — hvort hægt væri að nota það fé, sem ekki þarf til þeirra, sem sóttu eftir reglunum, til þess að greiða að einhverju leyti fyrir nemendum í heimavistarskólunum. Ég lofa engu um þetta, því að sérfróðir menn þurfa um þetta að fjalla, og málið er flókið, en málið skal verða athugað.

6. Haf- og fiskirannsóknir.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um haf- og fiskirannsóknir o. fl. [20. mál, I] (A. 20).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp.:

„Hvaða skipakost er fyrirhugað að hafa á næsta ári til haf- og fiskirannsókna, fiskileitar og veiðitilrauna?“

Ég álít, að við stöndum að vissu leyti á tímamótum í sambandi við þessi mál, haf- og fiskirannsóknir, og hef leyft mér að flytja sérstaka þáltill. um, að fram fari sérfræðileg úttekt á því, hvernig við erum á vegi stödd í þeim efnum, og fer því ekki almennt út í málið í sambandi við þessa fsp., en ég vil vona, að þeirri till. verði vel tekið, þegar þar að kemur. En vegna þess að mér var ljóst, að það mundi dragast nokkuð, að hún gæti komið hér til umr., þá brá ég á það ráð að leggja fram þessa fsp. til hæstv. sjútvrh. strax í byrjun Alþ. til þess að vekja athygli á þessu máli nú þegar og fá ofurlitlar byrjunarumræður um það á þessu stigi.

Ég fer ekkert dult með, að ástæðan til þess, að ég flýtti þessum þætti málsins, var sú, að ég óttaðist, að það kynni að standa til að hætta að gera út fiski- og hafrannsóknarskipið Hafþór, sem ríkið á og hefur verið haft í þeirri starfrækslu. Og ástæðan fyrir þeim ótta voru m. a. ummæli, sem ég hafði heyrt falla um þau efni

og sem raunar einnig komu fram í grg. við fjárlagafrv., þegar það svo birtist.

Ég vil benda á, að það er ákaflega ríkt nauðsyn á því að halda Hafþóri úti af fullum krafti, þó að Bjarni Sæmundsson bætist við, og má færa fyrir því mörg mjög veigamikil rök, sem ekki er hægt að koma að í sambandi við þetta mál núna, vegna þess að ræðutíminn er svo stuttur. En allir þeir, sem eitthvað þekkja til í þessum efnum, vita það, að rannsóknarefnin eru óþrjótandi, sem ekki hefur verið hægt að sinna, og það hefur heldur ekki verið hægt að veita fiskveiðiflotanum þá þjónustu, sem hann endilega þarf að fá, og má í því sambandi minna á, að líklega er íslenzki síldveiðiflotinn í Norðursjónum eini síldveiðiflotinn, sem ekki hefur stuðzt að neinu leyti við leitarskip, og þannig mætti raunar halda áfram að telja lengi.

Nýtízku fiskveiðar verður að reka með allt öðrum hætti en áður tíðkaðist, og í vaxandi mæli verður að veita fiskveiðiflotanum sérstaka þjónustu á þar til ætluðum skipum. Auk þess má benda á, að í sambandi við þá nýju sókn, sem verður að gera í landgrunnsmálinu, koma til greina ótal ný rannsóknarverkefni. Það er þess vegna augljóst mál, að þótt Bjarni Sæmundsson bætist við, þá megum við ekki með nokkru lifandi móti missa Hafþór úr þeim flota, sem þessa starfrækslu hefur með höndum. Ég mun ekki fara lengra út í þessi efni, en ég vil vona, að hæstv. sjútvrh. gefi okkur upplýsingar um fyrirætlanir sínar í þessum efnum á næsta ári og það komi a. m. k. fram í svari hæstv. ráðh., að það sé ekki neitt ákveðið um það enn sem komið er, að Hafþór verði tekinn úr þessari þjónustu og það sé opið til samninga og skoðunar, að hann verði áfram til að sinna þessum verkefnum. Sannast að segja finnst mér, að ef menn telja einhvern vafa leika á því, hvort það sé brýn nauðsyn að halda áfram að gera Hafþór út, þá ættu menn að geta sætzt á að láta fara fram á því skyndiskoðun, þar sem annars vegar væru menn frá Hafrannsóknastofnuninni og hæstv. ráðh. og hins vegar frá samtökum útvegsmanna og sjómanna — sem sé láta fara fram skyndiskoðun á því, hvernig við stöndum í þessum efnum, áður en gengið verður frá fjárlögum. *Slík skyndikönnun yrði þá miðuð við, hvað rétt væri að* gera á næsta ári, og gæti ekki að neinu leyti rekið sig á þá till., sem ég hef flutt, um að láta fara fram sérfræðilega úttekt á því, hvernig við stöndum, og gera 5 ára áætlun um fiski- og hafrannsóknir. Ég álít, að hér sé um svo veigamikil verkefni að ræða, að við ættum að gera um þessi efni áætlanir hliðstæðar þeim, sem hafa verið gerðar um rannsóknir á orkulindum landsins.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í upphafi staðfesta það, að það er rétt, að sjútvrn., og ég hygg fjmrn. einnig, hafa borizt áskoranir um það að halda Hafþóri úti áfram. Að öðru leyti vil ég svara fsp. á þann veg, sem Hafrannsóknastofnunin sjálf hefur lagt mér í hendur. Hennar svör eru á þessa leið:

„Á undanförnum árum hefur Hafrannsóknastofnunin haft til umráða v/s Hafþór og r/s Árna Friðriksson. Hið nýja rannsóknarskip, Bjarni Sæmundsson, verður afhent síðast í nóv., og má reikna með, að það verði komið í fulla notkun um áramótin. Ríkisstj. hefur nú ákveðið að selja m. s. Hafþór, en óákveðið hvenær, en þess í stað eru veittar á fjárlögum næsta árs 8 millj. kr. til leiguskipa. Hafrannsóknastofnunin hefur lagt mikla áherzlu á, að í stað Hafþórs fái hún hentugt skip innan við 100 rúmlestir til rannsókna á grunnmiðum. Er talin mikil þörf fyrir slíkt skip t. d. til rækjuleitar svo og til leitar á nýjum hörpudiskamiðum og rannsóknar á öðrum skelfiski. Haldið mun áfram skipulögðum rannsóknum á útbreiðslu og magni þorsks og uppeldisvæðum, og ef þörf krefur, mun skipið einnig taka þátt í slíkum rannsóknum á magni og útbreiðslu fiskungviðis, sem getið er hér að framan. Einnig eru fyrirhugaðar rannsóknir á þorski við Austur-Grænland og á samhengi hans við þorskinn við Ísland."

Ég vil svo taka fram að lokum, að enn þá hefur aldrei verið synjað um fé til leitar og rannsókna samkv. till. Hafrannsóknastofnunarinnar.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Því miður get ég ekki sagt, að þetta hafi verið neitt svar við fsp., því að ég spurði ekki um það, hvað Hafrannsóknastofnunin vildi leggja til, eftir að búið var að tilkynna henni, að það ætti að selja Hafþór, heldur var ég að spyrja um, hvaða skipaflota hæstv. ráðh. ætlaði að hafa við þessi verkefni næsta ár. En það kom ekki fram hjá hæstv. ráðh., nema það beri að skilja það svo, sem stóð í bréfi Hafrannsóknastofnunarinnar, að það sé ófrávíkjanlega ætlunin að selja Hafþór. En sé svo, þá vil ég fara fram á það við hæstv. ráðh., að sú ákvörðun verði endurskoðuð, og raunar tel ég nú, að það sé ekki heimilt að selja Hafþór nema með samþykki Alþ. Það væri um mjög alvarlega ráðstöfun að ræða, ef hverfa ætti að því ráði að selja Hafþór og leigja í staðinn smáskip til þessarar starfrækslu, af þeirri einföldu ástæðu, að slík skip geta ekki komið að nema hálfu gagni móts við Hafþór. Hafþór er orðinn það vel útbúinn í þessu tilliti, að engir smábátar geta jafnazt á við hann í afköstum í því, sem gera þarf. Auk þess er á honum þrautþjálfuð áhöfn, og það hefur ákaflega mikið að segja, hvort ráð er á slíkri áhöfn til þess að framkvæma þessi verkefni eða hvort það koma að þessu óvanir menn þá og þá. Það er raunar ekki hálft gagn að því að hafa skip og bát á hlaupum samanborið við það að eiga hentugt skip og nota það að staðaldri.

Mér er kunnugt um, að samtök sjómanna leggja í það mikla vinnu að leggja fram rök í þessu máli við hæstv. ríkisstj. um þessar mundir, og ég vil greina frá því, að mér hefur borizt í hendur áskorun og grg., sem send hefur verið frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni, en fleiri áskoranir munu hafa borizt hæstv. ráðh., þar sem sýnt er fram á það með alveg óyggjandi rökum, að það er yfirfljótanlegt verkefni fyrir hendi fyrir Árna Friðriksson, Bjarna Sæmundsson og Hafþór og að það væri hið mesta óráð að selja Hafþór. Enn fremur er þeirri skoðun haldið fram, — og þessir menn vita vel, hvað þeir segja, — að smá lausaskip, sem tekin væru í staðinn fyrir Hafþór, mundu tvímælalaust reynast dýrari í rekstri heldur en hann og að þessu enginn sparnaður, en koma að miklu minna gagni. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að í fjárlagafrv. mun vera gert ráð fyrir upp undir það jafnhárri fjárhæð til þess að leigja slík aukaskip og útgerð Hafþórs mundi kosta. En engum manni, sem þekkir til, mundi detta í hug, að

hægt væri að ná sama árangri með því að fara þannig að.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta mál, en mér er vel kunnugt um, að Hafrannsóknastofnunin hefur viljað fá — og ég vil, að menn taki eftir því, — að Hafrannsóknastofnunin hefur viljað fá að halda Hafþóri, hún vill fá að halda honum og telur, að miklu hagkvæmara væri að hafa Hafþór áfram en að taka leigubáta og leiguskip. Enn fremur er mér það vel kunnugt, að bæði Hafrannsóknastofnunin og samtök útvegsmanna og sjómanna hafa sýnt fram á, að verkefnin eru óþrjótandi, þau, sem aðkallandi eru.

Að aldrei hafi verið neitað um að framkvæma neinar rannsóknir, sem menn hafa farið fram á, og það hafi ætíð verið hægt að sinna eftirspurninni eftir þeim, ég ætla hv. þm. að dæma sjálfum um það, hvað muni vera hæft í því, ef ég hef skilið rétt það, sem kom fram í því skjali, sem áðan var lesið. Við vitum mjög vel, alþm., að það vantar stórkostlega á, að hægt hafi verið að sinna þeim óskum, sem hafa komið fram um rannsóknir og þjónustu við fiskiskipaflotann. En ég fer ekki lengra út í það hér, hef kannske líka misskilið það, sem lesið var áðan. En ég legg áherzlu á, að hér er um svo þýðingarmikið málefni að ræða, að ég fer fram á við hæstv. ráðh., að hann láti fara fram alveg hleypidómalausa athugun í samráði við samtök útvegsmanna og sjómanna, áður en fjárlög verða afgreidd, um það, hvað heppilegast sé að gera í þessu. Það væri alveg hræðilegt tjón, ef nú yrði gripið til þess ráðs að selja Hafþór, einmitt þegar við þurfum að stórauka þessar rannsóknir og eigum slíkt afbragðsskip með óvenjulega góðum útbúnaði og þrautþjálfaðri áhöfn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja örfá orð um þetta mál, af því að sérstaklega var vitnað í fjárlagatillögur af hálfu hv. fyrirspyrjanda, en áður en ég geri það, þá vil ég aðeins leiðrétta það, sem hann áðan sagði. Það er misskilningur á orðum hæstv. sjútvrh., að það hefði e. t. v. verið fullnægt öllum óskum, sem fram hefðu komið um fiskileit. Það, sem ráðh. átti við og tók fram í sínu svari, voru óskir frá Hafrannsóknastofnuninni í því efni, en hún hefur yfirstjórn þeirra mála. Það koma auðvitað hér fram ótal till. á Alþ. um alls kyns tegundir af fiskileit, sem að sjálfsögðu er eðlilegt, að Hafrannsóknastofnunin meti hverju sinni, því að það er ekki þar með sagt, þó að óskir komi fram um þetta efni, að þær séu allar raunsæjar.

Ég vil ekki mælast undan ábyrgð á því að hafa gert till. um það í fjárlagafrv., að Hafþór yrði seldur, og það var raunar gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. í fyrra, að svo yrði, þegar Bjarni Sæmundsson kæmi til sögunnar. Með tilkomu Bjarna Sæmundssonar og Árna Friðrikssonar, sem að sjálfsögðu þarf nú ekki eingöngu að sinna síldveiðum og getur þar af leiðandi sinnt mörgum öðrum viðfangsefnum, þá hefur að sjálfsögðu orðið gerbylting í íslenzkum haf- og fiskirannsóknum, þannig að aðstaða öll í því efni er margfalt betri en hún hefur verið nokkru sinni áður, þannig að vissulega hefur verið gert hér stórmikið átak. Hafþór var aldrei hugsaður nema sem bráðabirgðalausn, og varðandi það atriði, að ekki sé heimilt að selja Hafþór, þá lít ég ekki svo á, að það þurfi sérstaka heimild til þess, vegna þess að eignarréttur ríkisins á því skipi er þannig til kominn, að ríkisábyrgðasjóður á þetta skip og hlaut hann á nauðungaruppboði og það hefur aldrei verið skilið svo og aldrei framkvæmt svo, að leitað hafi verið sérheimilda Alþ. til sölu á ríkiseignum, sem þannig eru tilkomnar. Það má kannske deila um það, hvort það sé rétt eða ekki rétt, en þessari venju hefur alltaf verið fylgt um slíkar eignir, að þær hafa verið seldar, án þess að til þess hafi verið leitað sérstakrar heimildar.

Það var ætlunin, að Hafþór sinnti þessu verkefni, þar til hið fullkomna hafrannsóknaskip kæmi. Það er nákvæmlega sama sagan, sem hér er um að ræða, eins og í sambandi við landhelgisgæzluna, að það voru ýmis minni skip, sem önnuðust þá starfsemi, áður en hin stærri skip komu, áður en nýja landhelgisskipið t. d. kom, landhelgisgæzluskipið, það nýjasta, en það voru tekin úr notkun minni skip. Vissulega er þetta alltaf matsatriði. Það má segja, að Landhelgisgæzlan hefði e. t. v. þurft á fleiri skipum að halda, og það má jafnframt segja, að þau séu, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, ótæmandi verkefni til rannsóknarstarfa í sambandi við fiskirannsóknir. Það skal ég ekkert draga í efa. En hér þarf aðeins að meta það, hvað hægt er að gera í þessu efni miðað við þó þau miklu átök, sem gerð hafa verið. En ég vil láta það koma skýrt fram, að þó að gerð sé till. um að selja Hafþór, þá er sjálfsagt, að það mál sé rannsakað.

Það er rétt, sem fyrirspyrjandi sagði, að það er gert ráð fyrir því, ef brýna nauðsyn ber til og núverandi rannsóknarskip komast ekki yfir verkefnin, að þá verði leigð sérstök skip til tímabundinna verkefna, sem iðulega hefur verið gert í sambandi við ýmiss konar fiskileit. Ég tel ekkert á móti því, að það verði rannsakað, áður en fjárlög eru afgreidd, hvort muni hagkvæmara að hafa Hafþór áfram að fullu í þessum rannsóknum, eða þá að opna þessa möguleika og rætt verði við fræðimenn í þeim efnum. En hitt legg ég áherzlu á, að það hljótum við alltaf að verða að meta hverju sinni miðað við okkar fjárhagslegu getu, hvað við getum leyft okkur á þessu sviði jafnt og öðrum. Ég játa, að hér er um eitt hið brýnasta verkefni að ræða, og verður því að reyna að sinna því, en spurningin er aðeins þessi: Hvernig getum við hagkvæmast komizt út úr þeim viðfangsefnum, en ekki það, hvort menn telja, að það sé æskilegt. Ég geri ráð fyrir, að menn teldu kannske æskilegt að hafa 4—5 skip, skal ekkert um það segja. Það er vafalaust hægt að finna verkefni fyrir þau, en hvort menn geta gert slík stökk í þessum efnum eða ekki, það er ég nokkuð efins um.

Að lokum aðeins þetta. Ég tel sjálfsagt, að þetta sjónarmið verði skoðað, enda er í rauninni gert ráð fyrir því í fjárlagatill., þar sem er viss fjárupphæð til bráðabirgða eða til tímabundinna leiguskipa. Ég tel sjálfsagt, að það verði rannsakað til hlítar, hvort verði hagkvæmara, og þá í sambandi við okkar fræðimenn í þessum efnum, hvort það verði hagkvæmara að fara þessa leið eða þá, að Hafþór verði í gangi áfram og það verði metið undir meðferð fjárlagafrv. í hv. fjvn.

7. Endurskoðun gjaldskrár og gjaldsvæða Landssímans.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um endurskoðun og samræmingu gjaldskrár og gjaldsvæða Landssímans [20. mál, 7] (A. 20).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég till. til þál. um símagjöld á Brúarlands- og Suðurnesjasvæði, þar sem lagt var til, að bætt yrði úr því misrétti, sem ég tel, að fólk á þessum slóðum búi við í sambandi við símagjöld. Ég tel ekki ástæðu til að endurtaka nú í fsp.-tíma, í hverju þetta misrétti er fólgið, en í umr. um þáltill. kom fram, sem ég reyndar áður vissi, að við tilkomu sjálfvirka símans kynnu víðar að hafa komið upp mál svipaðs eðlis. Hæstv. samgrh. lýsti því yfir við umr., að vænta mætti samræmingar á gjaldskrám og gjaldsvæðum Landssímans á grundvelli heildarendurskoðunar þessara mála, en taldi sig þá ekki geta um það sagt, hvenær niðurstöðu væri að vænta. Ég tel, að fyrir það fólk, sem hér er um að ræða, sé mjög brýnt að fá leiðréttingu mála sinna og hún eigi að fást sem fyrst. Því hef ég lagt fram fsp. til hæstv. samgrh. um þetta mál. Fsp. þarfnast ekki frekari skýringar. Hún er borin fram til þess að kanna, hvers fólk á þessum svæðum, sem ég hef hér sérstaklega tilgreint, megi vænta um leiðréttingu mála sinna, en fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, og er á þskj. 20:

„Hvað líður endurskoðun og samræmingu á gjaldskrá og gjaldsvæðum Landssímans, t. d. að því er varðar Suðurnes sem sérstakt gjaldsvæði og gjaldskrá fyrir símtöl milli Reykjavíkur og Brúarlandssvæðisins?“

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi svaraði ég fsp. um þetta efni. Það, sem hefur gerzt síðan, er, að það hefur verið unnið dálítið í þessu og að það liggur dálítið ljósar fyrir með kostnað og fleira en þá.

Það er ljóst, að ef breyta ætti símaafgreiðslunni milli Brúarlands og Reykjavíkur í afgreiðslu með innanbæjartaxta, þá er áætlað, að álagið vaxi svo, að skipta þurfi um vélbúnað, fjölga rásum til Reykjavíkur og auka búnað þar, enn fremur að byggja viðbótarvélahús að Brúarlandi, og það mundi kosta um eða yfir 52 millj. kr. Þetta þyrfti að gerast í endurbótum á kerfinu milli Reykjavíkur og Mosfellssveitar, Brúarlandsstöðvarinnar, ef það ættu að vera sams konar taxtar þar á milli og innanbæjar.

Ef á hliðstæðan hátt ætti að innleiða innanbæjartaxta á Keflavíkursvæðinu, þyrfti að skipta um sjálfvirkan búnað í Sandgerði, Grindavík, Vogum og Höfnum og auka og breyta vélakosti Keflavíkurstöðvarinnar, fjölga símarásum milli staðanna og sameina Gerðastöðina og stöðina í Sandgerði. Áætlaður kostnaður við þessa breytingu er 128 millj. kr., en tekjur símans yrðu auðvitað eitthvað minni eftir breytinguna. Heildarkostnaðurinn fyrir bæði svæðin yrði þá 180 millj. kr. Enn fremur má í þessu sambandi benda á, að líkt er ástatt á ýmsum öðrum svæðum í landinu, sem mundu fara fram á hliðstæðar breytingar. Í stað þess að gera þessar breytingar fljótt, sem ekki er framkvæmanlegt kostnaðarins vegna, og eftir er að athuga, hvernig þetta gæti nú tekizt, þótt peningar væru fyrir hendi, þá hefur verið komið á móti óskum Suðurnesjamanna með því að lækka gjaldið fyrir sjálfvirk símtöl milli Gerða, Sandgerðis og Keflavíkur um 60%. Þetta var gert á s. l. ári, og þetta veit hv. fyrirspyrjandi og hlýtur að viðurkenna, að þarna hafi verið komið mjög til móts við þá menn, sem hann gerist talsmaður fyrir. Enda hef ég heyrt það á ýmsum mönnum þar syðra, að þeim finnst þessi leiðrétting mjög mikils virði. Enn fremur hefur gjaldið milli Brúarlands og Reykjavíkur verið lækkað um 47% miðað við taxtann með tilliti til þess, hvað Brúarland er stutt frá Reykjavík. Hefur þetta verið gert með því að lengja bilið milli skrefanna úr 24 sekúndum í 45 sekúndur. Er vonast til þess, að álagið við það aukist ekki svo mikið nú, að símakerfið anni því ekki, þar sem stöðin á Brúarlandi er ekki enn fullsetin. Og það hefur komið í ljós eftir að breytingin var gerð, að stöðin getur annað þessu. Hef ég einnig heyrt það á ýmsum mönnum, sem búa þarna efra, að þeir telja þessa leiðréttingu mikils virði, og tæplega er til þess ætlazt, að lengra verði gengið um sinn. Það, sem stjórn Landssímans hefur í huga, er að vinna að heildarendurskoðun og samræmingu á símagjöldum, eftir því sem unnt er, og það verður að hafa heildaryfirsýn yfir landið allt, yfir gjaldsvæðin öll, og hafa samræmi. Það má ekki gera mikið fyrir eitt svæði, en láta svo annað svæði, sem á jafngott skilið, sitja hjá. Við það skapast ósamræmi og hlutdrægni. En það hefur stjórn símamála alltaf forðazt.

Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi sé ánægður með það, að það hefur nú þegar verið komið til móts við óskir Suðurnesjamanna og þeirra, sem njóta Brúarlandsstöðvarinnar, en mál þessi eru enn í endurskoðun, og samræming á gjaldskránni fer fram svo fljótt sem unnt er í sambandi við endurskoðunina.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. samgrh. svör hans.

---

8. Símasamband milli Reykjavíkur og Vesturlands.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um endurbætur á símasambandi milli Reykjavíkur og Vesturlands o. fl. [66. mál, 4] (A. 68).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 68 hef ég leyft mér að gera fsp. um sitthvað í sambandi við símasamband við Vesturland og gjaldskrá þar að lútandi. Fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Er unnið að því að gera eða eru til áætlanir um endurbætur á talsímasambandi milli Reykjavíkur og Vesturlands?

Er fyrirhuguð sú breyting á gjaldskrá Landssímans, að eitt gjald gildi á Vesturlandi, þ. e. innan svæðis 93, svo sem er um innanbæjarsamtöl í Reykjavík og Hafnarfirði?"

Ástæðan fyrir þessum fsp. er í fyrsta lagi sú, að símasambandið á milli Vesturlands og Reykjavíkur sérstaklega er mjög slæmt, þannig að það getur tekið nokkra klukkutíma að ná hér sambandi á milli í gegnum sjálfvirka símann. Þetta hefur farið versnandi síðan álagið jókst, og þess vegna er spurt um það, hvort gerð sé áætlun um að bæta úr þessu.

Í öðru lagi er það svo, að eins og gjaldskrá Landssímans er nú háttað, þá eru sérstök gjöld innan svæðis 93 eða 91, eftir því hvort svæðið er, og þess vegna spyr ég um það, hvort ekki sé fyrirhugað að breyta þessu og hafa eitt gjald innan þessa svæðis.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það má segja já við fyrri fsp., en nei við þeirri seinni. Símasambandið milli Reykjavíkur og Vesturlands hefur á undanförnum árum verið endurbætt mjög verulega í sambandi við sjálfvirku símstöðvarnar á þessu svæði, og enn er verið að gera áætlanir um sjálfvirkt símstöðvakerfi í sveitum landsins. Í des. n. k. er enn fyrirhugað að bæta við 12 talsímarásum milli Reykjavíkur og Borgarness. Mun þetta gera símaafgreiðsluna greiðari milli Reykjavíkur annars vegar og hins vegar Akraness, Borgarness svo og Stykkishólms. Tengdum línum fjölgar milli Reykjavíkur, Borgarness og Stykkishólms, og léttir þar með hlutfallslega á sjálfvirku hnútunum í Borgarnesi og Akranesi. Auk þessa hefur að undanförnu verið til athugunar og reynslu við íslenzkar aðstæður sjálfvirkt sveitasímakerfi, sem tengt hefur verið við sjálfvirku símstöðina á Akranesi. Er hér um athyglisverða nýbreytni að ræða, þar sem margir bæir geta verið á sömu línu, en hún virðist enn lítið ódýrari en það að hafa bæina hvern á sinni línu í jarðsíma, ef um langar vegalengdir er að ræða.

Breyting á gjaldskrá Pósts og síma varðandi eitt gjald innan Vesturlandssvæðisins hefur ekki verið fyrirhuguð, enda mjög kostnaðarsöm og mundi leiða til mjög mikillar hækkunar á gjaldskránni vegna stórfelldra útgjalda í auknum símarásum og vélbúnaði. Það er réttara að segja, að þetta hefur ekki verið fyrirhugað nú á næstunni, en ég vil hins vegar segja það, að það hlýtur að verða til athugunar, og það má vel vera, að einhvern tíma geti að því komið, innan fárra ára, að það þyki rétt að samræma gjaldskrána í sveitum og kauptúnum eða hafa eina gjaldskrá fyrir hvert svæði. En það getur ekki orðið fyrst um sinn.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, sem voru skýr og afdráttarlaus, og ekki nema gott um það að segja. Ég gleðst líka yfir því, að þarna er unnið að endurbótum og áætlanir hafa verið gerðar um þær og verið er að framkvæma þær. Er mjög ánægjulegt að heyra það.

Út af þessu með gjaldskrána, þá er ég nú feginn því, hvernig hæstv. ráðh. tók undir það mál að lokum, því að ég held, að þetta sé framtíðin, að það verði eitt gjald á svæðum, sem þannig eru afmörkuð. Þó að einhver bið verði á því, þá verður að sætta sig við það, ef stefnan verður mörkuð í þessa átt.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend hér upp einkum til þess að spara tíma fyrir aðra fsp. og hygg, að það muni teljast til fyrirmyndar nú.

Mér virðist, að hv. fyrirspyrjandi geri lítið úr vandamálum okkar, sem búum í sveitunum, hvað símasamband snertir. Hann gerir hér eingöngu að umtalsefni símakerfið, að því er varðar þá, sem í þéttbýlinu búa. En sannleikurinn er sá, og ég efast ekki um það, að þm. úr dreifbýlinu taka þar undir, að í sveitunum búum við enn þá við hið frumstæðasta kerfi, og ég efast um, að það hafi tekið neinum teljandi breytingum, síðan síminn hélt innreið sína í landið. Það er ekki nóg með það, að maður eigi í erfiðleikum við að ná yfirleitt sambandi við aðra eða jafnvel þá, sem búa á næstu bæjum, heldur er sambandið oft þannig, að lítið heyrist. Það er t. d. ólíkt skýrara, sem maður heyrir sagt, þegar maður nær símasambandi við Ameríku héðan úr Reykjavík, heldur en það, sem fer á milli nokkurra bæja uppi í Borgarfirði.

Hæstv. ráðh. minntist aðeins á, að það stæði til að endurbæta símakerfið að því er varðar sveitirnar, og ég hygg, að mörgum sé forvitni á að fá nánari upplýsingar um það, sem til stendur, því að sannarlega veitir ekki af.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. finnst símasambandið slæmt í sveitum landsins. Þetta má nú vera, að það sé ekki nógu gott, en alltaf er þetta nú að batna ár frá ári. Í fyrstu þótti gott, að það væri ein símstöð í hverjum hreppi, en allir aðrir bæir voru símalausir. Nú er sími á hverjum bæ, og nú er hægt að ná símasambandi á tiltölulega stuttum tíma og tala við nágrannana og einnig þá, sem fjarri eru. Á hverju ári er alltaf verið að endurbæta símann. Það er verið að fækka númerum á hverri línu. Það var einu sinni byrjað með að hafa 12 bæi á sömu línu. Það þótti ekki gott, það truflaði. Nú er þetta víðast hvar komið niður í 5—6 bæi, og alltaf er verið að laga og endurbæta, og símastjórnin hefur þetta allt á sinni könnu og er að reyna að bæta þetta smátt og smátt. Það kemur ekki allt í einu. En svo standa yfir tilraunir við að koma sjálfvirku símakerfi einnig fyrir í sveitum landsins, og það eru merkilegar tilraunir, og það er vonazt til, að tækninni fleygi það fram, að það verði hægt að hafa marga bæi á sömu línu í sambandi við sjálfvirka kerfið og að það geti orðið tiltölulega ódýrt að fá sjálfvirkt símasamband í sveitunum. Það skapar vitanlega þægindi í sveitunum, og

það skapar þægindi líka fyrir þá, sem þurfa að ná til manna úti í sveitum, en það dregur líka úr rekstrarkostnaði Landssímans, þegar meiri hlutinn er orðinn sjálfvirkur. Þá sparar það fyrst, reynir á það, hvað það er mikill sparnaður, ef hægt er að hafa allt sjálfvirkt. Að þessu er unnið, en það tekur allt sinn tíma. Og það þarf að tileinka sér nýjustu tækni, sem fleygir fram með hverju ári.

Ég er bjartsýnn á það, að sveitirnar fái sjálfvirkt símasamband innan tiltölulega fárra ára, því að nú er langt komið að setja sjálfvirkan síma í kauptúnin, og þá koma sveitirnar næst á eftir.

9. Vesturlandsáætlun.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um Vesturlandsáætlun [66. mál, 2] (A. 68).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á s. l. þingi flutti ég þáltill. um gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Vesturland, Vesturlandsáætlunar. Þessi hugmynd fékk mjög góðar undirtektir hér á þinginu, og hún var afgreidd á þann hátt samkv. till. fjvn., að þingið vísaði málinu til ríkisstj., þar sem vitað var, að gerð slíkra áætlana er eitt af verkefnum atvinnujöfnunarnefndar.

Síðan þessar umr. urðu hér á Alþ., hefur komið fram í kjördæminu vaxandi áhugi á því, að gerð verði slík Vesturlandsáætlun, og nú síðast hefur Samband sveitarfélaga á Vesturlandi tekið málið upp og gert það að sínu. Virðist raunar augljóst að halda áfram á þeirri braut, sem hefur þegar fært Vestfjörðum og Norðurlandi stórkostlegar framkvæmdir til margvíslegra umbóta.

Ég hef leyft mér að flytja fsp. um það, hvenær vænta megi þess, að hafizt verði handa um gerð þessarar áætlunar, sem svo almennur áhugi var á hér á þingi s. l. ár. Fsp. er sem sagt um það, hvenær vænta megi þess, að atvinnujöfnunarnefnd hefji gerð Vesturlandsáætlunar.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Svar við þessari fsp. hefur verið falið atvinnujöfnunarsjóðsstjórninni að gera. Og frá henni hef ég fengið svo hljóðandi bréf:

„Samkv. beiðni félmrn. vill Atvinnujöfnunarsjóður upplýsa eftirfarandi:

Við gerð landshlutaáætlana hefur það sjónarmið verið ríkjandi, hversu brýn nauðsyn væri á áætlunargerð, og hafa áætlanir verið gerðar í samræmi við það. Í ljós kom, að á Vestfjörðum voru það samgöngumál, er mest þörfnuðust úrbóta, á Norðurlandi atvinnumálin og á Austfjörðum samgöngumálin. Samkv. þessu var fyrst gerð samgönguáætlun fyrir Vestfirði, síðan Norðurlandsáætlun, og nú er unnið að samgönguáætlun fyrir Austfirði. Enn fremur hefur það sjónarmið ráðið áætlanagerðunum, að unnt væri jafnframt að tryggja fjármagn til framkvæmda. Gerð Vesturlandsáætlunar svo og framhaldsáætlunar fyrir atvinnumál, heilbrigðismál og menntamál á Vestfjörðum hefur verið til umr. hjá stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, en enn hefur ákvörðun ekki verið tekin."

Ég veit ekki, hvort hv. fyrirspyrjanda þykir þetta nóg svar, en þetta hefur verið tekið fyrir hjá stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, og ég vænti, að hann komi bráðlega að Vesturlandi um áætlunargerð, þegar hitt hefur hlotið afgreiðslu, en það hefur verið meining Atvinnujöfnunarsjóðs, að yfirleitt væri ekki nema ein áætlun í gangi í einu í undirbúningi, því að þetta er mikið verk, sem þessu fylgir. En ég vildi vænta þess, að Vesturland kæmi þarna mjög fljótlega.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Ég vil þó lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að ekki skuli búið að taka ákvörðun um gerð slíkrar áætlunar. Að vísu er augljóst, að stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs verður að raða þessum áætlunum á einhvern hátt og ekki er hægt að hafa of margar í framkvæmdum í einu. Þó vil ég láta í ljós nokkurn efa um, að það þurfi að takmarka starfið algerlega við eina áætlun í einu, því að fjárráð virðast vera nokkuð mikil.

Ég mun ekki fara út í að bera saman þörfina í hinum ýmsu landshlutum, það væri óhyggilegt, og ég vil ekki draga í efa, að þörfin er mikil í öðrum landshlutum. En ég hef orðið var við það undanfarin ár, að vegna þess að suðurhluti Vesturlandskjördæmis er skammt frá Reykjavík, telja menn, að þar muni ekki þurfa fyrir slíkum hlutum að hugsa fyrst um sinn. Þetta er mikill misskilningur. Það kreppuástand, sem hefur verið um árabil, leiddi í ljós, að það er mjög rík þörf á að taka þennan landshluta til athugunar og áætlunargerðar. Þá er það einnig augljóst, að þessi landshluti hefur dregizt mjög aftur úr í framkvæmdum í samgöngumálum undanfarin ár, en þarna er m. a. um að ræða samgöngubætur, sem munu koma öðrum landshlutum að mjög miklum notum. Það kemur við okkur, sem störfum fyrir Vesturland, þegar okkur er sagt frá því, hvað vegirnir batni stórkostlega mikið, eftir að komið er fyrir Gilsfjörð vestur á Vestfirði. Ég tel vissulega ekki eftir þær nauðsynlegu framkvæmdir, sem þar hafa orðið, en það er ærin ástæða til þess, að við notum aðstöðu okkar hér á Alþ. til þess að ýta á eftir þessu máli og koma á framfæri þeim sjónarmiðum, sem ég hef nú lýst. Við leggjum á það ríka áherzlu, að það verði fljótlega hafizt handa um undirbúning að Vesturlandsáætlun og síðan reynt að taka hana til framkvæmda jafnskjótt og fjárhagsleg geta leyfir.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka undir það, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði hér áðan um nauðsyn Vesturlandsáætlunar. Ég fann að því í fyrstu, þegar hann flutti till. sína, að hann skyldi ekki velja sér meðflm. eða þm. úr kjördæminu, heldur vera einn um

flutning till. Ég fullyrði ekki, en skýt því svona fram, að ástæðan til þess, að till. hefur enn hlotið svona lítinn framgang, kunni að vera sú, að það voru ekki fleiri ágætir þm. á henni. Og ég vil jafnframt þessu láta í ljós von mína um það, að næst þegar hv. þm. spyr um framkvæmd Vesturlandsáætlunar, þá fái hann viðkunnanlegri og ánægjulegri svör hjá flokksbróður sínum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. til muna, en einhvers staðar segir, að misskilningur sé versti skilningur, og hv. fyrirspyrjandi komst þannig að orði, þegar hann var að mæla fyrir því, að gerð yrði Vesturlandsáætlun, að á Norðurlandi hefði þegar verið unnið að stórkostlegum framkvæmdum, eins og hann orðaði það, samkvæmt Norðurlandsáætlun. Ég get ekki hlýtt á þetta án þess að gera við það nokkra aths. Mér er ekki kunnugt um það, að nein Norðurlandsáætlun hafi verið gerð, en hins vegar hefur á vegum Efnahagsstofnunarinnar verið framkvæmd allmikil rannsókn, sem var til þess fallin að koma að notum við gerð Norðurlandsáætlunar, og lagðar fram ýmiss konar mjög fróðlegar skýrslur í þessu sambandi. En áætlunin sjálf hefur ekki verið gerð, og ætla ég, að mér sé nokkuð um þetta kunnugt, því að ég var staddur á fjórðungsþingi Norðlendinga í fyrrahaust, þar sem þessar skýrslur og rannsóknir lágu fyrir, en þar var hins vegar ekki um áætlun að ræða í þeim skilningi. Hins vegar hefur Atvinnujöfnunarsjóður til ráðstöfunar lánsfé, sem aflað hefur verið til þess að greiða fyrir framkvæmdum Norðurlandsáætlunar, og mun vera búið að lána eitthvað af þessu fé, sem ég hygg, að megi kannske frekar skoðast sem bráðabirgðalán að svo stöddu. Þetta er erlent lán, sem mun vera lánað í erlendum gjaldeyri eða með þeim skilyrðum við endurlánun, sem tíðkast á erlendu lánsfé í seinni tíð. Ég vil aðeins taka þetta fram til þess að koma í veg fyrir þann misskilning hjá hv. þm., að á Norðurlandi sé runnin upp einhvers konar gullöld vegna Norðurlandsáætlunar og hinum dýra málmi stráð þar út um víðan völl. Það er alls ekki þannig.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var að leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. 4. landsk. í sambandi við afgreiðslu atvinnujöfnunarsjóðsstjórnar á áætlun fyrir Vesturland. Það er mikill misskilningur hjá hv. 4. landsk. þm., að það sé farið með málin eftir því, hver hefur flutt þau. Heldur er það forsenda fyrir því, að það sé unnið að þeim málum á skipulegan hátt, eins og það er t. d. nauðsynlegt til þess að bæta símakerfi, að aðalkerfið sé bætt, ef útlínurnar eiga að njóta. Þetta væri nauðsynlegt, að hv. þm. gerði sér grein fyrir. Þegar þetta mál var afgreitt hér á hv. Alþ., Vesturlandsáætlunin, þá hafði það áður verið rætt í atvinnujöfnunarsjóðsstjórninni, eins og ég upplýsti þá. Þá var verið að vinna að Norðurlandsáætlun og er verið að vinna að henni enn þá. Nýlega hafa þessar áætlanagerðir verið til umr. hjá sjóðsstjórninni, og það er nú verið að gera sérstaka athugun á því, hvernig hægt sé að koma þeim málum sem bezt og haganlegast fyrir. Á þann hátt verður tekið á þessu máli eins og öðrum þeim málum, sem til sjóðsstjórnarinnar koma, að það er reynt að leysa úr þeim á sem hagkvæmastan hátt.

10. Læknaþjónusta í strjálbýli.

Á 4. fundi í Sþ., 4. okt., var útbýtt:

Fsp. til heilbrmrh. um bætta læknaþjónustu í strjálbýli og endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafar [44. mál, 1] (A. 44).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. og 7. fundi í Sþ., 28. okt., 3. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mörg af læknishéruðum landsins, einkum þau, sem fámenn eru og strjálbýl, hafa um mörg undanfarandi ár verið læknislaus, sum lengst af og önnur algerlega árum saman. Úr þessu er reynt að bæta, a. m. k. sums staðar, með heimsóknum lækna úr öðrum héruðum, og er slíkt algerlega ófullnægjandi, og þá ekki sízt þar á landinu, sem vegir teppast af snjó á vetrum, en enginn reglubundinn snjómokstur fer fram á þjóðbrautum. Með nýmælum í löggjöf hafa verið gerðar tilraunir til að fá lækna til að setjast að í hinum læknislausu héruðum, en þær tilraunir hafa lítinn árangur borið enn, því miður, og má ekki við svo búið standa. Hinn 22. apríl s. l. var á Alþ. samþ. svo hljóðandi þáltill. um bætta læknisþjónustu í strjálbýli:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að athuga möguleika á því að fá lækna frá nálægum löndum, fyrst og fremst hinum Norðurlöndunum, til þess að gegna um lengri eða skemmri tíma læknisþjónustu í einstökum læknishéruðum, sem nú eru læknislaus.“

Enn fremur var sama dag samþ. þáltill. um endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafarinnar, þar sem heilbrmrh. var falið að skipa fimm manna nefnd til að framkvæma slíka endurskoðun og þá m. a. með það fyrir augum, „að læknar fáist til starfa í þeim héruðum, sem nú eru læknislaus“, eins og það er orðað í till. Í nefndinni eiga að vera landlæknir eða ráðuneytisstjóri heilbrmrn., tveir menn frá Læknafélagi Íslands, annar héraðslæknir og hinn sjúkrahúslæknir, einn maður frá læknadeild Háskólans og einn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Nefndinni var að vísu ætlaður frestur til að skila áliti fram til 1. marz s. l., en þar sem hér er um mjög aðkallandi vandamál að ræða, varðar fsp. mín einnig þessa þál. Ég hef leyft mér að spyrja:

„Hvað líður framkvæmd tveggja þál. frá 22. apríl

1970, um bætta læknaþjónustu í strjálbýli og um endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafar?"

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Varðandi fyrra atriði fsp. þá hefur hv. fyrirspyrjandi lesið þál. og óskað að endurtaka hana hér. Svör mín við þessum fsp. tveim verða að öðru leyti á þennan veg: Rn. sendi landlækni þál. til umsagnar með bréfi dags. 14. maí 1970, og í svarbréfi hans frá 21. júlí 1970 segir svo m. a.:

„Ég tel sjálfsagt að ganga ekki fram hjá þessari till., þó að ég sé ekki bjartsýnn á árangur. Í grannlöndum okkar er fremur skortur á læknum en hitt. Í Danmörku er hlutfallslegur læknafjöldi miðað við íbúafjölda svipaður og hér á landi en enn þá minni í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Í hinum þrem síðast töldu löndum hefur verið við að etja sams konar örðugleika og hér á landi á því að fá lækna til að gegna störfum í norðlægum héruðum, og hafa þessar þjóðir sætt sig við miklu minni læknisþjónustu þar en hér eru gerðar kröfur til. Norðan til í Noregi mun t. d. algengast, að 2—3 þús. manns komi á hvern héraðslækni, og í Finnlandi er þessi tala allmiklu hærri. Ekki eru heldur miklar líkur til, að vænlegra yrði að leita út fyrir Norðurlönd, þegar af þeirri ástæðu, er ég greindi frá í upphafi. Þá er þess að gæta, að erlendir læknar geta naumast gegnt læknisstörfum hér á landi án þess að læra málið til nokkurrar hlítar, svo að þeir geti nokkurn veginn skilið sjúklinga sína og gert sig sjálfa skiljanlega, en það krefst að sjálfsögðu verulegrar fyrirhafnar, sem er ekki líklegt, að margir fáist til að leggja á sig. Í þessu sambandi skal þess getið, að vegna mikils fjölda lækna í Vestur-Þýzkalandi, þar sem þeir eru talsvert fleiri en tíðkast á Norðurlöndum, hef ég nú kynnt mér möguleika á að útvega lækna þaðan. Ræddi ég málið við fulltrúa heilbrigðisstjórnarinnar, dr. Josef Stralau, landlækni, sem og fulltrúa læknasamtakanna þar, dr. K. H. Kraus. Kom strax í ljós, að kröfur vesturþýzkra lækna vegna hins háa gengis á gjaldmiðli þeirra eru slíkar, að ég tel ráðningu þeirra í fámenn læknishéruð hér á landi vart koma til greina."

Þetta voru orð landlæknis. Enn fremur ráðlagði landlæknir, að utanrrn. yrði falið að hafa samband við heilbrigðisstjórnir Norðurlanda og e. t. v. fleiri landa og hlera álit þeirra í þessum efnum. Með bréfi 27. júlí s. l. sendi heilbr.- og trmrn. utanrrn. afrit af bréfi landlæknis og óskaði eftir því, að utanrrn. kannaði möguleika á því hjá heilbrigðisstofnunum Norðurlanda og þeim aðilum öðrum, sem þeir kynnu að telja ástæðu til, hverjir möguleikar væru á því að fá hingað til lands erlenda lækna til starfa í læknishéruðum. Aðeins eitt svar við þessu bréfi hefur borizt frá utanrrn. Og það svar barst í bréfi dags. 19. okt. 1970, og var sent með samrit af bréfi sendiráðsins í Osló ásamt fylgiskjali, sem var bréf frá Helsedirektoratet í Osló. Í bréfi sendiráðsins í Osló segir svo:

„Eftir viðtöku ofanritaðs bréfs utanrrn. hafði sendiráðið samband við Helsedirektoratet hér og sendist hjálagt ljósrit af svari þess dags 17. þ. m. Eins og sjá má, virðast ekki miklir möguleikar á að fá norska lækna til Íslands. Reyna mætti e. t. v. að auglýsa eftir læknum á þann hátt, sem um er getið í bréfinu. Sendiráðið er að sjálfsögðu reiðubúið að aðstoða í því efni, ef óskað er."

Í bréfi Helsedirektoratet í Osló, sem undirritað er af Karl Evang, landlækni í Noregi, segir svo í íslenzkri þýðingu:

„Með tilvísun til bréfs 21. ágúst 1970 frá hinu háa sendiráði, staðfestist, að hér á landi hefur einnig um árabil verið við að etja sama vandamál, þegar um er að ræða mönnun og útvegun lækna í strjálbýlinu. Enda þótt fjöldi starfandi lækna aukist stöðugt á seinni árum, þá er stöðugt almennur skortur lækna í hlutfalli við eftirspurn. Eins og er, þá verður að telja möguleika á því að fá norska lækna til að sækja um í strjálbýl héruð á Íslandi mjög litla. Helsedirektoratet hefur fyrir sitt leyti ekki tök á því að útvega lækna til þjónustu þessarar tegundar. Ef reynt yrði að fá lækna til þess að starfa á Íslandi, yrði að fara sömu leið og einstök sænsk byggðarlög hafa gert til þess að fá norska lækna í héraðslæknisstöður í Svíþjóð, þ. e. að auglýsa þær stöður, sem um er að ræða, í blaði norsku læknasamtakanna."

Eftir móttöku þessa bréfs hefur heilbrmrn. gert ráðstafanir til þess, að utanrrn. komi á framfæri auglýsingu um lausar héraðslæknisstöður á Íslandi í því blaði, sem Helsedirektoratet nefndi.

Niðurstaðan af þessu verður því sú, að þál. hefur verið framkvæmd svo sem kostur hefur verið, en árangur orðið sá, er landlæknir gerir ráð fyrir í upphaflegu bréfi sínu. Virðast því miður litlar líkur á því að fá útlenda lækna til starfa í héruðum á Íslandi.

Varðandi síðari hluta fsp. hv. fyrirspyrjanda og þeirrar þál., sem samþ. var 22. apríl s. l., vildi ég segja þetta: Aðilum þeim, er um ræðir í þál., var þegar skrifað og þeir beðnir um að tilnefna menn, en nefndin var ekki skipuð fyrr en í októbermánuði s. l. og hefur því nýlega hafið störf. Og ástæðan var m. a. sú, að á tilnefningum stóð. Í nefndinni eiga sæti ráðuneytisstjóri heilbrmrn., sem er formaður nefndarinnar, læknarnir Ásmundur Brekkan og Brynleifur Steingrímsson, tilnefndir af Læknafélagi Íslands, prófessor Tómas Helgason, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands, og Magnús Guðjónsson, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Lögð hefur verið á það megináherzla, að nefndin hraðaði störfum sínum, og er gert ráð fyrir því, að hún skili áliti eða till. sínum, eins og þál. gerir ráð fyrir, fyrir 1. marz n. k.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. heilbrmrh. greið svör við því, sem um var spurt. Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem stóðu að till. um að reyna að fá erlenda lækna til þjónustu hér, hafi ekki gert sér mjög miklar vonir um árangur, en talið þetta reynandi, enda hafa sums staðar á þeim stöðum, þar sem lækna vantar, komið fram raddir um, að þetta yrði reynt, og því sjálfsagt. Nú hefur verið gerð tilraun til þess í Noregi að auglýsa eftir læknum, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. Í þessu sambandi mætti vel benda á, að dæmi eru til þess, að norskir stúdentar hafi komið til náms við Háskóla Íslands og numið þar læknisfræði. Slíkir menn hafa að sjálfsögðu lært íslenzku, og væri ekki óhugsandi í því sambandi, að þau tengsl hefðu skapazt við landið eða sköpuðust við landið og við Háskólann hér, að þar væri einhver von.

Varðandi þál. um endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafarinnar skýrði ráðh. frá því, að

nefndin, sem þál. gerir ráð fyrir, hefði nú verið skipuð, en ekki fyrr en í októbermánuði, og vil ég nú leyfa mér að finna að því, þar sem um svo aðkallandi mál er að ræða, að nefndin skuli ekki hafa verið skipuð fyrr, en læt ósagt, enda er mér ekki um það kunnugt, hvort þar er við heilbrmrn. að sakast eða þá, sem tilnefna eiga fulltrúana. Ég vil leyfa mér að átelja þetta, að nefndin skuli ekki hafa verið skipuð fyrr en í okt., en þáltill. var samþ. á Alþ. 22. apríl. Vildi ég nú mega vænta þess, að hæstv. ráðh. geri það, sem í hans valdi stendur, til þess að fá nefndina til að hraða störfum, þannig að hún ljúki þeim ekki síðar en fyrir 1. marz, eins og segir í þál.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér er meinilla við að taka þátt í umr. um annarra manna fsp., og eiginlega liggur við, að ég biðji hæstv. forseta afsökunar á því að notfæra mér þann rétt, sem til þess er í þingsköpunum. En ég get ekki stillt mig um að segja hér nokkrar setningar um þessi læknamál dreifbýlisins, vegna þess að þau eru þannig vaxin, að segja má, að allt, sem verið er að reyna að gera til þess að efla byggð um landið, sé nálega unnið fyrir gýg, ef ekki verður hægt að hafa þar sómasamlega læknisþjónustu. Málið er því alvarlegt og hefur verið einn versti höfuðverkur manna úti um land og þm. undanfarin ár. Margt hefur verið gert til þess að reyna að bæta úr, en ekkert af því reynzt fullnægjandi.

Ég stóð upp til að koma skoðun minni á framfæri við hæstv. ráðh. heilbrigðismála og biðja hann að athuga þá hlið á þessu máli. Það er sem sé alveg bjargföst sannfæring mín, að það sé ómögulegt að leysa þetta mál öðruvísi en að útskrifa fleiri lækna. Það er gersamlega vonlaust að leysa þetta öðruvísi. Það eru einfaldlega of fáir læknar, sem gefa sig að því að stunda lækningar á Íslandi. Nú segja sumir kannske: Hvað þýðir að útskrifa fleiri lækna, þegar þeir fara allir til útlanda? En þetta er alls ekki rétt mælt. Við höldum alltaf vissri prósentu af þeim læknum, sem eru útskrifaðir hér. Ég er alveg sannfærður um það eftir að hafa skoðað þetta mál árum saman og m. a. talað um þetta við fjölmarga lækna eldri og yngri, að þarna liggur lausnin. Það er ekki nóg að gera vel við læknana, eins og undanfarið hefur verið unnið að. Það er ekki nóg. Læknarnir verða að vera til.

Ég fer fram á það við hæstv. ráðherra og stjórnina alla að láta endurskoða læknadeildina við Háskólann og breyta henni þannig, að hún útskrifi fleiri lækna. Á hverju stendur? Eru svona fáir Íslendingar hæfir til þess að verða læknar? Það þarf ekki að segja manni, að svo sé. Það kemur ekki til. Er það þá húsnæðisskortur deildarinnar, sem veldur því, að svona fáir læknar koma til starfa? Eða hvað er að?

Ég vil biðja hæstv. ráðh. um að láta ganga í þetta mál. Ég bið enn afsökunar á því, að ég fór að sletta mér fram í fsp. annars þm., en ég gat ekki annað en notað þetta tækifæri til þess að koma þessu á framfæri. Í raun og veru sparar það tíma að koma þessu á framfæri við hæstv. ráðh. Ég bið hann að taka eftir þessu, og ég er alveg sannfærður um, að það eru fleiri en ég, sem eru þessarar skoðunar. Fjöldamargir af yngri læknunum eru þessarar skoðunar og hafa miklar áhyggjur af þessu og þegnlegan vilja til þess að bæta úr þessu. Það verður að endurskoða læknadeildina með það fyrir augum, að hún útskrifi fleiri lækna. Annars verður þetta áfram alveg eins og að lemja sjóinn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil, eins og hv. síðasti ræðumaður, biðjast afsökunar á því, að ég skuli sletta mér fram í annars manns fsp., eins og hann orðaði það, en ég get ekki orða bundizt í sambandi við þetta mál og þá fyrst og fremst þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að fá lækna frá Skandinavíu til þess að gegna læknisstörfum í strjálbýlinu hér á Íslandi, þar sem ekki hefur tekizt að fá íslenzka lækna til starfa. Mér finnst þetta vera okkur til lítils sóma, sérstaklega til lítils sóma fyrir íslenzka læknastétt, og þegar till. þessi var flutt hér í fyrra, þá fylgdi það með í grg., að þetta væri mannúðarmál; og það er rétt, að hér er um mannúðarmál að ræða, og sízt vildi ég gera of lítið úr vandamálum dreifbýlisins, að því er varðar læknaþjónustuna. Við, sem búum úti í sveitunum, þekkjum þetta af eigin raun. En sé hér um mannúðarmál að ræða, þá sýnist mér, að auglýsingar eftir læknum úti í Skandinavíu séu það sama og að auglýsa þar eftir mannúð, sem okkur skortir hér á Íslandi.

Ég er sömu skoðunar og hv. síðasti ræðumaður, að að sjálfsögðu vantar okkur fleiri lækna, en ég ítreka það, sem ég hef áður sagt, að hversu svo sem um verður bætt varðandi fyrirkomulag læknaþjónustunnar, t. d. með læknamiðstöðvum og öðru slíku, þá verður þessi vandi aldrei leystur til fulls, nema til komi hugarfarsbreyting hjá læknum sjálfum og þá fyrst og fremst þeim ungu, að þeir leggi metnað sinn í það að láta fólkið úti í dreifbýlinu njóta þekkingar sinnar og hæfileika ekki síður en fólkið hér á þéttbýlissvæðinu, fólkið hér á Reykjavíkursvæðinu. Okkur vantar sem sé fleiri lækna, sem prýddir séu eiginleikum þeirra manna, sem starfa nú sem læknar víðs vegar úti um hinar dreifðu byggðir landsins, þeirra ágætu manna, sem una þarna þrátt fyrir skort á lífsþægindum og ýmissi þeirri aðstöðu, sem stéttarbræður þeirra njóta hér á Reykjavíkursvæðinu, — una þarna, vegna þess að þeim eru fullt eins mikils virði þau persónulegu kynni við mannlífið í öllum sínum margbreytileik, sem eru samfara störfum þeirra úti á landsbyggðinni. Ég vil ítreka þetta sem sagt og tel, að það verði aldrei of oft gert og vænti þess, að læknastéttin leggi við eyrun, til þess að þessum málum verði skipað í viðunandi horf, þ. e. að ekki skorti lækna úti á landsbyggðinni. Það þarf að koma til hugarfarsbreyting hjá læknastéttinni sjálfri.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Ég get verið þeim hv. þm., sem tekið hafa til máls eftir ræður okkar hv. fyrirspyrjanda, efnislega algerlega sammála. Það er nauðsyn á því, að breytingar verði á námstilhögun í læknadeild Háskólans, ef útskrifa á fleiri lækna eða örar en gert hefur verið, en um leið yrði það þá að einhverju leyti eitthvað snöggsoðnara nám, kannske ekki alveg eins ítarlegt og það er í dag. Þessi skoðun, sem ekki er ný, mætir ákaflega mikilli andstöðu innan sjálfrar læknastéttarinnar. Þeir segja: Það hefur aðeins ein þjóð reynt þetta áður, Þjóðverjar eftir síðustu styrjöld, þegar þeir voru í læknahraki þar, eins og við erum á okkar hátt hér í ákveðnum landshlutum. Og þeir segja, að þar sé reynslan sú, að Þjóðverjar muni

aldrei byrja á þessu aftur, því að þar séu nánast komnar tvær tegundir lækna, önnur, sem er minna menntuð, og hin, sem er meira menntuð. Sé þetta mjög óæskilegt ástand. Þetta er þeirra skoðun, sem barizt hafa gegn því, að læknanámið yrði að einhverju leyti stytt, til þess að hægt væri að auka læknafjöldann með það fyrir augum eða í von um það, að þeir læknar færu frekar út á land og til læknisþjónustu við landsbyggðina. Ég neita því ekki heldur, að meðal almennings er þessi skoðun líka til. Hvers vegna skyldi fólkið úti á landsbyggðinni fá einhverja annars flokks menntunar lækna til sín? (Gripið fram í.) Nei, ég mætti kannske ljúka þessu máli mínu. Ég tel, að þeir hv. þm., sem tóku til máls um þetta, hafi ekki óskað eftir því að fá minna menntaða lækna út á landsbyggðina. Ég er nokkurn veginn viss um það af fyrri ræðum þeirra um þessi mál. Vandinn er því sá, hvort hægt sé með einhverjum ráðum að breyta fyrirkomulagi læknadeildarinnar þannig, að hún framleiði meira af læknum en hún gerir í dag. Er þetta ekki mergurinn málsins? Þetta er mergurinn málsins. Ég lýsti því yfir við þessar umr. hér á hv. Alþ. í fyrra, að ég mundi fyrir mitt leyti vilja reyna að beita mér fyrir því, að slík breyting ætti sér stað, og sú yfirlýsing mín stendur enn óbreytt.

11. Raforka til upphitunar.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um rannsókn möguleika til notkunar raforku til upphitunar [44. mál, 2] (A. 44).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. og 7. fundi í Sþ., 28. okt. og 3. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefur hér á hinu háa Alþingi oftar en einu sinni á undanförnum árum verið rætt um möguleika á notkun rafmagnsupphitunar í meira mæli en tíðkazt hefur, og víða hefur verið rætt um *þetta mál á opinberum vettvangi. Víða hafa raf*veitur selt rafmagn til upphitunar í smáum stíl, og mun þá helzt vera um afgangsraforku að ræða, sem ekki þarf að nota til annars, og á sveitabæjum, þar sem komið hefur verið upp tiltölulega stórum vatnsaflsstöðvum til heimilisnota, er upphitun með rafmagni sjálfsögð. En spurningunni um það, hvort almenn rafhitun geti orðið svo hagkvæm fyrir notendur og rafmagnsveitur, að hægt sé að reka stór raforkuver á þeim grundvelli, að verulegur hluti eða kannske mikill meiri hluti orkunnar sé seldur til hitunar, er enn ósvarað og þá m. a., hvort gerlegt sé að framkvæma slíka upphitun frá samveitum í dreifbýli. Þó að notaðir verði þeir möguleikar til upphitunar frá jarðhitasvæðum, sem hagkvæmir eru, þarf upphitun víða um land að fara fram á annan hátt, og er sú upphitun meiri háttar *gjaldeyrismál, en verð á inn*fluttu eldsneyti hefur farið mjög hækkandi a. m. k. í íslenzkum krónum í seinni tíð. Það mundi greiða mjög fyrir hinum stærri virkjunum sums staðar á landinu, ef hagkvæmt reyndist að nota mikinn hluta orkunnar til upphitunar og skapa þannig markað fyrir hana. Nú hefur mér verið tjáð, að á vegum raforkumálastjórnarinnar hafi undanfarið verið unnið að víðtækri rannsókn á möguleikum á notkun raforku til upphitunar, og vil ég nú óska eftir vitneskju um það, hvað þeirri rannsókn líði, hvort niðurstaða hennar liggi fyrir eða sé væntanleg innan skamms og hvort hæstv. ráðh., sem fer með raforkumál, geti í sambandi við þessa rannsókn gefið einhverjar nýjar upplýsingar varðandi upphitun með rafmagni. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram fsp. þá, sem hér liggur fyrir, og ég veit, að margir hafa áhuga á þessu máli. En fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður rannsókn, sem unnið hefur verið að, á möguleikum til notkunar raforku til upphitunar?“

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Iðnrn. hefur aflað upplýsinga hjá rannsóknarnefnd hitunarmála, sem er á vegum Orkustofnunar, og yfirlit það, sem okkur hefur borizt, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Haustið 1969 skipaði tækninefnd Orkustofnunar nefnd manna til að rannsaka hitunarmál húsa hér á landi. Í skipunarbréfi nefndarinnar dags. 3. des. 1969 segir svo:

„Hlutverk rannsóknarnefndar hitunarmála skal vera að rannsaka og bera saman mismunandi orkugjafa til hitunar húsa á Íslandi í því skyni að varpa ljósi á, við hvers konar aðstæður hver einstakur orkugjafi sé hagkvæmastur.“

Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá Orkustofnun, Hitaveitu Reykjavíkur, Efnahagsstofnun, Sambandi ísl. rafveitna, Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins. Auk þess tilnefna olíufélögin þrjú í sameiningu einn fulltrúa í nefndina. Formaður rannsóknarnefndarinnar er Jakob Björnsson deildarverkfræðingur hjá Orkustofnun. Nefndin hefur einn mann, ritara, í fullu starfi. Því starfi gegnir Sigríður Ásgrímsdóttir verkfræðingur. Hitunarmál eru geysilega margslungin mál. Þess vegna var það fyrsta verkefni nefndarinnar að skilgreina verkefni sín nánar, skipa þeim niður og ákveða, hvernig vinna skyldi að þeim. Um þetta hélt fullskipuð rannsóknarnefnd nokkra fundi undir árslok 1969 og snemma á þessu ári. Var niðurstaðan sú, að reynt yrði að taka fyrst fyrir:

1. Hitun húsa í þéttbýli með olíu, jarðhita eða raforku.
2. Hitun húsa í strjálbýli með olíu eða raforku.

Stefnt skyldi að því að vinna að þessu hvoru tveggja samtímis. Ákveðið var að biðja Rafmagnsveitur ríkisins að taka að sér seinni liðinn í samvinnu við ritara og formann. Var þeirri málaleitan mjög vel tekið, en vegna mikilla anna hjá Rafmagnsveitum ríkisins og skorts á mannafla hefur aðeins að litlu leyti verið hægt að vinna að þessum lið enn þá. Fyrri liðurinn var falinn í hendur sérstakri undirnefnd tveggja manna ásamt ritara og

formanni, en bæði Hitaveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Reykjavíkur hafa tekið mjög vel í beiðni um aðstoð við verkið. Undirnefnd hefur haldið allmarga fundi um hitun í þéttbýli. Var ákveðið að vinna það verk með því að gera með aðstoð arkitekts líkan af þéttbýlishverfi, er athugunin skyldi framkvæmd á. Með líkani er hér átt við nokkuð einfaldað skipulag hugsaðs þéttbýlishverfis, þar sem meginatriðin kæmu fram, þau, er ætla má, að mestu ráði um hitunarkostnaðinn. Leitað var aðstoðar Skúla Norðdahls arkitekts um gerð líkansins. Snemma í sumar skilaði hann lauslegum uppdrætti af 5 þús. manna bæjarhverfi. Í hverfinu eru einbýlishús af tveimur gerðum, einbýlishús I og II, raðhús og fjölbýlishús. Tilgangurinn með því að taka með mismunandi tegundir er sá að kanna, hvaða áhrif þéttleiki byggðarinnar hefur á hitunarkostnaðinn.

Næsta stigið er að áætla dreifingarkostnað jarðhita annars vegar og raforku hins vegar í fyrsta lagi um einbýlishúsahverfi I, í öðru lagi einbýlishúsahverfi II, í þriðja lagi raðhúsahverfi og í fjórða lagi fjölbýlishúsahverfi. Í þessu efni verður mjög stuðzt við reynslutölur frá Hitaveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. En mikillar aðgæzlu er þörf, svo að grundvöllur reynslutalnanna frá hitaveitu annars vegar og rafveitu hins vegar sé sambærilegur. Að öðrum kosti verður samanburður jarðvarmahitunar og rafhitunar villandi eða beinlínis rangur. Út frá þessu fæst, hvað jarðhitinn annars vegar og raforkan hins vegar má kosta inn í dreifikerfið í viðkomandi hverfi, til þess að kostnaðarjöfnuður fáist við hitun með olíu. Sé þetta leyfilega verð síðan borið saman við vinnslu- og aðflutningskostnað jarðhita og raforku, fæst beinn mælikvarði á samkeppnisaðstöðu þessara tveggja innlendu orkugjafa við olíu.

Vitanlegt er, að vinnslu- og aðflutningskostnaðurinn er misjafn eftir því, hvar er á landinu. Þetta á einkum við um jarðhitann, en aftur á móti er þess að vænta, að dreifingarkostnaður um algerlega sams konar byggð sé svipaður hvar sem er. Því var ákveðið að skilja á milli dreifingarkostnaðar annars vegar og vinnslu- og aðflutningskostnaðar hins vegar, til þess að niðurstöður athugunarinnar yrðu notaðar hvar sem er á landinu.

Vinna við áætlun dreifingarkostnaðar raforku og jarðhita hófst nálægt miðju sumri. Sumarfrí og sumarannir hjá bæði Hitaveitu og Rafmagnsveitu töfðu verkið framan af. Búast má við, að því ljúki ekki fyrr en upp úr miðjum vetri. Þá þarf nefndin að ræða niðurstöðurnar, og síðan þarf að ganga frá skýrslu. Hennar er ekki að vænta, sýnist mér, fyrr en á næsta sumri. Því er ekki að leyna, að verkið gengur hægar en æskilegt er. Því veldur framar öllu öðru skortur á mannafla. Bæði Hitaveitan og Rafmagnsveitan hafa tekið málaleitan nefndarinnar um aðstoð sérstaklega vel, en allur mannafli beggja, ekki hvað sízt verkfræðingar og tæknifræðingar, eru önnum kafnir við sín reglubundnu störf. Svona verk verða þeir því að vinna í ígripum. Á þann hátt vinnst verk af þessu tagi ákaflega hægt, rannsóknir eru mjög illa til ígripavinnu fallnar. Að mínum dómi þyrftu a. m. k. fjórir verkfræðingar og tæknifræðingar alls að riturum meðtöldum að geta gefið sig alveg að svona verkefni um nokkurra mánaða skeið, í sex mánuði eða svo. Ég hef hugleitt nokkuð möguleikann á því að fá verkið í hendur ráðgjafarverkfræðingum. Gallinn er sá, að þeir virðast flestir eða allir störfum hlaðnir sem stendur, þannig að ekki virðist neinn augljós ávinningur í því. Að mínum dómi kemur ekki til mála að hraða verkinu á þann hátt að draga úr vandvirkni við það. Illa unnin rannsókn af þessu tagi getur verið verri en engin. Eina ráðið til að hraða rannsókninni er að fá til hennar meiri mannafla, verkfræðinga og tæknifræðinga."

Undir þetta ritar Jakob Björnsson, sem var, eins og fram kom í skýrslunni, formaður þessarar rannsóknarnefndar, Jakob Björnsson hjá Orkustofnuninni.

Ég þarf engu við þetta að bæta öðru en því, að iðnrn. hefur þegar ákveðið af sinni hálfu að taka til sérstakrar meðferðar og athugunar tiltæk ráð til þess að hraða þessu verki, hraða þeim rannsóknum og þeim athugunum, sem vikið er að og gerð er grein fyrir, af hverju hafa ekki gengið hraðar fram að þessu en fram hefur komið í því, sem ég hef lesið.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Það kemur í ljós, að hér er um að ræða nokkuð fjölmenna nefnd með víðtækara verkefni en það, sem ég spurði um. Og hæstv. ráðh. upplýsir, að nokkur bið verði á því, að hún skili áliti, og mun það sennilega ekki verða fyrr en á næsta sumri eða varla fyrr en á næsta sumri, ef ég hef tekið rétt eftir. Ég mun nú ekki ræða þetta mál nánar í þessum fyrirspurnatíma, en það er samt tvennt, sem ég vil leyfa mér að færa í tal. Hið fyrra er það, að í bréfinu, sem hæstv. ráðh. las, frá formanni nefndarinnar, var nokkuð mikið rætt um rannsóknir á hitunarmöguleikum í þéttbýli og hvernig þær eru framkvæmdar, en ég tók ekki eftir því, að neitt að ráði væri þar rætt um rannsókn á hitunarmöguleikum í strjálbýli, sem ég gerði sérstaklega að umtalsefni í ræðu minni áðan. Vera má, að samt hafi verið á þetta minnzt og að eitthvað hafi farið fram hjá mér, en ég vil láta það í ljós sem mína skoðun, að mikil nauðsyn sé á því að athuga þetta jafnframt, þ. e. möguleikana á rafhituninni í strjálbýlinu.

Í öðru lagi vil ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann telji ekki möguleika á því, að þeim þætti rannsóknarinnar, sem fjallar um rafhitun, verði sérstaklega hraðað, tekinn fram yfir önnur verkefni, en af ýmsum ástæðum er það aðkallandi að vita um möguleikana á rafhitun til húsahitunar, bæði í þéttbýli og strjálbýli.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er aðeins til áréttingar. Þess var getið, að á fullskipuðum rannsóknarnefndarfundum í árslok 1969 og snemma á þessu ári hafi orðið þær niðurstöður, að rétt væri að taka fyrir:

1. Hitun húsa í þéttbýli með olíu, jarðhita og raforku.
2. Hitun húsa í strjálbýli með olíu eða raforku.

Stefnt skyldi að því að vinna að þessu hvoru tveggja samtímis. Síðan var gerð grein fyrir því, að Rafmagnsveitur ríkisins hefðu tekið að sér seinni liðinn, athugun á hitun húsa í strjálbýli með olíu eða raforku. En jafnframt kom fram, að Rafmagnsveiturnar hefðu tekið málaleituninni mjög vel, en vegna mikilla anna hjá Rafmagnsveitunum og skorts á mannafla hefur aðeins að litlu leyti verið unnt að vinna að þessum lið enn þá. En það kom hér fram í sambandi við aðra þál. fyrir

skömmu og reyndar frv. um Lagarfossvirkjunina, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa einmitt hugsað sér í sambandi við það mál að vinna að því að byggja upp nýjan markað fyrir raforku til upphitunar húsa á því takmarkaða svæði. En að öðru leyti er það rétt, að þessar athuganir hér byggjast á mismunandi hagkvæmni á upphitun með olíu, jarðhita og raforku og í strjálbýlinu með olíu eða raforku.

Ég sagði, að iðnrn. legði áherzlu á, að þessum rannsóknum yrði hraðað, og ég skal sérstaklega taka til athugunar þau tilmæli, sem fram komu um að líta sérstaklega á, hvort hraða mætti öðru fremur verkinu um hitun með raforku. En ég hygg, að e. t. v. verði samanburður mismunandi hagkvæmni það, sem sker úr um það, en engu að síður verð ég að taka það til athugunar.

12. Sjónvarpsmóttaka í Ólafsvík, Rifi, Hellissandi og nágrenni.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um endurbætur á sjónvarpsmóttöku í Ólafsvík, Rifi, Hellissandi og nágrenni [66. mál, 3] (A. 68).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 68 hef ég leyft mér ásamt hv. 1. og 2. þm. Vesturl. að flytja svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvað líður aðgerðum til úrbóta á móttöku sjónvarps í Ólafsvík, Rifi, Hellissandi, Arnarstapa og í nágrenni þessara staða?"

Ástæðan til þess, að um þetta er spurt, er sú, að móttökuskilyrði á þessum stöðum eru mjög slæm og þess vegna leikur öllum forvitni á að vita, hvort úr því verður ekki bætt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Skilyrði til sjónvarpsviðtöku í Ólafsvík, Rifi og Hellissandi og nágrenni munu batna, þegar endanleg stöð verður reist í nánd við Ólafsvík. Væntanlega verður það á næsta ári, en sem stendur er notazt við bráðabirgðastöðvar á Ingjaldshóli og Geirakoti, en þær voru reistar á fyrsta starfsári sjónvarpsins. Arnarstapi og nágrenni nær Reykjavíkur- og Skagafjarðarstöðinni mismunandi vel. Áætlað var frá upphafi að reisa endurvarpsstöð fyrir þetta svæði. Stöðin verður reist, en er ekki enn þá komin á framkvæmdaáætlun.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, þó að ég sé ekki alls kostar ánægður með þau, þar sem þau gáfu ekki nein fyrirheit raunverulega um framkvæmd í þessu máli. Ég vil leggja áherzlu á það við hæstv. ráðh., að hann beiti áhrifum sínum í þá átt, að framkvæmdin geti orðið og það fyrr en seinna, því að hér er um mikið vandræðaástand að ræða, eins og ég lauslega drap á hér áðan.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég biðst aftur afsökunar á því, að ég skuli enn vera farinn að sletta mér fram í annarra manna fsp., en ég þekki nokkuð til þessara mála og vil því nota tækifærið til þess að segja aðeins fáein orð.

Það er rétt, að móttökuskilyrði sjónvarps í Ólafsvík og á Hellissandi eru ekki eins góð og þau gerast t. a. m. hér í Reykjavík og mættu gjarnan batna, sérstaklega í Ólafsvík, sem fær sendingar í gegnum stöðina á Hellissandi, og þar koma fram þær truflanir, sem sú stöð verður fyrir. En þó tekur út yfir, þegar maður kemur suður fyrir fjallgarðinn, á Breiðuvíkursvæðið, þar eru skilyrðin fyrir neðan allar hellur. Ég hef haft tækifæri til þess að fylgjast með sjónvarpi á þessum slóðum, og það er ekki ofmælt, að að því er ekkert gagn eins og er. Hins vegar er þess krafizt, að fólk greiði sín afnotagjöld þarna eins og annars staðar. Menn hafa þybbazt við, sumir greitt ekkert, að ég held, — og lái þeim það hver sem vill, — sumir hálft gjald, og er vissulega vel borgað fyrir það, sem menn fá í sjónvarpinu þarna. Og ég verð að segja, að ég harma það, þegar ég heyri ráðh. taka það hér fram, að endurbætur fyrir þetta fólk séu ekki enn komnar á dagskrá. Ég tel, að þetta megi ekki bíða. Fólkið í þessum byggðarlögum er afskipt um marga hluti, samgöngur, hafnarmál og fleira, og ég tel, að það sé ekki til of mikils mælzt, að hvað sjónvarp snertir verði því gert nokkru lífvænlegra á þessum slóðum.

Mér sýnist, að sjónvarpsmál almennt, hvað dreifbýlið snertir, þurfi nokkurrar athugunar við og endurbóta. Maður tekur t. d. eftir því, þegar maður flytur sjónvarpstækið sitt ofan úr Reykholti og hingað til Reykjavíkur, að það er mikill munur að horfa á það hér í Reykjavík eða þar efra, þar sem við notum Skáneyjarbungustöðina, sem er aðeins rétt fyrir ofan okkur, og maður ætti þess vegna að hafa full not af endurvarpinu þar. Það virðist vera mjög ófullkomið og þyrfti að endurbæta. Og enn eitt vildi ég segja í þessu sambandi, og það er það, að þjónusta við fólkið úti í dreifbýlinu, að því er varðar sjónvarpið, er allt of lítil. Sjónvarpið þarf að senda menn til þess að leiðbeina fólki um stillingu á tækjum og hjálpa til við minni háttar viðgerðir. Það er ekki hægt að senda þessi tæki hingað suður, en í stórum byggðarlögum eru engir menn til þess að leita til með hjálp í þessum efnum. Ég veit ekki nema það ætti jafnvel að skylda þá, sem selja sjónvarpstækin og græða vel á því, að taka einhvern þátt í kostnaði við slíkt. En skipulagið yrði auðvitað að vera í höndum sjónvarpsins sjálfs.

13. Sjónvarpsmál.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um sjónvarpsmál [83. mál, 1] (A. 86).

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 86 að leggja fram svo hljóðandi fsp.:

„Hvenær má vænta þess, að sjónvarp nái til allra hreppa Húnavatnssýslna og Skagafjarðarsýslu, þannig að gagn sé að?"

Íbúar þessara sýslna eru mjög óánægðir, hvað snertir móttöku sjónvarps, og vil ég í fáum orðum lýsa, hvernig ástandið er í þessum efnum í þessum sýslum. Í forsíðufrétt Vísis segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um sjónvarpsmál Skagfirðinga:

„Skagfirðingar efla nú með sér samtök til þess að standast rukkanir Ríkisútvarpsins fyrir sjónvarpsgjöldum. Hafa þeir við orð að borga ekki afnotagjöldin af tækjum sínum, þar sem útsendingar sjónvarpsins sjást sjaldan og illa á skerminum. Reyndar eru skilyrðin breytileg frá degi til dags, eins og veðráttan, en sárasjaldan fá Sauðkrækklingar og sjónvarpsáhorfendur í framsveitum Skagafjarðar skýra mynd á skerminum. Safnað hefur verið undirskriftum með áskorunum til bæjarstjórnar um að gera eitthvað í málinu. Neytendasamtökin hafa verið beðin aðstoðar og fleiri ráðstafanir gerðar. Á Sauðárkróki er sjónvarpsloftnet á hverju húsi að heita má, þótt að litlu gagni komi. Endurvarpsstöðin á Heinabergi í Hegranesi virðist ekki þjóna því hlutverki, sem henni er ætlað, en ekki hefur tekizt að komast fyrir orsakir þess enn sem komið er. Meðan svo er, vilja menn ógjarnan borga full gjöld af tækjum sínum. Það væri að kaupa köttinn í sekknum."

Þetta er svipmynd af ástandinu eins og það er í Skagafirði, en þó vil ég bæta hér við, að í tveimur austustu hreppum Skagafjarðar sést sjónvarpið alls ekki og mjög illa í þeim þriðja, í Sléttuhlíð. Í sambandi við ástand þessara mála í A.-Húnavatnssýslu er þá sögu að segja, að í Skagahreppnum er nú ekkert tæki, það er ekki komið rafmagn þangað enn. En í Höfðahreppnum eru sumir ánægðir, aðrir telja þetta aðeins sæmilegt. Í Vindhælishreppi er ekki heldur gott ástand, en svona sæmilega viðunandi, svo þess sé getið, sem er sæmilegt. Í Engihlíðarhreppnum er ástandið allsæmilegt um Refasveitina, en slæmt fram um Langadalinn. Í Bólstaðarhlíðarhreppnum sést mjög illa eða nánast sagt alls ekki. Í Svínavatnshreppnum sést, en ekki í Blöndudal, en utar illa, svo að texti er illlæsilegur. Í Torfalækjarhreppnum, sem er næst Blönduósi, sést víða vel og prýðilega á Blönduósi. En þar er sendir á staðnum, sem áhugamenn komu upp. Í Sveinsstaðahreppi sést mjög misjafnt og hvergi vel, og í Áshreppi sést illa að austanverðu, í Vatnsdalnum, en að vestan alls ekki. Þannig er ástandið í A.-Húnavatnssýslu.

Í V.-Húnavatnssýslu er ástandið þannig, að Hvammstangabúar og næstu nágrannar hafa notað bráðabirgðastöð, sem nokkrir áhugamenn keyptu á sínum tíma af Landssíma Íslands, en ég hygg, að Landssíminn sé nú búinn að kaupa hana aftur. Þessir sömu áhugamenn komu henni fyrir í Helguhvammi nokkru ofan við Þorpið, og útsendingar úr þessari stöð eru yfirleitt nokkuð góðar, en ná til mjög takmarkaðs svæðis. Á austanverðu Vatnsnesi og í norðanverðum Víðidal hafa notendur sjónvarps horft á myndina frá bráðabirgðastöð við Blönduós, en á öðrum stöðum í héraðinu hafa menn reynt með misjöfnum árangri að ná myndinni beint frá Skálafelli. Sums staðar hefur þetta tekizt allsæmilega, en annars staðar og það nokkuð víða án árangurs. Með tilliti til þess, hvernig ástandið er á þessum stöðum í sjónvarpsmálum, hef ég lagt fram þá spurningu, sem ég las hér í upphafi máls míns.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í Húnavatnssýslum er verið að byggja tvær aðaldreifistöðvar, á Hnjúkum við Blönduós og á Hrútafjarðarhálsi. Þær munu leysa af hólmi bráðabirgðastöðvar, sem hingað til hafa verið í notkun í sýslunum, og mun þetta stækka sjónvarpssvæðið verulega og bæta móttökuskilyrðin. Í Skagafjarðarsýslu hafa komið fram ýmis vandamál, viðtakan á Eggjum varð mun erfiðari en ráð hafði verið fyrir gert, m. a. vegna ísingar, sem breytti eiginleikum viðtökuloftneta. Úr þessu hefur nú verið bætt. Komið hefur í ljós, að truflanir frá útlöndum eru tíðari en spáð hafði verið. Og í þriðja lagi hefur sendirinn í Hegranesi bilað alloft. Nú er væntanlegur verkfræðingur frá fyrirtækinu, sem seldi sendinn til landsins, til þess að skipta um vandgæfustu hluti sendistöðvarinnar. Truflanir frá erlendum stöðvum verður hins vegar ekki unnt að ráða við fyrr en örbylgjukerfi hefur verið komið upp. Auk þeirra aðalstöðva, sem ég nefndi, er gert ráð fyrir allmiklu minni endurvarpsstöðvum fyrir þau byggðarlög, sem ekki ná aðalstöðvunum, og verða þær stöðvar settar á framkvæmdaáætlanir næstu ára, eftir því sem efni og ástæður leyfa.

Fyrirspyrjandi (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin, en ég er ekki alls kostar ánægður með þau, mér finnst þau ekki alveg nógu skýr. Spurt var, hvenær vænta megi þess, að sjónvarpið nái til allra hreppa Húnavatnssýslna og Skagafjarðarsýslu, þannig að gagn sé að. Það er upplýst, að verið sé að vinna að þessu, en mig mundi fýsa, ef það væri mögulegt, að fá einhverja tímaáætlun. Verður þessum framkvæmdum lokið fyrir áramót eða verður það í byrjun næsta árs eða síðari hluta næsta árs, eða dregst það fram til 1972?

---

14. Bygging fæðingar- og kvensjúkdómadeildar við Landsspítala Íslands.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

Fsp. til heilbrmrh. um byggingu fæðingar- og kven-

sjúkdómadeildar við Landsspítala Íslands [44. mál, 4] (A. 44).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. og 7. fundi í Sþ., 28. okt., 3. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fsp. *mín* til heilbrmrh. er um byggingu fæðingar- og kvensjúkdómadeildar við Landsspítalann og er á þskj. 44. Tilefni þessarar fsp. er það, að fyrir hartnær tveim árum barst alþm. erindi frá víðtækum kvennasamtökum um þetta mál, um brýna þörf á byggingu við fæðingardeildina og kvensjúkdómadeild, og var gerð ítarleg grein fyrir hinni brýnu þörf aðgerða í þessum málum. Húsnæði væri ófullnægjandi og aðbúnaður allur óviðunandi og þess vegna brýnna aðgerða þörf. Það var auðheyrt strax, að málið átti djúpan hljómgrunn meðal alþm., og voru flutt tvö eða þrjú þingmál þegar í stað varðandi þetta mál. Í fyrstu mátti nú segja, að lítið hillti undir jákvæðar undirtektir með aðgerðir í málinu, en svo sýndi það sig, að málið var það brennandi og aðkallandi, að yfirlýsingar voru gefnar um, að málinu skyldi sinnt og bráður bugur að því undinn, að byggingarframkvæmdir yrðu hafnar.

Það er liðið hátt á annað ár síðan, og ekki eru nú neinar byggingar risnar af grunni. Mér virðist svo sem það sé verið að grafa grunn núna að þessari viðbótarbyggingu við fæðingardeildina, en má þó vera, að hún sé eitthvað lengra á veg komin. En hitt er víst, að svo brýn sem þörfin var og aðkallandi, þegar málið var hér til umr. á Alþ., þá hefur sú þörf orðið enn þá brýnni og ástandið þarna enn þá verra til þess að fullnægja þessum þætti heilbrigðismála á sómasamlegan hátt. Mér er sagt, að það muni sízt flýta fyrir byggingarframkvæmdum, að verkið hafi nú verið boðið út í pörtum og muni svo þurfa tíma til þess að bjóða út nýjan og nýjan hluta byggingarinnar síðar. Ég harma það, ef þetta verður til tafa um byggingarframkvæmdir og þannig, að málið fái lausn.

En spurningarnar eru svona: Hversu langt er nú komið byggingarframkvæmdum við hina nýju fæðingar- og kvensjúkdómadeild Landsspítalans? Og síðari spurningin: Hvenær má ætla, að byggingarframkvæmdum verði lokið, svo að starfsemi geti hafizt í hinum nýju húsakynnum?

Ég vil aðeins láta það í ljós, að ólíkt fyrr og fljótar hefur gengið hjá félaginu Loftleiðum að koma upp stórhýsi, sem byrjað var á að byggja á liðnu vori og er komið langleiðina og verður fullgert fyrir næsta vor. Ef slíkur hraði hefði verið á þessu nauðsynjarmáli, þá er ég viss um, að þakklætisalda hefði risið um landið allt, a. m. k. meðal kvennasamtakanna og þó miklu víðar varðandi þetta mál.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur lesið fsp. og því óþarft að endurtaka þær. Sem uppistöðu í svör hef ég aflað mér eftirfarandi upplýsinga:

1. Verksamningur um grunn fæðingardeildarinnar, akbrautir, bílastæði o. fl. var undirritaður 22. maí 1969. Skilafrestur verksamningsins var 14 vikur eða til septemberloka, þegar tekið er tillit til verkfalla í vor. Verkið er nú langt komið, en ekki enn að fullu lokið. Vinna við útboðs- og vinnuteikningar er langt komin, og er gert ráð fyrir að bjóða bygginguna út í næsta mánuði, miðað við að húsið verði tilbúið undir tréverk. Standist sú áætlun, ætti deildin að vera komin á það byggingarstig á miðju ári 1972. Til þess að þessi áætlun geti staðizt, þarf að leggja fé til framkvæmda á árinu 1971 og 1972.

2. Eins og á stendur er ekki hægt að segja fyrir um, hvenær fæðingardeildin verður tilbúin til notkunar. Allar fullyrðingar þar að lútandi eru eingöngu ágizkanir. En ef miðað er við, að nægilegt fé verði veitt til verksins, er talið unnt að ljúka því endanlega um áramótin 1973 og 1974. Varðandi þá tilhögun að bjóða verkið út í áföngum, þá var það einróma álit þeirra fagmanna, sem um málið fjölluðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hafði hugboð um það, að framkvæmdir í þessu máli væru mjög skammt á veg komnar, en nú er ég þó ekki í neinum vafa um það lengur. Nú liggur það fyrir, að aðeins sé búið að bjóða út lóðirnar og enn þá sé verið að vinna við þær og grafa grunninn og standi til að bjóða byggingarnar út í næsta mánuði. Og svo kemur: Ef fé verður fyrir hendi, þá má gera ráð fyrir, að byggingarnar komist til notkunar 1973—1974. Þetta eru ekki björt fyrirheit um framkvæmdir í aðkallandi máli, það vil ég segja. Heilbrigðisstjórnin viðurkenndi fyrir hartnær tveim árum, að full þörf væri á að taka jákvætt í þessi mál og snarast í framkvæmdir hið fyrsta. Og um það voru vissulega gefin fyrirheit. Hér verð ég því að láta það í ljós, að ég harma mjög þennan silagang um framkvæmdir á bráðnauðsynlegri aðgerð í heilbrigðismálum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þegar bréf barst frá Bandalagi kvenna um ástandið á fæðingardeildinni og kvensjúkdómadeildinni, þá var það vissulega rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. lýsti hér, að það vakti hljómgrunn meðal þm. Einn af þessum þm., sem vildi gjarnan leggja þessu máli lið, var ég, sem hér stend. Ég flutti ásamt fleirum till. í þessu máli. Það er rétt, sem hann sagði líka, að það virtist svo sem þessar till. okkar, mín og hans, mundu ekki fá neina sérstaka meðferð hér fremur en aðrar till., sem við erum vanir að flytja. Svo fór þó fyrir þunga utan að, fyrir atfylgi þeirra, sem að málinu stóðu, að yfirmenn heilbrigðismála töldu, að ekki gæti við svo búið staðið, og viðurkenndu, að hér væri mál, sem þyrfti bráðrar úrlausnar. Í fyrstu, þegar gefnar voru skýrslur um, hvernig byggingarmál þessara stofnana stæðu, þá var sagt, að byggingarframkvæmdir mundu hefjast 1972 og þeim mundi þá ljúka á hæfilegum tíma þar frá. En undir meðferð málsins breyttist þessi tónn, og menn fóru að tala um, að þetta mál skyldi hafa forgang, og við, sem stóðum að flutningi þessara mála, trúðum því, að þessi mál mundu raunverulega verða tekin fram fyrir í heilbrigðisbyggingarmálum

landsmanna, vegna þess hvernig ástand þeirra var. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég hef nú trúað þessu hingað til. En nú kemur skýrslan, og þó að ég hafi ekki við höndina til samanburðar þá skýrslu, sem gefin var hér, þegar mál þessi voru fyrst rædd hér á Alþ., þá get ég ekki betur heyrt en það sé upphaflega byggingarframkvæmdaáætlunin, sem verið er að framkvæma, m. ö. o., að það hafi ekkert verið flýtt fyrir málinu. Nú segir hæstv. heilbrmrh., að byggingin verði fokheld, ef ég hef tekið rétt eftir, 1972 og tilbúin til notkunar 1973—1974, ef fé verður veitt til þess á fjárlögum. Ef þetta er nú niðurstaðan, þá sé ég ekki betur en að ekkert, ekki nokkur skapaður hlutur hafi áunnizt og þessi málatilbúnaður og umræður, bréfaskriftir, hópgöngur og fjársöfnun hafi allt verið til einskis. Manni verður þá á að spyrja, til hvers er þá verið að þessu? Og ég verð að lýsa sárum vonbrigðum með þessa málsmeðferð. Ég skal ekki ræða málið frekar að þessu sinni.

15. Fasteignamat.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til fjmrh. um gildistöku fasteignamats [83. mál, 2] (A. 86).

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til fjmrh. um gildistöku fasteignamats:

„Hvenær er áformað, að hið nýja fasteignamat taki gildi, og hvað líður endurskoðun opinberra gjalda, sem miðuð eru við fasteignamat, sbr. bráðabirgðaákvæði laga nr. 28 29. apríl 1963?“

Við höfum séð, að það er búið að gera hið nýja fasteignamat, en gildistaka þess á að fara eftir ákvörðun fjmrh. Og það er spurt um það, hvenær ætlunin sé, að það taki gildi. Það ákvæði til bráðabirgða, sem ég vitna til í fsp., er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en nýtt aðalmat fasteigna samkv. lögum þessum gengur í gildi, skal fara fram endurskoðun á gildandi ákvæðum laga, sem fasteignamat hefur áhrif á, og miðist endurskoðunin við, að skattar á fasteignum hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins.“

Það er spurt að því, hvað þessari endurskoðun líði. Það er að sjálfsögðu gengið út frá því, að í gildi standi sú stefnuyfirlýsing, sem lögfest er í þessu bráðabirgðaákvæði, að gjöld hækki ekki vegna hins nýja fasteignamats, og geng ég út frá því, að við það verði staðið, nema annað komi fram.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég mun hafa vikið að því í fjárlagaræðu, að það væri gert ráð fyrir því, að hið nýja fasteignamat tæki gildi um næstu áramót. Það fól að sjálfsögðu ekki í sér ákveðna dagsetningu, þannig að það er ekkert óeðlilegt við það, að sú fsp. sé fram borin, sem hér er flutt. Matið hefur verið lagt fram, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um. Hins vegar eru mörg formsatriði, sem enn á eftir að uppfylla. Matið á að liggja frammi, hvert á sínum stað, ef svo má segja, í ákveðinn tíma, fimm vikur. Síðan eiga matsnefndir heima í héraði að fella sína úrskurði um það. Þeim er hægt að áfrýja til landsnefndarinnar, landsnefndin þarf síðan að fella sína úrskurði, og aðeins eftir að það hefur verið gert, þá er ráðgert, að fjmrh. staðfesti matið og ákveði gildistöku þess. Miðað við þær horfur, sem nú eru á þessu efni, og þá fresti, sem ég hér gat um, þá geri ég ráð fyrir því, ég get ekki fullyrt það, en ég geri ráð fyrir því, eftir samráð við landsnefndina, að stefnt verði að því, að fasteignamatið taki gildi 1. marz. Ég vil hafa fyrirvara á þessu, en ég held, að það eigi þó ekkert að geta komið í veg fyrir, að svo geti orðið. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að fasteignagjöld og önnur þau gjöld, sem falla um næstu áramót, verða miðuð við hið eldra mat.

Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi gat um, að það eru fjöldamörg önnur gjöld, sem miðuð eru við mat, sem falla undir verksvið hinna ýmsu ráðuneyta. Að vísu mun meginhluti gjaldanna varða sveitarstjórnir og vera á vegum félmrn., en ýmis gjöld eru einnig á vegum hinna ýmsu rn. Það er u. þ. b. ár síðan, að af hálfu fjmrn. var hafin athugun á þessum gjaldabálkum, sem hér er um að ræða. Sumt af því eru lög, annað eru reglugerðir, og síðan var viðkomandi rn. tilkynnt um það, hvaða ráðstafanir þyrfti að gera af þeirra hálfu varðandi endurskoðun á þeim gjöldum, sem undir þau heyra. Fjmrn. hefur að sjálfsögðu af sinni hálfu einnig framkvæmt athugun á því, hvaða gjöld varða það rn. sérstaklega. Og að því er að sjálfsögðu stefnt, að uppfyllt verði það ákvæði, sem augljóst er, að þarf að uppfylla, hvað sem öllum lagafyrirmælum líður, að þessi gjöld verði endurskoðuð og þeirri endurskoðun lokið og lagabreytingar fengnar, eftir því sem ástæða þykir til og knýjandi er, áður en matið tekur gildi, þegar fasteignamatið verður staðfest.

Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að í niðurlagsorðum eða bráðabirgðaákvæði laganna um endurskoðun fasteignamatsins er mörkuð sú stefna, að þessi gjöld eigi að endurskoða með það í huga, að þau lækki, þannig að þau hækki ekki samtals þrátt fyrir hið nýja mat, sem að sjálfsögðu er margfalt hærra en eldra matið. Og fyrirspyrjandi segist ganga út frá því, að sú meginstefna, sem þar er mörkuð, sé áfram í fullu gildi. Um þetta skal ég ekkert segja, en ég veit þó um eitt atriði, sem hefur þegar verið fellt úr gildi, af þeim, sem mörkuð var stefna um samkv. þessu bráðabirgðaákvæði, og það er ákvæðið um eignarskatt og eignarútsvör. Eins og hv. þm. er kunnugt um, var fyrir nokkrum árum tekið að margfalda og er nú nífaldað gamla matið til ákvörðunar bæði eignarskatts og eignarútsvars. Og þetta er að sjálfsögðu fráfall frá þeirri stefnu, sem mörkuð var í þessu bráðabirgðaákvæði. Ég hef ekki ákaflega mikla trú á því, að það mat verði lækkað aftur. Hins vegar dettur náttúrlega engum í hug að það verði farið að viðhalda níföldun hins nýja mats, eins og einhvern tíma hefur verið orðað hér á þingi. Það held ég, að sé nú of

stjarnfræðileg hugsun til þess, að ég muni láta mér detta það í hug, enda hugkvæmist það engum. En ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það, að það er ekki algerlega víst, að öll gjöld verði umreiknuð á þann hátt, að þau breytist að engu leyti í samræmi við þetta, breytist að engu leyti til hækkunar þrátt fyrir hið nýja mat. Ég tel eðlilegt, og þeirri reglu mun verða fylgt varðandi þau gjöld, sem snerta sveitarfélögin, að það mun verða haft samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og hefur þegar verið gert varðandi ýmsa gjaldstofna. Hvort lagabreytingarnar fela þá í sér einhverja hækkun á þeim, skal ég ekkert um segja. Svo sem nú standa sakir, get ég hins vegar sagt það varðandi þau gjöld, sem varða ríkið, að ekki eru uppi neinar hugmyndir um að hækka þau, þannig að ég geri fullkomlega ráð fyrir, að endurskoðun þeirra reglna, sem hér um ræðir, verði í meginatriðum í samræmi við þá stefnu, sem hér er mörkuð. Hins vegar veit ég, að ég þarf ekki að útskýra það, a. m. k. ekki fyrir þeim hv. þm., sem hér var fyrirspyrjandi, — hann er mér í rauninni miklu fróðari maður um það, — að þessi viljayfirlýsing Alþ. bindur auðvitað á engan hátt þingið um það, að þessi lög kunna, þegar þar að kemur, að verða endurskoðuð með einhverjum öðrum hætti en markað er í umræddum lögum, þannig að það verði einhverjar breytingar á þeim gjöldum.

Að lokum aðeins þetta í stuttu máli: Það er stefnt að því að staðfesta matið 1. marz, og það hefur þegar verið lengi að því unnið og einnig stefnt að því, sem er sjálfsagt óumflýjanlegt, að lokið verði endurskoðun þeirra lagaákvæða og reglugerða, sem miðuð eru við fasteignamat, áður en matið tekur gildi.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Hér er um efni að ræða, sem almenning varðar, og ég tel það mikilsvert að fá fram þessar upplýsingar, þó að þær séu gefnar með nokkrum fyrirvara varðandi gildistökudaginn, sem ég tel ekki óeðlilegt, vegna þess að mér er kunnugt, að úr ýmsum málum þarf að greiða í sambandi við það. Ég tel það líka mikilsvert að fá yfirlýsingu um það, að það verði að sjálfsögðu staðið við þá yfirlýsingu í bráðabirgðaákvæði laganna um fasteignamat og fasteignaskráningu, að endurskoðun þeirra lagaákvæða, þar sem gjöld eru miðuð við fasteignamat, fari fram og verði lokið, áður en fasteignamatið nýja tekur gildi. Ég skil hæstv. fjmrh. einnig svo, að það séu ekki sérstakar fyrirætlanir um breytingu þeirra gjalda, og þá leiðir af því það, að öllum þeim gjöldum, sem ákveðin eru með reglugerðum, — og breyting á þeim kemur ekki til kasta Alþ. — sé óheimilt að breyta til hækkunar, þannig að þau eiga að verða hin sömu eða samsvarandi og áður, miðað við gamla fasteignamatið, á meðan þetta bráðabirgðaákvæði stendur óbreytt í lögunum. Hins vegar er mér auðvitað ljóst eins og honum, að að sjálfsögðu getur löggjafinn hvenær sem er komið til sögunnar og tekið nýjar ákvarðanir um þau efni, sem heyra undir hann. En ég er ánægður með þá yfirlýsingu hjá hæstv. ráðh., að það séu ekki uppi neinar sérstakar áætlanir um annað en að fara að meginstefnu til eftir þeirri fyrirsögn, sem í bráðabirgðaákvæðinu felst.

16. Vöruflutningar innanlands.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um vöruflutninga innanlands [20. mál, 3] (A. 20).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6. og 7. fundi í Sþ., 28. okt. og 3. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós ánægju yfir því, að fundartími Sþ. hefur verið færður yfir á dag, þar sem rýmra er um fundartíma en verið hefur. Ég veit, að það er gert til þess að greiða fyrir því, að mál ljúkist hér í Sþ., og ef hv. alþm. og hæstv. ráðh. ekki síður mættu nú þessari viðleitni hæstv. forseta með því að stytta nokkuð mál sitt í fsp.-tímanum, þá ætla ég, að af þessu yrði mikill árangur.

Ég hef flutt fsp. á þskj. 20 um vöruflutninga innanlands. Í 1. lið er spurt:

„Hvað hefur verið gert til þess að bæta aðstöðu Skipaútgerðar ríkisins til vöruafgreiðslu í Reykjavík?“

Í fyrravetur bar þessi mál á góma. Þá minnir mig, að hæstv. ráðh. hafi gefið það í skyn, að þessi mál væru í athugun, og mér finnst æskilegt að fá vitneskju um það, hvað þarna er að gerast.

Í öðrum lið er svo spurt:

„Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að greiða fyrir hagkvæmum framflutningi innfluttrar vöru með strandferðaskipunum?“

Þessi liður fsp. er borinn fram m. a. af því tilefni, að skipafélögin hafa nú ekki alls fyrir löngu þrengt kosti landsbyggðarinnar í sambandi við innfluttu vöruna. Eimskipafélag Íslands hefur fækkað umhleðsluhöfnum sínum, og skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga krefst stærri vörusendinga en áður, til þess að viðkomur fáist með þær á höfnum úti á landi. Og mér finnst full ástæða til þess, að þetta mál — því að það er stórmál — verði athugað af hálfu hins opinbera.

Í þriðja lagi er svo spurt:

„Eru nokkrar sérstakar ráðstafanir fyrirhugaðar til þess að stuðla að sem fyllstri nýtingu á flutningagetu nýju strandferðaskipanna, t. d. með samræmingu á hafnargjöldum og breytingu á farmgjöldum eða á annan hátt?“

Það er öllum ljóst, að þarna eru komin eða koma til sögu mjög dýr tæki, og það skiptir mjög miklu máli, að þau notist sem allra bezt. Mönnum er það vafalaust einnig ljóst, að samkeppnisaðstaða skipanna er töluvert erfið, m. a. vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur á undanförnum árum, meðan Skipaútgerðin hafði ekki hentugum skipastóli yfir að ráða til vöruflutninganna. Þessi liður fsp. er borinn fram til þess að vekja athygli á

nauðsyn þess að gera ráðstafanir til að auðvelda hagnýtingu eða fullnýtingu þessara ágætu flutningatækja.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fyrsti liður fsp. er: „Hvað hefur verið gert til þess að bæta aðstöðu Skipaútgerðar ríkisins til vöruafgreiðslu í Reykjavík?“

Því er til að svara, að það hefur ýmislegt verið gert til athugunar á því, og hafnarstjórinn í Reykjavík hefur bent stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar á það, að hann hefði helzt hugsað sér framtíðarbækistöð Skipaútgerðarinnar á sömu stöðvum og áður, en e. t. v. með því að yfirtaka vöruhús SÍS, sem líklega fengjust til kaups. En við byggingu hábrautar í framhaldi af nyrzta hluta tollhússins mundi fást aukið skemmurúm í grennd við Grófarbryggju, þar sem nú er Geirsgata. Þá benti hafnarstjóri á hugsanlega uppfyllingu vestan við Grófarbryggju með möguleika til byggingar vöruskemmu. Hafnarstjóri kvaðst helzt hafa hugsað sér nefnda framtíðarstöð fyrir Skipaútgerðina í miðri gömlu höfninni m. a. með tilliti til farþegaflutnings með strandferðaskipunum. Á þessu ári var Efnahagsstofnuninni falið að gera nokkra undirbúningskönnun í þessu sambandi, og hefur hún alveg nýlega skilað grg. um málið og virðist helzt hallast að því að mynda framtíðaraðstöðu fyrir Skipaútgerðina við Sundahöfn. Hefur nefnd álitsgerð Efnahagsstofnunarinnar ekki enn verið nánar athuguð af stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar. En það verður vitanlega gert innan skamms. Þessir möguleikar tveir verða athugaðir, hvort flytja skal afgreiðsluna inn í Sundahöfn eða reyna að fá bætta aðstöðu við gömlu höfnina, t. d. þá með því að fá þarna hugsanlega uppfyllingu við Grófarbryggju með möguleikum til byggingar vöruskemmu eða þá að yfirtaka vöruhús SÍS, ef það væri falt, sem ekki hefur enn verið kannað til fulls. En þessir möguleikar eru í athugun. Hvaða möguleiki sem valinn verður mun verða kostnaðarsamur, en öllum ber saman um það, að nauðsyn beri til að athuga afgreiðsluaðstöðuna og bæta úr henni frá því, sem verið hefur. En menn skulu ekki láta sér bregða við það, þótt það taki nokkurn tíma, því að nauðsynlegt er að vanda það, sem gera á, og taka þann kostinn, sem beztur reynist eftir nákvæma athugun.

Annar liður fsp. er svo: „Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að greiða fyrir hagkvæmum framflutningi innfluttrar vöru með strandferðaskipunum?“ Það getur nú orðið erfitt að gera mikið í þessu sambandi, en það, sem helzt er hugsanlegt að gera, er það að reyna að taka upp samninga við skipafélögin um það, að þau flytji vöruna eða annist vöruflutningana til viðkomandi hafna með þeim hætti, sem gert var áður, en fyrir nokkrum árum var því hætt, og hefur það vitanlega orðið til þess, að allir flutningar út á land hafa orðið mun dýrari. Það er ekki gott að bæta úr þessu, ef ekki næst samningar við skipafélögin um þetta, en það verður að sjálfsögðu reynt.

Þriðji liður fsp.: „Eru nokkrar sérstakar ráðstafanir fyrirhugaðar til þess að stuðla að sem fyllstri nýtingu á flutningagetu nýju strandferðaskipanna, t. d. með samræmingu á hafnargjöldum og breytingu á farmgjöldum eða á annan hátt?“ Jú, jú, þetta er fyrirhugað. Og ég hygg, að hv. fyrirspyrjandi, hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, telji, að það hafi verið stigið þýðingarmikið spor, þegar settir voru gjaldmælar í vörubifreiðar, þannig að það verður allt önnur og betri samkeppnisaðstaða hjá Skipaútgerðinni með vöruflutningana eftir að gjaldmælarnir eru komnir í en áður var. En það út af fyrir sig er ekki nóg til þess að tryggja Skipaútgerðinni nægilegan flutning geri ég ráð fyrir. Það verður vitanlega einnig að taka til athugunar farmgjöldin og hafnargjöldin, hvort hægt er að samræma þau og breyta þeim, þannig að samkeppnisaðstaða Skipaútgerðarinnar verði betri. Þetta er allt í athugun, en það tekur einnig tíma, og er ekki hægt að flaustra því af, án þess að það sé vel undirbúið. Seinna strandferðaskipið kemur nú ekki í not fyrr en í febrúar, og það er þá fyrst, sem hægt er að skipuleggja flutningana eins og bezt má verða, en það er unnið að því núna af stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar að skipuleggja þetta og gera till., sem hníga í þá átt að gera aðstöðu Skipaútgerðarinnar betri.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Því er ekki að leyna, að mér finnst vera nokkuð mikill seinagangur á þessu öllu saman, og t. d. varðandi 2. liðinn, þá hefur verið sýnt nokkuð mikið tómlæti um að fylgjast með því, sem þar hefur verið að gerast.

Varðandi aðstöðuna við höfnina í Reykjavík verð ég að segja, að mér finnst allt of seint við brugðið í þeim efnum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að aðstaðan eins og hún hefur verið við höfnina hér í Reykjavík til afgreiðslu á vörum hjá Skipaútgerð ríkisins hefur verið ákaflega niðurbrjótandi fyrir starfsemi Skipaútgerðarinnar og átt sinn stóra þátt í hinni óheppilegu þróun, að vöruflutningar hafa færzt mikið frá sjónum, óeðlilega mikið vil ég segja, og yfir á bílana og þar með yfir á vegakerfið, sem er ákaflega veikt. Og eins og ég hef þegar tekið fram, þá er núna með tilkomu nýju skipanna tvöföld ástæða til þess að gefa þessum málum gaum.

Mér þykir ákaflega vænt um að heyra það, að nú eiga að fara fram ítarlegar athuganir á því, hvernig bezt sé að leysa þetta mál, þó að það sé nokkuð seint á ferðinni. Og ég skal ekkert segja um það, hvað heppilegast er í því tilfelli, hvort það er að flytja Ríkisskip að Sundahöfn eða nota gömlu höfnina. Ég vil þó láta það koma fram, að mér finnst það muni vera nokkurt atriði, vegna þess hvað starfsemi Skipaútgerðarinnar er fjölþætt, að hún geti fengið aðstöðu nærri miðbænum, í gömlu höfninni, en auðvitað verður það allt að skoðast og metast.

Varðandi 2. liðinn, um framflutning erlendrar vöru, þá vil ég aðeins leggja áherzlu á það, hversu gífurlegur sá baggi er, sem leggst á þá vöru, sem þarf að umhlaðast í Reykjavík og flytjast héðan án framhaldsfraktar en með fullum viðbótarkostnaði út á land. Ég ætla, að það láti nærri, að með út- og uppskipun, flutningsgjöldum og hafnargjöldum séu það um 2300 kr., sem þarna koma til viðbótar á tonnið, svona á almennri vöru, matvöru og almennri stykkjavöru. Þetta er gífurlegur baggi, og ég held, að það væri í senn eðlilegt og æskilegt, að þessi mál yrðu tekin til athugunar af hálfu ríkisvaldsins, bæði með því að leita eftir samningum við skipafélögin og þrýsta á þau um að veita betri þjónustu

og landsetja meira úti á landi en þau nú gera og eins á hinn veginn, að Skipaútgerðinni verði gert mögulegt að bjóða sérstaklega góð kjör í sambandi við framflutning þessarar erlendu vöru. Það er ekki óforsvaranlegt að mínum dómi, að Skipaútgerðin bjóði sérstaklega góð kjör í sambandi við stærri vörusendingar, þegar það er haft í huga, að með því er verið að hlífa vegakerfinu við álagi, sem það ekki þolir.

Ég hygg líka, að það sé óhjákvæmilegt að gera ýmsar aðrar ráðstafanir til þess að nýta nýju skipin, m. a. í sambandi við flutningsgjöldin og hafnargjöldin. Ég veit, að það er ekki hægt að setja alveg sömu hafnargjöld alls staðar vegna mismunandi tilkostnaðar við hafnirnar, en ég ætla þó, að það megi samræma þau nokkuð, og ég held, að það þurfi að hagræða flutningsgjöldum frá því, sem verið hefur, og hafa nokkuð meiri sveigju í þeim. Það koma auðvitað ýmsar fleiri aðgerðir til greina, og ráðh. minnti á eina í sambandi við gjaldmæla, en ég skal ekki fara nánar út í það.

17. Strandferðir norðanlands.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

Fsp. til samgrh. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri [44. mál, 3] (A. 44).

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 6., 7. og 9. fundi í Sþ., 28. okt., 3. og 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hinn 27. marz 1968 var hér á hinu háa Alþingi samþ. svo hljóðandi þáltill. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga möguleika á því, að Skipaútgerð ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélög, komi á fót á Akureyri útgerð strandferðaskips, er annist strandferðir norðanlands og til Austfjarða og Vestfjarða, enda séu ferðir þess í samræmi við ferðir strandferðaskipa úr Reykjavík. Niðurstöður athugunarinnar verði lagðar fyrir Alþ., svo fljótt sem unnt er."

Sú skoðun hefur komið fram og hefur mikið til síns máls, að hringferðir strandferðaskipa frá Reykjavík, og er þá átt. við vöruflutningaskip, séu óhentugar fyrir Norðurland, enda margt breytt síðan þær voru upp teknar. Það má gera ráð fyrir, að þetta gamla fyrirkomulag eigi sinn þátt í því, að Norðlendingar eða norðlenzk fyrirtæki nota strandferðaskip minna til vöruflutninga en æskilegt væri og álag á þjóðvegi hafi einnig af þessari ástæðu aukizt um of. Akureyri er langmesti iðnaðarbær landsins utan Reykjavíkur, og þar er nú hægt að framleiða flestar þær iðnaðarvörur, sem framleiddar eru hér á landi og fluttar með strandferðaskipum. Hún er miðstöð Norðurlands á ýmsum sviðum. Á sumum öðrum norðlenzkum hafnarstöðum er einnig um verulegan iðnað að ræða. Það er æskilegt, að erlendum vörum til Norðurlands sé skipað upp á Akureyri úr millilandaskipum, ef þær fara ekki beint til annarra norðlenzkra hafna. Þá ætti norðlenzkt strandferðaskip að taka við þeim þar og flytja til ákvörðunarstaðar án aukakostnaðar fyrir viðtakendur. Eðlilegt mætti telja, að strandferðaskip norðanlands, sem hefði aðsetur á Akureyri, hefði endastöðvar á Austfjörðum og Vestfjörðum og kæmi þannig þeim landshlutum að nokkru gagni og að strandferðaskip á Akureyri og strandferðaskip úr Reykjavík skiptust á vörum og póstflutningi á Austfjörðum og Vestfjörðum. Þannig mundi *farmrúm skipanna nýtast betur. Þessu mætti* koma í kring þannig, að Skipaútgerð ríkisins hefði útibú á Akureyri og gerði þaðan út skipið, sem væri í strandferðunum austur og vestur frá Akureyri og til baka þangað. Einnig væri t. d. hægt að hugsa sér, að bæjar- og sýslufélög ættu skipin og gerðu þau út og fengju til þess strandferðaframlög úr ríkissjóði. En um þetta mál get ég ekki rætt nánar að þessu sinni. Þetta, sem ég hef nú sagt, er byggt á hugleiðingum ýmissa þeirra, sem áhuga hafa haft á þessu máli. En till., sem ég hef gert grein fyrir og var að lesa upp, var á sínum tíma flutt af þm. úr Norðurl. e., og með þeirra vitund hef ég nú leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til samgrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál. 27. marz 1968 um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Till. um sérstakt strandferðaskip gert út frá Akureyri til strandferða til Austfjarða og Vestfjarða er m. a. til komin af því, að meðan farþegaskipin Esja og Hekla voru í förum, var þeim oft að vetrinum, m. a. vegna nýtingar farþegarýmis, beitt meira á Vestfirði og Austfirði frá Reykjavík en til Norðurlandsins, þar sem farþegarýmið var mjög lítið notað, og urðu þannig fleiri strandferðir milli Reykjavíkur og Austfjarða og Vestfjarða en milli Akureyrar og nefndra landshluta, en þetta töldu verzlunar- og iðnfyrirtæki á Akureyri sér mjög óhagstætt í samkeppni við Reykjavík. Eftir sölu Heklu og Esju, þ. e. gömlu Heklu og Esju náttúrlega, er búizt við álíka mörgum ferðum strandferðaskipa frá Reykjavík og Akureyri til Austfjarða og Vestfjarða, og ætti því mismunandi samkeppnisaðstaða að hverfa að mestu úr sögunni að þessu leyti. Verður fróðlegt að fylgjast með því, hvort þetta eykur vörusendingar með strandferðaskipunum frá Akureyri á ný, en þær hafa á undanförnum árum farið minnkandi, án þess að beinlínis verði um kennt breytingu á ferðaáætlun strandferðaskipanna.

Samkv. skýrslu um flutninga strandferðaskipa ríkisins til og frá Akureyri á árunum 1960, 1965, 1968 og 1969 má sjá, hversu miklir flutningar hafa verið í hverri ferð. Árið 1960 voru 75 viðkomur á Akureyri og flutningsmagnið í ferð 19 tonn. Árið 1965 voru 64 ferðir og flutningsmagnið í ferð 25 tonn. Árið 1968 voru viðkomurnar 59 og flutningar í ferð 15 tonn. Árið 1969

voru viðkomurnar 44 og 15 tonn af vörum í hverri ferð. Athygli skal vakin á því, að í tölunum um meðalþunga varnings frá Akureyri á hverja ferð eru allar vörur frá Akureyri, m. a. til Hornafjarðar, Vestmannaeyja og Reykjavíkur, en í þeim flutningi hefði strandferðaskip gert út frá Akureyri varla tekið þátt. Þyrfti því að verða mikil aukning á markaði fyrir Akureyrarvörur á Austfjörðum og Vestfjörðum við tilkomu umrædds skips, ef nokkur grundvöllur ætti að vera fyrir útgerð þess.

Hv. fyrirspyrjandi sagði áðan, að eðlilegt væri, að erlendum vörum væri skipað út frá Akureyri í Norðurlandsskipið, og má segja, að það væri, ef erlendu vörurnar væru þar fyrir hendi. En áður en það getur orðið, þarf að breyta flutningafyrirkomulaginu þannig, að skipafélögin fáist til þess að sigla með vörurnar beint til Akureyrar og hafa þar birgðastöð. Og þegar það væri orðið, skal ég viðurkenna, að það gæti orðið breyting á með flutningsmagn frá Akureyri til Vestfjarða og Austfjarða. En það má auðvitað velta því fyrir sér, hvaða mismun það gerir á markaðsmöguleikum fyrir þær vörur, sem hér eru helzt til umr., hvort skipaferðir eru t. d. að meðaltali á 10—12 eða 16—17 daga fresti í hvora átt. En auðvitað æskja þess allir að hafa sem örastar samgöngur.

Alkunnugt er, að á Akureyri er heimahöfn myndarlegs flóabáts, Drangs, nærri 200 tonna að brúttólestatölu, sem smíðaður var 1959 til strandferða á Eyjafirði og grennd, og hefur báturinn notið ríkisstyrks samsvarandi því, að útgerðarmaðurinn, Steindór Jónsson, viðurkenndur dugnaðarmaður, gæti greitt afborganir og vexti af erlendu smíðaláni. En verkefni þessa flóabáts hafa minnkað svo, að þrátt fyrir rekstrarstyrk að upphæð 2 millj. kr. á ári 1969—1970, en þjónustuskyldu aðeins 5—6 mánuði á ári yfir veturinn, þá vill útgerðarmaðurinn losna við umrædda þjónustuskyldu og hefur í undanfarin tvö ár með leyfi rn. verið að reyna að selja bátinn. Nú hafa á undanförnum vetrum vegna fæðar skipa og viðgerða þeirra eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum orðið óeðlileg skörð í tíðni strandferða á vegum Skipaútgerðarinnar út frá Akureyri, og taldi forstjóri Skipaútgerðarinnar í þessu sambandi sjálfsagt að gefa hinum verkefnalitla Drangi tækifæri til að fylla upp í nefnd skörð með fyrir fram ákveðnum og auglýstum ferðum, enda ætti þetta heldur að bæta rekstrarafkomu flóabátsins. Fór Drangur á þessum forsendum fjórar auglýstar ferðir til Austfjarða veturinn 1968—1969 og eina ferð s. l. vetur, 1969—1970, en eigandi bátsins taldi útkomuna úr þessum ferðum svo slæma, að hann gerði aukakröfu á Skipaútgerðina um 100 þús. kr. greiðslu vegna hinna fjögurra ferða 1968 og 1969 og 50 þús. kr. kröfu vegna hinnar einu ferðar 1970. Voru ferðir þessar þó farnar á þeim tíma vetrar, þegar bílar áttu ekki að geta keppt nema að mjög takmörkuðu leyti, og einnig á þeim tíma, þegar flóabáturinn hafði þjónustuskyldu út á áðurnefndan rekstrarstyrk frá ríkinu.

Þær upplýsingar, sem fyrir liggja, benda því ekki til þess, að nægjanlegur grundvöllur sé enn fyrir útgerð allstórs strandferðaskips frá Akureyri til takmarkaðra skiptiferða til Austfjarða og Vestfjarða, sem fallið gætu með eðlilegum hætti inn í kerfi annarra vöruflutninga strandferða, þar sem ætlunin er að auka á ýmsan hátt vélræna tækni með nokkuð kostnaðarsömum búnaði, sem lítt mundi henta að hafa á smáskipi. Það er svo sjálfsagt að hafa þetta mál áfram til athugunar og fylgjast með framvindu mála og einnig því, hvort sú breyting verður á aðstæðum, að eðlilegt væri að gera út strandferðaskip frá Akureyri, eins og gert er ráð fyrir í umræddri þáltill. En að svo stöddu virðist ekki vera rekstrargrundvöllur fyrir slíku skipi, og yrði þá að leggja mikinn aukastyrk með því, til þess að það gæti annað þeirri þjónustu, sem því er ætluð.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og mun athuga þau nánar og þær staðreyndir, sem þar komu fram, en skal ekki ræða þær nánar að þessu sinni.

Ég held, eða mér virtist á svari hæstv. ráðh., — ég bið afsökunar á því, ef það er misskilningur, — en mér virtist á svari hæstv. ráðh., að ekki mundi mjög ítarleg athugun hafa farið fram samkv. þál. M. a. gat hann ekkert um það, hvaða undirtektir þetta hefði fengið hjá hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélögum á Norðurlandi, sem nefnd eru í till. og gert er ráð fyrir, að yrðu í samráði við Skipaútgerð ríkisins um það að koma á strandferðamiðstöð á Akureyri. Hins vegar þótti mér gott að heyra, að hæstv. ráðh. er reiðubúinn til þess að hafa þessi mál í athugun áfram, en vera má, að þau verði þá einnig, úr því að þetta gengur heldur treglega, að því er virðist, tekin upp á öðrum vettvangi.

Ég vil leyfa mér að benda á það í sambandi við tölur, sem hæstv. ráðh. hafði yfir hér áðan og verða athugaðar nánar síðar, að þær tölur, sem lesnar voru, eru aðeins vitnisburður um flutninga að og frá Akureyri með núverandi fyrirkomulagi, en enginn vitnisburður um það verkefni, sem skip staðsett á Akureyri mundi hafa. Þar er að margra dómi mjög mikill munur á. Í raun og veru finnst mér það nú gefa auga leið, að það sé að ýmsu leyti heppilegra að haga ferðum strandferðaskipa þannig, að þau hafi vissan hluta af ströndinni hvert, og á þann hátt má gera ráð fyrir, að farmrými þeirra nýttist betur en ella.

Það vakir ekki fyrir mér og ekki heldur fyrir öðrum, sem stóðu að þessari þáltill. á sínum tíma, að þarna yrði um eitthvert smáskip að ræða, einhvern flóabát á stærð við Drang, sem nefndur var hér áðan, heldur venjulegt strandferðaskip eins og strandferðaskip gerast hér á landi, og að hér væri um þá skipulagsbreytingu að ræða, að þetta strandferðaskip væri gert út frá Akureyri og færi með ströndum á Norðurlandi og til Vestfjarða og Austfjarða og til baka aftur í staðinn fyrir það, sem nú tíðkast, þ. e. hringferðir.

Eins og ég sagði, ætla ég ekki að ræða þetta mál nánar, enda hef ég ekki tíma til þess, en þær upplýsingar, sem ráðh. gaf, munu verða athugaðar.

18. Námslán og námsstyrkir.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um námslán og námsstyrki [83. mál, 3] (A. 86).

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þegar sett voru ný lög um námslán og námsstyrki 1967, var því fagnað mjög hér á hinu háa Alþingi, og lögin voru samþykkt einróma. Ástæðan var sú, að í þeim fólst bæði skynsamleg skipulagsbreyting á þessum málum og auk þess stórauknar fjárveitingar. Hins vegar var á það bent í meðförum málsins, að ástæða væri til að gera ýmsar breytingar á frv. eins og það lá fyrir, og t.d. var á það bent af hálfu námsmanna, að ástæða væri til, að Alþ. setti sér tiltekin mörk. Í frv. eins og það lá fyrir og í þeim lögum, sem nú gilda, er það tiltekið í 2. gr., að að því skuli stefnt, að opinber aðstoð samkv. lögum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Þetta er markmið, sem er mjög eðlilegt og nauðsynlegt, en til þess að ná þessu marki þarf að hafa uppi skipulegar aðgerðir um visst árabil, og námsmenn lögðu til 1967, að Alþ. tæki slíka ákvörðun, setti sér það að ná þessu marki á tilteknum árafjölda. Og í samræmi við það voru fluttar brtt. frá þm. Alþb. í báðum deildum, þar sem lagt var til, að Alþ. setti sér það mark að ná þessum áfanga árið 1971. Þessar brtt. fengu í sjálfu sér góðar undirtektir hjá mönnum. Menn töluðu um það, að það væri eðlilegt, að um þetta væri spurt og að þessu yrði stefnt, en samt töldu stjórnarflokkarnir sig ekki reiðubúna til þess að taka slíka ákvörðun, sem legði á Alþ. allstórar fjárhagslegar skuldbindingar nokkur ár fram í tímann. Þessi málatilbúnaður leiddi til þess, að þessi merku lög náðu tilgangi sínum mun verr en ætlað var næstu árin á eftir. Ástæðan var tvær gengislækkanir, sem dundu yfir á árunum 1967 og 1968, sem breyttu mjög stórlega högum lánasjóðsins og þar með högum námsmanna, sem viðskipti eiga við sjóðinn.

Það er alkunna, hversu miklir erfiðleikar hafa orðið hjá námsmönnum hér á undanförnum árum, og aðstoð hins opinbera við námsmenn hefur gengið allt of seint og verið allt of lítil. Þetta leiddi til þess, að á síðasta ári, eins og menn muna, hófu námsmenn mjög harðvítuga baráttu fyrir réttindamálum sínum. Þessi barátta kom um skeið næsta illa við hæstv. ráðh. Ég minnist þess, að á síðasta ári stóðu bæði hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. hér í þessum ræðustól og fóru mjög hörðum orðum um námsmenn og stúdenta og höfðu jafnvel í hótunum við þá. Engu að síður varð sá árangur af þessari baráttu námsmannanna, að hæstv. ríkisstj. sá að sér og lagði fram mjög aukið fjármagn til lánasjóðsins, þannig að aðstæður þessa sjóðs eru nú miklu betri en þær hafa verið. Ég get nefnt það sem dæmi, að á síðasta ári fengu námsmenn á fyrsta ári hér innanlands um 30% af umframkostnaði sínum og námsmenn erlendis um 40%, en nú fá námsmenn bæði innanlands og erlendis 60%. Það er tvöföldun hjá námsmönnum innanlands og 50% hækkun hjá námsmönnum erlendis. Þetta er vissulega mjög mikill árangur, sem ástæða er til að fagna. En við þurfum að gæta okkar á því, að ekki sökkvi aftur í sama farið.

Námsmenn lögðu á það áherzlu í fyrra, að Alþ. setti sér nú það mark að ná því, að opinber aðstoð nægði námsmönnum til að standa straum af árlegum námskostnaði, þ. e. umframfjárþörf, á einhverjum tilteknum árafjölda, og námsmenn nefndu árið 1974. Við fluttum þá tveir alþm., ég og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, till. hér á þinginu í fyrra. Það var brtt. við svolítið frv. um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki. Þessi brtt. okkar varð til þess, að það mál var aldrei tekið á dagskrá framar. Þarna virtist vera um að ræða feimnismál hjá hæstv. ríkisstj., en ég held, að þetta sé svo mikilvægt mál til þess að tryggja jafna eða jafnari aðstöðu til menntunar en núna er í þjóðfélaginu, að við megum ekki hafa það að neinu feimnismáli, og ég held, að það þurfi að vera sameiginlegt áhugamál stjórnarflokka og stjórnarandstöðu að vinna að því að koma þessu máli í höfn. Þess vegna vildi ég, áður en ég tæki aftur upp þá till., sem hér var flutt í fyrra, fá vitneskju um það, hverjar eru ráðagerðir hæstv. ríkisstj. á þessu sviði, því að ef hæstv. ríkisstj. er með áform um það að leysa þetta mál á tiltölulega skömmum tíma, þá mun stjórnarandstaðan vafalaust veita henni fulla aðstoð í því, en komi það í ljós, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki slík áform, þá verður að vekja þetta mál á annan hátt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Án þess að ég telji nokkra ástæðu til þess að hefja nokkra deilu eða karp við hv. þm. um þá atburði, sem urðu á erlendri grund á s. l. ári, þegar námsmenn sumpart gerðu innrás í íslenzk sendiráð erlendis og sumpart efndu til mótmælafunda við önnur erlend sendiráð, þá get ég þó ekki látið hjá líða að leiðrétta þá skoðun, sem fram kom hjá honum, að sú stórfellda aukning, sem gert er ráð fyrir að framkvæma á fjárveitingu til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna á næsta ári í framhaldi af stórfelldum aukningum á undanförnum árum, standi í minnsta sambandi við þessar aðgerðir. Ég endurtek það. Ég skal við þetta tækifæri ekki ræða neitt frekar um skoðanir mínar á þessum aðgerðum eða uppruna þeirra eða eðli eða tilgangi, heldur einungis benda á, að ákvarðanir ríkisstj. um till. sínar fyrir fjárlagafrv. 1971 standa í engu sambandi við þessar aðgerðir. Það sést þegar af því, eins og ég raunar lét oft koma í ljós í umr. um málið, að ríkisstj. þurfti og hlaut að bíða eftir till. stjórnar lánasjóðsins um fjárráð sjóðsins á árinu 1971. Þegar þessi ólæti stóðu sem hæst eða þau áttu sér stað, höfðu till. stjórnar lánasjóðsins alls ekki borizt og því alls ekki von, að ríkisstj. hefði getað verið búin að taka neina endanlega ákvörðun um afstöðu sína til þeirra. Þær bárust, — ég er hér með ljósrit af bréfi frá stjórn lánasjóðsins, — endanlegar till. bárust 12. júní 1970. Þá tók ríkisstj. fyrir sérstaka beiðni mína strax afstöðu til efnis málsins og samþykkti þessar till. í einu og öllu eins og þær komu frá stjórn lánasjóðsins, enda voru till. gerðar samhljóða með atkvæðum allra fulltrúa í stjórninni, bæði fulltrúa opinberra aðila, Háskóla og stúdenta heima og erlendis. Stjórn sjóðsins vissi það vel, að ég og við í ríkisstj. höfðum fullan hug á að taka tillit til óska lánasjóðsins, ef þær væru skynsamlega rök-

studdar, sem þær síðar reyndust vera. Þetta lá alltaf fyrir og þess vegna alger óþarfi að efna til nokkurra mótmælafunda í því sambandi.

Þá má einnig á það benda, að af hálfu stúdenta hér heima hafði ekki verið efnt til neinna slíkra aðgerða. En niðurstaðan varð sú, till. stjórnar lánasjóðsins, sem ríkisstj. samþykkti, var sú að bæta hag stúdentanna heima meir en stúdentanna erlendis. Ef einhver mundi vilja þakka mótmælaaðgerðunum erlendis þær auknu fjárveitingar, sem stúdentarnir erlendis fá, þá gætu menn alveg með sama rétti hér heima þakkað mótmælaleysinu hér heima fyrir það, að stúdentar við Háskóla Íslands skyldu fá enn þá meira heldur en stúdentarnir erlendis. En hvort tveggja er algerlega rangt. M. ö. o., stefna ríkisstj. í þessu máli hefur legið ljós fyrir undanfarin ár. Við höfum viljað gera eins vel við námsmenn og fjárhagsaðstæður frekast hafa leyft. Okkur urðu algerlega ljósir þeir miklu erfiðleikar, sem gengisbreytingarnar hafa haft í för með sér, sérstaklega fyrir námsmennina erlendis, og það hefur verið fullur skilningur á aðstöðu námsmannanna, mikilvægi starfs þeirra fyrir þjóðina og fullur vilji á því að ganga eins langt í aðstoð við þá og fjárhagsaðstæður frekast leyfa hverju sinni, eins og ég vona, að allir sanngjarnir menn sjái, ef menn athuga þær breytingar, sem hafa orðið á félagsaðstæðum námsmanna á undanförnum árum, og er þó verið að stíga stærsta sporið núna. Þetta er inngangur, sem ég vona, að ekki þurfi að leiða til neinna frekari umr. um þetta mál, sem er liðin saga, og ég held, að bezt sé fyrir alla, að sem minnst sé um talað framvegis.

En svar mitt við fsp. er þannig: Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1971 er gert ráð fyrir, að ríkisframlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna verði 90 millj. 625 þús. kr. En það er hækkun um 32 millj. 635 þús. miðað við fjárlög 1970 eða hækkun um 56.3%, og hefur í einu aldrei átt sér stað jafnmikil hækkun á þessari fjárveitingu. Fjárhæðin er í samræmi við till. þær, sem stjórn lánasjóðsins gerði við undirbúning fjárlagafrv., og þó nokkru ríflegri, þar sem bætt var við framlagi til að fjölga hinum svo kölluðu 5 ára styrkjum úr 7 í 10 á ári. Um fjárveitingatillögurnar var alger samstaða í stjórn lánasjóðsins, en þar eiga m. a. sæti fulltrúar námsmanna. Till. og þar með ríkisframlagið samkv. fjárlagafrv. voru við það miðaðar, að veruleg hækkun gæti orðið á hlutfalli námsaðstoðarinnar af svo kallaðri umframfjárþörf, en með henni er átt við mismun heildarnámskostnaðar og eigin tekjuöflunar námsmanna bæði atvinnutekna og styrkja. Þetta hlutfall hefur verið mismunandi eftir því, hvort nám var stundað hér heima eða erlendis, svo og eftir námsárum. Nú er gert ráð fyrir, að mismunur að þessu leyti milli námsmanna heima og erlendis hverfi, og enn fremur, að námsaðstoðin á fyrstu námsárunum verði aukin að mun.

Samkv. áætlun lánasjóðsins um dreifingu lána má áætla, að lán sjóðsins hafi numið 53—54% af umframfjárþörf að meðaltali samkv. reglum þeim, sem giltu við síðustu úthlutun. En gera má ráð fyrir, að þetta hlutfall hækki við næstu úthlutun upp í 65—66%. Hefur þannig með samþykkt tillagna stjórnar lánasjóðsins verið stigið stórt skref í átt að því markmiði laga um námslán og námsstyrki, sem um getur í fsp. Með sama áframhaldi mundi ekki taka nema um þrjú ár til viðbótar að ná þessu markmiði að fullu, en svo sem jafnan hefur verið lögð áherzla á af hálfu ríkisstj., er það að sjálfsögðu undir Alþ. komið með ákvörðun fjárveitinga, hversu hratt þeirri sókn miðar, en ég tel, að að þessu marki eigi að stefna, þ. e. að halda þeim vaxtarhraða á fjárveitingum til sjóðsins, sem markaður hefur verið í fjárlagafrv. fyrir 1971.

Auk framangreindrar hækkunar á hlutfalli námsaðstoðarinnar í heildarnámskostnaði gerðu tillögur stjórnar lánasjóðsins, sem ríkisstj. féllst á, ráð fyrir ýmsum öðrum breytingum, sem horfðu til aukningar á útgjöldum sjóðsins, m. a. inntöku nýrra hópa námsmanna í lánakerfið og aukningu ferðastyrkja. Alls var gert ráð fyrir, að ráðstöfunarfé sjóðsins þyrfti að aukast úr 86 millj. kr. 1970 í um 135 millj. kr. árið 1971 eða um 49 millj. kr. Auk hækkunar á ríkisframlaginu var því gert ráð fyrir, að bankalán til lánasjóðsins yrðu aukin, og hefur ríkisstj. beitt sér fyrir því við bankana, að sú aukning næði fram að ganga, þannig að ráðstöfunarfé sjóðsins verði á næsta ári 135 millj. kr. Með þessu móti vona ég, að fsp. geti talizt svarað.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Það var nú dálítið stórt upp í sig tekið, fannst mér, þegar hæstv. ráðh. sagði í upphafi ræðu sinnar, að stórauknar fjárveitingar í þessu skyni hafi ekki staðið í neinu sambandi við baráttu námsmanna á síðasta ári. A. m. k. er dálítið erfitt fyrir okkur Alþb.-menn að draga aðrar ályktanir, vegna þess að við höfum á undanförnum árum á hverju einasta þingi flutt till. um óhjákvæmilegar hækkanir á framlögum í lánasjóðinn. En þessar till. okkar hafa ævinlega verið felldar. Þetta hafa ekki verið óraunsæjar till. Þetta hafa verið þær till., sem nauðsynlegar voru til þess að rétta hlut námsmanna, en eðlilegur málflutningur hér á þingi bar ekki þann árangur, sem ástæða hefur verið til að ætla. Þessi árangur fékkst ekki fyrr en eftir þá atburði, sem hæstv. ráðh. var að tala um.

Það getur vel skeð, að menn leggi á mismunandi hátt saman tvo og tvo. En ég vil benda á, að það eru fleiri en ég, sem draga þessar ályktanir. Ég las fyrir ekki ýkja löngu frásögn í Morgunblaðinu af ræðu, sem einn af forustumönnum Sjálfstfl., Gunnar Thoroddsen, hafði haldið á Varðarfundi. Þar gerði hann einnig þessa atburði að umtalsefni og taldi, að atburðarásin leiddi til þess, að menn drægju óhjákvæmilega þá ályktun, að hæstv. ríkisstj. léti einmitt undan, ef baráttan væri háð á þennan hátt utan þingsalanna. Þetta var mat Gunnars Thoroddsens, en ekki mitt, þannig að ég held, að hæstv. ráðh. þurfi ekki að undrast neitt þessa niðurstöðu.

Hæstv. ráðh. viðhafði hér áðan ummæli, sem ég tel ástæðu til að leggja áherzlu á. Hann benti á það, að með þeirri hækkun á fjárveitingum, sem kemur í næstu fjárlögum, mundi það ekki taka nema þrjú ár með sama áframhaldi að ná því marki, sem sett var í lögum um námslán og námsstyrki. Og hann sagðist lýsa því yfir, að hann teldi, að það ætti að stefna að þessu marki. Þessu fagna ég mjög, en ég mundi þá einnig vilja gera það að till. minni á óformlegan hátt hér núna, sem hægt væri þá að gera á formlegan hátt síðar, að Alþ. tæki þessa formlegu ákvörðun. Það er ekki eftir að ná nema ⅓, að því er hæstv. ráðh. taldi. Hann taldi, að nú væri fullnægt um ⅔ af umframfjárþörfinni, þannig að nú er

þetta verkefni ekki svo stórt, að menn eigi að óttast að taka það á sig. Ég held, að það færi mjög vel á því, að þetta þing breytti sjálfum lögunum, t. d. þannig, að það yrði ákveðið, að á árinu 1974 skyldi þessu marki náð.

Fyrst ég er að ræða við hæstv. menntmrh. um þetta mál, langar mig til þess að beina til hans örlítilli fsp. í viðbót, um smærra atriði að vísu. Það hefur verið rætt um það í nokkur ár, og hæstv. ráðh. hefur gefið vilyrði um það, að stofnað yrði sérstakt starf í tengslum við lánasjóðinn, ráðinn yrði maður, sem hefði það verkefni að aðstoða menn við val á námsgreinum og skólum erlendis. Þarna er um ákaflega mikilvægt verkefni að ræða. Það þarf að safna vitneskju um skóla víða um lönd. Íslendingar fara víða. Þessi maður þyrfti að geta leiðbeint námsmönnum um, hvaða námsgreinar væri skynsamlegt að velja sér og við hvaða skóla væri skynsamlegt að nema. Samband íslenzkra námsmanna erlendis hefur unnið myndarlega að þessum málum á undanförnum árum, en mér er kunnugt um það, að sambandið telur sig ekki hafa bolmagn til þess lengur. Og einmitt þess vegna hefur verið rætt um það í nokkur ár að ráða mann til þess verkefnis, og hæstv. ráðh. hefur tekið vel í það, að það skuli gert, enda hefur verið gert ráð fyrir fjárveitingum í þessu skyni. Ég vildi spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort ekki megi vænta þess, að það verði ráðinn maður í þetta verkefni fljótlega.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Varðandi það, að þeir Alþb.-menn hafi flutt till. hér á hinu háa Alþingi um meiri fjárveitingar til lánasjóðsins en endanlega hafi verið samþykktar, er það að segja, að það er öllum þm. kunnara en frá þurfi að segja, að mjög algengt er, að stjórnarandstaða flytji till., sem ganga lengra í útgjaldaátt heldur en meiri hl. Alþ. hefur talið eðlilegt eða hefur talið fært. Þessi tillöguflutningur er einn liður í slíkum tillöguflutningi, sem ég er síður en svo að gagnrýna, en auðvitað ber ekki að líta á það sem skilningsleysi á tiltekinni fjárþörf, þeirri, sem hér er um að ræða, þó að slíkar till. ásamt tugum eða hundruðum annarra séu felldar við afgreiðslu hverra einustu fjárlaga. Þetta er engin ný saga og öllum hv. þm. algerlega kunn. En hitt er staðreynd, sem rétt er að benda á og vekja athygli á, að á undanförnum árum hefur yfirleitt verið farið eftir tillögum stjórnar lánasjóðsins varðandi fjárveitingar til sjóðsins, og ég vona, að allir telji það eðlilegt, að ríkisstj. hafi nánara samráð a. m. k. við stjórn lánasjóðsins en hv. stjórnarandstöðu, að henni þó algerlega ólastaðri.

Hv. þm. spurði, hvað liði ráðningu í starf námsráðgjafa, sem menntmrn. hefur heimild til að ráða. Mér er mikil ánægja að geta hér sagt frá því, að einmitt fyrir nokkrum dögum tókst samkomulag við ágætan ungan menntamann um það, að hann tæki þetta starf að sér og yrði starfsmaður menntmrn. Hér er um að ræða Þorvald Búason eðlisfræðing, sem áður var starfsmaður í Raunvísindastofnun Háskólans. Hann er nákunnugur málefnum námsmanna, hefur sjálfur stundað langt nám erlendis og var mjög lengi í stjórn Sambands ísl. námsmanna erlendis. Hann hefur nú um nokkur ár starfað við Háskóla Íslands, og ég hygg, að segja megi, að fáa menn hefði verið hægt að velja, sem gjörkunnugri væru. Auk þess er hann núna í stjórn eða jafnvel formaður Félagsstofnunar stúdenta eða a. m. k. einn af helztu ráðamönnum þar, þannig að ég hygg, að óhætt sé að segja, að fáa menn hefði verið hægt að finna, sem væru jafn gjörkunnugir högum námsmanna heima og erlendis, háskólum erlendis og háskólanum hér eins og einmitt þessi ungi vísindamaður, sem nú hefur fallizt á að taka þetta starf að sér og er í þann veginn eða mun alveg á næstunni hefja þetta mjög nauðsynlega og mikilvæga starf.

19. Fjárhagsaðstoð ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. varðandi áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu [83. mál, 4] (A. 86).

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. fluttum við hv. 11. þm. Reykv. og 3. þm. Vestf. till. til þál. um fjárhagsaðstoð við íþróttastarfsemina í landinu. Þessari þáltill. var í lok þingsins vísað til hæstv. ríkisstj. til frekari athugunar á þessu máli, og var til þess mælzt af hálfu fjvn., sem lagði málið þá fyrir á hv. Alþ., að unnið yrði að meginefni till. fyrir fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1971. Nú höfum við flm. leyft okkur á þskj. 86 að flytja fsp. til hæstv. menntmrh. til þess að spyrjast fyrir um það, hvað líði þeirri framkvæmd, sem þar var stefnt að, og leyfi ég mér að vænta svars hæstv. ráðh. við því.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Umræddri till. var vísað til ríkisstj. 29. apríl s. l. og menntmrn. skýrt frá því í bréfi frá Alþ. 6. maí. Hinn 21. maí skrifaði rn. forseta Íþróttasambands Íslands, formanni Ungmennafélags Íslands og íþróttafulltrúa ríkisins svofellt bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðasta Alþ. var borin fram í Sþ. till. á þskj. 67 til þál. um áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu. Samkv. till. fjvn. á þskj. 728 var till. þessari vísað til ríkisstj. með ummælum um, að forseta ÍSÍ, formanni UMFÍ og íþróttafulltrúa ríkisins verði falið að gera umrædda fjárhagsáætlun til eins árs. Skulu þessir aðilar leggja áætlun sína fyrir fjvn. við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1971. Með tilvísun til framanritaðs er þess hér með beiðzt, að forseti ÍSÍ, formaður UMFÍ og íþróttafulltrúi ríkisins geri framangreinda fjárhagsáætlun sem allra fyrst og eigi síðar en svo, að fjvn. Alþ. geti fengið áætlunina í

hendur í byrjun næsta Alþ. og sé menntmrn. sent samrit áætlunarinnar."

Þessi áætlun barst menntmrn. 10. þ. m. og var þegar í stað send fjvn. Hér er um að ræða heila bók. Hún er þegar komin í hendur fjvn., en þeir þm. aðrir, sem kunna að hafa áhuga á að kynna sér það mál, sem hér er um að ræða, geta átt aðgang að eintaki af þessari álitsgerð í menntmrn.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir svarið og þá ekki síður fyrir það, að að þessu máli hefur verið unnið. Það er mér og okkur flm. mikil ánægja, að það skuli hafa verið gert, því að hér er um stórt og mikið vandamál að ræða, og ég treysti því, að þegar að þessu máli verður unnið við fjárlagaafgreiðslu fyrir 1971, þá verði tekið tillit til þessarar vinnu, sem þarna liggur frammi, og þeirra gagna, sem í álitsgerðinni mun vera að finna.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðh.

20. Raforkuframkvæmdir í Norðurlandskjördæmi vestra.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til iðnrh. um raforkuframkvæmdir í Norðurlandskjördæmi vestra [83. mál, 5] (A. 86).

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt öðrum þm. úr Framsfl. að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh. um raforkuframkvæmdir í Norðurl. v.:

„1. Er þess að vænta, að frv. frá ríkisstj. um virkjun Reykjafoss í Skagafirði verði flutt á yfirstandandi Alþingi?

2. Hafa farið fram athuganir á frekari orkuöflun fyrir Norðurl. v., og ef svo er, þá hverjar?"

Ég vil með fáeinum orðum fylgja þessum tveim fsp. úr hlaði og þá minna á, að samkv. viðtali, sem Ríkisútvarpið flutti seint í sumar við yfirverkfræðing frá Orkustofnuninni, kom fram, að verja þyrfti um 250 millj. kr. á næstu fimm árum til svo kallaðra forrannsókna á fallvötnum, og var þá miðað við verðlag á s. l. ári. Með þessum forrannsóknum virðist vera stefnt að áframhaldandi röð stórvirkjana á Þjórsársvæðinu syðra, flutningi stórvatna milli landshluta og Austurlandsvirkjun. Þær rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið í sumar, hafa, að ég tel, staðið í sambandi við þessar stórvirkjanir, og svo er að sjá, að stórvirkjanir í Þjórsá og Tungnaá séu á næsta leiti. Því er nú spurt: En hvað um Norðurland v.? Mikill áhugi ríkir á Norðurl. v. fyrir virkjun Reykjafoss í Svartá í Skagafirði, og munu samtök mynduð um svæðið allt til þess að knýja hana fram. Kapp er og á það lagt, að heimamenn gerist eignaraðilar að virkjuninni. Rannsóknum mun lokið eða a. m. k. munu þær vera á lokastigi. Rafmagnsskortur er þegar orðinn á svæðinu. Menn hafa vænzt þess, að frv. um virkjun yrði lagt fram og afgr. á yfirstandandi þingi. Ég vil minna á, að þótt af Reykjafossvirkjun verði, leysir hún ekki til langframa úr orkuþörf svæðisins, því að hún verður að teljast smávirkjun á nútímamælikvarða. Því er spurt: Hvað tekur þá við? Hafa athuganir farið fram á virkjunarmöguleikum annarra fallvatna á svæðinu og þá hverra, eða hvað hafa þær athuganir leitt í ljós?

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. vil ég taka fram eftirfarandi:

Á undanförnum mánuðum hefur farið fram athugun á því, með hverjum hætti mætti bezt leysa raforkuþörf á Norðurl. v. Hafa þessar athuganir annars vegar verið gerðar að forgöngu Rafveitu Sauðárkróks og hins vegar á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Á þessu orkuveitusvæði, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, eru nú tvær vatnsaflsstöðvar með alls 1544 kw afli og dísilstöðvar á þrem stöðum með alls 2900 kw afli. Hlutdeild dísilstöðvanna á orkuveitusvæðinu hefur farið mjög vaxandi hin síðari árin, og er þörfin fyrir vatnsaflsorku orðin mjög knýjandi. Til þess að bæta úr þessu hefur aðallega verið um tvo valkosti að ræða, annars vegar tengingu við Laxársvæðið með háspennulínu milli Akureyrar og Sauðárkróks, en hins vegar nýja vatnsaflsvirkjun í héraði eða nánar tiltekið Svartár- eða Reykjafossvirkjun. Samanburður, sem gerður hefur verið hjá Rafmagnsveitum ríkisins, sýnir, að sem næst sama orkuverð mundi fást, hvor valkosturinn sem tekinn væri. Þegar á það er svo litið, að héraðsbúar hafa eindregið látið þá ósk í ljósi, að fremur yrði virkjað vatnsafl í héraði en tengt við Laxársvæðið, hefur ríkisstj. fyrir sitt leyti hneigzt að því fremur að kanna þessa leið nánar og til hlítar. Í iðnrn. hefur því verið í undirbúningi frv. til l. um að afla heimildar til Svartárvirkjunar eða Reykjafossvirkjunar. Ég geri mér vonir um að geta lagt þetta frv. fyrir Alþ. það, sem nú situr, innan skamms, til þess að það fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég vil aðeins hafa þann fyrirvara, að málið þarf nokkru ítarlegri athugun, áður en að því kemur, en ég vona, að þess verði ekki lengi að bíða.

Ég vil taka sérstaklega fram í þessu sambandi, að ég hef með höndum endurrit úr fundargerðabók raforkunefndar Norðurl. v., þar sem saman voru komnir fyrirsvarsmenn í þessum málum, sýslumennirnir í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, Helgi Rafn Traustason fulltrúi og Adolf Björnsson rafveitustjóri fyrir hönd rafveitunefndar Norðvesturlands og bændurnir Pétur Pálmason á Reykjavöllum og Indriði og Kristján Jóhannessynir á Reykjum ásamt Sigmundi Magnússyni, Vindheimum. Á þessum fundi var rætt um virkjun Svartár og mannvirki í þágu þessarar virkjunar, og það kom fram hjá bændunum, að þeir lýstu yfir, að þeir væru virkjun hlynntir og mundu leyfa virkjun, þ. e. nýtingu fallsins, sem og alla mannvirkjagerð og yfirferð

yfir lönd þeirra, enda kæmu fullar bætur fyrir allt beint tjón og greiðsla fyrir nýtingu fossaflsins, eins og lög gera reyndar ráð fyrir. Ég tel það mikils virði, að gott samkomulag virðist vera hvað þetta áhrærir. Bætur verða að sjálfsögðu ákveðnar með samkomulagi, en ef það næst ekki, þá hins vegar af dómkvöddum mönnum, þegar til á að taka. Bændurnir hafa sérstaklega tekið fram, að eigendur Svartár hafi gert leigusamning við Veiðivötn h.f. um að gera Svartá að veiðiá og vilja þeir standa við þann samning í einu og öllu, og verður í öllum samningum um væntanlega virkjun að hafa þetta sjónarmið í huga. Þetta kemur fram í bréfi eða réttara sagt endurriti úr fundabók raforkunefndar Norðurlands vestra.

Ég vil leyfa mér að vona, að með þessu sé fram kominni fsp. svarað.

Fyrirspyrjandi (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið. Ég tel það jákvætt og vona, að umrætt frv. verði lagt fyrir Alþ. sem allra fyrst og fáist samþ. á þessu þingi.

21. Leirverksmiðja í Dalasýslu.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til iðnrh. um undirbúning leirverksmiðju í Dalasýslu o. fl. [66. mál, 1] (A. 68).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 7., 9. og 10. fundi í Sþ., 3., 10. og 17. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Nú á tímum er mikið rætt um iðnað og iðnvæðingu sem undirstöðu atvinnulífsins ásamt landbúnaði og sjávarútvegi. Fámenn byggðarlög eiga mörg hver í vök að verjast í samkeppni við þéttbýlið, sem jafnan á léttara með að renna stoðum undir atvinnulífið. Dalasýsla er eingöngu landbúnaðarhérað, og allir þar lifa beint eða óbeint af landbúnaði. Þar eru víða þykk leirlög í jörðu, og hinn kunni listamaður Guðmundur Einarsson frá Miðdal notaði mikið Búðardalsleirinn í ýmsa muni, er hann smíðaði. Hann sagði m. a. um þennan leir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 25 ár hef ég mestmegnis notað leir frá Búðardal og unnið hann bæði í vélum og svo til vandaðasta listiðnaðar. Eru nú gripir úr því efni víða á erlendum söfnum og í einkaeign, og fyrir vorn eiginn markað hefur verið unnið meira úr þeim leir en öllum öðrum tegundum samanlagt."

Á Alþ. 13. febr. 1957 var samþ. svo hljóðandi till., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar fullrannsaka, hvort hagkvæmt muni vera að reka leirverksmiðju í Dalasýslu, og jafnframt gera athugun á því, hvar leirlög séu í landinu, sem bezt henta til leiriðnaðar í stórum stíl."

Síðan till. þessi var samþ. eru allmörg ár liðin, og mikið vatn hefur til sjávar runnið síðan. Og vafalaust hefur unnizt tími til á þessum mörgu árum að rannsaka það, sem till. þessi fer fram á. Spurning mín er þessi: Hvað líður framkvæmd þál. frá 13. febr. 1957, um undirbúning leirverksmiðju í Dalasýslu o. fl.?

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér kom þetta mál ókunnuglega fyrir sjónir, þegar fsp. var fram borin. Síðan hún var flutt hér, hef ég reynt að kanna það í skjalasafni rn. og með öðrum hætti, hvað orðið hafi um þessa till. og til hvaða aðgerða af hennar völdum hafi verið stofnað. Till. er frá 1957. Ég get ekki fundið, að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar á þeim tíma af þáv. ríkisstj. til framkvæmdar þessari till. né af ríkisstj. síðar, og hef ég þó reynt að grafast alvarlega fyrir um það. Þess vegna get ég ekki svarað með öðrum orðum þessari fsp., en hins vegar er mér ljúft að láta í ljósi þann vilja minn, að ég er reiðubúinn til þess í samráði við hv. fyrirspyrjanda og aðra, sem áhuga kynnu að hafa fyrir þessu máli, að láta hefja rannsókn og undirbúning verksmiðju, eins og till. á sínum tíma, 1957, gerði ráð fyrir. Þá geri ég ráð fyrir því, að frumstigið væri það að fá vísindalega rannsökuð gæði leirsins. Ég hef rætt um það við forstöðumann Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Ef þær niðurstöður mundu leiða til þess, að gæðin væru talin nægjanleg, þá mundi ég einnig vilja eiga hlut að máli um það, að gerð yrði kostnaðaráætlun og arðsemisáætlun fyrir slíka verksmiðju, hvort tiltækilegt þætti að reisa hana. Því miður get ég ekki svarað þessu með öðru móti, en vildi, eins og ég segi, gjarnan hafa samráð bæði við hv. fyrirspyrjanda og aðra um frekari framkvæmdir á þann hátt, sem ég hef lýst.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin, en það kemur mér spánskt fyrir sjónir, að það geti svo um eina þál. farið, að hún finnist hvergi og hafi aldrei til framkvæmda komið. Hins vegar þakka ég ráðh. fyrir það, að hann hefur fullan hug á því að taka upp þetta mál að nýju og láta fullrannsaka það, sem till. fer fram á, og það vænti ég, að hæstv. ráðh. geri mjög fljótlega.

Mér er kunnugt um það, að ein stofnun hér í bæ hefur haft að nokkru með að gera leirrannsóknir. Það er Rannsóknastofnun iðnaðarins. Þar hygg ég að liggi nokkrar upplýsingar fyrir í þessum efnum, og mun ég alltaf geta fengið þær upplýsingar, þegar ég þarf á að halda, en ég hélt, að þær rannsóknir, sem þar hafa farið fram, hefðu verið gerðar í samráði við rn. og væru til komnar fyrir samþykkt þeirrar till., sem hér um ræðir. En það skilst mér nú, að hafi ekki verið. Hins vegar vil ég vona það, að þess verði ekki langt að bíða, að þær rannsóknir liggi fyrir, sem till. fer fram á, og þá væri hægt að hefjast handa um leirverksmiðju í Dalasýslu, ef rannsókn leiðir í ljós, að það þyki hagkvæmt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Till. þá, sem hér

um ræðir, flutti ég á sínum tíma, og var hún samþ. snemma árs 1957. Till. var mótuð í samráði við Guðmund Einarsson myndhöggvara frá Miðdal, eins og hér hefur komið fram, því að hann hafði þá allra manna mest og bezt unnið að rannsókn þessara mála hér á landi. Hann átti þá þegar allmikið af vélakosti til að hefja slíka vinnslu. Það, sem hann taldi, að fyrst og fremst þyrfti að vera fyrir hendi til þess að slíka verksmiðju mætti reisa, var gnægð hráefnis, góðar samgöngur og næg raforka.

Það er rétt, að enda þótt þessi till. hlyti einróma samþykki hér á hv. Alþ., þá er mér ekki kunnugt um, að hið opinbera hafi unnið mikið að könnun málsins. Hins vegar minnist ég þess, að á sínum tíma ræddi ég við tvo kunningja mína frá skólaárunum, tvo verkfræðinga, Aðalstein Júlíusson og Einar Sigurðsson, og voru þeir áhugamenn um þetta mál. Man ég, að athuganir komust svo langt okkar á meðal, að til Búðardals kom sænskur leirverksmiðjuforstjóri, sem hér var á ferð, kvæntur íslenzkri konu. Tók hann sýnishorn nokkur af leir frá Búðardal og lét rannsaka þau erlendis, í Svíþjóð og Danmörku, og gáfu þau góða raun. Þá voru ýmsar hugmyndir á lofti, m. a. þær, að efnafræðingar einhverjir höfðu látið í ljós þá skoðun sína, að e. t. v. mætti vinna úr leir bauxít, sem er undirstöðuefni í áliðnaði, og fleiri hugmyndir voru á kreiki. Þetta hefur lítið verið rannsakað, og e. t. v. er þetta atriði meira út í bláinn en það sé raunhæft.

En ég vil aðeins benda á, að sé miðað við þau meginskilyrði, sem Guðmundur frá Miðdal nefndi, þá eru aðstæður allar betri nú. Það er í fyrsta lagi gnægð hráefnis. Samgöngur eru orðnar mun betri og verða væntanlega á næstu árum enn þá betri. Ég vil aðeins benda á Heydalsveg. Þegar þeim áfanga verður náð, að hægt verður að fara Heydalsveg, þýðir það, að unnt verður að fara yfir Snæfellsnesfjallgarð í aðeins 150—160 m hæð yfir sjó í staðinn fyrir veginn um Bröttubrekku, sem er fast að 400 m yfir sjávarmáli. Einnig vil ég nefna, að 1957 var engin rafveita í Dalasýslu. Það var fyrst 1960, að rafstöðin var byggð í Búðardal. Hitt er svo annað mál, og það vitum við allir, að jarðefni Íslands eru lítt rannsökuð enn. Þar er áreiðanlega víða um gnægð verðmæta að ræða, sem rannsaka þarf og vinna betur að en gert hefur verið. Þess vegna ber að fagna því, að þetta efni er nú aftur tekið á dagskrá. Væntanlega verður unnið að því að safna saman öllum upplýsingum, sem fyrir hendi eru um þetta mál, og stuðla að lausn þess á grundvelli þeirra gagna, ef þau reynast nægilega traust.

22. Virkjunarmöguleikar í Skjálfandafljóti og Jökulsá.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til iðnrh. varðandi rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti og Jökulsá [126. mál, 2] (A. 147).

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þar sem hv. fyrri fyrirspyrjandi, Jónas Jónsson, er nú horfinn af þingi, þá vil ég mæla nokkur orð um þá fsp., sem nú er til umr.

Það mun hafa verið um mánaðamótin apríl—maí, að mig minnir, á s. l. vori, að viðræður fóru fram í Reykjavík milli stjórnar sameignarfélagsins um Laxárvirkjun og héraðsnefndar Þingeyinga og hæstv. raforkumálaráðh., sem nú er hæstv. forsrh., varðandi þau deilumál, sem þá höfðu komið upp varðandi virkjun Laxár í Þingeyjarsýslu. Ég ætla ekki að fara að rekja þá deilu eða þær umr., sem þá fóru fram milli ýmissa aðila, en hæstv. ráðh. ritaði hinn 13. maí s. l. þessum tveimur aðilum, sem ég nefndi áðan, svo og sýslunefnd Suður-Þingeyinga, að ég ætla, og nokkrum hreppsfélögum og samtökum landeigenda, að mig minnir, bréf um þetta mál. Í þessu bréfi var gerð grein fyrir ýmsu, sem fram hafði komið í þessum viðræðum og mörkuð að segja má eins konar stefna rn. í þessu máli. Eftir að málið hafði verið rakið í bréfinu og stefnan mörkuð af hálfu rn., þá segir svo, með leyfi hæstv. forseta, en ég skal geta þess, að þetta bréf hefur verið prentað í blöðum:

„Rn. mun beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, þ. e. annarra virkjunarmöguleika en í Laxá, sem völ væri á til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun eða samtengingu við aðrar orkuveitur."

Í þessu sambandi er þess að geta, að nú í seinni tíð munu hafa verið uppi raddir um það, að hagstætt mundi vera að virkja Skjálfandafljót, ekki Goðafoss, eins og einhvers staðar hefur komið fram, heldur fall ofar í Skjálfandafljóti og að þar mundi mega framkvæma nokkuð stóra virkjun, sem a. m. k. mundi vera fullnægjandi fyrir þann markað, sem er fyrirsjáanlegur á orkuveitusvæðinu. Hins vegar hefur þetta mjög lítið verið rannsakað enn þá, þ. e. virkjunarmöguleikarnir í Skjálfandafljóti. En m. a. hafa verið ritaðar blaðagreinar um þetta mál af kunnugum mönnum, og einnig mun af verkfræðingum hafa verið gerð mjög lausleg áætlun um slíka virkjun. Um Dettifoss er það að segja, að samkv. því, sem segir í grg. Rafmagnsveitna ríkisins 2. maí 1965, þá hafa verið framkvæmdar margar rannsóknir á virkjunarmöguleikum við Dettifoss, og þar segir, að árið 1962 hafi Harza í New York verið falið að gera ítarlega áætlun um virkjun við Dettifoss. Og samkv. þessu skilaði Harza skýrslu um Dettifossvirkjun í jan. 1963, þar sem gert var ráð fyrir tveimur virkjunarstærðum, 100 eða 130 megavöttum, og þessu fylgdi kostnaðaráætlun, sem Harza hefur gert, þar sem áætlað var, að 100 þús. kw eða 100 mw virkjun mundi kosta 1151 millj. og 130 mw virkjun 1203 millj. ísl. kr. miðað við þáverandi verðlag.

Þetta vil ég aðeins segja um þessar tvær virkjunar-

áætlanir, en í tilefni af þessu bréfi hæstv. ráðh. frá 13. maí s. l. höfum við leyft okkur að spyrja:

„Hvað líður rannsóknum á virkjunarmöguleikum: a) í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, b) framhaldsrannsóknum í Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss? Hve mikið var unnið að þessum rannsóknum á s. l. sumri?"

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef hér með höndum alveg nýlega skýrslugerð frá Orkustofnuninni, sem ég mun byggja á svör við þessum spurningum, að svo miklu leyti sem skýrslan tekur til þeirra. Ég vil þá leyfa mér fyrst að víkja að Jökulsá á Fjöllum, þó að það sé síðari spurningin.

Rannsóknir á virkjunum í Jökulsá á Fjöllum hafa á yfirstandandi ári verið fólgnar í jarðfræðiathugunum í fyrsta lagi, jarðfræðiathugunum í efsta hluta Jökulsársvæðisins með hliðsjón af hugsanlegum vatnsflutningi austur og nýtingu þess vatns í Austurlandsvirkjun, og í öðru lagi áætlunargerð um virkjanir í sjálfri Jökulsá, einkum við Dettifoss. Tekið skal fram, að fyrri þátturinn, jarðfræðirannsókn á efsta hluta vatnasvæðisins, kemur einnig að verulegum notum, þótt ekki yrði af neinum vatnaflutningum austur. Í sambandi við vatnaflutninga vil ég taka það fram, að Orkustofnunin hefur þar unnið að eigin frumkvæði, en ekki fyrir nein tilmæli frá iðnrn., en hins vegar hefur iðnrn. lagt áherzlu á virkjun Dettifoss í sambandi við störf nefndar, sem vinnur að hugsanlegri stóriðju eða staðsetningu álbræðslu á Norðurlandi, eins og síðar kemur fram. Fyrri rannsóknir og áætlanir um virkjun við Dettifoss hafa einkum miðazt við neðanjarðarframkvæmdir. Allt bendir til þess, að reynist slík tilhögun á annað borð gerleg, sé hún heppilegasta tilhögunin. Á hinn bóginn virðist koma æ betur í ljós, að jarðfræðilegar ástæður gera slíka neðanjarðartilhögun æði vafasama. Virkjunarjarðfræðingar telja meira að segja hæpið, að unnt sé með venjulegum rannsóknaraðferðum, eins og borholum, að fullvissa sig um það, áður en framkvæmdir hefjast, að neðanjarðarstöð við Dettifoss sé efnahagslega gerleg. Til þess að ganga úr skugga um þetta þyrfti hugsanlega mjög kostnaðarsamar rannsóknir, eins og t. d. tilraunajarðgöng. Af þessum sökum er nú sem stendur unnið að athugun á breyttri virkjunartilhögun, þar sem virkjunin yrði að mestu ofanjarðar og þannig reynt að forðast vafasamar jarðfræðiaðstæður. Búast má við, að slík tilhögun komi í áætlun eitthvað dýrari út en neðanjarðarvirkjun, en hún ætti að vera til muna áhættuminni. Búizt er við, að þessari áætlunargerð ljúki nú um áramótin. Einnig er nú unnið að svo nefndum aðgerðarannsóknum á hugsanlegri virkjun Jökulsár við Dettifoss, en slíkar rannsóknir beinast að samstarfi virkjunar við þann markað, sem hún á að sjá fyrir, ef svo má að orði komast. Þær gefa t. d. til kynna, hvort slík virkjun yrði hæf til þess að sjá norðlenzkri stóriðju fyrir raforku. Tekið skal fram, að virkjun við Dettifoss hentar ekki núverandi almennri orkunotkun á Norðurlandi, jafnvel þótt allt Norðurland eða Norður- og Austurland yrði tengt saman í eitt kerfi og jafnvel þótt rafhitun húsa stórykist frá því, sem nú er. Ástæðan er sú, að virkjun við Dettifoss er allt of stór fyrir slíkan markað. Virkjun við Dettifoss getur því með engu móti komið í stað virkjunar í Laxá. Áætlanir, sem hingað til hafa verið gerðar um Dettifossvirkjun, benda til nokkru hærri orkukostnaðar en frá beztu valkostum á Þjórsársvæðinu, en þó vel innan marka þess, sem hagkvæmt getur talizt. Ekki þarf að taka fram, að forsenda slíkrar hagkvæmni er, að nægur markaður sé fyrir orkuna, strax og virkjunin tæki til starfa. Unnið er nú einnig að frumáætlunum um nýtingu fallsins í Jökulsá neðan Dettifoss. Í rannsóknaráætlun næsta árs er gert ráð fyrir rannsóknum á vettvangi við Jökulsá.

Þá vil ég koma að hugsanlegri virkjun í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn. Í yfirliti, sem raforkumálastjóri lét gera og gaf út 1962, um tæknilega nýtanlegt vatnsafl á Íslandi, er m. a. nefnd virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn. Var þar gert ráð fyrir að nýta um 100 m fall. Hugmyndin að virkja á þessum stað er því gömul. Þegar virkjunarkostnaður við Íshólsvatn var athugaður, kom strax í ljós, að hann var miklu hærri en á mörgum stöðum öðrum, þ. á m. hærri en í Laxá við Brúar. Sömu sögu er að segja um fjölda annarra virkjunarstaða í áðurnefndu yfirliti. Þeir hafa verið lagðir til hliðar, en rannsóknarfé og mannafla beint að hinum, sem ódýrari orku virðast geta gefið. Á yfirstandandi ári hefur hugmyndinni um Íshólsvatn aftur verið hreyft. Af þeim sökum lét Orkustofnunin líta aftur til öryggis á þær athuganir, sem á sínum tíma voru gerðar varðandi virkjun við Íshólsvatn. Var virkjunin áætluð að nýju með nútíma verðlagi og borið saman við ýmsa virkjunarstaði, þ. á m. í Laxá við Brúar. Niðurstöður liggja fyrir, en ekki hefur enn verið gengið frá skýrslu. Eru þær staðfesting á fyrri niðurstöðum og sýna, að orka frá Íshólsvatnsvirkjun yrði a. m. k. 30—40% dýrari en frá Laxá við Brúar, og er þá átt við virkjun þar með 23 m vatnsborðshækkun, eins og nú er verið að tala um. Það hefur einnig verið talað um og gerðar athuganir á öðrum virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti, sem er ekki beint spurt um hér, þá með vissum vatnaflutningum, sem ég skal ekki fara út í, en um það segir á einum stað í þeirri skýrslu, sem ég hef milli handa, að ekki sé búizt við, að þarna gæti verið um slíka stórvirkjun að ræða, að hún gæti keppt við efri hluta Þjórsár, Austurlandsvirkjun eða Dettifossvirkjun.

Að lokum vil ég segja það, að virkjunarrannsóknir á Norðurlandi til þessa benda til þess, að Dettifossvirkjun sé eina virkjunin á Norðurlandi, sem til greina komi til þess að sjá norðlenzkri stóriðju fyrir raforku. Ekki er enn búið að bera saman orkukostnað frá Dettifossvirkjun annars vegar og aðflutningslínu að sunnan eða austan hins vegar. En rn. hefur sérstaklega óskað eftir slíkum samanburði hjá Orkustofnuninni. Þessum samanburði verður væntanlega lokið í byrjun næsta árs, en allt bendir til þess, að þessar orkuöflunarleiðir fyrir stóriðju norðanlands verði kostnaðarlega mjög svipaðar. Sömu rannsóknir benda og til þess, að ekki sé önnur virkjun á Norðurlandi hagkvæmari til almennra nota í fjórðungnum en virkjun Laxár við Brúar. Það var nú ekki að vísu spurt um þetta, en mér var þetta dálítið ofarlega í huga.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, en það er auðvitað enginn tími nú til þess að ræða þau mál, sem hér er fjallað um. Ég vil þó segja það, að mér þykir þetta dálítið einkennilegt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., þegar hann skýrði frá því, að Orkustofnun hefði

að eigin frumkvæði verið að láta fara fram rannsókn á vatnaflutningum milli landshluta. Ég hefði haldið, að þar sem hér er um kostnaðarsamar rannsóknir að ræða, þá mundi Orkustofnunin ekki gera slíkt að sínu eigin frumkvæði, heldur að tilmælum rn.

Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að athugun hefði farið fram frá því í vor á þessum virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti og við Dettifoss, og auðvitað er það svo, fyrst hann segir það, en fólk á þessum svæðum hefur ákaflega lítið orðið vart við þessar rannsóknir. Þetta hljóta því aðallega að hafa verið rannsóknir, sem gerðar hafa verið á Orkumálaskrifstofunni, sjálfsagt eftir kortum. Mér er kunnugt um það, að verkfræðingur hefur gert einhverjar lauslegar athuganir á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn. Og ég hygg, að það hafi verið, eins og ég sagði áðan, mjög lausleg áætlun, þannig að á henni sé nú varla hægt að byggja ályktanir varðandi kostnað við orkuna. Ég hef séð eina slíka skýrslu, sem tók yfir eina bls., og mér sýnist það, að sú grg. sé það ófullkomin, að það sé varla hægt að gera sér grein fyrir kostnaðinum, þannig að hægt sé að bera saman við annað, en hæstv. ráðh. sagði, að niðurstaðan væri sú, að orkan frá Skjálfandafljóti mundi verða 30% dýrari heldur en orka frá Laxá við Brúar miðað við 23 m vatnsborðshækkun í Laxá. Þessir 23 m er tala, sem mér kemur að vísu nokkuð ókunnuglega fyrir sjónir. Um hana hefur ekki verið talað fyrr en þá mjög nýlega, heldur aðrar tölur.

Hæstv. ráðh. sagði, að Dettifossvirkjun kæmi ekki til greina fyrir almennan markað á Norðurlandi. Það er nú svo, að ég er honum sammála um það, að virkjun 100 þús. kw við Dettifoss kemur ekki til greina, ef ekki er um annað að ræða en hinn almenna markað, eins og hann er nú, en ef Dettifoss væri virkjaður og komið upp iðnaði, sem þyrfti á mikilli raforku að halda, þá gæti það auðvitað farið saman, að hann fullnægði slíkum iðnaði. Ég get nefnt t. d. 30 þús. tonna alúmínverksmiðju, svo að eitthvað sé nefnt, og hinum almenna markaði.

Það er haft eftir jarðfræðingum nú, að það sé að verða vafasamara, að hentugt sé að byggja neðanjarðarstöð vegna jarðvegsins við Jökulsá, og kemur mér þetta nú reyndar nokkuð á óvart, því að þannig var komizt að orði á sínum tíma í skýrslu Orkumálastofnunarinnar, að Dettifossáætlunin væri traust áætlun, eða a. m. k. hefði verið rætt um að gera trausta Dettifossáætlun. Um sprungurnar í hraununum hefur mönnum náttúrlega lengi verið kunnugt eða frá ómunatíð.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég tel mér fært að ræða að þessu sinni, af því að tíminn er svo takmarkaður, en ég vil mega treysta því eftir að hafa heyrt svar hæstv. ráðh., að þessum rannsóknum verði haldið áfram af fullum krafti og að þær verði látnar sitja fyrir öðrum meiri háttar rannsóknum á fallvötnum landsins, því að fyrirheit hefur verið gefið um, að þessum rannsóknum verði hraðað.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til áréttingar. Ég las hér upp úr skýrslunni á einum stað um hagkvæmni Laxárvirkjunar við Brúar með 23 m vatnsborðshækkun, og hv. þm. kom sú tala ókunnuglega fyrir sjónir. Það hefur verið talað um 18—20 m vatnsborðshækkun, þegar sleppt er hinni stóru 57 m stíflu í hinni svonefndu Gljúfurversvirkjun, sem raunverulega var gefin upp á bátinn í viðræðum í vetur sem leið, eins og kunnugt er, en það hefur verið skýrt frá því í blöðunum, að á þeim fundum, sem nú standa yfir, viðræðum um Laxárvirkjun milli landeigenda og Laxárvirkjunarstjórnar og rn. og fleiri aðila, hafi verið lögð fram ný hönnun að virkjun við Laxá, Laxá III, sem kölluð er, og þar með sé Gljúfurversvirkjun svo kölluð og þessi 57 m háa stífla úr sögunni, sem þyddi, held ég, 45 m vatnsborðshækkun, en samkv. þessari nýju hönnun gæti hæsta vatnsborð orðið um 23 m. Það er það, sem þessi tala er komin. Það þýðir um eins til tveggja metra vatnsborðshækkun eða dýpi á Birningsstaðaflóanum, enda er ekki gert ráð fyrir, að lónið, sem myndast við þá stíflu, sem þannig er gerð, gangi lengra en upp á Birningsstaðaflóann, sem þeir átta sig á, sem þarna eru kunnugir. Það þýðir eins til tveggja metra vatnsborðshækkun þar.

Varðandi það, að ég tók það sérstaklega fram, að vissir þættir þessara rannsókna, eins og vatnaflutningar á hálendinu, hefðu verið athugaðir í sumar að frumkvæði Orkustofnunarinnar, þá er ekkert einkennilegt við það. Sjálfsagt er það hennar skylda og lögum samkvæmt að hafa frumkvæði við rannsóknir á þessu sviði. Hitt er svo annað mál, að rn. hefur á vissum sviðum gripið inn í tímasetningar á rannsóknum og óskað sérstaklega eftir, að tekin væru fyrir viss atriði til rannsókna, þ. á m. Dettifossvirkjunin og nánari athugun á Íshólsvirkjun, virkjun við Íshólsvatn, í framhaldi af viðræðum um þessi mál og bréfi rn., sem vitnað var til, frá 13. maí 1970.

Það er rétt, að rannsóknirnar á Dettifossvirkjun hafa verið endurskoðun á eldri virkjunaráformum á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja hjá Orkustofnuninni, og ég tók beinlínis fram í fyrri ræðu minni, að í rannsóknaráætlun næsta árs væri gert ráð fyrir rannsóknum á vettvangi við Jökulsá, sem ekki hafa farið fram í sumar.

Í sambandi við lokaorð hv. þm. þá mun ég einmitt leggja áherzlu á, að þessum rannsóknum í sambandi við Dettifossvirkjunina verði hraðað sem mest, en þær eru, eins og ég sagði, í tengslum við hugsanlega möguleika á staðsetningu stóriðju fyrir norðan. Nefnd sú, sem sett var á laggirnar og skipuð var fulltrúum frá svissneska álfélaginu og ríkisstj., til athugunar á þessu máli, hefur haldið marga fundi og framkvæmt ýmsar athuganir, og Orkustofnunin er einmitt að herða athuganir sínar á Dettifossvirkjun og samanburði á verði orkunnar frá Dettifossvirkjun eða frá virkjunum hér syðra, með flutningi yfir hálendið, því að þessi nefnd er að stefna að því að geta skilað niðurstöðum sínum, sinni fyrstu álitsgerð, til rn. nú mjög fljótlega á næsta ári. Þeir hafa rætt um það lauslega. Ég held, að við ættum að geta staðið við þá áætlun í marz—apríl eða eitthvað því um líkt og þá einmitt á grundvelli þessara frekari rannsókna, sem getið var um, að haldið væri áfram með Dettifossvirkjunina og samanburði á raforkuverði frá slíkri virkjun, sem eru frumáætlanir og verður að gera með fyrirvara, og hvað líklegt væri, að orka flutt að sunnan mundi kosta miðað við svo og svo mikla notkun, sem væri komin til greina, þegar stóriðja væri með í spilinu fyrir norðan. En það er auðvitað sífellt að þessu unnið.

Mér er ljóst, að það er eðlilegt, að þm. finnist, að rannsóknirnar gangi of seint. Við höfum tilhneigingu til þess, leikmenn, að álíta, að það sé of mikill seinagangur út af fyrir sig á rannsóknum. Sérfræðingarnir líta nokkuð öðrum augum á það, og auk þess er okkur nokkuð vant fjár til þess að hraða rannsóknunum eins og við kannske vildum. En hér er einmitt verið að reyna að leggja áherzlu á þetta sérstaka svið og að hraða því sem verða má, og ég vildi mega vona, að þeir, sem mestan áhuga hafa fyrir því, sætti sig við þann gang mála, sem á þessu verður. En ég tek það fram, að ég held, að það væri mjög æskilegt, að þm., sem mestan áhuga hefðu fyrir tilteknum rannsóknum á tilteknum svæðum, hefðu samband t. d. við rn., sem mundi að sjálfsögðu hlutast til um að veita þeim á hverjum tíma þær upplýsingar, sem tiltækar eru, og ræða um það við Orkustofnunina. Þá gætu menn kannske oft fengið betri og fullkomnari upplýsingar frá sérfræðingunum sjálfum með þeim teikningum og gögnum, sem þeir hafa í höndum, en hægt er að gefa hér af ráðh. í stuttum svörum í þingsölunum. Ég vildi fyrir mitt leyti hlutast til um það með öllu móti, að bæði rn. og þær stofnanir, sem undir mitt rn. heyra, séu á hverjum tíma sem liðtækastar fyrir þm. til slíkrar upplýsingagjafar.

23. Samgöngumöguleikar yfir Hvalfjörð.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð o. fl. [103. mál, 1] (A. 109).

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 109 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp., með leyfi forseta:

„Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var til að vinna að fullkominni rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð, samkv. þál. samþ. 18. apríl 1967?"

Það er nú liðinn alllangur tími fram yfir það, sem kveðið var á um, er umræddri rannsókn skyldi ljúka. Hins vegar er mér kunnugt um, að nefndin, sem skipuð var til þess að vinna að þessu verkefni, hefur unnið að því að kanna málið. Hún hefur haft til þess nokkra fjárveitingu, sem ætlað var, að nægja mundi til þess að ljúka verkefninu. Ég hef því leyft mér að bera fram þessa umræddu fsp. til hæstv. samgrh.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hinn 17. maí 1967 skipaði rn. þriggja manna nefnd samkv. þál. frá 18. apríl 1967 til þess að gera fullnaðarrannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð. Skyldi nefndin skila áliti eigi síðar en í árslok 1968. Í nefnd þessa voru skipaðir Björgvin Sæmundsson bæjarstjóri á Akranesi, Gústaf E. Pálsson borgarverkfræðingur, Reykjavík, og Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri, og var sá síðastnefndi skipaður formaður. Nefndin hélt fyrsta fund sinn 8. júní 1967, og var þá gerð starfsáætlun fyrir það ár. Á þeim fundi var einnig ákveðið að ráða Guðlaug Þorvaldsson prófessor sem hagfræðilegan ráðunaut nefndarinnar.

Samkvæmt starfsáætlun nefndarinnar var þetta gert á árinu 1967: Komið var fyrir sjálfritandi umferðarteljara við Fossá í Kjós, og einnig var umferð talin í eina viku allan sólarhringinn við vegamót Vesturlandsvegar og Akranesvegar í júlí, ágúst og okt. Til þess að fá hugmynd um vöruflutninga um Hvalfjörð og hvernig þeir dreifast, var öllum flutningafyrirtækjum, sem afgreiðslu annast fyrir langferðabíla, skrifað og einnig öllum kaupfélögum vestan Hvalfjarðar svo og nokkrum öðrum fyrirtækjum, sem vitað var, að rækju sjálfstæða flutninga þessa leið. Bárust svör frá allmörgum þessara aðila, en aðrir kváðust reiðubúnir að láta nefndina kynna sér gögn í þessu efni, ef nefndin vildi taka að sér úrvinnslu þeirra. Kannaðir voru fjórir lendingarstaðir fyrir ferjur beggja vegna Hvalfjarðar, og að þeirri athugun lokinni var ákveðið að láta gera loftmyndakort af tveim stöðum beggja vegna fjarðarins, þ. e. á leiðinni Saurbær—Innrihólmur og leiðinni Kiðafellsá—Galtavík. Voru grunnmælingar fyrir loftmyndakort gerðar á þessum stöðum og loftmyndir teknar. Var áformað að teikna loftmyndakort snemma á árinu 1968 og gera þá einnig nauðsynlegar sjómælingar á ofangreindum lendingarstöðum. Í samráði við vitamálastjóra og straumfræðistöð Orkustofnunar var tekinn á leigu sérstakur öldumælir hjá Tækniháskólanum í Kaupmannahöfn. Var öldumælir þessi settur niður 16. des. 1967 út af Brautarholti og lögð út í hann liðlega 2 km löng leiðsla frá landi. Fljótlega komu í ljós miklir erfiðleikar við rekstur mælisins, bæði við sjálfan mælisbúnaðinn og leiðsluna frá mæli og í land. Var mælingum þessum hætt í júní 1968, og var árangur af þeim mjög takmarkaður. Þar sem engin fjárveiting fékkst til áframhaldandi starfa nefndarinnar á árinu 1968, tilkynnti rn. nefndinni með bréfi dagsettu 12. marz 1968, að fresta yrði frekari störfum hennar um sinn. Engin fjárveiting fékkst tekin á fjárlög fyrir árið 1969 til greiðslu kostnaðar við áframhaldandi störf Hvalfjarðarnefndar.

Er unnið var að undirbúningi vegáætlunar fyrir árin 1969—1972 á Alþ. fyrri hluta árs 1969, gerði Hvalfjarðarnefnd ítarlega grein fyrir störfum sínum fram til þess tíma svo og áætlun á kostnaði við að ljúka störfum nefndarinnar. Var þar gert ráð fyrir, að kostnaður við að ljúka þeim störfum yrði 1.5 millj. kr., og ættu niðurstöður væntanlega að geta legið fyrir í árslok 1970 eða við endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1971 og 1972. Í vegáætlun fyrir árin 1969 og 1970 var tekin upp 700 þús. kr. fjárveiting til Hvalfjarðarnefndar árið 1969 og 800 þús. kr. fjárveiting árið 1970.

Eftir að fjárveiting fékkst til áframhaldandi starfa nefndarinnar, hefur þetta verið gert: Haldið hefur verið áfram umferðartalningu við Fossá í Kjós með sjálf-

virkum umferðarteljurum. Einnig voru gerðar ítarlegar kannanir á umferð við Ferstiklu í Hvalfirði á öllum vörubifreiðum og almennings- og áætlunarbifreiðum sumarið 1969. Voru þessar kannanir gerðar eina viku í senn í júlí, ágúst, sept., okt. og nóv. og enn fremur eina viku í marz 1970. Voru allar bifreiðar af framangreindum gerðum stöðvaðar og bifreiðastjórar spurðir ýmissa spurninga, eins og hvert ferðinni væri heitið og í hvaða tilgangi, hvaðan væri komið, hvaða vöruteg-undir væru fluttar og hve mikið að þyngd. Skráð var gerð bifreiðar, burðarþol, tími sólarhrings, hve margir voru í bifreiðinni o. s. frv. Hefur prófessor Guðlaugur Þorvaldsson nú unnið ítarlega skýrslu úr þeim gögnum, sem fengust við þessar talningar, svo og hinum sjálfvirku umferðartalningum, sem framkvæmdar voru jafnhliða. Gefur þessi umferðarkönnun mjög veigamiklar upplýsingar um alla umferð fyrir Hvalfjörð og raunar einnig að verulegu leyti fyrir Borgarfjörð.

Þar eð könnun nefndarinnar á veðurathugunum beggja vegna Hvalfjarðar leiddi í ljós, að Veðurstofan hafði engar mælingar á vindstyrkleika í sjálfum Hvalfirði, en hins vegar er vitað, að vindstyrkleiki í Hvalfirði í norðan- og norðaustanátt getur orðið mjög mikill og gæti torveldað ferjurekstur á fyrirhuguðum ferjuleiðum, þá var samið um það við Veðurstofu Íslands sumarið 1969 að koma upp vindmælum við Hjarðarnes á Kjalarnesi. Hófust þær vindmælingar í ágúst 1969 og hafa staðið óslitið til októberloka 1970. Hefur ekki enn verið unnið nema að litlu leyti úr þessum vindmælingum, en þær hafa hins vegar leitt í ljós, að um mjög snöggar vindbreytingar er að ræða á þessu svæði.

Á árinu 1969 var lokið gerð loftmyndakorta af væntanlegum ferjustöðum á þeim tveimur ferjuleiðum, sem nefndin hefur látið kanna. Hafa sjómælingar á ferjustöðum einnig verið felldar inn á þessi kort. Er því unnt að gera áætlanir um kostnað við ferjuhafnir á þessum stöðum, þegar stærð á ferju hefur verið ákveðin. Jafnhliða sjómælingum á ferjustöðum hafa verið gerðar dýptarmælingar yfir Laxárvog og leiðina frá Múlafjalli yfir í Þyrilsnes. Könnun hefur einnig farið fram á hugsanlegum vegarstæðum í sambandi við framangreindar ferjuleiðir. Einnig mun liggja fyrir á næstunni loftmyndakort í stærðarhlutföllunum 1:5000 úr Kollafirði að Eyri í Kjós, sem gerir áætlunargerð um vegarlagningu á þessari leið tiltölulega auðveldari. Haft hefur verið samband við norsku vegamálastjórnina um ýmsar upplýsingar varðandi ferjurekstur, en Norðmenn hafa flestum þjóðum meiri reynslu í ferjurekstri, þar sem reknar eru þar um 150 bílferjur.

Hvalfjarðarnefnd telur sig nú hafa lokið að mestu nauðsynlegustu gagnasöfnun til úrlausnar verkefnum sínum. Hins vegar er eftir mikið starf við úrvinnslu gagna og samningu lokaskýrslu. Ráðgerir nefndin að leita eftir sérfræðilegri aðstoð frá norsku vegamálastjórninni varðandi ýmis tæknileg atriði, og hefur aðstoð verið heitið í því efni. Ráðgerir Hvalfjarðarnefnd að geta skilað lokaniðurstöðum í marz n. k., svo framarlega sem úrvinnsla gagna leiðir ekki í ljós einhver atriði, sem krefjast alveg nýrrar gagnaöflunar, en það er ekki óalgengt um rannsóknir af þessu tagi.

Fyrirspyrjandi (Jón Árnason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. samgrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér í sambandi við þá rannsókn, sem þegar hefur átt sér stað varðandi efni þessarar þáltill.

Það er, eins og bent var á á sínum tíma, ýmislegt enn ókannað af því, sem óskað var eftir og talið nauðsynlegt, að rannsakað væri, þó að margt sé þegar búið að rannsaka. Það var t. d. um það talað, að það ætti að athuga, hvaða sparnaður gæti átt sér stað í rekstri vegna styttingar vega í hlutfalli við vegalengdir, og það var einnig talað um sparnað, sem gæti átt sér stað í fjárfestingu í bílum og öðrum samgöngutækjum t. d. skipum, og hvaða áhrif betri samgöngur til vesturs frá Reykjavík gætu haft til þess að létta á öðrum vegum frá Reykjavík. Þá var loks um það rætt, að kannað yrði, hvaða áhrif slíkir nýir samgöngumöguleikar gætu haft á búsetu og fólksfjölgun hinna ýmsu staða, sem málið varðar mest, t. d. Akraness og Borgarness. Það segir sig sjálft, að góðar og greiðar samgöngur við höfuðborgarsvæðið geta haft úrslitaþýðingu í mörgum tilfellum. Þá er það einnig, að það var mjög nauðsynlegt, að þessari rannsókn yrði sem fyrst lokið með tilliti til þess, hvað á að gera varðandi samgöngurnar, sem nú eru á milli Reykjavíkur og Akraness og fara fram með Akraborg. Akraborg er nú orðið 12 ára gamalt skip, og það er að mörgu leyti óhentugt, þó að það veiti enn í dag mikla þjónustu og meiri þjónustu en nokkur annar flóabátur gerir hér við ströndina. Því að það eru ekki færri en 40—50 þús. farþegar árlega, sem skipið flytur milli Reykjavíkur og Akraness, og af því verður bezt séð, hve mikla þjónustu þetta farþegaskip veitir. Samt sem áður er það nú svo, að rekstur þess er ekki nógu góður. Það verður að veita fjármagn árlega, eins og til annarra strandferða hér við land, til þess að endar nái saman, en það kann svo að fara, ef byggt yrði nýtt og fullkomið skip, hagfellt skip miðað við þessa flutninga, að fá mætti betri rekstrargrundvöll fyrir slíka ferju. Og það er einmitt eitt af því, sem ætlazt er til, að þessi rannsókn feli í sér, sem nefndinni var falin. Ég vil að lokum þakka ráðh. fyrir þessar upplýsingar og vænti þess, eins og fram kom í svari hans, að rannsóknin verði lokið eigi síðar en í marzmánuði n. k.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú biðja hv. fyrirspyrjanda afsökunar á því, að ég á eftir að svara 2. lið fsp. Ég hef litið á þetta sem eina fsp. í tveimur liðum, en mér bara sást yfir áðan að svara seinni liðnum.

Það má geta þess, að í vegáætlun fyrir árin 1969—1972 er veitt fé til rannsóknar á ofangreindu verkefni, brúargerð yfir Borgarfjörð. Árið 1970 100 þús. kr., árið 1971 400 þús. kr. og árið 1972 100 þús. kr. Við samningu vegáætlunar hefur því verið gert ráð fyrir, að rannsóknum þessum lyki fyrst á árinu 1972. Samkv. upplýsingum vegamálastjóra hafa eftirfarandi athuganir verið gerðar varðandi hugsanlega brúargerð yfir Borgarfjörð frá Borgarnesi: Loftmyndir hafa verið teknar frá Borgarfirði milli Seleyrar og Borgarness og nauðsynlegar grunnmælingar gerðar í því sambandi. Er því hægt að teikna loftmyndakort af þessu svæði, og er áætlað, að það verði gert snemma á næsta ári. Gerðar hafa verið dýptarmælingar í Borgarfirði frá Seleyri að Borgarnesi af sjómælingadeild vitamálaskrifstofunnar, og verður hægt að fella þær mælingar inn í fyrirhugað

loftmyndakort. Komið hefur verið fyrir fastapunktum inn með firðinum frá Seleyri til Borgarness og þeir hallamældir. Jafnframt hefur verið mælt langsnið við Hvítá, Norðurá, Grímsá og Andakílsá, svo að unnt verði að meta hugsanleg áhrif á vatnsstöðu við byggingu brúar yfir Borgarfjörð. Rætt hefur verið við Orkustofnun um að koma upp síritandi vatnshæðarmælum á nokkrum stöðum í Borgarfirði og ofangreindum ám til þess að afla upplýsinga um þær sveiflur, sem nú eru á þessu vatnasvæði til samanburðar við þær sveiflur, sem hugsanleg brúargerð kynni að hafa í för með sér. Rætt hefur verið við Orkustofnun um að láta fara fram mælingar í hugsanlegri brúarlínu frá Seleyri til Borgarness, sem gætu gefið til kynna, hve djúpt er niður á fastan botn. Jafnframt hafa verið athugaðar leiðir til frekari könnunar á burðarþoli fjarðarbotnsins, en fyrirkomulag þeirra yrði þó ekki endanlega ákveðið fyrr en mælingunum er lokið. Þegar er ljóst, að lausn þessa verkefnis muni kosta allmiklu meira fé en veitt er til þess í vegáætlun. Sérstaklega verður kostnaðarsamt að koma upp síritandi vatnsmælum og framkvæma fullnaðarrannsóknir á jarðlögum í botni. Jafnhliða athugun á fyrirhugaðri brúargerð yfir Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness hefur verið gerð jarðvegskönnun meðfram núverandi veglínu til þess að unnt yrði að fá samanburð á kostnaði við endurbyggingu hennar og þá sérstaklega brúar á Hvítá hjá Ferjukoti og brúnna yfir Ferjukotssíki. Verði nægjanlegt fé fyrir hendi, ætti að vera hægt að ljúka fullnaðarathugun varðandi brúargerð yfir Borgarfjörð fyrir árslok 1972.

Fyrirspyrjandi (Jón Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður í sambandi við þetta. Ég vil aðeins þakka hæstv. samgrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf varðandi síðari lið fsp., um brú yfir Borgarfjörð. Það er almennt álitið, að sú brú, sem hér um ræðir, sé mikið nauðsynjamál og verði ekki lengi frestað, eftir að nauðsynlegum undirbúningi og rannsóknum hefur verið lokið. Svo sem kunnugt er, er þessi vegur fyrir Hvalfjörð og upp í Borgarfjörð eina leiðin í dag, sem tengir Vesturlandið, Norðurlandið og Austurlandið við höfuðborgarsvæðið, og af því má öllum vera ljóst, að hér er um mjög mikilsverða samgönguæð að ræða. Hins vegar er brúin yfir Hvítá hjá Ferjukoti nú orðin um 40 ára gömul, og það segir sig sjálft, að það er takmarkaður tími, sem hægt er að búast við því, að hún geti reynzt örugg til þess að taka á sig þá miklu umferð, sem þar fer um. Hins vegar er einnig á það að líta, að brú, sem byggð yrði yfir Hvítá hjá Borgarnesi, mundi koma að meira gagni en bara sem samgönguæð fyrir allt þetta svæði, því að þetta hlýtur að vera sérstaklega stórt hagsmunamál fyrir t. d. þá, sem búa í Borgarnesi og Borgarfirði eða vestur á Mýrum og Snæfellsnesi, því að þegar þar að kemur, mun það sýna sig, að það mun stytta mikið leiðina til höfuðborgarsvæðisins.

Ég mun svo ekki orðlengja frekar um þetta, herra forseti, en þakka þessar upplýsingar. Mér var það ljóst, að rannsóknum á þessu máli er engan veginn lokið, þær eru aðeins á byrjunarstigi, en eigi að síður er gott að geta fylgzt með því, hvað er að gerast í þessum efnum, því að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða.

24. Veiðisvæði til dragnótaveiða í Faxaflóa.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um álitsgerðir vegna opnunar veiðisvæða til dragnótaveiða í Faxaflóa s. l. sumar [103. mál, 2] (A. 109).

Á 9. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Í lögum um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti segir, að ráðh. geti samkv. till. Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimiluð á tilteknum svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. okt. eða skemmri tíma. Síðan segir orðrétt í 1. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en gerðar eru till. um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerðir, skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd."

Þegar lagafrv. um dragnótaveiðar var til umr. hér á hv. Alþ., lögðu flm. þess talsverða áherzlu á þann vilja sinn, að í sambandi við framkvæmd laganna yrði sem varlegast farið og þ. á m. yrði tryggt, að leyfi til veiða með dragnót á ákveðnum svæðum yrðu ekki veitt, nema fyrir lægi eindreginn vilji þeirra, sem hagsmuna höfðu að gæta á viðkomandi veiðisvæðum. M. a. sagði hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir staðir, sem ekki óska eftir, að dragnót sé stunduð þaðan, hafa sjálfir aðstöðu til þess að koma í veg fyrir, að slíkt verði gert."

Og síðar í ræðu sinni sagði þessi sami hv. þm.:

„Ef sveitarstjórn óskar ekki eftir þessu og ef það er vilji almennings á þeim stöðum, að slíkar veiðar verði ekki stundaðar þar, hefur ráðh. ekki leyfi til þess að leyfa veiðarnar."

Og hv. 5. þm. Vestf., frsm. n., sem flutti frv., núv. hæstv. forseti Sþ., sagði m. a., með leyfi forseta:

„Samkv. því frv., sem fyrir liggur, geta sveitarfélögin fyrirbyggt, að tiltekin svæði verði opnuð, þannig að þeir, sem vilja loka ákveðnum svæðum fyrir dragnótaveiði, hafa nú samkv. þessu frv., ef að lögum verður, meiri rétt en þeir áður höfðu."

M. a. vegna þessara ummæla töldu margir við setningu laganna, að í rauninni yrði þeim, sem vildu standa gegn dragnótaveiðum á sínum svæðum, auðveldara að fá vilja sínum framgengt en hinum, sem vildu veita leyfi fyrir veiðunum. Í þá átt hnigu ummæli þeirra, sem að flutningi frv. stóðu, eins og ég hef rakið dæmi um. Svo hefur farið, að því er varðar umsagnir aðila um veitingu

leyfa til dragnótaveiða í Faxaflóa, að eftir því sem á hefur liðið og eftir því sem betur hefur komið í ljós, að þau aflauppgrip voru ekki fyrir hendi, sem ýmsir fiskifræðingar og aðrir höfðu spáð, og eftir að margt benti til þess, að þessar veiðar væru vægast sagt óæskilegar fyrir viðgang fiskstofna, hafa færri og færri fengizt til þess að mæla með því, að heimild yrði veitt til þess að veiða með dragnót á þessu svæði. Þrátt fyrir andstöðu og aukna andstöðu hafa veiðarnar verið leyfðar á ári hverju, og sýnilegt er nú, að svo til ókleift er fyrir sveitarstjórnir og aðra aðila að koma í veg fyrir þessar veiðar með umsögnum sínum, og skýtur því nokkuð skökku við það, sem heitið var í upphafi. Jafnvel hefur reynzt torvelt að fá upplýsingar um, hvernig umsagnir aðila hafa fallið. Þess vegna hef ég séð ástæðu til þess að bera fram við hæstv. sjútvrh. þessa fsp. um álitsgerðir vegna opnunar veiðisvæða til dragnótaveiða í Faxaflóa s. l. sumar:

1. Hvaða aðilar á Faxaflóasvæðinu voru beðnir um álitsgerðir vegna opnunar veiðisvæða til dragnótaveiða í Faxaflóa s. l. sumar?
2. Frá hvaða aðilum bárust svör?
3. Á hvern veg voru álitsgerðir, sem bárust: a) fyrir 25. apríl, b) fyrir 20. júní?

Þetta er í tvennu lagi, vegna þess að fáar umsagnir bárust fyrir 25. apríl og þá var ákveðið að auglýsa að nýju.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir fsp. Ég vil taka það fram áður en ég svara, að ég hef afhent honum afrit af þessu svari mínu, þannig að upptalning á mannanöfnum og nöfnum fyrirtækja, sem yrði hér langur og þurr lestur, ætti þess vegna að vera óþarfur.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 40 frá 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, segir svo:

„Ráðh. getur, samkv. till. fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði“ o. s. frv. Í 3. mgr. sömu gr. segir svo: „Áður en gerðar eru tillögur um opnun einstakra veiðisvæða, . . skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd“, og svo frekari tilvitnanir í þessar lagagr., sem fyrir liggja. Frá 32 aðilum á Faxaflóasvæðinu, sem óskað var álitsgerða frá um opnun veiðisvæðanna, bárust engin svör, en eftirgreindir aðilar höfðu verið beðnir um að láta Fiskifélaginu í té álitsgerðir sínar: 2 frá Höfnum, 3 frá Sandgerði, 8 úr Garði, 14 úr Keflavík, 2 úr Njarðvík, 2 frá Vogum, 5 frá Hafnarfirði, 9 frá Reykjavík, 3 frá Akranesi. Enn fremur voru tveir aðrir hreppar, sem ekki hafði verið sérstaklega leitað til, en létu álit sitt í ljósi, Breiðavíkurhreppur og Staðarsveitarhreppur. Álit þessi bárust fyrir 25. apríl s. l., og voru þau á eftirgreindan veg: 14 sögðu nei, 3 sögðu já. Höfðu aðeins 20% þeirra, er spurðir voru, sent inn álitsgerðir. Vegna ónógrar þátttöku í þessari könnun ákvað sjútvrn., að Fiskifélagið leitaði á ný álits allra þeirra aðila, er hagsmuna hafa að gæta um dragnótaveiðar í Faxaflóa, og var tilkynning þess efnis frá Fiskifélagi Íslands birt 12. júní s. l., og skyldu aðilar senda inn nýjar umsagnir um málið í síðasta lagi um 20. júní. Niðurstaða þeirrar skoðanakönnunar varð sú, að 39 aðilar sendu inn svör fyrir 20. júní s. l. 18 sögðu nei, 21 já. Í síðari könnuninni urðu þannig um 45% þeirra, er spurðir voru, til að gefa álitsgerð fyrir 20. júní. Þess má geta, að nokkrir aðilar sendu inn álitsgerð í fyrri skoðanakönnuninni, en ekki í þeirri seinni og enn nokkrir eftir 20. júní s. l., og breyttu þær álitsgerðir þó ekki niðurstöðunni.

Þótt þannig yrðu fleiri aðilar með opnun Faxaflóa til dragnótaveiða en á móti, verður samt sem áður einnig að líta til þess, að þeir aðilar, sem meðmæltir voru dragnótaveiðum, tala fyrir munn miklu fleiri manna, sem hagsmuna hafa þar að gæta, en þeir aðilar, sem á móti dragnótaveiðum voru. Í hinum stóru byggðarlögum, Reykjavík og Keflavík, voru allir aðilar, er álitsgerðir létu í té, meðmæltir opnun að undanskildum tveimur. Meðal þeirra, er meðmæltir voru opnun Faxaflóa til dragnótaveiða, var Landssamband ísl. útvegsmanna, Útvegsmannafélag Reykjavíkur, borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Keflavíkur og flestöll starfandi frystihús á þessum stöðum. Þótt dragnótaveiðar væru leyfðar á þessu sumri í Faxaflóa eins og undanfarin ár, var stór hluti flóans lokaður fyrir dragnótaveiðum. Veiðar voru bannaðar á svæði innan línu úr Garðskagavita um 14 gráður 12 mínútur n. br. og 22 gráður og 42 mínútur v. l. í Gerðistangavita og úr Hólmsbergsvita við bauju nr. 6 í Faxaflóa í Kirkjuhólmsvita. Enn fremur var lokað út af Reykjanesi á svæði innan línu, milli punkta, tvær sjómílur beint í vestur frá Stafnnestá og tvær sjómílur beint í vestur frá Reykjanestá, Önglabrjótsnefi. Svæði þetta takmarkast að norðan af línu beint í vestur frá Einbúa í Ósum og að sunnan af línu beint í vestur frá Reykjanestá, Önglabrjótsnefi. Þar með tel ég, að fsp. sé svarað.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, sem ég hef fengið að sjá skriflega í meiri smáatriðum en kom fram hér í svari hans núna, en þau sýna ljóslega, að í reynd er aðstaða sveitarstjórna til þess að koma í veg fyrir dragnótaveiðar í landhelgi og vernda sín veiðisvæði nánast engin. Og eins og ég áðan sagði, skýtur það mjög skökku við það, sem haldið var fram, þegar verið var að setja þessi lög á sínum tíma. Sú áherzla, sem flm. frv. lögðu við afgreiðslu þess á þann rétt sveitarstjórna að hindra opnun veiðisvæða, ætti vissulega að vega þungt, þegar rn. er að taka sínar ákvarðanir í þessu efni.

Þótt þeim sérstöku áréttingum flm. væri sleppt og einungis væri litið til þeirra ákvæða laganna, að óheimilt sé að opna veiðisvæðin nema álitsgerðir styðji almennt þá framkvæmd, þá er augljóst, að við veitingu leyfa til dragnótaveiða í Faxaflóa á s. l. sumri hefur ekki verið farið að lögum. Það er með engu móti hægt að halda því fram, að umsagnirnar styðji almennt þá ákvörðun að opna veiðisvæðin. Svör hæstv. ráðh. hefðu verið skýrari, ef hann hefði beinlínis tilgreint, hvernig hver og einn svaraði, en þau segja þó nóg í þessu efni. Í seinni skoðanakönnuninni mælir 21 með, en 18 á móti. Jafnvel þótt aðeins sé litið á þessar tölur, er auðsætt, að það er með engu móti hægt að sætta sig við það, að hægt sé að leggja á þær það mat, að þær uppfylli þau skilyrði 1. gr. laganna, að álitsgerðirnar styðji almennt þá ákvörðun að opna veiðisvæði til dragnótaveiða. Þá afsökun fyrir veitingu veiðiheimilda, að meiri mann-

fjöldi hafi staðið á bak við meðmælin en mótmælin, tel ég algerlega fráleita. Slíkur mannfjöldareikningur á sér enga stoð í lögunum og enn síður í þeim skýringum, sem fylgdu í umr. um lagafrv. á sínum tíma á Alþ., og jafnvel má miklu fremur segja, að þar hafi þvert á móti verið lögð öll áherzlan á það vald, sem hver einstök sveitarstjórn fengi til þess að koma í veg fyrir opnun veiðisvæðanna með sínum umsögnum.

Séu niðurstöðutölurnar úr skoðanakönnuninni athugaðar frekar, þá kemur enn betur í ljós, hversu fráleitt það er að halda því fram, að þessar tölur, 21 með og 18 á móti, styðji almennt þær aðgerðir rn. að leyfa dragnótaveiðarnar, því að í svari hæstv. ráðh. kom fram, að á tveim stöðum, Reykjavík og Keflavík, svara 23 aðilar. Þetta er í þeim svörum, sem ég hef séð skrifleg, en komu ekki fram hér áðan, en 23 aðilar úr Reykjavík og Keflavík svara, og þeir svara allir jákvætt nema tveir, þ. e. 21 svarar jákvætt, og þar eru þá komin öll þau jákvæðu svör, sem fengust á öllu svæðinu. Það þýðir, að allir aðilar, sem svöruðu frá Höfnum, Sandgerði, Garði, Njarðvíkum, Vogum, Hafnarfirði, Kópavogi, Akranesi, Breiðuvíkurhreppi og Staðarsveit, svara neitandi, hver og einn einasti frá öllum þessum stöðum. Það fer því ekki á milli mála, að því fer víðs fjarri, að álitsgerðirnar styðji almennt þá ákvörðun rn. að veita heimildirnar. Með miklu meiri rétti mætti halda hinu gagnstæða fram. Og augljóst er, að rn. átti ekki og mátti ekki veita leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa á s. l. sumri.

Ég er sannfærður um það, að margir og kannske flestir hv. þm. samþykktu lögin um dragnótaveiði í landhelgi m. a. eða frekar eingöngu vegna þess, að þeir treystu því, að við framkvæmd laganna yrði farið með sérstakri gát og fremur yrði gengið of skammt í þá átt að opna veiðisvæði en of langt og sérstaklega yrðu virt þau sjónarmið flm. frv., sem lögðu áherzlu á, að hver sveitarstjórn fengi með lögunum rétt til þess að vernda þau veiðisvæði, sem mikilsverð væru því fólki, sem byggi í viðkomandi sveitarfélagi. Sú niðurstaða, að leyfðar voru dragnótaveiðar í Faxaflóa s. l. sumar þrátt fyrir öll þau andmæli, sem bárust alls staðar að frá öllum stöðum á þessu svæði nema tveimur, er mjög í mótsögn við það, sem haldið var fram, að verða mundi, þegar verið var að setja lögin um dragnótaveiðarnar.

Hér er um liðinn tíma að tefla, og tjóar ekki frekar um hann að fást. Höfuðmáli skiptir, hvernig haldið verður á þessum málum í framtíðinni. Ég þykist þess fullviss, að persónulega hneigist hugur hæstv. ráðh. fremur að friðun þessara svæða og honum mundi falla betur að hlíta úrskurði þeirra fjölmörgu, sem svara neitandi í umsögnum sínum, en að veita veiðiheimildir á mjög svo hæpnum forsendum, eins og gert var s. l. vor. Og falli umsagnirnar á næsta vori á svipaðan hátt og nú síðast, þá vænti ég þess, að hæstv. ráðh. láti það eftir sér að friða Faxaflóa fyrir dragnót. Til þess hefur hann styrk í 1. gr. laganna og ekki sízt hefur hann styrk til þess í skýrum yfirlýsingum flm. frv. um dragnótaveiðar um ótvíræðan rétt einstakra sveitarfélaga til þess að koma í veg fyrir opnun veiðisvæða.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það hefði verið fróðlegt að heyra í sambandi við þessa fsp. um álitsgerðir vegna opnunar veiðisvæða til dragnótaveiða í Faxaflóa, það hefði verið fróðlegt að heyra, hverjir hafi helzt verið spurðir álits varðandi opnun svæða til sams konar veiða á öðrum mikilvægum miðum, þ. e. í Breiðafirði, en ráðh. hefur sennilega ekki tiltæk gögn til þess að svara því svona alveg á stundinni. En ég leyfi mér að fullyrða, að þegar um er að ræða undanþágur til veiða í landhelginni og raunar ýmsar fleiri ráðstafanir varðandi landhelgina, þá sé yfirleitt allt of lítið lagt upp úr áliti þess fólks, sem hlýtur að vera kunnugast öllum staðháttum, þess fólks, sem býr á nærliggjandi svæðum, og sjómanna, sem hafa lengi stundað veiðar á viðkomandi miðum. Oft er álit þessa fólks alveg andstætt áliti þeirra, sem öllu ráða þó yfirleitt um það er lýkur. Og þegar leitað er álits einhverra samtaka, þá vega venjulega þyngst á metunum skoðanir útgerðarmanna, hinna tiltölulega fámennu samtaka þeirra, en álit hinna fjölmennari samtaka, verkalýðsfélaga og sjómannafélaga t. a. m., eru oft á tíðum sniðgengin með öllu. Þetta hefur valdið mikilli gremju í slíkum félögum. Ég hef hér t. a. m. í höndum ályktun, sem samþ. var á fundi í sjómannadeild verkalýðsfélagsins Aftureldingar á Hellissandi 25. okt. s. l., þar sem svona vinnubrögðum er harðlega mótmælt. Það væri fróðlegt að lesa upp úr þessari ályktun, en til þess er ekki tími hér. Hins vegar ætla ég að leyfa mér að tefja fundinn örstutta stund með örfáum orðum um hörpudiskinn.

Samkv. upplýsingum, sem ég fékk í símtali við Stykkishólm í morgun, þá eru nú þeir bátar, sem stunda hörpudiskveiðar þarna vestra, orðnir samtals 20, og það er vitað um þrjá til viðbótar, sem eru að búast á þessar veiðar. Síðan þessar veiðar hófust í sumar, er afli bátanna orðinn u. þ. b. 3000 tonn, þessir bátar hafa skilað á land um 3000 tonnum. En það má gera ráð fyrir, að þeir hafi mölvað annað eins af þessari skel og skilið eftir á botninum. Þeir byrjuðu veiðarnar út undir Elliðaey, en þeir hafa verið að plægja botninn innar og innar og eru nú komnir inn undir Hrappsey og Arney. Fólkið þarna vestra, það fólk, sem hefur bezta aðstöðu til þess að fylgjast með þessum málum, er ekki í nokkrum vafa um það, að hér er um að ræða rányrkju af argasta tagi, og það óttast, að hörpudiskurinn, sem gæti með skynsamlegri skipulagningu á veiðunum og vinnslu hans orðið Snæfellsnesinu og fleiri byggðarlögum álitleg búbót með því að tryggja aukna og jafna atvinnu, fólkið óttast það, að hann verði óðar en varir með öllu uppurinn.

Sérfræðingar, sem beðnir hafa verið að segja álit sitt á þessu, eru e. t. v. ekki allir á sömu skoðun, en þó er mér kunnugt um, að í álitsgerð, sem Hafrannsóknastofnunin hefur sent hæstv. sjútvrh., lýsir stofnunin yfir þeirri skoðun sinni, að sjálfsagt sé að takmarka þessar veiðar þannig, að til þess að stunda þær þurfi bátar — eins og tíðkast með rækjuveiðar og raunar undanþáguveiðar með dragnót innan landhelginnar — sérstök leyfi frá ráðh. Mér virðist raunar sjálfsagt, að þau leyfi séu bundin við báta, sem róa frá Breiðafjarðarhöfnum og næsta nágrenni Breiðafjarðar. Ráðh. mun sjálfsagt telja sig verða að byggja slíkar leyfisveitingar á till. frá Hafrannsóknastofnuninni, og ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hefur Hafrannsóknastofnunin gert till. um þetta, og ef svo er, hvenær má búast við aðgerðum í málinu, þ. e. reglugerð, sem takmarki þessar veiðar, reglugerð, sem fæli í sér ákvæði um sérstakt ráðherraleyfi til þess að stunda þær?

Jón Árnason: Herra forseti. Það er vissulega mikið alvörumál, sem hér er á dagskrá núna og hæstv. sjútvrh. hefur verið að upplýsa um dragnótaveiðarnar. Þær upplýsingar, sem komu fram hér áðan, að það hefðu fyrst verið 14, sem sögðu nei, en 3 já, þær eru athyglisverðar að því leyti, að það er merkilegt, að það skyldu ekki vera alveg öfug hlutföll í þessum tölum, vegna þess að svo oft er búið að daufheyrast við röddum þeirra manna, sem hafa andmælt í þessu máli. Og það er líka eftirtektarvert, að í hvert skipti sem Fiskifélagið lengir frestinn til að skila umsóknum eða umsögnum um þetta mál, er það þegar nei-in eru fleiri en já-in. Ég held, að það séu ekki dæmi til þess, — ég hef reynt að fylgjast með því, og ég held, að það séu ekki dæmi til þess, að þeir hafi framlengt til þess að fá meiri þátttöku, þegar þannig hefur staðið á, að fleiri sögðu já í upphafi heldur en nei. Og það sýnir nokkuð, hvernig hugarfar þessara manna er, sem sjá um þetta.

Mér er mjög vel kunnugt um afstöðu og álit hæstv. sjútvrh. á þessari rányrkju, sem átt hefur sér stað hér í Faxaflóa, sérstaklega varðandi dragnótaveiðarnar. Hann hefur verið þeirrar skoðunar, að það verði að gæta allrar varúðar í þessum efnum. En það, sem ég tel, að sé nauðsynlegt sérstaklega að taka til rækilegrar endurskoðunar í þessum efnum, er að skapa nýjar og ákveðnar reglur um, hverja á að spyrja í þessum efnum. Mér er kunnugt um, að það er nokkuð handahófskennt, til hverra er leitað. Í sumum tilfellum er farið til einstakra báteigenda, í sumum tilfellum til fyrirtækja og í sumum tilfellum til sveitarstjórna eins og lögin gera ráð fyrir. En eins og ég segi, það eru einhverjir einstakir aðilar, sem eru valdir úr og þeim sent bréf og tilmæli. Það þarf að taka þetta miklu fastari tökum og setja ákveðnari og fastari reglur um þessar fyrirspurnir og hverja á að bera málið undir.

Út af því, sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh., þegar hann gat um niðurstöður úr þessum álitsgerðum, að þessir 21 töluðu fyrir munn miklu fleiri en hinir 18, vil ég segja, að það er nú eftir því, hvernig á það er litið. Hvað á að vera þyngst á metunum í þeim efnum? Við skulum bara líta til heilla byggðarlaga, sem eiga alla sína lífsafkomu undir því, að sjávarútvegurinn verði rekinn með góðum árangri, og svo aftur til Reykjavíkur. Við vitum, að landið allt á mikið undir því, að útgerðin gangi vel. En ef við lítum til hlutfallanna t. d. hér í Reykjavík, hve mikill hluti Reykvíkinga á lífsafkomu sína undir því, hvað dragnótaveiðar ganga vel eða fiskveiðar, ellegar þá íbúar þeirra byggðarlaga, sem byggja alla sína lífsafkomu á sjávarútvegi, eins og er víða hér við Faxaflóa, þá hygg ég, að það mætti kannske líta eitthvað öðrum augum á þær niðurstöður, sem felast í þessum tölum, sem fyrir liggja um þátttöku í þeirri atkvgr., sem farið hefur fram um þetta mál.

Það má heita undravert, hve þeir, sem í andófinu eru í þessu máli, halda lengi út að senda svör og yfirleitt láta álit sitt í ljós um þetta mál, svo hunzaðir sem þeir hafa verið, þó að þeir hafi sýnt áhuga. Það á við um þessa þrjá, sem sendu svör áður en fyrra tímabilið var útrunnið. Hinir, sem ekki gerðu það, hafa eflaust litið svo á, að það skipti engu máli, hve margir væru á móti. Þeir, sem meðmæltir séu veiðunum, hafi fiskifræðingana með sér og þá, sem ráða í þessum efnum, og það verði niðurstaðan, að þetta verði leyft, þó að andstaða sé í málinu.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er nú öllum kunnugt hér á hv. Alþ., að þetta eru viðkvæm mál, sem hér eru til umr. Það hefur sýnt sig, þegar þau hefur borið á góma á undanförnum árum, að hér sýnist sitt hverjum. Það var öllum ljóst, þegar núgildandi lög voru sett, að þau voru ákaflega vandmeðfarin og erfitt að meta á þær vogarskálar, sem þar var lagt til. Hinu vil ég mótmæla, sem hv. upphaflegur fyrirspyrjandi sagði hér, að ekki hefði verið farið að lögum. Það var tvímælalaust gert. Þess vegna fellur líka sú fullyrðing hans um sjálfa sig, að ekki hafi átt og ekki mátt veita leyfi. Hann gat þess réttilega og reyndar hv. 2. þm. Vesturl. líka, að þetta kæmi þó varla til af því, að ég hafi persónulega notað mitt ráðherravald til þess að knýja þetta í gegn, því að hér liggja skjallegar sannanir fyrir því, að ég var andvígur þessari lagasetningu á sínum tíma og fór ekkert dult með þá skoðun mína m. a. vegna þess, að ég óttaðist, að það yrði erfitt fyrir hvern, sem í þessu ráðherrasæti væri á hverjum tíma, að kveða upp úrskurð samkv. þeim reglum, sem lögin gera ráð fyrir.

Ég kemst ekki hjá því að átelja, ekki bara þá, sem sögðu já, eða þá, sem sögðu nei, heldur þátttökuleysið í þessum skoðanakönnunum. Ég tel, að það sé aðalmeinsemdin í þessu. Ég skal ekkert segja, hver úrslitin yrðu í þeim, ef þátttaka yrði þar yfir 20—30%. Það er ekki fyrr en í annarri umferð í jafnviðkvæmu máli, sem næst 40% þátttaka. Þetta er nánast óafsakanlegt.

Varðandi þá fsp. hv. 4. landsk. þm. um hörpudiskaveiðarnar eða skelfiskveiðarnar á Breiðafirði er það að segja, að strax og ágangur í þessar veiðar byrjaði, var gerð tilraun til þess að fylgjast með þeim, og hafði reyndar verið búin að standa yfir um tveggja ára skeið athugun á Breiðafirði öllum, ekki sérstaklega með hliðsjón af skelfiskveiðum, heldur almenn úttekt á Breiðafirðinum sem slíkum. Það sýndi sig, að samkv. kortlagningu fiskifræðinga var um allstór og magnmikil svæði af skelfiski að ræða. Þegar svo áskoranir bárust um það frá Stykkishólmsbúum sérstaklega og síðan fleiri aðilum, að þetta yrði með einhverju móti stöðvað eða hindrað í krafti vísindanna, þá voru þeir spurðir að nýju, hvort hér væri hætta á ferðum. Ég hef látið hv. þm. í té álit þessara fiskifræðinga, og hann hefur sannfærzt um það, eins og ég, að þeir telja, að þarna sé ekki um neina hættu að ræða og allra sízt á fyrsta árinu. Hins vegar verður mjög náið fylgzt með þessu.

Það er einnig rétt, að Hafrannsóknastofnunin og Fiskifélagið hafa gert það að bráðabirgðatillögu sinni, að á meðan með þessum veiðum sé fylgzt verði gefin út leyfi til veiðanna svipað og rækjuveiðileyfin við Ísafjarðardjúp. Sannleikurinn er sá með rækjuveiðileyfin í Ísafjarðardjúpi, að þau eru ekki bundin Ísfirðingum einum, þó að hingað til hafi svo verið, að það hafa ekki aðrir en ísfirzkir bátar um þetta sótt, og á ég þá við báta frá byggðunum við Ísafjarðardjúp, aðrir hafa ekki um það sótt. En það er talið af lögfræðingum mjög vafasamt, að hægt sé að binda leyfisveitinguna við ákveðið byggðarlag, að aðeins bátar frá þessu byggðarlagi megi veiða á þessum stað. Og ég hygg, að vinir mínir í Vest-

mannaeyjum mundu gjarnan vilja fá Selvogsbankann girtan af fyrir sig, og kynni þá að koma þar minna magn upp en á undanförnum árum.

Ég vil svo aðeins endurtaka fullyrðingu mína, sem ég viðhafði reyndar oft, áður en ég tók við þessu núverandi starfi mínu, að það beri að fara mjög varlega í þessum efnum. Ég held, að við ættum allir að leggjast á eitt um það, meðan lögin eru ekki beinlínis afnumin, að fá meiri þátttöku í þessar skoðanakannanir, sem Fiskifélaginu hafa verið faldar, þannig að réttari mynd fáist af raunverulegum vilja fólksins í þessum efnum.

25. Heyverkunaraðferðir.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um nýjar heyverkunaraðferðir [126. mál, 4] (A. 147).

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér tvær fsp. til hæstv. landbrh. um nýjar heyverkunaraðferðir. Fyrri spurningin er þannig:

„Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar samkv. þáltill., sem samþ. var á síðasta þingi um nýjar heyverkunaraðferðir?

Hefur landbrn. kynnt sér sérstaklega heyverkunaraðferð þá, sem Benedikt Gíslason frá Hofteigi hefur látið gera, og ef svo er, hver er niðurstaðan?“

Eins og kunnugt er, er ríkjandi mikill áhugi á því um allt land, að gerðar verði tilraunir með nýjar heyverkunaraðferðir. Þessi mál hafa verið rædd hér talsvert á Alþ. og mjög mikið í blöðum og á mannfundum. Fréttamiðlar hafa skýrt frá því, að ýmsar tilraunir varðandi þessi efni séu í gangi, og þar hefur m. a. sérstaklega verið skýrt frá þeim árangri, sem Benedikt Gíslason frá Hofteigi hafi náð. Mér þykir því full ástæða vera til að óska eftir því, að hæstv. landbrh. skýri hér frá því, hvað rn. hans hafi gert í þessum efnum, hvaða athuganir hafi farið fram á þess vegum um þetta mál og hvers megi vænta á næstunni varðandi þessi mál.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Á s. l. vori lagði ég fyrir bútæknideild landbúnaðarins, að hún gerði athugun á heyverkunaraðferð þeirri, sem Benedikt Gíslason hefur verið með í tilraunaskyni. Þess ber þó að geta, að það eru fleiri en Benedikt Gíslason, sem eru með ýmsar sérstakar aðferðir í athugun. Ég vil nefna Sigurbjörn Árnason, sem hefur sótt um styrk til fjvn. til tilrauna með nýja heyverkunaraðferð. Ég vil nefna Einar Guðjónsson. Hann er einnig með nýja aðferð. Ég vil nefna Ágúst Jónsson rafvirkja og svo Benedikt Gíslason. Allir þessir menn eru með tilraunir í heyverkunaraðferðum og hafa allir mikla trú á því, hver fyrir sig, að þeir séu með merkilegar tilraunir og merkilegar aðferðir, og ég get vel trúað því, að svo sé, því að það er vitanlega á margan hátt hægt að þurrka hey og er reynt með ýmsu móti. En í sambandi við prófunina á Hvanneyri er rétt að geta þess, að þar hafa verið reyndar ýmsar aðferðir, og ég tel rétt að lesa hér upp nokkuð úr þeirri skýrslu, sem borizt hefur frá Ólafi Guðmundssyni, sem annaðist athugun á þessari aðferð. Hann segir m. a.:

„Heyþurrkunaraðferð Benedikts Gíslasonar er í stórum dráttum sem hér segir:

Byggja skal þurrkhús fyrir hey við geymsluhlöðu og því blásið inn í hana að þurrkun lokinni. Þurrkhúsið skal byggt á stólpum, svo að loft leiki undir því á alla vegu. Í botni hússins skal vera net af pípum með heitu vatni eða gufu, sem hituð er upp með olíu í þar til gerðum katli. Fínriðið net er haft yfir pípunum, svo að heyið leggist ekki að þeim. Vifta skal vera staðsett á miðju þaki hússins, og á hún að draga loft neðan frá upp í gegnum heyið í þurrkhúsinu. Benedikt gerir ráð fyrir, að húsið sé 28 m² að flatarmáli og hæðin 2.5 m. Grasið sé sett nýslegið inn í þurrkhúsið, og áætlar hann að þurrka í því 70 hestburði á dag. Hann gerir ráð fyrir, að 6 tonn af fullþurru heyi fáist úr 10 tonnum af nýslegnu grasi, en eftir því að dæma ætti að vera um 50% af þurrefni í grasinu í stað 20%, sem almennt er reiknað með. Í grg. ræðir Benedikt um loftpípuafl, sem verki í samanþjöppuðu heyi og dragi loft upp í gegnum það líkt og sykurmoli vatn. Viftan í þakinu á að örva þennan loftstraum, en ekki kemur fram í grg., hve mikil afköst hennar skuli vera miðað við heymagn. Hitapípurnar undir heyinu eiga að flýta þurrkun heysins, en ekki eru heldur upplýsingar í grg. um það, hve mikil upphitunin á að vera. Það, sem einkum aðgreinir heyþurrkunarbúnað Benedikts frá venjulegu súgþurrkunarkerfi, er það, að viftan er staðsett í þaki þurrkhússins og sogar loftið upp í gegnum heyið í stað þess að þrýsta því neðan frá, eins og á sér stað í venjulegu súgþurrkunarkerfi. Heldur Benedikt því fram, m. a. í útvarpsviðtali sumarið 1968, að viftan skili miklu meira loftmagni við sog heldur en þrýsting miðað við sömu heystæðu. Þá heldur Benedikt því fram, að loftstraumurinn upp í gegnum heystæðu verði jafn í gegnum hana alla, þegar um loftsog er að ræða. Er þetta mikilvægt atriði, en tilraunir innlendar og erlendar með innipurrkun á nýslegnu grasi í stæðum hafa sýnt, að loftstraumurinn upp í gegnum heyið verður ætíð misjafn, hve vel sem reynt er að jafna heyinu í stæðunni. Loftið leitar upp, þar sem mótstaðan er minnst fyrir, heyið þornar þar á skömmum tíma, en annars staðar seint eða ekki. Árangurinn verður misþurrt hey og léleg nýting þurrkunarloftsins.

Í tilraunum sínum lagði bútæknideild megináherzlu á að kanna þessi tvö atriði, þ. e. loftmagnið, sem viftan skilaði, og loftstreymið upp í gegnum heystæðuna, annars vegar við loftsog og hins vegar við loftþrýsting. Til þess að framkvæma umræddar tilraunir var smíðað lítið þurrkhús á Hvanneyri í samráði við Benedikt Gíslason. Stærð þess var 2x2 m, veggháð 1 m og hæð stólpa undir húsinu 50 cm. Botn heyþurrkunarrýmisins var rimlabotn úr tveggja tommu rimlum með tveggja

tommu millibili. Síðari hluta sumars var smíðað vatnselement úr ribburörum, sem sett var undir rimlabotninn og tengt vatnskerfi frá olíukyntum miðstöðvarkatli. Viftan var staðsett í röri 46 cm í þvermál, sem sett var á mitt þakið. Þak og veggir voru smíðaðir loftþéttir, þannig að viftan gæti ekki dregið kalt loft. Þurrkhúsið var þannig útbúið, að fljótlegt var að klæða utan á stólpa þessa að neðan og mynda lokað kerfi undir rimlabotninum. Var auðvelt að taka viftuna að ofan, tengja hana við kerfið og nota hana þannig til að þrýsta loftinu upp í gegnum heyið. Með slíkri aðstöðu var unnt að kanna loftmagn og loftstreymi upp í gegnum heyið, ýmist við sog eða þrýsting. Lofthraðamælir af ARMO-gerð var notaður til þess að mæla lofthraðann í röri upp úr þaki og loftmagn reiknað út frá því. Loftstraumurinn upp úr heystæðunni var mældur með vindhraðamæli. Raðað var hólkum af sömu stærð ofan á heystæðuna á tilteknum stöðum og lofthraðinn upp úr þeim mældur. Loftþrýstingur var mældur fyrir ofan heystæðuna, þegar sogað var, en í kerfinu undir rimlagólfi, þegar blásið var. Hita- og rakamælar voru notaðir til þess að fylgjast með ástandi útiloftsins og loftsins upp úr heystæðunni. Rennslismælir var settur á vatnslögnina frá vatnselementi og vatnshitamælir bæði í inntaksrör og úttaksrör þess. Sýni úr heyinu voru tekin með heybor, sýnin í lok hverrar tilraunar voru tekin með jöfnu millibili eftir hornalínum heystæðnanna."

Hér er um nokkuð að ræða, sem vert er að veita athygli. Þá segir í ályktunarorðum þessarar skýrslu:

„Niðurstöður framangreindra tilrauna benda til þess, að við inniþurrkun á heyi sé enginn raunhæfur munur á því annars vegar að soga loftið upp í gegnum það og hins vegar að blása því neðan frá, hvorki er tekur til loftsmagns viftunnar né jafnleika loftstraumsins upp í gegnum heyið. Kemur það saman við álit sérfræðinga á þessu sviði. Staðsetning viftunnar í þaki hlöðunnar krefst þess, að þak og veggir séu loftþéttir, en það hefur í för með sér dýrari byggingu en ella. Hiti sá, sem myndast í hreyfli viftunnar í vinnslu, nýtist til upphitunar og þurrkunar loftsins, ef viftan er staðsett í kerfi undir heyinu og blæs loftinu frá sér upp í gegnum það. Hitinn frá hreyflinum nýtist hins vegar ekki, ef viftan er staðsett í þaki hlöðunnar. Upphitunarkerfi fyrir loft til heyþurrkunar er að öðru jöfnu einfaldara og ódýrara í uppsetningu, þegar loftinu er blásið inn undir heyið, heldur en við loftdrátt upp úr þaki. Mælingar bútæknideildar sýndu, að nýting hitaorkunnar er lakari, ef opið er undir þurrkhúsið á alla vegu, heldur en við notkun lokaðs kerfis. Ákvörðun á meltanleik heysins sýndi, að rýrnun fóðurgildis þess var nokkuð breytileg, eftir því hve ört heyið þornaði í þurrkhúsinu. Í tilraun nr. 28 1969 var meltanleiki heysins við hirðingu 71%, en eftir þurrkun að meðaltali 69%.

Þurrkun á grasi með upphituðu lofti hefur tíðkazt um áratugi. Hér á landi hefur súgþurrkun heys með upphituðu lofti verið notuð á nokkrum stöðum um árabil með góðum árangri. Það er gömul reynsla, bæði hérlendis og erlendis, að hraðþurrkun á nýslegnu grasi í stæðum, eins og aðferð Benedikts gerir ráð fyrir, leiðir til misþornunar heysins, svo sem ljóst er af framangreindum niðurstöðum, en slíkt leiðir til lélegrar orkunýtingar. Hraðþurrkunartæki þau fyrir heyið, sem hafa rutt sér til rúms hin síðari ár, eru árangur af áratuga þróun, sem beinzt hefur að því að fá sem bezta nýtingu hitaorkunnar. Gras, sem er hæfilega þroskað til heyverkunar, inniheldur yfirleitt 20—23% þurrefni, sé þurrt á. Í fullþurru heyi eru um 85% þurrefni. Úr hverju tonni af grasi þarf því að þurrka u. þ. b. 750 kg af vatni. Þetta samsvarar því, að hverjum hestburði af þurru heyi fylgi um 300 kg vatns, sem þarf að þurrka upp. Í góðum hraðþurrkunartækjum fara því u. þ. b. 30 lítrar af olíu fyrir hvern hestburð af þurru heyi."

Þetta er skýrsla, sem mér hefur borizt frá bútæknideild landbúnaðarins og er byggð á tilraunum, sem gerðar voru á þessari heyþurrkunaraðferð.

Nú ber þess að geta, að Benedikt Gíslason hefur einnig framkvæmt þurrkun á heyi austur í Hveragerði, og hefur því verið lýst bæði í blöðum og í útvarpi og mikið af því látið, og ekki dettur mér í hug að gera lítið úr þessum tilraunum eða þessari uppfyndingu Benedikts, og það hefur sýnt sig, að það er vel mögulegt að þurrka hey með þessum hætti, en samkv. þeirri skýrslu, sem ég nú hef lesið upp úr, virðist á vanta, að unnt sé að þurrka heyið með ódýrum hætti á þennan hátt.

Það eru vitanlega margar aðferðir til þess að þurrka hey. Bændur hafa komið upp súgþurrkunarkerfum flestir hverjir, en árangurinn er því aðeins góður með súgþurrkuninni, að hægt sé að blása heitu lofti. Ef unnt er að blása heitu lofti, er hægt að hirða heyið lítið þurrt af vellinum og flytja það inn og þurrka það í sambandi við súgþurrkunarkerfið. En ef blásið er köldu lofti, eins og er enn hjá flestum bændum, þá þarf heyið helzt að vera dálítið þurrt, áður en það er látið inn. Súgþurrkun hefur eigi að síður hjálpað ákaflega mörgum, og þeir voru ótrúlega margir sunnlenzku bændurnir og vestlenzku, sem björguðu sér með súgþurrkuninni í óþurrkunum í fyrra.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins og bútæknideildin hafa annazt ýmiss konar tilraunir við þurrkun heys, og vitað er, að það eru margar aðferðir til í þeim efnum. Í sambandi við tilraunir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins má geta þess, að á s. l. sumri var gerð tilraun að Reykhólum í Reykhólasveit á vegum Rannsóknaráðs ríkisins og rannsóknastofnunarinnar til að þurrka hey við jarðhita, og hefur þurrkunin farið fram í þurrkunartæki, sem hannað var hérlendis í þeim tilgangi. S. l. sumar voru einnig gerðar tilraunir með þurrkun grass í þurrkunartækinu, og unnu rannsóknaráð og bútæknideild að þeim sameiginlega. Niðurstöður þessara tilrauna munu liggja fyrir innan skamms. Tilraunir voru gerðar með nýtingu og varðveizlu fóðurefna heys við mismunandi súgþurrkunaraðstöðu í hlöðum. Niðurstöður munu væntanlega liggja fyrir síðar í vetur. Gerðar voru tilraunir varðandi tap fóðurefna við mismunandi meðhöndlun heys á þurrkvelli. Tilraunir voru gerðar með verkun grass og grænfóðurs til votheysgerðar í mismunandi gerðum votheysgeymslna. Var áherzla lögð á hinar svo nefndu flatgryfjur, sem eru nýjung hér á landi. Vinnurannsóknir voru gerðar varðandi notkun mismunandi tæknibúnaðar við öflun grass og grænfóðurs til votheysgerðar.

Það er ljóst, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins, bútæknideildin eða Rannsóknaráð ríkisins hafa gert ýmsar tilraunir með verkun á heyi, og er sjálfsagt og nauðsynlegt, að það sé gert, svo þýðingarmikið sem það er að ná heyinu inn vel verkuðu. Ég hygg þó, að jafnvel

þótt það fyndist einhver aðferð, sem væri heppilegri en þær, sem nú eru í notkun hjá bændum, þá tæki það nokkurn tíma að gera hana þannig úr garði, að allir bændur eða flestir gætu notað hana. Og enginn vafi er á því, að ódýrast væri fyrir bændur að nota þann búnað, sem þeir nú hafa við súgþurrkunina, með þeim hætti, að þeir gætu blásið heitu lofti í súgþurrkunarkerfið. Þá þyrftu þeir ekki að spyrja að því, hvort það væri þurrkur eða sólskin næsta dag. Þá gætu þeir undir flestum kringumstæðum hirt sín hey óhrakin og góð í hlöðu.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér um þetta mál, en ég sakna þess, að mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram hjá honum, hvert framhaldið ætti að verða í þessu máli. Mér fannst helzt, að hann liti þannig á, að málið væri í höndum bútæknideildar eða Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og þessir aðilar ynnu áfram að athugun á því. Ég er þeirrar skoðunar, að það væri full ástæða til þess, að ráðh. skipaði sérstaka nefnd manna, sem nokkurn fróðleik hefðu um þessi málefni, eins og verkfræðinga eða aðra slíka, sem tækju að sér að gera ítarlega athugun á þessum hugmyndum, sem fram hafa komið og hæstv. ráðh. minntist hér á, og þá einnig á þeim hugmyndum, sem fram hafa komið hjá bútæknideildinni. Ég gæti vel trúað því, að slík athugun gæti einmitt leitt það í ljós, hvort einhverjar af þeim hugmyndum, sem þarna hafa verið á ferðinni, gætu haft verulega þýðingu fyrir bændur. Hitt sýnist mér ekki hyggilegt að binda sig eingöngu við þær athuganir, sem bútæknideildin hefur haft með höndum.

Það er nú greinilegt, að þessir hugmyndasmiðir, sem nokkuð hafa látið heyra frá sér um nýjar heyverkunaraðferðir, eru engan veginn ánægðir með það, sem gert hefur verið í þessum efnum á Hvanneyri hjá bútæknideildinni, og af því sýnist mér vera full ástæða til þess, að með þessar hugmyndir verði farið á svipaðan hátt og gert er í ýmsum öðrum tilvikum, þegar um er að ræða till. um nýjar vinnsluaðferðir eða nýjar verkunaraðferðir, að nokkrir sérfróðir menn verði valdir í sérstaka nefnd, sem geri úttekt á því, sem fyrir liggur. Það er mín skoðun, að ekki eigi að una við það, að þetta liggi á þeim stað, sem það liggur nú.

Ég ætla mér ekki að leggja neinn dóm á það, hvers virði þessar hugmyndir eru. Ég hef heyrt, eins og hæstv. ráðh. sagði hér, að það væri látið mikið af því af ýmsum, að t. d. þessi heyverkunaraðferð, sem Benedikt Gíslason frá Hofteigi hefur einkum gengizt fyrir og mun vera frumkvöðull að, hafi gefizt vel í reynd, en ljóst var af því, sem hæstv. ráðh. las hér upp eftir bútæknideildinni á Hvanneyri, að hún vildi gera mjög lítið úr þessari aðferð Benedikts og taldi hana í raun og veru nokkurn veginn sömu aðferðina og hér hefur verið notuð áður undir nafninu súgþurrkun.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér um málið, en vildi beina því til hans, hvort hann teldi ekki ástæðu til þess að fela þetta mál sérstökum mönnum í hendur til nákvæmari athugunar, og síðan yrði þá skýrt frá því, hverjar niðurstöður þeirra yrðu, og þar yrðu teknar líka til athugunar þær hugmyndir, sem fram hafa komið hjá bútæknideildinni á Hvanneyri, alveg eins og frá þeim einstaklingum, sem hér hafa verið nefndir í sambandi við hugmyndir varðandi þetta mál.

26. Æskulýðsmál.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um framkvæmd laga um æskulýðsmál [126. mál, 1] (A. 147).

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Hinn 6. apríl s. l. var afgr. sem lög frá Alþ. frv. til l. um æskulýðsmál. Samkv. lögum þessum skal stofna sérstakt Æskulýðsráð ríkisins, og skal hlutverk þess vera samkv. 3. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Að skipuleggja og samræma opinberan stuðning við æskulýðsstarf í landinu og örva starfsemi þeirra samtaka, sem að æskulýðsmálum vinna.

2. Að leitast við að samræma æskulýðsstarfsemi félaga, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál og efla þá til sameiginlegra átaka um lausn ákveðinna verkefna.

3. Að gera till. til menntmrn. um fjárveitingar til æskulýðsmála.

4. Að efna til umræðufunda og/eða ráðstefna um æskulýðsmál eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

5. Að safna gögnum um æskulýðsmál hérlendis og erlendis, fylgjast með þróun þeirra mála og láta í ljós umsagnir til stjórnvalda um mál, er varða æskulýð og æskulýðsstarfsemi. Ráðið hlutist til um, að fram fari fræðilegar rannsóknir á sviði æskulýðsmála.

6. Að sinna öðrum verkefnum, sem talin eru í lögum þessum eða rn. kann að fela því."

Í 5. gr. er heimild til þess að stofna æskulýðsnefndir eins eða fleiri sveitarfélaga, sem þá að sjálfsögðu ynnu í samstarfi við Æskulýðsráð ríkisins að framkvæmd þeirra mála, sem í þessum lögum felast.

Þá er í 6. gr. ákveðið um stuðning ríkissjóðs við félags- og tómstundastarfsemi, og skal hann m. a. fólginn í þátttöku í kostnaði við þjálfun leiðbeinenda.

Í 7. gr. er rætt um menntun æskulýðsleiðtoga: „Æskulýðsráð ríkisins gengst fyrir því, að haldin séu námskeið fyrir æskulýðsleiðtoga." Þá segir einnig í sömu gr.: „Heimilt skal að styrkja efnilega æskulýðsleiðtoga til framhaldsnáms og þjálfunar erlendis, eftir því sem fjárveitingar leyfa."

Fleira er í þessum lögum, sem ýmsir hafa markvert talið. Með lögum þessum er sem sé stefnt að víðtæku og skipulegu æskulýðsstarfi. Hæstv. menntmrh. beitti sér

sjálfur fyrir setningu laganna. Undirbúningur var umfangsmikill og kostnaðarsamur. Fjölmenn nefnd viturra manna starfaði að undirbúningnum árum saman, og af hálfu ríkisstj. voru lögin talin marka tímamót í æskulýðsmálum. Mörgum mun því eflaust leika forvitni á að frétta um framkvæmdirnar, og því hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. um það, hvað líði framkvæmd laga um æskulýðsmál.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á fundi 9. nóv. s. l. kusu aðildarfélög Æskulýðssambands Íslands og hliðstæð æskulýðssambönd þrjá fulltrúa og þrjá til vara í Æskulýðsráð ríkisins samkv. ákvæðum laga um æskulýðsmál. Kosningu hlutu þessir sem aðalmenn: Hafsteinn Þorvaldsson, formaður Ungmennafélags Íslands, Skúli Möller, framkvæmdastjóri Æskulýðssambands Íslands, og Bernharður Guðmundsson, æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar. Sem varamenn hlutu kosningu Þorsteinn Ólafsson stjórnarmaður, — titil hans hef ég hér ekki því miður, hann er rangritaður hér, — Þorbjörn Broddason lektor, Hannes Sigurðsson, stjórnarmaður í Íþróttasambandi Íslands.

Í bréfi dags. 10. nóv. s. l. tilnefndi Samband ísl. sveitarfélaga Gylfa Ísaksson bæjarstjóra á Akranesi sem aðalmann í Æskulýðsráð ríkisins, en sem varamann Markús Örn Antonsson, formann Æskulýðsráðs Reykjavíkur. Menntmrh. hefur skipað Örlyg Geirsson, fulltrúa í menntmrn., formann ráðsins.

Hlutverk æskulýðsráðsins er að leggja grundvöll að framkvæmd laga um æskulýðsmál og að marka stefnu í æskulýðsmálum í anda laganna. Stofnun Æskulýðsráðs ríkisins er fyrsta skrefið í þá átt að hrinda í framkvæmd lögum um æskulýðsmál, sem samþ. voru á síðasta Alþ. Um stofnun ráðsins hefur verið haft fullt samráð við æskulýðssamtökin í landinu, bæði um það, hvenær æskulýðsráðið skyldi stofnað, og eins hefur verið samkomulag um, að reglugerð samkv. lögunum skyldi ekki samin fyrr en æskulýðsráðið hefði verið stofnað og því gefizt tækifæri til að semja drög að slíkri reglugerð. Meðal fyrstu verkefna æskulýðsráðs mun verða að gera till. um, að auglýst verði laust til umsóknar starf æskulýðsfulltrúa ríkisins. Með þessum ráðstöfunum hefur verið lagður grundvöllur að því, að lög um æskulýðsmál gætu komið til framkvæmda svo fljótt sem kostur er, og í öllum atriðum hefur verið haft fyllsta samráð við æskulýðssamtökin í landinu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Mér þykir að vísu málinu ekki langt komið til framkvæmda. Það hefur eftir upplýsingum hæstv. ráðh. dregizt alveg til 9. nóv., að stofnað væri það æskulýðsráð, sem lögin gera ráð fyrir. Mér heyrist, að þetta ráð samanstandi af hinum mætustu mönnum, en mín skoðun er sú, að þeir megi gjarnan láta hendur standa fram úr ermum og fara að koma frá sér þeirri reglugerð, sem framkvæmd laganna byggist á. Og ég vil líka hvetja hæstv. ráðh. til þess að hotta á þessa menn og láta það ekki verða niðurstöðuna um þetta mál, sem svo lengi var í fæðingu, að það verði óeðlilega lengi látið liggja í vöggu.

27. Dragnótaveiði í Faxaflóa.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um reynsluna af dragnótaveiði í Faxaflóa o. fl. [139. mál, 1] (A. 171).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh., sem er í þrem liðum og hljóðar þannig:

„1. Hver er reynslan af áhrifum dragnótaveiða í Faxaflóa, sem leyfðar eru undir vísindalegu eftirliti, sbr. lög nr. 40 9. júní 1960?

2. Á ekki að setja reglur um rækjuveiðar við Eldey, er tryggi forgang báta af Faxaflóa- og Reykjanessvæðinu til þeirra, líkt og gildir um rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi og víðar?

3. Er fyrirhuguð leit að nýjum rækjumiðum í Faxaflóa og út af Reykjanesi?“

Fsp. þessar eru bornar fram að gefnu tilefni og vegna margítrekaðra tilmæla starfandi sjómanna í Reykjaneskjördæmi, sem ýmsir hafa haft við mig samband og beðið mig að koma þessum fsp. á framfæri, og ég vona, að hæstv. ráðh. geti gefið við þeim glögg og skýr svör.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef óskað eftir því við Hafrannsóknastofnunina, að hún sendi uppistöðu þess svars, sem gefið er við þessari fsp., samkv. þeim athugunum, sem hún hefur látið fara fram á umræddu tímabili.

Varðandi fyrsta lið fsp. er svarið á þessa leið: Fyrsta árið, sem dragnótaveiðar voru leyfðar samkv. lögum nr. 40 frá 9. júní 1960, var afli dragnótabáta frá Faxaflóahöfnum 4923 lestir. Tveimur árum síðar eða 1962 komst dragnótaafli Faxaflóabáta upp í 10539 lestir, en var á árabilinu 1963—1966 nokkuð jafn eða 6500—8000 lestir á ári. Eftir 1966 fór veiði dragnótabáta í Faxaflóa hins vegar ört minnkandi og komst árið 1968 niður í 684 lestir, en var 1395 lestir á árinu 1969. Tölur um afla dragnótabáta fyrir yfirstandandi ár voru því miður ekki fáanlegar, en ekki er talið, að aflinn sé verulega frábrugðinn því, sem verið hefur s. l. tvö ár, en meðaltal þeirra er um 1080 lestir.

Þátttakan í dragnótaveiðum á Faxaflóa hefur einnig minnkað á undanförnum árum. Þannig voru 32 bátar frá Faxaflóahöfnum gerðir út á dragnót árið 1964, 17 árið 1967 og 10 á s. l. ári. Meðalafli á bát á tímabilinu 1964—1967 hélzt nokkuð jafn eða 234—254 lestir á bát, en tvö s. l. ár var hann 114 og 140 lestir hvort ár. Hlutur hinna einstöku fisktegunda hefur verið nokkuð jafn frá ári til árs. Þannig hefur mest borið á ýsu flest árin. Sé tekið meðaltal áranna 1960—1968, kemur í ljós, að 42% afla dragnótabáta við Faxaflóa er ýsa, 33% er þorskur, 19% skarkoli, en ýmsar aðrar fisktegundir eru samtals 6%. Athuganir á lengdardreifingu aflans sýna, að sá fiskur, sem veiðist í dragnót, er í flestum tilfellum af svipaðri stærð og fiskur, sem veiðist t. d. í botnvörpu á

sömu fiskislóð, enda gilda sömu möskvastærðarákvæði fyrir dragnót.

Af framangreindu má ljóst vera, að bein áhrif dragnótaveiða í Faxaflóa á íslenzku þorsk-, ýsu- og skarkolastofnana hljóta að hafa verið mjög óveruleg, a. m. k. tvö undanfarin ár, þar eð dragnótaveiðin var þá aðeins 1000 lestir að meðaltali á ári eða innan við 1% af heildarveiði þessara fiskstofna. Nokkuð öðru máli gegndi á árunum 1962—1967, þá var skarkolaafli dragnótabáta við Faxaflóa um 15—20% af heildarskarkolaveiði við Ísland.

Þótt dragnótaveiðar síðustu tveggja ára séu í svo smáum stíl, að það geti vart haft nein teljandi áhrif á viðkomandi fiskstofna, ef á heildina er litið, er að sjálfsögðu ekki útilokað, að um einhver óbein og staðbundin áhrif geti verið að ræða, en slík áhrif verða þó vart einangruð frá allsherjarathugunum, sem gera þyrfti á skipulagi fiskveiða á Faxaflóasvæðinu með tilliti til veiðiaðferða og breyttra aðstæðna, sem skapazt hafa við rýmkun togveiðiheimilda í flóanum, aðstæðna, sem ekki voru fyrir hendi, þegar lög um dragnótaveiðar voru sett árið 1960.

Við öðrum lið fsp. eru svör mín þessi:

a. Rækjuveiðar hófust við Eldey í júlí á þessu ári, og er því aðeins fengin um fimm mánaða reynsla af þessum veiðum.

b. Veiðarnar hafa gengið vel til þessa, enda virðist hér um allstórt veiðisvæði að ræða.

c. Enn er ekki ljóst, hve lengi vetrarrækjuveiðar *muni stundaðar, en geta má þess, að á s. l. vetri fengu* rækjuleitarskip á miðunum út af Stafnnesi um 194 kg á togtíma í marz, en í apríl hafði rækjuafli minnkað verulega, og fengust þá mest um 100 kg á togtíma. Af framangreindum ástæðum þykir ekki nægileg reynsla fengin af rækjuveiðum á Eldeyjarsvæðinu, til þess að unnt sé að setja haldgóðar reglur um veiðitakmarkanir, en verði svo gert, þegar meiri reynsla er fengin, þykir sjálfsagt, að sömu reglur gildi og annars staðar um forgang báta frá nærliggjandi verstöðvum.

Þá vík ég að síðasta lið fsp.

Rækjuleitarleiðangur við Suðvesturland hefst hinn 30. nóv. Þess ber að gæta, að svarið er gefið nokkru fyrr, og mun þessi rækjuveiðaleiðangur því nú hafinn og mun standa fram til jóla. Auk rækjuleitar verður í leiðangrinum gerð ítarleg könnun á magni humars og fiskseiða í rækjuafla á Eldeyjarmiðum. Munu niðurstöður þessa leiðangurs væntanlega veita mikla vitneskju um, hvort eða hverra takmarkana sé þörf á framangreindum miðum.

Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjanda þyki þetta fullnægjandi svör.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann gaf við fsp. mínum hér áðan. Þær fsp. eru fram settar, eins og ég gat um, vegna margítrekaðra óska starfandi sjómanna í Reykjaneskjördæmi. Út af þeim atriðum, sem fsp. taka til og gengið hafa um ýmsar sögur, þar sem ýmis sjónarmið hafa stangazt á, þá tel ég, að með þeim svörum, sem hæstv. ráðh. hefur gefið, hafi talsvert unnizt, þannig að menn geti gert sér grein fyrir því, hvað t. d. Hafrannsóknastofnunin álítur um áhrif dragnótaveiðanna í Faxaflóa.

Ég hjó eftir því í svari hæstv. ráðh. í sambandi við l. lið fsp., að hann talaði um, að dragnótaveiðin tvö s. l. ár hefði verið tiltölulega lítil og hefði vegið lítið í heildarafla þeirra fisktegunda, sem þar greindi. En er það ekki einmitt afleiðing þess, að þeim bátum hefur fækkað mjög mikið, sem hafa verið gerðir út á dragnótaveiðar í flóanum, vegna þess að eftirtekjan, afraksturinn hjá þessum bátum hefur farið minnkandi sökum minnkandi afla? Og er þessi samdráttur í heildaraflabrögðum í flóanum og fækkun þeirra báta, er stunda dragnótaveiði, ekki einmitt nokkur vísbending um, að þarna sé um hættulega þróun að ræða í flóanum, sem ástæða sé til að líta alvarlegum augum og fylgjast vel með og byrgja þá brunninn, áður en barnið er dottið ofan í hann?

Um rækjumiðin við Eldey vil ég aðeins segja það, að á þau hafa sótt bátar frá mörgum byggðarlögum þessa lands. Þess munu dæmi, eftir því sem sjómenn segja mér, að bátar allt frá Vestfjörðum komi suður að Eldey til þess að veiða rækjuna og það séu jafnvel stærri bátar að rækjuveiðum við Eldeyna en algengt er bæði í Ísafjarðardjúpi og í Arnarfirðinum, svo að dæmi séu nefnd. Margir starfandi sjómenn á þessum miðum hafa sagt við mig, að þetta svæði sé ekki stærra en svo, að ef svo haldi fram sem verið hafi um sinn, að fjöldi báta sæki þessi mið, þá sé það gefið, að þau verði uppurin á tiltölulega mjög skömmum tíma. Ég tel því meira en vafasamt að bíða eftir einhverri langri reynslu með það að setja reglur um veiðarnar við Eldeyna. Ég held, að það gefi auga leið, að setja þurfi þar einhverjar reglur svipaðar þeim, sem í gildi eru bæði í Ísafjarðardjúpi og í Arnarfirðinum, og með það sé ekki eftir neinu að bíða. Ég fagna þeirri yfirlýsingu, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. um, að þegar þessar reglur verða settar, — ef þær þá verða settar — þá verði séð til þess, að forgangur heimabáta eða báta af þessu svæði verði tryggður.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja fáein orð í þessu sambandi og vitna til frekari sönnunar því, hve varhugaverðar þessar veiðar eru, dragnótaveiðar í Faxaflóa. Mér virtist á svörum hæstv. ráðh. hér áðan, að það liggi nú ljóst fyrir. Þessar veiðar voru upphaflega leyfðar í tilraunaskyni. Nú sýnist mér kominn tími til þess að takmarka þær aftur í tilraunaskyni og jafnvel stöðva þær alveg. Já, ég vil í þessu sambandi minna á skýrslu, sem Útvegsmannafélag Akraness hefur látið gera og birt hefur verið í blöðum, um ýsuafla landróðrabáta á Akranesi á haustvertíðunum 1960—1969. Þar kemur í ljós, að ískyggileg þróun hefur orðið á ýsustofninum í Faxaflóa. En skýrslan er svo hljóðandi, ég stikla aðeins á nokkrum árum, sem hún nær yfir:

Árið 1960 samsvarar ýsuaflinn 2.5 tonnum í róðri, 1963 hækkar hann í 3.3, 1966 fer hann niður í 2, og núna, 1969, er hann kominn í 0.8. Útvegsmenn segja í þessu sambandi, að það sé enginn vafi á því, að dragnótin og síðar trollið eigi sök á þessu, og þeir telja, að þessi veiðarfæri eigi alveg að banna, enda viðurkennt, að Faxaflói sé ein mesta uppeldisstöð ýsunnar. Og þeir spyrja jafnframt, hverjir stjórni þessu háttalagi. Er það Hafrannsóknastofnunin eða einhver annar aðili? Og þeir geta þess að lokum, að svo til vonlaust sé að gera út á línu frá Akranesi vegna hreinnar ördeyðu, og þeir

kenna áðurnefndri þróun um þetta. Þetta vildi ég gjarnan að fram kæmi við umr. um þetta mál.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem fram kom í svari hæstv. ráðh., sem gaf mér tilefni til að fara hér í ræðustól, en það var sú yfirlýsing hans, ef ég hef tekið rétt eftir, eða sú stefnumörkun, að heimabátar frá svæðum hér við Reykjanes ættu að fá forgang til rækjuveiða á miðunum, sem nú hafa fundizt við Eldey. Það, sem ég vildi spyrja hæstv. ráðh. um, er það, hvort þarna sé um stefnumörkun að ræða, sem beri að líta þannig á, að ef rækjumið finnast í námunda við aðrar verstöðvar eða útgerðarstaði, þá muni þessi regla einnig ná til þeirra staða, að heimabátar það hafi þá sérstakan forgang til þeirra veiðisvæða, sem þar kynnu að finnast.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Í upphafi vildi ég taka það alveg skýrt fram, að þau svör, sem ég gaf hér áðan, voru svör starfsmanna Hafrannsóknastofnunarinnar, orðrétt eftir þeim höfð, eins og þeir líta á málin. Til þess að svara aftur síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Sunnl., um það, að það sé stefnumarkandi, að bátar af tilteknum svæðum fái forgang að ákveðnum miðum, þá er langt í frá, að það sé mín skoðun. Þetta var skoðun Hafrannsóknastofnunarinnar, fiskifræðinganna þar, en ekki skoðun rn. Hverjir koma til með að ákveða það að lokum, hvort þessi leið verður farin eða önnur, því verða íslenzkir kjósendur að ráða, en í dag eru engin slík takmörk sett.

Það er alrangt, að utanbæjarbátum sé bannað að veiða í Ísafjarðardjúpi. Hins vegar hafa ekki aðrir sótt um leyfi til þess að veiða þar en Ísafjarðarbátar, þannig að á þetta hefur ekki reynt. Þetta held ég, að hafi komið fram í svörum mínum hér á síðasta fundi á hv. Alþ., þegar fsp. voru til umr. Það mál er óuppgert. Þær skoðanir, sem ég var hér að láta uppi áðan, voru skoðanir fiskifræðinganna eða þess fiskifræðings, sem umrætt svar samdi og átti að semjast að sjálfsögðu út frá vísindalegu sjónarmiði.

Varðandi þá skoðun hv. 2. þm. Reykn., hver væri ástæðan til þess, að svo ört hefði minnkað í þeim flota, sem stundað hefði dragnótaveiðar í Faxaflóa, þá var það áreiðanlega rétt, að meginorsök þess, að þessum flota eða þessum bátum hefur fækkað, er minni eftirtekja. Það er enginn vafi. En það er einnig annað, sem hefur verkað mjög á þetta og ég reyndi að kynna mér mjög vel um næstsíðustu helgi meðal útgerðarmanna og sjómanna á Suðurnesjum, sem harðastir voru í þessari sókn, sérstaklega þeir frá Keflavík. Þeir töldu, að það væri að sjálfsögðu rétt, að minni eftirtekja hefði orkað mjög í þá átt, að þeir legðu þessar veiðar niður, en svo einnig óvissan um það frá ári til árs, hvort þeir fengju veiðileyfi eða ekki. Ættu þeir að leggja í svona og svona mikinn stofnkostnað í algjörri óvissu, þangað til hálfum mánuði, tveimur til þremur vikum áður en veiði mætti hefjast, ef hún á annað borð mætti hefjast? Þetta hvort tveggja væru aðalástæðurnar til þess, að flotinn hefði minnkað svo mjög, að það voru ekki nema fjórir bátar, sem stunduðu þessar veiðar á s. l. sumri.

Þá kemur spurningin, sem hv. þm. minntist einnig á. Við erum sjálfsagt allir á svipuðu skeri staddir með þá vissu, að rækjan við Eldey, nýfundna rækjan við Eldey, kunni að verða uppurin á örskömmum tíma. Um þetta hef ég og rn. mitt reynt að hafa eins náin samskipti við Hafrannsóknastofnunina og mögulegt hefur verið og tel ekki aðra leið heppilegri en að biðja þá um að fylgjast með þessu nánast frá viku til viku og ekki aðeins hjá rækjubátunum heldur einnig hjá þeim bátum, sem eru á öðrum veiðum á þessum svæðum. Það er gömul saga þar syðra, sem ég þekki frá mínum ungdómsárum, að rækja hafi komið þarna upp úr fiski um áratugaskeið, sem bendir til þess, að þarna sé ekki um neitt takmarkað magn að ræða. Og gamlir sjómenn hafa sagt mér, að þetta séu ein öruggustu rækjumið, sem til þessa hafi fundizt, því að þeir hafi orðið varir við það alla sína ævi, að þarna gengi rækja upp úr fiski. Allt þetta eru fullyrðingar manna og sumpart byggðar á reynslu, sumpart á vísindalegum könnunum. Ég skal ekki setjast í dómarasætið um það á þessari stundu, hvorir hafi réttara fyrir sér. Það hefur stundum reynzt svo, að þeir, sem minna hafa lært eða numið á bókina, hafa getað haft eins rétt fyrir sér í þessum efnum eins og aðrir, og af gömlum kynnum mínum af þessu fólki hneigist ég nú ósjálfrátt til þess að hlusta betur á þessa menn, sem varið hafa nánast allri ævi sinni í að stunda þessi mið, heldur en jafnvel unga fiskifræðinga, þó að virðingarverðir séu og leggi sig alla fram um að gera sitt bezta. Ég skal á þessu stigi ekki fullyrða neitt um, hvort þessara sjónarmiða sé það rétta, en hitt hljótum við allir að geta verið sammála um, að þetta ber að kanna, jafnframt því að hlusta á þá fiskimenn, sem þarna eru bezt kunnugir, og að beita þeim tækjum og skipum, sem við höfum yfir að ráða í rannsóknarskyni í dag, svo sem mögulegt er. Nákvæmlega sama gildir um Kolbeinseyjarmiðin, sem fundust í fyrravetur, rækjumiðin þar. Þau þarf að kanna og fylgjast með þeim. Það er talið, að Kolbeinseyjarmiðin séu á langtum takmarkaðra svæði en Eldeyjarmiðin. Allt þetta þarf að kortleggja rétt eins og vísindamenn okkar hafa reynt að gera varðandi skelfiskveiðarnar.

Hv. 4. landsk. þm. tók hér upp skoðun, sem ég hef ekkert farið á mis við að kynnast í samskiptum mínum við Akurnesinga. Þeir halda því ákveðið fram, — og ég verð að viðurkenna það, að persónulega er ég ákaflega veikur fyrir þeim fullyrðingum, — að ýsugengdin í Faxaflóa eða minnkun hennar stafi af því, að við höfum verið of rúmir á leyfi til dragnótaveiðanna, en þó ekkert síður trollið. Það gleymist oft í umr. um þessi mál, — en ég held, að afstaða mín persónulega liggi alveg skýr fyrir, — að dragnótin er með sömu möskvastærð og trollið eða botnvarpan, svo að maður hafi yfir það fallega, íslenzka orð. Og það er áreiðanlegt, að bæði þessi veiðarfæri taka meira af smáfiski en önnur veiðarfæri gera. Á því leikur enginn vafi. En þau eru með sömu möskvastærð, og það er þess vegna ákaflega erfitt að gera upp á milli þeirra. Ég hef heyrt gamlan sjómann, sem var mikill dragnótarandstæðingur, halda því fram, að mismunurinn á dragnót og botnvörpu væri sá, að dragnótin væri eins og rakvélarblað, en botnvarpan væri ekki hættulegri en hárgreiða. Þetta kunna að vera samlíkingar, sem gætu staðizt, en þó því aðeins, að botnvarpan væri misnotuð, þ. e. klæddur pokinn, rétt eins og það var og er bannað að toga fyrir lausu með dragnót. Þetta kvað vera, að því er sögusagnir

segja, allt of almennt í dag, og þá er þetta nánast orðið sama veiðarfærið. Ég tel mig svo hafa skýrt frá minni persónulegu afstöðu, eins og hv. 3. þm. Sunnl. bað um í upphafi.

Hér eru, eins og oft áður, uppi fullyrðingar lærðra og leikra, sem erfitt er um að dæma fyrir hvern þann ráðh., sem dettur inn í það starf um takmarkaðan tíma, en rétt er þó að lofa báðum að sanna sitt mál, og ég hygg, að við þurfum að gera það sérstaklega varðandi hin nýju mið, sem nú eru að finnast, öllum til gagns og blessunar vonandi, en það er áreiðanlega engra manna áhugi, að vísvitandi séu þau eyðilögð.

28. Vöruvöndun á sviði fiskveiða og fiskverkunar.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um vöruvöndun á sviði fiskveiða og fiskverkunar [139. mál, 4] (A. 171).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa komið fram að undanförnu ýmsar kvartanir um skort á vöndun ýmissa sjávarafurða, sem seldar eru úr landi. Í því sambandi má minna á fiskstautamálið, sem nýlega var á dagskrá í Bandaríkjunum, og miklar skemmdir á saltfiskfarmi, sem fór til Ítalíu. Skortur á vöruvöndun virðist eiga sér stað á sviði fiskveiða og fiskvinnslu nokkurn veginn jöfnum höndum. Öllum má vera ljóst, að það er meginmál, að Íslendingar vandi sem bezt framleiðslu á útflutningsvörum sínum, og stefni jafnan að því að verða þar í fremstu röð. Til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem hafa komið hér í ljós, eru til margar mismunandi leiðir, t. d. að geyma ísaðan fisk í kössum, meðan hann er í fiskiskipunum, veiða ekki neitt með netum, herða fiskmatið, auka menntun og þjálfun þeirra, sem starfa að fiskvinnslunni, og margt fleira mætti nefna. Í tilefni af þessu er spurt:

„Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til aukinnar vöruvöndunar á sviði fiskveiða og fiskverkunar, og hvenær má vænta þess, að þær komi til framkvæmda?“

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í sambandi við framkomna fsp., hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera til að auka vöruvöndun á sviði fiskveiða og fiskverkunar og hvenær megi vænta þess, að þær komi til framkvæmda, er rétt að skýra frá ýmissi starfsemi, þ. á m. starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og tillögum nefndar um hollustuhætti í fiskiðnaði eða þeim þáttum hennar, sem lúta að vöruvöndun. Námskeið í fiskiðnaði hófust að tilhlutan sjútvrn. á árinu 1969. Hafa þegar verið haldin sex námskeið í hreinlætistækni fyrir verkstjóra, eftirlits- og matsmenn, og hafa þau staðið í 10—14 daga hvert. Eru þátttakendur í þessum námskeiðum nú orðnir 127 talsins. Þá má nefna kennslu í meðferð fiskafla í Sjómannaskólanum. Er þessi kennsla komin í það form, að haldið er eitt námskeið á vetri fyrir nemendur í fiskimannadeild skólans, sem stendur samfellt í eina viku, og fer kennslan fram í húsakynnum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eins og hreinlætisnámskeiðið. Auk þess hefur verið haldið á þessu ári eitt námskeið í síldarverkun um borð í fiskiskipum. Þessari fræðslustarfsemi verður haldið áfram og hún aukin, þar til skólamál fiskiðnaðarins eru komin í fast form. Í sambandi við fræðslumálin er rétt að geta þess, að forstöðumaður námskeiðanna hefur samið ítarlegar till. um fiskiðnskóla, sem byggðar eru á reynslu hans af námskeiðum og kynnum hans af skólamálum fiskiðnaðarins í Noregi og Nýfundnalandi.

Gerlafræðilegt eftirlit með afurðum og hráefnum fiskiðnaðarins hefur lengi verið þýðingarmikill þáttur í starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Hann er líka sá þátturinn, sem verið hefur í örustum vexti undanfarið, og stafar það bæði af auknum hreinlætiskröfum og vaxandi vinnslu á skelfiski og rækju. Er húsnæði gerladeildarinnar fyrir löngu orðið of lítið fyrir þessa starfsemi, auk þess sem deildin er of fáliðuð. Hvað húsakostinn snertir, þá má reikna með, að úr rætist, þegar lokið er þeim byggingarframkvæmdum, sem stofnunin er nú að hefja, og má í þessu sambandi enn fremur minna á nýsetta reglugerð um kröfur, sem gerðar eru til fiskvinnslustöðva, sem vinna eiga slíkan fisk, og nýlega hefur verið birt almenningi.

Sumarið 1969 var Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins aðili að tilraunum, sem gerðar voru í Vestmannaeyjum til þess að kanna og meta notagildi fiskkassa á sumarvertíð. Tilraunin leiddi í ljós, að nettóhagnaður af notkun kassanna var u. þ. b. 1 kr. á kg af slægðum fiski með haus. Var samin ítarleg skýrsla um tilraunina í bókarformi og henni dreift í samráði við félagasamtök innan sjávarútvegsins. Rétt er að geta þess, að auk Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins stóðu Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sameiginleg skrifstofa frystihúsanna í Vestmannaeyjum að þessari tilraun, en Fiskimálasjóður greiddi kostnaðinn. Nú eru í undirbúningi tvær tilraunir svipaðs eðlis hjá stofnuninni. Verður önnur fólgin í því, að vertíðarafli dagróðrabáta verður ísaður til þess að kanna, hvaða áhrif það hefur á fiskgæðin og nýtingu aflans, en vertíðarafli dagróðrabáta er ekki ísaður, enda er það ekki lögboðið. Hinni tilrauninni er ætlað að sýna, hvaða áhrif það hefur á fiskgæðin og geymsluþol fisksins, ef ísuðum togbátafiski er landað að sumarlagi í þar til gerðum kössum og hann svo geymdur í þeim í kæli, þar til hann er unninn. Verkefni af þessu tagi verða ekki unnin nema með góðri samvinnu milli rannsóknaraðilans, sjómanna og vinnslustöðvanna í landi, en þau eru hins vegar mikilvæg viðleitni til aukinnar vöruvöndunar.

Í fjórða lagi er starf tillögunefndar um hollustuhætti í fiskiðnaði, en nefnd þessi var skipuð haustið 1969, og var verkefni hennar að hafa forgöngu um undirbúning nauðsynlegra aðgerða hér á landi vegna væntanlegrar lagasetningar í Bandaríkjunum um eftirlit með fiski og fiskafurðum. Einnig skyldi hún fylgjast með þróun þessara mála í Bandaríkjunum og gera, eftir því sem

tilefni gæfist til, till. um nauðsynlegar ráðstafanir í þessum efnum hér á landi. Nefndin skyldi starfa í samráði við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Störf nefndarinnar hafa ööru fremur verið á sviði hollustumála, enda eru þau mál kjarninn í hinni væntanlegu, bandarísku eftirlitslöggjöf. Í byrjun var starf nefndarinnar einkum fólgið í söfnun gagna, en síðan tók hún sér fyrir hendur að kynna fiskiðnaðinum og sveitarstjórnum hina væntanlegu löggjöf, eftir því sem kostur hefur verið á. Þá hefur nefndin látið semja handbók fyrir frystihús í hreinlætis- og hollustumálum, og er hún nú þegar komin út. Er þetta allmikið rit, og er þar miðað við þær kröfur, sem væntanlega munu felast í hinni margnefndu löggjöf. Verður handbókin send öllum frystihúsum í landinu svo og eftirlits- og matsmönnum í fiskiðnaði og heilbrigðisnefndum. Rétt þykir að taka fram, að handbókin er frumsmíð og vafalítið margt í henni, sem betur mætti fara. Efni hennar er líka þess eðlis, að það verður aldrei fullunnið. Er því gert ráð fyrir, að handbókin verði endurskoðuð og endurbætt árlega á næstu árum.

Nefndin beitti sér líka fyrir því, að bandarískur ráðgjafi í matvælafræðum kom hingað til lands til að skoða frystihús landsmanna. Maður þessi er gerlafræðingur að mennt og fyrrverandi starfsmaður Matvælastofnunar Bandaríkjanna og því þaulkunnugur þeim kröfum, sem hún gerir. Hefur hann skoðað samtals 20 frystihús og samið skýrslu um hvert einstakt þeirra og gert till. til úrbóta. Auk þess hefur hann skilað skýrslum og till., sem eiga við frystiiðnaðinn í heild.

Nefndin mun halda áfram störfum í anda skipunarbréfsins frá 1969. Nefndarmenn eru að vísu allir störfum hlaðnir og því takmarkast starf nefndarinnar við það, sem þeir geta annað utan vinnutíma. Nefndin hefur því farið fram á, að komið verði á fót fámennum, t. d. þriggja manna starfshóp tæknimenntaðra manna, er vinni með nefndinni. Vonir standa til, að fjárveiting að upphæð allt að ½ millj. kr. fáist úr ríkissjóði til þessarar starfsemi nefndarinnar, og er til athugunar hjá stjórn Fiskimálasjóðs, að sjóðurinn veiti jafnhátt framlag til þessarar starfsemi.

Verkefni starfshópsins yrði einkum það að leiðbeina og aðstoða fiskiðnaðinn í viðleitni hans til að fullnægja hinum væntanlegu kröfum. Hann mundi einnig vinna að lausn ýmissa tæknilegra og heilbrigðislegra vandamála og gera teikningar að margs konar búnaði og aðstöðu, sem hann mælir með. Til greina kemur, að hann geri frumteikningar að fyrirmynd að frystihúsum af ýmsum stærðum og miðað við ólík skilyrði. Eitt af verkefnum hans yrði að endurskoða handbókina og jafnvel fella inn í texta hennar teikningar og ljósmyndir, eins og tíðkast um sumar hliðstæðar, erlendar handbækur. Loks gæti hann tekið þátt í úttekt á frystihúsum, eftir því sem hentugt þætti. Það skal sérstaklega tekið fram, að Fiskmat ríkisins á fulltrúa í tillögunefndinni, og mundi það því eiga aðgang að starfshópnum.

Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjanda þyki þetta fullnægjandi svör.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, og vafalaust eru þau fullnægjandi að því leyti, að þau telja upp allt það, sem nú er verið að aðhafast í þessum efnum. En þó að allt það, sem ráðh. taldi upp, stefni í rétta átt, þá fannst mér sá blær vera á því, að hér væri ekki um nógu skjótar aðgerðir að ræða, því að ég held, að þetta mál sé þannig á vegi statt, að hér sé þörf skjótra aðgerða, sem ekki megi draga á langinn. Svo mikilvægt er það, að vöruvöndun á útfluttum sjávarafurðum sé í góðu lagi, og svo miklu skiptir það fyrir okkur til að halda þeim mörkuðum, sem við höfum núna, og þó öllu frekar til þess líka að reyna að styrkja aðstöðu okkar þar í framtíðinni.

Ég held, að þó að námskeið í fiskiðnaðinum stefni í rétta átt eða sé betra en ekki neitt, þá þurfi að koma fullkomnara skipulagi á þau mál og meiri menntun, eins og till. hafa verið fluttar um hér á Alþ. Ég held, að ekki sé heldur nægilegt að rannsaka það, hvort hentugt sé að geyma ísaðan fisk í kössum um borð í fiskiskipunum, enda hafa rannsóknir, sem ráðh. gat um, leitt í ljós, að þetta er heppileg og hagkvæm aðferð. Ég held, að hér skipti mestu máli, að hafizt sé handa um framkvæmdir sem allra fyrst og útgerðinni gert mögulegt að taka þessa geymsluaðferð upp. Ég held, að einnig sé nauðsynlegt að herða verulega fiskmatið og fiskeftirlitið, bæði gagnvart fiskveiðunum og fiskvinnslunni, frá því sem nú er, því að mér sýnist af ýmsu, sem fram hefur komið, svo að ég nefni t. d. þær miklu skemmdir, sem urðu á saltfiskfarminum, sem fór til Ítalíu, að nauðsynlegt sé að herða það eftirlit, sem hér á sér stað. Ég held, að einnig sé nauðsynlegt í sambandi við ýmsar fiskveiðar, t. d. netaveiðarnar, að taka upp, ef svo mætti segja, meiri skömmtun, þannig að ekki sé komið með fiskinn meira og minna gamlan og skemmdan að landi, eins og nú á sér iðulega stað.

Að þessu sinni er ekki aðstaða til þess að ræða þetta mál nánar. Ég vil aðeins að lokum leggja áherzlu á það, að mér finnst mestu máli skipta, að hér sé hraðað framkvæmdum, en málin ekki dregin á langinn með meira og minna takmörkuðum aðgerðum, eins og nú á sér stað.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi við þessar umr. hér lengja mál mitt öllu frekar en ég hef gert. Það var aðeins út af þeim orðum hv. fyrirspyrjanda, að sá blær væri á þeim aðgerðum, sem þegar hafa verið gerðar, að ekki væri nægjanlega rösklega á eftir rekið, að ég stóð upp aftur. Ég hygg, að allir þeir möguleikar, sem rn. hefur í gegnum gildandi lagaákvæði, hafi verið fyllilega notaðir til þess að ýta á eftir sem örustum framförum í þessu efni, en maður verður stundum að doka við eftir því, að fólkið, sem á að vinna þessi störf, sé manni samferða og að samhugur sé ríkjandi á þeim vígstöðvum, sem málið snerta. Og ég tel þetta kærkomið tækifæri til þess að láta það í ljós, að ég skil vel t. d. viðhorf sjómanna, sem eiga við vondar aðstæður í misjöfnum veðrum um hávetur úti á sjó að raða fiski þar í kassa og ísa, eins og veðrátta hér við land er. Þeir telja til lítils barizt, ef ekki er greitt verulegt verð fyrir þá fyrirhöfn, sem þeir leggja þar á sig. Og ég hygg, að við fyrirspyrjandi séum sammála um þetta efni. En sá hængur hefur verið á, vil ég segja, að verðmismunur á 1. flokks ágætum fiski, sem komið hefur á land, þó að hann hafi verið ókassaður, sáralítill verðmunur er á honum og á hinum fiskinum, sem því miður er allt of mikið af, þ. e. fiski,

sem fer í 2. og jafnvel 3. flokk. Ég held, að það tungumál, sem menn skilji bezt og er mannlegt og eðlilegt, að menn skilji á þann veg, sé það, að menn verða að fá eitthvað fyrir þessa fyrirhöfn. Þetta er tvímælalaust mjög erfitt við okkar aðstæður, sérstaklega hjá þjóð eins og okkur, þar sem kannske allt að því helmingur vetrarvertíðarfisksins berst á land á 1—1½ mánuði. Þess á milli, bæði í upphafi vertíðar og við lok vertíðar, er þetta kannske ekki eins mikið vandamál, en einmitt í þessum aðalfiskihrotum mundi reynast töluvert erfitt að koma þessu við, og eðlilegt er, að menn krefjist einhvers fyrir þá fyrirhöfn. Ég tel því persónulega, að þarna eigi að gera mun meiri mismun en hingað til hefur verið gert á verði fyrir 1. flokks fisk annarsvegar og svo hinsvegar fyrir aðra gæðaflokka. Og þetta mál er eins og önnur, sem þurfa að þróast með okkur og við þurfum að læra að standa að, en höfum til þessa verið heldur fákunnandi í.

Hv. fyrirspyrjandi taldi námskeið að vísu góð. Ég held, að þau séu alveg bráðnauðsynlegur undanfari að því, sem hlýtur að koma, sem er fiskiðnskóli í landinu. En við fáum ekki nokkurn mann á Íslandi í dag til að setjast í fiskiðnskóla, án þess að fyrir fram sé ákveðið, hvaða réttindi sá maður á að fá að því námi loknu. Þetta þarf allt að athugast og þarf sinn nauðsynlega aðdraganda, sem ég held, að bezt gerist með þeim fiskiðnaðarnámskeiðum, sem bæði Fiskmatið og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafa sem betur fer nú í fyrsta sinn á s. l. ári getað sameinazt um og haldið undir einu og sama þaki.

Varðandi síðasta atriðið, sem hv. þm. minntist á, saltfiskfarminn til Ítalíu, sem skemmdist, þá reyndist höfuðsökin sem betur fer ekki vera hjá íslenzkum framleiðendum, heldur lágu mistökin í því, að skipið flutti þennan fisk á óhentugum árstíma og hafði ekki tilheyrandi kælitæki við að flytja fiskinn þarna niður eftir. Það kann að vísu að vera og er einnig mat þeirra manna, sem gerst til þekkja, að einhver hluti þessa skaða hafi stafað af því, að ekki var nógu vel frá fiskinum gengið og hann ekki nógu vel verkaður hér heima, en meginástæðan var þessi, að farmurinn var fluttur í óhentugu skipi á þeim tíma, sem erfiður er til flutnings slíks varnings á þeim slóðum, sem hann átti að fara til.

29. Afurðalán landbúnaðarins.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um afurðalán landbúnaðarins [139. mál, 7] (A. 171).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldssyni, að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„Hvenær verða afurðalán í Seðlabankanum vegna landbúnaðarins hækkuð til samræmis við þær hækkanir, sem orðið hafa á búvöruverði síðan 1969?"

Á s. l. hausti hækkaði verðlagsgrundvöllurinn um 22%. Þegar hann hækkar svo mikið, er erfitt fyrir vinnslustöðvarnar að hækka útborgun á framleiðslurvörum landbúnaðarins sem þessari hækkun nemur, öðruvísi en að fá til þess lán eða hækkuð lán í sama hlutfalli, og sérstaklega er þetta erfitt hjá þeim mjólkursamlögum, þar sem mest af mjólkurmagninu fer í vinnslu. Nú er komið fram í desembermánuð, og svo að mér sé kunnugt um, hafa þessi lán ekki verið neitt hækkuð, en sama dag og fsp. var borin upp hér á hv. Alþ., 23. nóv., mun hins vegar hafa verið ákveðin hækkun á sumum sauðfjárafurðum, þ. e. dilkakjöti, geldfjárkjöti og ær- og hrútakjöti. En gærur standa í stað frá því á s. l. hausti og enn fremur garðávextir og allar sláturafurðir nautgripa, en hvort tveggja hefur þetta verið óbreytt a. m. k. síðan 1968. Mér er vel kunnugt um það, að vinnslustöðvarnar t. d. á Norðurlandi hafa ekki treyst sér til að hækka greiðslur til framleiðenda, vegna þess að þær hafa ekki fengið afurðalánin hækkuð til þessa. Þess vegna er þessi fsp. fram borin.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Spurt er um það, hvenær afurðalán í Seðlabankanum vegna landbúnaðarins verði hækkuð til samræmis við þær hækkanir, sem orðið hafa á búvöruverði síðan 1969. Það var talað um, að lán hefðu verið hækkuð út á sauðfjárafurðir sama dag og þessi fsp. var fram borin, og ætti þá að skilja það þannig, að fsp. hefði svona hnippt í menn og vakið þá, ef þeir hafa sofið á verðinum. Hv. fyrirspyrjandi getur þá verið ánægður með það, að fsp. hafi haft sína þýðingu, en ég held, að það sé nú rétt að geta þess, að venjan er, að afurðalánin séu ákveðin í nóvembermánuði og að þessu sinni hafi það nú verið svona nokkuð svipað og undanfarið. En þess ber að geta, að nýtt endurkaupsverð á sauðfjárafurðum er ákveðið á sama hátt og áður og tilkynnt af aðilum í nóv. Ég held, að það hafi verið gert áður en fsp. var fram borin, um svipað leyti og fyrir lá, hverjar yrðu birgðir þeirra afurða 31. okt. s. l. að lokinni sláturtíð. Það er venjan að bíða eftir birgðatalningu um mánaðamótin okt.—nóv., þegar sláturtíð er lokið, og þá eru afurðalánin ákveðin. Nemur hækkunin frá fyrra ári nærri 140 millj. kr. eða 23% á sauðfjárafurðir, sem er fyllilega það, sem verðhækkunin nam á s. l. hausti. Þá ber að geta þess, að sérstakt vandamál skapaðist vegna hinnar miklu birgðaaukningar á mjólkurafurðum, einkum smjöri, sem var langt umfram það, sem venjulegt má teljast, en allar þessar birgðir voru fram taldar, áður en grundvallarverð var ákveðið í sept. s. l. Ráðstafanir ríkisstj., sem leitt hafa til stórfelldrar lækkunar á verði á smjöri og ostum, munu hafa þau áhrif, að neyzla þessara afurða mun aukast, og má því gera ráð fyrir, að birgðir minnki nokkuð ört næstu mánuði. Endurkaupsverð á mjólkurafurðum hefur nú verið ákveðið og byggist á því verði, sem nú gildir, og nemur hækkun á útlánum vegna hækkunar á einingarverði um 26% eða fyllilega því, sem hækkunin nam á s. l. hausti. Auk þess kemur svo hækkun vegna birgða-

aukningarinnar. Nemur hækkun frá fyrra ári alls 113 millj. kr. Heildarhækkun útlána Seðlabankans vegna landbúnaðarafurða frá því, sem var á fyrra ári, nemur því sem næst 253 millj. kr. Þess ber að geta, að enn hafa ekki verið hækkuð afurðalán út á kartöflur, en það er til sérstakrar meðferðar í Seðlabankanum nú, og talaði ég við Seðlabankann bæði í gær og aftur í morgun, og enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um það. En ég geri mér vonir um, að hækkun út á kartöflur verði í samræmi við verðhækkunina, þannig að kartöflurnar fái svipaða afgreiðslu og aðrar búvörur. Og þegar þessi afgreiðsla er þá talin, þá er afgreiðslan sú, að Seðlabankinn lánar 55% af verðinu og viðskiptabankarnir 15%, þannig að afurðalánin samtals verða 70%.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin, en ég var nú bara að segja frá staðreyndum áðan í sambandi við þetta bréf. Fsp. var lögð fram 23. nóv. og bréfið var gefið út 23. nóv., en hins vegar gleður það mig, að það var varla hægt að misskilja það, að fsp. hefði nú ýtt á, því að annars hefði hæstv. ráðh. ekki farið að tala um það. Og það gleður mig að vita það. Enn fremur sýnir það sig, að þessi lán hafa verið hækkuð. En þó að verðið til bændanna hafi hækkað um tæp 22%, þá munu þessi 26% verða miðuð við þá hækkun, sem varð á útsöluverðinu, þannig að mér sýnist í fljótu bragði, að lánin séu núna 55%, eins og þau voru á s. l. ári. En ég tók eftir einu, að hæstv. ráðh. minntist ekkert á gærurnar, og óskaði ég þó eftir því að fá svar um það, og enn fremur ekkert um hækkuð afurðalán út á nautgripakjöt og húðir. Það er aðeins 20 kr. núna, og það er ekki nema mjög lítill hluti af hinu raunverulega verði, og það breyttist ekkert heldur á s. l. hausti. Þetta þyrfti líka að lagfæra, en hann kom ekki inn á þetta atriði. Hins vegar gleður það mig, að einmitt kartöflurnar skuli nú vera til endurskoðunar, en það varð ekki nein hækkun á s. l. hausti á afurðaverði til kartöfluframleiðenda.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar, enda er ekki tóm til þess í þessum fsp.-tíma. En ég vil bara segja það aftur, að það er ákaflega bagalegt, að þetta skuli dragast fram í desembermánuð, sérstaklega með mjólkurbúin. Jafnvel þó að það sé ekki hægt að ganga frá því, þyrftu vinnslustöðvarnar að vita um það, að þessi hækkun muni verða greidd og hvenær. Eins og nú er t. d. á Norðurlandi, þá eru þar mikil vandræði í sambandi við fóðurleysið. Það þarf að kaupa mikið af kjarnfóðri, og það hefði áreiðanlega verið full þörf á því, að þeir hefðu fengið þetta verð hækkað, eins og ákveðið var, út frá sínum vinnslustöðvum strax í haust. Það hefði e. t. v. verið auðveldara fyrir vinnslustöðvarnar, ef þær hefðu vitað það, að þessi lán mundu verða hækkuð, eins og nú hefur orðið. Þetta ber að harma. En við vonum, að í framtíðinni verði þessu öðruvísi fyrir komið, svo að bændur þurfi ekki að bíða marga mánuði eftir hækkuðum lánum, eins og nú hefur orðið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þau tíðindi hafa nú gerzt, að hv. fyrirspyrjandi virðist vera verulega ánægður með þau svör, sem ég hef gefið, og þá afgreiðslu, sem þetta mál hefur fengið, og út af fyrir sig er það fréttnæmt, ef þessi hv. þm. verður sæmilega ánægður með það, sem hann er að velta fyrir sér í sambandi við landbúnaðarmálin. En ég sagði áðan, að honum væri ekki of gott að þakka sér það, að það hefði ýtt á afgreiðslu málsins, að hann bar þessa fsp. fram. En ég tók það hins vegar fram um leið, að Seðlabankinn treysti sér ekki til þess að ákveða afurðalánin út á sauðfjárafurðir fyrr en slátrun er lokið að hausti. Það hefur verið venja undanfarin ár að gera þetta í nóv., þegar birgðatalning hefur legið fyrir, og þannig var þetta nú.

Nú harmar hv. þm., að það var ekki afgreidd fyrr hækkun út á mjólkurafurðir en gert hefur verið. En hv. þm. veit, að smjörbirgðirnar voru ekki hækkaðar fyrr en 1. des. Það var verið að bíða eftir því, hvað yrði með þær. Og þess vegna voru afurðalánin út á mjólkurafurðirnar hækkuð eins fljótt og mögulegt var miðað við það, að smjörið hafði ekki hækkað fyrr en 1. des. Þetta veit nú hv. þm.

Hv. þm. talar um það, að ekki hafi verið hækkuð lán út á gærur. Það liggur þó ljóst fyrir, að heildarhækkun út á sauðfjárafurðir eru 23% eða eins og sauðfjárafurðirnar hækkuðu og meira en það, sem þær hækkuðu í grundvellinum. Gæruverðið mun hafa hækkað sáralítið nú frá því í fyrra. Ég er þó ekki alveg öruggur um það. Kannske er það eitthvað í áttina, sem þær hafa hækkað. En það er ekki mikið, og það er rétt, að það hefur ekki verið tekið sérstaklega fram, að lán út á gærur hafi verið hækkuð.

Þá má einnig geta þess, að það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að lán út á nautgripaafurðir hafa ekki verið hækkuð. Það má segja, að það væri eðlilegt að hækka þessi afurðalán eins og önnur. En þetta er þó ekki höfuðatriði fyrir landbúnaðinn. Höfuðatriði er það að fá rétt lán og hækkuð lán út á aðalframleiðsluvörurnar, sem eru sauðfjárafurðirnar og mjólkurafurðirnar, og þetta hefur verið gert. Það er nokkurt atriði að fá hækkuð lán út á kartöflurnar, og eins og ég sagði, þá er að því unnið nú, og ég geri mér vonir um, að það verði. En það er ekki heldur aðalatriðið, vegna þess að þetta er ekki aðalbúgreinin nema á örfáum stöðum, og því miður allt of lítil uppskera á s. l. hausti. Það er nú aðeins þetta, sem ég vildi bæta við, en tel svo ekki ástæðu til að tala meira um þetta. Ég tel, að það hafi ekki dregizt neitt óeðlilega að afgreiða þessi mál í þetta sinn, og tel, að Seðlabankinn hafi eftir atvikum gert þetta mjög sæmilega.

30. Vaxtakjör Seðlabankans.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til viðskrh. um vaxtakjör Seðlabankans [139. mál, 8] (A. 171).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram hér fsp. til hæstv. viðskrh., og fsp. er svo hljóðandi:

„Er þess ekki að vænta, að vextir af endurseldum víxlum með veði í útflutningsvörum landbúnaðarins verði eftirleiðis 6%, eins og af víxlum með veði í öðrum útflutningsvörum?“

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er á misskilningi byggt, að hærri vextir séu á víxlum með veði í útflutningsvörum landbúnaðarins en á öðrum útflutningsvíxlum. Vextir eru þeir sömu, þótt framkvæmd sé nokkuð frábrugðin af tæknilegum ástæðum. Vextir af endurkaupanlegum afurðalánum með veði í útflutningsafurðum eru nú 6%, en Seðlabankinn endurkaupir slíka víxla af viðskiptabönkunum miðað við 5¼% vesti, þannig að þóknun viðskiptabanka er ¾%. Vextir af afurðavíxlum með veði í vörum til sölu innanlands eru 1½% hærri, 7½% og 6¾%. Í birgðaskýrslum, sem lagðar eru fram vegna afurðalána með veði í landbúnaðarvörum, hefur ekki verið hægt að greina í sundur vörur til sölu innanlands og vörur til útflutnings. Við lánveitingu hefur Seðlabankinn því tekið hærri vexti af öllum afurðalánum landbúnaðarins, enda fer meginhluti þeirra á innlendan markað. Strax og framvísað er grg. um útflutning og gjaldeyrisskil veðsettra landbúnaðarafurða, hefur bankinn endurgreitt viðskiptabönkunum framangreindan 1½% vaxtamismun, en þeir síðan gert upp við viðkomandi lántakendur.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. svör hans við spurningu minni, en mér fannst svarið raunar ekki alveg tæmandi. Það kann að vera, og það er sjálfsagt rétt, að þetta er með þessu fyrirkomulagi, að viðskiptabankarnir reikna vinnslustöðvunum 7½% vexti og síðan er það þá sennilega Sambandið, sem er flutningsaðili, sem fær þetta endurgreitt síðar. En þá kem ég að öðru atriði í þessu sambandi. Kunningi minn rekur t. d. sútunarverksmiðju. Hann segir mér, að hann þurfi að borga 7½% og fái ekki endurgreiðslu aftur til baka. En í sambandi við sjávarútvegínn, frystihúsin t. d. og vinnslustöðvar sjávarútvegsins, held ég og mér er tjáð, eru allir víxlar, sem Seðlabankinn kaupir, með 6% vöxtum. Það er ekki einungis sá, sem fiskar, heldur einnig sá, sem vinnur úr sjávaraflanum. Þarna er greinilegur munur á, ef þetta er rétt. Og þá komum við enn fremur að öðrum þáttum þessa máls, sem er alveg nákvæmlega það sama, og þess vegna óska ég eftir því, að hæstv. ráðh., ef hann getur það nú, skýri, hvernig þetta er, ef ég hef skilið þetta rétt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Sá munur, sem er á framkvæmd endurkaupa á afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar, á að engu leyti rót sína að rekja til tregðu Seðlabankans til þess að láta þann vaxtamun, sem er á endurkeyptum víxlum fyrir útflutningsafurðir og aðrar afurðir, koma þegar í stað til góða þeim útflytjendum, sem hlut eiga að máli. Seðlabankinn væri á morgun reiðubúinn til þess að láta vaxtamismuninn koma til framkvæmda strax gagnvart öllum aðilum, ef það væri framkvæmanlegt. En það er ekki á hans valdi að gera það framkvæmanlegt. Ástæðan til þess, að sjávarútvegurinn, einnig vinnslufyrirtæki hans, njóta hinna hagstæðu vaxta Seðlabankans á útflutningsvíxlum, er einfaldlega sú, að allir aðilar í sjávarútvegi gera þegar í stað eftir útflutning grein fyrir útflutningnum, þ. e. skila útflutningsskýrslum og öðrum nauðsynlegum skilríkjum í sambandi við útflutninginn. Þetta gerir landbúnaðurinn því miður ekki, og er ekki við Seðlabankann að sakast, heldur þá aðila, sem eiga aðild að útflutningi landbúnaðarafurðanna. Eins og ég sagði í svari mínu, er í sambandi við endurkaup á landbúnaðarvöruvíxlum ekki greint á milli þess, sem fer til sölu innanlands, og þess, sem fer til útflutnings. Og ég sakast þar ekki um við neinn. Ég hygg, að það væri ákaflega erfitt í framkvæmd að gera það þegar í stað. En ef hv. þm. getur aðstoðað útflytjendur landbúnaðarafurða eða landbúnaðarframleiðendur við það að finna út nýja aðferð í þessu efni, þá er mér óhætt að segja, að þá stendur ekki á Seðlabankanum að taka tillit til skynsamlegra aðferða í því og láta þá framleiðendur landbúnaðarvara, sem flytja út, njóta hinna hagstæðu vaxta þegar í stað. Það get ég fullvissað hv. þm. og hv. þingheim um.

Sem sagt, ástæðan til þessa fyrirkomulags, sem er alveg rétt hjá hv. þm., að er óhagstæðara útflytjendum landbúnaðarafurða en útflytjendum sjávarafurða, á eingöngu rót sína að rekja til þess, að engin framkvæmanleg till. hefur komið fram af hálfu landbúnaðarframleiðenda um annað fyrirkomulag en það, sem við hefur verið haft á þessu.

Þm. gat um það, að hann þekkti sútunarframleiðanda, sem ekki hefði fengið endurgreiðslu á hinum hagstæðu vöxtum. Hann á rétt á slíkri endurgreiðslu, ef um útflutning hefur verið að ræða, og hafi hann ekki fengið hana, þá er á því einhver önnur skýring en sú, að Seðlabankinn hafi tregðazt við að láta hann njóta hinna hagstæðu vaxta. Seðlabankinn endurgreiðir vaxtamismuninn á innlendum endurkaupavíxlum og útlendum endurkaupavíxlum samstundis og fyrir hann eru lögð þau gögn, sem allir eru sammála um, að nauðsynleg séu, til þess að hægt sé að veita þá vaxtaívilnun, sem útflutningsafurðunum er veitt.

31. Póstgíróþjónusta.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um póstgíróþjónustu [139. mál, 9] (A. 171).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um póstgíróþjónustu. Í núgildandi póstlögum nr. 31 frá 12. febr. 1940 er póststjórninni veitt heimild til að taka að

sér póstgíróþjónustu hér á landi. Þetta póstgírókerfi hefur nú verið tekið upp í flestöllum löndum í Evrópu. Með þessu kerfi er hægt að fækka beinum peningasendingum, peningagreiðslum, en sama markmiði er náð með bókhaldslegum millifærslum. Til eru tvenns konar gíró, þ. e. svo kallað póstgíró og bankagíró. Hefur póstgíró verið talið mun öflugra og fljótvirkara, vegna þess að póstþjónustan hefur haft stærra og betra dreifingarkerfi en viðskiptabankarnir. Þó virðist geta komizt á samstarf á milli póstþjónustunnar og viðskiptabankanna. Póstgíró er góð þjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Ef við tökum lítið dæmi, þá þekkja allir þær tafir og þau óþægindi og þann tíma, sem það tekur að greiða reikninga hingað og þangað. Með póstgíróþjónustunni geta menn komið á einn stað og látið póstþjónustuna annast greiðslu til hinna ýmsu fyrirtækja. Þetta fyrirtæki er orðið svo vinsælt á Norðurlöndum, að fólk er alls staðar að tala um þetta. Það hefur verið mikið rætt og ritað um póstgíróþjónustuna hér á Íslandi, og við vorum að vona, að póstgíróstarfsemin gæti byrjað núna á þessu ári, en á einhverju hefur strandað. En þar sem þetta er góð þjónusta, þá er sjálfsagt, að við tökum þessa þjónustu upp. Ég hef leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp.:

„Hafa verið gerðar áætlanir um, að póst- og símamálastjórnin taki upp póstgíróþjónustu, og ef svo er, hvenær getur hún hafizt?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Um leið og ég svara þessari fsp. þykir mér hlýða að gera nokkra grein fyrir aðdraganda málsins og gera nokkra grein fyrir því, hvernig póstgíró er. Í núgildandi póstlögum nr. 31 frá 12. febr. 1940 er póststjórninni veitt heimild til þess að taka að sér póstgíróþjónustu hér á landi. Á árinu 1967 ákvað póst- og símamálaráðherra að nota þessa heimild til að koma á fót póstgíróþjónustu og fól póststjórninni að undirbúa framkvæmd hennar. Lá þá þegar fyrir grg. um póstgíróþjónustu, þar sem lýst var undirstöðuatriðum þessarar þjónustu og skýrt frá þróun hennar og skipulagi, sérstaklega í nágrannalöndunum. Einnig hafði verið gerð áætlun um póstgíróþjónustu, þar sem reynt var að áætla viðskiptamagn, tekjur og gjöld og settar fram hugmyndir um skipulag þjónustunnar. Með tilliti til hinnar miklu breytingar á verðlagi og kaupgjaldi síðustu árin var áætlunin endurskoðuð í febr. s. l. Í stuttu máli má segja, að í áætluninni hafi einkum verið stuðzt við rekstur póstgíróþjónustunnar og skipulag á Norðurlöndum, einkum Noregi. Var gert ráð fyrir póstgíromiðstöð í Reykjavík, þar sem póstgíróreikningarnir yrðu færðir, og að póststofur og póstafgreiðslur tækju þátt í þjónustunni strax í upphafi. Áætlað var, að tekjur og gjöld stæðust nokkurn veginn á fyrsta starfsárið, en að um nokkurn rekstrarafgang yrði að ræða næstu árin þar á eftir. Stofnkostnaður var áætlaður 1.5 millj. kr. og reiknað með, að hann yrði afskrifaður á 10 árum.

Fljótlega eftir að ákvörðun hafði verið tekin um stofnun póstgíróþjónustunnar var hafizt handa um undirbúning, samningu reglugerðar fyrir þjónustuna, bæði almennrar reglugerðar og starfsreglugerðar, athugun á húsnæðisþörfinni, leit að hentugum bókhaldsvélum o. s. frv. Í byrjun þessa árs var undirbúningur það langt kominn, að gert var ráð fyrir, að póstgíróþjónustan gæti tekið til starfa um mitt ár. Höfðu bókhaldsvélar þá þegar verið pantaðar, undirbúningur að prentun eyðublaða hafinn og unnið að frágangi húsnæðis fyrir póstgíróþjónustuna, en henni var að verulegu leyti ætlaður staður í húsi, sem byggt var vegna fyrirhugaðrar stækkunar símakerfis að allmörgum árum liðnum. Bókhaldsvélarnar eru komnar og hafa verið prófaðar og húsnæðið næstum tilbúið.

Hér verður ekki farið út í að lýsa póstgíróþjónustunni, en aðaltilgangur hennar er sá að stuðla að hagkvæmum greiðsluviðskiptum. Póstgíróþjónustan hefur um langan aldur annazt peningasendingar. Fyrst aðallega með verðbréfum eða þar til um síðustu aldamót, að notkun póstávísana hófst hér á landi. Erlendis hefur póstgíróþjónustan víða haslað sér völl og leyst þessar þjónustugreinar af hólmi og þykir nú orðið sjálfsagður hlutur af nútímapóstþjónustu. Þá skal þess getið, að á síðasta alþjóðapóstþingi 1969 undirritaði íslenzka póststjórnin alþjóðapóstgírósamninginn, en 65 póststjórnir hafa nú þegar undirritað hann.

Í ársbyrjun 1968 mæltist Seðlabankinn til þess við póst- og símamálastjórnina, að hún léti gera í samvinnu við hann athugun á póstgírókerfinu, einkum með tilliti til þess, hverju hlutverki það gæti gegnt hér á landi við hlið þeirra greiðslukerfa, er fyrir væru. Var fallizt á þetta og tilnefndir tveir menn til þess að vinna að þessu, einn frá hvorum aðila. Ekki var þessari athugun lokið, er fulltrúi Seðlabankans hætti þar störfum nokkru síðar. Í febr. s. l. óskaði Seðlabankinn eftir því, að viðræður við póst- og símamálastjórnina væru teknar upp að nýju, þar eð ríkisstj. hafði óskað eftir áliti hans á nauðsyn og gagnsemi póstgíróþjónustu hér á landi. Að viðræðum þessum loknum lagði Seðlabankinn til, að sett yrði á fót nefnd, sem athugaði stofnun gírókerfis sem innlánastofnanir og póststjórnin mundu reka í sameiningu. Í framhaldi af þessu skipaði samgrh. fjögurra manna nefnd 25. marz s. l. til að athuga og skila áliti um, hvort heppilegt væri að efna til samstarfs milli Pósts og síma og viðskiptabankanna um gíróþjónustu, og ef svo væri, hvenær slík starfsemi gæti hafizt.

Nefndin hóf þegar störf og skilaði ítarlegu áliti í júlílok s. l. sumar. Verða hér á eftir tekin nokkur aðalatriði úr áliti hennar og niðurstöðum. Það er nú nokkuð langt mál hér, sem er kannske ekki ástæða til að lesa upp. Það er verið að lýsa póstgíróþjónustu frá upphafi. Ég held, að það sé ekki rétt að eyða tíma þingsins til þess að lesa það allt saman upp eða þreyta hv. alþm. á því. En mér þykir rétt að greina hér frá niðurstöðum þessarar nefndar. Nefndin var sammála um eftirfarandi niðurstöður og till., sem að verulegu leyti eru dregnar saman í nál.:

Enda þótt það komi ekki beint fram í skipunarbréfi nefndarinnar, að svars sé leitað við því, hvort þörf sé á að taka upp almenna gíróþjónustu hér á landi, telur nefndin, að hér sé um að ræða undirstöðuatriði, sem svara þurfi. Að áliti nefndarinnar væri almenn gíróþjónusta til verulegs hagræðis í viðskiptum og mundi skapa ákveðið öryggi, sem nú er ekki fyrir hendi. Nefndin telur, að reynsla annarra þjóða sýni, að æskilegra sé, að gírókerfið sé eitt heldur en tvö eða fleiri. Eins og áður er getið, hefur komið fram veruleg óánægja hjá viðskiptaaðilum í Noregi og Svíþjóð vegna lítils samstarfs þessara þjónustugreina. Hefur þetta m.

a. orðið til þess, að nú er í athugun í Svíþjóð, hvort unnt sé að koma á nánu samstarfi milli póst- og bankagírós þar í landi. Með tilvísun til þessa svo og kostnaðarsjónarmiðs, strjálbýlis og fámennis íslenzku þjóðarinnar telur nefndin, að þegar í upphafi skuli stefnt að einu gírókerfi. Er þá komið að fyrri spurningunni, sem nefndin er í skipunarbréfi sínu beint beðin um svar við, en það er, hvort heppilegt sé að efna til samstarfs milli Pósts og síma og viðskiptabankanna um gíróþjónustu. Leggur nefndin eindregið til, að slíkt samstarf sé tekið upp á sem víðtækustum grundvelli og nái það einnig til sparisjóða. Með tilliti til þessa hefur nefndin gert ítarlega grein fyrir, hvaða form á heildarskipulagi kæmi til greina í slíku samstarfi. Með tilvísun til boðleiðanna, sem þar eru raktar, þ. e. í nál., sem ég hef ekki lesið hér, svo og þeirra kosta og ókosta, sem nefndin telur kerfin hafa, hafa nm. orðið sammála um eftirfarandi:

1. Póststjórnin komi á stofn póstgíromiðstöð í Reykjavík, þar sem allir gíróreikningar, sem stofnaðir verða hjá póstþjónustunni, verði færðir.

2. Reikningshald vegna bankagíróþjónustu verði hjá einstökum bönkum, enda er þar fyrir hendi aðstaða til þessa reikningshalds og kostnaðarauki hverfandi.

3. Skiptimiðstöð vegna gíróseðla verði á vegum Seðlabanka Íslands í sambandi við ávísanaskipti hans. Eins og áður er lýst, er eðlismunur þessara skipta lítill og því unnt að hafa þau í sömu deild. Jafnframt yrði um lítinn kostnaðarauka að ræða.

Úr ókostum þessa kerfis verði að mestu leyti dregið með eftirtöldum ráðstöfunum: Komið verði á samstarfsnefnd, sem skipuð verði fulltrúum Seðlabanka Íslands, póst- og símamálastjórnarinnar, viðskiptabanka og sparisjóða samkv. tilnefningu þessara stofnana og e. t. v. fulltrúum samkv. tilnefningu ríkisstj. Verkefni þessarar samstarfsnefndar verði skipulagning starfseminnar, sameiginleg kynningar- og auglýsingastarfsemi, samræming eyðublaða og öll önnur nauðsynleg samræming. Komið verði á því skipulagi, að gíróseðlaskipti verði framkvæmd í fjölmennustu bæjum utan Reykjavíkur milli afgreiðslustofnana gírókerfisins á viðkomandi stað. Nefndin telur, að ekki beri nauðsyn til sérstakrar lagasetningar vegna gíróstarfsemi og samstarfs pósts og banka um hana, en nokkrar reglugerðarbreytingar verði sennilega óhjákvæmilegar. Hins vegar verður nauðsynlegt, að þessar stofnanir geri með sér sérstakan starfssamning.

Nefndinni var enn fremur falið að svara, hvenær ofangreind gíróþjónusta gæti hafizt hér. Erfitt er að ákveða tímatakmörk í þessu sambandi, en þau byggjast fyrst og fremst á því, hvenær áðurnefnd samstarfsnefnd getur tekið til starfa. Samkvæmt því, sem nefndin kemst næst, má ætla, að gíróstarfsemin geti hafizt u. þ. b. 4—6 mánuðum síðar, enda gangi þá öll undirbúningsvinna eðlilega fyrir sig. En nefndin tekur til starfa nú fyrir jól.

Nefndin telur, að verkefni hennar nái ekki lengra en hér hefur verið rakið. Hún vill þó geta þess, að innan hennar hafa verið rædd verulega ýmis framkvæmdaatriði, sem nefndin álítur, að eigi að vera á verksviði samstarfsnefndar, eins og áður er vikið að. Af þessum atriðum má t. d. nefna tæknilegan undirbúning að starfseminni og útfærslu hennar, samræmingu á reikningum með sérstöku tilliti til vaxtagreiðslna, reglugerðarbreytingar, skiptingu stofnkostnaðar vegna prentunar, birgðahalds o. fl. Nefndin hefur einnig viðað að sér töluverðu af bæklingum um gíróskipti aðallega frá Noregi og Svíþjóð svo og eyðublöðum, sem notuð eru í þessum tveimur löndum.

Eins og heyra má, þá er þessi nefnd, sem skipuð var til þess að athuga um samstarf banka og Pósts og síma, einhuga um það, að heppilegt sé að taka þetta samstarf upp. Það gæti orðið til sparnaðar og það gæti orðið til þæginda. Liggur reyndar í augum uppi, að það gæti leitt til sparnaðar, þar sem bankarnir hafa sumir hverjir þegar komið af stað nokkurri gíróþjónustu t. d. Útvegsbankinn, og aðrir viðskiptabankar hafa einnig haft þetta í huga. Það kemur líka fram, að í Svíþjóð er óánægja uppi um það, að þar eru gírókerfin tvö og nú er það helzt á dagskrá þar að sameina þetta í eitt gírókerfi.

Það er þegar ákveðið að taka upp samstarf milli bankanna og Pósts og síma, eins og aðilar eru sammála um. Í tilefni af því hef ég skrifað 7. þ. m. póst- og símamálastjóra eftirfarandi bréf:

„Með vísun til heimildar í póstlögum nr. 31 frá 12. febr. 1940, 2. gr., er yður, herra póst- og símamálastjóri, hér með falið að koma á fót og starfrækja póstgíróþjónustu á vegum póst- og símamálastjórnarinnar. Ber póst- og símamálastjórninni að hafa samstarf um þessi mál við viðskiptabankana, sem einnig hyggjast hefja gíróþjónustu, svo og Seðlabanka Íslands. Skal við samstarfið leggja til grundvallar álit og till. nefndar, sem fjallaði um þessi mál fyrr á árinu og skilaði skýrslu í lok júlí. Í nál. er eftirfarandi till. um væntanlega samstarfsnefnd: Komið verði á samstarfsnefnd, sem skipuð verði fulltrúum Seðlabanka Íslands, póst- og símamálastjórnarinnar, viðskiptabanka og sparisjóða samkv. tilnefningu þessara stofnana og e. t. v. fulltrúa samkv. tilnefningu ríkisstj. Verkefni þessarar samstarfsnefndar verður skipulagning starfseminnar, sameiginleg kynningar- og auglýsingastarfsemi, samræming eyðublaða og öll önnur nauðsynleg samræming. Innistæður, sem myndast hjá póst- og símamálastjórn á póstgíróreikningum, skal fara með eins og segir í bréfi rn. til yðar, dags. 24. f. m., en þar segir:

Með vísun til áætlana þeirra, herra póst- og símamálastjóri, sem gerðar hafa verið um stofnsetningu póstgírókerfis, vill rn. að gefnu tilefni taka fram eftirfarandi:

Eftir að ofangreindar áætlanir hafa verið framkvæmdar, skulu innistæður, sem myndast á póstgíróreikningum viðskiptabankanna, geymdar á reikningum í innlánsstofnunum umfram það fjármagn, sem eðlilegur rekstur póstgírókerfisins krefst. Um það atriði, hvenær póstgíróþjónustan taki til starfa, fer eftir till. væntanlegrar samstarfsnefndar, en rn. leggur áherzlu á, að stefnt verði að því, að þjónustan verði tekin upp sem fyrst. Hefur að athuguðu máli verið talið líklegt og eðlilegt, að þetta gæti hafizt 1. maí n. k."

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans, og ég er mjög ánægður með, hvernig þetta mál horfir í dag.

32. Fiskræktarmál.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til landbrh. um fiskræktarmál [139. mál, 2] (A. 171).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér fsp. til hæstv. landbrh. um fiskræktarmál. Fsp. er í þremur liðum á þskj. 171 og er svofelld:

„Hvað líður framkvæmdum á eftirtöldum þál.:
a) þál. frá 17. apríl 1968 um fiskeldisstöðvar,
b) þál. frá 2. apríl 1968 um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi,
c) þál. frá 29. apríl 1966 um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska?"

Tilefni fsp. skýrist raunverulega af henni sjálfri að mestu leyti, en svo er mál vaxið, að hv. Alþ. hefur við nokkur tækifæri lýst yfir mjög ákveðnum vilja sínum í þá átt, að efld verði ræktun laxfiska og að því stefnt, að hún geti orðið arðvænleg atvinnugrein. Þessi vilji hefur m. a. komið fram í þeim þál., sem hér er gerð fsp. um. Hér er í fyrsta lagi um að ræða þál., sem samþ. var hér á hinu háa Alþingi 17. apríl 1968 að till. minni og hv. þm. Jónasar G. Rafnar, Jónasar Péturssonar og Jóns Árm. Héðinssonar. Með leyfi hæstv. forseta hljóðaði sú ályktun svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hið fyrsta fram fara athugun sérfróðra manna á því, hverjar gerðir fiskeldisstöðva, er reknar yrðu sem aukabúgrein, hentuðu bezt íslenzkum bændum, og jafnframt að láta gera athugun á kostnaði við byggingar og rekstur slíkra eldisstöðva. Þá verði og rannsakað, hver opinber stuðningur sé nauðsynlegur, til þess að þessi búgrein geti eflzt með eðlilegum hætti. Niðurstöður framangreindra athugana verði kynntar bændum rækilega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands."

Í öðru lagi er hér um að ræða þál. um, að bændaskólar veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi, en sú till. var samþ. í hv. Ed. 2. apríl 1968 að till. hv. landbn. deildarinnar, sem undir meðferð málsins tók inn í ályktunina till. mína og hv. þm. Einars Ágústssonar um, að gerðar yrðu ráðstafanir til að ráðunautar í fiskirækt og fiskeldi yrði ráðnir til starfa.

Loks er svo um að ræða þál. frá 29. apríl 1966, sem samþ. var að till. þm. Norðurl. e., um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska, og var sú till. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvort tímabært sé, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki við vatnasvæði Laxár í S.-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir."

Fsp. mín er fram borin af þeirri ástæðu, að mér og vafalaust ýmsum öðrum hv. þm. er ekki ljóst nema þá að mjög takmörkuðu leyti, hver örlög hinna umræddu þál. hafa orðið og hvern áþreifanlegan árangur þær hafa borið. En það er hins vegar skoðun mín, að framkvæmd þessara ályktana hv. Alþ. gæti orkað mjög til þess að leggja traustari undirstöðu að fiskræktinni en áður og efla þannig nýja atvinnugrein í landinu, atvinnugrein, sem flestir eru á einu máli um, að gæti verið lyftistöng í okkar þjóðarbúskap og ekki síður fyrir bændastéttina í landinu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Því miður er ég ekki tilbúinn til þess að svara þessari fsp. eins vel og ég vildi gera. Þetta mál er það víðtækt og merkilegt, að ég vil ekki kasta til þess höndunum að gefa svar, og ég vona, að hv. fyrirspyrjandi sætti sig við það að fá svar við fsp. sinni á næsta fundi í Sþ., eftir viku. Sama vil ég segja um fsp. frá hv. 4. þm. Reykv. Ég vildi mælast til þess, að það væri beðið með að svara þeirri fsp. þangað til eftir viku.

Umr. frestað.
Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fram haldið umr. um fsp.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þegar fsp. þessi var tekin fyrir á síðasta fundi, var ég ekki tilbúinn með svarið, en mér fannst hv. fyrirspyrjandi vilja fyrirgefa það, og má segja, að það hafi einnig verið mér að kenna að aðvara ekki með það, áður en fsp. var tekin fyrir. En fsp. þessi er í þremur liðum. Það er spurt að því, hvað líði framkvæmdum á eftirtöldum þál.:
a) þál. frá 17. apríl 1968 um fiskeldisstöðvar,
b) þál. frá 2. apríl 1968 um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi,
c) þál. frá 29. apríl 1966 um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska.

Varðandi framkvæmd á þál. frá 17. apríl 1968 um fiskeldisstöðvar, þá er hér um að ræða fiskeldisstöðvar, sem reknar yrðu sem aukabúgrein, og yrði þá væntanlega um að ræða silungseldi og þá helzt bleikjueldi. Efni þál. er það víðfeðmt, að framkvæmd þess mun óhjákvæmilega taka mörg ár og verða að byggja á meiri reynslu og sérþekkingu heldur en við höfum haft yfir að ráða fram að þessu. Samt sem áður hefur verið unnið á vissum sviðum, sem eru grundvöllur undir víðtækari störfum á umræddu sviði. Af undirstöðuþáttum í silungseldi, sem unnið hefur verið að í laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, er almenn kynning á urriða og bleikju í eldi auk lax að sjálfsögðu, fóðurtilraunir, kynbætur og sala á alibleikju til neyzlu. Í laxeldisstöðinni í Kollafirði hafa þegar fengizt mikilvægar upplýsingar um urriða og bleikju sem alifiska, og hefur bleikjan reynzt mun betri alifiskur heldur en urriði, en þess er ekki að vænta, að silungseldi verði eins arðvænlegt og laxeldi, enda er silungur mun ódýrari fiskur á markaðinum en laxinn. Í grein í búnaðarblaðinu Frey, ágústhefti 1968, bls. 315—324, hefur veiðimálastjóri gert grein fyrir ýmsum mikilvægum þáttum silungseldis, og skal að öðru leyti vísað til hennar. Greinina má fá í sérprentun í Veiðimálastofnuninni, ef þess er óskað.

Í laxeldisstöðinni í Kollafirði hafa á undanförnum árum farið fram kynbætur á bleikju. Fóðurtilraunir

hafa og verið framkvæmdar og leitazt við að finna hollt og ódýrt fóður, en slíkt fóður er eitt af undirstöðuatriðunum undir því, að koma megi fiskeldi á sem aukabúgrein. Er nú unnið í Kollafirði að prófun á nýrri þurrfóðurblöndu, sem sett hefur verið saman af dr. Jónasi Bjarnasyni, starfsmanni Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins. Alibleikja úr Kollafjarðarstöðinni hefur verið seld á markaði í Reykjavík. Hefur hún þótt bragðgóð, og hefur fengizt gott verð fyrir hana. Áfram mun verða haldið við að vinna að framkvæmd efnis umræddrar þál. og reynt að hraða verkinu sem mest, en starfskraftar, sem fáanlegir eru á hverjum tíma til starfa, munu þó ráða mestu um, hvað verkið mun sækjast vel. En það liggur í augum uppi, að áður en bændur fara að taka silungseldi sem búgrein, þarf að liggja fyrir mikil reynsla og þekking á þessu sviði, þannig að hægt sé að gefa óhrekjandi leiðbeiningar um, hvernig að þessu skuli farið. Stofnkostnaður hlýtur að verða talsverður, og það má ekki byrja á þessu þannig, að það mistakist vegna þekkingarskorts.

Um b-liðinn, framkvæmd þál. frá 2. apríl 1968 um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi, er því að svara, að fræðsla í nefndum efnum hefur verið veitt við bændaskólana af veiðimálastjóra í rúman áratug og þá einkum á Hvanneyri. Er nú föst kennsla í framhaldsdeildinni á Hvanneyri í umræddum málum, sem veiðimálastjóri annast. Varðandi fræðslu og leiðbeiningar almennt er það að segja, að Veiðimálastofnuninni hefur bætzt nýr starfskraftur á þessu ári, Árni Ísaksson fiskifræðingur, og hefur því verið kleift að auka fræðslu um fiskeldi á árinu. Í bréfi veiðimálastjóra til landbn. Ed. Alþ., dags. 26. febr. 1968, varðandi margnefnda fræðslu er skýrt stuttlega frá fræðslu Veiðimálastofnunarinnar á undangengnum árum.

Varðandi framkvæmd á þál. frá 29. apríl 1966 er það að segja, að athugun hefur farið fram á stöðum norðanlands, þar sem komið getur til greina að reisa eldisstöðvar. Þá hefur verið gerð áætlun um byggingu eldisstöðvar, sem ekki hefur þó verið staðsett. Veiðimálastjóri sendi rn. álitsgerð um umrætt mál ásamt kostnaðaráætlun, og er hún frá því í júlí s. l. Grg. þessi er áætlun um eldisstöð á Norðurlandi, og hefur Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur unnið að þessari áætlunargerð ásamt veiðimálastjóra. Það var gengið frá þessari áætlun í marz 1970, þótt hún kæmi ekki til rn. fyrr en s. l. sumar. Frekari athuganir á umræddu máli hafa svo farið fram í sumar, og er grg. að vænta nú á næstunni um þetta mál, eftir því sem veiðimálastjóri hefur nýlega upplýst, og þegar spurt var að því, hvað það þýddi, bráðlega, þá var talað um, að það gæti orðið nú í vetur, sem kæmi endanleg grg. um eldisstöð á Norðurlandi.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir hans svör, sem ég tel eftir atvikum fullnægjandi, þó að ég hins vegar geti ekki lokið neinu sérstöku lofsorði, eftir að hafa heyrt þau svör, á það, hvernig á þessum mikilsverðu málum hefur verið haldið og hvern árangur þær viljayfirlýsingar, sem í þessum þál. felast, hafa borið um framkvæmdir stjórnvalda.

Það kemur fram í svari hæstv. ráðh., að það eina, sem raunverulega hefur gerzt í þessum málum varðandi þessar þrjár þál., er varðandi klakstöð á Norðurlandi. Þar hefur áætlun verið gerð, en endanleg athugun ekki farið fram, og er enn eftir sex ár bið á því, að endanlegri grg. ljúki. En þetta er sem sagt það jákvæðasta við hans svar, eftir því sem ég bezt fæ séð.

Varðandi fsp. um þál., sem fjallar um fræðslu í bændaskólum og ráðunauta í fiskrækt, er það að segja, að þrátt fyrir það að þessi þál. og viljayfirlýsing Alþ. er orðin tveggja ára, fer engin regluleg kennsla fram í bændaskólunum enn þann dag í dag. Ráðh. sagði að vísu, að kennsla hefði verið veitt í heilan áratug í bændaskólunum, að föst kennsla hafi verið hjá veiðimálastjóra í heilan áratug. Þetta held ég, að sé nú orðum aukið, sökum þess að það gefur auðvitað auga leið, að veiðimálastjóri hefur engin tök á því að annast fasta kennslu í bændaskólunum, hvorki á Hvanneyri eða Hólum. Hér er aðeins um það að ræða, að hann heldur einn eða tvo fyrirlestra árlega, og það getur auðvitað ekki talizt nein kennsla, sem geti orðið hagnýt fyrir bændaefni, þegar þeir taka við sínu búi og vildu fara að stunda þessa atvinnugrein með sínum búskap.

Varðandi almenna fræðslu Veiðimálastofnunarinnar, þá er það hið eina, sem kemur fram fyrir utan fyrirlestrahald veiðimálastjóra í bændaskólunum, að vísað er til einnar blaðagreinar, og verð ég nú að segja, að það getur ekki minna verið hjá stofnun, sem er ætlað að halda uppi almennri fræðslu og upplýsingastarfsemi um þessi mál. En hvort sem þar er um að ræða mannfæð, féleysi eða annað, þá er staðreyndin sú, að þessi stofnun veitir hvorki bændum eða öðrum neina teljandi fræðslu um þessi efni.

Ráðh. minntist ekki á annað í svari sínu, sem í þessari þál. fólst, en það var, að ráðunautar yrðu ráðnir í fiskrækt svo fljótt sem verða mætti. Á það minntist hann ekki, enda mun það mál eiga langt í land. Hins vegar er það vafalaust nauðsyn, ef þessi atvinnugrein á að geta þróazt sem búgrein.

Ég tel það athyglisvert, að eftir að sumar þessar ályktanir eru orðnar fjögurra ára gamlar og aðrar tveggja ára, þá er það svo, að enn þann dag í dag stundar enginn bóndi á Íslandi fiskeldi sem aukabúgrein með sínum aðalbúskap og enginn heldur alfarið sem atvinnu sína, á sama tíma sem nágrannaþjóðir okkar hafa byggt upp stórfellda atvinnugrein á þessu sviði. Hér er því mikið verk, sem er algerlega óunnið, og ég sætti mig ekki við þau svör hæstv. ráðh., að hér komi eintóm fákunnátta til og að við ættum ekki aðgang að neinni þekkingu um þessi mál. Við höfum við mikilsverða reynslu að styðjast erlendis, m. a. á Norðurlöndunum, ekki sízt í Danmörku, sem áreiðanlega getur komið okkur að góðu haldi, og einnig tel ég, að ef ekki væri legið á þeim árangri, sem náðst hefur í stöðinni í Kollafirði, gæti þar einnig verið ýmislegt, sem á mætti byggja. Ég tek það ekki sem fullgilda afsökun, að við höfum ekki enn þá hafið framleiðslu á hentugu fóðri fyrir laxfiska. Það er að vísu mikilsvert fyrir okkur að koma því máli í höfn og koma á innlendri fóðurframleiðslu fyrir okkar fiskrækt, en á það má benda, að þurrfóður er auðvelt að fá frá nágrannalöndum okkar og það við verði, sem ekki er neitt óhæfilegt, og væri vel hægt að hugsa sér, að reka mætti þessa atvinnugrein með innflutningi á erlendu fóðri, meðan íslenzkt fóður í hentugu formi er ekki tiltækt.

Sem sagt, mín niðurstaða af þessu svari er í stuttu máli sú, að ég tel, að það væri full ástæða fyrir hv. Alþ. að taka þessi mál sérstaklega til meðferðar og þá við hentugra tækifæri en í fsp.-tíma. Ég tel, að hér sé mörgu svo ábótavant og svo margt óunnið í þessum efnum, að við svo búið megi ekki öllu lengur standa.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi var nú ekki alveg ánægður með svarið eða svörin, og taldi, að mörgu væri ábótavant og seinagangur á ýmsu. Hann fullyrti, að nú færi engin kennsla fram í skólunum, bændaskólunum, í fiskirækt, enda þótt það sé vitað, að veiðimálastjóri hafi þar á hendi fræðslu, og veit ég ekki, hver ætti frekar að gera það en hann, því að sannleikurinn er nú sá, að enn þá höfum við haft anzi fáa menn, sem eru fróðir í fiskiræktarmálum hér á landi. Við vorum svo heppnir, að einn fiskifræðingur hafði lokið námi og meira að segja framhaldsnámi í Bandaríkjunum á þessu ári, og hann var strax fenginn til stofnunarinnar og er þar ráðinn fastur starfsmaður. Við erum einnig svo heppnir, að á miðju næsta ári útskrifast einn fiskifræðingur í Osló, og við höfum hugsað okkur að nota starfskrafta hans, þegar hann hefur lokið námi, og þannig held ég, að þetta verði að koma smátt og smátt, eftir því sem reynsla og þekking verður fyrir hendi. Og ég held, að það sé hollast fyrir okkur að flýta okkur mátulega hratt í þessu efni, um leið og við viðurkennum það, að þessi grein, fiskiræktin, er mjög mikilvæg fyrir okkur og það má ekki þar slaka á. En því síður eigum við að stíga feilspor í þessum efnum og hvetja t. d. bændur til þess að taka upp fiskirækt, á meðan ekki er hægt að leiðbeina þeim til fulls um það, hvernig þeir helzt eigi að haga sér við það, svo að það borgi sig, t. d. með fóðrun. Það má flytja inn útlent fóður, segir hv. þm., en betra er nú að taka það heima hjá sér, ef við höfum efnið í það og getum blandað það sjálfir, og eins og ég gat um, þá er nú unnið að því í Kollafirði að finna heppilegasta fóður til fiskiræktarinnar, sem fáanlegt er.

Eins og hv. þm. vildi ekki taka því með þökkum, hversu seint gengi í þessum málum, þá ætla ég ekki heldur að taka því með þökkum, að hv. þm. beri rn. eða stjórnvöldunum það á brýn, að á undanförnum árum hafi ekki verið unnið að þessum málum vel og ötullega. Það kemur í ljós, þegar þessi mál eru athuguð til hlítar, að við höfum stigið stórt skref til framfara í fiskiræktinni á s. l. árum, þrátt fyrir að við höfum haft fáa innlenda sérfræðinga til þess að styðjast við, og fiskiræktarstöðin í Kollafirði er undirstaðan að fiskiræktinni. Þaðan á fróðleikurinn að koma til nota fyrir alla landsmenn, og þar er unnið ötullega að þessum málum. Það er þetta, sem ég vildi nú segja, því að hv. þm. talaði um það, að enn hafi ekki verið fengnir neinir ráðunautar til þess að gefa upplýsingar um þessi mál. Við höfum ekki fleiri sérfróða menn, sem við getum látið í þetta, en eru nú í starfi, og þessir sérfróðu menn, sem við nú höfum, eru hjá Veiðimálastofnuninni.

Enginn bóndi hefur enn tekið upp fiskirækt sem búgrein, segir hv. þm. Það er náttúrlega engum bónda bannað að gera það. En það hefur ekki enn þótt hyggilegt að hvetja menn til þess. Það er betra, að bændur og aðrir, sem þetta vilja gera, kynni sér málin til hlítar, áður en farið er að kasta peningum, sem ekki skila sér aftur, vegna þess að undirbúningurinn var ekki nógur.

Það er í rauninni ekki þörf á að segja meira í sambandi við þetta, en ég vil bara vekja athygli á því, að í sambandi við l. lið fsp., a-liðinn, um aukabúgrein fyrir bændur, þá hefur þetta verið gert, sem ég áðan var að lýsa í sambandi við tilraunastöðina í Kollafirði, þ. e. að gera ýmsar tilraunir og gefa upplýsingar, sem hægt verður að byggja á, þegar fært þykir að taka þetta upp sem aukabúgrein og finna það heppilegasta fóður, sem fiskarnir þrífast bezt af og er um leið það ódýrasta, sem fáanlegt kann að vera.

Þá er það b-liðurinn, um fræðsluna í skólunum. Hv. þm. vill ekki viðurkenna það, að þessi fræðsla fari fram. Við því er ekkert að segja. Ef hv. þm. vill stangast við staðreyndirnar, þá er honum það ekki of gott, en flestir eða allir aðrir munu trúa því, sem hér hefur verið sagt, að veiðimálastjóri heldur uppi fræðslu í fiskirækt í búnaðarskólunum.

Um c-liðinn, þ. e. í sambandi við framkvæmd þál., sem samþ. var fyrir fjórum árum en ekki sex, um eldisstöð á Norðurlandi, þá var því lýst hér áðan, að veiðimálastjóri skilaði á s. l. sumri áliti um stofnkostnað og rekstrarkostnað slíkrar stöðvar. Og eftir að þetta álit veiðimálastjóra var komið, var það enn sent til athugunar, og von er á fullnaðargrg. um það mál seinna í vetur. Ég get ekki að því gert, þótt hv. þm. sætti sig ekki við þau svör, sem hér hafa verið gefin, og þótt hann heimti eitthvað meira og meiri hraða í fiskiræktarmálum heldur en orðið hefur. Ég læt aðra hv. þm. dæma um það, hvort hér hefur verið sæmilega að unnið eða ekki. Og ég hygg, að fáir hv. þm. verði á sama máli og hv. fyrirspyrjandi.

33. Fiskræktarsjóður.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um Fiskræktarsjóð [139. mál, 3] (A. 171).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er álit margra, að hér á landi séu betri skilyrði en víðast annars staðar til fiskræktar og fiskeldis í ám og vötnum. Miðað við þá reynslu, sem hefur fengizt annars staðar, ætti fiskrækt hér að geta orðið arðvænleg og stór atvinnugrein, ef rétt er haldið á málum. Slíkt er þó útilokað, nema fjármagn sé fyrir hendi til framkvæmda. Þetta sjónarmið viðurkenndi Alþ. að nokkru á síðasta þingi, þegar lax- og silungslögin voru til með-

ferðar, en samkv. 90. gr. þeirra laga var ákveðið að stofna sérstakan fiskræktarsjóð, er veitti lán eða styrki til fiskeldis og fiskræktar í landinu. Um tekjuöflun sjóðsins segir svo í þessari grein:

„Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Tekjur sjóðsins eru: a) Fjárveiting úr ríkissjóði. b) Gjald á skírum veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum. c) Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðh. d) 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings. e) Aðrar tekjur."

Samkv. næstu gr. á svo að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingum. Þessar framkvæmdir eiga að njóta styrks, sem nemi allt að ⅓ af áætluðum kostnaði. Það eru í fyrsta lagi fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn. Í öðru lagi klakhús og eldisstöðvar.

Í framhaldi af þessu er spurt: Hve miklar verða tekjur Fiskræktarsjóðs á árinu 1971, og hve mikil lán þykir líklegt, að hægt verði að veita úr sjóðnum á árinu?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Spurt er um væntanlegar tekjur Fiskræktarsjóðs á árinu 1971. Tekjur sjóðsins munu væntanlega verða 2.5—3 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er gert ráð fyrir 700 þús. kr. til greiðslu á ógreiddum fiskræktarstyrkjum og 1 millj. kr. til Fiskræktarsjóðs. Þá má gera ráð fyrir tekjum af vatnsaflsstöðvum vegna sölu á orku og af veiðitekjum á árinu, en það er aðeins fyrir hálft árið, salan af orkunni. Það gæti orðið ca. 1 millj. kr., ég veit það ekki nákvæmlega enn. En þetta verður innheimt fyrir seinni hluta ársins. Tekjurnar verða vitanlega talsvert hærri á árinu 1971, því að þá verður innheimt fyrir fullt ár, og mætti ætla, að það yrðu þá 3½—4 millj. kr. með sömu upphæð á fjárlögum.

Þá er spurt um, hve mikil lán verði hægt að veita úr sjóðnum á árinu 1971. Þessu er nú ekki hægt að svara alveg til fulls, því að það eru talsverðar skuldir, sem er eftir að greiða út á styrkhæf mannvirki. Fjárveitingin að undanförnu hefur ekki verið nema 700 þús. kr., eins og þið vitið, og þess vegna er það, að það hefur myndazt nokkur hali. Ég get ekki svarað því nákvæmlega, hvað hann er mikill, en miðað við það, að þessar 700 þús. kr. væru notaðar í styrki, en annað, sem Fiskræktarsjóður hefur, til lána, þá mætti ætla, að hægt væri að lána á næsta ári um 2 millj. kr., og víst er það, að þeir, sem hafa að undanförnu ráðizt í framkvæmdir, hafa alltaf reiknað með því, að það yrði nokkur bið á því, að styrkurinn yrði greiddur að fullu, þannig að ég geri ekki ráð fyrir því, að neitt verði breytt til um það í þetta sinn, það verði þá látið bíða í 1—2 eða jafnvel 3 ár að ljúka þeim styrkveitingum, sem ætti að greiða út á mannvirki, sem lokið hefur verið við. Þá er og gert ráð fyrir því, að stofnlánasjóður veiti lán út á fiskiræktarmannvirki svo og út á íbúðarhús, sem reist eru hjá eldri stöðvum.

Það er enginn vafi á því, að það verður geysileg breyting til bóta í sambandi við Fiskræktarsjóðinn frá því, sem áður var, þegar enginn Fiskræktarsjóður var til. Nú verða Fiskræktarsjóði tryggðar fastar tekjur. Það er vitanlega aldrei hægt að fullyrða, hversu mikið verður veitt á fjárlögum, en í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er það 1 millj. kr. Vonandi verður talið fært síðar meir, ef ekki nú, að hækka þessa fjárveitingu. Og með aukinni orkuvinnslu og orkusölu verða tekjur sjóðsins vitanlega meiri eftir því sem frá líður og einnig af veiðitekjum. Enginn vafi er á því, að það var fullur skilningur á þessu hér í hv. Alþ., þegar verið var að samþykkja lögin í fyrra um lax- og silungsveiði, og menn lögðu mikið upp úr því að stofna Fiskræktarsjóð, þótt ekki væri með stórri upphæð fyrst. Það var vitanlega ákaflega þýðingarmikið spor, að Fiskræktarsjóður var stofnaður, og ef hann hefur á fyrsta ári 2½—3 millj. kr. til ráðstöfunar, á öðru ári 4 millj., þá er hér vitanlega strax orðin á stór breyting og enginn vafi á því, að Fiskræktarsjóður verður fljótt og á eftir að verða mikill aflgjafi fyrir fiskræktina í landinu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, en samkv. þeim skildist mér, að tekjur Fiskræktarsjóðs verði á þessu ári 2.5—3 millj. kr. og á næsta ári 3—4 millj. kr. Það skal fullkomlega viðurkennt, að hér er stigið spor í rétta átt, en hins vegar held ég, að allir hljóti að viðurkenna það, að fyrir þessar fjárhæðir verður ekki hægt að gera neinar stórframkvæmdir í þessum efnum, sem þó er nauðsynlegt, ef fiskræktin og fiskeldið ættu að komast í það horf, sem vera ætti, og þess vegna hljóti það að teljast eitt af meiri háttar verkefnum í framtíðinni að vinna að því, að tekjur Fiskræktarsjóðs verði auknar og auknu fjármagni á annan hátt varið til þessarar atvinnugreinar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál nú að sinni, aðeins árétta það, að þó að hér sé stigið spor í rétta átt, þá tel ég, að það þurfi að gera betur í þessum efnum og sérstaklega verði að taka það til athugunar, hvort ríkið eigi ekki að verja meira fjármagni til þessara hluta heldur en 1 millj., eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum næsta árs.

34. Ísingarhætta.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um varúðarráðstafanir vegna ísingarhættu [139. mál, 5] (A. 171).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra for-

seti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 171. Sú fsp. er í tveimur liðum og er svo hljóðandi:

„1. Hefur ríkisstj. nokkrar varúðarráðstafanir gert vegna sérstakrar sjóslysahættu fyrir Vestfjörðum, sökum ísingarhættu og snöggra veðrabrigða að vetri til?

2. Ef svo er, í hverju eru þær ráðstafanir þá fólgnar?"

Svo sem öllum þingheimi er kunnugt, hafa þeir sorgaratburðir gerzt ár eftir ár, að fleiri eða færri fiskiskip hafa farizt fyrir Vestfjörðum í snöggum áhlaupsveðrum að vetrinum, og er það sammæli þeirra, sem bezt þekkja til, að aðalslysavaldurinn þarna á þessu svæði, sem er eitt háskalegasta svæðið við íslenzku ströndina, sé ísingin, ísingarhætta, ísing, sem leggst þarna á reiða skipa og skipin sjálf miklu fremur en nokkurs staðar annars staðar við Íslandsstrendur. Þegar seinasta sorgarfregnin barst hingað um sjóslys fyrir Vestfjörðum, var þetta mál rætt, og allir voru auðvitað á einu máli um það, að leggja bæri heilann í bleyti til að finna úrræði, sem hægt væri að grípa til til þess að draga úr þessum yfirvofandi háska. Gaf ríkisstj. góð fyrirheit um það, að hún mundi leita slíkra úrræða. Þá um sinn höfðu Bretar tekið upp þann hátt til verndar sínum fiskiskipum á þessum slóðum að hafa skip hér norður af Íslandi til þess að gefa þeim sérstakar leiðbeiningar um veðurútlit, og nokkurt vald hefur þetta skip haft til þess að skipa fyrir um það, hvernig skipin skyldu haga sér við veiðarnar, einkanlega með tilliti til slysahættu af veðrum. Þetta virðist hafa gefizt vel hjá Bretum, og hafa Íslendingar gefið þessu auga, og vestfirzkir sjómenn hafa haft orð á því við mig, að það væri jafnvel athugandi, hvort ekki væri rétt að leita samninga við Breta um það að hafa veðurfræðing um borð í skipi þeirra, ef samningar gætu tekizt um slíkt, til þess að nýjar, áreiðanlegar fregnir um veðrabrigði norður í hafi berist til sjómannanna viðstöðulaust, jafnskjótt og brezku sjómennirnir fá sínar aðvaranir. Mér dettur í hug, að hægt væri að leita þeirra úrræða að fela varðskipum þeim, sem gæzlu annast fyrir okkur, að annast slíka þjónustu, og þó detta mér öllu fremur í hug fiskirannsóknarskip okkar, sem oft munu halda sig einmitt að vetrinum norður við ísröndina við Grænland og á þeim slóðum einmitt, þar sem fyrst verður veðrabrigða vart, og á þeim fiskimiðum, sem við þurfum einmitt að leiða hugann að í þessu sambandi. Nú erum við að fá annað fiskirannsóknarskip í viðbót við það, sem við höfum. Bjarni Sæmundsson er í þann veginn að koma og hefja störf í viðbót við Árna Friðriksson, og væri athugandi, hvort ekki væri hægt að leysa þetta mikla vandamál með sérstökum fyrirmælum, sérstökum starfsþætti í annars þýðingarmiklu starfi þessara skipa.

Fsp. skýrir sig sjálf, og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. hafi gefið þessu máli auga, frá því að það var hér síðast rætt, og við fáum vitneskju um það, til hvaða aðgerða hefur verið gripið.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur beint þessari fsp. til hæstv. sjútvrh., en vegna þáttar Landhelgisgæzlunnar í öryggisþjónustu við bátaflotann sem og nokkurra afskipta dómsmrh. af veðurþjónustu við hann nú nýverið, þá skal ég hér upplýsa nokkur atriði.

Hv. þm. minnist þess e. t. v., og reyndar býst ég við, að svo sé um þm. yfirleitt, að dómsmrn. sendi fjölmiðlum fréttatilkynningu þann 26. f. m., þar sem m. a. var rakinn aðdragandi þeirra aðgerða, sem þá voru komnar til framkvæmda í bættri veðurþjónustu við bátaflotann. Sá aðdragandi var í stuttu máli sá, að þann 4. nóv. komu til fundar í dómsmrn. allir þm. Vestf., en fundinn sátu auk okkar þm. einnig forstjóri Landhelgisgæzlunnar og veðurstofustjóri. Á þessum fundi voru rædd öryggismál bátaflotans á Vestfjarðamiðum, þ. á m. veðurþjónusta, en á þessum slóðum og víðar á miðunum við strendur landsins hafa næturútsendingar á veðurfréttum og veðurspám heyrzt illa eða ekki, en þær hafa á þeim tímum sólarhrings, sem útvarpið starfar ekki, þ. e. að næturlagi, verið sendar frá loftskeytastöðinni hér í Reykjavík. Einnig var þar rætt um möguleika á að fá starfsmann frá Landhelgisgæzlunni vistaðan um borð í brezka eftirlitsskipinu, sem hér er allajafna á þessum slóðum vetrarmánuðina til þjónustu við brezka togara, sem halda sig aðallega á þessum miðum. Að þessum fundi loknum var forstjóra Landhelgisgæzlunnar og veðurstofustjóra falið að gera till. um úrbætur á veðurþjónustunni. Till. þeirra bárust rn. nokkru síðar, föstudaginn 13. nóv., og strax næsta mánudag voru þær svo sendar samgrn. til athugunar og fyrirgreiðslu.

Till. þeirra veðurstofustjóra og forstjóra Landhelgisgæzlunnar voru í fyrsta lagi þær, að æskilegt væri að senda út veðurlýsingu og veðurspá á nóttunni frá aðalstrandstöðvum Landssímans úti á landi, vegna þess hve veðurfregnirnar, sem útvarpað væri frá Reykjavík á þessum tíma, heyrðust illa á stórum svæðum við landið.

Í öðru lagi, að veðurathuganir, sem gerðar eru um borð í varðskipunum á miðnætti og þá helzt ekki nær landi en þrjár sjómílur og sendar strax til Veðurstofunnar, mundu mjög vel þegnar. Sama gilti um athuganir frá fiskibátum á djúpmiðum á þessum tíma, sem varðskipin gætu svo aðstoðað við að koma til Veðurstofunnar, ef ástæða þætti til.

Í þriðja lagi benda þeir á í sínum till., að þá vetrarmánuði, sem aðstoðarskip brezku togaranna séu á miðunum hér við land, þá gæti verið mikil bót að því, að þar um borð væri maður kunnur staðháttum, t. d. yfirmaður frá Landhelgisgæzlunni, sem milligöngumaður um upplýsingar um veður og önnur atriði, sem gætu komið brezkum og íslenzkum fiskimönnum að gagni.

Helgina næstu eftir að þessar till. voru sendar samgrn. var athugun lokið og tekin ákvörðun um framkvæmd till. á þá leið, að veðurspár og lýsing yrðu send út frá þrem strandstöðvum Landssímans, sem næturvörzlu hafa, Ísafirði, Siglufirði og Neskaupstað. Þessar útsendingar hófust þegar nóttina á milli 23. og 24. nóv. Veðurathuganir varðskipanna hófust svo hins vegar í lok sömu viku, og hef ég ekki vitneskju um annað en að að þessu hafi orðið stórbót.

Í fsp. og í ræðu sinni getur hv. fyrirspyrjandi sérstaklega ísingarhættunnar, sem eðlilegt er, og hún er geigvænleg á þessum slóðum, miðunum út af Vestfjörðum, þar sem veðrabrigði eru ákaflega snögg, og einmitt sem liður í baráttu gegn þeirri hættu, sem af ísingunni stafar, er veðurþjónustan eitt sterkasta vopnið.

Þá vil ég taka það fram, að þegar þessar útsendingar um strandstöðvar Landssímans komu til framkvæmda,

hafði þegar verið leitað hófanna við brezk yfirvöld um heimild til þess að hafa starfsmann frá Landhelgisgæzlunni um borð í brezka eftirlitsskipinu og yrði hann þá milligöngumaður íslenzka fiskiflotans og skipsins. Ég get upplýst, að sú málaleitan hefur fengið mjög vinsamlegar undirtektir. Brezka eftirlitsskipið, sem hér var í haust, Orzino mun það heita, ef ég man rétt, er fyrir alllöngu farið héðan af miðunum, en von mun á öðru skipi nú um áramótin. Það standa því, eins og ég áður sagði, vonir til að leyfi fáist til að hafa þar um borð starfsmann frá Landhelgisgæzlunni. Ég er ekki viss um, að það sé nauðsynlegt, að hann sé endilega veðurfræðingur, vegna þess að í skipinu mun vera slík þjónusta, sem hinn íslenzki fulltrúi, sem þarna yrði, hefði þá væntanlega aðgang að og gæti komið áleiðis til sinna landa.

Þetta var nú um veðurþjónustuna, en ég vil þá bæta við nokkrum orðum um úthaldstíma varðskipanna á Vestfjarðamiðum. Ég get þar vitnað til fréttatilkynningar þeirrar, sem ég áður gat um, sem send var út frá rn., en um það atriði segir þar orðrétt:

„Um gæzlustörf varðskipanna við Vestfirði upplýsir stjórn Landhelgisgæzlunnar, að áherzla er lögð á, að varðskip sé að staðaldri við Vestfirði, einkum vetrarmánuðina, og hefur hin síðari ár verið lögð æ ríkari áherzla á, að stærstu og bezt útbúnu skipin séu við þá gæzlu. Sem dæmi er tekið, að í jan.—apríl og okt.—des. á s. l. ári var varðskip að jafnaði 23 sólarhringa á mánuði á svæðinu frá Látrabjargi að Horni. Ef með væri tekin varðgæzla við Breiðafjörð og austur að Húnaflóa, er varðgæzlan talsvert meiri, og erfiðasta mánuðinn, janúar, var hún fullur mánuður. Verði lögð áherzla á að halda einnig uppi fyllstu gæzlu við Vestfirði framvegis."

Svo sem ráða má af framangreindum upplýsingum, er varðgæzla við Vestfirði verulega meiri en á nokkru öðru svæði við landið, enda kemur þar til sérstök nauðsyn vegna veðurfars á þessum slóðum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég hef þá upplýst þau atriði, sem af hálfu dómsmrn. hefur verið hlutazt til um, að úr yrði bætt, eftir því sem ástæður leyfðu, og var þá aðaláherzlan lögð á, að þær úrbætur gætu komið til framkvæmda sem allra skjótast.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir skýrslu hans um aðgerðir í þessu máli, og það hefur komið í ljós af svari ráðh., að menn hafa gefið þessu máli gaum núna á þessu hausti og borið ráð sín saman um það, hvað hægt væri að gera. Þm. Vestf. hafa hreyft málinu mjög í þann sama mund og ég bar fram þessa fsp., en það er alllangt síðan hún var lögð fram á skrifstofu Alþ. Menn hafa þannig verið að hugsa um þessi mál á liðnu hausti og dómsmrn. leitað nokkurra úrræða, sem ég hygg, að séu líkleg til að koma að gagni, bægja e. t. v. slysum frá, eða það viljum við a. m. k. vona.

Mér skildist, að undirtektir Breta við þeirri málaleitan, að við hefðum e. t. v. fulltrúa um borð í gæzluskipi þeirra, hefðu verið góðar, en ég skildi ekki alveg til fulls eða man það ekki, hvort það mál hefði fengið afgreiðslu eða kæmi til framkvæmda núna upp úr áramótum með hinu nýja skipi. En ég vænti þess, að svo sé.

Ég held, að þessi breyting á veðurþjónustunni sé til stórra bóta, því að vissulega hefur ekki verið nægilega sinnt þessu sérstaka háskasvæði við íslenzku ströndina með nógu vakandi veðurþjónustu. Það var einn skipstjóri á fundi með mér á s. l. hausti, vestfirzkur skipstjóri, sem tók það sem dæmi, og hann hafði það úr sinni dagbók, að hann tilnefndi dag, þar sem gefin hefði verið út veðurspá frá íslenzku veðurstofunni um gott veðurútlit. Síðan kom skynditilkynning frá brezka eftirlitsskipinu um það, að snögg veðrabreyting hefði orðið og brezku skipin mættu vænta áhlaupsveðurs innan mjög skamms tíma. Og aðvaranirnar dundu á þeim allt kvöldið, en íslenzka veðurstofan hélt áfram að útvarpa sýknt og heilagt góðu veðurútliti án nokkurrar breytingar allt fram á síðustu stund þennan dag. Skipstjórinn tilgreindi þennan dag nákvæmlega, og ég trúi því, að hann hafi farið þarna með rétt mál, og þetta sýnir, að þarna gat veðurþjónustan, sem ekki hafði við rannsóknir að styðjast með nógu skömmu millibili, bókstaflega verið háskaleg og villt um fyrir sjómönnum. En nú hefur einmitt verið bætt úr með veðurþjónustuna, og ég tel, að það sér mikilsverður þáttur í því að forða slysum.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta, en vil aðeins minna á, að það er e. t. v. möguleiki að nota okkar fiskirannsóknarskip um vetrarmánuðina að nokkru leyti til þessarar þjónustu, og það er þó alltaf betra hjá sjálfum sér að taka en sinn bróður að biðja, ef við gætum með okkar eigin skipum innt í framtíðinni af hendi þá þjónustu, sem við nú höfum látið okkur detta í huga að biðja brezka eftirlitsskipið að annast fyrir okkur, að vísu með íslenzkum starfskrafti.

35. Dreifing raforku.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um dreifingu raforku [166. mál, 6] (A. 213).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hafði fyrir áramótin borið hér fram fsp. til ríkisstj. um dreifingu raforku. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá var gert á s. l. ári mikið átak í dreifingu raforku um sveitir. Það er a. m. k. óhætt að segja, að mikið var gert miðað við þann framkvæmdahraða, sem orðinn var í dreifingunni síðustu árin þar á undan. Það hafði dregið úr framkvæmdum, og var útlit fyrir, að svo héldist, og þm. ýmsir bundust samtökum um það eða gengu í það að krefja um meira fjármagn til þessara

framkvæmda. Við þessu var orðið, þannig að á s. l. ári mun hafa verið unnið að orkudreifingu nokkuð miklu meira en árin á undan. Hins vegar hefur manni skilizt, að á þessu ári sé ekki fyrirhugað að verja eins miklu fé til þessara mála. Það er þó síður en svo, að hér megi draga úr framkvæmdahraða að mínum dómi. Enn þá er eftir lokaátakið, til þess að allir Íslendingar geti orðið raforku aðnjótandi. Fsp. mín er svo hljóðandi:

„1. Hversu mörg sveitabýli eru tengd samveitum á þessu ári? — Þetta ætti nú að vera árið 1970.

2. Hversu mörg býli með allt að 1.5 km meðalfjarlægð á milli býla verða utan samveitu við lok þessa árs, — þ. e. 1970?

3. Hvað er miklu fé varið til dreifingar raforku um sveitir árið 1970?

4. Hvað er fyrirhugað að verja miklu fé til þeirra framkvæmda á næsta ári?"

Ég tel það mjög æskilegt, að þetta verði upplýst svo greinilega sem unnt er á þessum tíma, til þess að hv. alþm. geti alveg vitað, hvernig málin standa, hvað gert var og hvernig horfur eru um framkvæmdir á þessu ári. Þetta brennur mjög heitt á þeim, sem enn eru utan orkuveitusvæða, ýmist með stopult rafmagn frá einkarafstöðvum ellegar alls ekkert rafmagn, og ætti það ekki að þurfa skýringar við fyrir hv. þm. eða hæstv. ríkisstj., hver örlög það eru á þessari öld tækni að vera án rafmagns og þar með allra þeirra tækja, sem nú eru notuð og knúin eru raforku.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fsp. þessi var borin fram fyrir þinghlé, en komst þá ekki að til svara vegna annars annríkis. Ég skal reyna í sem stytztu máli að veita svör við því, sem að er spurt.

1. Hversu mörg sveitabýli séu tengd samveitum á þessu ári, en þess var réttilega getið, að átt væri við árið 1970. Það var ekki alveg fullljóst um miðjan des., þegar ég fékk grg. um þetta, hve mörg býli yrðu fulltengd samveitum á árinu 1970, en það lætur nærri, að tala þeirra verði u. þ. b. 250.

2. Hversu mörg býli með allt að 1.5 km meðalfjarlægð verða utan samveitu í lok þessa árs, 1970? Tala býla í samþykktum veitulögnum á framkvæmdaáætlun fyrir árið 1971 með allt að 1.5 km meðalfjarlægð milli bæja er um 80. Og þegar framkvæmdum við þessa veitulögn lýkur á árinu 1971, þá er lokið þeim áfanga að tengja öll býli samveitum, þar sem meðalfjarlægð milli bæja er ekki meiri en 1.5 km. Það er rétt að taka það fram, að nokkur fleiri býli hafa verið tengd samveitum en þau, er uppfylltu þetta skilyrði, enda hafa þá ábúendur greitt svo kallað óendurkræft framlag til þess að jafna metin.

3. Hvað er miklu fé varið til dreifingar raforku um sveitir árið 1970? Til dreifingar raforku um sveitir landsins hefur verið varið á árinu 1970 u. þ. b. sem hér segir: Framlag á fjárlögum 27.1 millj. og framkvæmdalán ríkisstj. um 15 millj. kr. eða samtals 42.1 millj. Auk þess hefur farið til framkvæmdanna framkvæmdalán úr héruðum 21.9 millj. kr., óafturkræf framlög úr héraði 2.4 millj. og áætluð heimtaugagjöld 4 millj. eða alls 70.4 millj. kr. Af þessu fé þurfti að vísu að endurgreiða framkvæmdalán úr héraði frá fyrri árum að upphæð 4.2 millj. kr., þannig að til sjálfra framkvæmdanna hafa því farið um 66.2 millj. kr., og er óhætt að fullyrða, að það er verulegt átak á þessu sviði, enda er verið að reyna að ná hér lokamarki, eins og áður hefur komið fram.

4. Hvað er fyrirhugað að verja miklu fé til þeirra framkvæmda á næsta ári? Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1971 er sem kunnugt er gert ráð fyrir 32 millj. kr. framlagi til þessara framkvæmda. Þá hafa verið ráðagerðir uppi um það að fara fram á 10 millj. kr. upphæð í framkvæmdaáætlun ríkisstj. í þessu skyni, og ef það mark næst, þá verða til þessara framkvæmda samtals rúmlega 42 millj. kr. Þar við bætist lítils háttar vegna heimtaugagjalda, og enn fremur má gera ráð fyrir því, að nokkur framkvæmdalán verði boðin fram úr héraði til lagna, er annars mundu ekki falla undir 1.5 km regluna.

Hér með er í raun og veru svarað þessum fjórum fsp., en ég vil aðeins bæta nokkrum orðum við, þó að ekki sé kannske beinlínis um það spurt. Það, sem ég vildi taka fram, er, að á s. l. vetri, 1970, var af hálfu iðnrn. og í samráði við Orkustofnun gerð framkvæmdaáætlun um sveitaveitur 1970—1971. Þegar sýnt þótti, að áfanganum með 1.5 km meðalfjarlægð milli býla yrði lokið á árinu 1971, var farið að athuga, hvernig standa bæri að frekari framkvæmdum. Til þess að hafa sem gleggstar upplýsingar um þessi mál lagði rn. á s. l. sumri fyrir Orkustofnun að rita öllum hreppstjórum á landinu og fá hjá þeim upplýsingar um fjölda býla, sem tengd væru samveitum, hefðu vatnsaflsstöðvar, dísilstöðvar eða hefðu ekki neitt rafmagn. Þessar upplýsingar eru nú komnar frá velflestum hreppstjórum landsins, og sýna þær, þetta yfirlit, að alls eru nú í landinu 1081 býli, sem ekki er tengt samveitum, þar af hafa 604 býli dísilstöðvar og 227 býli vatnsaflsstöðvar, en enn eru 250 býli án rafmagns. Á Orkustofnun er verið að vinna að þessum málum á grundvelli þeirra upplýsinga, sem nú liggja fyrir, og gert er ráð fyrir, að heildaráætlun um rafvæðingu í dreifbýlinu verði lokið í vetur og gerð um það ítarleg kostnaðar- og tímaáætlun. Rn. gerir ekki ráð fyrir því, að sett verði ákveðin mörk um fjarlægð milli bæja, heldur að athugað verði, með hverjum hætti hugsanlegt verði að tengja öll býli á landinu, sem tiltækt er, samveitum eða stuðla að lausn í rafmagnsmálum þeirra með öðrum hætti. Vonir standa til þess, að þessari áætlun verði lokið nú í vetur, þannig að unnt verði að gera þinginu nánari grein fyrir þessum málum síðar. Það hefur einnig komið í ljós, að þegar þessum áfanga var u. þ. b. að verða náð með rafvæðingu til býla, sem ekki er lengri meðalfjarlægð en 1.5 km á milli, þá komu fram vissir erfiðleikar, sem leysa þurfti. Þá eru kannske sveitir, sem í raun og veru hafa innan sinna vébanda styttri vegalengdir en þetta, en að meðaltali lengri en þarf til þess að komast í sjálfa raforkuna. Hefur það verið sérstaklega til athugunar á vissum stöðum, og verður reynt að stuðla að því að hafa þar í frammi viss frávik frá því, sem áður hefur verið gert, til þess að flýta rafvæðingunni.

Ég held, að það séu meginatriði málsins, sem ég nú hef nefnt, en hitt er svo það, að mér er það ljóst, að þm. er þetta áhugamál, eins og eðlilegt er, og það er stöðugt unnið að þessu, og mundi rn. á hverjum tíma vera reiðubúið til þess að láta í té frekari upplýsingar bæði einstökum þm. og um framkvæmdir á einstökum stöðum, ef þess yrði óskað.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Það er nú kannske ekki alveg nákvæmlega hægt að bera saman það, sem gert var og gert verður, af þeim tölum, sem fyrir liggja, en þó sýnist mér hætta á, að hér sígi aftur á ógæfuhlið og dragi úr framkvæmdahraðanum á þessu ári. Tel ég það mjög miður farið, ef svo reyndist.

Það eru viss þýðingarmikil atriði, sem ekki komu fram í svörunum, eins og t. d. það, hvað miklu fé þarf að verja til þess að endurgreiða fyrri framkvæmdalán.

Með þessari fsp. hef ég enn viljað undirstrika og leggja áherzlu á nauðsyn þess, að haldið verði áfram dreifingunni af fullum hraða. Þó að það sé seint, sem snúizt hefur verið við því að gera áætlun um lok dreifingarinnar, þá ber að fagna því, að nú hefur þó loks verið snúizt við því að gera áætlun um lokaframkvæmdina. Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að þess væri að vænta, að sú áætlun yrði lögð fyrir það þing, sem nú situr, þannig að þá gefst væntanlega kostur á að fara nánar út í einstök atriði þess, sem nú er eftir.

Mér þóttu það líka þýðingarmiklar upplýsingar, sem komu fram, þegar hæstv. ráðh. gat þess, að til sérstakrar athugunar hefði verið að undanförnu hjá Orkustofnun vandamálið um vegalengdir á milli héraða. En eins og unnið hefur verið að framkvæmdum til þessa, þá hafa vegalengdir á milli héraða verið taldar með vegalengdum innbyrðis á milli bæja. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að í reyndinni mun það þykja hagkvæmt að fara langt yfir það mark, sem menn hafa sett sér til þessa, og mér þykir vænt um að heyra það einnig hjá hæstv. ráðh., að það er ekki meiningin að binda sig við einhver alveg ákveðin kílómetramörk á lokasprettinum, heldur verði málin metin hverju sinni án þess að binda sig fyrir fram við slík mörk. Það má kannske segja, að það hafi ekki verið í höfuðatriðum óeðlilegt að fara þá leið, sem farin hefur verið, að taka fyrst þau svæði, þar sem vegalengdirnar eru minnstar, því að þannig var hægt að koma orkunni til fleiri notenda á stuttum tíma, en mér þykir vænt um að heyra, að á lokasprettinum á ekki að binda sig þannig fyrir fram við ákveðnar vegalengdir.

36. Gengistöp hjá Fiskveiðasjóði.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. viðvíkjandi greiðslum á gengistöpum hjá Fiskveiðasjóði [157. mál, 1] (A. 199).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja um það, hvað ríkisstj. hygðist fyrir viðvíkjandi gengistöpum hjá Fiskveiðasjóði, sem alls voru ca. 122 millj. kr. Þetta voru þeir aðilar látnir borga, sem tóku lán frá ársbyrjun 1961 og þar til í árslok 1966. En á þessu tímabili hafa erlendar skuldir lækkað um nákvæmlega 17 millj. 399 þús. Nú er sagt í 16. gr. laga um Fiskveiðasjóð, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innanlands, og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar."

M. ö. o., Fiskveiðasjóði er ekki heimilt að lána með gengisáhættu nema erlent fé, sem tekið er að láni. En á þessu tímabili hefur ekkert erlent fé verið tekið að láni eða a. m. k. eigi sem neinu nemur, því að erlendar skuldir hafa lækkað um 17 millj. kr. En þrátt fyrir það eru þessir aðilar — og handa þeim hefur erlent fé verið tekið að láni — látnir borga í gengistap 122 millj. kr. En hinir, sem hafa fengið erlent fé lánað, eru ekki látnir borga einn einasta eyri, því að samkv. þeirri skýrslu, sem stjórn Fiskveiðasjóðs gaf, þá hefur Fiskveiðasjóður skuldað 105 millj. kr. í árslok 1961. Eitthvað hefur verið greitt af þessari upphæð á tímabilinu, en áreiðanlega ekki öll skuldin. Þetta eru hinir aðilarnir látnir borga. Og frá ársbyrjun 1967 til 29. maí 1968 eru öll lán veitt án gengisáhættu. Samkvæmt þessari skýrslu eru því í árslok 1967 útlán án gengistrygginga 854 millj., en lánað með gengisáhættu 581 millj. Það er töluvert hærri upphæð, sem er lánuð án gengistryggingar, og allar erlendu skuldirnar hafa verið lánaðar þeim aðilum, sem ekki borga neitt gengistap.

Ég sé ekki annað en stjórn Fiskveiðasjóðs hafi brotið þarna lög. Hún hafi lánað fé með gengisáhættu, sem ekki var heimilt að lána með gengisáhættu. Og hún ákvað alveg án tillits til þess, hvort erlent fé var tekið að láni, hve mikill hluti af lánunum var gengistryggður. Ég held, að það hafi verið 3/5, og þegar ég ræddi um þetta við einn af lögfræðingum bankans, hví þetta væri svona hátt, þá svaraði hann með hroka og rembingi, eins og þeir gera alltaf, þessir herrar, sem stjórna þessum bönkum. Það eru margir lögfræðingar þarna.

Fiskveiðasjóður er ríkisstofnun, og ég álít, að ríkisstj. beri siðferðilega ábyrgð á því, að þarna sé að lögum farið. Og vafalaust þarf hún ekki nema hlutast til um, að þetta sé lagað. Ég efast um, að ég hefði sagt nokkuð við því, ef gengistapinu hefði verið deilt jafnt niður á alla aðila og Fiskveiðasjóður hefði sjálfur greitt það, sem þeim bar að greiða, sem höfðu fengið lán án gengistryggingar. Ég hygg, að ég hefði ekki gert neinn hávaða út af því, en þetta gengur of langt. Að láta þá aðila greiða allt tapið, sem ekkert eiga að greiða. En hinir, sem eiga að greiða gengistapið, þeir greiða ekki neitt. Ég hygg, að ríkisstj. líti þannig á, að ríkið eigi þessa lánastofnun, þó að útvegsmenn hafi lagt að miklu leyti fé í hana. Ég reikna með því. Þeir eru húsbændur á heimilinu. Vafalaust þurfa þeir ekki nema hlutast til um, að þetta sé lagað. Og satt að segja er leiðinlegt að þurfa að standa í málaþrasi út af svona löguðu. Það væri miklu æskilegra að jafna þetta. En ég sé enga ástæðu til að þegja yfir þessu. Ég á a. m. k. ekkert það vangert við þessa menn, að ég sjái neina ástæðu til þess, og rétt er rétt. Það er ástæðulaust að láta þá menn, sem ráða yfir lánastofnunum, komast upp með að gera hvaða óhæfuverk sem er.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vænti þess, að þau svör, sem ég gef hér á eftir, fullnægi hv. fyrirspyrjanda.

1. Með ákvæði í lögum nr. 17 frá 10. marz 1961 var Fiskveiðasjóði heimilað að áskilja, að ný erlend lán, sem endurlánuð væru úr sjóðnum, endurgreiddust með breytilegri fjárhæð, sem næmi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum. Þessa heimild notaði stjórn sjóðsins þegar á sama ári, og var ákveðið, að í skuldabréfum fyrir veittum lánum skyldi vera ákvæði, sem heimilaði að innheimta 3/5 hluta þeirra með breytilegri fjárhæð, sem næmi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum.

2. Það hefur ekki tíðkazt, að erlend lán Fiskveiðasjóðs hafi verið endurlánuð beint, enda væri þá eðlilegra, að slíkt fé væri endurlánað með fullri gengisáhættu. Hins vegar hefur erlent lánsfé sjóðsins verið hluti af því fé, sem sjóðurinn hefur haft til ráðstöfunar, og því eðlilegt, að útlán sjóðsins verði bundin gengisákvæði að hluta. Með þessu móti hefur gengisáhættu verið jafnað niður á alla lántakendur jafnt. Sem dæmi má nefna, að árið 1961, þegar fyrrgreint ákvæði var sett í lög, hafði sjóðurinn umráðafé til útlána, sem var að ⅔ erlent, en að ⅓ innlent. Enda þótt þetta erlenda fé væri lánað út á árinu 1961, var í stað þess að láta einungis þá aðila, sem lán tóku á því ári, bera alla áhættuna, haldið áfram að jafna þeirri áhættu á lántakendur á næstu árum með því að hafa lánin gengisbundin að hluta til.

3. Af þessari dreifingu gengisáhættunnar hefur leitt, að hver einstakur lántakandi hefur aðeins orðið að bera gengistap að hluta, sem sjá má á því, að við hækkun erlends gjaldeyris um 32.6% vegna gengislækkunar íslenzku krónunnar 1967 nægði 5.3% hækkun á lánum sjóðsins fyrir gengisbreytingunni, og við lækkun erlends gjaldeyris um 54.4% vegna gengislækkunarinnar 1968 nægðu 15.54% til að mæta gengisbreytingunni það ár.

4. Snemma árs 1967 var erlent lánsfé Fiskveiðasjóðs orðið mjög lítilfjörlegur hluti af útlánum sjóðsins og útlit fyrir, að það færi enn minnkandi. Var því ákveðið, að frá byrjun þess árs skyldi fyrrgreint heimildarákvæði laganna ekki notað. Þegar kom fram á árið 1968, hafði viðhorf breytzt aftur, þar sem fyrirsjáanlegt var, að sjóðurinn yrði a. m. k. í náinni framtíð að verulegu leyti að nota erlent lánsfé til lánveitinga. Var þá talið óhjákvæmilegt að taka aftur í notkun heimildina frá 1961 og beita því ákvæði á sama hátt og gert hafði verið á tímabilinu 1961—1966. Gengisáhættu vegna erlendra lána Fiskveiðasjóðs er því enn dreift á alla lántakendur jafnt, en sá hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins, sem er erlent fé, ekki endurlánaður sérstaklega með fullri gengisáhættu, sem ella væri óhjákvæmilegt. Ef það er vefengt, eins og virtist koma fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér sé að lögum farið, þá er sjálfsagt, að leitað verði eftir lögfræðilegu áliti í því efni.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég reikna ekki með, að hæstv. ráðh. hafi samið þessa skýrslu, heldur hafi einhver annar samið hana. En þarna er sagt berum orðum, að þessu hafi verið jafnað niður á alla lántakendur eins og ráðh. las þetta upp. Hann hlýtur að gera þetta að sínum orðum með því að lesa þetta upp og taka ábyrgð á því, að þetta sé rétt. En okkur var öllum afhent í fyrra skýrsla, þar sem það er tekið fram af framkvæmdastjóra sjóðsins og bókhaldara, það er tekið nákvæmlega fram, hverjir borga þetta og hve miklu er jafnað niður, og það er mikill minni hluti af lánunum. Og svo segir ráðh., að þessu sé jafnað niður á alla jafnt. Þetta eru hrein ósannindi. Að sjóðsstjórnin skuli leyfa sér að afhenda ráðh. svona plagg til upplestrar! Hvað ætli Bretar segðu við þessu? Þetta er mórallinn í bankakerfinu. Lesið þið bara skýrsluna, sem Elías Halldórsson afhenti í fyrra. Lesið þið hana bara. Og svo segir ráðh. hér, að þessu sé jafnað niður á alla jafnt, þegar allir, sem hafa ógengistryggðu lánin, borga ekki einn einasta eyri. Og það er meira en í þetta skipti. Þetta er um alla framtíð. Hinir, sem hafa þessi gengistryggðu lán, verða að borga fyrir hina. Þarna er í fyrsta lagi framið lögbrot, í öðru lagi eru borin fram hrein ósannindi og það í þinginu. Ráðh. hlýtur að bera ábyrgð á því, sem hann les upp, þó að það sé rangt. Hann hlýtur að bera ábyrgð á sínum starfsmönnum. Lesið þið bara skýrsluna, sem þið hafið. Það er alveg glöggt tekið fram, á hvaða upphæð er jafnað niður gengistapinu, og það er minni hluti af lánunum. Þetta er dálítið alvarlegt. En ég skil þetta þannig, að ríkisstj. ætli ekkert að gera í málinu. Það verði þess vegna að höfða mál. En jafnvel þó að hún ætli ekkert að gera, þurfa ráðherrar ekki að bera fram ósannindi. Þeir eru sjálfir búnir að leggja fram svörin við þessu með skýrslunni í fyrra.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil nú ekki þreyta þingheim með því að endurlesa það, sem ég las hér áðan, en uppistaðan í því svari — það er rétt — er komin frá stjórn Fiskveiðasjóðs. Til þess að hafa sama hátt á og ég hafði á s. l. þingi, þegar skýrsla þáv. forstjóra Fiskveiðasjóðs var lögð hér fram ljósprentuð, þá skal ég leggja fram ljósritaða þessa skýrslu mína, sem er uppistaðan í þessu svari, eða skýrslu Fiskveiðasjóðs og svör við þeim fsp., sem hv. þm. bar fram, þannig að þm. geti borið það saman í staðinn fyrir orðaskak af þessu tilefni, sem ég tel engum til góðs. Ég skal hafa sama hátt á þessu nú.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég verð nú að taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, 3. þm. Norðurl. v., að mér þótti furðulegt að heyra það lesið hér upp úr bréfi frá stjórn Fiskveiðasjóðs, að gengisáhættu eða gengistapi, sem Fiskveiðasjóður hefði orðið fyrir, hefði verið jafnað jafnt út á alla lántakendur hjá sjóðnum, af því að það hefur verið upplýst hér á Alþ. áður og fer auðvitað ekkert á milli mála, að þetta er rangt. Ég held nú líka, að þeir, sem sömdu þetta bréf, sem hér var lesið upp, hafi hallað orðalagi á þetta penan hátt, að það mátti skilja þetta svona. Þeir hafi í rauninni með orðum sínum ekki meint það, að þeir væru vísvitandi að villa hér um fyrir mönnum.

Málið hefur verið þannig, að á alllöngu tímabili voru þessar heimildir í lögum um það að gengistryggja lánin með sérstökum hætti. Þá var heimildin notuð jafnt fyrir alla á tilteknu tímabili, þannig að allir, sem tóku þá lán úr sjóðnum, fengu lánsskjöl sín með þeim ákvæðum, að þeir ættu að borga lánið með tiltekinni gengisbreytingu, ef hún yrði, eftir nánari útreikningum. En svo kom sem sagt að því, að sjóðsstjórnin ákvað skyndilega að hætta

að beita þessum ákvæðum og veitti lán úr sjóðnum án allra skilmála um gengistryggingu. Og það voru allmargir aðilar, sem fengu þá lán úr sjóðnum án þess að þurfa að vera bundnir við þessi gengisákvæði. Svo var gengisákvæðið tekið upp að nýju, og útkoman verður þessi, eins og hv. fyrirspyrjandi hefur tekið hér skýrt fram, að þeir, sem tekið hafa lán úr Fiskveiðasjóði, búa þarna við mismunandi lánakjör eftir því, á hvaða tímabili þeir hafa fengið lán frá sjóðnum. Því gengistapi, sem Fiskveiðasjóður hefur orðið fyrir, hefur því ekki verið jafnað jafnt út á alla, sem hafa tekið lán úr sjóðnum, heldur hefur þetta orðið þannig, að gengistapinu hefur verið jafnað á þá, sem tóku lán með þessum skilyrðum.

Það er enginn vafi á því, að þessi framkvæmd er mjög óréttlát, kemur óréttlátlega niður, og það væri full ástæða til þess að leiðrétta þetta, án þess að fara þyrfti í opinberan málarekstur út af þessari framkvæmd. Og ég vil ekkert fullyrða um það, hvort stjórn Fiskveiðasjóðs yrði nokkurn tíma dæmd til þess að leiðrétta þetta. E. t. v. getur hún hagað framkvæmdinni lagalega séð samkv. ákvæðum laganna um Fiskveiðasjóð á þennan hátt. *Ég vil ekkert fullyrða um það, ég þekki það ekki nægilega vel.* En mér er það ljóst, að hér hefur framkvæmdin á lánveitingum úr Fiskveiðasjóði orðið með þeim hætti, að óréttlátt verður að teljast. Og ég held, að hæstv. ráðh. hefði átt að athuga þetta mál nokkru betur, eða vildi *fara fram á það við hann, að hann gerði það og kannaði*, hvort ekki væri auðveldlega hægt að gera hér á einhverja sanngjarna leiðréttingu, án þess að til málareksturs þyrfti að koma, því að ég tel engan vafa vera á því, að þarna sitja hinir ýmsu aðilar, sem tekið hafa lán *úr Fiskveiðasjóði, að misjöfnum rétti og búa við misjöfn kjör.*

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég tók saman þessar tölur í einu lagi. Heildarskuldirnar virðast vera, eftir gengislækkunina, 1435 millj. samkv. skýrslunni, sem Elías Halldórsson gefur og hans bókhaldari, 1435 millj. Gengistapinu 1967 er jafnað niður á 540 millj., en 1968 á 604 millj., þannig að það er rúmlega þriðjungur í fyrra skiptið og dálítið hærra í seinna skiptið. Þetta eru hinar réttu tölur. Svo segir sjóðsstjórnin og hæstv. ráðh., að jafnað hafi verið niður á alla jafnt, og þetta er lesið upp fyrir þinginu. Annars vildi ég aðeins óska þess að fá skýrt svar: Ætlar ríkisstj. að skipta sér nokkuð af þessu? Er það ekki afráðið, eða vill *hún athuga málið betur?* Eða ætlar hún að láta málið alveg afskiptalaust?

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið í sambandi við fsp. hv. 3. þm. Norðurl. v. og orð hv. 4. þm. Austf., teldi ég ástæðu til þess, að þingheimur fengi betur að kynnast skoðunum þeirra og hvort þær séu þær, að þeir útgerðarmenn, sem létu byggja skip á þeim tíma, sem Fiskveiðasjóður auglýsir, að engin gengisáhætta fylgi lánum og fyrirgreiðslu frá þeim sjóði, hvort þeir telji, að fullu réttlæti verði náð með því kannske að jafna niður gengisáhættu þeirra ára á skip þeirra útgerðarmanna, sem ganga að því með opin augun, þegar þeir leita þessarar fyrirgreiðslu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil nú svara þessari spurningu, sem hér var beint til mín m. a., á þann hátt, að í fyrsta lagi auglýsti fiskveiðasjóðsstjórnin aldrei neitt um þá breytingu, sem hún gerði í sambandi við þessar lánveitingar. Við fréttum hins vegar af því á eftir, að það væru ýmsir farnir að fá lán úr sjóðnum með allt öðrum kjörum en þeir, sem lán tóku áður. Þetta er nú í fyrsta lagi. Í öðru lagi er það svo, að mér kemur ekki til hugar, að það sé hægt að ákveða það að breyta þeim lánskjörum, sem sjóðurinn hefur sett tilteknum aðilum, en ég álít, að gengistapið hefði átt eðli málsins samkv. að jafnast á heildarútlán Fiskveiðasjóðs og Fiskveiðasjóður þá, ef ekki eigandi hans, ríkið, að taka á sig þennan mismun vegna þessarar sérkennilegu framkvæmdar, sem þarna hefur orðið hjá sjóðsstjórninni á lánveitingunum. Mér hefur aldrei komið það til hugar, að hægt væri að breyta lánskjörunum gagnvart þeim, sem hafa hlotið lánin úr Fiskveiðasjóði með þessum hagstæðari kjörum. Þeir halda sig vitanlega við þau og búa að þeim. En það er ekki réttmætt að framkvæma lögin á þann hátt, að þeir, sem búa við gengisákvæði, beri að sínum hluta hærri gengisálög, vegna þess að öll lán Fiskveiðasjóðs eru ekki tekin með í útreikninginn, þegar upphæðinni er deilt út. Þennan mismun, sem þarna kemur fram, væri, eins og ég segi, eðlilegt, að Fiskveiðasjóður tæki á sig sjálfur eða þá eigandi sjóðsins.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Sem svar við síðustu fsp. hv. fyrirspyrjanda mundi ég vilja taka undir orð hv. 4. þm. Austf., að það er sjálfsagt og eðlilegt, að athugaðir séu allir möguleikar á því, að hér verði á sanngjörn leiðrétting, ef um óréttmætar aðgerðir hefur verið að ræða, sem ég vefengi. Ég geri ráð fyrir því, að menn hafi, eins og kom hér fram í umr. áðan, skrifað undir hlutaðeigandi lánsskjöl með opin augu, þegar þeir tóku lánin.

37. Endurvarp sjónvarps frá Reykhólum.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um endurvarp sjónvarps frá Reykhólum [157. mál, 3] (A. 199).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Það heyrist stundum fullyrt, að sjónvarpskerfið nái nú um landið allt. En því fer þó fjarri, að landsmenn allir hafi sömu aðstöðu til þess að njóta sjónvarps. Enn liggja

heilu byggðarlögin alveg utan kerfisins, og í öðrum eru móttökuskilyrði hvergi nærri viðunandi, vegna þess að endurvarpsstöðvar hafa ekki dugað sem skyldi. Það verður því að lagfæra og efla sjónvarpskerfið til stórra muna, áður en hægt er að segja með sanni, að landsmenn allir eigi þess jafnan kost að njóta sjónvarps.

Þar sem ég þekki bezt til, á Vesturlandi, eru nokkur byggðarlög enn mjög afskipt að því er sjónvarp varðar. Ég hef áður á þessu þingi lýst sjónvarpsskilyrðum á Snæfellsnesinu sunnanverðu, þar sem þau eru algerlega óviðunandi, sérstaklega yzt, í Breiðuvíkinni, og ég vil ítreka það, sem ég sagði þá, að móttökuskilyrðin verða ekki viðunandi þarna, fyrr en reist hefur verið sú endurvarpsstöð, sem sérfræðingar Landssímans munu hafa valið stað í svonefndum Axlarhólum. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að hvetja enn til þess, að þeim framkvæmdum verði hraðað sem mest.

Vestur á Skarðsströnd eru einir 15 bæir, sem enn fara með öllu á mis við sjónvarp. Þeir ná ekki sendingum frá þeirri endurvarpsstöð, sem flytur dagskrá sjónvarpsins inn á heimili Saurbæinga. Þar ber á milli fjöll og ása, og sjónvarp nær ekki til þessara bæja fyrr en reist hefur verið sú endurvarpsstöð, sem fyrirhuguð er á Reykhólum. Þetta er afskekkt sveit, Skarðsströndin, eins og Breiðuvíkin, og þeim mun meiri er þörfin þarna að sjálfsögðu fyrir þann fróðleik ýmiss konar og afþreyingu og andlega hressingu, sem fylgt getur sjónvarpi.

Það er af þessum ástæðum, sem ég hef leyft mér að beina til hæstv. menntmrh. fsp. á þskj. 199, svo hljóðandi:

„Hvenær má búast við, að upp verði komin endurvarpsstöð sjónvarps á Reykhólum?"

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Samkv. upplýsingum frá útvarpsstjóra eru nokkrir bæir á Skarðsströnd og við Reykhólafjall, þar sem móttökuskilyrði sjónvarps eru ekki fyrir hendi. Komið hefur verið upp til bráðabirgða endurvarpsstöð í Króksfjarðarnesi, en ætlunin er að leggja þá stöð niður og reisa endurvarpsstöð á Reykhólum. Áætlaður stofnkostnaður hennar er 3.6 millj. kr. Þessi stöð mun þó ekki ná til allra bæja, sem nú eru sjónvarpslausir á þessum slóðum. Útvarpsstjóri kveður á þessu stigi ekki hægt að segja, hvenær stöðin verði reist, þar sem endanlega hefur ekki verið gengið frá áætlunum um byggingu nýrra endurvarpsstöðva á næsta ári. Verður ekki unnt að ganga frá slíkum áætlunum, fyrr en fjárlög fyrir það ár hafa verið afgreidd og séð, hvaða fjárveitingar verða til umráða í þessu skyni.

Eins og kunnugt er, er unnið að því af kappi að reisa endurvarpsstöðvar sjónvarps út um land allt, og hefur því verki miðað áfram langt umfram vonir bjartsýnustu manna. Í svo víðáttumiklu og fjöllóttu landi sem Íslandi mun að sjálfsögðu taka alllangan tíma og kosta mikið fé að koma upp fullkomnu sjónvarpskerfi, er nái til innstu dala og yztu nesja. Áætlun um þetta efni er í höndum sérfræðinga, og fer röðun verkefna eftir málefnalegu mati og sérfræðilegri könnun þeirra í hverju tilviki.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ekki get ég þó sagt, að mér líki þau alls kostar. Ég tók svo eftir, að það væri ekki einu sinni vissa fyrir því, að endurvarpsstöðin á Reykhólum kæmist upp á næsta ári. Ég hygg, að þetta valdi vonbrigðum eigi litlum þarna fyrir vestan, því að mér skilst, að fólki þar hafi verið lofað þessari endurvarpsstöð á þessu ári, og það, sem ég vildi fá fram í þessari fsp., var nú eiginlega það, hvenær á árinu mætti búast við þessari sjónvarpsstöð, þessari endurvarpsstöð. Ég læt í ljós harm minn út af þessu.

En ég ætla að leyfa mér að bæta við einni fsp., sem mér láðist að beina til hæstv. ráðh. áðan og ætlaði þó að gera það í sambandi við þetta mál. Þannig stendur á með einn skólann þarna fyrir vestan, einn skólann á Vesturlandi, Laugaskóla í Dölum, að þar skyggja á hólar, þannig að skilyrði til þess að ná sjónvarpi í Laugaskóla eru mjög slæm, og þar með að sjálfsögðu engir möguleikar í þessum skóla til þess að njóta þeirrar fræðslu, þess skólasjónvarps, sem nú er hafið hér á landi, að vísu allt of lítið enn og sjónvarpið síður en svo notað til þeirrar fræðslu, sem hægt væri að nota það. Það vill svo til, að hér á þingi situr sá maður, sem er í forsvari fyrir skólasjónvarp og aðra slíka fræðslu, og hann gæti e. t. v. upplýst um þetta: Hvað líður sjónvarpi til þeirra í Laugaskóla?

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mér var kunnugt um það þegar í haust og hafði raunar nokkra vitneskju um það áður, að það væru erfiðleikar á móttöku sjónvarps í skólanum að Laugum í Dalasýslu. Ég lét þegar í ljós óskir við einn af framkvæmdastjórum Ríkisútvarpsins, sem hefur mest með þetta að gera, og einnig beint við Landssímann, sem annast framkvæmdirnar, um að það yrði reynt að leysa þetta vandamál. Þeir sögðu, að það mundu vera möguleikar til að leysa þetta, án þess að það yrði óviðráðanlega dýrt. Munu hafa verið sendir menn þangað vestur til mælinga, og ég hef ekki á þessu stigi annað en loforð þessara aðila fyrir því, að reynt verði að leysa málið eins fljótt og hægt er.

Hins vegar hlýt ég að taka undir það, sem hæstv. menntmrh. sagði, að dreifing sjónvarps er feikilegum erfiðleikum bundin við landslag eins og hér er. Það getur tekið mikið af tíma Alþ., ef við ætlum að ræða um hvert einasta vandamál af því tagi, sem fram kemur. Þetta verður eilíft vandamál. Um hljóðvarp erum við að uppgötva eftir 40 ár, að enn eru dreifingarerfiðleikar og enn eru að koma upp ný vandamál á því sviði.

Við verðum að treysta því, að reynt verði að leysa þessi vandamál bæði á Vesturlandi og annars staðar. Nákvæmlega sams konar vandamál eins og eru í Saurbænum, á Laugum og á sunnanverðu Snæfellsnesi eru víðs vegar um landið. En fjármunir til þess að leysa þessi vandamál eru takmarkaðir. Í fyrsta lagi hefur verið reynt að láta ganga fyrir að tengja heila landshluta, síðan stærstu byggðirnar og þar á eftir að þétta netið eins og getan framast leyfir. Hins vegar er mjög erfitt að segja fyrir um, hvernig sjónvarpsmóttaka verður. Er þegar reynsla fyrir því, að sú erlenda þekking, sem við byrjuðum með, dugir skammt. Það kemur í ljós, að margir staðir á Íslandi fá tiltölulega auðveldlega sjónvarpsmóttöku og hana allgóða, þar sem bækur kunnáttumanna segja, að svo ætti ekki að vera, sbr. sjónvarpssendingu frá Skálafelli til Norðurlands, sem er samkv. tæknivizku útlendra manna ómöguleg, en tekst ágætlega í höndum íslenzkra verkfræðinga. Aftur á móti kemur skyndilega í ljós, að á öðrum stöðum, t. d.

á sunnanverðu Snæfellsnesi, sem eru í beinni sjónlínu á sterkar stöðvar sunnan við flóann, eru móttökuskilyrði víða mjög slæm, en verkefni af þessu tagi skipta hundruðum um allt land.

Við getum í sjálfu sér ekki annað en treyst því, að þeir embættismenn, sem reyna að leysa þetta hjá Ríkisútvarpinu og þá aðallega hvað tækniatriðin snertir hjá Landssímanum, muni hraða verkinu eins og þeir geta og leysa þessi vandamál eins vel og tækni og fjárhagsgeta leyfa hverju sinni.

Um skólasjónvarp ræði ég ekki hér, það er ekki til umr., en er hins vegar reiðubúinn til þess, ef þess væri óskað, við annað tækifæri.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það kemur nú æði oft fyrir, að sjónvarpsmál og hljóðvarpsmál ber á góma hér á hinu háa Alþingi, og er það kannske að vonum, því að menn hafa mikinn áhuga á þessum málum. Hins vegar hygg ég, að það sé unnið að þessum málum eins vel og hægt er, og það verðum við að viðurkenna, að útbreiðsla sjónvarpsins hér á Íslandi hefur orðið með miklum og skjótum hætti. Og ég fyrir mitt leyti álít, að það ætti að vera nóg fyrir okkur þm. að fara með umkvartanir okkar til þeirra manna, sem eru í forsvari fyrir þessi mál og fara með þau.

En úr því að þessi mál ber nú á góma hér rétt einu sinni, þá vil ég minna á það, sem ég veit, að bæði hæstv. menntmrh. og forsvarsmönnum útvarps og sjónvarps er mjög vel kunnugt um, að það hefur verið kvartað mjög yfir því í Skagafirði, að þessi mál séu ekki í því lagi þar, sem þau eigi að vera. Sérstaklega vil ég þó benda á það, að ég varð var við það mjög nú í jólafríinu, þegar ég var heima, að hljóðvarpið verður þar fyrir mjög miklum truflunum frá erlendum stöðvum, svo miklum, að það er mjög erfitt oft og tíðum að hlusta á íslenzka hljóðvarpið. Ég veit, eins og ég sagði, að þeim mönnum, sem fara með þessi mál, er kunnugt um þetta, og ég efast ekki um, að þeir muni reyna eftir megni að leysa þessi vandamál, en ég vildi aðeins benda á þetta, úr því að þessi mál koma hér á dagskrá rétt einu sinni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér inn í umr. um sjónvarpsskilyrði á Vesturlandi né hvað þar sé þörf að gera til úrbóta. Ekki heldur að rekja raunir annarra landshluta eða ýmissa svæða innan míns kjördæmis í þessum efnum. Það er aðeins ein ábending, sem ég vildi láta koma fram, úr því að þessi mál eru hér á dagskrá. Mér virðist, að þörf sé á að taka til athugunar í sambandi við framkvæmdir á vegum sjónvarps, hvort ákvarðanir um framkvæmdir séu teknar nægilega tímanlega á hverju ári. Ef dregst mjög að taka ákvarðanir um framkvæmdir hvers árs, þá er það svo, að þegar ákvarðanir loks eru teknar, er eftir að panta efni, það er eftir að bjóða út verk eða ráða vinnuflokka til þess að taka að sér verkið, og þau vilja dragast fram eftir ári, eins og reynslan hefur oft og tíðum sýnt. Þó að ákveðið hafi verið að koma einhverju verki af t. d. fyrir jól, vilja þau iðulega dragast úr hömlu og komast ekki af á tilsettum tíma. Það segir sig sjálft, að framkvæmdir sem þessar að vetrarlagi eru mun dýrari, stundum jafnvel tvöfalt dýrari en ef tækist að vinna þær að sumri eða hausti, meðan tíð er sæmilega góð. Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, en þessu til stuðnings má minna á, að enn er ekki lokið við endurvarpsstöðvar, sem verið er að reisa um þessar mundir á Hnjúkum við Blönduós og á Hrútafjarðarhálsi. Slíkar framkvæmdir að vetrarlagi eru ákaflega erfiðar og dýrar. Það mundi spara sjónvarpinu mikið fé, sem þyddi um leið það, að meiri framkvæmdir og hraðari yrðu unnar, ef ákvarðanir um árlegar framkvæmdir á vegum sjónvarpsins yrðu teknar það tímanlega, að þær gætu komizt af, meðan tíð er sæmileg, svo að ekki þyrfti að brjótast í þessu um hávetur.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. v., þau, sem hann sagði nú síðast. Þetta gildir að sjálfsögðu um svo að segja allar opinberar framkvæmdir hér á landi, að það er hagstæðara að geta unnið þær á þeim tíma, sem veðurfar er bezt. Og verkin tefjast að sjálfsögðu ekki vegna þess, að framkvæmdastjórar útvarpsins (útvarpsráð hefur ekki með þessa hlið málanna að gera) eða verkfræðingar Landssímans sitji á þessum málum og komist ekki til að taka ákvarðanir um framkvæmdir, heldur eru það eingöngu fjárhagsörðugleikarnir, sem valda því.

Það hefur verið útvegað á ýmsan hátt meira fé en eðlilegir fjárstofnar hafa veitt síðustu 3—4 ár. En sú fjármagnsútvegun hefur stundum dregizt, þannig að ekki hefur verið hægt að taka úrslitaákvarðanir um nýjar stöðvar fyrr en svo seint, að til erfiðleika hefur komið við framkvæmdir að hausti til, eins og hv. þm. nefndi.

Ég vil þó taka fram, að þetta á eingöngu við um þær stöðvar, sem reistar eru á stöðum, sem ekki eru aðgengilegir hvað samgöngur snertir, aðallega stærri stöðvarnar. Flestar litlu endurvarpsstöðvarnar eru á öðrum stöðum og ekki meira fyrirtæki en svo, að það skiptir ekki máli, hvenær ársins að þeim er unnið. En þetta er rétt hvað snertir stærri stöðvarnar og stafar eingöngu af því, að það er verið að spenna þessar framkvæmdir áfram til þess að verða við óskum fólksins, sem eru svo eindregnar, að menn taka sig saman í heilum sveitum og bjóða fram lánsfé. Með velvilja fjöldamargra aðila hefur oftast nær verið hægt að vinna meira og vinna verk hraðar en menn höfðu gert sér vonir um í fyrstu. En það hefur stundum kostað þann vanda, sem hv. þm. lýsti.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svar það, sem ég las áðan við fsp. hv. fyrirspyrjanda, var samið af útvarpsstjóra, eins og eðlilegt er, en ég hef síðan komizt að raun um, að það er að því leyti villandi, að fsp. er frá því fyrir nýár, og bið ég hv. fyrirspyrjanda og þm. velvirðingar á því, að orðalag þess misskilst án leiðréttingar, sem ég nú skal gera. Það, sem útvarpsstjóri á við í svari sínu, er það, að framkvæmdaáætlun fyrir næsta framkvæmdatímabil hefur ekki enn verið samin. En bygging stöðvar á Reykhólum er einmitt til athugunar í sambandi við framkvæmdaáætlunina fyrir næsta sumar. Fjárlög hafa þegar verið afgreidd, en voru ekki afgreidd, þegar fsp. var borin fram. Nú hafa þau verið afgreidd, og Ríkisútvarpið veit, hversu mikið framkvæmdafé það hefur til ráðstöfunar á næsta sumri. Samkv. upplýsingum, sem ég fékk í símtali við Ríkisútvarpið, er einmitt þessa daga verið að vinna að framkvæmdaáætluninni fyrir næsta sumar, og þá

kemur bygging sjónvarpsstöðvar á Reykhólum til athugunar. Hún er ein af þeim framkvæmdum, sem eru ofarlega á baugi til athugunar. En endanlegar ákvarðanir hafa ekki verið teknar.

Það er ávallt gerð framkvæmdaáætlun fyrir sjónvarpið fyrir eitt ár í senn, og hefur verið þannig, síðan framkvæmdir við sjónvarpið hófust. Að sjálfsögðu er ekki hægt að gera það nema til eins árs, vegna þess að fjárlögin eru aðeins samin til eins árs, og framkvæmdir hljóta að fara eftir fjárhagsáætlun útvarpsins, sem samþ. er á Alþ. sem liður í fjárlögum. En hingað til hafa framkvæmdaáætlanir varðandi dreifingu sjónvarps ávallt staðizt. Það hefur ávallt verið framkvæmt á hverju ári, sem tekið var í framkvæmdaáætlun snemma á árinu eða í upphafi ársins. Innan örstutts tíma mun framkvæmdaáætlun næsta sumars eða ársins 1971 liggja fyrir, og þá mun fást úr því skorið, hvort Reykhólastöðin verður í þeirri áætlun eða ekki, en hún er ofarlega á blaði við áætlanagerðina.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég mátti til með að biðja um orðið aftur til að þakka fyrir þá niðurstöðu, sem komin er í málið núna. Það kemur sem sé í ljós, að bréfið, sem hæstv. ráðh. las áðan, var dagsett fyrir nýár, fyrir jól, og þegar talað er um næsta ár, þá er þar talað um 1971, en ekki 1972, eins og mér skildist, þegar hann las bréfið upp áðan og lét ekki getið dagsetningar.

Hann segir, að endurvarpsstöð á Reykhólum sé í athugun fyrir þetta ár. Þetta er að vísu ekki yfirlýsing um það, að endurvarpsstöð verði reist á Reykhólum á þessu ári, en ég lít svo á, að þetta sé þó fyrirheit um það, að hún verði reist á þessu ári, enda lét ráðh. fylgja þá fullyrðingu, að áætlanir, slíkar sem hér er um að ræða, hefðu alltaf staðizt. Og ég hygg, að það muni gleðja menn þar vestra að vita, að það eru allar líkur á því, að endurvarpsstöð komi á Reykhólum næsta sumar.

38. Hraðbraut í gegnum Kópavog.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um greiðslu kostnaðar við gerð hraðbrautar á Hafnarfjarðarvegi í gegnum Kópavog o. fl. [166. mál, 1] (A. 213).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 213 að bera fram svofellda fsp., sem er í tveimur liðum, til hæstv. samgrh. um kostnað við gerð hraðbrautar á Hafnarfjarðarvegi í gegnum Kópavog:

„a) Er það rétt, að Vegasjóður, en ekki Reykjavíkurborg, kosti gerð Reykjanesbrautar að Breiðholtsbraut og Elliðaárbrýr og enn fremur helming vegbrúarinnar á Miklubraut?

b) Ef svo er, er þá sanngjarnt, að Kópavogskaupstaður þurfi að nota stóran hluta af þéttbýlisvegafé sínu um mörg ár til þess að standa undir kostnaði við Hafnarfjarðarveg í gegnum Kópavog, og er leiðréttingar að vænta?“

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti gefið skýr svör við þessum fsp.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í reglugerð nr. 44 8. marz 1965 um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, sem sett er samkv. ákvæðum 30. gr. vegalaga nr. 71 30. des. 1963, segir, að eftirtaldir vegir og götur í Reykjavík og Kópavogskaupstað skuli teljast þjóðvegir samkv. 30. gr. vegalaga: Í Reykjavík: Miklabraut frá vegamótum Elliðavogs, Hringbraut og Eiðsgrandi að mörkum Seltjarnarneshrepps, Kringlumýrarbraut frá Fossvogslæk að Sætúni við Kirkjusand, Sætún að Laugarnesi, Kleppsvegur og Elliðavogur að Miklubraut vestan Elliðaáa. Í Kópavogi: Hafnarfjarðarvegur frá Fossvogslæk að Kópavogslæk. Þessi reglugerð var sett í samræmi við þá flokkun þjóðvega, sem tilgreind er í vegáætlun fyrir 1964. Var við samningu reglugerðarinnar leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórna og skipulagsnefndar ríkisins um mörk þjóðvegaanna samkv. 30. gr. vegalaga, og var skipulagsnefnd ríkisins, sem kvödd var til ráða, samdóma um, að þetta væru hin eðlilegu mörk. Auk þeirra atriða, sem tilgreind eru í tölulið 1-3 í 30. gr. vegalaga, var meginreglan sú, að mörk þjóðvega samkv. 30. gr. vegalaga voru sett við yztu byggð í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptúni.

Síðan þessi reglugerð var sett, hefur það gerzt, að hinn 16. marz 1966 var auglýst sú breyting að því er varðar Hafnarfjarðarveg í Kópavogi, að suðurmörkin voru flutt frá Kópavogslæk að Hlíðarvegi, en við það styttist þjóðvegurinn um Kópavogskaupstað um 20%. Bæjarstjórn Kópavogs taldi þetta ákaflega mikið atriði, að mörkin voru færð sem þessu nemur. Í vegáætlun fyrir árin 1965—1968 var Reykjanesbraut frá Elliðaám austan Kópavogs til Hafnarfjarðar tekin í þjóðvegatölu, en vegáætlun var samþ. á Alþ. 2. apríl 1965. Af þessu leiðir, að Vegasjóður hefur greitt kostnað við lagningu Reykjanesbrautar, og var á árunum 1967 og 1968 varið um 8 millj. kr. til undirbyggingar vegarins frá Blesugróf að Breiðholtsbraut samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir þau ár og heimild í vegáætlun. Reykjavíkurborg hefur hins vegar kostað þær malbikunarframkvæmdir á Reykjanesbraut frá og um Blesugróf að Breiðholtsbraut, sem unnið hefur verið að í ár.

Samkv. vegáætlun hefur Vegasjóður kostað allar framkvæmdir við Vesturlandsveg frá miðju vegbrúarinnar á Miklubraut, um Elliðaárdal, Ártúnsbrekku og að Höfðabakka og enn fremur þær framkvæmdir við Reykjanesbraut frá Elliðaám að Breiðholtsbraut, sem unnið var að á árunum 1967 og 1968, en ekki framkvæmdir, sem unnið hefur verið við í þessum vegi á þessu ári.

Miðað við þær meginforsendur, sem lágu til grundvallar ákvörðun þjóðvegamarka í reglugerð nr. 44 frá

1965, er til athugunar nú að breyta þjóðvegamörkum á aðalvegunum út frá Reykjavík, þar sem byggzt hafa stór bæjarhverfi í Árbæ og Breiðholti utan þeirra marka, sem þá voru sett. Verður skipulagsnefnd ríkisins enn kvödd til ráða um það, hvar heppilegt eða hæfilegt þyki að draga þessi mörk. Þá bendir og reynslan af lagningu Hafnarfjarðarvegar um Kópavog ótvírætt til þess, að ákvæði 34. gr. vegalaga 1963 séu ekki nægjanleg til þess að leysa þann vanda, sem til var ætlazt, við mjög dýrar vegaframkvæmdir á þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum. Þurfi því annaðhvort að endurskoða þau ákvæði eða leita annarra úrræða.

Fulltrúar úr bæjarstjórn Kópavogs hafa komið nokkrum sinnum til viðræðna um þessi mál í rn. En eins og kunnugt er, var gerður samningur við bæjarstjórn Kópavogs um lagningu þessa vegar með ákveðnum stuðningi frá Vegasjóði og lánsútvegun með aðstoð ríkisstj. Það hefur því komið til greina að færa enn mörkin til til þess að létta undir með Kópavogskaupstað. Breytingin á reglugerðinni 1966, sem áður var vitnað til, var gerð eftir ósk bæjarstjórnar Kópavogs, og samningur, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur gert við samgrn., var gerður af fúsum vilja af beggja hálfu. Nú kemur til greina að færa mörkin frá Hlíðarvegi að Digranesvegi. Verður það veruleg stytting á veginum, sem Kópavogi var ætlað að sjá um áður, og er Kópavogskaupstað mjög í hag. Hitt er svo alveg ljóst, að það er ofviða Kópavogskaupstað að binda þéttbýlisféð mjög langt fram í tímann og leggja að auki fram fé frá íbúum kaupstaðarins, til þess að ljúka þessari vegagerð. Það er með þessar staðreyndir í huga, sem nú er verið að athuga í samráði við fulltrúa bæjarstjórnar Kópavogs, hvernig eigi að leysa þetta mál, án þess að það verði of þungt eða að það verði að nokkru leyti hægt að segja, að það sé ósanngjarnt í garð íbúa Kópavogskaupstaðar.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. sérstaklega fyrir þau svör, sem hann gaf hér áðan við fsp. mínum, og þó að í þeim fælist ekki neitt endanlegt loforð um, hvernig þessi vandi yrði leystur, þá tel ég þó, að ráðh. hafi gefið svo ótvírætt í skyn, að sá vandi, sem við Kópavogsbúar höfum við að glíma vegna þessarar dýru framkvæmdar, sem er gerð hraðbrautar í gegnum Kópavog, væri ráðamönnum ljós, að við getum vænzt þess, að úrlausn fáist í þessu máli innan ekki allt of langs tíma, og þá úrlausn, sem við getum verið sæmilega ánægðir með. Þá á ég við það, að við getum borið okkur saman við Reykvíkinga í sambandi við þær vegaframkvæmdir, sem ég hef hér vikið að.

En ástæðan til þess, að ég bar þessa fsp. fram, er sú, að í nokkrum Kópavogsblaðanna hefur því verið haldið fram, að Kópavogsbúar yrðu að leggja fram vegna þessara framkvæmda tiltölulega talsvert miklu meira en Reykvíkingar vegna svipaðra framkvæmda, þ. e. gerð vegarins upp Elliðaárbrekkuna. Ef hv. þm. eru hér einhverjir, sem hlustuðu á þátt í sjónvarpinu nú fyrir nokkru um vegamál, þá minnast þeir þess, að þá hélt Kópavogsbúi því fram þar, — hann er raunar bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstfl. í Kópavogi, — að Kópavogsmenn yrðu að borga hlutfallslega miklu meira vegna hraðbrautargerðarinnar í gegnum Kópavoginn heldur en Reykvíkingar vegna vegagerðar upp Elliðaárbrekkuna. Því hefur líka verið haldið fram af mörgum, og skal ég ekki leggja á það neinn endanlegan dóm nú, að með þessari framkvæmd höfum við orðið að taka á okkur mjög verulega verðrýrnun á verðmætasta hluta bæjarlandsins, sem er sjálft miðbæjarsvæðið, en eins og flestir vita, þá er hraðbrautin í gegnum Kópavog fyrst og fremst gerð vegna annarra sveitarfélaga en Kópavogskaupstaðar sjálfs.

Ég hef sem sagt á þessari stundu enga ástæðu til þess að ætla annað en að hæstv. ráðh. sé vinsamlega stemmdur um að finna á þessum vanda lausn, sem við getum sætt okkur við. Eins og hann vék að áðan, þá var gert á árinu 1966 samkomulag á milli fulltrúa Kópavogskaupstaðar og fulltrúa ríkisvaldsins um gerð þessarar hraðbrautar, og var þá reiknað með því, að Kópavogskaupstaður yrði allt til ársins 1970 að leggja sitt þéttbýlisvegafé fram til þessarar framkvæmdar og mikinn hluta þess allt til ársins 1973.

Við íbúar á þessu svæði leggjum ákaflega mikla áherzlu á, að gjáin, eins og hún er núna, þurfi ekki að standa svona miklu lengur. Okkur finnst það brýnt hagsmunamál og raunar sanngirnismál, að hægt sé að koma „gegnumumferðinni" sem fyrst á í gegnum gjána, enda þótt allar akbrautirnar verði ekki lagðar strax. En vegagerðin kemur til með að verða miklu dýrari en ráð var fyrir gert á árinu 1966. Mér er tjáð, að hún muni kosta allt að 200 millj. kr., en reiknað hafi verið með um 70 millj. kr., þegar samkomulagið var gert 1966. Það er því alveg ljóst, eins og raunar kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að þéttbýlisvegahluti okkar til ársins 1973 og framlag úr 10% sjóðnum, — þó að við fengjum það allt til þessara framkvæmda — dugir ekki til þess að ljúka þessari vegagerð fyrir árið 1973, ekki einu sinni með einni akbraut, og síðar en 1973 má þessari framkvæmd ekki ljúka, þannig að hún geti komið í gagnið, og þyrfti henni að sjálfsögðu helzt að ljúka fyrr. Sé ég enga aðra leið til þess en að fjármagna hana með lánsfé, sem hæstv. ríkisstj. hefði forgöngu um að afla. En sem sagt, það er ljóst, að þörf er á nýju samkomulagi um, hvernig eigi að leysa það verk, sem eftir er að vinna, til þess að brautin verði nothæf. Í trausti þess, að þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, og þau fyrirheit, svo langt sem þau náðu, rætist á næstunni, þá er ég ánægður með svarið og þakka það.

39. Ferðamálaráð og Ferðaskrifstofa ríkisins.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um ferðamálaráð og Ferðaskrifstofu ríkisins [166. mál, 3] (A. 213).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 213 beini ég eftirfarandi fsp. til hæstv. samgrh.:
„1. Hvaða þátt hefur ferðamálaráð átt í ráðstefnuhaldi hér á landi s. l. 2 ár?
2. Hvaða ráðstafanir, ef einhverjar eru, eru nú á döfinni hjá ferðamálaráði til eflingar og skipulagningar á ráðstefnuhaldi erlendra aðila hér á landi?
3. Hefur ráðh. falið ferðamálaráði einhver sérstök verkefni, sem tengd eru ráðstefnuhaldi hér á landi, sbr. 4. lið 12. gr. laga nr. 29 frá 30. apríl 1964?
4. Hefur Ferðaskrifstofa ríkisins skipulagt eða komið til leiðar, að alþjóðastofnanir hafi haldið hér ráðstefnur?"
Ferðamálin hafa eðlilega verið hér nokkuð til umræðu manna á meðal undanfarið, en svo undarlega vill til, að hér á Alþ. er mjög erfitt að fá umr. um þau. Við fluttum hér fjórir þm. 1968 till. til þál. um þriggja ára áætlun í ferðamálum og töldum þá hver fyrir sig, að við hefðum fært nokkur rök fyrir því að taka málið upp. Enginn sjálfstæðismaður fékkst til að vera með á þáltill. Fyrsti flm. var Björn Jónsson, annar flm. þá var Eysteinn Jónsson, ég var þriðji og Steingrímur Pálsson var fjórði. Þetta mál fékkst aldrei tekið til umr. Síðan hefur einn og einn þm. verið að reyna að ýta við ferðamálunum, en þau eru þung til umr. hér. Ég reyndi sjálfur með lítils háttar frv. í Ed. í haust. Að því var gert hreint grín í blaði hæstv. ráðh., Morgunblaðinu. Það er allt í lagi með það. Það má gera grín að því fram og aftur. Þess vegna datt mér í hug að beina örfáum fsp. til ráðh. um það, hvað væri raunverulega aðhafzt í þessum efnum, og tók aðeins á þessu stigi fyrir vissan þátt, er varðaði ráðstefnuhald hér á Íslandi, vegna þess að mjög víða erlendis er þetta orðinn snar þáttur í ferðamálunum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er leiðinlegt, ef það gengur svona illa að fá umr. um ferðamálin hér á hv. Alþ. Ég hef bara ekki gert mér grein fyrir því. Ekki hef ég staðið gegn því, að þetta væri gert. Ég hef ekki staðið gegn því. Ég vil, að það komi fram, og ég fyrir mitt leyti hefði miklu fremur ánægju af því að ræða um þessi mál heldur en að þau verði þöguð í hel hér á hv. Alþ. Ég hefði ánægju af því, einmitt vegna þess að ferðamálin hafa þróazt ánægjulega í seinni tíð. Nú er farið að tala um ferðamálin sem atvinnugrein, sem geti gefið þjóðinni erlendan gjaldeyri, geti verið þýðingarmikill þjónustuatvinnuvegur, sem veiti fjölda manna atvinnu. Er þetta ekki rétt? Og hvers vegna skyldum við ekki ræða um þessi mál? Hvers vegna skyldum við ekki hafa ánægju af því að ræða um mál, sem eru í hraðri uppbyggingu?
Það má geta þess, að fyrir 10 árum komu til landsins aðeins 10 þús. erlendir ferðamenn, en á árinu 1970 munu þeir hafa verið nærri því 60 þús., eitthvað lítið innan við 60 þús. Þetta er ör þróun. Ég man ekki núna, hversu mikinn erlendan gjaldeyri var gert ráð fyrir, að þjóðin hefði fengið af erlendum ferðamönnum á s. l. ári. **(Gripið fram í:** Tæplega einn milljarð.) Tæplega einn milljarð. Það er líklega alveg rétt. Það hefur verið tæplega einn milljarður, svona 800—900 millj., sem við höfum fengið í erlendum gjaldeyri, vegna þess að ferðamannastraumurinn hefur aukizt til landsins. Og hvernig stendur á því, að ferðamannastraumurinn hefur aukizt svona mikið til landsins? Hefur þetta gerzt alveg af sjálfu sér, eða hefur eitthvað verið gert til þess að ýta undir, að svo mætti verða? Hvernig var þetta t. d. hér í hótelmálunum fyrir 10 árum? Þá var Hótel Saga ekki komin. Þá var Hótel Loftleiðir ekki komið. Þá var Hótel Holt ekki komið. Þá voru fleiri hótel, sem enn eru í uppbyggingu hér í Reykjavík, ekki komin, ekki Hótel Esja. Og hvernig var þetta úti um landsbyggðina? Það hefur orðið ákaflega mikil breyting þar líka til batnaðar með það að taka á móti ferðamönnum, frá því sem áður var.
En þetta hefur ekki gerzt af sjálfu sér. Þetta hefur verið gert, vegna þess að það hefur verið ýtt undir þetta með mörgum ráðum. Og ferðamálaráð, sem sett var á laggirnar samkv. lögum um ferðamálaráð og ferðamálasjóð 1963, á stóran þátt í, að þetta gat orðið. Ferðamálasjóður hefur lánað til uppbyggingar ferðamálanna, sérstaklega úti á landi, og það hefur ráðið úrslitum víða, að hægt hefur verið að byggja hótel og bæta aðstæðurnar, vegna þess að lán fékkst úr ferðamálasjóði. Ferðamálaráð hefur starfað sem ráðgefandi stofnun fyrir ríkisstj. allt frá þessum tíma.
Þessi fsp., sem hér er fram borin á þskj. 213, tölul. 3, er um það, hvaða þátt ferðamálaráð hefur átt í ráðstefnuhaldi hér s. l. tvö ár. Það er náttúrlega aðeins einn þáttur í starfsemi ferðamálaráðs, og eins og hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, þá víkur hann hér aðeins að þessum eina þætti. Út af fyrir sig er ekki nema ágætt að ræða einnig um það, því að ráðstefnuhald hér á landi er vitanlega einn þátturinn í því að auka ferðamannastraum, og ráðstefnurnar gætu e. t. v. orðið á þeim tíma, þegar sízt er að vænta hins almenna ferðamanns. Nú er það svo, að talsvert hefur verið að því gert að halda ráðstefnur erlendra fyrirtækja eða félagasamtaka hér á landi að undanförnu. En það hefur fram að þessu vantað góða aðstöðu til þess. Ég hef tekið hérna saman örlítið um þetta, og þykir mér rétt, herra forseti, að lesa það upp í samhengi sem svar við áðurnefndri fsp.:
Svo sem kunnugt er, er ekki til þess ætlazt af löggjafarvaldinu, sbr. lög nr. 4 1969, að ferðamálaráð hafi bein afskipti af framkvæmd einstakra þátta ferðamála. Hins vegar er ráðinu ætlað að vera ráðgefandi aðili Alþ. og ríkisstj. um allt, sem að ferðamálum lýtur í landinu. Þá skal ráðið bera fram till. um framkvæmdir og umbætur, sem það telur nauðsynlegar hverju sinni. Að þessum meginþáttum starfsemi sinnar hefur ferðamálaráð unnið eins vel og kostur hefur verið og í ágætri samvinnu við rn. Á s. l. tveim árum hefur m. a. verið unnið að undirbúningi allsherjaráætlunar um íslenzk ferðamál á breiðum grundvelli og þá um leið athugaðir möguleikar á ráðstefnuhaldi, enda eru ráðstefnur einn af fjórum þáttum, sem ferðamálaráð og ferðamálasérfræðingur Sameinuðu þjóðanna hafa bent á sem möguleika til að auka fjölda erlendra ferðamanna til landsins. Svo sem kunnugt er, hefur af rn. hálfu verið leitað eftir tækniaðstoð hjá Sameinuðu þjóðunum til athugunar á allsherjaruppbyggingu ferðamálanna, og er einn þáttur uppbyggingarinnar að koma á ráð-

stefnuhaldi. En nákvæmar og gaumgæfilegar athuganir mála taka í þessu efni sem og öðrum nokkurn tíma, ef vel skal vanda.

Nú má segja, að svo langt sé komið, að fyrir liggi jákvæðar undirtektir Sameinuðu þjóðanna um aðstoð. Næsta skrefið er svo að ráða sérfróða aðila til að gera endanlegar áætlanir, og þá verður ráðstefnuhald einn þáttur þess, og nú er búið að gera ráðstafanir til þess að fá þennan sérfróða mann. Það er verið að vinna að því nú. Einn þátturinn er ráðstefnuhald og allsherjaráætlun a. m. k. til 10 ára um ferðamál, ekki þrjú ár, það þykir hinum sérfróðu mönnum allt of stuttur tími og ekki heppilegt. Þeir telja, að það þurfi að vera minnst 10 ár, jafnvel 15, ef gera á áætlun um uppbyggingu þessarar atvinnugreinar á traustum og eðlilegum grundvelli.

Ferðamálaráð hefur oft rætt um ráðstefnuhald hérlendis og möguleika til þess að koma því á. Ráðið hefur m. a. bent borgaryfirvöldum á þann möguleika að sameina ráðstefnuhald öðrum notum af hinum mikla sýningarskála, sem nú er verið að reisa á Miklatúni. Geta má þess einnig, þó að það sé ekki vegna starfsemi ferðamálaráðs nema óbeint, að í hinu nýja hóteli Loftleiða verður vel séð fyrir ráðstefnuaðstöðu. M. a. verður í húsinu 100 manna salur á hallandi gólfi með öllum tækjum, sem í ráðstefnusal þurfa að vera, t. d. tækjum til að túlka ræður af einu máli á annað. Þá verður í nefndu hóteli 200 manna salur með sléttu gólfi, sem einnig er m. a. ætlaður fyrir ráðstefnur. Til gamans má geta þess, að samkv. öruggum upplýsingum, sem ferðamálaráð hefur aflað erlendis frá, þá eru 75—80% allra ráðstefna með 150—200 þátttakendur.

Spurt er að því, hvaða ráðstafanir, ef einhverjar eru, séu nú á döfinni hjá ferðamálaráði til eflingar og skipulagningar á ráðstefnuhaldi erlendra aðila hér á landi. Ég held, að svar við þessu hafi nú falizt í því, sem ég er búinn að segja, eða vona það.

Þá er spurt að því, hvort ráðh. hafi fengið ferðamálaráði einhver sérstök verkefni, sem tengd eru ráðstefnuhaldi hér á landi, sbr. 4. lið 12. gr. laga um ferðamál. Þá er þess að geta, að ráðh. hefur falið ferðamálaráði og sérstökum nefndum að vinna að ýmsum verkefnum, m. a. að gera till. um fjármögnun og þörf fyrir gistirými, bæði hér í borginni og úti á landsbyggðinni, fram til ársins 1974. En á því ári er búizt við sérstaklega mörgum ferðamönnum til landsins, og við þurfum að búa okkur undir það að geta veitt þeim fjölda öllum viðtöku.

Gistirými er frumforsenda fyrir ráðstefnuhaldi, svo sem öðrum þáttum ferðamálanna. Þess vegna haldast í hendur alhliða markaðskönnun, sem væntanlega verður falin sérfróðum mönnum að fengnum stuðningi Sameinuðu þjóðanna, og hótelþörfin í næstu framtíð eða til ársins 1974, sem sérstök nefnd vinnur nú að, svo sem að framan greinir. Þannig hefur fyrir forgöngu rn. verið gerð athugun og undirbúningur á ráðstefnuhaldi erlendra samtaka og félaga á komandi árum. Ferðaskrifstofa ríkisins annast svo almenna landkynningu og er í sambandi við erlenda aðila í því skyni og gerir mikið til þess að kynna landið og vinna að því, að erlendir ferðamenn komi hingað. Það má einnig segja um ýmsar fleiri ferðaskrifstofur, að þær geri það sama og gefi út bæklinga í fjölda upplaga, sem verða til þess að kynna landið og auka ferðamannastrauminn hingað til lands. Og þess má geta, að í lauslegri áætlun, sem gerð hefur verið á vegum ferðamálaráðs, er gert ráð fyrir, að erlendir ferðamenn muni verða um 150 þús. árið 1980, ef vöxturinn verður eitthvað svipaður og hann hefur verið núna síðustu átta árin.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Það er ánægjulegt að vita til þess, að það er ýmislegt á döfinni og einmitt í þeim anda, sem við lögðum til hérna á sínum tíma í þessari þáltill. Þá kom líka fram, að vel mætti vera, að þriggja ára áætlun væri of stutt, réttara að taka, eins og einn orðaði það, 5 + 5 ár í þessu efni, vegna þess að það sýnir sig alls staðar í heiminum, að þó að menn séu bjartsýnir um ferðamál, þá hafa menn aldrei verið of bjartsýnir, vegna þess að bættur efnahagur a. m. k. í Evrópu og í nokkrum öðrum löndum hefur leitt það af sér, að fólk veitir sér meiri ferðalög en verið hefur. Samgöngur eru orðnar svo góðar, að þrátt fyrir margan annan kostnað, sem hefur farið hækkandi á ýmsum þáttum, hefur kostnaðurinn við ferðalög, a. m. k. milli landa, farið minnkandi. E. t. v. er fyrst vottur þess í dag, að hann sé hækkandi, miðað við það, sem heyrzt hefur varðandi alþjóðasamtök flugfélaganna, en hingað til hefur flugkostnaðarþátturinn í ferðalögunum farið lækkandi. Það er því mjög eðlilegt, að menn vilji sjá sig um. Menn þurfa að vera sérstaklega vel vakandi fyrir því að beina ferðamönnum hingað til landsins, og það eru mjög margir aðilar, sem leggja því lið, og eiga þeir mestu þakkir skilið. Og ég heyri það, að forusta er ágæt hjá hæstv. ráðh. í samgrn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki beint að blanda mér inn í þá fsp., sem hér er til umr., nema þá mjög óbeint, en af því að hér bar á góma till., sem við fluttum, að ég held á þinginu 1967—1968, um ferðamál, þá get ég ekki stillt mig um að segja um það nokkur orð, vegna þess að ég man vel, hvaða undirtektir þessi till. hlaut hjá hæstv. ráðh., sem hér var að svara. Þessi till., sem flutt var af mönnum, sem nú eru í fjórum flokkum, og ég var 1. flm. að, fjallaði um það, að gerð væri áætlun til þriggja ára um ferðamál á Íslandi með því markmiði að tvöfalda tölu ferðamanna á áætlunartímabilinu. Það var bent á ýmsar leiðir til þess. M. a. var mjög vikið að því, bæði í till. sjálfri og eins í málflutningi fyrir henni hjá okkur öllum, að eitt af því, sem kæmi til greina að gera í sambandi við ferðamálin, væri opnun öræfanna fyrir ferðir, meira skipulögð opnun öræfanna fyrir ferðafólk, vegna þess að við álitum, að einmitt í hinni ósnortnu náttúru landsins lægju einna mestir möguleikar okkar. Mér er ekki kunnugt um, að neitt hafi verið aðhafzt í þessu, og ég hygg, að sá framgangsmáti, sem hafður er í þeim efnum, sé bæði hættulegur út frá sjónarmiði ferðamála og náttúruverndar. Þess eru dæmi, að vissir staðir á öræfum landsins séu að verða örtröð fyrir ágang farartækja, sem ein duga til þess að komast inn á öræfin eins og nú er og spilla mjög bæði leiðum og jafnvel vissum fögrum og mikilsverðum stöðum á öræfunum. Ég tel, að það væri einna mikilsverðast í sambandi við okkar ferðamál, að öræfin væru opnuð með þeim hætti, að komið væri á ákveðnum slóðum og síðan væru settar alveg ákveðnar reglur að öðru leyti um umgengni og umferð á öræf-

unum, því að hún er ekki til fyrirmyndar víða eins og hún er. En hún er þó að sjálfsögðu miklu minni en efni og aðstæður svara til.

En það var annað í sambandi við þessa till. og undirtektir hæstv. ráðh. við henni. Hann sagði: Þetta er allt of lítið, sem hér er verið að fara fram á. Þriggja ára áætlun hefur ekkert að segja, það er langt komið undirbúningi að fimm ára áætlun, ekki bara þriggja, eins og verið er að fara hér fram á í hæversku sinni, heldur fimm ára áætlun. Nú, þegar þessum áætlaða áætlunartíma er að ljúka, þá hefur þessi fimm ára áætlun, sem ráðh. taldi vera rétt ókomna, ekki séð dagsins ljós og málum ekki lengra komið en svo, að í sambandi við áætlanagerðina hafa komið jákvæðar undirtektir frá Sameinuðu þjóðunum um að aðstoða okkur við áætlunargerðina. Ég held, að það sé ekkert óbrúanlegt bil milli þess að gera þriggja ára, fimm eða tíu ára áætlanir, því að alla vega hlýtur þriggja ára áætlun að geta rúmazt hvort sem er innan fimm eða tíu ára áætlunar, og það er ekki nein mótsögn í því. Og ég hygg, að það hafi einmitt verið þessi mjög neikvæða afstaða hæstv. ráðh. til þessarar till., sem olli því, að hún fékk ekki afgreiðslu, enda þótt, að ég held, flestir ferðamálamenn, sem um hana hafa fjallað, hafi verið henni heldur meðmæltir. Þ. á m. held ég, að ferðamálaráð hafi a. m. k. ekki verið henni andvígt eða jafnvel heldur viljað mæla með henni. Ég hygg, að þessi óvilji ráðh. um aðra áætlun en þá, sem kom frá sérfræðingum Sameinuðu þjóðanna, hafi líka valdið nokkru um, að þessi till., sem flutt var og endurflutt á síðasta þingi, komst ekki einu sinni til nefndar, fékkst aldrei rædd, enda þótt hún væri lögð fram snemma þings. Þetta kalla ég ekki mikinn vilja til þess, að ferðamálin séu tekin til umr. hér á hv. Alþ., og tel þetta ekki sýna mikinn áhuga hæstv. ráðh. fyrir því, því að svo miklu ræður hann áreiðanlega, að ef hann hefði haft áhuga fyrir því, að þessi till. kæmi a. m. k. til umr. á síðasta þingi, þá hefði hann getað fengið því ráðið.

Ég tel, að það sé allra góðra gjalda vert, að við fáum tækniaðstoð frá Sameinuðu þjóðunum. Sjálfsagt geta þær eitthvað lagt af mörkum, sem við erum ekki menn til að gera í þessu sambandi, en ég held þó, að þungamiðjan í sambandi við ferðamálin sé að verða sú, að við höfum nærri því ótakmarkaða möguleika til þess að fá ferðamenn til landsins. Landið er að verða það vel þekkt, sérkenni þess og annað, sem ferðamenn vilja sækja hingað, veiði, ómenguð náttúra og náttúrufegurð og sitthvað annað, sem dregur kannske æskilegasta hóp ferðamanna hingað til landsins. Það er enginn hörgull á því að fá þessa ferðamenn hingað. Hitt skiptir máli, að hér sé einhver aðstaða til þess að taka á móti ferðamönnum, einkum gistihúsarými, sem er auðvitað mikils virði, og þá ekki bara í Reykjavík, því að ferðamenn koma ekki til landsins til þess að dvelja hér í Reykjavík, nema þá næturstakir eða svo, heldur vilja þeir fara út á landið, og þar þarf líka að vera aðstaða. Þannig er það lítil lausn á okkar ferðamálum, þó að hrúgað sé upp hótelum hér í Reykjavík í algeru skipulagsleysi. Það þarf að koma fleira til og eitthvað að gera víðar en þar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég efast ekkert um það, að hv. þm., sem hér var að tala áðan, hefur haldið, að hann væri að gera ferðamálunum gott með því að beita sér fyrir flutningi þessarar till., sem hann nefndi, og er gramur yfir, að hún komst ekki einu sinni til nefndar á síðasta þingi, og kennir mér um það, — ekki til umr. heldur, kennir mér um það. Það er nú ekki þannig, að ég sé svo áhrifamikill hér á þingi, að ég ráði því, hvort mál séu tekin til umr. eða ekki, og mér hefur aldrei komið til hugar, jafnvel þó að ég gæti haft áhrif á það, að beita mér á þann hátt. En því miður er það nú svo, að þó að þessi till. hafi verið flutt í góðum tilgangi, þá átti hún náttúrlega ekkert erindi inn á Alþ. í þeim búningi, sem hún var, vegna þess að hér var aðeins talað um þriggja ára áætlun. Hv. þm. segir, að ég hafi rætt um, að það þyrfti að vera fimm ára áætlun. Við þurfum nú ekki að deila um það, hvað við höfum sagt, vegna þess að það stendur skrifað í þingtíðindunum. Ég man ekki betur en ég hafi þá talað um tíu ára áætlun, alveg eins og nú. Og sannleikurinn er sá, að ef á að gera áætlun um skipulagningu, hvort sem það eru ferðamál eða annað, þá þarf það að vera til nokkuð langs tíma, og ferðamálin taka náttúrlega óendanlegan uppbyggingartíma hjá okkur. Og mér þykir dálítið skrýtið, að hv. þm. skuli ræða um þetta af þykkju hér nú, þegar það er upplýst, að rn. og ferðamálaráð hafa verið að vinna að þessum málum að undanförnu í þeim anda, sem hv. þm. hefði helzt óskað, því að hann vildi vinna að því þannig, að sem beztur árangur næðist, en ég held, að það detti engum í hug að segja, að það hafi ekki náðst góður árangur í ferðamálum núna í seinni tíð. Og það dettur engum manni í hug að segja, að rn. hafi legið á liði sínu. Ég held, að hv. þm. hafi ekki sagt það, og áreiðanlegt er það, að hann meinar það ekki, heldur hlýtur hann að viðurkenna, að að þessum málum hefur verið unnið í seinni tíð með góðum árangri.

Hv. þm. sagði, að ferðamálaráð hefði viljað mæla með þessari þriggja ára till. Það er alveg öfugt við það, sem formaður ferðamálaráðs sagði við mig. Hann sagði, að áætlun til þriggja ára væri algerlega óraunhæf og ferðamálaráð gæti ekki mælt með henni. Ég man ekki, hvort það kom einhver umsögn frá ferðamálaráði til þeirrar n., sem hafði með þetta mál að gera. Ef það hefur verið, þá liggur hún fyrir, og þarf þá ekki að deila um það, hvað í þeirri umsögn liggur. En ef hún hefur ekki komið, þrátt fyrir beiðni flm., þá er það vegna þess, að ferðamálaráði hefur ekki fundizt taka því að svara, vegna þess að till., þó að hún væri flutt í góðum tilgangi, var þannig, að hún gat ekki verið til gagns.

Það er svo annað mál með öræfin, og ég get verið hv. ræðumanni sammála um það, að það þarf að umgangast öræfin og hina ósnortnu náttúru með gætni. En þar höfum við Náttúruverndarráð, sem einmitt er með þetta á sinni könnu og mun hafa samráð við ferðamálaráð og rn. um það, að öræfin og hin ómengaða náttúra verði meðhöndluð eins vel og unnt er, þannig að sem minnstu verði spillt. Og þótt þetta væri nú í till., sem má segja, að hafi verið góðra gjalda vert, þá hefði það ekki út af fyrir sig flýtt fyrir eða bætt neitt fyrir sérstaklega, vegna þess að þessi mál eru í athugun, alveg eins og verið hefði, þótt eitthvað hefði verið búið að samþykkja um þetta. Það vantar ekki skilning á því.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að segja meira um þetta að sinni og því síður ástæðu til þess að vera nokkuð að ergja sig út af þessu máli, þótt hv. þm.

teldi nú nokkra ástæðu til þess að sýna vanþóknun sína á því, hversu dauflega var á sínum tíma tekið undir þessa till. til áætlunar um ferðamál til þriggja ára, sem sérfróðir menn í þessum málum töldu alls ekki raunhæft að tala um.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það getur vel verið, að ég hafi verið að ergja mig með minni stuttu ræðu áðan, en það má þá hver lá mér sem vill, þó að mönnum gremjist það, að mál þeirra fái ekki þinglega afgreiðslu hér í þinginu. Það er að vísu ekkert einsdæmi í sambandi við þessa till., en til fyrirmyndar er það ekki, og ég tel, að þm. séu í fullum rétti að verða argir út í þau vinnubrögð hv. Alþ.

Um þá fullyrðingu hæstv. ráðh., að þessi till. okkar fjórmenninganna hafi ekkert erindi átt hér inn á þing, vegna þess að það hafi bara verið áætlun til allt of stutts tíma, vil ég nú segja það, að það hefði verið hægur vandi fyrir góðviljaða menn í þessu máli að gera breytingar á till., láta hana fá eðlilega afgreiðslu og breyta þessu þá í fimm eða tíu ár, eftir því sem þingheimi hefði þótt betur henta. Og það hefði áreiðanlega ekki sætt neinum mótmælum af okkar hálfu, að það hefði verið gert. En hitt er ég sannfærður um, að á þeim tíma hefði verið raunhæfara að gera áætlun til frekar stutts tíma, bráðabirgðaáætlun, og hefði það ekki á neinn hátt þurft að hindra það, að unnið væri að málunum til lengri tíma.

Að menn hafi yfirleitt verið sammála um það, að þessi till. væri varla þinghæf, ætti ekkert erindi á þing og hefði engu góðu til leiðar getað komið, um það held ég, að fáir hv. þm., sem á annað borð hafa kynnt sér till., geti verið honum sammála. Sjálfur ræddi ég við formann ferðamálaráðs um þessa till., og a. m. k. þori ég að fullyrða, að hann var aðalefni hennar og meiningu fullkomlega sammála, þó að hann hefði kannske viljað hafa hana eitthvað öðruvísi. Það skal ég ekki segja um. Það kom ekki fram í því viðtali, sem ég átti við hann.

Ég ætla nú ekki að karpa um það, þar sem þingtíðindin eru ólygnust um það, en ég man það eins og ég veit, að ég stend hér í þessum ræðustól, að hæstv. ráðh. sagði þá, að þetta væri þýðingarlaust af þeirri ástæðu, að það væri verið að vinna að fimm ára áætlun, og það skildist greinilega á honum, að hún væri rétt ókomin. Nú eru þrjú ár liðin síðan þetta var og kannske heldur betur, og það hefur hvorki áætlun til þriggja, fimm eða tíu ára séð dagsins ljós, og hæstv. ráðh. er enn með það í burðarliðnum að fá einhverja til þess að gera þessa áætlun.

Ég er svo aftur þakklátur hæstv. ráðh. fyrir það, hvernig hann tók undir það, sem ég sagði hér um öræfin, nauðsyn á opnun þeirra og reglum, sem settar væru þar um umgengnisvenjur, en ég vil benda hæstv. ráðh. á, að hér er ekki bara um náttúruverndarmál að ræða. Náttúruverndarráð sér ekki um vegamálin í þessu landi, og ég tel það nauðsynlegt í sambandi við endurskoðun á vegáætlun og vegalögum, að við fyrsta tækifæri verði komið þar inn verulegri fjárveitingu í þessu skyni, og ég vænti þess, vegna þess að hæstv. ráðh. tók þó vel undir þetta atriði í sambandi við till. okkar og mitt mál, að sú verði raunin á, að verulegu fé verði varið í þessu skyni. Ég teldi mikið fengið með því, og þá fyrst væri grundvöllur fyrir því, að náttúruverndarsjónarmiðið yrði tekið til greina í sambandi við þetta og settar reglur um ferðir manna og umgengnisvenjur á öræfunum. Fyrr er það ekki mögulegt. Þangað til eitthvað slíkt kemur, halda menn áfram að brjótast um á Weaponum og öðrum stórvirkum tækjum án tillits til þess, hvert tjón náttúra öræfanna bíður af þeim sökum. Ég hef sjálfur ferðazt ofurlítið um öræfin. Ég hef verið að reyna að þræða slóðir eftir landabréfi, og það hefur lítið stoðað, vegna þess að það hefur verið búið að mynda svo margar slóðir, að raunverulega er öllum ómögulegt að rata eftir þeim. Þannig er ástandið. Það eru kannske tugir slóða um sama veginn, jafnvel vegi, sem merktir eru inn á okkar vegakort.

40. Hagnýting jarðhita.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til landbrh. um framkvæmd þál. um hagnýtingu jarðhita [175. mál] (A. 246).

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Á þinginu 1968—1969, fyrri hluta þess þings, var flutt þáltill. um hagnýtingu jarðhita til ræktunar og rannsóknir í þágu garðyrkju. Flm. þessarar till. var Ásgeir Pétursson, og hún var samþ. óbreytt undir þinglok eða nánar tiltekið 17. maí 1969. Ályktun þessi er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hefja skipulegar, fræðilegar rannsóknir á því, hvernig jarðhiti verði bezt hagnýttur til garðyrkju í landinu. Verði í því efni einkum kannað, hvaða efni reynist bezt til flutnings á heitu vatni og til byggingar gróðurhúsa. Þá verði og rannsakað, hvort unnt sé að draga úr byggingarkostnaði gróðurhúsa, t. d. með samræmingu í byggingaraðferðum og stærð gróðurhúsa, smíði einstakra húshluta og tæknibúnaðar þeirra. Beinist rannsóknin einnig að því að auka hagnýta þekkingu á sviði jarðvegsfræði, áburðarþarfar og gróðurvals á sviði gróðurhúsaræktunar og garðyrkju almennt."

Í grg., sem flm. lét fylgja till., bendir hann á það, að enda þótt fólki, sem hefur framfæri sitt af slíkri garðyrkju, fjölgi stöðugt og flatarmál þess gróðurlendis, sem er undir gleri, vaxi stöðugt og neyzla gróðurhúsaafurða aukist, þá sé það einatt svo, að handahófskennt sé, hvernig gróðurhús eru byggð, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um það, hvaða byggingarefni séu haldbezt og ódýrust til þessara nota. Einnig bresti mikið á, að framkvæmdar hafi verið ítarlegar jarðvegs- og áburðarrannsóknir, sem gætu þó orðið undirstaða aukinnar hagkvæmni við rekstur gróðurhúsa og aukið uppskeru í þeim. Hann bendir einnig á það í grg., að miklar framfarir hafi orðið í plastiðnaði og plastið gæti e. t. v. leyst

gerið algerlega af hólmi í sambandi við gróðurhús og þar með dregið úr kostnaði við að reisa þau og e. t. v. aukið endingu þeirra. Að lokum segir hann, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt:

„Gert er ráð fyrir því, að starfandi rannsóknastofnanir atvinnuveganna framkvæmi rannsóknir þær, sem fjallað er um í þessari þáltill."

Því miður verður að segja, að garðyrkjubændum virðist, að lítið hafi orðið úr framkvæmd þessarar till. Þeim virðist, að þeir, sem hafa átt að sjá um framkvæmdina, hafi brugðizt því hlutverki sínu. Hins vegar er mér kunnugt, að ýmsir garðyrkjubændur hafa sjálfir gert tilraunir á þessu sviði. Ég minnist í því sambandi sérstaklega eins garðyrkjubóndans í Borgarfirði, á Laufskálum í Stafholtstungum. Aðalsteinn Símonarson hefur reist þar tvö eða jafnvel þrjú mjög myndarleg ný gróðurhús, stór og mikil úr plasti, en þessar tilraunir eða þessa tilraunastarfsemi, sem kalla má, hefur hann orðið sjálfur að kosta og kalla til sérfróða menn. Aftur á móti eins og ég segi, virðist manni, að helzt til lítið beri á framkvæmdum af hálfu hins opinbera, og því hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 246, svo hljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 17. maí 1969 um hagnýtingu jarðhita til ræktunar og rannsókna í þágu garðyrkju?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi sagði, að gróðurhúsaeigendum og garðyrkjubændum fyndist málið ganga nokkuð hægt og tiltölulega lítið gert í þessum málum. En hv. fyrirspyrjandi nefndi nú ekki, hvað honum fyndist sjálfum um þetta efni. Báðir höfum við gott tækifæri til þess að hitta garðyrkjubændur. Hv. fyrirspyrjandi býr í Reykholti, nærri hverunum þar og jarðhitanum í Borgarfirði. Þegar ég fer til míns heima, fer ég fram hjá Hveragerði og hef gott tækifæri til þess að hitta garðyrkjubændur, og ég veit þess vegna alveg, hvað klukkan slær í þessu tilfelli. Ég geri ráð fyrir því, að bæði ég og hv. fyrirspyrjandi höfum alveg gert okkur grein fyrir því, að garðyrkjan í landinu er mikið atriði og mikils virði og verðskuldar það, að henni sé veitt athygli. Og garðyrkjan á að fá réttmætan stuðning, til þess að hún geti þróazt. Ég veit, að það er enginn ágreiningur á milli mín og fyrirspyrjanda um þetta.

Ég held, að garðyrkjubændur hafi alveg gert sér grein fyrir því, að það tekur langan tíma að gera ítarlegar tilraunir í sambandi við þá till., sem hér er vitnað í og samþ. var á Alþ. 17. maí 1969. Garðyrkjubændur eru það raunsæir í hugsun, að þeir hafa alveg gert sér grein fyrir því, að það var ekki að búast við fullu svari á árinu 1970 og ekki heldur á árinu 1971 við þeim spurningum, sem þessi till. raunverulega varpar fram. Á árinu 1970 var haldin fjölmenn og merk ylræktarráðstefna hér í Reykjavík, og þar var einmitt rætt um þessa till., um efni hennar og um það, hversu nauðsynlegt það væri að hefja þær rannsóknir, sem hér er talað um. Ég kom á þessa ráðstefnu og talaði þar nokkur orð, og ég tók undir óskir garðyrkjumanna í þessu efni. Ég taldi, að tilraunirnar ættu að fara fram sem mest á einum stað og kröftunum yrði ekki dreift. Og ég taldi, að það væri heppilegast, að tilraunirnar færu fram við Garðyrkjuskóla ríkisins. Þar væri bezt aðstaða, þar væri hægt að prófa það efni, sem heppilegast væri til gróðurhúsagerðar, þar væri hægt að reyna það efni, sem bezt væri til þess að flytja heita vatnið og gufuna, þar gætu jarðvegsrannsóknirnar farið fram og allt það, sem garðyrkjunni tilheyrir. En ég hafði, eftir að till. var samþ., skrifað Rannsóknastofnun landbúnaðarins og falið henni þessa athugun. Nú hef ég fengið bréf frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þar sem starfsmenn hennar segjast fúsir til að vinna að þessu og eru eitthvað byrjaðir á því, en telja, að þeir þyrftu helzt að fá til sín sérfræðing til þess að geta látið þessar rannsóknir fara fram. Og það var einmitt þetta svar, sem sannfærði mig um það, að þessar athuganir ættu að fara fram við Garðyrkjuskólann, svo að nemendurnir við Garðyrkjuskólann gætu einnig notið góðs af því að vera viðstaddir þessar tilraunir og læra þannig af reynslunni. Og í tilefni af þessu var fjárveiting til tilrauna við Garðyrkjuskólann á fjárlögum þessa árs hækkuð um 500 þús. kr. frá því, sem áður var. Það má vel vera, að þetta sé of lítið, en ég hygg þó, að mörgum garðyrkjumönnum þyki þetta viðurkenning á því, sem hér á að vinna að, og það gera sér allir ljóst, að þessum rannsóknum lýkur ekki á 1—2 árum.

Ég held, að garðyrkjubændum finnist það mikið atriði, að það er veitt sérstaklega fé í þessu skyni í fjárlögum fyrir þetta ár og það verður á kerfisbundinn hátt unnið að þessum rannsóknum og athugunum við Garðyrkjuskóla ríkisins. Ég hef talað við marga garðyrkjubændur, sem telja það vel ráðið að efla alla tilraunastarfsemi einmitt við Garðyrkjuskólann og dreifa ekki kröftunum, það sé heppilegra. Þar séu sérfræðingar á flestum sviðum og þannig muni sparast fé miðað við það, að ráðinn hefði verið sérfræðingur eða sérfræðingar til þess að vinna að þessum málum við Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Það er sjálfsagt að nota þá góðu krafta, sem við Garðyrkjuskólann eru, og þá að bæta við starfsmönnum þar, því að Garðyrkjuskólinn er í uppbyggingu. Nýja húsið er að verða fullbúið. Þegar því er lokið, geta nemendur orðið þar allt að 40 í staðinn fyrir 12 áður í gamla skólanum, og þetta getur orðið myndarleg stofnun, sem verður aflgjafi fyrir garðyrkjuna og ylræktina í landinu. Garðyrkjubændur hafa gert sér fulla grein fyrir þessu, og ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi geri sér líka á raunhæfan hátt grein fyrir því, að rn. hefur ætlazt til, að þessar rannsóknir færu fram, og það er búið að leggja undirstöðuna að því, að svo verði gert.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Þau eru einfaldlega á þá leið, að núna þegar næstum tvö ár eru liðin síðan þessi till. var samþ., þáltill. sú, sem fsp. mín snertir, þá hefur ekkert verið gert. Það hefur ekkert verið unnið að þeim athugunum, sem till. gerði ráð fyrir, aðeins unnin undirbúningsstörf og ýmislegt reyndar óljóst um það. Mér skilst jafnvel á ráðh., að þegar hann skýtur málinu til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og þeir segjast þurfa að fá sérfræðing til þess að gera rannsókn í þessum málum, þá telji hann eftir sérfræðinginn, en vilji láta Garðyrkjuskólann í Hveragerði sjá um þetta og spara þannig peninga. Ég tel, að þetta sé það mikilvægt mál, að það eigi ekki að spara t. d. kostnað við einn sérfræðing, þegar um athuganir á þessum málum er að ræða.

Hann minnist á hina merku ylræktarráðstefnu, sem haldin var á s. l. sumri, og segist hafa komið þar og haldið ræðu og tekið vel undir óskir garðyrkjumanna. Spurningin er nú ekki um þetta. Spurningin er um framkvæmdir á óskum þeirra, og það sýnist vera, að það vanti allmikið á.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en ég legg áherzlu á, að þetta er mjög þýðingarmikið mál, og ég vil í leiðinni átelja það, hvernig farið er með allt of margar þál. Það er jafnvel svo, að þegar ráðh. eru spurðir um þær, eins og nú ekki alls fyrir löngu, þegar spurt er um leirverksmiðju í Dalasýslu, 7—8 ára gamla till., þá svarar forsrh. því til, að hann hafi látið menn leita að till. eða einhverju, sem snertir þessa till., í ýmsum skjalasöfnum rn. og ekkert hafi fundizt. Ég tel, að þetta séu svona heldur hastarleg svör og hastarleg niðurstaða, sérstaklega þar sem t. d. í þessum tilfellum báðum eiga hlut að máli sem flm. flokksbræður þessara hæstv. ráðh. Þetta vil ég sem sé átelja, að ráðh. taki lítið sem ekkert tillit til þeirra ályktana, sem Alþ. hefur samþykkt.

Ég átta mig ekki alveg á upphafsorðum hæstv. ráðh., en hann gaf þar í skyn, að hann þekkti garðyrkjubændur á Suðurlandi, og að því er mér skildist, þá virtist honum, að garðyrkjubændur á Suðurlandi væru ekki óánægðir með hann sem ráðh., væru bara býsna hrifnir af honum sem ráðh. Ég efast ekki um það, að menn séu hrifnari af hæstv. ráðh. á Suðurlandi heldur en á Vesturlandi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ef ég vissi það ekki, að hv. þm. hefur haft það notalegt í dag og sofið vel í nótt, þá hefði ég bara sagt, að hann væri ruglaður. En það getur nú víst ekki verið. Hv. þm. slær út í aðra sálma og hættir að tala um það, sem hér er um að ræða, fer að tala um leirverksmiðju í Dalasýslu o. s. frv., till., sem ekki hafi fundizt, og þess vegna hafi ekki verið hægt að svara í sambandi við hana hér á hv. Alþ. Hann átelur það, að það hafi bara ekkert verið gert í sambandi við þessa till., sem hér um ræðir, núna á annað ár. Hún var samþ. í maí 1969, og það er ekki komið lengra en það að taka inn á fjárlög ríflega upphæð til þess að fullnægja till. á árinu 1971. Jú, hann segir, ég skrifaði það niður orðrétt, „ekkert verið gert, aðeins unnið að undirbúningsstörfum". En ég vil nú spyrja hv. þm.: Á ekki að byrja á undirbúningsstörfum? Á að byrja á einhverju öðru? Og þurfa ekki undirbúningsstörfin að taka nokkurn tíma, til þess að hægt sé að koma verkunum af og ljúka því, sem á að gera? Þannig er nú þetta allt eitthvað öfugsnúið hjá hv. þm. og eins og hann hafi alls ekki áttað sig á málinu til fulls.

Hann talar um, að ég hafi skrifað Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Það var nú það eðlilega, og ylræktarráðstefnan, sem hér var haldin og áður var um rætt, ræddi einmitt um þessa till., og þar var rætt um það, hvernig bezt væri að framkvæma hana. Sú ráðstefna var haldin á árinu 1970, eftir að búið var að afgreiða fjárlög. Og í samræmi við það, að eðlilegt væri að taka tillit til till., þá er veitt fé á fjárlögum, svo að hægt sé að byrja að framkvæma hana. Svo segir þessi hv. þm., að það sé bara ekkert mark tekið á þál. Ég er alveg sannfærður um, að það eru fleiri þm. en ég, sem finnst þetta bara skrýtið, og mundi ekki mörgum hv. þm. detta í hug: Hvað meinar maðurinn? Hvað er hann að fara? Hvers vegna þakkar hann ekki fyrir það, sem búið er að gera í sambandi við þessar till., frekar en að vera með ónot? Eða þá það, ef hann vill ekki þakka fyrir, sem ég er ekki að biðja um, að láta þá bara vera að segja nokkuð. Ég hefði ekki ætlazt til þakka, en að hann léti það bara vera að segja nokkuð. En það er eitthvað, sem rekur hann af stað. Hann heldur því fram, að það sé kannske eitthvað annað, sem vakir fyrir garðyrkjubændum í Borgarfirði en á Suðurlandi. En ég get bara upplýst það, að ég þekki þó nokkuð marga garðyrkjubændur í Borgarfirði og mér finnst þeir hugsa alveg nákvæmlega jafnheilbrigt eins og garðyrkjumenn á Suðurlandi. Það er enginn vafi á því, að garðyrkjumennirnir vilja aðeins spyrja að því, hvaða árangur fáist af þessari till., sem hér er um að ræða. Fáum við raunhæfar rannsóknir? Fáum við þær niðurstöður, sem við getum byggt á? Ég veit, að þeir telja málinu bezt komið hjá Garðyrkjuskóla ríkisins.

Hv. þm. talaði um, að það væri nú ekki ástæða til þess að vera að spara. Við erum víst nógu ríkir til þess, að við þurfum ekki að vera að spara. En það var nú ekki það, sem fyrir mér vakti endilega, aðeins að spara, þegar ég taldi það heppilegra og praktískara — og hef þar með mér fjölda garðyrkjumanna — að nota Garðyrkjuskóla ríkisins og sérfræðingana, sem þar eru, til þess að hafa þessar rannsóknir með höndum frekar en að fara að ráða sérfræðing eða sérfræðinga í þessari grein við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem hefur ekki sérfræðinga á þessu sviði. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur marga sérfræðinga á öðrum sviðum landbúnaðarins, en ekki í garðyrkjunni. En við höfum Garðyrkjuskóla ríkisins, sem er miðstöð garðyrkjunnar, og tilraunastöð við skólann. Og það þykir heppilegra að nýta þá krafta, sem þar eru, en að fara að setja upp nýtt apparat við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem mundi kosta miklu meira, og óvíst, að skilaði nokkuð betri árangri.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég fram á það að fá að gera stutta aths., vegna þess að hæstv. ráðh. beindi til mín fsp. Hann spurði, hvort ekki væri rétt að byrja á undirbúningi? Að sjálfsögðu er rétt að byrja á undirbúningi, en það eru náttúrlega takmörk fyrir því, hvað undirbúningurinn einn getur staðið lengi, svoleiðis að menn séu ánægðir, og eðlilegt, að menn fari að kalla til framkvæmda, þegar liðið er, eins og ég segi, langt á annað ár frá því, að þessi till. var samþ. En það er til marks um málflutning ráðh., að hann orðaði þetta svo, að nú væri komið á annað ár, eða rúmt ár, minnir mig, að hann segði. Það eru að verða tvö ár síðan þessi till. var samþ. Það hefur ekkert enn þá orðið úr framkvæmdum. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Ráðh. lýsti furðu sinni yfir, að ég minntist hér á till. um leirverksmiðju í Dölum, sem hefði týnzt í skjalasafni iðnrn., og um leið átaldi ég það, hvernig farið væri með þál. af hálfu margra hæstv. ráðh. Þetta vita náttúrlega allir þm., að er alveg rétt. Það má heita undantekning, ef ályktanir fá einhverja verulega framkvæmd.

Ráðh. byrjaði ræðu sína á því að fullyrða: „Ef ég vissi ekki, að þessi hv. þm. hefði sofið vel í nótt, þá mundi ég telja, að hann væri eitthvað ruglaður." Ég veit nú ekki, hvaðan hæstv. ráðh. kemur vitneskja um það, hvernig

ég hef sofið. En ég verð að segja það með tilliti til málflutnings hæstv. ráðh. núna, að hafi hann sofið vel í nótt, þá býð ég ekki í málflutning hans, þegar hann hefur sofið illa.

41. Tannviðgerðir skólabarna.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. varðandi tannviðgerðir skólabarna [126. mál, 3] (A. 147).

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 11., 14. og 22. fundi í Sþ., 24. nóv., 8. des. og 26. jan., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja svo hljóðandi fsp.:
„Hvaða ástæður liggja til þess, að nú hefur ríkissjóður hætt að greiða hluta af tannviðgerðum skólabarna á móti sveitarfélögum?"
Fsp. skýrir sig sjálf, og ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að veita hér svör við því, sem um er spurt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Samkv. eldri skólakostnaðarlögum, lögum nr. 41 frá 1955, greiddi ríkissjóður að hálfu kostnað við heilbrigðiseftirlit og heilsuvernd. Örfá sveitarfélög, t. d. Reykjavík og Neskaupstaður, tóku þá þátt í tannviðgerðum barnaskólabarna eða kostnaði við tannviðgerðir barnaskólabarna, annaðhvort á þann hátt, að sveitarfélag greiddi allan kostnað og fékk helmingsendurgreiðslu frá ríkinu, eða eins og í Reykjavík, að sveitarfélag greiddi að hálfu á móti foreldrum og fékk helmingsendurgreiðslu af sínu framlagi, þ. e. endurgreiðsla ríkissjóðs varð ¼ af heildarkostnaði. Með tilkomu Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og væntanlegra heilsuverndarstöðva víðs vegar um landið er fyrirsjáanlegt, að þessi þjónusta sveitarfélaga og ríkis mun vaxa mjög, og enn fremur virðist rétt að túlka svo ákvæði hinna nýju skólakostnaðarlaga nr. 49 1967, að kostnaður við heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðist af ríkissjóði að hálfu á móti sveitarsjóði. Þannig eru ákvæðin í nýju skólakostnaðarlögunum orðrétt, og virðist mega túlka þau á þann veg, að hér sé átt við allt skyldunámsstigið, en ekki barnaskólastigið eingöngu, og ákvæðið taki til kostnaðar við venjulegar tannviðgerðir. En ákvæði gömlu laganna um þetta efni voru umdeild, eins og kom fram af því, að aðeins tvö sveitarfélög, Reykjavík og Neskaupstaður, tóku þá þátt í greiðslu kostnaðar við tannviðgerðir barnaskólabarna.
Þessi túlkun, sem ég nú gat um, á núgildandi orðalagi skólakostnaðarlaganna, að heilbrigðisþjónusta í öllum skólaflokkum skuli teljast taka til alls skyldunámsstigsins og til allra venjulegra tannviðgerða, hefur nú verið staðfest í reglugerð. Fyrirsjáanlegt var, að útgjöld mundu margfaldast, og þeim mun nauðsynlegra var, að settar yrðu fastar reglur um t. d., hvers konar tannviðgerðir væri eðlilegt að telja til skólakostnaðar, hver skyldi vera þátttaka ríkissjóðs o. s. frv. Hefur þetta verið gert í reglugerðinni, sem ég nefndi. Hér ber að hafa í huga þýðingarmikið atriði. Þegar Reykjavíkurborg semur við sína heilsuverndarstöð um, að stöðin taki að sér tannskoðun skólabarna og tannviðgerðir og framsendir síðan reikning þessarar stöðvar til helmingsgreiðslu úr ríkissjóði, þá verður af eðlilegum ástæðum nokkuð erfitt um raunhæfa endurskoðun, og er því nauðsynlegt, að ákvæði séu um hámarksþátttöku ríkissjóðs á sama hátt og hámarksákvæði eru um þátttöku í kennslukostnaði og í stofnkostnaði samkv. hinum nýju lögum um skólakostnað. Menntmrn. fól nefnd þriggja manna, einum frá rn. og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, að gera till. um nánara fyrirkomulag þessara greiðslna ásamt till. um önnur atriði í samskiptum ríkis og sveitarfélaga samkv. hinum nýju skólakostnaðarlögum. Hefur þessi nefnd lokið störfum og reglugerð sú, sem nefndin samdi, verið lögð fyrir samstarfsnefnd rn. og Sambands ísl. sveitarfélaga eins og lög gera ráð fyrir. Reglugerðin var gefin út 27. jan. s. l., eins og ég hef áður skýrt frá hér á hinu háa Alþingi. Vona ég, að með þessu sé sá ágreiningur, sem undanfarin ár hefur verið um skilning á ákvæðum gömlu skólakostnaðarlaganna og ákvæðum nýju skólakostnaðarlaganna, til lykta leiddur og framvegis þurfi ekki að verða ágreiningur um greiðslur vegna tannviðgerða milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarsjóða hins vegar.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ég hef ekki kynnt mér þá reglugerð, sem nýlega hefur verið gefin út um þetta efni, en vænti sem sagt, að sá ágreiningur, sem uppi hefur verið um þetta atriði, verði nú úr sögunni og ríkið taki hér eftir, eins og áður var, þátt í þessum kostnaði, eins og ábyggilega var til ætlazt með skólakostnaðarlögunum.

42. Heimavistarkostnaður héraðsskólanna.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um heimavistarkostnað héraðsskólanna [139. mál, 6] (A. 171).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 14. og 17. fundi í Sþ., 8. og 15. des., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var fsp. enn tekin til umræðu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þm. munu yfirleitt vera þeirrar skoðunar, að óþarflega mikill tími þingsins fari í umr. um fsp. og þá sérstaklega í lestur ítarlegra skýrslna, einkum töluskýrslna, sem svara við fsp. Þessari fsp. er ekki unnt að svara öðruvísi en með alllangri skýrslu. Þess vegna hef ég leyft mér þá nýbreytni að láta útbýta meðal þm. og þá jafnframt þingfréttaritara blaða og útvarps svari við fsp. og vona, að hæstv. forseti fallist á, að þetta skuli teljast fullnægjandi svar. Þetta hefur legið á borðum þm. síðan þingfundur var settur. Ef þetta verður ekki talið fullnægjandi, er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að bæta upplýsingum við eða skýra skýrsluna nánar. Ég held, að hún megi teljast algerlega tæmandi. Þetta er nýbreytni, sem ég vona, að hv. þm. taki vel, því að hún ætti að geta orðið til þess, ef áframhald verður á slíku, að spara okkur öllum tíma.

Forseti (BF): Með tilliti til þess, að fyrirspyrjandi er ekki viðstaddur og hefur ekki haft tækifæri til að kynna sér framlagða skýrslu hæstv. ráðh., mun ég fresta umr. um málið. Umr. er frestað og málið tekið út af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fram haldið umræðu um fsp.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fsp. mín var um það, hver væri heimavistarkostnaður í héraðsskólunum hverjum um sig tvö s. l. skólaár, skólaárið 1968—1969 og skólaárið 1969—1970. Hæstv. menntmrh. lét útbýta skýrslu sem svari við þessari fsp. á síðasta fundi, þegar fsp. var til umr., og er ég mjög ánægður með það að hafa fengið þannig svar við fsp. minni.

Það er mjög ítarleg skýrsla um heimavistarkostnaðinn í öllum héraðsskólunum þessi tvö skólaár, og kemur þar í ljós það, sem var tilefni minnar fsp. Það var þetta, að ég hafði vitneskju um það, að gífurlegur munur væri á heimavistarkostnaðinum í hinum ýmsu héraðsskólum, þannig að heimavistarkostnaðurinn væri 30—40 þús. kr. í sumum þeirra, en 20—30 þús. kr. í öðrum og áberandi hæstur í nokkrum einstökum skólum. Þetta kemur fram í skýrslunni og reynist þannig rétt að vera. Á fyrra skólaárinu, 1968—1969, kemur í ljós, að héraðsskólinn á Núpi er langdýrastur. Þar kostar fyrir pilta 140 kr. á dag og 123 kr. fyrir stúlkur, en hjá allmörgum héraðsskólum er þetta miklu lægra, nálega þriðjungi eða meira en þriðjungi lægra. T. d. er þetta innan við 100 kr. að meðaltali á pilta og stúlkur í Reykjanesskólanum. Að Reykjum í Hrútafirði er dagkostnaðurinn 100 kr. fyrir pilta og 92 kr. fyrir stúlkur og að Laugum 100 kr. fyrir pilta og 88 kr. fyrir stúlkur og að Eiðum 94 kr. fyrir pilta og 89 kr. á dag fyrir stúlkur. 140 kr. sem sé á Núpi, innan við 100 og 100 hjá einum fjórum öðrum skólum. Hins vegar er þetta nokkuð önnur röð síðara skólaárið. Þá er mestur heimavistarkostnaður á dag að Skógum, 150 kr. á dag hjá piltum og 145 hjá stúlkum. Næstdýrast er þá Reykholt, piltarnir 148 kr. á dag og stúlkurnar 138, og Núpur þriðji dýrasti, 136.80 fyrir pilta og 124.60 fyrir stúlkur. Þetta er í raun og veru óskýranlegur mismunur, þegar þetta nemur þriðjungi og jafnvel meira í kostnaði á dag á nemendurna.

Annar kostnaður, eins og þjónustugjöld og heimavistargjöld, eru líka talsvert mismunandi í skólunum, allt frá 500 kr. og upp í 2500, og virðist það þó eftir líkum að dæma, að nokkuð svipað sé þarna verið að greiða fyrir með heimavistargjöldum og öðrum þjónustugjöldum í þessum sambærilegu skólum. Ég vildi, ef unnt væri, að hæstv. ráðh. gæfi skýringar á þessum mikla mun, því að þarna er um allverulegar upphæðir að ræða, sem hafa áhrif á það, að fátæk heimili geti sent sína nemendur í þessa skóla og aftur á því, að þau geti sent þá í þá skóla, sem dýrastir reynast frá ári til árs. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti gefið skýringar á þessum mismun.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við í menntmrn. höfum veitt því athygli, eins og hv. fyrirspyrjandi, að um mikinn mun er að ræða á þeim kostnaði, sem hér er um að ræða. Ég vil ekki segja óeðlilega mikinn mun, vegna þess að málið er ekki fullrannsakað af okkar hálfu, svo að ég get því miður ekki á þessari stundu gefið viðhlítandi skýringar á því, sem óhætt er að segja, að embættismenn urðu hissa á með sama hætti og hv. fyrirspyrjandi hefur orðið hissa á því. En það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að skýringa á þessu verði leitað. Á þessu eru eflaust, vona ég, alveg eðlilegar skýringar, og þegar þær liggja fyrir, mun ég gera ráðstafanir til þess, að þeim þm., sem á því hafa áhuga, sé gefinn kostur á að kynna sér þær. En á þessari stundu hef ég því miður ekki skýringar fram að færa.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér þykir rétt að skýra frá því við þessa umr., að eftir að þessi skýrsla hæstv. ráðh. birtist hér á þingi og frá henni var síðan sagt í blöðum, hringdi í mig Vestfirðingur, sem átt hafði son sinn í skóla á Núpi, og hann sagði mér, að hann hefði reikninga frá skólanum um kostnaðinn þessi tvö ár, sem hér er um að ræða, og hann kannaðist ekki við þær tölur, sem eru í þessari skýrslu. Hann sagðist hafa greitt þar yfir 37 þús. kr. Ég vildi greina hæstv. ráðh. frá þessu, ef einhver mistök kynnu að hafa orðið þarna í útreikningum, ef það er rétt, að þarna sé farið örugglega rétt með staðreyndir. Ég veit ekki annað um þetta en það, sem þessi Vestfirðingur sagði mér frá. En undir hitt vil ég taka, að þessi munur, sem þarna kemur fram, er tvímælalaust óeðlilegur, og hér er um að ræða býsna stórt mál fyrir fólk, sem á í miklum vandræðum með að kosta börn sín í skóla, og verður að gera kröfur til þess, að öllum þessum kostnaði sé haldið jafnhófsamlegum og hægt er.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil engan veginn draga í efa, að þær upplýsingar, sem hv. þm. greindi frá, að hann hefði frá föður tiltekins nemanda að Núpi, geti verið réttar, en bendi hins vegar á, að engu að síður getur sú tala, sem hér er greint frá í skýrslunni, líka verið rétt miðað við þær forsendur, sem skýrslan er byggð á. Í formála að skýrslunni, sem útbýtt var, segir hér, að dagafjöldi nemenda sé mjög misjafn,

en reiknað sé í þessari skýrslu með þeim fjölda, sem mestur geti orðið í viðkomandi skóla. Þannig getur vel verið, að munur sé á þeirri meðaltalstölu, sem hér er greint frá, og þeirri tölu, sem ákveðinn nemandi hafi þurft að greiða. En ég endurtek aðeins, að þetta mál allt saman er í tilefni af þessari skýrslugerð í nánari athugun. Það getur vel verið, að okkur í rn. þyki ástæða til þess að birta hv. þm. síðar með sama hætti og þessa skýrslu niðurstöður athugana á þeim mun, sem hér hefur komið í ljós og er þess eðlis, ég er sammála báðum hv. þm. um það, að hann gefur fullkomið tilefni til nánari athugunar á málinu, en hún mun taka einhvern tíma.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þó að mér þyki það að sjálfsögðu miður, að ekki var hægt að fá skýringar á þessum mikla mismun, sem skýrslan sýnir, þá fagna ég því, að hæstv. ráðh. hefur lofað að láta athuga þetta, og ég þykist vita, að fjármálaeftirlit skólanna geti komizt að réttum niðurstöðum um þetta efni. En tilefni fsp. var það, að ég hafði í höndum fullnægjandi vitneskju um það, að heimavistarkostnaðurinn á Núpi í Dýrafirði væri mun meiri en í mörgum öðrum héraðsskólum, og þótti mér því ástæða til að gera tilraun til að fá hið rétta fram varðandi þetta efni, og það hafa nú hv. þm. fengið.

43. Kennaraskóli Íslands.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um Kennaraskóla Íslands [157. mál, 2] (A. 199).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. og 22. fundi í Sþ., 15. des. og 26. jan., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessi fsp. var lögð fram í nóvembermánuði, og gerði ég mér þá vonir um að fá svar við henni eftir 1—2 vikur, því að ég hafði áhuga á að fá vitneskju um áform hæstv. ríkisstj., áður en fjárlög yrðu afgreidd. Því miður hefur það nú verið svo, að þessi fsp. hefur dregizt fram yfir þann tíma og við fjárlagaafgreiðslu var enn einu sinni neitað óskum skólastjórnarinnar um tilteknar fjárveitingar til byggingarframkvæmda við skólann.

Ég þarf ekki að rifja upp að þessu sinni sögu byggingarmáls Kennaraskólans á undanförnum árum. Það er mjög ömurleg saga, — ja, hneykslissaga vildi ég segja, þar sem aðbúnaður að nemendum hefur verið ákaflega lélegur, bæði að nemendum og kennurum raunar, og það hefur lengi verið ljóst, að við svo búið mætti ekki standa. Þess vegna held ég, að það sé fullkomlega tímabært að reyna að fá um það skýr svör frá hæstv. ríkisstj., hvað hún hugsi sér að gera í þessum málum, hvenær hún ráðgeri, að farið verði að vinna af kappi að því að fullgera Kennaraskóla Íslands, þannig að hann geti rækt þau verkefni, sem honum er ætlað að rækja.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrst ætla ég að stikla á stærstu steinunum í byggingarsögu Kennaraskólans og æfingaskóla hans. Byggingarnefnd tilrauna- og æfingaskóla var skipuð 23. des. 1944. Byggingarnefnd Kennaraskólans var skipuð 20. marz 1951. Menntmrn. féllst á till. meiri hl. byggingarnefndarinnar um, hvaða teikning skyldi valin, 29. maí 1958, en þá fyrst kom ákveðin till. frá meiri hl. byggingarnefndar til úrskurðar rn. Hófust framkvæmdir fljótlega úr því. Var megináherzla lögð á byggingu kennslurýmis, en bygging samkomusalar, bókasafns o. fl. látin mæta afgangi. Var hin nýja bygging Kennaraskólans tekin í notkun haustið 1962 eða fjórum árum eftir að ákvörðunin var tekin um bygginguna. Miðað við aðsókn að skólanum undanfarna áratugi átti sú stærð hússins, sem ákveðin var, að duga um alllangt skeið. Í fjárlögum fyrir árið 1968 var í fyrsta sinn veitt fé til íþróttahúss, en aðeins 1 millj. kr. Á fjárlögum fyrir árið 1970 var síðan haldið áfram fjárveitingum til byggingar kennaraskólahússins og þá veittar 5 millj. til nýrrar álmu við skólahúsið. Gerðar voru á því ári, í fyrra, áætlanir um viðfangsefni, stundafjölda og nemendafjölda í breyttum kennaraskóla svo og húsnæðisþörf slíks breytts kennaraskóla. Hinn 24. nóv. 1970 ákvað menntmrn. að skipa nýja byggingarnefnd og heimilaði undirbúning að teikningum að viðbótarhúsnæði við Kennaraskólann og æfingaskólann. Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár voru síðan veittar 8 millj. kr. til byggingar íþróttahúss.

Hinn 24. des., eða réttum mánuði eftir að ákvörðun var tekin um, að skipa skyldi byggingarnefnd, var byggingarnefndin skipuð, og eiga í henni sæti Broddi Jóhannesson skólastjóri, formaður, Árni G. Stefánsson kennaraskólakennari og Guðmundur Þór Pálsson deildarstjóri byggingardeildar menntmrn. Hinn 27. nóv. 1970 hafði verið rætt við arkitektana Helga og Vilhjálm Hjálmarssyni, og hafa þeir unnið að teikningum síðan. Þó hefur nokkur töf orðið af því, að ráðlegra þótti að endurskoða áætlaða kennaraþörf í landinu, bæði með hliðsjón af breyttum fæðingartölum og væntanlegum breytingum á skólakerfi. Er þeirri áætlun lokið, en forstöðumaður byggingardeildar menntmrn. er að endurskoða kennslustundafjölda og húsnæðisþörf með hliðsjón af hinni nýju áætlun.

Um æfinga- og tilraunaskólann er þetta að segja. Fyrsta áfanga þess skóla verður væntanlega lokið á sumri komanda. Fullbúnar má kalla, að séu 15 kennslustofur af venjulegri stærð, tvær litlar stofur og fimm herbergi fyrir rannsóknir og starfshópa, kennarastofa og skrifstofur, samkomusalur nema nokkuð er ógert í búnaði leiksviðs, anddyri, gangar, hreinlætisklefar og flestar geymslur. Nokkuð vantar enn af innréttingum.

Þá er að víkja að því, sem gerzt hefur í málefnum

Kennaraskólans á undanförnum áratug, og þeim áhrifum, sem þær stórkostlegu breytingar hafa haft á áætlanir um áframhaldandi byggingar fyrir Kennaraskólann. Nemendafjöldi Kennaraskóla Íslands var óbreyttur að kalla frá stofnun skólans 1908 til haustsins 1961, en þá tvöfaldaðist nemendafjöldi í 1. bekk skólans miðað við fyrra ár. Með tilkomu hinnar nýju löggjafar um skólann frá árinu 1963 tók þó fyrst steininn úr, eins og eftirfarandi tölur um nemendafjölda skólans á árunum 1960—1969 sýna. Árið 1960 voru nemendur 137, 1961 170, 1962 216, 1963 282, 1964 357, 1965 397, 1966 488, 1967 671, 1968 821 og 1969 954. Nemendafjöldi á yfirstandandi skólaári er 826, en á síðasta hausti tóku gildi ný ákvæði um námstíma svo og voru einkunnamörk gagnfræðinga til inngöngu í skólann hækkuð nokkuð.

Meginskýring hinnar gífurlegu aukningar á aðsókn að Kennaraskólanum er eflaust tvær breytingar, sem gerðar voru á lögum um Kennaraskólann 1963. Annars vegar var þeim, sem stunda nám í Kennaraskólanum, opnuð leið til stúdentsprófs og þar með að háskólanámi. Enn meira máli mun þó hitt skipta, að áður var landspróf eitt inngönguskilyrði í Kennaraskólann.Var þó oft veitt undanþága frá þessu ákvæði til þess að koma nemendafjölda í 1. bekk upp í hæfilega stærð.

Í nýju lögunum frá 1963 var gagnfræðingum með lágmarkseinkunn hins vegar einnig veittur aðgangur að skólanum. Af 709 nemendum, sem nú eru í 1.—4. bekk Kennaraskólans, eru 62% gagnfræðingar, en 38% landsprófsmenn. Aðrir nemendur Kennaraskólans eru í stúdentadeild eða framhaldsdeildum, um 160. Nú væri eðlilegt, að spurt væri, hvers vegna ekki hafi verið ráðizt í viðbótarbyggingar við Kennaraskólann, þegar augljóst var orðið, að hann væri orðinn of lítill. Það á sér skýringu. Á undanförnum árum hefur komið í ljós, að fjöldi nemenda í Kennaraskólanum hefur vaxið meira en þörfin fyrir kennara mun vaxa á næstu árum. Það, sem nauðsynlegt hefur verið að gera, hefur verið að auka og bæta kennaramenntunina og samræma tölu brautskráðra kennara við væntanlega kennaraþörf. Einmitt þetta hefur verið lagt til, að gert verði í hinu nýja frv. um kennaraháskóla, þar sem kennaramenntunin er flutt á háskólastig.

Eins og fram kom, munu þær tvær breytingar, sem ég nefndi, þ. e. annars vegar það, að nám í Kennaraskólanum hefur síðan 1963 getað leitt til framhaldsnáms og háskólanáms, og hins vegar, að rýmkuð voru inngönguskilyrði skólans, þannig að tveir af hverjum þrem nemendum, sem nú eru í skólanum, eru komnir inn í skólann í skjóli þeirra ákvæða, þessar breytingar munu hafa átt meginþáttinn í þeirri stórkostlegu aukningu, sem átt hefur sér stað á nemendafjölda Kennaraskólans á undanförnum árum og hefur valdið því, að nú eru mun fleiri kennaranemar við nám í Kennaraskólanum en vitað er um, að kennarastöður séu til fyrir á næstu árum. Og þess vegna hefur gagnger endurskoðun allra þessara mála verið nauðsynleg, enda verið framkvæmd á undanförnum árum.

Ég var persónulega á sínum tíma mjög hikandi við að fallast á, að samtímis því að Kennaraskólinn væri gerður að stúdentaskóla væru inngönguskilyrði í hann gerð rýmri en í aðra stúdentaskóla, þ. e. menntaskólana. Af hálfu Kennaraskólans var hins vegar lögð á þetta mikil áherzla, ég vil segja megináherzla, og féllst ég að lokum á það, að frv. væri flutt í þeirri mynd, sem það var flutt, þ. e. með hinum rýmkuðu inngönguskilyrðum. Ef þessi ákvörðun, sem Alþ. tók, ágreiningslaust, að því er mig minnir, hefði ekki verið tekin, hefðu að sjálfsögðu ekki skapazt teljandi vandræði í húsnæðismálum Kennaraskólans á undanförnum árum.

Eins og hv. alþm. er nú kunnugt, hefur verið samið og var lagt fram í gær frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands. Verði frv. að lögum, mun verða gerbreyting á skólanum og kennaranámi í landinu. Ekki sízt mun þá skapast algerlega nýtt viðhorf í húsnæðismálum kennaramenntunarinnar. Allar fyrri áætlanir og teikningar þurfa að endurskoðast frá grunni, þar sem nýskipanin hlýtur að hafa í för með sér gagngerar breytingar á nemendafjölda og þá breytingar til lækkunar á nemendafjöldanum, og enn fremur hljóta allt aðrar kröfur að verða gerðar til húsrýmis fyrir háskóla en fyrir almennan sérnámsskóla.

Eins og ljóst má vera af framansögðu, hafa byggingarmál Kennaraskólans verið í deiglunni á undanförnum árum. Hin óvæntu áhrif gildandi löggjafar frá 1963 á aðsókn að skólanum hafa valdið því, að óvissu hefur gætt um framtíðarskipan á málum hans, og hinu, að óráðlegt þótti að ráðast í byggingarframkvæmdir með hliðsjón af bersýnilega óeðlilegu ástandi í skipulagi skólans og stærð. Hefði fé verið ausið blint í byggingarframkvæmdir við skólann, meðan þannig var ástatt, má segja með réttu, að gáleysislega hefði verið farið með fé skattborgaranna og skólanum vafasamur greiði gerður, ef hann að lokinni óhjákvæmilegri nýskipan hefði setið uppi með byggingar, sem í fæstu tilliti hefðu verið sniðnar eftir þörfum hans í hinni breyttu mynd, eftir þörfum hans sem kennaraháskóla.

Nú er unnið að gerð teikninga að viðbótarhúsnæði fyrir Kennaraskólann, og enn fremur er unnið að teikningum að íþróttahúsi fyrir skólann og æfingaskóla hans. Þessi undirbúnings- og teiknivinna er að sjálfsögðu mjög háð því, hvort frv. um Kennaraháskólann verður að lögum nú á þessu þingi, og yfir höfuð að tala, hvort það verður að lögum, sem ég þó vona eindregið, að verði, og það strax á þessu þingi. En mestu máli skiptir, að kennaramenntuninni verði komið í skynsamlegt og varanlegt horf, að hinum innri skilyrðum sé fullnægt, þá fyrst hefur skapazt traustur grundvöllur til þess að sinna hinum ytri skilyrðum húsnæðismálanna af festu og krafti og þeirri forsjálni og framsýni, sem jafnan þarf að vera leiðarljós og kjölfesta, þegar ráðizt er í fjárfrekar byggingar, sem lengi eiga að standa.

Með þessu móti vona ég, að mér hafi tekizt að gera grein fyrir þeim vandamálum, sem við hefur verið að etja í málefnum Kennaraskólans og kennaramenntunarinnar á undanförnum árum, og hver sé stefna ríkisstj. á þessu sviði, en hún er sú að óska eftir því, að frv. það, sem lagt var fram í gær, um Kennaraháskóla, verði að lögum á þessu þingi, og þá mun þegar í stað á næsta sumri verða hafizt handa um þær ráðstafanir í byggingarmálum eða húsnæðismálum skólans, sem sú nýskipan, sem þá ætti að geta komið til framkvæmda næsta haust, gerir nauðsynlegar, eðlilegar og raunar sjálfsagðar.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa grg. um byggingarsögu Kennaraskólans. Það var nú heldur ömurleg saga, ef menn hafa tekið eftir dagsetningum í henni, því að hún hefst á árinu 1944. Þá er skipuð fyrsta byggingarnefndin og meira að segja að húsnæði, sem engan veginn er fullgert enn þann dag í dag.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, var lokið við áfanga Kennaraskólans um haustið 1962, eða hann var réttara sagt tekinn í notkun þá, þó að honum væri engan veginn lokið, þessum áfanga. Og hæstv. ráðh. sagði, að sá áfangi hefði átt að duga skólanum um alllangt skeið. Þetta er algerlega rangt. Í því húsnæði, sem þá var byggt, eru átta almennar kennslustofur og ein sérkennslustofa, sem sé níu kennslustofur í allt. Og það vissu allir þá, að þessi áfangi mundi alls ekki duga, jafnvel þótt aðeins væri um að ræða eðlilega aðsókn að þessum skóla, enda stóð þá til, að haldið yrði áfram með þessa byggingu og hún yrði fullgerð. Á því hefur engin skýring verið gefin, hvers vegna þetta var ekki gert. En það er algerlega rangt hjá hæstv. ráðh., að menn hafi talið, að þessi bygging mundi verða nægileg. Allir vissu, að hún yrði það ekki.

Hæstv. ráðh. rakti hina miklu aðsókn, sem varð að þessum skóla á árunum þar á eftir, og vissulega er það rétt, að aðsókn að þessum skóla varð miklu meiri en sem svaraði kennaraþörf á Íslandi. Þar var um að ræða sprengiþróun, sem stafaði af því, að menntakerfið á Íslandi var ekki orðið í samræmi við þarfir þjóðfélagsins og óskir ungs fólks. Í sambandi við Kennaraskólann opnuðust möguleikar fyrir ungt fólk að komast út úr blindgötum, sem það lenti í annars staðar á námsbrautinni, og einmitt þess vegna jókst aðsókn að þessum skóla svona feiknalega. Þetta var dæmi um ófullnægjandi ástand í menntamálum, sönnunargagn um það. Þarna var, eins og ég sagði áðan, um sprengiþróun að ræða, og hún hefði átt að vera hæstv. ráðh. mjög mikið umhugsunarefni.

Hæstv. ráðh. tengdi þetta mál nú að lokum við breytingarnar á fyrirkomulagi Kennaraskólans, sem frv. var lagt fram um hér á þingi í gær, þ. e. að Kennaraskólanum yrði breytt í Kennaraháskóla Íslands. Vissulega er það rétt, að þar er um að ræða mjög verulega breytingu á fyrirkomulagi þessa skóla, og skal ég ekki ræða það hér að þessu sinni. Það gefast síðar tækifæri til þess. Hins vegar hefur lengi verið vitað um þessa breytingu. Sú nefnd, sem samdi frv., komst að þeirri niðurstöðu fyrir heilu ári, að það bæri að breyta skólanum á þennan hátt. Og hún fór fram á það við hæstv. ríkisstj., að þetta yrði tekið í lög á síðasta þingi, þannig að unnt yrði að hefja þetta fyrirkomulag í skólanum s. l. haust. Ef þessi breyting á að koma til framkvæmda á eðlilegan hátt, þá er alger forsenda fyrir því, að þarna sé um að ræða húsnæði, sem hægt verður að nota. En með þeim drætti, sem orðið hefur á byggingarframkvæmdum, þá er alveg augljóst mál, að þarna verða mikil húsnæðisvandamál á einhverju tilteknu tímabili, jafnvel þó að ráðizt verði af fullum krafti í byggingarframkvæmdir á næsta sumri, eins og hæstv. ráðh. lofar. Þær framkvæmdir taka svo langan tíma, að augljóst er, að það verður mjög erfitt að framkvæma þessa nýju löggjöf við þá húsnæðisaðstöðu, sem þarna er. Þetta hefur hæstv. ráðh. vitað allan tímann. Ég ræddi um þetta við skólastjóra Kennaraskólans og spurði hann að því, hvort ekki væri hægt að ákveða áframhald á byggingarframkvæmdum vegna þessara fyrirhuguðu breytinga. Hann sagðist telja, að það væri fráleitt með öllu.

Í hinu nýja frv. er gert ráð fyrir því, að eðlilegur fjöldi í skólanum núna í upphafi verði 21 bekkjardeild. Það þarf sem sé 21 kennslustofu, ef aðeins á að verða einsett í skólann, eins og sjálfsagt er. En þær eru, eins og ég sagði áðan, níu. Skólastjóri Kennaraskólans reyndi að fá að hefja þessar framkvæmdir fyrr en hæstv. ráðh. hefur heimilað honum. Hann reyndi allt árið í fyrra að fá að nota fjárveitingu, sem var á fjárlögum ársins 1970, til þess að láta teikna viðbót við skólahúsið, en hæstv. ráðh. bannaði honum að láta teikna alveg fram undir árslok á síðasta ári. Skólastjóri Kennaraskólans sótti til Alþ. um 20 millj. kr. til byggingarframkvæmda, og hann sagði mér, að hann teldi, að slík fjárveiting mundi koma að fullum notum þegar í stað. Fjvn. fékk þessa umsókn frá skólanum ásamt bréfi frá hæstv. menntmrh., þar sem menntmrh. mælir með því, að á þessa ósk verði fallizt. Fjvn. gerði það ekki. En ég tók þessa till. upp hér á þingi. Ég flutti þessa till., sem hæstv. menntmrh. hafði mælt með, að tekin yrði upp, og ég óskaði eftir nafnakalli, og hæstv. ráðh. sagði **nei** við þeirri till., sem hann hafði áður mælt með. Vinnubrögð af þessu tagi eru náttúrlega fyrir neðan allar hellur, og því miður eru þau til marks um skipulagsleysið og sýndarmennskuna, sem einkennir allt of mikið framkvæmdir okkar í skólamálum og hefur valdið óhemjulegu tjóni á mörgum sviðum og Kennaraskólinn einmitt er mjög glöggt dæmi um. Vissulega þýðir ekki að vera að sakast allt of mikið um orðna hluti, og þess er að vænta, að sá þrýstingur, sem lagður hefur verið á þetta mál, bæði hér á þingi og utan þings og m. a. hjá nemendum skólans og kennurum í landinu, verði til þess, að nú verði ráðizt í framkvæmdir af fullum krafti á næsta sumri, eins og hæstv. ráðh. talaði um hér áðan.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að karpa við hv. þm. um byggingarmálefni Kennaraskólans. Hér er um mikilvægari og alvarlegri mál að ræða en svo, að rétt sé eða hyggilegt að gera það að kappsefni hér okkar í milli í fsp.-tíma. En ég stend upp til þess eins að veita örlitlar viðbótarupplýsingar við það, sem ég sagði í svari mínu við fsp. Ég tel rétt, að það komi fram, hvers vegna ríkisstj. flutti ekki á s. l. ári till. um sams konar breytingu á kennaranáminu og nú er flutt hér í heilsteyptu frv.-formi.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að í febrúarmánuði s. l., — ég ætla, að ég fari þar rétt með, — þá skilaði nefndin till. til ríkisstj. um bráðabirgðabreytingu á gildandi lögum um Kennaraskóla, þar sem gert var ráð fyrir því, að inntökuskilyrðum í Kennaraskólann yrði breytt, án þess þó að fullmótuð yrði sú stefna, sem ríkja ætti framvegis varðandi kennaraskólanám á háskólastigi. Breytingin var m. ö. o. um það að takmarka inngöngu í Kennaraskólann á s. l. hausti við stúdenta eina, án þess að nefndin hefði lokið tillögugerð sinni um það, hvernig háskólanámi þessara stúdenta og væntanlegra kennaraefna skyldi hagað. Mér var fullkomlega ljós sá vandi, sem Kennaraskólinn og kennaramenntunin var stödd í, en að vandlega athuguðu máli í ríkisstj. og

stjórnarflokkunum varð það niðurstaðan, að ekki væri rétt að efna til bráðabirgðabreytingar á kennaranáminu, þó að það væri að vissu leyti komið í óefni, sem ég skal sízt bera á móti, að átt hefur sér stað sökum þeirrar sprengiþróunar, sem hv. þm. nefndi svo, sem átt hefur sér stað í málefnum Kennaraskólans á undanförnum árum af ástæðum, sem ég er áður búinn að rekja.

Ég ræddi málið líka rækilega við kennarasamtökin, og þau reyndust á þeirri skoðun, að heppilegt væri að ljúka endurskoðun þeirri, sem yfir stóð á kennaramenntuninni, í stað þess að grípa til skyndibreytinga, án þess að vitað væri með vissu, hvert væri stefnt. Þetta var ástæðan til þess, að við fluttum ekki till. um bráðabirgðabreytingu á kennaraskólalöggjöfinni í marzmánuði í fyrra, þegar aðeins 1—2 mánuðir voru eftir af starfstíma þingsins. Ég lagði hins vegar sérstaka áherzlu á það við nefndina, að hún hefði lokið störfum nógu tímanlega, til þess að ég gæti lagt frv. fyrir í byrjun þessa þings. Það er kannske eitt með öðru til marks um, hversu flókin og vandasöm mál hér er um að ræða, að nefndin skipuð jafnágætum mönnum og hún er, gat ekki skilað till. fyrir þennan tíma. Það er ástæðan. Ekki ásaka ég hana. Mér er fullljóst, hversu flókið og vandasamt mál hér er um að ræða. Þetta er ástæðan fyrir því, að ríkisstj. hefur ekki getað flutt þetta mál fyrr en nú, eftir að þingið kemur saman aftur að loknu jólaleyfi, en einmitt vegna þess, að málið hefur verið þrautrætt síðan í nefndinni og í kennarasamtökunum og að fjölmörgum þm. hefur verið kunnugt meginefni þess, þá vona ég, að það takist að afgreiða málið á þeim tíma, sem eftir er þessa þings. Á það legg ég megináherzlu, að það takist, og vona sem sagt, að þar sem þetta mál er rækilega undirbúið, verði þinginu kleift að afgreiða málið, þó að stórt sé, á nokkrum mánuðum. En sannleikurinn er sá, að það hefur t. d. tekið langan tíma að móta samræmda afstöðu til þess, hvort kennaraháskólanámið eigi að taka tvö eða þrjú ár. Um það hafa verið skiptar skoðanir til tiltölulega skamms tíma. Ég veit ekki einu sinni, hvort fullkomin eining er orðin um þetta mál enn, t. d. innan kennarastéttarinnar. En í nefndinni varð niðurstaðan sú, að kennaraháskólanámið skyldi skipulagt sem þriggja ára nám og ríkisstj. hefur gert þá stefnu nefndarinnar að sinni. Þess vegna er frv. eins og það er.

Auðvitað hefur Kennaraskólinn yfir meira húsnæði að ráða en nýju byggingunni. Það hefur þurft að notast við fleiri byggingar en hana eina, og það hefur tekizt, þó að vissulega hefði þurft að vera miklu rýmra um bæði kennara og nemendur en tekizt hefur, en vonandi á það nú að geta staðið til bóta. Hitt ítreka ég, að það er ekki eðlilegt, að endanlegar ákvarðanir hafi verið teknar undanfarin 2—3 ár um framtíðarhúsnæði Kennaraskólans, eftir að komin var upp sú hugmynd að gerbreyta öllu kennaraskólanáminu og gera á því svo stórkostlega breytingu að breyta því úr framhaldsskólanámi, úr menntaskólanámi á sérsviði í háskólanám. Þar er um að ræða stórkostlega stökkbreytingu, og það hefði verið fullkomið ábyrgðarleysi að taka endanlegar ákvarðanir um það, yfir hvers konar kennsluhúsnæði Kennaraskólinn skyldi hafa að ráða, fyrr en stefna hefði verið mörkuð í þessu máli. Og það vildi ég staðhæfa, að varðandi þá stefnumörkun hefur ekki staðið á ríkisstj. Þetta segi ég skýrt og undirstrika.

Um stefnumörkunina í menntunarmálum kennarastéttarinnar hefur ekki staðið á ríkisstj., heldur á því, að samræmd tillögugerð hafi fengizt af hálfu sérfróðra manna og af hálfu þeirra manna, sem láta sig kennaramenntunina mestu varða. Það þarf enginn að vera hissa á því, sem þekkir til endurskoðunar löggjafar um skólamál hér og erlendis, þó að það taki 3—4—5 ár að marka samræmda og skynsamlega lokastefnu í jafngeysilegu vandamáli og það er, hvernig kennaramenntun landsins skuli hagað. Ég þekki ekkert dæmi þess, að undirbúningur þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið eða er verið að gera í kennaramenntunarmálum nálægra landa, hafi tekið skemmri tíma en 3—5 ár. Norðmenn eru t. d. núna að endurskoða löggjöf sína um kennaramenntun. Ég held, að ég fari með rétt mál, að samning frv. um það efni hafi tekið ein þrjú ár. Það var lagt fyrir Stórþingið árið 1968 og hefur ekki verið afgreitt enn. Það eru m. ö. o. 4—5 ár síðan endurskoðun þess máls í Noregi hófst og er ekki lokið enn. Þess vegna held ég, að enginn þurfi að vera hissa á því, þó að það hafi þurft að taka nokkur ár hér að mynda sér skynsamlega og rökstudda stefnu í þessum málum, en meðan mál eins og þetta eru á döfinni, er auðvitað ekkert vit í því að taka endanlegar ákvarðanir um byggingarmál. Hitt þarf að koma á undan, eins og ég sagði í svari mínu. Þegar stefnan hefur svo verið mörkuð, þá treysti ég því, að fjárveitingavaldið fallist á að veita það fé, sem nauðsynlegt er til þess, að hægt sé að halda þessari menntun uppi, svo að sómasamlegt sé.

Varðandi það, að ég hafi bannað skólastjóranum að láta teikna byggingar á s. l. ári, er það að segja, að það er rétt, að skólastjórinn orðaði þá hugmynd í menntmrn., hvort ekki væri rétt að láta hefja teikningar. En ég veit ekki betur en orðið hafi fullkomið samkomulag um það, að það væri ekki tímabært fyrr en betur sæi fyrir endann á því, hvaða stefna yrði ofan á í kennaraskólamálinu. Þegar síðan skólastjórinn óskaði eftir því í lok ársins, að undirbúningur yrði hafinn undir byggingar með hliðsjón — þetta legg ég áherzlu á — með hliðsjón af þeirri stefnu, sem þá var nokkurn veginn talið víst, að mundi verða ofan á um menntunarmálin sjálf, þá féllst ég á það, að þessi undirbúningur hæfist. Og sá undirbúningur, sem nú er í gangi, — og það vona ég, að hv. Alþ. hafi ekki við að athuga, — er að verulegu leyti gerður í trausti þess, að það frv., sem hér hefur verið lagt fram, nái samþykki á þessu Alþ. Allur undirbúningur, sem miðaður er við gömlu kennaraskólalöggjöfina, yrði út í hött og verri en gagnslaus. Þar væri verið að fleygja peningum og vinna að hugmyndum, sem aldrei mundu koma til framkvæmda. Ég segi þetta til frekari skýringa á því, sem ég sagði í svari mínu við fsp. hv. þm.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Málefni Kennaraskólans eru hv. þm. að verulegu leyti kunn, hygg ég, eftir þær umr., sem hér hafa fram farið, ekki sízt í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár og svo jafnframt vegna þess, að samtök kennara og kennaraskólanemenda hafa sent öllum hv. þm. áskorun um að víkjast nú vel við þeirra máli. Þess vegna er það fyrst og fremst tvennt, sem kemur mér a. m. k. á óvart í því svari, sem hæstv. menntmrh. hefur gefið hér við fsp. þeirri, sem á dagskrá er. Það er annars vegar sú stað-

hæfing, að þegar skólinn var byggður og tekinn í notkun 1958, þá hafi almennt verið við því búizt, að hann mundi duga um langt skeið eins og hann var þá byggður. Það hygg ég, að hæstv. ráðh. hafi sagt, um nokkurt skeið, kann að vera. Ég hef nú skrifað hér langt skeið, en ég efast ekki um, að ráðh. hefur sagt nokkurt skeið. Það eru hvort tveggja teygjanleg hugtök. En í því upplýsingabréfi, sem samtök kennara og nemenda sendu þm., segir, og það hygg ég vera rétt:

„Svo sem yður má vera kunnugt, hófust framkvæmdir við 1. áfanga hins nýja húsnæðis Kennaraskólans við Stakkahlíð sumarið 1958 samkv. teikningu, er hlutaðeigandi yfirvöld höfðu samþykkt þá um vorið. Byggingu þessa áfanga er ekki enn að fullu lokið. En hann svaraði til tæps helmings þess húsnæðis, er ráð var fyrir gert samkv. teikningu og reist skyldi í fyrstu atrennu. Í þessum áfanga eru m. a. átta almennar kennslustofur auk einnar sérkennslustofu, bókasafn, kennarastofa og vinnuherbergi fyrir kennara, en fullgert var húsið áætlað fyrir 250—300 nemendur."

En það átti að byggja meira en þetta samkv. upphaflegu áætluninni. Um það segir hér:

„Í þeim hluta, sem geymdur var, skyldi verða um helmingur alls kennslurýmis hússins, þ. á m. sérkennslustofur í raungreinum, setustofa nemenda, matsalur með nauðsynlegum búnaði, tækjum og öðru, hátíðasalur með leiksviði sem og starfsaðstaða fyrir námsflokka. Einnig var gert ráð fyrir heimavistum, fimleikasölum, kennslusundlaug og knattvelli á lóð skólans."

Ég hygg, þegar þetta er athugað, að það, sem hæstv. menntmrh. átti við í svari sínu, sé það, að húsið fullbyggt, eins og ráðgert var á þessum árum, mundi duga um nokkra framtíð. Það er vafalaust rétt. En við verðum bara að hafa það í huga, að af þeirri áætlun var ekki og hefur ekki enn verið byggt nema helmingur, svo að ég held þess vegna, að það hafi verið alveg óþarfur kvíðbogi, sem hæstv. menntmrh. virðist hafa borið í brjósti fyrir því, að hann yrði sakaður um að fara gáleysislega með fé skattborgaranna, þó að hann byggði kennaraskólahúsið að fullu, eins og til stóð á þessum árum. Ég get ekki ímyndað mér, að nokkur maður hefði hallmælt honum fyrir eða láð honum það. Þvert á móti er yfirvöldunum og hæstv. ríkisstj. nú legið á hálsi fyrir að hafa ekki gert þetta. Og ég hygg, að það verði þeir við að búa.

Ég held, að það geti tæpast verið hugsun hæstv. ríkisstj., að í næstu framtíð verði 250 nemendur í Kennaraskólanum, hvort sem hann heitir nú háskóli eða eitthvað annað. Auðvitað verður þessi skólastofnun að miðast við þörfina í landinu á hverjum tíma fyrir það fólk, sem hún sérmenntar. Ég hef ekki séð þá áætlun, sem hæstv. ráðh. segir nú, að liggi fyrir um kennaraþörf á næstu árum og áratugum. En ég held, að hún hljóti þó að vera hærri en þessi tala, 250—300 nemendur, sem núverandi húsnæði rúmar. En hvort sem sú tala væri rétt eða ekki, þá er þó margt þarna óbyggt og búið að vera óbyggt, ja, síðan 1944, er fyrst var farið að gera áætlun um byggingu nýs kennaraskóla.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að kennslan hefur farið víðar fram en í kennaraskólahúsnæðinu. Þó það nú væri. Þarna hefur 920 nemendum verið kennt í húsnæði, sem tekur 250. En hvernig hefur sú kennsla farið fram? Hún hefur farið þannig fram samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef vitnað til, að kennt hefur verið á ekki færri en 10 stöðum utan skólahússins við Stakkahlíð, og þá er æfingakennslan ekki meðtalin. Hún fer fram í 25 skólum, og margir eiga þó eftir að bætast við, þegar á veturinn líður, segir hér í þessu bréfi.

Nei, ég held, að hvernig sem þetta mál er skoðað, þá verði aldrei fram hjá þeirri staðreynd komizt, að það hefur verið allt of hægt farið í byggingar Kennaraskólans, og þær áætlanir, sem upphaflega voru gerðar, hafa ekki staðizt. Sú breyting er nýtilkomin, sem nú er höfð sem forsenda fyrir því, að þessar byggingar voru ekki byggðar. Það er búið að tala um kennaraháskóla í 2—3 ár, en þessar byggingar áttu að vera tilbúnar fyrir a. m. k. 10 árum.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég fer aðeins fram á að fá að gera aths. við þau ummæli hæstv. ráðh., að það hafi verið eitthvert lauslegt umtal hjá skólastjóra Kennaraskólans að fá að teikna. Ég hef hér í höndum ljósrit af bréfi frá skólastjóra Kennaraskólans, sem hann skrifaði menntmrn. 19. nóv. 1970, og í því segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur leyfi ég mér að minna á það, að jafnskjótt og kunnugt varð um fullar líkur á fjárveitingu þessari (þ. e. 5 millj. þær, sem veittar voru á fjárlögum 1970), hóf ég viðræður við rn. um leyfi til þess að láta teikna áfangann. Í framhaldi af þeim umr. skilaði ég grg. minni til byggingardeildar rn. 17. nóv. 1969, átti fundi með forstöðumanni byggingardeildarinnar og skilaði sundurliðaðri áætlun skólans um kennslustundafjölda í einstökum námsgreinum 8. jan. 1970. Forstöðumaður byggingardeildarinnar gerði á þessum forsendum skýrslu um málið og yfirlit um húsnæðisþörfina til ráðuneytisstjóra Birgis Thorlacius, dags. 18. febr. 1970. Ráðuneytisstjórinn fól mér að gera grein fyrir óskum skólans um æskileg og skynsamleg áfangaskil þessara framkvæmda, og gerði ég það í till. minni til fjárlaga fyrir árið 1971. Loks endurtók ég beiðni mína um leyfi til að láta hefja teikningar í bréfinu til rn. 28. okt. s. l. Enn beiðist ég þess, að rn. láti gera eða veiti leyfi til að gerðir verði uppdrættir að viðbótarbyggingu við kennaraskólahúsið við Stakkahlíð og íþróttahúsi fyrir skólana báða, Kennaraskólann og æfingaskólann, og sé þá stuðzt við þá undirbúningsvinnu, sem byggingardeildin hefur þegar látið í té, og till. mínar til rn. um fjárlög fyrir árið 1971."

Eins og sést af þessu bréfi, hefur skólastjóri skólans farið fram á það í heilt ár við hæstv. ráðh. að fá að ráðast í teikningar að skólanum, en verið bannað það. Honum var ekki leyft að ráðast í teikningar, fyrr en eftir að þetta bréf var skrifað. Ég geri ráð fyrir, að sumir hv. þm. muni eftir því, þegar hæstv. ráðh. skaut því fram úr sæti sínu hér í desembermánuði, að nú hefði leyfið verið veitt.

Skólastjóri Kennaraskólans taldi fært að ráðast í þennan áfanga, enda þótt hann vissi fullvel, hvaða breytingar voru fyrirhugaðar á skólanum. Sé hér um að ræða einhverjar ábyrgðarlausar till., eins og hæstv. ráðh. var að tala um, þá er ásökuninni um ábyrgðarleysi beint gegn skólastjóra Kennaraskólans og þeim mönnum, sem mestan áhuga hafa haft á því, að byggingarmál skólans næðu fram að ganga.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal alls ekki misnota þann rétt, sem ég mun eiga að hafa til þess að tala hér lengur og oftar en hv. fyrirspyrjandi, en aðeins láta örfáar setningar duga, ekki lengri tíma en hann notaði sjálfur.

Þetta, sem hann sagði núna, staðfestir nákvæmlega það, sem ég upplýsti til viðbótar í síðara svari mínu. Það er rétt, að skólastjóri Kennaraskólans skrifaði menntmrn. einhvern tíma — dagsetninguna man ég ekki — snemma á árinu 1970 og fór fram á leyfi til byggingar. (**MK:** 1969.) Já, eða öðru hvoru megin við áramótin 1969—1970. Þetta varð, eins og kom fram í ummælum hv. þm., tilefni til viðræðna milli hans og byggingardeildarinnar og milli hans og rn., viðræðna, sem ég tók einnig þátt í. Ég leit þannig á, að niðurstaða þeirra hefði orðið sú, — ég skal ekki taka sterkara til orða en það, — að ekki væri óskynsamlegt að leggja megináherzlu á að ljúka fyrst nefndarstörfunum um kennaramenntunina, til þess að allir vissu nákvæmlega, hver stefnan skyldi vera í þeim málum, og taka síðan ákvarðanir á næsta hausti um það, við hvað skyldi miða undirbúning að áframhaldandi byggingum. Þegar síðan skólastjórinn skrifaði mér það bréf, sem hv. þm. vitnaði í líka með ákveðinni dagsetningu, þá svaraði ég: Heimilið þetta strax. Dagsetningin var einhvern tíma í nóv. Ég sagði fyrst í svari mínu, að 27. nóv. hafi verið rætt við ákveðna arkitekta og þeim falið að vinna að teikningum, og rétt áður hafði ég ákveðið að skipa byggingarnefnd, og hún er skipuð mánuði síðar eða fyrir árslok 1970. Einmitt þær viðræður, sem höfðu átt sér stað á milli skólastjóra Kennaraskólans og rn. á árinu 1970, leiddu til þess, að nú er skipuð byggingarnefnd. Arkitektum hefur verið falið að vinna, en þeir vinna núna á grundvelli kennaraháskólafrv., en ekki hinnar gömlu kennaraskólalöggjafar, eins og tvímælalaust er líka skynsamlegt að gera.

Ég get því ekki fallizt á, að í raun og veru hafi staðið upp á rn. Ef dráttur verður á málum, þá er ráðh. og rn. gjarnan kennt um, jafnvel þó að drátturinn sé því einu að kenna, eigi þá einu skýringu, að málið er flókið og vandmeðfarið og tekur sinn tíma að finna því skynsamlega lausn. Ég verð að taka því eins og aðrir stjórnmálamenn að bera ábyrgðina á því, að ekki tekst alltaf að vinna jafnhratt að vandasömum málum eins og æskilegt er, og ég tek þá ábyrgð á mig.

44. Bygging verkamannabústaða.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til félmrh. um byggingu verkamannabústaða [166. mál, 4] (A. 213).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Á þskj. 213 hef ég borið fram fsp., sem beint er til hæstv. félmrh., um framkvæmd varðandi byggingu verkamannabústaða. Fsp. er í mörgum liðum, sem allir lúta að því að fá upplýsingar um, hvernig hafi tekizt til um framkvæmd á þeim kafla húsnæðismálalöggjafarinnar nýju, sem fjallar um byggingu verkamannabústaða. Og þá er um miklu fleira spurt heldur en það, sem rn. hefur sjálft á sinni framkvæmdakönnu.

„1. Hve margar sveitarstjórnir og hverjar hafa tilkynnt félmrn. um áform sín um byggingu verkamannabústaða á árinu 1971?

2. Í hvaða sveitarfélögum — og hverjum — hefur félmrh. þegar skipað stjórn verkamannabústaða skv. 15. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins?

3. Frá hvaða sveitarfélögum hefur rn. þegar borizt rökstudd greinargerð um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða skv. 16. gr. laganna?

4. Hvaða sveitarstjórnir hafa þegar lokið byggingaáætlun skv. 19. gr.?

5. Hve margar byggingaáætlanir hafa þegar hlotið staðfestingu sveitarstjórna og húsnæðismálastjórnar, — en svo er fyrir mælt í lögunum, — svo að byggingarframkvæmdir geti hafizt, sbr. 20. gr.?

6. Hvaða sveitarfélög hafa þegar samþykkt að hefja byggingu verkamannabústaða, og hvaða fjárupphæð hafa þau ákveðið á íbúa, sbr. ákvæði 20. gr. um lágmarks- og hámarksframlög? — Sveitarfélögin eiga val um það að ákveða miðað við íbúa frá 200—400 kr. á ári til þessara framkvæmda. Þarna geta þau ákveðið, hvort þau eru í lágmarki eða hámarki eða þar einhvers staðar á milli, og eru það m. a. forsendur þess, að hægt sé að hefjast handa.

7. Hvaða sveitarfélög hafa þegar greitt framlög sín til Byggingarsjóðs verkamanna árið 1970, og hve mikið fé er það samanlagt? — En mótframlag ríkisins veltur nokkuð á því.

8. Hve margar íbúðir verkamannabústaða verða byggðar á árinu 1971 samkvæmt þeim tilkynningum, sem félmrn. hafa borizt?

9. Hve mörg lán hafa þegar verið veitt skv. ákvæðum 22. greinar laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins?“

Hér er mjög vikið að því, hvaða undirbúning þessi mál verða að fá, til þess að framkvæmdir geti hafizt. Þar veltur mjög á, að sveitarfélögin hafi ekki sofið í málinu. Ég er afskaplega hræddur um, að sú hlið málsins, sem er í höndum sveitarfélaganna, sé allt of stutt á veg komin. En ég bíð nú svars hæstv. ráðh. um það.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessar fsp. eru nú í allmörgum liðum, en ég skal taka liðina fyrir eins og þeir eru fram bornir á þskj. 213. Aðeins vil ég í upphafi minna á, að lögin um húsnæðismálastjórn og þar með kaflinn um verkamannabústaðina voru samþ. fyrir aðeins hálfu ári síðan og krefjast allmikils undirbúnings, svo að það er ekki að undra, þó að ýmislegt skorti enn á, að lögin séu komin í fulla framkvæmd.

Fyrsta spurningin er svo hljóðandi:

„Hve margar sveitarstjórnir og hverjar hafa tilkynnt félmrn. um áform sín um byggingu verkamannabústaða á árinu 1971?“

Sveitarstjórnir eftirtalinna 13 sveitarfélaga hafa til-

kynnt félmrn., að þær hafi ákveðið að kanna möguleika á byggingu verkamannabústaða samkv. lögum nr. 30 12. maí 1970: Akranes, Súðavíkurhreppur, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Vestmannaeyjar, Kópavogur, Keflavík, Hafnarfjörður, Búðahreppur, Höfðahreppur og Hólshreppur.

Önnur spurningin er:

„Í hvaða sveitarfélögum — og hverjum — hefur félmrh. þegar skipað stjórn verkamannabústaða skv. 15. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins?"

Félmrh. hefur nú þegar skipað stjórn verkamannabústaða í eftirtöldum þremur sveitarfélögum: Sauðárkrókskaupstað, Siglufjarðarkaupstað og Neskaupstað.

Þriðja spurningin er:

„Frá hvaða sveitarfélögum hefur rn. þegar borizt rökstudd grg. um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða skv. 16. gr. laganna?"

Samkv. 16.—19. gr. laganna nr. 30 1970 er ekki gert ráð fyrir, að rn. séu sendar rökstuddar grg. um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða. Slíkar grg. skal hins vegar senda húsnæðismálastjórn. Húsnæðismálastjórn hefur aðeins móttekið eina slíka grg., og sú grg. er frá Sauðárkrókskaupstað.

Fjórða spurning:

„Hvaða sveitarstjórnir hafa þegar lokið byggingaráætlun skv. 19. gr.?"

Aðeins ein sveitarstjórn hefur lokið byggingaáætlun, en það er bæjarstjórnin á Sauðárkróki.

Fimmta spurning:

„Hve margar byggingaáætlanir hafa þegar hlotið staðfestingu sveitarstjórna og húsnæðismálastjórnar, svo að byggingarframkvæmdir geti hafizt, sbr. 20. gr.?"

Aðeins byggingaáætlunin á Sauðárkróki.

Í sjötta lagi er spurt:

„Hvaða sveitarfélög hafa þegar samþ. að hefja byggingu verkamannabústaða, og hvaða fjárupphæð hafa þau ákveðið á íbúa, sbr. ákvæði 20. gr. um lágmarks- og hámarksframlög?"

Sauðárkrókskaupstaður er eina sveitarfélagið, sem hefur samþykkt að hefja byggingu verkamannabústaða. Framlag kaupstaðarins hefur verið ákveðið 400 kr. á íbúa.

Í sjöunda lagi er spurt:

„Hvaða sveitarfélög hafa þegar greitt framlög sín til Byggingarsjóðs verkamanna árið 1970, og hve mikið fé er það samanlagt?"

Ekkert sveitarfélag hefur enn greitt framlag til Byggingarsjóðs verkamanna samkv. lögum nr. 30 12. maí 1970. Þessa árs framlag Sauðárkrókskaupstaðar til sjóðsins greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga af framlagi þess sjóðs til kaupstaðarins fyrir 31. des. 1970, svo sem fyrir er mælt í 20. gr. laganna.

Í áttunda lagi er spurt:

„Hve margar íbúðir verkamannabústaða verða byggðar á árinu 1971 samkv. þeim tilkynningum, sem félmrn. hafa borizt?"

Kunnugt er um 11 íbúðir á árinu 1971.

Í níunda lagi er spurt:

„Hve mörg lán hafa þegar verið veitt samkv. ákvæðum 22. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins?"

Engin lán hafa enn verið veitt úr Byggingarsjóði verkamanna samkv. lögum nr. 30 1970. Hins vegar hefur Sauðárkrókskaupstað verið veitt framkvæmdalán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingarframkvæmdanna, sbr. 2. mgr. a-liðar 8. gr. laganna. Lán þetta verður endurgreitt Byggingarsjóði ríkisins, þegar lánveitingar hefjast úr Byggingarsjóði verkamanna samkv. lögunum.

Eins og ég gat um í upphafi, eru lögin aðeins hálfs árs gömul og krefjast mikils undirbúnings, og þess vegna er ekki óeðlilegt, þó að þetta sé ekki komið langt á veg. En eins og ég gat um í svarinu við fyrstu spurningunni, eru þegar 13 sveitarfélög, sem hafa tilkynnt, að þau hafi ákveðið að kanna möguleikana, og eru, eftir því sem ég veit bezt, flest og kannske öll á góðum vegi með þann undirbúning, sem nauðsynlegur er til þess að koma þessu máli á framfæri. Og vænti ég, að þetta sé fullnægjandi svar við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. hans svör, sem voru undandráttarlaus og afdráttarlaus, eins og efni stóðu til.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að lögin eru aðeins hálfs árs gömul, því að síðan þessi lagasetning fékk staðfestingu á Alþ. er ekki liðið nema hálft ár. Ég verð þó að segja það, að ekki hafa sveitarfélögin brugðizt skjótt og hart við til þess að framkvæma lögin, því að sýnt er, að ef enginn undirbúningur af þeirra hendi er nú fullnaður og kláraður, þá verður komið alllangt fram á árið 1971, þegar þau verða tilbúin að öllu leyti til þess að nota okkar skamma framkvæmdatíma. Ég er því afar hræddur um það, að eins og nú horfir, hilli lítið undir byggingu verkamannabústaða á árinu 1971, því miður. Færi betur, að það væri af þeirri ástæðu, að hvergi væri þörf á slíkum byggingum, húsnæðismálaástandið væri svo gott, að þess þyrfti ekki með. En það er mér og hv. þm. fullkunnugt um, að víða væri full þörf á því að nota kaflann um byggingu verkamannabústaða og hafa byggingar í gangi á komandi ári.

Það eru ein 13 sveitarfélög, sem hafa tilkynnt félmrn. um áform sín um byggingu verkamannabústaða, og aðeins þrjú sveitarfélög, sem þegar hafa skipað stjórn verkamannabústaða. Það hefði þó átt að vera hægt að koma því í verk á sex mánuðum. Þetta er ekki sök félmrn., engan veginn. En þetta sýnir, að sveitarstjórnirnar bregðast ekki vel við þessu máli.

Ég var afar hræddur um það á s. l. vetri, þegar við vorum að samþykkja hina nýju húsnæðismálalöggjöf, að það væri háskalegt, væri misráðið að fella niður hlutverk byggingarfélaga verkamanna úti um landið. Ég taldi þeim málum betur borgið á félagslegum grundvelli fólksins sjálfs heldur en sveitarstjórnarmannanna, sem jafnframt ættu að taka ákvarðanir um fjárframlögin til byggingarframkvæmdanna. Og ég er afar hræddur um, að það eigi eftir að sýna sig, að þetta var ekki að öllu leyti vel ráðið. Ég held, að það væri ástæða til þess að leyfa byggingarfélögunum að starfa áfram, a. m. k. þangað til hin nýja löggjöf er komin til framkvæmda. Nú skulu byggingarfélög verkamanna hætta störfum, þegar þau hafa lokið þeim byggingarframkvæmdum, sem þau höfðu hafið. En á félagaskrá byggingarfélaganna eru tugir, ef ekki hundruð, sjálfsagt hundruð manna, sem hafa vænzt þess að fá byggt yfir sig á vegum síns byggingarfélags, en núna er byggingarfélagið leyst upp, áður en að þessum mönnum kemur, og þeir verða nú að eiga sitt undir því, hvaða

ákvarðanir sveitarstjórnin tekur, eftir að félagið hefur verið lagt niður.

Að fengnum þessum svörum, að það sé ein og ein sveitarstjórn, sem hefur komið í verk mörgum framkvæmdaatriðum, sem nauðsynleg eru áður en til lánveitingar getur komið, eitt og eitt sveitarfélag eða ein og ein sveitarstjórn, sem er þannig á vegi stödd, en allar hinar eiga sitt ógert, sem þarf til að byggingarframkvæmdir geti hafizt, þá er ég nokkurn veginn sannfærður um, að það væri rétt að breyta lögunum nú til bráðabirgða og heimila byggingarfélögunum að starfa, þangað til sveitarstjórnirnar hafa tekið við sér, þannig að lögin verði framkvæmd.

Þetta eru engan veginn ásakanir í garð hæstv. félmrh. Hann bara skýrði frá, hvernig þessi mál stæðu, og hans hlutverk gat ekki annað verið á þessari stundu, en mér sýnist allbáglega horfa um, að það verði mikið um framkvæmdir við byggingu verkamannabústaða á því herrans ári 1971, og uggir mig þó, að það kunni eins að fara á árinu 1972, að ekki verði öll sveitarfélög búin að koma málunum þá á framkvæmdastig, því miður.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi veittist nokkuð að sveitarstjórnarmönnum í sambandi við fsp. sína og taldi, að þeir mundu ekki vilja nýta þá möguleika, sem þessi lög veita. Sem einn sveitarstjórnarmanna, sem á hér sæti á Alþ., þá vildi ég aðeins koma fram með nokkra skýringu, sem ég held, að hv. fyrirspyrjandi geri sér ekki grein fyrir.

Eins og hæstv. félmrh. réttilega benti á, eru lögin aðeins sex mánaða gömul og voru gefin út 12. maí s. l., ef ég man rétt. Þá höfðu allar sveitarstjórnir gengið frá sínum fjárhagsáætlunum, og er því ekki að vænta, að þær geti raunverulega tekið endanlega afstöðu til þess, hvað þær vilja leggja mikið fjármagn fram til byggingar verkamannabústaða, fyrr en þær hafa nú um þessi áramót samið sína fjárhagsáætlun. Ég held, að ekki muni reyna á afstöðu sveitarstjórnanna fyrr en á næsta ári, þegar fyrir liggur, að þær hafa samið sína fjárhagsáætlun og komið er í ljós, hve miklu fjármagni þær vilja verja til þessa málaflokks. Auðvitað byggist þetta allt á því, hve mikið fjármagn hver sveitarstjórn telur sig geta lagt af mörkum til byggingar verkamannabústaða, þar sem lögin gera ráð fyrir, að þeim beri að leggja þar ákveðinn hluta fram á móti framlagi ríkisins. Mér er kunnugt um það, að sú sveitarstjórn, sem ég á sæti í, hefur rætt þetta mál á fundum sínum á undanförnum mánuðum og hefur tekið ákvörðun um það að leggja fram fé af sinni hendi og skipa menn í stjórn verkamannabústaða, og ég hélt nú satt að segja, að húsnæðismálastjórn væri einnig búin að því. Það kemur nú fram, að svo er ekki, en ég veit, að það mál hefur verið til umræðu hjá húsnæðismálastjórn, og er þess að vænta, að full skipan verði komin á þessi mál, þegar sveitarstjórnir þurfa að ákveða í sambandi við fjárhagsáætlun fyrir árið 1971, hve mikið fjármagn þær leggja fram.

Mér finnst, að þessi fsp. sé óvenjulega fljótt fram borin og það sé ekki hægt að vænta þess, að árangurinn af samþykkt laganna frá því í maí í vor komi fram fyrr en eftir að sveitarstjórnir hafa samið sínar fjárhagsáætlanir fyrir árið 1971 og þær liggja fyrir.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 26. jan., var fsp. tekin til frh. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ef ég man rétt, þá höfðu nú einhverjir kvatt sér hljóðs við fyrri umr. þessa máls eða þegar fyrst var svarað þessari fsp., en ég get gjarnan sagt hér nokkur orð út af þeim aths., sem fram komu, eftir að ég hafði flutt mitt svar. Og þá er það fyrst og fremst ein aths., sem hv. 9. þm. Reykv., fyrirspyrjandi þessa máls, flutti.

Hann dró það í efa, að þessi háttur, sem nú er hafður á byggingu verkamannabústaða, að láta sveitarfélögin taka að sér framkvæmdina en ekki félög, eins og áður hafði verið, mundi verða til gagns fyrir þessa byggingarstarfsemi, og hann vildi draga það í efa, að sveitarfélögin yrðu jafnfljót til starfa eins og félögin ættu að vera og hefðu verið. Ég skal nú ekki ræða um þetta ítarlega, en aðeins segja það, að þegar ég flutti mitt svar, — ég held, að það hafi verið í nóvembermánuði árið sem leið, — þá höfðu aðeins 13 sveitarfélög tilkynnt félmrn., að þau hefðu ákveðið að kanna möguleika á byggingu verkamannabústaða samkv. hinum nýju lögum, og voru þessi sveitarfélög nefnd í því sambandi. En þar hafði ég þá aths. að gera og hef enn, að þá var ekki liðið nema tæpt hálft ár síðan lögin tóku gildi og ekki ástæða til þess að ætla, að fleiri kæmu svona undir eins til þess að tilkynna sínar framkvæmdir.

Nú eru að vísu liðnir frá því að ég birti þetta svar u. þ. b. tveir mánuðir eða rúmlega það. En síðan hafa 9 sveitarfélög til viðbótar þessum 13 tilkynnt, að þau hafi þessi áform á prjónunum. Þessi sveitarfélög eru Borgarnes, Eyrarhreppur, Höfn í Hornafirði, Ísafjörður, Patreksfjörður, Reykjavík, Suðurfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Súgandafjörður, og veit ég þó um nokkur fleiri sveitarfélög, sem eru að athuga málið. Og enn er ekki liðið ár frá því að þessi nýju lög voru samþ. og komu í gagnið.

Ef þetta er nú borið saman við framkvæmdirnar, sem urðu, eftir að gömlu lögin um verkamannabústaði voru samþ. 1929, þá var flýtirinn í framkvæmdum hjá félögunum ekki meiri en það, að á 11 árum, frá 1929—1940, eru stofnuð og tilkynnt 11 félög til byggingar verkamannabústaða. M. ö. o., í 11 ár koma samtals 11 félög eða eitt félag á ári fyrstu árin eftir að þessi verkamannabústaðalög tóku gildi. Nú á fyrsta árinu, sem hin nýja löggjöf kemur til framkvæmda, eru komin hér 22 sveitarfélög á rúmu hálfu ári eða tæpu ári. Það eru kannske liðnir 7—8 mánuðir frá því, að lögin tóku gildi, og þangað til sum þessi sveitarfélög hafa tilkynnt sína þátttöku. Þetta get ég á engan hátt tekið sem bendingu um það, að þetta fyrirkomulag sé eitthvað veikara eða takmarkaðra heldur en hitt, og síður en svo, alveg þvert á móti.

Þetta vildi ég aðeins taka fram, til þess að menn færu ekki í neinar grafgötur um það, hvernig framkvæmd þessa máls hefur verið, og gætu gjarnan borið það saman við framkvæmd málsins á árunum 1929—1940, þegar aðeins 11 félög tilkynntu framkvæmdir í málinu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hafði á sínum tíma á s. l. hausti borið fram fsp. til félmrh. um byggingu verkamannabústaða, og sú fsp. var í níu liðum. Þar var komið máli, að hæstv. félmrh. hafði gefið svör við fsp. eins og málið blasti við þá. En það er rétt, að þá voru ekki nema rúmlega sex mánuðir liðnir frá því, að hin nýja löggjöf tók gildi. En svörin, sem hæstv. ráðh. gaf þá, voru sannarlega ekki uppörvandi að því er snerti þá niðurstöðu, sem þá lá fyrir. Það var aðeins eitt sveitarfélag á landinu, sem var komið nokkuð á rekspöl með að undirbúa byggingu verkamannabústaða, Sauðárkróksbær, ef ég man rétt. Er það ekki rétt? (**Utanrrh.:** Var komið út í framkvæmdir.) Var búið að inna af hendi formsatriði laganna, þannig að orðið gæti af byggingu verkamannabústaða á árinu 1971. Er það ekki rétt? Jú, það er rétt. Það var nú ekki beysnara en það. Og þá dró ég þá ályktun, að það liti út fyrir, að það hefði verið misráðið að afnema hinn félagslega þátt í sambandi við byggingu verkamannabústaða, þ. e. að leggja byggingarfélög verkamanna niður. Og ég er raunar þeirrar skoðunar enn, að hvað sem verður nú um framkvæmdir við byggingu verkamannabústaða á næsta ári, þá sé það miður farið, að byggingarfélög verkamanna voru afnumin með lögunum, þegar þau hefðu lokið þeim byggingum, sem þau höfðu byrjað á. Ég tel, að það hefði verið eðlilegra að gefa þeim líf og ætla þeim verkefni, a. m. k. meðan þau voru að byggja yfir það fólk, sem hafði verið árum saman á biðskrá hjá þeim og ekki fengið fullnægt sínum húsnæðismálum samkv. þessari löggjöf.

Nú gleður það mig að heyra, að það séu 22 sveitarfélög, sem eru komin það langt, að þau hafa tilkynnt félmrn. um áform sín um byggingarframkvæmdir á árinu 1971, og í annan stað hafa þegar skipað stjórn verkamannabústaða samkv. 15. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þetta er fyrsti undirbúningur, fyrstu viðbrögð frá hendi sveitarfélaganna til undirbúnings því, að þau gætu orðið aðnjótandi stuðnings laganna.

Nú er ég ekki viss um það, og það er kannske ekki alveg sanngjarnt að fara fram á það, að hæstv. ráðh. hafi svör á reiðum höndum um það, hvernig málin standa nú varðandi allar þær spurningar, sem hérna voru til umr. En samt langar mig nú til að spyrja frekar, af því að svona langt er um liðið og þm. sjálfsagt úr fersku minni, hvers spurt var og hvernig svörin voru þá. Ég vil þá halda áfram, eftir að við höfum fengið þá vitneskju, að nú séu 22 sveitarfélög búin að tilkynna svona fyrsta undirbúning sinn til framkvæmda. Nú endurtek ég spurningar og veit ekki, hvort hæstv. ráðh. er viðbúinn að svara: Hvaða sveitarstjórnir hafa þegar lokið byggingaáætlun? Eru þær ekki eitthvað færri en 22? Hve margar byggingaáætlanir hafa þegar hlotið staðfestingu sveitarstjórna og húsnæðismálastjórnar, svo að byggingarframkvæmdir geti hafizt samkv. 20. gr.? Hvaða sveitarfélög hafa þegar samþykkt að hefja byggingu verkamannabústaða og hvaða fjárupphæð hafa þau ákveðið á íbúa, sbr. ákvæði 20. gr. um lágmarks- og hámarksframlag? Eru þau mörg sveitarfélögin, sem búin eru að ákveða hámarks- og lágmarksupphæð á íbúa í sveitarfélaginu og þar með að leggja fjárhagslega grundvöllinn af sinni hendi til framkvæmda? Ef þau eru 22, þá þykir mér hafa vel þokazt í áttina frá því í nóv., þegar spurningarnar komu fram. En ef þau sveitarfélög eru nú sárafá enn, sem ég óttast, þá er málið ekki komið á eins ánægjulegan rekspöl og ætla hefði mátt af viðbótarsvari hæstv. félmrh. núna áðan.

Í framhaldi af þessu vildi ég spyrja: Hvaða sveitarfélög hafa nú þegar samþykkt að hefja byggingu verkamannabústaða og hvaða upphæð hafa þau ákveðið á íbúa? Hvaða sveitarfélög hafa þegar greitt framlög sín til Byggingarsjóðs verkamanna árið 1970 og hve mikið fé er það samanlagt, því að á móti því koma aftur framlög ríkisins? Þegar maður hefur svar við þessu, þá fyrst getur maður gert sér í hugarlund, hvaða framkvæmdir muni fylgja í kjölfarið. (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) Ég á aðeins, herra forseti, eftir að endurnýja tvær spurningar skal ekki hafa nein orð um það, og það tekur brot úr mínútu. Hve margar íbúðir verkamannabústaða verða byggðar á árinu 1971 samkv. þeim tilkynningum, sem félmrn. hafa nú borizt? Svarið kann að verða annað heldur en í haust. Hve mörg lán hafa þegar verið veitt samkv. ákvæðum 22. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins?

Það eru aðeins tilmæli mín, að hæstv. félmrh. gefi upplýsingar um þetta, ef hann hefur upplýsingarnar tiltækar, af því að svo langt er um liðið síðan hann gaf hin fyrri svör, og margt hefur getað breytzt síðan.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú því miður ekki svör við þessum spurningum, sem ég raunar svaraði þegar í nóv. s. l., og ég ætla, að þær breytingar, sem komið hafa til félmrn., séu ekki miklar á þeim svörum, nema hvað snertir tölu þeirra sveitarfélaga, sem hafa ákveðið að hefja undirbúning undir framkvæmdir. En hv. þm. verður að skilja það, að þessi undirbúningur undir framkvæmdir tekur tíma, það segir bezt saga málanna frá því að félögin, byggingarfélögin, önnuðust þennan undirbúning og framkvæmdir. Eins og ég sagði áðan, þá hófu 11 félög framkvæmdir á árunum 1929—1940 og þó eiginlega ekki öll innan þess tímabils, heldur dróst það lengur, þó að félögin væru stofnuð á þessu tímabili. Og ég skal nefna, hvernig þetta hefur gerzt.

Á Akureyri var stofnað félag 1929. Það hóf framkvæmdir og fékk fyrst lán úr byggingarsjóði árið 1934. Það tók fimm ár að komast í gang. Á Flateyri var félagið stofnað 1940, hóf framkvæmdir 1960. Hafnarfjörður, stofnað félag 1930, byrjaði framkvæmdir 1931—1934. Ísafjörður, stofnað félag 1930, og ætti hv. þm. sjálfsagt að vera kunnugt um það. Það hóf framkvæmdir 1942. Það tók 12 ár hjá þessum hv. þm. að komast í gang. Í Neskaupstað var stofnað félag 1934. Það byrjaði framkvæmdir 1944. Patreksfjörður, félag stofnað 1930, hóf framkvæmdir 1948. Reykjavík, Byggingarfélag verkamanna þar stofnað 1930, hóf byggingar 1939. Seyðisfjörður, félag stofnað 1940, hóf framkvæmdir 1956. Siglufjörður, hann virðist vera fjörugastur í þessu, það félag, sem þar er, stofnað árið 1933 og fyrsta lán og framkvæmdir byrjaðar 1933. Vestmannaeyjar, félag stofnað 1940, fyrsta lán úr byggingarsjóði og framkvæmdir hafnar 1942.

Þetta sýnir betur en nokkuð annað, hversu langan tíma þetta hefur tekið, jafnvel hjá þeim félögum, sem hv. þm. vill nú slást fyrir, að taki við af sveitarfélög-

unum, jafnvel í því héraði, þar sem hann hefur verið búsettur og starfandi, þegar félagið þar var stofnað. Það virðist hafa tekið 12 ár frá stofnun félagsins, þangað til framkvæmdir hófust.

45. Endurbætur á flugvöllum.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um endurbætur á flugvöllum [166. mál, 2] (A. 213).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. og 22. fundi í Sþ., 15. des. og 26. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það er almennt viðurkennt, að flugsamgöngur innanlands á Íslandi séu á mjög háu stigi, ef miðað er við landfræðilegar aðstæður, fjölda þjóðarinnar og hina dreifðu byggð. Einn landshluti hefur þó ekki enn þá verið tengdur við hið fullkomna flugkerfi innanlands, en þar á ég við Vesturland, nánar tiltekið þau héruð, sem mynda Vesturlandskjördæmi.

Flugsamgöngur á milli höfuðstaðarsvæðisins annars vegar og Akraness og Borgarness hins vegar eru sérstakt vandamál, sem raunar er nú vaxandi áhugi á, en er ekki til umr. hér í dag.

Hins vegar eru á norðanverðu þessu svæði þrír litlir flugvellir, einn á Hellissandi, annar í Stykkishólmi og enn einn hjá Búðardal, sem eðlilegt virðist að gætu tengzt hinu venjulega samgöngukerfi flugvéla í landinu. Fjarlægðin til þessara héraða er þannig, að ætla má, að flugsamgöngur yrðu töluvert mikið notaðar og kæmu að góðu gagni, ef þær væru fyrir hendi með reglulegu móti. Einnig virðist vera mögulegt, að þessir staðir gætu tengzt flugsamgöngum, sem eru milli höfuðborgarsvæðisins og Vestfjarða að einhverju leyti, þannig að ekki þyrfti að setja upp algerlega nýjar flugleiðir, og er þá hugsanlegt, að það gæti orðið til að styrkja flug á þessum leiðum til gagns fyrir alla aðila, helzt Vestfirðina, norðanvert Vesturlandskjördæmi og Flugfélag Íslands, sem annast þessar framkvæmdir.

Af þessum ástæðum hef ég leyft mér að leggja fram þessa fsp. til hæstv. samgrh., hvort hann geti upplýst, hvenær gerðar verði þær endurbætur á flugvöllunum við Hellissand, Stykkishólm og Búðardal, að Snæfellsnes og Dalir geti tengzt við kerfi reglulegra flugsamgangna innanlands. En til þess að svo geti orðið, verður að stækka þessa flugvelli nokkuð og endurbæta þá allverulega, en undanfarin ár hefur lítið verið við þá unnið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Gerð hefur verið fimm ára áætlun um framkvæmdir á flugvöllum úti á landi, og þar er gert ráð fyrir, að ef fé verður til þess, verði þeir flugvellir, sem hér er spurt um, gerðir 800 metra langir, svo að þeir geti tekið við flestum flugvélum, a. m. k. af minni gerð. En kostnaður við nýjan flugvöll í Stykkishólmi, sem óskað er eftir, að gerður verði, mundi verða um 9.5 millj. kr., á Hellissandi 4 millj. kr. og í Búðardal 1 millj. kr. Óskir hafa komið fram um það, að byggðir verði flugvellir fyrir minni flugvélar við Akranes og Borgarnes. Virðist eðlilegt, að flugferðir til þeirra staða verði tengdar flugi til Hellissands, Stykkishólms og Búðardals.

Það er mjög vafasamt, að hægt sé að reka stóra flugvél, eins og Flugfélag Íslands h. f. notar í innanlandsflugi í dag, til þessara staða, án þess að stórfelldur taprekstur verði. Og ástæðan til þess, að ekki hefur enn verið gert meira í flugvöllum á þessum stöðum og teknar upp reglulegar flugsamgöngur frá Reykjavík þangað, er einfaldlega sú, að vegalengdin þangað er styttri en til annarra staða á landinu, þar sem reglulegar flugsamgöngur eru. Þá hefur það og komið fram og þarf kannske ekki að taka sérstaklega tillit til þess, að sérleyfishafar bifreiða, sem hafa daglegar áætlunarferðir til Borgarness, Stykkishólms, Hellissands og í Dali, mundu telja, að það yrði vafasamur rekstrargrundvöllur undir sérleyfisleiðunum, ef mikið væri frá þeim tekið á flugleiðum. En ég segi, að það er kannske vafasamt að láta þetta hafa áhrif á ákvörðun um það, hvort menn flýta sér við að gera góða flugvelli á þessu svæði, en þó gæti það að einhverju leyti verkað þannig. Það er talið vafasamt, að flug á þessum leiðum geti svarað kostnaði, enda þótt það sé þægilegt, að það geti átt sér stað, og eðlilegt, að fólkið á Vesturlandi vilji fá til sín betur gerða flugvelli en það nú hefur. Það má segja, að það sé lítið annað en sjúkraflugvellir, sem þarna er um að ræða. Það eru aðeins örlitlar vélar, sem þarna geta lent, og þess vegna er ástæða til að bæta úr þessu, þegar fé verður fyrir hendi. En það hefur ekki þótt fært að gera ráðstafanir til þess, að byrjað verði á framkvæmdum á árinu 1971 við þessa flugvelli.

Ég tel ástæðu til að rekja hér nokkuð, hvernig því fjármagni verður varið, sem til ráðstöfunar er á árinu 1971. Það hefur verið samþ. í samgrn. að fara eftir till. flugráðs um það, hvernig því fé verði varið, sem er til ráðstöfunar til flugvalla og öryggistækja á þessu ári. Og það hefur verið lögð megináherzla á það undanfarið að kaupa öryggistækin í samráði við flugöryggisþjónustuna og aðra þá, sem bezt þekkja til öryggismála. Má segja, að það sé langt komið að vinna það upp.

Á árinu 1971 verður varið 4.1 millj. kr. til ýmiss konar öryggistækja auk 8 millj. kr., sem er fyrsta greiðsla af nýjum radar, sem óhjákvæmilegt þykir að setja upp á Reykjavíkurflugvelli. Á Akureyri verður varið 4.7 millj. kr. til öryggistækja, í Vestmannaeyjum 1.1 millj., á Egilsstöðum 600 þús. kr., á Ísafirði 200 þús., og svo er ýmislegt í sambandi við fjarskiptatæki 600 þús. kr. Þetta eru 11.3 millj. + 8 millj. eða 19.3 millj. kr.

Þá eru það flugvellir úti á landi. Það er í sambandi við flugstöðvar og flugbrautir. Akureyrarflugvöllur 3 millj. 750 þús., Vestmannaeyjaflugvöllur 3 millj. 700 þús., Egilsstaðaflugvöllur 200 þús., Ísafjarðarflugvöllur 900 þús., Hornafjarðarflugvöllur 600 þús., Húsavíkur-

flugvöllur 425 þús., Fagurhólsmýrarflugvöllur 300 þús., Þórshafnarflugvöllur 100 þús., sjúkraflugvellir 800 þús. og ýmiss konar tæki 625 þús. Þetta eru 11.4 millj. kr. (Gripið fram í.) Nokkuð af þessu er til lýsingar flugvalla líka. En þetta eru 39 millj. kr., sem er til beinna framkvæmda, og auk þess hefur ríkissjóður tekið að sér að greiða vexti og afborgun af lánum, 27.3 millj., þannig að þetta eru 66.3 millj. kr. En lánin eru aðallega tilkomin vegna öryggistækja, sem keypt hafa verið á undanförnum árum.

Ég tel ástæðu til að minna á það, að þessir flugvellir, sem hér er spurt um, eru í fimm ára áætluninni, og verður unnið að þeim, eftir því sem fé verður veitt til, og í þeirri röð, sem flugmálastjórnin telur eðlilegt, að þeir verði teknir á þessu tímabili.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur veitt í svari við fsp. minni, bæði þær, sem voru beint svar við fsp., svo og aðrar upplýsingar, sem hann góðfúslega veitti, um byggingu flugvalla annars staðar á landinu.

Í sambandi við heildarupplýsingar ráðh. vil ég aðeins láta þá skoðun í ljós, að mér finnst 66.3 millj. ekki vera mikið fé í sambandi við flugvallaframkvæmdir á Íslandi miðað við verðlag, sem er í dag, miðað við, hvað fjárlög eru orðin há, og miðað við getu þjóðarinnar yfirleitt. Ég skal á engan hátt vanmeta upphæðina. Það er sýnilega um að ræða margvíslegar framkvæmdir til aukins öryggis og til að stækka og bæta flugvellina, og þarna er unnið vel. En ég held, að við ættum við næsta tækifæri að íhuga, hvort það á ekki að leggja enn meiri áherzlu og veita enn meira fé til þessara mála en þarna er gert. Þetta er einn af þeim flokkum framkvæmda, þar sem fé er skipt algerlega utan marka Alþ., og kann því vel að vera, að Alþ. hafi ekki fylgzt eins vel með þessu og það gjarnan vildi gera.

Varðandi væntanlegar flugsamgöngur við norðurhluta Vesturlandskjördæmis er það að sjálfsögðu rétt hjá hæstv. ráðh., að í samanburði við fjarlægari staði er nauðsyn ekki jafnknýjandi og t. d. á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Engu að síður tel ég, að þörfin sé orðin allmikil, og vegalengd til aksturs t. d. til Hellissands er ekki miklu styttri en til kaupstaðanna á Norðurlandi, sem hafa reglulegar flugsamgöngur.

Hæstv. ráðh. ræddi aðallega um Vesturland sem eina heild og virtist hugsa málið þannig, að það yrði að tengja saman flugsamgöngur milli Reykjavíkursvæðisins annars vegar og Akraness, Borgarness, Dala og Snæfellsness hins vegar. Eins og fram kom í framsöguræðu minni finnst mér þetta ekki vera raunhæft, og væri frekar athugandi, hvort norðanvert Snæfellsnes gæti ekki að einhverju leyti haft samband við Vestfjarðaflugsamgöngur. Það mætti í sumum ferðunum vestur, sjálfsagt ekki nándar nærri öllum, koma við á einum eða fleirum af þessum flugvöllum, og gæti vel verið, að aukin umferð á þennan hátt gæti orðið til þess að styrkja hvort tveggja, bæði veita nokkrar öruggar eða reglulegar ferðir í viku á þessa þrjá staði og einnig styrkja Vestfjarðaflugið í heild. Ég varpa þessu fram að óathuguðu máli, en tel, að það sé miklu raunhæfara að íhuga stöðu þessara flugvalla í þessu sambandi. Ég tel, að Akranes og Borgarnes séu sérstakt verkefni, sem verði hvað flugsamgöngur snertir að leysa alveg utan við önnur flugsamgönguvandamál í landinu, og e. t. v. verður það ekki leyst fyrr en þyrlustrætisvagnar verða viðráðanleg og fáanleg tæki.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. íhugi þetta mál, láti athuga það frekar. Mér heyrist, að hjá honum sé fullur góðvilji í þess garð, þannig að þess verði ekki mjög langt að bíða, að gerðar verði endurbætur á flugvöllunum. Það er mikið gagn að því að gera þá nokkru lengri en þeir eru í dag, jafnvel þó að ekki takist að hafa þangað reglulegar samgöngur strax, en svo kemur án efa að því að það reynist vera grundvöllur fyrir því að tengja þessa staði við flugsamgöngukerfi landsins.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þar sem flugvallamál eru á dagskrá, langar mig til þess að spyrja hæstv. samgrh., hvenær hann búist við, að lýsing komi á Patreksfjarðarflugvöll. Ég minnist þess, að fyrir allmörgum árum, þegar þessi flugvöllur var opnaður, þá var ráðh. svo vinsamlegur, að hann bauð okkur Vestfjarðaþm. með sér vestur á Patreksfjörð, þar sem við fengum góðar móttökur og með veitingum voru haldnar stuttar ræður. Einn ræðumanna var forstjóri Flugfélags Íslands, Örn Johnson, og minntist hann á lýsinguna á flugvellinum, sem vantaði. Og hann nefndi það, að í raun og veru væri flugvöllurinn líkt og fokhelt hús, meðan hana vantaði. Ég man nú ekki, hvað eru mörg ár síðan þetta var, þau eru þó nokkur. Ætli þau séu ekki ein fimm. Það getur verið, að hv. 9. þm. Reykv. muni það nú betur en ég, því að ég held, að hann hafi verið þar. En það er engin lýsing komin á völlinn enn. Nú hefur það komið fyrir, að þurft hefur að grípa til þess að fá flugvél til að sækja sjúklinga í skyndi til Patreksfjarðar, sem hafa þurft að komast mjög fljótt til læknisaðgerðar hér í Reykjavík. Ég minnist þess t. d., að einu sinni veiktist maður skyndilega og mjög alvarlega. Það var hringt til Reykjavíkur og beðið um flugvél að sækja sjúklinginn. Jú, jú, það stóð ekkert á flugvélinni, en það var farið að skyggja, og flugvélin gat ekki komið, af því að það var engin lýsing á flugvellinum. Ég veit að vísu, að það hefur verið reynt að nota einhvers konar lugtir, en þessi flugvél a. m. k. treysti sér ekki til að lenda þarna undir slíkum skilyrðum, og sjúklingurinn var ekki fluttur þennan dag.

Þá man ég það, að við Vestfjarðaþm. fórum á fund samgrh. fyrir nokkrum árum. Ekki man ég nú, hverjir við vorum þar, þó minnir mig, að það værum við Sigurður Bjarnason og Hannibal Valdimarsson. **(Gripið fram í:** Það er rétt). Er það rétt, já? Þar minntumst við á þetta mál meðal annars, og þá sagði hæstv. ráðh. okkur, að hann mundi beita sér fyrir því, að rafmagnslína yrði lögð frá Patreksfirði yfir fjörðinn á flugvöllinn þá á komandi sumri. Ég skal taka það fram, að hæstv. ráðh. sagði ekki afdráttarlaust, að línan yrði lögð, eins og sumir og jafnvel hans fylgismenn hafa verið að herma upp á hann. Ég man alveg, hvernig hann hagaði orðum sínum þá. Hann sagðist ætla að beita sér fyrir því, að þessi rafmagnslína yrði lögð. En þeir tóku það ýmsir þarna fyrir vestan svo, að hann hefði lofað því, og þetta leiðrétti ég á opinberum fundi þar fyrir vestan, af því að ég mundi þetta nákvæmlega. Af þessu marka ég það, að hæstv. ráðh. vill koma þessu í framkvæmd. Ég efast ekkert um það. En ef þetta yrði gert og rafmagnslínan

lögð yfir fjörðinn í Sandodda, þá er búið að létta mjög fyrir áframhaldi þessarar rafmagnslínu í næstu sveit, Barðastrandarhreppinn, og kannske að einhverju leyti í Rauðasandshrepp, en ég skal ekki fullyrða neitt um, hvort það geti orðið, því að þar er mjög strjálbýlt. Ég hef ekki verið með neinar kröfur um rafmagnslínu í þessa sveit mína, af því að ég veit, að það rúmast ekki innan þeirra marka, sem enn eru í gildi um lagningu rafmagnslína í sveitum. Það er miklu meira en 1.5 km þar á milli bæja og því ekki sanngjarnt að vera að gera slíkar kröfur, meðan þær reglur gilda. En ég tel í alla staði, að þetta sé ákaflega aðkallandi, og ég held, eins og ég sagði, að hæstv. ráðh. hafi líka fullan vilja á þessu. En mig langar til þess að spyrja hann núna, hvort hann búist við því, að þessi rafmagnslína geti komið nú á næsta sumri á flugvöllinn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Já, við höfum nú fyrr minnzt á ljósin á Patreksfjarðarflugvelli, og það er rétt, að það er ekki komin þar sú lýsing, sem á að koma, og þannig er það nú náttúrlega víðar, því miður. En í þeirri fimm ára áætlun, sem gerð var, og þetta er fyrsta árið, 1971, þá er gert ráð fyrir því, að á árinu 1972 og 1973 verði lokið lýsingu allra flugvalla, sem flogið er reglulega til, og öðrum raunhæfum öryggisráðstöfunum, en á tveimur árum þar á eftir yrði svo lokið við það, sem ekki er eins aðkallandi. Talið er, að það megi ljúka öllum nauðsynlegum framkvæmdum í flugmálunum á þessum árum með svipaðri fjárveitingu og nú er. Yrði fjárveitingin hins vegar aukin, gæti þessi tími stytzt. Það væri vitanlega mjög æskilegt, að fjárveitingin yrði aukin, og þó að við höfum nú 66 millj., þá er það vitanlega, eins og hér var sagt áðan, alls ekki há upphæð, þótt hún sé að vísu há miðað við fjárveitingar til flugmála frá því að byrjað var að gera flugvelli hér á landi og kaupa öryggistæki. Það hefur verið bjargazt við lugtir og ljós frá rafgeymum á flugvellinum á Patreksfirði, og það hefur bjargazt áfallalaust, þótt það sé vitanlega slæmt. Ef þessi sjúklingur, sem hér var nefndur, hefði ekki getað beðið flugs til næsta dags, þá hefði það vitanlega kannske getað skorið úr um það, hvort hann varð aftur hraustur eða sjúkur áfram, og þannig er þetta víðar, því miður, á landinu. Og sjúkravellina þyrfti jafnvel að lýsa upp líka, því að þetta getur komið fyrir hvar sem er á landinu, að það þurfi að senda flugvél í neyðartilfellum til þess að sækja veikan mann. Og sjúkraflugvellirnir mundu verða mun notadrýgri, ef við gætum lýst þá upp, þótt ekki væri með öðrum hætti en nú er gert á Patreksfirði.

Um það, hvort rafmagnslína kemur á næsta sumri yfir á flugvöllinn frá Patreksfirði, get ég ekki sagt um. Ég get hins vegar sagt það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði reyndar, að ég hef hug á því, að það geti tekizt sem fyrst. Þessi lína þarf að koma, en hún er nátengd línunni, sem ætlað er að koma á Barðaströndina og lýsa þá sveit upp, sem liggur tiltölulega vel við að verða raflýst, þegar bilið frá Patreksfirði og yfir á flugvöllinn hefur verið brúað. En þetta kostar talsvert fjármagn. Ég fékk áætlun um það, man ekki nákvæmlega nú, hvað það var mikið, mig minnir talsvert á aðra millj. þá og eitthvað meira nú, og þessi góða meining en ekki loforð strandaði á því, að það var ekki fé fyrir hendi. Það strandaði á því, að það var ekki fé fyrir hendi, og framkvæmdirnar við flugvellina eru yfirleitt gerðar eftir till. flugráðs og þeirra sérfræðinga, sem flugmálastjórnin hefur yfir að ráða. Þannig er verkefnunum raðað. Patreksfjörður hefur ekki enn fengið varanlega lýsingu, ekki af því, að það hafi ekki verið tiltölulega nauðsynlegt, heldur af því, að það hefur ekki enn verið hægt að taka af því fjármagni, sem til skiptanna hefur verið, til þess að láta þetta gerast. Og ég vænti nú, að hv. þm. nægi þetta svar mitt og hann virði mér það til vorkunnar, þótt ég geti ekki lofað því, að línan komi á næsta sumri. En það verður eftir því, hvort rafmagnið verður lagt á Barðaströndina. Ef það væri, þá verður leikurinn miklu léttari.

46. Kal í túnum.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um ráðstafanir vegna kals í túnum [166. mál, 5] (A. 213).

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. og 22. fundi í Sþ., 15. des. og 26. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessi fsp. *mín til landbrh. um ráðstafanir vegna* kals í túnum er svo hljóðandi:

„1. Hvað líður rannsóknum á kali í túnum?

2. Telur ráðh. nauðsynlegt að auka fjárveitingar til kalrannsókna, og ef svo er, þá hve mikið?

3. Eru fyrirhugaðar sérstakar ráðstafanir, aðrar en rannsóknir, til þess að hamla gegn fóðurskorti af völdum langvarandi kals í túnum eða til þess að bæta að nokkru það stórfellda tjón, sem kalið veldur?"

Sú gróðureyðing, sem átt hefur sér stað undanfarin ár og almennt er kölluð kal í túnum, hefur valdið íslenzkum landbúnaði og þjóðfélaginu í heild gífurlegu tjóni, sem mér vitanlega hefur ekki verið í tölum talið. Þar sem ástandið er verst, hafa túnin verið stórskemmd árum saman og heyfengur eftir því, og bændur hafa neyðzt til að gera annað tveggja að kosta stórfé til endurræktunar og fóðurkaupa ellegar að skera niður af bústofni sínum og margir hverjir safnað alveg gífurlegum skuldum við þetta. Gróðureyðingin í túnunum er tvímælalaust þjóðfélagslegt vandamál, og mér þykir þess vegna eðlilegt að biðja hæstv. landbrh. að gefa þinginu skýrslu um, hvað rannsóknum líði, sbr. 1. lið fsp., sem ég greindi áðan.

Þá þykir mér einnig nauðsynlegt að heyra álit ráðh. á fjárþörfinni, hvort hann telur, að kalrannsóknir geti haldið áfram með eðlilegum hraða við þann aðbúnað

fjárhagslega, sem þær hafa nú. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því, að þessi fsp. er borin fram, áður en fjárlög voru afgreidd, en þó að fjárlög fyrir árið 1971 hafi þegar verið afgreidd, þá auðvitað verða fjárlög hér til meðferðar á ný, áður en varir, og það er æskilegt að fá að heyra álit hæstv. ráðh. einmitt um þetta atriði.

Að mínum dómi þarf að mæta eyðileggingu túnanna með fleiri ráðstöfunum en eflingu svokallaðra kalrannsókna. Ég álít, að þar kæmi t. d. til greina sérstakur stuðningur við endurræktun og við ræktun grænfóðurs og svo fyrirgreiðsla við að koma upp bústofni að nýju til þeirra, sem orðið hafa að fækka stórlega búfé sínu vegna grasleysisins. Ég tel, að einnig gæti komið til mála að efla alveg sérstaklega leiðbeiningastarfsemi að fengnum nokkuð öruggum niðurstöðum af athugunum vísindamanna. Mig fýsir að vita, hvort hæstv. ríkisstj. hefur nokkur sérstök áform á prjónunum í þessa stefnu, og að því lýtur 3. liður fsp.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Á árinu 1965 urðu miklar kalskemmdir á Norður- og Norðausturlandi eftir langt góðæristímabil með ágætri grassprettu. Síðan hefur kal og grasbrestur breiðzt út um allt landið á þessum fimm árum og bændur orðið fyrir stórfelldum skaða af völdum þess. Á þessu tímabili hefur veðurfar hér á landi farið mjög kólnandi, eins og vitað er. Að sjálfsögðu er sterkt samband á milli lækkandi sumarhita og vaxandi grasleysis, enda eru víst allir, sem um þetta mál hugsa, sammála um, að meginorsök grasleysis á umræddu tímabili sé fólgin í köldu tíðarfari. Í öðru lagi ber að hafa í huga, að með breyttum búskaparháttum hefur hirðing, meðferð og notkun ræktaða landsins orðið harkalegri á margan hátt.

Sumarið 1965 voru hafnar að tilhlutan landbrn. kalrannsóknir á Fljótsdalshéraði. Í þessum tilraunum, sem standa enn, hefur komið fram áburðarþörf og nokkur kalkþörf, en áburðargjöf og kölkun hafa þó ekki megnað að varna kali eða grasbresti. Á tilraunastöðvum jarðræktar og meðal bænda eru nú í gangi 59 áburðartilraunir til könnunar á áburðarmagni og tegundum áburðar, og er tilgangur þessara tilrauna m. a. að afla þekkingar á áhrifum áburðar á kalþol og grassprettu. Auk áburðartilraunanna eru 38 kalktilraunir í gangi, þar af 26 hjá bændum. Tilraunir með búfjáráburð eru á öllum tilraunastöðvum. Rannsókn á jarðvinnslu og vélanotkun á ræktuðu landi er í 35 tilraunum. Tilraunir með grastegundir og stofna eru 32 og grænfóðurtilraunir 17. Á bændaskólanum á Hvanneyri eru 23 áburðar- og kalktilraunir gerðar í samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 9 grastegunda- og stofnatilraunir og 2 grænfóðurtilraunir. Verulegur hluti af jarðvinnslutilraunum og tilraunum með vélanotkun á ræktuðu landi, sem þegar hafa verið nefndar, eru einnig gerðar á vegum bútæknideildar á Hvanneyri.

Síðla sumars 1969 skipaði landbrh. sjö manna nefnd sérfræðinga um jarðræktarmál undir stjórn Pálma Einarssonar fyrrv. landnámsstjóra. Verkefni nefndarinnar voru þessi:

1. Safna saman gögnum, sem liggja fyrir nú þegar, um kal og kalrannsóknir í landinu.

2. Gera till. um varnir gegn kali og grasbresti af völdum kals.

3. Athuga, á hvern hátt heppilegt sé að endurrækta skemmd tún, þar sem kal er fyrir hendi og arfavöxtur ríkjandi.

Nefndin aflaði upplýsinga um útbreiðslu og tegundir kals, og efnt var til ráðstefnu, þar sem sérfróðir menn gerðu grein fyrir stöðu kalrannsókna í landinu og báru saman innlenda og erlenda tilraunavinnslu. Ítarleg skýrsla um ráðstefnuna hefur verið gefin út sem sérprentun úr búnaðarblaðinu Frey. Það er þetta hefti hér, og ef hv. þm. vilja fá sér gagnlegar upplýsingar um kalið og hvað gert hefur verið í kalrannsóknum, þá er nauðsynlegt að fá þetta hefti, sem er sérprentað úr Frey og mun vera fáanlegt hjá Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin gerði m. a. till. um auknar tilraunir á sviði grasræktar, eins og áhrif beitar á gróðurfar og kalþol túna, vinnsluaðferðir við endurræktun kaltúna, eyðingu illgresis með lyfjum úr kölnum túnum, grastegundir og afbrigði í túnrækt svo og tilraunir með djúpplægingu við endurvinnslu kaltúna. Tilraunir þessar voru hafnar á vegum tilraunastöðvanna vorið 1970, og fékk hin nýskipaða nefnd nokkra sérstaka fjárveitingu til sinna starfa, eftir því sem hún taldi nauðsynlegt vera. Landbrn. útvegaði 2 millj. kr. til kaupa á rannsóknartækjum í Rannsóknastofnun landbúnaðarins í því skyni að kanna áhrif veðurfarsþátta á gróður og jarðveg, og er nú verið að festa kaup á þessum tækjum.

Hverjar ráðstafanir eru taldar heppilegastar til varnar kali, kemur m. a. fram í yfirliti kalráðstefnunnar, sem birtist sem sérprentun úr Frey, eins og áður er sagt. Í því yfirliti segir m. a.:

„1. Nútímabúskapur er á margan hátt viðkvæmari fyrir kali en sá, sem áður var rekinn, m. a. vegna þess, að stöðugt er leitað eftir vaxtarmeiri grastegundum og þær örvaðar til meiri sprettu með áburðargjöf. Auk þess hefur ræktunin að nokkru færzt út á lakari landssvæði með tilliti til jarðvegs og annarra vaxtarkjara. Beztu túnstæðin voru tekin fyrst til ræktunar.

2. Rakið er í yfirliti kalráðstefnunnar, hvernig heppilegast sé að haga jarðvali, landvinnslu og frágangi ræktunar.

3. Lögð er áherzla á, að hófleg áburðargjöf sé mikilvæg fyrir þol nytjajurta."

Við það, sem stendur í yfirlitinu, má bæta eftirfarandi:

Sérstaklega er nauðsynlegt að sjá vel fyrir kalí- og forfórþörf til ræktunar, auk þess sem gæta verður þess, að ekki komi upp skortur á neinu næringarefni, eins og raunin hefur orðið á um brennistein sums staðar á landinu vegna langvarandi notkunar brennisteinssnauðra áburðartegunda. Sama hætta er að nokkru leyti fyrir hendi hvað kalk snertir. Þó hefur enn sem komið er ekki komið fram alvarlegur kalkskortur í tilraununum. Hins vegar er kölkun arðbær sums staðar á landinu á mýrarjarðvegi.

Þá segir í yfirlitinu frá kalráðstefnunni, að í náinni framtíð verði væntanlega völ á fræi af innlendum uppruna, þar sem nú sé í frumræktun erlendis nokkurt úrval íslenzkra stofna. Bent er á, að velja þurfi fræblöndur eftir aðstæðum og fyrirhugaðri notkun ræktunarinnar. Nauðsynlegt sé að hlífa túnum við mikilli beit og seinum slætti. Lögð er áherzla á viðbúnað til grænfóðurræktunar og votheysgerðar í harðindaárum öðru fremur. Við það má bæta, að mikil nauðsyn er á, að græn-

fóðurræktun sé undirbúin strax að hausti, fræ og jarðvinnsluverkfæri séu tiltæk, jarðvegur undirbúinn og aðstaða til að hefja sáningu snemma vors. Styrkir til grænfóðurræktunar hafa verið teknir upp til að stuðla að framgangi grænfóðurræktunar í landinu, og má geta þess, að styrkur út á grænfóðurræktun fyrir s. l. ár mun hafa numið 7 millj. kr. Í yfirliti kalráðstefnu eru ábendingar um framræslu, jarðvinnslu, sáningu og endurræktun.

Um það, hvað mikið fjármagn þurfi til þess að geta haldið þessum rannsóknum áfram með eðlilegum hætti, þá vil ég geta þess, að með þeim fjárveitingum, sem nú eru fyrir hendi, og þeirri viðbót, sem tekin var upp í fjárlög á þessu ári, er talið, að halda megi rannsóknunum áfram með eðlilegum hætti. Vitanlega tekur þetta nokkur ár, og þetta kostar mikið fé, þegar allt kemur til alls. En það verður að segja, að það hefur verið gert stórátak í þessum rannsóknum nú undir forustu þeirrar nefndar, sem hér hefur verið nefnd, og fjárveitingar hafa verið auknar til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Ég get aðeins getið þess, að árið 1958 voru sambærilegar fjárveitingar til rannsókna í landbúnaðinum 2 millj. 650 þús., en á árinu 1971 17 millj. 488 þús. Að vísu eru það minni krónur, sem nú er um að ræða heldur en 1958, en þótt þessu væri breytt til verðlags ársins 1971, væri þetta vitanlega miklu meiri fjárveiting, og Rannsóknastofnun landbúnaðarins fær þetta fé til rannsóknarstarfsemi sinnar fyrir utan þau laun, sem starfsfólkinu eru greidd.

Það kom fram á aðalfundi Stéttarsambands bænda í haust, að leggja bæri megináherzlu á kalrannsóknirnar, vegna þess að kalið væri ógnvaldurinn við íslenzkan landbúnað. Kalið er landbúnaðinum dýrast af öllu, og þess vegna ber að leggja megináherzlu á kalrannsóknirnar. Það er hægt að leggja áherzlu á kalrannsóknirnar með því fjármagni, sem Rannsóknastofnunin hefur yfir að ráða. Kalráðstefnan á s. l. ári gerði sér grein fyrir því, hvað búið er að vinna í þessum málum og hvernig á að haga vinnubrögðum í framtíðinni, til þess að líklegur árangur geti náðst. Og allir vona, að það takist að vinna bug á þessu, en veðurfarið mun þó ráða mestu þar um, en ástæða er til þess að ætla, að nú fari aftur að hlýna eftir fimm ára kuldatímabil.

Hvað hefur verið gert til þess að tryggja fóðuröflun í landinu? Það má segja, að það sé lítið umfram stóraukna ræktun á hverju ári, sem eru 4—5 þús. ha á ári. Það er hin innlenda fóðuröflun, sem vitanlega verður því dýrari sem kuldinn er meiri, því að það kemur fram í skýrslu frá kalráðstefnunni, að ef hitastigið lækkar um 1 gráðu að meðaltali yfir árið, þá geti það munað 10 hestum af ha í grasvextinum. Og það munar vitanlega mestu, ef kuldinn er á sumrin, og við munum eftir því, hvernig þetta var s. l. sumar, meðalhitinn hér í Reykjavík var 1.7 gráðu undir meðaltali í júlímánuði 1970. Þetta hefur vitanlega afgerandi áhrif á sprettuna og algerlega vonlaust að fá gras undir svona kringumstæðum, nema nota óvenjulega mikinn áburð, og það hefur vitanlega mikinn kostnað í för með sér. En þess má geta, að hér hafa starfað grasmjölsverksmiðjur og ein kögglagerð í Gunnarsholti. Framleiðsla hennar á s. l. ári var 800 tonn. Þá er gert ráð fyrir, að önnur grasköggiagerð taki til starfa á komandi vori á Hvolsvelli og hún geti framleitt svipað magn eða kannske 1000 tonn, sem verksmiðjan í Gunnarsholti gæti reyndar gert líka, ef hægt væri að byrja nógu snemma að slá og sjá fyrir nógu grasi. En fóðurkögglarnir líka vel. Það má segja, að litlu meiri þungi fari í fóðureiningu af góðum fóðurkögglum heldur en af mjöli, og tel ég rétt, að slíkar verksmiðjur kæmu víðar, t. d. fyrir norðan, jafnvel fyrir austan. Verksmiðja er í byggingu eða er fyrirhuguð í Dölum, ekki af því opinbera, heldur af hlutafélagi, sem er búizt við, að stofnað verði nú fljótlega og sú verksmiðja verði byggð á þessu ári.

Til viðbótar styrkjum vegna kalsins má geta þess, að Landnám ríkisins greiddi árið 1970 1 millj. 603 þús. kr. vegna kalskemmda í túnum til margra bænda, en greiðslu styrkja þessara hefur nýbýlastjórn ríkisins byggt á ákvæði í 53. gr. laga nr. 75 1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Slíkir styrkir hafa verið greiddir síðan 1966, en þó mest á árunum 1969 og 1970, og eru byggðir á þessari heimild, og hefur það gert mörgum bændum léttara fyrir með endurræktun. En vegna kalsins og grasleysisins hefur víða verið erfitt um fóðuröflun, og Bjargráðasjóður hefur nú síðustu fjögur árin hlaupið verulega undir bagga hvað þetta snertir. Bjargráðasjóður hefur á fjórum árum greitt í heyflutningastyrki 20 millj. 708 þús. kr., og á þessum fjórum árum hefur Bjargráðasjóður greitt til bænda vaxtalaus lán að upphæð 168 millj. 226 þús. kr. Þetta hefur farið til fjölda bænda bæði norðanlands og sunnan, en hæst var upphæðin á árinu 1969, enda var þá bæði kal og óþurrkar, sem fór saman. Þá var þessi upphæð samtals, styrkir og lán, 83 millj. 768 þús., en á árinu 1970 63 millj. 777 þús. Lánin eru til sjö ára og afborgunarlaus fyrstu tvö árin og vaxtalaus, sem vitanlega hefur ákaflega mikla þýðingu.

Ég held, að ég hafi ekki meira að segja í svipinn í sambandi við þessar fsp. Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi láti sér þetta nægja, en ef ég hefði flett þessu hefti hér og tekið það markverðasta upp úr því í sambandi við þetta, þá hefði það vitanlega verið fróðleikur, en ég tel ekki ástæðu til þess, þar sem allir hv. alþm. og flestir bændur hafa aðgang að þessum gögnum. Það er ástæðulaust að vera að fara nánar út í það að svo stöddu.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir ítarleg svör. Það er fróðlegt að fá þessi yfirlit um tilraunastarfsemina og annað, sem gert hefur verið í þessu sambandi. Það er hins vegar erfitt fyrir leikmann að meta það, hvort sú tilraunastarfsemi, sem nú er í gangi, sé fullnægjandi, og ég skal ekki neinn dóm á það leggja að svo stöddu. Það þarf vitanlega nánari skoðunar við. Hins vegar verð ég að segja það, að ég hlýt að gagnrýna, hvað seint hefur verið við brugðið í þessum efnum.

Mér satt að segja hnykkti við, þegar ráðh. byrjaði sín svör með því að nefna árið 1965 sem upphafsár kalsins. Þá eru bændur, a. m. k. á stórum svæðum norðanlands og austan, búnir að búa í mörg ár við alveg gífurlegt kal, fyrir 1965, alveg gífurlegt kal. En það ár, — ég er nú ekki alveg viss um að muna það rétt, en það er væntanlega það ár, sem fundur Stéttarsambands bænda var haldinn austur á Héraði og hæstv. ráðh. og fleiri frammámenn í landbúnaði komu og sáu gjöreyðilegg-

inguna, sem þá var á stórum svæðum á Héraði. Þá var brugðizt við og lagt út í tilraunir, segir ráðh. Það er ekki fyrr en nú, að það hafa verið gerðar stærri aðgerðir í þessu sambandi. Það er ekki fyrr en kalið er komið suður fyrir jökla, sem það er gert, þá er kalnefnd skipuð vísum og ágætum mönnum og hafizt handa fyrir alvöru.

Það kom fram í svari hæstv. ráðh., og ég hef ekki aðstöðu til að vefengja það, að talið er, að nóg fé sé veitt til kalrannsókna eins og er. Mér þykir vænt um, segi ég, að heyra þetta og vona, að það sé ekki vefengt af þeim, sem að þessum verkum vinna. En það álít ég þó, að þurfi að kanna nánar.

Varðandi kalrannsóknirnar hlýtur það að vera mjög til ámælis fyrir stjórnarvöld, hversu seint var við brugðið, en eins og ég sagði, hef ég ekki ástæðu til að meta það, hvort það, sem nú er verið að gera, sé fullnægjandi.

Það virtist mér koma greinilega fram af svörum hæstv. ráðh. varðandi síðasta lið fsp., að ríkisstj. hefur ekki haft beina forustu um að hamla gegn fóðurskortinum á annan hátt en þann að beita sér fyrir fjáröflun til fóðurkaupanna og svo flutninganna, sem hafa verið styrktir með beinum framlögum. Það hefur ekki enn þá af hálfu stjórnarvalda verið gert stórátak til þess að greiða fyrir endurræktun, til þess að greiða fyrir aukinni grænfóðurrækt né heldur nein átök til þess að styrkja menn til að koma upp bústofni, þeim, sem farið hafa þá leið að skera niður. Og einnig er sú fyrirgreiðsla, sem veitt hefur verið bændum varðandi lausaskuldamálin, algerlega ófullnægjandi, og kemur það vitanlega mjög hart niður á þeim, sem verst hafa orðið úti af þessum sökum. Ég álít líka, að það hefði átt að fara skarpar í það og gera beint átak til þess af hálfu stjórnvalda og í samstarfi við samtök bændanna sjálfra að hefja öfluga rannsóknar- og um leið leiðbeiningastarfsemi um heyverkun í ýmsum myndum. Það er til þrautreynt úrræði, votverkun töðunnar, þó að ekki hafi allir náð tökum á því. Og það er mál, sem þarf að kynna og gefa meiri gaum en verið hefur til þessa.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég verð að segja það að lokum, að ég sakna þess, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa beitt sér fyrir því, að gerð væri tilraun til þess að meta í heild það gífurlega tjón, sem íslenzkur landbúnaður og þar með þjóðin öll hefur beðið af völdum gróðureyðingarinnar í túnum, ekki frá og með árinu 1965, heldur einnig frá árunum upp úr 1960, þegar kalið var óskaplegt í vissum landshlutum, eins og ég áðan vék að.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. er nú vanur því að vera sanngjarn í sínum málflutningi og flytja mál sitt af röksemi, en nú var eins og út af því ætlaði að bregða, þegar hann var að tala um seinlæti stjórnvaldanna í sambandi við rannsóknir á kalinu og forustuleysi í fóðuröflun og aðgerðum til þess að létta undir með bændum vegna tíðarfarsins, kalsins og grasleysisins.

Hv. þm. sagði, að það hefði nú ekki verið fyrr en kalið kom suður fyrir jökla, að farið hefði verið áð gera alvarlegar ráðstafanir til þess að rannsaka það. Sannleikurinn er nú sá, að alvarlegustu kalskemmdirnar byrjuðu 1965 fyrir austan. Ég man vel eftir því, þegar ég kom þarna austur. Stéttarsambandsfundurinn var á Eiðum, og ég hafði aldrei séð svo ljóta sjón eins og kalskellurnar í túnunum á Héraðinu. En það var einmitt þá, sem gerðar voru ráðstafanir strax með því að senda Bjarna Helgason austur, og hann gerði síðan ýmsar tilraunir þarna og fékk fjármuni til þess. En sem betur fór var nú ekki kal á Austurlandi árið eftir, þetta fluttist nokkuð til, og menn voru að vona, að þetta yrði ekki árvisst hjá okkur. Það var það, sem við vorum að vona. En svo, þegar þetta sýnist vera árvisst núna í nokkur ár og þetta kemur alltaf einhvers staðar á hverju ári, þá er farið að skipa fastanefnd til þess að kanna þetta, og ég minnist þess ekki, að ég hafi heyrt það frá stjórn Stéttarsambandsins, Búnaðarfélagsins eða annarri forustu bændasamtakanna, að það hafi verið illa að þessu staðið og seint byrjað, fyrr en hv. 5. þm. Austf. kemur með þetta hér í dag og talar um forustuleysi í ýmsu, sem þetta varðar. Hann segir t. d.: Ég skil ekkert í því, að ríkisstj. skuli ekki hafa beitt sér fyrir því að rannsaka það tjón, sem af kalinu hefur orðið frá því fyrsta, ekki bara frá 1965, heldur frá því fyrsta. Þetta hefur nú verið gert að nokkru leyti. Sturla Friðriksson hefur reiknað þetta út að verulegu leyti, en það má náttúrlega alltaf segja, að það sé matsatriði, hvernig á að reikna þetta og hver sé hin raunverulega rétta útkoma. Hitt fer ekki á milli mála, að tjónið hefur orðið gífurlega mikið og ríkisvaldið hefur gert mikið til þess að mæta þessu tjóni og gera bændum kleift að halda búum sínum, þrátt fyrir grasleysi og vont tíðarfar. Það hefur verið gert og kom fram í ýmsu af því, sem ég las upp hér áðan, og mætti lesa meira af gögnum í því sambandi máli mínu til stuðnings.

Þá segir hv. þm.: Ríkisstj. hefur ekki haft nægilega forustu um fóðuröflun vegna grasleysisins og vegna kalsins að öðru leyti en því að sjá um, að það væri alltaf til nóg af innfluttu fóðurkorni. Ja, það hefur ríkisstj. gert. Hún hefur séð um, að það væri alltaf nóg til af innfluttu fóðurkorni og beitt sér fyrir því, að sérstök fjárhagsleg aðstoð væri veitt til þess, að birgðir gætu verið fyrir hendi vegna hafíshættu m. a., og ríkisstj. hefur stuðlað að því með ýmsu móti, að ræktun hefur verið stöðug og mest á síðustu árum, til þess að tryggja gras og fóður þrátt fyrir kal og kalt tíðarfar. Og ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því, að grænfóður hefur verið styrkt og endurræktun hefur verið styrkt, og á síðasta ári var grænfóðurstyrkurinn 7 millj. kr. og reyndar ekkert takmarkað við þá upphæð, vegna þess að hann er veittur eins og jarðastyrkur.

Ég átti ekki von á þessum málflutningi frá hv. 5. þm. Austf., vegna þess að oftast nær hefur hann verið sanngjarn og rökfastur í sínum málflutningi og látið það vera að bera fram rakalausa sleggjudóma. Ég veit ekki betur en ríkisstj. á hverjum tíma hafi tekið til greina till. Stéttarsambandsins og Búnaðarfélagsins, þegar um það hefur verið að ræða að létta undir með bændum vegna tíðarfarsins. Ég veit ekki betur en harðærisnefndin hafði verið skipuð og það hafi verið farið algerlega eftir till. hennar með úrbætur í þessum efnum. Tölur þær, sem ég las upp áðan, eru byggðar á till. harðærisnefndar. Og það mun enginn þora að halda því fram, að harðærisnefnd hafi ekki viljað gera hlut bænda eins góðan og unnt var. En tillögum hennar

til úrbóta hefur aldrei verið hafnað, heldur hafa þær verið samþykktar í ríkisstj.

Hv. þm. minntist á lausaskuldalánin og sagði, að þau væru alveg ófullnægjandi. Ég veit ekki, hvað þessi lausaskuldalán nema miklum fjárhæðum nú, en í haust, síðast þegar ég spurði að því, þá voru þau 134 millj., og talið var, að eitthvað mundi bætast við eftir það, og víst er það, að þeir bændur, sem ekki komust inn í þessar lánveitingar strax, lögðu mikið upp úr því, að þeir kæmust það seinna, og hafa allir, sem um það hafa sótt, þótt seinna hafi verið, fengið fyrirgreiðslu, ef þeir hafa uppfyllt þær almennu reglur, sem settar voru. Og ég er alveg sannfærður um það, að lausaskuldalánin létta mjög undir með bændum að því leyti, að nú er þetta aðeins ein afborgun og vaxtagreiðsla árlega og vextir og afborgun samanlagt af þessum lánum, sem eru til 20 ára, eru ekki hærri en víxilvextirnir einir eru.

Hv. þm. talar um það, að ríkisstj. hefði þurft að hafa forustu um meiri leiðbeiningastarfsemi á ýmsum sviðum landbúnaðarins. En hvað hefur ríkisstj. gert? Hefur hún ekki fjölgað ráðunautum, bæði hjá búnaðarfélögum, héraðsráðunautum, og sérfræðingum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins? Hverja aðra forustu getur ríkisstj. haft í þeim málum, leiðbeiningamálum fyrir landbúnaðinn, en að leggja til ráðunauta og sérfræðinga, sem eiga að upplýsa bændur? Ég er alveg sannfærður um það, að þegar hv. stjórnarmaður í Stéttarsambandi bænda athugar þetta, þá gerir hann sér ljóst, að það er heppilegra fyrir hann að halda sig við þann málflutning, sem hann hefur venjulegast hér, en það, sem hann viðhafði hér áðan, hæfir honum miklu verr og gerir þeim málstað, sem hann vill tala fyrir, miklu minna gagn heldur en ef hann notar sína gömlu aðferð.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þetta. Það liggur fyrir, að ríkisstj. hefur ekki látið á sér standa að koma til móts við bændur og gert allar þær ráðstafanir, sem tiltækar voru, til þess að kuldinn, kalið og grasleysið gerði þeim sem minnst tjón.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég tek nú hér til máls, vegna þess að á nokkrum hluta þess tímabils, sem kalið fór að gera vart við sig hér, stóð þannig á, að ég var einmitt formaður í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. En eins og að líkum lætur, komu þessi mál nokkuð til kasta þeirrar stjórnar og þeirrar stofnunar. Ég ætla að leitast við að lengja ekki mál mitt, en ég heyrði það á ræðu hæstv. landbrh., að hv. fyrirspyrjandi mundi hafa deilt nokkuð á þá forustu, er hér hefði verið — eða forustuleysi — um það að reyna að rannsaka kalmálin nægilega vel og leita úrbóta, eftir því sem mögulegt væri. Ég vil aðeins að gefnu þessu tilefni taka fram, að ég held, að það sé algerlega rangt að vera með ásakanir á þá forustu, hvort heldur er í rannsóknarmálunum, hjá Rannsóknastofnuninni eða hjá hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. landbrh., sem við vitum allir, að hefur sýnt þessum málum sérstaklega mikinn áhuga.

Ég hef mikið orðið var við, að það gætti mikillar óþolinmæði hjá a. m. k. æði stórum hópi bænda, strax þegar þessi kalmál fóru að gera vart við sig. Það var eins og ýmsir héldu, að við, þessir, sem vorum í forustunni þá, eða þeir, sem stunduðu rannsóknirnar, mundu geta, ef ekki í dag, þá á morgun a. m. k., gefið svör um það, hvernig þyrfti að haga sér til þess að verða lausir við þessa vá. Þetta er afskaplega mikill misskilningur og það hefur setzt að í mér, að jafnvel hafi verið hér til óþurftar allar þær háværu raddir, sem uppi hafa verið um það, að rannsóknarmennirnir og forustumenn landbúnaðarins þyrftu að koma með ráðin til þess að bæta úr þessum vanda. Ég er nú þeirrar skoðunar, og m. a. vil ég benda á það, að jarðvegur og land er svo margbreytilegt og misjafnt á okkar landi, að það má næstum segja, að það þurfi sérstaka rannsókn fyrir hverja einustu jörð í landinu, ef fást ætti fullnægjandi svar, sem gildir svo, að hver bóndi geti tekið það bókstaflega. Þess vegna hefur alltaf oltið á mestu, að hver einasti bóndi gerði sér grein fyrir því hjá sér, hvernig hann þyrfti að snúast við þessum vanda. Og ég veit, að sem betur fer hafa flestir bændur líka hugsað þannig. En það þarf líka að gá að því þá, að í þessum háværu röddum og kröfum til rannsóknarmanna og til þess opinbera sé ekki þessi tilfinning slævð hjá bændastéttinni.

Ég vil svo bara minna á það, sem oft hefur verið drepið á, að við lifðum sérstakt góðæristímabil allt frá 1920 og fram um 1960, sem öll okkar ræktunarsaga og framfarasaga í raun og veru byggist á, og af þessu tímabili voru dregnar allar þær ályktanir, sem okkar búfræði í raun og veru byggðist á allt fram undir 1960, hún grundvallaðist einmitt á þeim skoðunum og þeim árangri, sem náðist á þessu góðærisskeiði. Við verðum fyrir því að fá miklu kaldara árferði á síðasta áratug, og reynslan sýnir okkur, að þær ályktanir, sem áður voru dregnar, standast ekki.

Það þarf engan að undra, þó að það taki nokkurn tíma að átta sig á því, hvernig bregðast skal við nýjum viðhorfum. Og alveg sérstaklega finnst mér, að það hafi komið í ljós, að á þessu góðærisskeiði var notaður til hins ýtrasta sá gróðurmáttur, sem íslenzka moldin fól í sér, með óhæfilega mikilli notkun tilbúins áburðar, sem kom enn þá verr niður, þegar aftur kólnaði, af því að þá var of langt gengið á þann forða, sem jarðvegurinn þurfti alltaf að skila, til þess að sæmileg uppskera fengist. En hitastigið ræður miklu um það, hversu mikils má krefjast af okkar ágætu gróðurmold.

Ég vil ekki lengja þetta mál, en ég vil aðeins láta það koma hér fram, að ég álít, að það sé mjög rangt að vera með ádeilur hvort heldur er á rannsóknarstofnanirnar og rannsóknarmennina eða ríkisstj. út af því, að hún hafi ekki staðið í stöðu sinni til þess að reyna að bægja þeirri vá frá landbúnaðinum, sem þessi kalmál og grasleysi hafa sannarlega verið.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil segja hæstv. ráðh. út af umvöndunum hans í minn garð um málflutning, að hann mætti nú bara horfa í eigin barm. Hans málflutningur á Alþ. er ekki alltaf af þeim toga, að honum farist að siðsæma aðra. Og ég tek ekki við neinum umvöndunum frá hæstv. ráðh. varðandi málflutning hér í þinginu.

Ég hef ekki dregið neitt úr því, að hæstv. ríkisstj. hafi brugðizt við varðandi stuðning við hey- og fóðurkaup. Það gagnrýndi ég ekki neitt. En hinu hélt ég fram, að hún hafi ekki haft nægilega forustu um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir fóðurskortinn og koma í veg

fyrir fjárhagslega erfiðleika af hans völdum, en það er of langt mál að rekja nánar hér í aths.-tíma.

Ég vil ekki fallast á það með hæstv. ráðh., að ríkisstj. geti ekkert gert til forustu um bættar aðferðir í heyverkun annað en að fjölga ráðunautum. Það er hægt með framlögum og í gegnum ýmis löggjafarariði að stuðla að því, að hér séu teknar upp nýjar, betri og tryggari aðferðir við verkun heyfengsins en nú eru um hönd hafðar. Það er hægt, ef vilji eða skilningur er fyrir því hjá stjórnarvöldum, með stuðningi við tækjaöflun, með stuðningi við byggingarnar o. s. frv., því að þegar menn eru komnir í það fjármálalegt öngþveiti, sem grasleysi margra ára hefur leitt marga bændur í, þá eru þeir ekki mikils umkomnir í því að byggja upp og gera þær ráðstafanir, sem þarf, til þess að þeir geti haldið áfram búskap með eðlilegum hætti. Og það er ekki til neins fyrir hæstv. ráðh. að láta líta svo út hér sem hann viti ekki, að lausaskuldafyrirgreiðslan er allsendis ófullnægjandi. Auðvitað vitum við allir, að hún hefur í mörgum tilfellum komið mönnum að góðu gagni, en við vitum líka jafnvel, að í mörgum tilfellum hefur hún alls ekki náð að verða mönnum að liði, og það var það, sem ég vék að hér áðan.

Svo skal ég aðeins koma inn á þetta, sem ég gagnrýndi, að seint hefði verið við brugðið. Hæstv. ráðh. sagði frá því, að hann hefði komið austur 1965 og séð kalið. En það markar engin tímamót í kalsögunni, þó að einhver hæstv. ráðh. komi í einhvern landsfjórðung og sjái með eigin augum kalið það árið. Það er ekki það, sem úrslitum ræður og markar tímamót.

Mér kemur það alveg furðulega fyrir sjónir, þegar hv. 3. þm. Austf. segir, að hér hafi verið góðæri fram til 1960. Ég hélt, að hann hefði verið á Austurlandi í kringum 1950, þegar þar gengu yfir óskapleg harðindi ár eftir ár, vorkuldarnir 1949, rigningasumarið 1950, sem á sér engan líka í manna minnum, og síðan veturinn, þegar snjór lá yfir öllu landi fram á sumar. Ég man eftir því heima hjá mér, að við grófum upp túngirðinguna undan snjó 1. júlí 1951. Og síðan komu fleiri hörð vor. Kalið fyrir austan og sums staðar fyrir norðan byrjaði strax 1951. Það byrjaði þá að gera vart við sig. En árin eftir 1960 var óskaplegt kal á stórum svæðum á Fljótsdalshéraði, einkum 1962. Þó að hæstv. ráðh. hafi þá ekki komið til Austurlands og ekki séð kalið með eigin augum, þá var það samt fyrir hendi og olli mönnum óskaplegu tjóni. Hann þarf þess vegna ekki að vænta þess, hæstv. ráðh., að við komum hér upp í fsp.-tíma og þökkum fyrir viðbragðið, að það var skipuð kalnefnd 1969 og lagðar út tilraunir 1965. Það er ekki ástæða til að þakka fyrir það. Og það er yfirleitt ekki hægt að ætlast til þess af þm. í fsp.-tíma, sem á ekki að vera nema einar 5 mínútur, að þeir geti eytt þeim tíma í þakkarávörp. Þeir eru að leita upplýsinga um tiltekin atriði og þá um leið að gagnrýna það, sem þeim finnst áfátt. Til þess eru fsp. að fá upplýsingar og benda á atriði, sem þurfi úr að bæta. Þakkirnar verðum við, held ég, að láta koma fram á öðrum tíma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta vissi ég nú, að hv. 5. þm. Austf. hefði gjarnan viljað þakka ýmislegt, en hv. þm. verður vissulega fyrirgefið, þó að hann eyddi ekki tíma sínum í það, ef hann hefði verið eðlilega sanngjarn að öðru leyti. En það er þetta, sem hv. þm. er enn að tala um, að það hafi verið seint við brugðið, og hann er að tala um ægilega mikið kal 1950 og 1951. Það mun rétt vera, að það mun hafa verið kal 1952 og líklega líka 1955. Ég get nú þakkað fyrir það, að til þess var ætlazt, að ég brygði við fljótt eftir 1959, þegar ég tók við þessum málum, að láta rannsaka það, sem ekki var gert, á meðan flokkur hv. þm. var í stjórn. En ég ætla nú ekki að fara að metast um þetta. Ég held, að það sé ekki heldur rétt að ásaka þær ríkisstj., sem voru við völd 1950—1959, um skeytingarleysi í þessum málum, vegna þess að kalið kom þó ekki nema öðru hverju og alltaf voru nokkrar rannsóknir á tilraunastöðvunum og hjá rannsóknarstofnun þeirri, sem landbúnaðurinn hafði. Þetta var alltaf gert að meira eða minna leyti, þótt ekki hafi verið skipulega eða vel að þessum málum unnið fyrr en nú í seinni tíð, eftir að kalið fór að sækja einhverja landsmenn heim árlega. Og ég held, að þegar við ræðum þetta af fullri sanngirni, þá sjáum við, að það hefur verið eðlilega að þessu staðið á allan hátt.

Um það forustuleysi ríkisstj. að beita sér ekki fyrir nýjum heyverkunaraðferðum, vil ég aðeins segja það, að Stéttarsamband bænda gerði till. um það að fá aukafjárstyrk til súgþurrkunar, vegna þess að bændurnir töldu, að það væri meginatriði fyrir þá að hafa súgþurrkun og tryggja sig þannig gegn rosanum. Og það er alveg vitað mál, að þeir bændur, sem hafa súgþurrkun, geta blásið heitu lofti, geta alltaf bjargað sér í rigningunni, og þess vegna er það, að það eru flestir bændur komnir með súgþurrkun og hafa fengið ríflegan styrk frá því opinbera, bæði samkv. jarðræktarlögum og aukastyrk til þess að koma þessu á. Hitt er svo annað mál, að það má þurrka hey með ýmsu móti. Það má gera það með aðferð Benedikts frá Hofteigi, það má gera það með aðferð Einars Guðjónssonar, það má gera það með aðferð Sigurbjörns Árnasonar og það má gera það með aðferð Ágústs Jónssonar. En allar þessar aðferðir kosta nýja fjárfestingu hjá bændum, einnig hjá þeim, sem eru búnir að koma sér upp súgþurrkun, ef þeir vilja breyta til, og alveg óvíst, að sú breyting yrði nokkuð til batnaðar. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég sé á móti því, að nýjar tilraunir séu gerðar til heyverkunar, en er það nú ekki eðlilegt, að ríkisstj. taki til greina till. Stéttarsambandsins og Búnaðarfélagsins? Og það er það, sem núv. ríkisstj. hefur gert. Hún hefur vissulega tekið til greina till. Stéttarsambandsins og Búnaðarfélagsins, og mér er ánægja í að segja það, að samband milli ríkisstj. og þessara stofnana bændanna hefur verið með ágætum. Og vissulega er eðlilegt, að sá ráðh., sem fer með landbúnaðarmál, hafi gott samband við samtök bændanna og hafi samráð við þá um þær nýjungar, sem æskilegt þykir að innleiða landbúnaðinum til gagns, bæði í nútíð og framtíð.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er nú ekki tími til í fsp.-tíma að fara ofan í þessi mál, en út af ræðu hæstv. ráðh. verð ég að segja, að ég held, að ýmsum bændum á Norðurlandi og Austurlandi hafi fundizt, að öðruvísi væri tekið á þessum málum eftir að kalið herjaði Suðurland en á meðan það var fyrst og fremst bundið öðrum landshlutum, t. d. fyrir norðan og aust-

an. Og ég veit um það, að margir bændur á Norðurlandi tóku eftir því, að kalnefndin var fyrst skipuð á árinu 1969.

Varðandi það atriði, að rn. hafi farið eftir till. Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins í sambandi við þessi mál, þá vil ég nú draga í efa, að það hafi verið að öllu leyti. Ég man ekki betur en Búnaðarfélagið og Stéttarsambandið hafi skorað á ráðh. og ríkisstj. að styrkja meira grænfóðurræktun og koma upp votheysgeymslum á bændabýlum, einmitt vegna þess að það hefur sýnt sig, að eina leiðin á þessum stöðum, sem kalið hefur herjað, er að breyta til, auka grænfóðurræktunina og nota það hey á túnunum, sem er yfirleitt mjög mikill arfi í, nota það í vothey. Ég hef ekki orðið var við, að ráðh. hafi haft uppi till. hér á þingi um að auka styrk til votheysgeymslna. Ég veit ekki annað en setzt hafi verið á þau frv., sem við höfum komið með í þessu efni, sem er gert einmitt að beiðni þessara félagssamtaka, sem hann segir nú, að hann fari eftir í sínum framkvæmdum.

Í sambandi við forustuna í þessum málum, þá held ég, að eitt það alvarlegasta í þessum málum hjá okkur núna sé þetta kal og hvernig á að bregðast við því. Það verður sjálfsagt ekki fundin lausn á því öðruvísi en reyna að rækta aðrar tegundir en við erum með í okkar ræktunarlöndum. Hver er forustan í því? Ég er ekki nógu kunnugur því, en ég hef ekki orðið var við það, að þarna sé nein viðleitni, a. m. k. ekki að ráði. Við heyrum sífellt utan úr hinum stóra heimi um nýja og nýja sigra á þessum sviðum, t. d. harðgerðari tegundir, sem gefa meira uppskerumagn. Ég held, að það þurfi að sinna þessum þætti fyrst og fremst. Það er ekki nóg að gera bráðabirgðaúrlausnir á síðustu stundu, eins og þegar fóðurskorturinn er. Það verður að reyna einhvern veginn að grafast fyrir meinið.

Hæstv. ráðh. sagði í sambandi við bæði heyverkunaraðferð Benedikts frá Hofteigi og annarra, að ekki væri víst, að það væri hin rétta leið. Vantar ekki rannsóknir á þessu sviði? Er það ekki einmitt hins opinbera að reyna að finna hagkvæmustu og beztu aðferðina úr þeim tilraunum, sem hafa verið gerðar? Og er líklegt, að það komi fram hjá einstaklingunum? Verður ekki hið opinbera að ganga þarna á undan, svo það séu kunnáttumenn, sem stjórna þessum rannsóknum? Er nokkurt vit í því, að Pétur og Páll séu að þreifa sig þannig áfram og eyða miklum verðmætum til þessara hluta? Er þá ekki eðlilegra og árangursríkara, að það sé ríkisvaldið? Ég held nefnilega, að forustuna hafi brostið í þessum málum, og ég vil taka undir það, sem hv. 5. þm. Austf. sagði áðan, að það er áreiðanlegt, að það þarf að standa öðruvísi að þessum málum.

47. Skipting tekna af launaskatti.

Á deildafundum 2. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til fjmrh. um skiptingu tekna af launaskatti [195. mál, 1] (A. 320).

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það, sem spurt er um, er svo greinilegt, að ég tel óþarft að láta fylgja því frekari skýringar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í fsp. er óskað upplýsinga um tiltekna skiptingu á launaskatti á árinu 1969 eða 1970. Það er því miður ekki hægt að fá fullnægjandi upplýsingar um árið 1970, en eftir því sem næst verður komizt varðandi árið 1969 um skiptingu á innheimtum launaskatti milli þeirra stofnana, sem spurt er að í hinum þremur liðum fsp., þá er skiptingin sem hér segir:

Heildarlaunaskattur 1969, sem lagður var á laun á því ári, var 166.7 millj. kr. Skatturinn skiptist þannig: Á ríkisfyrirtæki í a-hluta ríkisreiknings 15.2 millj., á fyrirtæki í b-hluta ríkisreiknings 13.6 millj., á ríkisbanka 2.4 millj. eða samtals á fyrirtæki, sem spurt er um í 1. lið, 31.2 millj. kr. eða 18.7%. Sveitarfélög hafa greitt 11.2 millj. kr., þar af bæjarútgerðir 1.2 millj., og er hlutfallstalan 6.7%. Launaskattur annarra aðila var því 124.3 millj. eða 74.6%.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans.

48. Náttúruvernd.

Á deildafundum 1. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um frv. til l. um náttúruvernd [195. mál, 5] (A. 320).

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi fsp. þarf ekki langrar framsögu við, en áhugamenn um náttúruverndarmál voru mjög ánægðir, þegar hæstv. forsrh. lýsti því yfir í sinni nýársræðu, að ríkisstj. mundi flytja náttúruverndarfrv. og beita sér fyrir nýrri lagasetningu í því efni. Þessi fsp. er flutt eingöngu til þess að minna á, hversu áliðið er orðið þingtímans, ef ætlunin er að ljúka þinginu jafnvel fyrir páska. Menn hafa orðið áhyggjur af þeim málum, sem ekki eru enn þá komin fram, en ættu að ná fram að ganga, og þetta er eingöngu flutt í því skyni að láta í ljósi slíkar áhyggjur við hæstv. ríkisstj.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég

vona, að hægt verði að útbýta stjfrv. um náttúruvernd í næstu viku.

49. Stofnlán fiskiskipaflotans.

Á deildafundum 1. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um afborganir og vexti af stofnlánum fiskiskipaflotans [195. mál, 2] (A. 320).

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 320 flytjum við þrír þm. Alþb. svo hljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh. um greiðslur af aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa og til útgerðarfyrirtækja:

„Hve miklu er áætlað, að afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa nemi á árinu 1970:

a) af togurum,

b) af öðrum fiskiskipum?"

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hefði nú talið langtum æskilegra, — svona rétt til ábendingar fyrir hv. Alþ. í framtíðinni, — að slíkum fsp., sem útheimta mikið af tölum, ef svara á til fullnustu, yrði langtum fremur útbýtt skriflega, þannig að öllum hv. alþm. tækist að höndla þær tölur, sem töluvert er erfitt oft, þegar þær eru fluttar svona af munni fram, en ég skal reyna að svara þessari fsp. það rólega, að þm. ætti að vera mögulegt að ná þessum tölum niður, en ég bendi á þetta sem leið í framtíðinni, að slík svör væri æskilegra fyrir þm. almennt að fá skrifleg til sín á borðið heldur en lesin upp úr ræðustól. Svar mitt við þessari fsp. er svo hljóðandi:

Afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa nema á árinu 1970: Af togurum 22.4 millj. kr. í afborganir, 11.6 millj. kr. í vexti. Önnur fiskiskip hafa greitt í afborganir 273.6 millj. kr. og í vexti 152.6 millj. kr. Skiptast þessar greiðslur þannig, að á árinu 1970 var greitt af skipalánum hjá Fiskveiðasjóði Íslands, af togurum í afborganir 3.3 millj. kr., í vexti 0.3 millj. kr. Önnur fiskiskip greiddu af lánum hjá Fiskveiðasjóði á sama ári, 1970, í afborganir 257.6 millj. kr. og í vexti 150.7 millj. kr.

Árgjöld 1970 af svonefndum R-lánum vegna togara, sem voru á vegum stofnlánadeildar sjávarútvegsins, en eru nú í vörzlu Seðlabankans, nema 0.8 millj. kr. í afborganir og 0.1 millj. kr. í vexti.

Áætlaðar greiðslur 1970 af þeim stofnlánum vegna togara, sem eru á vegum Ríkisábyrgðasjóðs, nema 18.3 millj. kr. í afborganir og 11.2 millj. kr. í vexti. Eru hér taldar greiðslur af þeim lánum, sem talizt geta virk, þ. e. greiðslur, sem falla á útgerðaraðila skipanna, og eru meðtalin lán vegna skipa, sem ekki eru lengur gerð út, hafa verið tekin af skipaskrá.

Á árinu 1970 má ætla, að greiðslur af lánum vegna hinna austur-þýzku togara, sem svo eru nefndir, öðru nafni tappatogarar, eins og stundum hefur heyrzt, verði sem hér segir: Afborganir 15.5 millj. kr. og vextir 1.7 millj. kr. Greiðslur af lánum vegna annarra fiskiskipa hjá Ríkisábyrgðasjóði eru: Afborganir 0.5 millj. kr. og vextir 0.2 millj. kr.

Ég vona, að ég hafi lesið þetta það hægt, að hv. þm. hafi náð þessum tölum niður, en þær eru meginuppistaðan í svarinu.

50. Greiðslur af aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa og til útgerðarfyrirtækja.

Á deildafundum 1. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvrh. um greiðslur af aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa og til útgerðarfyrirtækja [195. mál, 3] (A. 320).

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Í tengslum við þá fsp., sem hæstv. ráðh. var að enda við að svara, flytjum við sömu þm. og stöndum að fyrri fsp. svo hljóðandi fsp. til sjútvrh. um greiðslur af aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa og til útgerðarfyrirtækja:

„Hversu miklu er áætlað, að greiðslur af óskiptu aflaverðmæti samkv. lögum nr. 79 31. des. 1968 nemi á árinu 1970:

1) Í Stofnfjársjóð fiskiskipa:
   a) til togara,
   b) til annarra fiskiskipa?
2) Til útgerðarfyrirtækja, sem hlutdeild í almennum útgerðarkostnaði?"

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Samkv. upplýsingum Fiskifélags Íslands og Efnahagsstofnunarinnar um áætlað aflaverðmæti á árinu 1970 verður svarið við fsp. svo sem hér segir. Ég undirstrika „áætlað aflaverðmæti", þess vegna er ekki um endanlegar tölur að ræða. Endanlega hefur ekki verið unnt að ganga frá málinu, en samkv. fsp. verður svar mitt svo hljóðandi:

1. Í Stofnfjársjóð fiskiskipa:
   a) til togara 132.8 millj. kr.,
   b) til annarra fiskiskipa 433.9 millj. kr.
   eða samtals 566.7 millj. kr.

2. Til útgerðarfyrirtækja, sem hlutdeild í almennum útgerðarkostnaði, 310.5 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin.

51. Setning reglugerðar um skóla samkv. 15. gr. laga um fávitastofnanir.

Á deildafundum 1. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til heilbrmrh. um setningu reglugerðar um skóla samkv. 15. gr. laga nr. 53 frá 22. apríl 1967, um fávitastofnanir [195. mál, 4] (A. 320).

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 320 leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til heilbrmrh.:

„Hvað líður setningu reglugerðar fyrir skóla gæzlusystra samkv. 15. gr. laga nr. 53 frá 22. apríl 1967, um fávitastofnanir?"

Til skýringar vil ég leyfa mér að lesa upp 15. gr. þessara laga, sem vitnað var til, nr. 53 frá 1967, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við aðalfávitahæli ríkisins skal reka skóla til að sérmennta fólk til fávitagæzlu. Forstöðumaður er skólastjóri, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu. Um stjórn skólans, námstíma, námsefni, prófkröfur og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð."

Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hefur þessi reglugerð enn ekki verið sett. Hins vegar hef ég ekki getað fengið upplýst, af hverju þessi dráttur stafar á því að setja reglugerðina. Mér þykir þessi dráttur orðinn nokkuð langur og eiginlega bera vitni um einkennilegt tómlæti, og raunar finnst mér þessi dráttur enn þá óskiljanlegri fyrir þá sök, að þessi skóli hafði þegar starfað um nokkurn tíma, áður en lög nr. 53 1967 voru sett, eða að því er mér er tjáð, að einhverju leyti jafnvel allar götur frá 1958. Þess vegna verður því varla borið við, að það sé ekki á reynslu að byggja. Mér er og kunnugt um, að fulltrúar gæzlusystrafélagsins, þeirra, sem hafa lokið námi í þessum skóla, hafa leitað eftir því, að þessi reglugerð væri sett, en án árangurs. Ég efast út af fyrir sig ekki um það, að þessi skóli, sem hér er um að ræða, starfi eftir einhverjum föstum reglum, en það eru ekki reglur, sem settar hafa verið í reglugerð, eins og gert er ráð fyrir í lögunum og beinlínis boðið þar, heldur væntanlega þá reglur, sem settar eru af skólastjóra. En það er auðvitað í alla staði eðlilegt, að reglur um skólann séu settar í reglugerð, þannig að þær séu birtar og liggi ljóst fyrir.

Ekki þarf að fjölyrða um það, að vel verður að vanda til náms þeirra, sem eiga að annast þau málefni, sem hér er um að ræða. Þetta eru viðkvæm mál, og þeir, sem umönnunar eiga að njóta, geta ekki kvartað. Ég er ekki sérstaklega kunnugur þessum málum, en við mig hafa talað fulltrúar úr félagsskap gæzlusystra. Þar gætir óánægju yfir því, að þessi reglugerð skuli ekki hafa verið sett. Það gefur og auga leið, að fyrir nemendur og þá, sem hyggja á nám í þessum skóla, er bagalegt, að þessi reglugerð skuli enn ekki hafa verið sett. Ég hef leyft mér að bera fram þessa fsp. til hæstv. ráðh. til þess að fá skýringu á því, af hverju þessi dráttur stafar, og jafnframt til þess að vekja athygli á þessu máli.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég verð að játa það, að þegar þessi fsp. var lögð á borðið, varð ég kannske ekkert síður undrandi en hv. þm. á því, hver dráttur hefði þarna á orðið. En hann á sínar skýringar, sem ég mun nú reyna að gera grein fyrir, þó að það verði í allmiklu lengra máli en ég hefði óskað, því að ég reyni yfirleitt að haga svörum mínum þannig, að þau séu sem allra stytzt eða skýrust.

Menn gætu haldið, að með umræddum lögum og lagagreininni þar með, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, hafi verið ákveðið, að stofnaður skyldi sérstakur skóli, sem ekki var til á þeim tíma. Þessu er hins vegar ekki þannig farið, því að haustið 1958 var byrjað að reka skóla við fávitahælið í Kópavogi fyrir starfsstúlkur, sem síðan hlutu nafnið gæzlusystur. Þetta skólahald byrjaði fyrir áeggjan þáv. landlæknis, Vilmundar Jónssonar, og var þá gert til reynslu til að bæta úr brýnni þörf, því að þá var mikill skortur á faglærðu starfsfólki, jafnvel starfsstúlkum, svo sem er því miður enn í dag í mörgum af okkar sjúkrahúsum. Allt var þetta gert í fullu samráði við stjórnarnefnd ríkisspítalanna, og sá stjórnarnefndin um auglýsingar í dagblöðunum um þetta mál. Fyrsta auglýsing um þetta efni birtist í sept. 1959, þar sem svo var komizt að orði, að stúlkur, sem vildu læra gæzlu og umönnun vangefinna, gætu komizt að námi í Kópavogshæli þá um haustið. Þær stúlkur, sem lokið hafa námi í skólanum, hafa fengið prófskírteini, þar sem tiltekið er, að þær hafi stundað nám í gæzlu og umönnun vangefinna, staðizt tilskilin próf að loknum námstíma og að kennari og prófdómari telji þær hæfar til starfsins.

Frá upphafi hafa útskrifaðar gæzlusystur átt þess kost að vera fastráðnir ríkisstarfsmenn á Kópavogshæli með þeim réttindum og skyldum, sem slíkri ráðningu fylgja. Þær hafa einnig verið ráðnar af öðrum stofnunum fyrir vangefna. Þær hafa annazt umsjón og verkstjórn á hælisdeildum sem deildargæzlusystur og gæzlusystur. Fyrstu árin tóku þær laun eftir 11. og 12. flokki þágildandi launalaga, og samkv. úrskurði kjaradóms 1963 var þeim skipað í 12. launaflokk. Eftir kjaradóm 1965 var þeim raðað í 13. launaflokk, og samkv. nýgerðum kjarasamningum eru gæzlusystur nú í 14. launaflokki og deildargæzlusystur í 15. launaflokki.

Frá upphafi hefur um inntökuskilyrði og nám verið fylgt reglum, sem settar voru af forstöðumanni og yfir-

lækni í samráði við stjórnarnefnd ríkisspítala, og var um nám og undirbúning aðallega stuðzt við samsvarandi kennslu í Danmörku. Námstíminn er tvö ár og skiptist í bóklegt nám og verklegt. Bóklegar kennslugreinar eru eftirfarandi: Sjúkdómafræði og meðferð fávita og þar undir líkamsfræði, undirstöðuatriði í sjúkdómafræði um smitsóttir, helztu fávitasjúkdóma og geðsjúkdóma. Auk þess er kennt um helztu lyf, sem gera má ráð fyrir, að þurfi að nota á deildum fávitahæla, hjúkrun, heilsufræði og hjálp í viðlögum. Kennd eru hentug handbrögð við hjúkrun og daglega snyrtingu sjúkra, meðferð almennra sára, hirðing legusára og varnir gegn þeim, aðgæzla við lyfjagjafir og sóttvarnir, og sérstök áherzla er lögð á hjúkrun afbrigðilegs fólks. Einnig er kennt um meðferð ungbarna, daglega hirðu þeirra og fæðuþörf ásamt fæðuþörf fullorðinna og um vaneldiskvilla, sem helzt koma fyrir hjá slíku fólki. Í hjúkrunarfræði er farið allítarlega yfir það, sem við kemur persónulegri hirðu og framkomu, heilsusamlegum lifnaðarháttum og heilsuvernd. Nokkuð ítarlega er kennd hjálp í viðlögum, sérstaklega lögð áherzla á slys í heimahúsum, rétt viðbrögð við beinbrotum, bruna, rafmagnsslysum, blæðingum, köfnun og eitrun. Kennd er lífgun úr dauðadái, bæði með blástursaðferð og hjartahnoði. Í uppeldis- og sálarfræði er lögð sérstök áherzla á þau atriði, sem að gagni mega koma á stofnun við uppeldi vangefinna barna og umgengni við fávita almennt. Þá er lögð áherzla á að kenna nemum einfalt föndur með það fyrir augum, að nemarnir geti leiðbeint vistfólki bæði börnum og fullorðnum við ýmiss konar föndurgerð, svo sem pappírsföndur, saum, tóvinnu og því um líkt. Nemar eru æfðir í að syngja og leika létt sönglög, einkum gítarleik eða blokkflautuleik, og er stefnt að því, að nemar geti aðstoðað vistfólk við söng á deildum.

Eins og fyrr segir, er námstíminn tvö ár og skiptist þannig, að bókleg kennsla er um 12 stundir á viku og fellur inn í vinnutímann, þannig að vinnutíminn styttist að þessu marki. Fyrstu þrír mánuðir námstímans skoðast sem reynslutími af beggja hálfu, og hætta nemar að þeim tíma loknum, ef þeim fellur ekki starfið eða er bent á að hætta, ef forstöðumaður skólans telur þeim ekki henta starfið.

Fyrstu ár skólans voru nemar aðeins 2—3. Þannig útskrifuðust á árinu 1960 2, á árinu 1961 3, en síðustu ár hefur nemum fjölgað, þannig að á árinu 1969 útskrifuðust 9 gæzlusystur og á árinu 1970 7 gæzlusystur. Alls hafa útskrifazt 47 gæzlusystur frá upphafi hér innanlands.

Eins og sést á þessu yfirliti, þá hefur skóli gæzlusystra verið í allföstu kennslu- og rekstrarformi um 10 ára bil. Hann hafði þegar mótazt í því formi, sem hann er nú, þegar lög um fávitastofnanir voru sett og þegar segja má, að þetta nám hafi verið lögfest.

Þegar lög um fávitastofnanir voru sett, var vitað, að um gagngerðar breytingar var að ræða í fræðslulögum almennt og því yrði sennilega nauðsynlegt að samræma inntökuskilyrði, námsefni og námið sem heild nýjum fræðslulögum. Af þessum sökum var það álit stjórnarnefndar ríkisspítalanna og forstöðumanns skólans, að bíða ætti með setningu reglugerðar, þar til séð yrði, hvernig nám gæzlusystra gæti tengzt eðlilega hinu almenna skólakerfi, og því hefur skólinn verið rekinn eftir setningu laga um fávitastofnanir eins og áður, en gera verður ráð fyrir því, og ég lýsi því yfir sem vilja mínum nú, að fljótlega verði hægt að marka þessum skóla sess í kennslukerfinu í eðlilegum tengslum við aðra skóla, sem mennta hjálpar- og hjúkrunarlið á heilbrigðisstofnunum. Ég tel eðlilegt, að í sambandi við setningu þeirrar reglugerðar verði höfð hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengin er á undanförnum árum af rekstri þessa skóla, og haft verði samstarf við gæzlusystur við setningu reglugerðarinnar.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir svör hans, og ég vil út af fyrir sig þakka honum fyrir fróðlega grg. um það, hvernig þessum skóla er háttað, hvað þar er kennt o. s. frv., sem voru gagnlegar upplýsingar. En það var þó ekki beint það, sem ég spurði um. Ég gat þess í mínum inngangsorðum, að ég gerði ráð fyrir því, að það væri farið eftir föstum reglum í þessum skóla, og ég gat þess þar einnig, að skólinn mundi hafa starfað frá 1958, og einmitt af þeim sökum, að skólinn hafði starfað allmörg ár, áður en hann var lögfestur, þá átti að vera þeim mun auðveldara að setja strax reglugerð um skólann, eins og boðið er í þessum lögum. Og það er enginn vafi á því, að það hefur verið tilætlun löggjafans.

Það er auðvitað ágætt, að þessar gæzlusystur, sem þarna útskrifast, eiga að vísu að ganga og fá atvinnu. En eigi að síður er náttúrlega æskilegt, að það sé kveðið nánar á um það í reglugerð, hver séu réttindi þeirra. Og alla vega er það vegna tillitsins til þeirra, sem ætla sér að sækja þennan skóla og leggja slíka atvinnu fyrir sig, æskilegt og nauðsynlegt, að það liggi fyrir alveg opinberlega, hvaða kröfur eru gerðar, að því er varðar inntökuskilyrði, hvernig námi er þarna háttað, hvaða réttindi próf úr þessum skóla veita o. s. frv. Ég held þess vegna, að þessi dráttur, sem á því hefur orðið að setja reglugerð, sé út af fyrir sig ekki réttlættur og hafi ekki verið réttlættur með svari hæstv. ráðh., þó að mér detti ekki í hug að halda því fram, að það hafi á nokkurn hátt verið illa á haldið í þessum skóla. Það geri ég ekki.

En þetta er aukaatriði, og aðalatriðið er sú yfirlýsing, sem fram kom hjá hæstv. ráðh. á þá lund, að hann mundi nú beita sér fyrir því án ástæðulausrar tafar, að sett yrði reglugerð fyrir þennan skóla, og þá yfirlýsingu vil ég sérstaklega þakka. Og ég vænti þess, að það verði ekki langur dráttur á því eftir þetta, að þessi reglugerð sjái dagsins ljós. Og þá hefur þessi fsp. borið árangur, ef hún verður til þess að hraða þessu og hefur orðið til þess að vekja athygli hæstv. ráðh. á þessu, en hann hefur, eins og kunnugt er, ekki fjallað um þessi mál áður.

52. Raforkumál.

Á deildafundum 1. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til iðnrh. um raforkumál [195. mál, 6] (A. 320).

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og mönnum er kunnugt, er nú mjög mjótt á munum, að vatnsaflsstöðvar Landsvirkjunar geti fullnægt eftirspurn örugglega. Ástæðan er sú, að Búrfellsvirkjun er ekki nema hálfgerð. Það er aðeins búið að koma upp helmingnum af vélakosti hennar, og auk þess er vatnið í Þjórsá stundum ekki nægilegt til þess, að þessar vélar geti starfað með fullum afköstum, auk þess sem stundum bætast við sérstök vandræði vegna ísmyndunar eða ísa, sem loka að nokkru leyti inntaksmannvirkjum, eða nota verður mikið vatn til þess að fleyta ísnum fram hjá. Jafnhliða þessu hefur álbræðslan í Straumsvík verið stækkuð örar en upphaflega var áformað, og því hefur orkuþörfin þar orðið meiri. Af þessu hefur það leitt, að margsinnis hefur orðið að nota varastöðvar, gasaflsstöðina í Straumsvík og gufuaflsstöðina við Elliðaár, og framleiða þarf raforku með innfluttu eldsneyti, en það er að sjálfsögðu mjög kostnaðarsamt. Auk þessa hefur orðið að grípa til þess nokkrum sinnum að skammta raforku til Áburðarverksmiðjunnar, og hefur það dregið allverulega úr afköstum hennar, og er það í sjálfu sér ærið íhugunarefni, að þannig skuli vera haldið á málum, að það skuli geta komið til, að skammta verði raforku til íslenzkrar verksmiðju, sem er eign ríkisins, til þess að geta fullnægt samningum, sem gerðir hafa verið hér við erlenda aðila. Ég tel, að þetta mál sé þannig vaxið, að eðlilegt sé, að hæstv. ríkisstj. gefi Alþ. skýrslu um það, og því hef ég leyft mér að bera hér fram fsp. á þskj. 320, þar sem spurzt er fyrir um aðalþætti þessa máls:

1. Hver er hámarksorkuþörf á orkuveitusvæði Landsvirkjunar og hver er örugg orkuframleiðsla frá vatnsaflsstöðvum hennar?
2. Hversu mikil orka hefur verið framleidd í gasaflsstöðinni í Straumsvík og gufuaflsstöðinni við Elliðaár að undanförnu og hversu mikill er kostnaðurinn af þeirri raforkuframleiðslu?
3. Hversu mikil brögð hafa verið að skömmtun á raforku til Áburðarverksmiðjunnar og hver aukakostnaður hefur hlotizt að þeirri skömmtun fyrir verksmiðjuna?

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Iðnrn. hafa borizt eftirfarandi svör við þeirri fsp., sem nú var gerð grein fyrir af hv. 6. þm. Reykv.:

1. Hver er hámarksorkuþörf á orkusvæði Landsvirkjunar, og hver er örugg orkuframleiðsla frá vatnsaflsstöðvum hennar? Því er svarað á eftirfarandi hátt: Mesta aflþörf er nú 195 mw. og orkuþörfin 1340 millj. kwst. á ári. Afkastageta vatnsaflsstöðvanna er nú 210 mw. og 1400 millj. kwst. á ári. Í haust mun ný 40 mw. vél í Búrfellsstöð ásamt miðlun úr Þórisvatni taka til starfa, og næsta vetur bætast svo aðrar tvær 40 mw. vélar við.
2. Hversu mikil orka hefur verið framleidd í gasaflsstöðinni í Straumsvík og gufuaflsstöðinni við Elliðaár að undanförnu og hversu mikill er kostnaðurinn af þeirri orkuframleiðslu? Þessu er svarað á eftirfarandi hátt: Á árunum 1966—1969 var orkuframleiðslan með olíu að meðaltali 8.5 millj. kwst. á ári, en 3.9 millj. kwst. á árinu 1970, þar af 2.1 millj. kwst. vegna staurabrots í Búrfellslínu og 0.9 millj. kwst. vegna prófana. Miðað við núverandi olíuverð er olíukostnaðurinn vegna þessarar framleiðslu á árinu 1970 5.9 millj. króna.
3. Hversu mikil brögð hafa verið að skömmtun á raforku til Áburðarverksmiðjunnar og hver aukakostnaður hefur hlotizt af þeirri skömmtun fyrir verksmiðjuna? Því er svarað á eftirfarandi hátt: Á árunum 1966—1969 nam skömmtunin á raforku til Áburðarverksmiðjunnar að meðaltali 54 millj. kwst. á ári, en tæpum 3 millj. kwst. á árinu 1970. Ef Áburðarverksmiðjan flytur inn ammóníak til þess að mæta sömu skömmtunum og á árinu 1970, þá er aukakostnaður hennar af því 750 þús. kr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. En ég vænti þess að fá þessi svör frá honum skriflega einnig, því að það er erfitt að átta sig á þeim tölum svona af því að heyra þær. Hins vegar er ég ekki alveg viss um, að það sé hægt að kalla framleiðslugetu þá, sem nefnd var, örugga orkuframleiðslu. Það hefur komið í ljós, að svo er ekki. Hún hefur farið niður fyrir það nokkrum sinnum vegna ísamyndana við Búrfell. Hins vegar eru horfur á, að úr þessu rætist aftur í haust.

Hæstv. ráðh. gat þess, að kostnaður á síðasta ári vegna reksturs á varastöðvunum hefði verið 5.9 millj. kr. Þar er að sjálfsögðu einvörðungu um að ræða kostnað vegna þess sérstaka samnings, sem hefur verið gerður við álbræðsluna í Straumsvík, því að við verðum örugglega að tryggja henni tiltekið raforkumagn. Og sama er að segja um skömmtunina á raforku til Áburðarverksmiðjunnar. Kostnaður vegna hennar er að sögn hæstv. ráðh. á síðasta ári 750 þús. kr., þ. e. aukinn tilkostnaður verksmiðjunnar, vegna þess að hún hefur ekki fengið næga raforku. Þetta eru staðreyndir, sem ágætt er, að hv. alþm. glöggvi sig á, vegna þess að þær bæta við enn einum þætti í það dæmi, hversu hagkvæmur raforkusamningur sá er, sem gerður var við álbræðsluna í Straumsvík.

Eins og fram kom á s. l. ári, þá eru viðskiptin ákaflega mikil tapviðskipti fyrir okkur fyrstu árin. Í ár t. d. er kostnaður á raforkuframleiðslu Landsvirkjunar 41.3 aurar á kwst., og álbræðslan greiðir aðeins 22 aura. Við töpum á þessu ári í þessum viðskiptum 139 millj. kr. Á síðasta ári var tap okkar á þessum viðskiptum 155 millj. kr. Þetta tap fer svo minnkandi, en engu að síður verða þarna tapviðskipti fyrstu fimm árin. Og við þetta bætist svo það óhagræði, sem okkar eigin fyrirtæki verða fyrir, eins og Áburðarverksmiðjan, og sá aukakostnaður, sem er vissulega verulegur, sem hlýzt af því að framleiða raforku með dýrum varastöðvum. En sem sagt, það er prýðilegt að fá þessar staðreyndir staðfestar af hæstv. ráðherra.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er sáralítið, sem ég þarf að segja, annað en það, að ef samningurinn hefði ekki verið gerður við álbræðsluna,

þá hefði bara Áburðarverksmiðjan þurft að kaupa rafmagn miklu dýrara verði og haft miklu meiri kostnað heldur en hún hefur eins og sakir standa. Þetta er aðalefni málsins. En ég er hérna með þetta skriflegt, og þm. óskaði eftir því.

53. Sementsverksmiðja ríkisins.

Á deildafundum 8. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til iðnrh. um Sementsverksmiðju ríkisins [204. mál, 1] (A. 347).

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér hér á þskj. 347 að beina til hæstv. iðnrh. svo hljóðandi fsp.:

„Hve lengi á að ríkja það bráðabirgðaástand um stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, sem nú hefur þjakað rekstur hennar á þriðja ár og skapað óánægju og óvissu hjá starfsliði hennar?

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, sem skipuð var til þess að endurskoða lögin um Sementsverksmiðjuna?

Hefur nefndin haft samráð við starfslið verksmiðjunnar við þessa endurskoðun?“

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal láta liggja á milli hluta þá staðhæfingu, sem felst í 1. málsl. fsp., um að bráðabirgðaástand hafi ríkt um stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, sem hafi þjakað rekstur hennar á þriðja ár og skapað óánægju og óvissu hjá starfsliði hennar. Það er hins vegar spurt um það, hvað líði störfum nefndar þeirrar, sem skipuð var til þess að endurskoða lögin um Sementsverksmiðjuna. Þessari endurskoðun er um það bil lokið. Ég átti hálfpartinn von á því jafnvel að fá nál. í dag eða á morgun, svo að það kemur nú í ljós innan tíðar.

Þá er spurt, hvort nefndin hafi haft samráð við starfslið verksmiðjunnar við þessa endurskoðun. Mér er kunnugt um það, að nefndin kynnti sér staðhætti, sumir nefndarmenn voru mjög kunnugir staðháttum þegar við rekstur Sementsverksmiðjunnar, en nefndin gerði sér einnig ferð upp eftir til þess að kynna sér sem bezt aðstæður. En við þessu vil ég einnig bæta því, að á liðnu hausti fóru á vegum ríkisstj. eða á kostnað ríkisstj. fulltrúar til Noregs til þess að sitja þar ráðstefnu um hið svokallaða atvinnulýðræði, sem nú er nokkuð mikið talað um, þ. e. að koma upp samstarfsnefndum í fyrirtækjum við stjórnun þeirra að einhverju eða öllu leyti. Ég á einnig von á alveg á næstunni að fá grg. frá þeim aðilum, sem fóru á þessa ráðstefnu, en það voru framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands, sem var formaður nefndarinnar, og fulltrúar frá Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu. Mér hefur verið tjáð, að um það sé samstaða innan nefndarinnar, að það væri mjög æskilegt að koma á slíkum samstarfsnefndum, eins og mjög hefur færzt í vöxt hjá frændum okkar á Norðurlöndum. Ég vildi aðeins bæta þessu við, til þess að það lægi fyrir að öðru leyti. En þess má vænta, að störfum nefndarinnar sé nú um það bil að ljúka í dag.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Það er í sjálfu sér frétt, að væntanleg sé núna innan skamms niðurstaða af starfi þeirrar nefndar, sem sett var til þess að endurskoða lögin um Sementsverksmiðju ríkisins. En hvernig sem niðurstaðan verður af þessu starfi, þá sýnist mér óhjákvæmilegt að gera að umtalsefni vissa þætti í sambandi við þessa nefnd og þá fyrst og fremst það, hvernig til hennar er stofnað, hvernig hún var skipuð. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar tveggja stjórnmálaflokka, og báðir þessir stjórnmálaflokkar eru núv. stjórnarflokkar. Manni hefði nú virzt eðlilegt, þar sem svo mikil og aukin virðing fyrir lýðræði er skyndilega uppi hjá hæstv. ríkisstj., eins og fram kom hér í ræðu hæstv. forsrh. áðan, þar sem hann ræddi um atvinnulýðræði, þá hefði manni fundizt eðlilegt, að þessarar lýðræðisástar hefði einnig gætt við skipan þessarar nefndar og stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu þar einnig átt sína fulltrúa.

Hæstv. ráðh. segist leiða hjá sér fullyrðingar í 1. lið fsp. um það, að óvissan vegna bráðabirgðaástandsins um stjórn Sementsverksmiðjunnar hafi þjakað rekstur hennar og skapað óánægju og óvissu hjá starfsfólki hennar. Ég byggi þetta á þeirri vitneskju, sem ég hef fengið af því að heimsækja Sementsverksmiðjuna öðru hverju og ræða þar við menn, og það er ekki að ástæðulausu, sem ég set þessa aths. í fsp., sannarlega ekki að ástæðulausu.

Svar hæstv. ráðh. við þeim lið fsp., hvort haft hefði verið samráð við starfslið verksmiðjunnar við endurskoðun laganna, það heyrðist mér vera næsta furðulegt. Hann segir ekki annað í þessu sambandi heldur en það, að nm. hafi kynnt sér þarna staðhætti. Þetta var ekki landfræðileg spurning. Þetta var ekki spurning um staðhætti, heldur hitt, hvort rætt hefði verið við þá menn, sem bezt þekkja til hinna daglegu starfa. Og það er sannarlega nauðsynlegt. Og ef einhver einlægur og sannur vilji er á bak við þessa fullyrðingu hæstv. ráðh., að hann vilji fara að auka atvinnulýðræði, þá ætti hann að beita áhrifum sínum og hefði átt að beita áhrifum sínum til þess, að þessi nefnd ræddi við starfslið verksmiðjunnar, þegar hún vann að þessari endurskoðun laganna. En ég get fullyrt það, að þetta var ekki gert, a. m. k. hafði það ekki verið gert eftir því sem þeir af starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar, sem ég ræddi við, sögðu mér, nokkru áður en ég lagði fram þessa fsp. Ekkert samráð hafði þá verið haft við starfslið Sementsverksmiðjunnar.

Mér finnst það nú reyndar þeim mun undarlegra, sem í þessari nefnd á sæti hv. 5. þm. Vesturl., sem nýlega hefur látið í ljós áhuga á atvinnulýðræði, eins og reyndar fleiri eru nú farnir að gera, með því að flytja till. um samstarfsnefnd, sem starfa skuli við Áburðarverksmiðju ríkisins. Mér skilst reyndar, að þessi hv. þm. hafi beitt áhrifum sínum innan nefndarinnar til þess, að

slíkt ákvæði verði einnig tekið upp í hin endurskoðuðu lög um Sementsverksmiðjuna. En einlægnina hefði maður talið sannazt enn betur, ef hann hefði beitt sér fyrir því, að nefndin hefði nú þegar, meðan hún var að endurskoða lögin, haft samráð við starfslið verksmiðjunnar.

Að þetta hafi ekki verið bráðabirgðaástand. Sannarlega hefur þetta verið bráðabirgðaástand þarna í verksmiðjunni. Sá framkvæmdastjóri, sem nú starfar, var ráðinn til bráðabirgða. Það er liðið á þriðja ár síðan, og af þessu hafa skapazt margs konar vandræði. En hins vegar sýnist mörgum, — og má í því sambandi vitna til ályktana frá Verkfræðingafélaginu og einnig til ályktana, sem Alþýðuflokksfélag Akraness gerði, — þá sýnist mörgum, að með þessari endurskoðun sé stefnt að þeirri breytingu fyrst og fremst, að hægt sé að halda áfram þessum sama forstjóra eða a. m. k. haga forstjóraráðningu þannig, að það verði ekki verkfræðingur í starfinu, eins og núgildandi lög kveða á um.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 4. landsk. gerir það æði oft, þegar hann leggur fram fsp. á hæstv. Alþ., og eftir að hann hefur fengið fyrstu svör frá ráðh., að þá snýr hann sér til hinna og annarra þm. og ávarpar þá með frekari fsp. — til þess að reyna að koma á þá pólitískum höggum, að því er virðist. Ég hefði ekki staðið upp nema af því að hann nefndi mig á nafn sem einn af þeim, sem eiga sæti í umræddri nefnd, sem er að semja lög fyrir Sementsverksmiðju ríkisins. Ég hefði þó ekki þurft að standa upp, af því að hæstv. ráðh. er fullfær um að veita um þetta mál upplýsingar.

Ég þarf ekki að svara háttv. þm. öðru til en því, að ég hef verið nákunnugur mönnum og málefnum á Akranesi og í Sementsverksmiðjunni árum saman. Og eins og hann sjálfur sagði, hefur minn flokkur á Akranesi gert ályktanir um þessi mál, eftir að þau höfðu verið ítarlega rædd á fundum, þar sem meiri hluti fundarmanna voru starfsmenn verksmiðjunnar. Samvizka mín er í bezta lagi hvað snertir samráð við starfsliðið í verksmiðjunni, og það mun vafalaust koma á daginn, að mín afstaða, eins og hún er og verður, er byggð á þessum samráðum. Ég hef, eins og hann sjálfur sagði, flutt innan þessarar nefndar till. um, að tekin verði inn í lögin ákvæði um samstarfsnefnd sem nýja tilraun til atvinnulýðræðis. Og sú till. er svo til frá orði til orðs eins og brtt., sem ég hef flutt um frv. um Áburðarverksmiðju, sem hér liggur fyrir.

Ég tel mér ekki á þessu stigi heimilt að gefa frekari upplýsingar um, hvernig störf hafa gengið í þessari nefnd, og verða svör ráðh. að nægja um það, þangað til álitsgerð nefndarinnar liggur fyrir, sem getur orðið mjög fljótlega.

Pétur Sigurðsson: Ég verð að lýsa sérstakri ánægju minni yfir þeim áhuga, sem fram hefur komið hjá ekki aðeins einum, heldur fleirum hv. alþm. á því, sem kallazt hefur samstarfsnefndir. Sérstaklega vil ég þó vitna til orða hv. 4. landsk. þm., Jónasar Árnasonar, vegna þess að ég minnist þess, að þegar ég flutti þáltill. hér í Sþ. fyrir 8—9 árum síðan, er fjallaði um þetta efni, þá voru það einmitt flokksbræður hans allir upp til hópa, bæði núv. og þeir, sem ekki eru það í dag, þótt þeir eigi setu á þingi, sem greiddu atkv. gegn þessari till. Hún var að vísu samþykkt með atkvæðum stjórnarliðsins og reyndar fjölmargra framsóknarmanna líka, en við fsp., er ég gerði til páv. hæstv. félmrh. fyrir 3—4 árum, var hans svar, að því miður hefði ekkert komið út úr þessu, vegna þess að samtök þau, er hv. þm., formaður frjálslyndra vinstri og hægri eða allra manna og stjórnar Alþýðusambands Íslands, er í, kærðu sig ekkert um, að þessu máli þokaði áfram.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Mér finnst, að þegar komið er með mál einstakra stofnana inn í sali hv. Alþ., þá verði að gera þær kröfur til flm., að þeir hafi kynnt sér rækilega alla málavexti.

Í fsp. þeirri, sem hér liggur fyrir, er talað um, að verksmiðjureksturinn sé mjög þjakaður af ýmsum ástæðum. Það lítur út fyrir, að hv. flm. hafi borið fsp. sína fram að lítt hugsuðu máli. Ég álít, að fsp. og þskj. eigi ekki að vera útbúin eins og revíur eða söngleikir, þar sem hugmyndaflugið má ráða alveg ótakmarkað. Hér er málið miklu alvarlegra en svo. Talað er um bráðabirgðaástand, sem hafi þjakað rekstur verksmiðjunnar og skapað óánægju og óvissu hjá starfsliði hennar. Þótt einhverjir menn hafi látið hv. þm. hlaupa með þetta hér inn í sali Alþ., þá fer því víðs fjarri, sem betur fer, að hér sé um einróma skoðanir að ræða, eins og fullyrt er í fsp. þessa hv. þm. Ég vil m. a. geta þess, að starfsmannafélag Sementsverksmiðju ríkisins hélt ársháttíð sína fyrir 10 dögum, og það var ekki að sjá, að þar væri saman kominn hópur þjakaðra manna. Þvert á móti, þar var hópur glaðra og frjálshuga starfsmanna. Formaður starfsmannafélagsins fagnaði því alveg sérstaklega í ræðu, að miklum áfanga hefði verið náð, m. a. fyrir tilverknað verksmiðjustjórnarinnar, í miklu áhugamáli starfsmanna hennar, en það var samningur um land undir sumarbústaði fyrir starfsmenn verksmiðjunnar, sem lengi var búið að vinna að, en leystist nú í lok síðasta árs með þeim hætti, sem starfsmenn verksmiðjunnar óskuðu helzt eftir. Hér er um mikið hagsmuna- og áhugamál starfsmanna að ræða, sem þeir munu óhindrað geta unnið að á næsta sumri og fá ýmis góð öfl í lið með sér.

Ég vil, að það komi fram við þessar umr., af því að ég þykist þekkja nokkuð til málefna Sementsverksmiðjunnar síðustu þrjú árin, að fjármál og bókhald verksmiðjunnar er að mínum dómi í betra lagi nú en um langt skeið áður. Það, sem hefur skeð á þessum tíma, er það, að skrifstofa verksmiðjunnar hér í Reykjavík, þar sem unnu 6—8 menn, var lögð niður. Skrifstofuhaldið var sameinað á einum og sama stað á Akranesi, og þar var mönnum ekki fjölgað, heldur jafnvel fækkað við þessa breytingu. Þarna er svo sannarlega stefnt að því, að gætt sé sparnaðar í rekstri ríkisins og hagkvæmni, en kerfið ekki þanið endalaust út, eins og maður verður því miður allt of víða var við. Reikningur fyrirtækisins yfir árið 1970 hefur þegar verið saminn og lagður fram og verksmiðjustjórnin fjallað um hann á einum fundi. Þetta álít ég, að sé til fyrirmyndar.

Ég ætla ekki að ræða svonefnt forstjóramál Sementsverksmiðjunnar, en það má þó koma fram, að í byrjun síðasta árs losnaði forstjórastarf hennar, og þá kom sú skoðun upp hjá meiri hl. stjórnarinnar að breyta til. Í staðinn fyrir það að ráða verkfræðing fyrir forstjóra, eins og lögin ákváðu, væri starfinu skipt í tvennt.

Um það stóð deila innan stjórnarinnar, og það var ekki fyrr en 1. sept., sem meiri hl. kom fram innan stjórnarinnar fyrir þeirri stefnu að óska eftir því við rn., að starfinu yrði skipt með þessum hætti, eins og komið hefur fram annars staðar. Þetta er skýring á því, að ekki er búið að ganga frá forstjórastarfinu, og má það gjarnan koma fram í sambandi við þessa fsp. Og þó að ég hafi verið í minni hl. í stjórninni, þá tel ég alls ekkert óeðlilegt við þessa málsmeðferð, eins og hún hefur gengið fyrir sig.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar og láta máli mínu lokið, þó að ástæða væri til að bæta þarna ýmsu við.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég átti þess ekki von, að ég drægist inn í sementsumræður á þessum fundi, og taldi það víðs fjarri, að svo færi, en tilefnið var það, að hæstv. iðnrh. gat þess, að hann og ríkisstj. væri velviljuð því að koma á samstarfsnefndum í ríkisfyrirtækjum líkt og gert hefði verið hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, og gladdist ég sannarlega yfir því að heyra það.

En svo kom hv. 7. þm. Reykv. og lýsti mér sem sterkum, heldur betur sterkum fjandmanni atvinnulýðræðis í landinu og fjandmanni þess, að komið væri á samstarfsnefndum í fyrirtækjum, t. d. ríkisfyrirtækjum. Ég kem alveg af fjöllum, ég verð að segja það. Ég minnist þess ekki, að ég hafi verið fjandmaður þess máls. Ég minnist þess ekki, að ég hafi nokkurn tíma skrifað umsögn í Alþýðusambandi Íslands á móti slíkum málum eða beitt mér gegn þeim. Og enn þá meira er ég undrandi á því, ef svo rammt hefur kveðið að minni andspyrnu við þessi mál mér óvitandi, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. koma ekki sínum vilja fram í lýðræðisátt vegna andspyrnu minnar. Mér þykja það furðufréttir. Ég vildi helzt fá að vita, hvaða hæstv. félmrh. það er, sem ber mig sem skjöld fyrir sig í því, að hann geti ekki komið þessu máli fram. Það hefði verið full ástæða til þess að nefna hann. En svo mikið er víst, að fyrir þessu er enginn fótur, ekki flugufótur einu sinni. Og hæstv. ríkisstj. getur sett á samstarfsnefndir í öllum ríkisfyrirtækjum frá og með deginum í dag, hvenær sem hún vill, án þess að ég beri mig þar á móti, svo mikið er víst, enda hefði ég ekkert afl til að spyrna á móti því. Þetta er auðvitað mál ríkisstj. og stjórnenda þeirra ríkisfyrirtækja, sem þarna er um að ræða. Svona fyrirslátt er heldur óskemmtilegt að hlusta á á Alþingi Íslendinga, algerlega tilefnislausan. Ég vænti þess vegna, að það verði komið á samstarfsnefnd í Sementsverksmiðju ríkisins frá og með deginum á morgun, því að ekki strandar það á minni andstöðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég treysti mér ekki til þess að svara hv. 7. þm. Reykv. eða þeirri fullyrðingu hans, að flokksbræður mínir hafi fyrir 9 árum greitt atkv. gegn till., sem hann hafi flutt hér um samstarfsnefndir. Mér er ekki kunnugt um, hvaða till. hér er um að ræða. Maður er engu nær eftir fullyrðingar hv. þm., og þess vegna segi ég, að ég treysti mér ekki til þess að svara þessu. Hins vegar vil ég benda á það, að á dagskránni í dag er þáltill., flutt af mér, sem sé till., sem er flutt á vegum okkar Alþb.-manna, og þessi þáltill. um atvinnulýðræði hefur verið flutt þing eftir þing. Ég hygg, að það séu 6—7 ár eða jafnvel enn lengra síðan hún var flutt fyrst, og sá áhugi, sem nú er fyrir atvinnulýðræði hér í þingsölum, ég er sannfærður um það, að hann er ekki hvað sízt árangur af baráttu okkar Alþb.-manna fyrir þessum málum hér á þingi.

Eins og hæstv. forseti sagði, hef ég aðeins leyfi hér til þess að gera aths. En ég vil aðeins gera aths. í sambandi við það, sem hv. þm. Daníel Ágústínusson sagði hér áðan. Hv. þm. er ekki þaulkunnugur þingstörfum, að ég hygg. Hann er varaþm. og hefur ekki setið á þingi mikið áður, og ekkert þetta kjörtímabil, fyrr en núna skyndilega, að hann kemur á þing, þegar nær dregur svona vissum hlutum í vor. Ég vil leyfa mér að benda þessum hv. þm. á það, að það er takmarkaður ræðutími, sem menn hafa til þess að fylgja eftir þessum fsp. með ræðu, og reyndar hefur mjög dregið úr ræðuflutningi í sambandi við fsp., hamingjunni sé lof, og menn taka æ meira upp þann háttinn að láta nægja svarið. Svo er þetta kallað, að menn séu að halda revíur og efna til söngleikja. Ég ætla nú ekki að fara út í nein leikræn spursmál í þessu sambandi, en ég vil aðeins benda hv. þm. á það, að þegar ég tala um, að rekstur Sementsverksmiðjunnar hafi verið þjakaður á þriðja ár vegna óvissunnar, sem þar ríkir, þá á ég við rekstur verksmiðjunnar.

Hv. þm. segir okkur þær fréttir, að menn hafi verið mjög ánægðir á árshátíð í starfsmannafélagi Sementsverksmiðjunnar, þar hafi menn verið afskaplega ánægðir. Þetta segir þessi hv. þm. í sambandi við þá fullyrðingu mína, að rekstur Sementsverksmiðjunnar hafi verið þjakaður. Ég segi enn, ég var að tala um rekstur Sementsverksmiðjunnar, en ég var ekki að spyrja frétta af þorrablóti uppi á Akranesi, þó að ég hins vegar gleðjist yfir því, að vinir mínir við Sementsverksmiðjuna hafi skemmt sér vel og eigi von á sumarbústöðum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Ég mun fagna því að hlusta á hv. 4. landsk. þm., Jónas Árnason, ræða um atvinnulýðræði, þótt ég hins vegar efist mjög um, að tillöguflutningur þeirra Alþb.-manna valdi því, að í dag er mikill áhugi fyrir auknu atvinnulýðræði eða fyrirtækjalýðræði hér á Íslandi og samstarfsnefndum. Ég geri ráð fyrir því, að þróunin, sem hefur átt sér stað á undanförnum tveimur áratugum í okkar nágrannalöndum, stuðli frekar að því heldur en þó að hann flytji þessar till. hér á Alþ.

Vegna orða hv. 9. þm. Reykv., Hannibals Valdimarssonar, þá auðvitað sýna þau hvað bezt það, að skoðanir hans í dag fara ekki allajafna saman við skoðanir hans í gær, og það, sem hann vildi hafa sagt í dag, það sagði hann öðruvísi í fyrradag. En þannig stóð á, ég rifja upp enn, þó að hann dragi það í efa, að ég hafi mælt þar satt og rétt, að þessi till. var flutt fyrir 8—9 árum, og mun vera hægt að fletta upp á því, hvenær það var, og hv. þm. ásamt öðrum þáv. þm. Alþb. greiddi atkv. gegn henni þá, að vísu á þeirri forsendu, að leitað var aðstoðar ríkisvaldsins til þess að ná þessu fram á meðal launþegasamtakanna og vinnuveitendasamtakanna. Það skal viðurkennt, að sú ástæða var borin fram. En ég man nú ekki betur en að á undanförnum árum og þó sérstaklega eftir að ég tók sæti á Alþ. hafi einmitt þessi hv. þm. og fleiri þm. úr hans röðum talið það

lausn á öllum vandamálum að leiða ríkisvaldið inn til þess að finna þá hina sömu lausn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég verð að játa það, að ég hef nú ekki svo sterkt minni, að ég muni nú án þess að gá að því betur, hvernig ég hafi greitt atkv. í einstökum þingmálum fyrir 8—9 árum, það var hvorki í gær eða fyrradag þetta, sem þm. var að tala um. Fyrir 8—9 árum, segir hann, flutti hann þessa merku till., og hann kom henni fram, því ber nú að fagna, þrátt fyrir mína andstöðu, segir hann.

Ég tel nú það vera aðalatriðið, hvað er satt og hæft í hinu, sem hann bar mig fyrir áðan, að hæstv. félmrh. hefði svarað því til, að ástæðan til þess, að hann hefði ekki getað framkvæmt till., hafi verið andspyrna mín við málið. Þetta heggur nærri mér, og þetta vil ég fá að vita. Hvaða ákvæði eru það í till., sem heimila mér eða Alþýðusambandi Íslands að eiga þátt í framkvæmd tillögunnar? Ef búið er að samþykkja þál. á Alþ. um að koma á samstarfsnefndum í ríkisfyrirtækjum, er það þá ekki mál ríkisstj. og ríkisfyrirtækja og stjórnenda hvers fyrirtækis hverju sinni? Á Alþýðusambandið eitthvað að ráða úrslitum um framkvæmdina? Hvernig hef ég háð þetta átta ára stríð á móti þessari samþykktu till. og komið í veg fyrir framkvæmd hennar? Það er það, sem ég vil fá að vita. Er það eitthvað dularfullt? Hvernig hef ég borið ríkisstj. ofurliði í þessu máli? Nei, hv. 7. þm. Reykv., þú ert alveg villur vegar, þegar þú tekur það gilt, sem ráðh. segir, að ég hafi staðið í vegi fyrir framkvæmd þessa máls. Skjót þú geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er, til hæstv. ríkisstj.

Daníel Ágústínusson: Herra forseti. Ég vil benda hv. flm. þessarar fsp., Jónasi Árnasyni, á það, að orðalag hennar er á þá lund, að óvissa og bráðabirgðaástand hafi þjakað rekstur verksmiðjunnar á þriðja ár og skapað óánægju og óvissu hjá starfsliði hennar. Nú sagði hann í ræðu sinni hér áðan, að hann hefði átt við þjakaðan verksmiðjurekstur en ekki þjakað starfsfólk, en þetta hangir nú raunar allt saman samkv. fsp., og þess vegna vildi ég alveg sérstaklega benda á það, að sú óánægja og sú óvissa og sú þjökun, sem þar ræðir um, kom ekki fram hjá starfsliðinu, eins og ég gat um áðan.

En það er vert að minnast á það, fyrst ég fór aftur upp í ræðustólinn, að það er önnur þjökun, sem verksmiðjan hefur orðið fyrir. Árin 1967 og 1968 hækkuðu skuldir hennar úr 300 millj. kr. upp í 500—600 millj. kr., og var það vissulega mjög erfitt á sama tíma sem sementssalan stórminnkaði, og hefur þetta valdið verksmiðjunni gífurlegum erfiðleikum og verið mikil þjökun í sambandi við viðskipta- og fjármál hennar.

Þá er önnur þjökun, sem ég vil líka koma að í þessu sambandi. Það er, að hæstv. ráðh., sem með þessi mál hefur farið, hefur tekið ákaflega einkennilega afstöðu til þeirra erinda, sem ég hef sent honum í sambandi við þá rannsókn, sem staðið hefur yfir vegna misferlis á rekstri verksmiðjunnar, og ég tel, að ekki sé viðhlítandi, vegna þess að það er skoðun mín, að hv. rn. og ekki sízt dómsmrn. þurfi að halda fast á þessum málum, en láta það ekki viðgangast, að farið sé með fjármuni ríkisins eftir geðþótta einstakra manna. Það er mjög miður farið, að hæstv. ráðh. hefur ekki tekið þá afstöðu í þessu máli, sem ég tel, að hann hefði átt að gera, hreina og skýra afstöðu til þess að bjarga heiðri verksmiðjunnar og heiðri ríkisins í þessu sambandi. En þar hefur skort mikið á. Endurteknar gengisfellingar og linleg afgreiðsla hæstv. ráðh. á misferli verksmiðjunnar er þjökun, sem vert er að vekja athygli á og ræða.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Nú segi ég eins og Hannibal Valdimarsson sagði áðan, nú kem ég alveg af fjöllum, þegar verið er að tala um linlega framkomu mína í sambandi við málaferli og erfiðleika í sambandi við Sementsverksmiðju ríkisins. Þau mál hlutu þá meðferð, sem þeim bar, bæði að áliti dómsmrh. og iðnrn. og saksóknara ríkisins, og skal ég ekki frekar fara út í það, en tel algerlega óviðurkvæmilegt nú að koma með getsakir í minn garð sem ráðh., að ég hafi tekið linlega á þeim málum, því að þau voru fyrst og fremst í höndum saksóknara ríkisins, yfirskattstjórans og annarra, sem lögum samkv. eiga að fjalla um þau mál.

Það var ekki meining mín, þegar ég var að svara þessari fsp., að hefja umr. um Sementsverksmiðjuna og þær till., sem nefndin, sem hefur unnið að endurskoðun á lögum Sementsverksmiðjunnar, kann að gera, því að ég hef ekki séð þær enn þá. En þegar nefndin var skipuð, fékk hún erindisbréf um það, að hverju hún skyldi starfa, og þar var ekki aðeins um forstjóra eða stjórnun fyrirtækisins að ræða, heldur byggðist þetta á því, að gömlu lögin um Sementsverksmiðjuna voru ákaflega ófullkomin og voru í raun og veru aðeins heimildarlög, heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta reisa sementsverksmiðjuna. En margt hefur skeð síðan, og þetta er orðið stórt og mikið fyrirtæki, og mörg málefni hafa komið fram einmitt í sambandi við verksmiðjurekstur og atvinnurekstur, sem eðlilegt var að setja í slík lög, og þannig ábendingar fékk nefndin, sem vann að þessum málum. Þar á ég við bæði í sambandi við hreinlætismál og mengun og annað slíkt, því að það eru nú að vísu sumir, sem ekki vilja tala um mengun nema frá álbræðslunni, en því miður er það svo, að í efnaiðju hér og efnarekstri öðrum er það atriði, sem þarf að taka til athugunar, enda ekkert einstakt fyrirbrigði hjá okkur, og það á auðvitað sérstaklega við um eldri verksmiðjur. En ný tækni færir okkur á þessu sviði í betra horf en áður.

Varðandi stjórnun fyrirtækisins, þá hefur eins og vikið er að í fsp. verkfræðingur verið framkvæmdastjóri verksmiðjunnar til bráðabirgða. En jafnhliða honum var ráðinn til bráðabirgða fjármálalegur framkvæmdastjóri. Þetta vildi ég, að fram kæmi. Það var leitað eftir verkfræðingum á sínum tíma, bæði til Verkfræðingafélagsins og auglýst eftir verkfræðingum, og í bili tókst það ekki, en síðan tókst verksmiðjunni að fá erlenda sérfræðinga, tæknisérfræðinga og verkfræðinga, til aðstoðar verksmiðjustjórninni og nú síðari árin íslenzkan verkfræðing, sem ég veit ekki betur en hafi sinnt sínu starfi vel.

Um samstarfsnefndirnar eða atvinnulýðræði í rekstri ríkisfyrirtækja og samstarfsnefndir í stjórnun fyrirtækja, þá hef ég aldrei aðeins átt við ríkisfyrirtæki, heldur einnig einkafyrirtæki, og það voru fyrst ungir sjálfstæðismenn, sem vöktu athygli á því hér á árunum fyrir 1930, þeim möguleika að sætta fjármagn og vinnu og koma í veg fyrir deilur, sem við höfum nú heimsmet

í, eftir því sem sjónvarpið sagði í gærkvöld, varðandi verkföll og sífelldar deilur á milli verkamanna og fyrirtækjanna, sem þeir vinna við. Magnús Jónsson prófessor og þm. var einn þeirra manna, sem á þessum árum skrifaði mjög mikið í tímaritið Stefni um slíka bót á rekstri fyrirtækja hér, um hlutdeild verkamanna í atvinnurekstrinum og aukið samstarf þar á milli. Ég hef viðurkennt það alveg hispurslaust, að okkur hefur ekki tekizt að ná þeim árangri, sem við töldum æskilegt á sínum tíma að ná á þessum vettvangi. Það var m. a. þess vegna, sem við vildum eiga samleið og styðja Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið til þátttöku í ráðstefnu í Osló um hið svokallaða atvinnulýðræði, sem haldin var, ef ég man rétt, í nóvembermánuði. Ég hef ekki fengið grg. frá þessum aðilum, sem þessa ráðstefnu sóttu, en ég veit, að það er mikið málefni frá henni, og ég hef lagt drög að því oftar en einu sinni að fá það sem fyrst í hendur ríkisstj., því að ég tel, að það sé líka rétt og skylt, að fulltrúar, sem fara að einhverju leyti á kostnað ríkisvaldsins, geri grein fyrir niðurstöðum á erlendum ráðstefnum, sem þeir eru á. Ég veit, að þessu er nú lokið, og ég vænti næstu daga einmitt að fá þessa grg. um þessa hlið málanna í hendur ríkisstj. til frekari athugunar. Ég hef sjálfur aðhyllzt þá meginleið, að hér væri frekar byggt á frjálsu samkomulagi við starfslið í fyrirtækjum, hvort sem það væru einkafyrirtæki eða ríkisfyrirtæki, en lögþvinguðum samstarfsnefndum. Það kemur eflaust til kasta Alþ. síðar að taka ákvarðanir um það, og það er í sjálfu sér ekkert við því að segja, þó að skiptar skoðanir kunni að vera á þeim vettvangi, en ég held fyrir mitt leyti, að við séum þar á réttri leið og gætum stuðlað að verulegum úrbótum í rekstri fyrirtækjanna hérlendis, bæði einkafyrirtækja og opinberra fyrirtækja.

54. Eftirlit með skipum.

Á deildafundum 8. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til siglingamrh. um framkvæmd laga um eftirlit með skipum [204. mál, 2] (A. 347).

Á 25. fundi í Sþ., 9. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og þm. munu minnast, urðu nokkur vandkvæði á því, að samþykkt fengist á stjfrv. um Siglingamálastofnun ríkisins, sem var til umr. hér á síðasta þingi. Ég held, að það sé samdóma álit þeirra, sem til þekkja, að það, sem m. a. olli því, að samkomulag náðist og samþykkt á því frv. og öðrum fylgifrv., var samþykkt þingsins á 44. gr. laga um eftirlit með skipum. En grein þessi fjallar um rannsóknarnefnd sjóslysa. Í grein þessari segir m. a., með leyfi forseta:

„Hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó."

Þegar haft er í huga, að nú er komið að lokum yfirstandandi skólaárs í sjómannaskólum okkar, með það í huga og aðra þá nauðsynlega kynningarstarfsemi, sem hefði átt að fara fram samkv. þessari lagagr., hef ég leyft mér á þskj. 347 að bera fram fsp. á þessa leið:

„Hvað dvelur skipan rannsóknarnefndar sjóslysa, sem skipa á samkv. lögum frá 30. apríl 1970, um eftirlit með skipum?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. er rétt að vitna í það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að samkv. 44. gr. laganna skipar samgrh. fimm menn í nefnd til rannsóknar sjóslysa til sex ára í senn. Fjórir nm. eru tilnefndir. Þeir, sem tilnefna fulltrúa í nefndina, eru Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands og Slysavarnafélag Íslands. Ráðh. skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Með bréfi dags. 9. okt. f. á. óskaði rn. tilnefningar þessara aðila á manni í nefndina. Tilnefningar þriggja aðila bárust frá 23. okt. til 12. nóv., en tilnefning Sjómannasambands Íslands barst fyrst 4. febr. s. l. Eftir að tilnefningarnar höfðu borizt, var ekkert til fyrirstöðu að skipa nefndina, og var það gert mánudaginn 8. f. m. Nefndin er þannig skipuð: Formaður er Páll Ragnarsson, skrifstofustjóri Siglingamálastofnunar ríkisins. Aðrir nm. eru Gunnar Hafsteinsson skrifstofustjóri, tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Henry Hálfdánarson skrifstofustjóri, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Ingólfur Þórðarson skipstjóri, tilnefndar af Slysavarnafélagi Íslands og Sigfús Bjarnason framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.

55. Umferðarráð.

Á deildafundum 17. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til dómsmrh. vegna umferðarráðs [214. mál, 1] (A. 371).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það var ljóst, eftir að hægri handar umferð hafði verið tekin upp, að nauðsynlegt var að stórauka umferðarfræðsluna frá því, sem áður var. Þess vegna var á síðasta

þingi gerð sú breyting á umferðarlögum, að ákveðið var að kjósa sérstakt umferðarráð, sem var skipað fulltrúum allmargra samtaka og starfsmanna, sem þessi mál varða, og því var falið mjög víðtækt verkefni, eða sem hér segir:

1. Að beita sér fyrir því, að haldið sé uppi umferðarfræðslu í landinu.
2. Að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum, sveitarfélögum og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.
3. Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nothæfrar fræðslustarfsemi.
4. Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi.
5. Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.
6. Að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegundir og orsakir umferðarslysa í landinu.
7. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.
8. Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.
9. Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samþykktra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Eins og sést af þessu, er umferðarráði ætlað mjög víðtækt verkefni. Það hóf starf sitt á síðasta ári og hafði þá til umráða sérstaka fjárveitingu af fé því eða skatti þeim, sem innheimtur var vegna hægri handar umferðar á sínum tíma, en á þessu ári var því ætlað að fá fjárveitingu á fjárlögum. Samkv. reglum sínum samdi það allítarlega áætlun um þá starfsemi, sem það taldi sig þurfa að halda uppi á þessu ári, og var áætlun þessi upp á 6—8 millj. kr. Ýmsum kann að þykja það nokkuð há upphæð, en þegar athuguð er sú tillögugerð, sem ráðið gerði um starf sitt, þá vex mönnum tæpast þessi upphæð í augum, því að þar var gert ráð fyrir mjög víðtækri starfsemi og margþættri, að t. d. rekinn sé sérstakur umferðarskóli, Ungir vegfarendur, að gefið sé út blað, sem heitir Ökumaðurinn og sent er öllum ökumönnum í landinu, að haldið sé uppi margháttuðum fræðsluherferðum í fjölmiðlum, t. d. börnin í umferðinni, öryggisbelti og þjóðvegaakstur, ljósaathugun, notkun endurskinsmerkja í umferðinni, akstur í skammdegi, fræðslumyndaflokkur í sjónvarpi og umferðarfræðsla í hljóðvarpi. Þá er gert ráð fyrir víðtækri skólafræðslu, sem er fólgin í spurningakeppni, jólagetraun, Á leiðinni í skólann, ýmiss konar verkefnum og útgáfu á nýrri kennslubók. Þá er gert ráð fyrir víðtækum erindrekstri vegna umferðaröryggisnefnda og annarrar starfsemi, sem gert er ráð fyrir, að ráðið haldi uppi. Þessi áætlun ráðsins um starfsemi þess á þessu ári var að sjálfsögðu send dómsmrn., sem gerði enga aths. við hana, en mælti hins vegar ekki með henni og sendi hana áleiðis til fjvn., og þar varð niðurstaðan sú, að öll fjárveitingin til ráðsins var skorin niður í 900 þús. kr. Ég held, að það hljóti öllum að vera ljóst, að erfitt sé að halda uppi eins víðtækri starfsemi og umferðarráði er ætlað fyrir þá upphæð. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp.:

„Telur dómsmrh. eða ríkisstj., að umferðarráð geti sinnt hlutverki sínu með aðeins 900 þús. kr. fjárveitingu?

Hefur ríkisstj. ekki í hyggju að tryggja ráðinu aukna fjárveitingu á þessu ári, og ef svo er, um hve mikla fjárhæð er þar að ræða?

Hvaða ráðagerðir eru uppi um auknar umferðarslysavarnir, og hvernig er fyrirhugað að vinna að auknum slysavörnum í umferðinni á þessu ári?“

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Fsp. þessi, sem fram er borin af hv. 4. þm. Reykv., er til komin vegna afgreiðslu Alþingis á fjárveitingu til starfsemi umferðarráðs á yfirstandandi ári. Í því sambandi er rétt að taka það fram, að umferðarráð var allsíðbúið með sína áætlun fyrir yfirstandandi ár, sem meðfram mun hafa stafað af því, að ráðið hefur ekki talið sér fært að semja þá áætlun fyrr á árinu, áður en fyrir lægi nokkurn veginn vitneskja um einstaka kostnaðarliði starfseminnar á árinu 1970. Áætlunin barst því ekki rn. fyrr en seint í nóvembermánuði og var að örfáum dögum liðnum send þaðan til fjvn. Nefndin hefur ugglaust verið störfum hlaðin, þegar komið var fram undir nóvemberlok, og það má gera ráð fyrir, að hún hafi kannske haft takmarkaðan tíma til þess að athuga þessa áætlun umferðarráðs, en till. fjvn. um 900 þús. kr. fjárveitingu lá ekki fyrir fyrr en daginn, sem 3. umr. fjárlaga fór fram, eða ég hafði a. m. k. ekki fyrr séð hana, og var þá ekki orðið mikið svigrúm til frekari athugunar á málinu.

Það er rétt, að það komi fram hér einnig, að auk þeirrar fjárveitingar, 900 þús. kr., sem Alþ. afgreiddi, þá hefur umferðarráð til ráðstöfunar á þessu ári ógoldin mótframlög frá fyrra ári, annars vegar frá sveitarfélögum vegna umferðarskólans, Ungir vegfarendur, og frá tryggingafélögunum vegna útgáfustarfsemi, þar sem um er að ræða ritið Ökumanninn, og einnig hefur ráðið til ráðstöfunar framlög sömu aðila fyrir yfirstandandi ár. Það lætur því nærri, að allt þetta samanlagt, fjárveiting og mótframlög, nái allt að þrefaldri upphæð fjárveitingarinnar.

Í janúarmánuði tók umferðarráð í samráði við rn. áætlun sína frá s. l. hausti til endurskoðunar. Jafnframt sneri umferðarráð sér til nokkurra aðila með hugsanlegt samstarf við þá fyrir augum og þá mótframlög, sem þaðan kæmu, en að sjálfsögðu var þegar á seinasta ári fyrir hendi samstarf við þá aðila, sem ég áður nefndi. Þar sem viðræður við þessa nýju aðila eru enn á byrjunarstigi, er ekkert hægt að fullyrða um það, til hvaða árangurs þær muni leiða. En mér er tjáð, að það hafi verið a. m. k. á þessu stigi vinsamlega í málin tekið af þessum aðilum. Þessi endurskoðaða áætlun umferðarráðs barst mér fyrir nokkru, og hún er nú til athugunar í rn. Á þessu stigi get ég raunverulega aðeins svarað því, að það mun verða séð um, að umferðarráð fái til ráðstöfunar aukið fé, eftir því sem niðurstöður af athugun rn. gefa tilefni til. Ég treysti mér ekki til að gefa ítarlegri svör við fsp. hv. þm., meðan þeirri athugun er ekki lokið.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, þó að ég verði hins vegar að harma það, að þau voru harla óljós. En mér skildist það á ráðh., að þessi mál væru enn þá öll í

athugun og það væri enn alveg óráðið, hve miklu fjármagni yrði varið til þessarar starfsemi og hvernig henni verður þess vegna háttað á þessu ári. En ég held, að öllum þingheimi hljóti að vera það ljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða, sem krefst skjótrar úrlausnar. Við sjáum það daglega í blöðum og heyrum það í fjölmiðlum, að umferðarslysum fer fjölgandi og jafnhliða vex að sjálfsögðu það margvíslega tjón, sem þeim er samfara. Þess vegna má ekki horfa á það aðgerðalaust, að það sé ekkert gert í þessum efnum.

Ég held, að þó að þessi áætlun umferðarráðs hafi verið mjög rífleg, þá sé þó vafalaust hægt að færa rök fyrir því, að það sé þörf miklu víðtækari starfsemi í þessum efnum en þar er gert ráð fyrir, ekki sízt er þörf fyrir aukna fræðslustarfsemi. Ég vil þess vegna vænta þess, að út úr þessari athugun, sem hæstv. ráðh. var að tala um, komi ekki samdráttur frá því, sem gert er ráð fyrir í till. umferðarráðs, heldur miklu frekar aukning. Og ég verð nú að segja það, að annað eins hefur nú gerzt hjá ríkinu áður, að komið hafi til aukaframlaga umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Og mér virtist það koma fram hjá hæstv. ráðh., að þarna hafi eiginlega verið um mistök að ræða hjá fjvn., að ráðið fékk ekki hærri fjárveitingu í fjárlögum en raun ber vitni um. Þess vegna finnst mér eðlilegt, að ríkisstj. hlutist til um það, dómsmrh. og fjmrh., að það verði veitt úr ríkissjóði einhver aukafjárveiting í þessum efnum. Það hefur áreiðanlega átt sér stað aukafjárveiting hjá ríkissjóði til óþarfari mála en þess, sem hér ræðir um.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi e. t. v. misskilið það, sem ég áðan sagði, því að ég tel, að það verði ekki hjá því komizt, að umferðarráð fái aukið fé til ráðstöfunar. En á þessu stigi treysti ég mér ekki til þess að gefa beint eða ákveðið svar um það, hve háa fjárhæð yrði þar um að ræða.

56. Jarðvarmaveitur.

Á deildafundum 17. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til iðnrh. um jarðvarmaveitur ríkisins [214. mál, 3] (A. 371).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Varðandi þessa fsp. á þskj. 371 hefur rn. borizt svo hljóðandi grg. frá orkumálastjóra, Jakobi Gíslasyni:

„Í lögum nr. 80 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, segir í 1. gr. m. a. svo:

„Ríkisstj. skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju við Mývatn og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu til þess að vinna markaðshæfan kísilgúr úr botnleðju Mývatns. Í því skyni er henni heimilt: Að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu, er ríkisstj. lætur reisa og reka og m. a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns.“

Í 7. gr. sömu laga segir enn fremur:

„Krefjist framkvæmd 1. gr. kaupa á jarðnæði og annarri aðstöðu í eigu annarra en ríkisins, án þess að samningar náist um kaup þessara réttinda, skal ríkisstj. heimilt að taka þau eignarnámi gegn bótum eftir mati óvilhallra manna. Um eignarnámið skal farið að lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.“

Og loks segir svo í 11. gr. sömu laga:

„Ráðherra raforkumála fer með mál varðandi hitaveituna og setur hann nánari reglur um stofnun hennar og rekstur.“

Með tilvísun til framangreindra laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn skrifaði ráðh. raforkumála, Ingólfur Jónsson, raforkumálastjóra bréf dags. 26. sept. 1967, þar sem hann fól Orkustofnuninni að annast byggingu og rekstur jarðhitaveitu þeirrar, sem ætlað er að sjá verksmiðju Kísiliðjunnar h. f. fyrir jarðhita, svo sem ráð er fyrir gert í 4. tölul. 1. gr. laga nr. 80 1966. Jafnframt var orkumálastjóra veitt prókúruumboð fyrir jarðhitaveituna, sem nær til að gera sölusamning við orkukaupendur og til að taka nauðsynleg lán hjá Orkusjóði til byggingar og reksturs jarðhitaveitunnar. Jarðhitaveitan skyldi rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi. Samningar voru síðan gerðir við Kísiliðjuna h. f. um jarðgufuviðskiptin. Síðan hefur jarðvarmaveitunni bætzt annar viðskiptavinur, jarðgufuraforkuver Laxárvirkjunar, sem reist var í Bjarnarflagi skammt frá gufubrunnum eða borholum Jarðvarmaveitna ríkisins. Raforkuverið kaupir jafnmikla gufu og Kísiliðjan að magni til, en með lægri þrýstingi en Kísiliðjan þarf að hafa.

Eignir Jarðvarmaveitna ríkisins eru fyrst og fremst níu borholur með tilheyrandi búnaði og gufuveita á milli þeirra og til kísilverksmiðjunnar og jarðgufuraforkuversins, auk þess geymsluhús og ýmislegt smávegis. Stofnkostnaður mannvirkja í eigu Jarðvarmaveitna ríkisins var í árslok 1970 orðinn u. þ. b. 72 millj. kr. Gufusalan er nú tæplega 500 þús. tonn á ári og tekjur af henni áætlaðar 10.8 millj. kr. árið 1971. Hjá Orkustofnun annast sem stendur jarðhitadeild rekstur Jarðvarmaveitna ríkisins og Karl Ragnars verkfræðingur hefur framkvæmdastjórn með höndum.“

Fyrirspyrjandi (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar, þetta glögga svar við minni fsp., sem var tvíliða. Það er ekki mikið um þetta að segja, en þó vildi ég vekja athygli á því, að þegar orkulög voru sett síðast, sem mun hafa verið á þingi 1967, hygg ég að það hafi einmitt verið megintilgangur þeirra að skilja á milli þess, sem nú er nefnt Orkustofnun, og Rafmagnsveitna ríkisins, eða með öðrum orðum, í raun og veru á milli þess, sem nefna má rannsóknaraðila, og framkvæmda- og rekstraraðila. Ég verð að láta í ljósi þann skilning minn á þessari löggjöf, að þetta hafi einmitt verið ein grundvallarundirstaða þessarar skiptingar, sem þarna kemur fram, að Orkustofnuninni sé ekki ætlað að vera rekstrar- eða framkvæmdaaðili. Ég sé nú ekki annað en að

það hefði verið mun eðlilegra, þegar þessar jarðvarmaveitur voru settar upp, sem er samkv. heimild í lögunum um kísilgúrverksmiðjuna, sem eru að vísu eldri og sett áður en orkulögin, — þá hefði það verið eðlilegra, að Rafmagnsveitur ríkisins hefðu verið aðilinn, sem einnig hefði haft þessa framkvæmd með höndum. Þetta vildi ég láta koma hér fram um leið og ég endurtek, að ég þakka mjög vel fyrir svörin. Ég sé það, að það var mjög nauðsynlegt, að þessi fsp. kæmi fram, því að ég hygg, að það séu margir alþm. hér, sem ekki hefur verið fyllilega ljóst það, sem nú er upplýst.

57. Þingskjöl og Alþingistíðindi.

Á deildafundum 17. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til forsrh. um þingskjöl og Alþingistíðindi [214. mál, 4] (A. 371).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 371 hef ég leyft mér að beina til hæstv. forsrh. svo hljóðandi fsp.:

1. Hver hefur verið árlegur útgáfukostnaður síðustu þrjú árin: a) á þingskjölum, b) á skjalaparti Alþingistíðinda, c) á umræðuparti Alþingistíðinda?
2. Hve mikið er óprentað af umræðuparti Alþingistíðinda?
3. Eru uppi ráðagerðir um breytingar á útgáfufyrirkomulagi þingskjala og Alþingistíðinda, sem leitt gætu jöfnum höndum til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar?

Þessar fsp. þurfa engra sérstakra skýringa við. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að útgáfa Alþingistíðinda, sérstaklega umræðuparts þeirra, sé með algerlega úreltu sniði, *hún sé óþarflega dýr og jafnvel heldur* gagnslítil eins og útgáfuhættirnir hafa verið, a. m. k. allmörg síðari árin. Þessar fsp. mínar um Alþingistíðindin beinast að því að fá nokkru ljósi varpað á þetta mál, svo að það kynni e. t. v. að verða tekið til athugunar, hvort ekki sé þörf á að breyta hér til og bæta úr því, sem ég tel, að vel megi úr bæta í þessu efni.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fsp. hv. þm. á þskj. 371 hefur skrifstofustjóri Alþingis svarað eða látið mér í té svör við á eftirfarandi hátt. Ég vil aðeins segja það, áður en ég vík að því, að það er góðra gjalda vert, að þm. hafa áhuga fyrir því að koma þessum málum í sem hagkvæmast horf á hverjum tíma.

Spurt er í fyrsta lagi, hver hafi verið árlegur útgáfukostnaður síðustu þrjú árin á þingskjölum og skjalaparti Alþingistíðinda og umræðuparti Alþingistíðindanna.

Útgáfukostnaðurinn síðustu þrjú árin hefur verið þessi: 1968, á skjalaparti, þar með talin þingskjöl, 1 millj. 334 þús. kr., á umræðuparti 2 millj. 147 þús. kr.; 1969, á skjalaparti 1 millj. 172 þús. kr., á umræðuparti 2 millj. 904 þús. kr.; 1970, á skjalaparti 2 millj. 698 þús. kr., á umræðuparti 1 millj. 122 þús. kr.

Í öðru lagi er spurt, hve mikið sé óprentað af umræðuparti Alþingistíðinda.

Prentun umræðna á þinginu 1964—1965 er lokið að mestu. Prentun umræðna á þinginu 1965—1966 er langt á veg komin. Prentun er hafin á umræðum á þingunum 1966—1967, 1967—1968 og 1968—1969, en skemmra á veg komin. Ekki er enn hafin prentun á umræðum á síðasta þingi, 1969—1970, og ekki heldur umræðum á yfirstandandi þingi.

Í þriðja lagi er spurt, hvort ekki séu ráðagerðir um breytingar á útgáfufyrirkomulagi þingskjala og Alþingistíðinda, sem leitt gætu jöfnum höndum til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg hefur jafnan annazt prentun þingskjala og skjalaparts Alþingistíðinda. Hvert þskj. er sett einu sinni og sama sátur notað við sérprentun þess, prentun þess á skjalaparti, stundum tvisvar eða oftar lítt breytt, og enn fremur er það notað við sérprentun laga og prentun laga í Stjórnartíðindum, þegar frv. hafa verið samþ. sem lög. Er af þessu fyrirkomulagi mikill vinnusparnaður við setningu og prófarkalestur, og er ekki sýnt, að önnur aðferð henti betur, eins og nú standa sakir. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg prentaði á tímabili allan umræðupart Alþingistíðinda, en hefur nú um 30 ára skeið ekki haft starfskrafta til að annast þá prentun nema að litlu leyti. Hefur því verið leitað til annarra prentsmiðja og samið við þær um prentun umræðna á svipuðu verði og er hjá Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg.

Útgáfa umræðuparts Alþingistíðinda hefur lengst af þennan tíma dregizt lengur en skyldi. Hefur þó verið stefnt að því að vinna upp það, sem dregizt hefur aftur úr, og nú er unnið í sex prentsmiðjum að prentun umræðuparts frá fimm þingum, og standa vonir til, að unnt reynist að koma prentun umræðupartsins í gott horf, þótt óhjákvæmilega taki það talsverðan tíma. Á viðskiptum við hinar sex prentsmiðjur eru þó þau vandkvæði, að þær hafa allar ýmis verkefni frá öðrum viðskiptamönnum sínum, misjafnlega mikil eftir árum og *árstímum, en flest þeirra bundin við bókaútgáfu á* haustin. Er yfirleitt auðsótt að fá prentsmiðjur til að vinna að prentun framan af ári, en örðugra um vik frá því er sumarleyfi hefjast og fram undir árslok.

Ef vel ætti að vera, þyrfti að vinna að útgáfu umræðuparts Alþingistíðinda sem jafnast allt árið. Undanfarið hefur það ekki reynzt unnt, og er því reynt að vinna sem hraðast að útgáfu með þeim hagkvæmasta og ódýrasta hætti, sem kostur er á. Ekki er því að neita, að óhagræði er að þeim töfum, sem orðið hafa á prentun umræðuparts Alþingistíðinda, en sú er bót í máli, að aðgangur er að óprentuðum umræðum í handriti og afrit af þeim eða ljósrit látin í té, þegar þörf krefur.

Engar ráðagerðir eru uppi um breytingar á útgáfu Alþingistíðinda, sem leitt geti til verulegs sparnaðar, enda kappkostað, að vinna við útgáfu þeirra sé sem hagstæðust og prentun á sanngjörnu verði. Að sjálfsögðu eru jafnan athuguð þau úrræði, sem leitt geta til

aukinnar hagkvæmni og aukins sparnaðar við útgáfu Alþingistíðinda, og ný tækni í prentiðn kann áður en langt um líður að leiða til hagkvæmra breytinga á því sviði.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þær fróðlegu upplýsingar, sem hann hefur hér gefið um þetta atriði, og skal ekki á þessu stigi máls fara um þær mörgum orðum né um það mál, sem ég hef hreyft með þessari fsp. minni.

Það kemur í ljós, eins og hv. alþm. munu nú raunar flestir hafa vitað, að það hefur orðið verulegur dráttur á því, að umræðupartur Alþingistíðinda kæmi út. Það er upplýst með svari hæstv. ráðh., að það er að mestu lokið prentun frá þinginu 1964—1965, og síðan er hafin að litlu leyti prentun á umræðum á þremur næstu þingum þar á eftir.

Það held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að þessi prentun á umræðum, þegar þær eru orðnar 6—7 ára gamlar, nái tæplega tilgangi sínum. Að sjálfsögðu þurfa þeir aðilar, sem þess óska, að hafa aðgang að því, sem sagt hefur verið á Alþ., en ég er nú ósköp smeykur um, að þeir verði ekki ýkja margir, sem lesa 6—7 ára gamlar umræður sér að gagni, en skal þó ekki fara fleiri orðum um það. Ef mig misminnir ekki, þá er í gamanbréfi því, sem Jónas Hallgrímsson skrifaði og flestir kannast við, þegar hann sagði frá ferð drottningarinnar á Englandi til Frakkakonungs, einhvers staðar komizt þannig að orði, að þegar Frakkakonungur vissi, að von var á þessum tignu gestum, þá kallaði hann í þjón sinn, Guizot, en Guizot gegndi ekki, því að hann lá sunnan undir vegg og var að lesa sjö ára gamlan Skírni, sem bókmenntafélagsdeildin á Íslandi var nýbúin að senda honum. Þetta þótti ágæt fyndni á sínum tíma og var sennilega hæfilega ýkt. Nú gerist þetta árlega, að okkur er boðið upp á það og þeim u. þ. b. 1000 aðilum, sem eiga þess kost að fá prentaðar umræður í Alþingistíðindum, að setjast út undir vegg og fara að lesa sjö ára gamlar umr.

Ég er þeirrar skoðunar og það engu síður eftir þau svör, sem nú hafa fengizt, að það sé full ástæða til að athuga þetta útgáfufyrirkomulag, og ég er sannfærður um, að það þarf ekki að bíða lengur eftir nýrri tækni til þess að gera prentun bæði þingskjala og Alþingistíðinda til muna ódýrari, handhægari og fljótvirkari en hún er með því gamaldags og þunglamalega fyrirkomulagi, sem á þeim málum er haft. Ég vil mega beina þeirri ósk til hæstv. forsrh., að hann athugi nú þetta mál, gjarnan í samráði við skrifstofustjóra að sjálfsögðu og forseta Alþingis og e. t. v. formenn þingflokkanna, og það verði látin fara fram á því athugun, hvort ekki sé hægt að koma hér við breytingum, þannig að þessi mál komist í betra horf, og þá á ég alveg sérstaklega við prentun umræðupartsins. Ég tel t. a. m. alveg sjálfsagða ráðstöfun, úr því sem komið er, að byrja strax á næsta þingi á prentun umræðna, sem þá yrðu, og reyna að ljúka henni ekki mjög löngu eftir þinglok. Það gerði þá jafnvel minna til, þó að það tæki eitthvað lengri tíma að vinna upp þessi 5—6 eða 7 ár, sem liggja nú að miklu leyti fyrir óprentuð. Ég æski þess, að hæstv. forsrh. vildi athuga það mál, hvort hann sæi ekki ástæðu til þess að láta fara fram könnun á þessu atriði.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er fullkomlega löglegt og rétt að þm. beini fsp. sem þessari til hæstv. forsrh., því að samkvæmt verkaskiptingu ráðh. heyra málefni Alþingis undir forsrh. Hins vegar finnst mér, að þetta sé eitt af þeim málum, sem Alþ. ætti að reyna að halda örlítið í eigin sjálfstæði og bera örlitla virðingu fyrir skiptingu valdsins. Það er stjórnskipulega óhjákvæmilegt að forsrh. fari með viss mál varðandi Alþingi, en þingið á að vera sem sjálfstæðast í þessum efnum. Mér finnst að þetta eigi að vera algerlega málefni þeirra embættismanna sem við kjósum til þess að veita þinginu forustu og að forsrh. eigi ekki að þurfa að eyða tíma sínum í að standa í athugunum á því, hvernig bezt sé að prenta það, sem sagt er hér á Alþingi.

Ég er fullkomlega sammála því, sem sagt hefur verið, að prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna er óviðunandi og sennilega að mestu leyti gagnslaus. Það eru veittar á fjárlögum 5 millj. kr. í þessa prentun, og eins og hv. fyrirspyrjandi hefur lýst er harla lítið gagn, sem af þessu verður. Það er augljóst hverjum manni að gagnið af útgefnum umr. frá Alþ. er fyrst og fremst næst umr. sjálfum í tíma, fyrstu vikur og mánuði eftir að þær fara fram. Við vitum, að í öðrum löndum, þar sem hægt er að koma þessu betur fyrir, er ekki sízt það gagn af prentun ræðuparts, að hægt er mjög fljótlega að senda fólki í landinu, sem hefur sérstakan áhuga á viðkomandi umræðuefni, ræðurnar í heild. Það er að vísu hægt að taka ljósrit eftir vélrituðum síðum hér frammi, en það er þungt í vöfum.

Ég vil taka undir þetta, en ég vil leggja sérstaklega áherzlu á það, sem hæstv. forsrh. sagði undir lokin í svari sínu, að menn mega ekki mæna á þá aldargömlu tækni, sem í dag er í aðalatriðum notuð við prentun á þessum plöggum, heldur verður að athuga mjög gaumgæfilega nýja tækni. Það hafa orðið slíkar framfarir í prentunartækni nú undanfarið, að það hlýtur að vera hægt að finna greiðari leiðir. Ég get vel ímyndað mér þó að ég þekki ekki mikið til þessara mála, að einhvers konar offsetprentun beint af vélritun ræðunnar hljóti að vera það sem leysir þetta bezt og fljótlegast, þannig að við getum sloppið við hvern liðinn á fætur öðrum: endurvélritun, vélsetningu og allar þær prófarkir, sem nú eru við þessa gömlu prentunaraðferð.

Ég vil einnig benda á þá leið, sem getur mjög fljótlega komið til greina, að gefa ræðupartana út og jafnvel geyma þá á segulbandi. Það er þegar farið að gefa allmikið út á segulböndum hér á landi af efni, sérstaklega á sviði bókmennta og tungumálakennslu, og tæki til að leika einföldustu segulbönd eru að verða svo að segja á hverju heimili. Þar opnast heilt stórt tæknisvið sem þarf líka að athuga í sambandi við þetta.

Ég vil taka mjög undir þau orð hæstv. ráðherra úr því svari, sem hann las frá skrifstofustjóra Alþingis, að í þessu máli verður fyrst og fremst að leita eftir nýrri tækni og hvað sem það kostar verður að koma þessu í betra horf.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef reyndar engu við að bæta, ég ætlaði aðeins að tjá mig reiðubúinn til samstarfs við þingið um nýjar vinnuaðferðir og hagkvæmari á þessu sviði, ef því væri að

skipta. En ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni, að mér finnst, að Alþ. sjálft eigi að hafa forustuna og þá fyrst og fremst forsetar þingsins og starfsmenn, skrifstofustjóri og skrifstofa, ásamt og í samráði við þingflokkana. Við höfum búið allt of illa að skrifstofu Alþingis, og er það okkur öllum til háborinnar skammar.

Það er eflaust alveg rétt, að það er fyrst og fremst ný tækni, sem hér gæti komið til greina, og þá kannske líka ný tilhögun, eins og t. d. að gefa út í smáheftum viss mál. Sum mál vekja miklu meiri athygli en önnur, og það þarf ekki endilega að bíða eftir, að þetta komi allt í heftum fyrir meiri hluta þingsins eða stóran hluta af þinginu. Mundi sjálfsagt ýmsum þykja fengur í því að geta fengið viss tiltekin mál, sem væru þá gefin út prentuð í heftum smátt og smátt. Ég vil líka auðvitað hafa samvinnu og samstarf við hv. þm. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn., sem sjálfur hefur veitt forstöðu mikilli útgáfustarfsemi, sem hins vegar sumum hefur nú fundizt að mætti gusta svolítið meira af.

58. Flugvallargerð á höfuðborgarsvæðinu.

Á deildafundum 17. febr., var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um flugvallargerð á höfuðborgarsvæðinu [214. mál, 2] (A. 371).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 371 að beina fsp. til hæstv. samgrh. um flugvallargerð á höfuðborgarsvæðinu. Fsp. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvenær má vænta ákvörðunar flugmálayfirvalda um, hvort byggja eigi nýjan flugvöll á höfuðborgarsvæðinu, og hvar er sennilegast, að hann yrði gerður, ef til kæmi?“

Fsp. er ljós, og vænti ég þess, að hæstv. ráðh. geti gefið við henni glögg svör.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mögu leikar núverandi Reykjavíkurflugvallar virðast of takmarkaðir til þess, að hann geti gegnt hlutverki flugvallar Reykjavíkursvæðisins um langa framtíð. Ekki verður þó annað séð en innanlandsflug geti nokkuð lengi farið um Reykjavíkurflugvöll með fullnægjandi öryggi og án verulegra endurbóta á flugvellinum. Þegar frá líður, má gera ráð fyrir, að innanlandsflug verði einnig að víkja af Reykjavíkurflugvelli vegna truflana af hávaða, þegar þotur verða teknar í notkun á innanlandsleiðum eða hagkvæmt verður að taka flugvallarsvæðið til annarra nota eða af öðrum orsökum. Millilandaflug hefur nú að langmestu leyti verið flutt til Keflavíkurflugvallar, og er það án efa rétt stefna, þar sem öryggisbúnaður er þar verulega meiri og öryggi og allur aðbúnaður fyrir farþega og flugrekstur mun stórbatna og verða með því fullkomnasta, sem þekkist erlendis, þegar fyrirhuguðum endurbótum á Keflavíkurflugvelli lýkur. Aftur á móti hefur það verið skoðun flestra þeirra, sem um flugvallarmál höfuðborgarsvæðisins hafa fjallað undanfarin ár, að ekki væri unnt að gera ráð fyrir því, að innanlandsflug flyttist til Keflavíkurflugvallar, aðallega sakir þess, að við það yrði hlutfallslega mikil aukning bæði á ferðatíma og ferðakostnaði. Hins vegar hefur verið bent á, að nauðsynlegt væri að taka frá land á höfuðborgarsvæðinu eða í næsta nágrenni, þar sem gera mætti flugvöll, ef með þyrfti í framtíðinni, sem fullnægði þörfum innanlandsflugsins. Þó að æskilegt sé að taka fljótlega ákvörðun um frátöku lands vegna hugsanlegs flugvallar, er hvorki nauðsynlegt né tímabært að taka ákvarðanir um sjálfa flugvallargerðina, fyrr en fyllri undirbúningsrannsóknir hafa farið fram og aðstæður varðandi málið skýrast frekar í smærri atriðum.

Það er samhljóða álit sérfræðinga á sviði flugmála, að skilyrði til flugvallargerðar í nágrenni Reykjavíkur séu bezt á Álftanessvæðinu. Hafa athuganir því aðallega beinzt að því svæði, og þar kemur fyrst og fremst til greina að taka frá land til flugvallargerðar. Hins vegar er eitt af flugvallarstæðum höfuðborgarsvæðisins í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar, og var lega Reykjanesbrautar norðan Kúagerðis svo og staðsetning mannvirkja álbræðslunnar í Straumsvík og háspennulína frá Búrfelli að Straumsvík sunnan Reykjanesbrautar m. a. ákveðin með hliðsjón af því, að ekki væru skertir möguleikar til flugvallargerðar í Kapelluhrauni í framtíðinni.

Flugvallargerð í Kapelluhrauni yrði mjög ódýr, og umferð mundi ekki valda teljandi truflun í byggð höfuðborgarsvæðisins, og enn fremur er flugvallarsvæðið í eigu ríkisstofnunar. Gallinn er hins vegar sá, að þetta er talið lakasta flugvallarstæðið frá flugtæknilegu sjónarmiði, einkum vegna misvinda frá Löngulíðarfjöllum, sem torvelda aðflug, svo og vegna minni skýjahæðar en á Álftanesi. Þó var talið nauðsynlegt að gera kerfisbundnar athuganir á flugskilyrðum á þessu svæði, áður en ákvörðun yrði tekin um flugvallarmál höfuðborgarsvæðisins.

Sumarið 1968 fór fram nokkur athugun á flugskilyrðum á hugsanlegu flugvallarsvæði í Kapelluhrauni. Var álit sérfræðinga neikvætt. Samkv. ákvörðun samgrn. voru síðar gerðar yfirgripsmiklar athuganir í sama skyni undir stjórn Leifs Magnússonar, framkvæmdastjóra Flugöryggisþjónustunnar, veturinn 1969—1970 og sumarið 1970. Voru flogin 210 tilraunaflug, og skilaði Leifur Magnússon um þau ítarlegri skýrslu dags. 8. des. f. á. Í niðurstöðum skýrslunnar er talið, að flugvöllur í Kapelluhrauni mundi ekki geta uppfyllt þær kröfur, sem gera verður til hans um notagildi miðað við almennar reglur, vegna nálægra hindrana í austri og suðri og notagildi slíks flugvallar miðað við Reykjavík og sama aðflugsbúnað yrði allt að 11% minna.

Ekki hefur verið samstaða meðal þeirra, sem rn. hefur falið athugun málsins, um það, hvaða hlutverki Keflavíkurflugvöllur ætti að gegna í framtíðarskipan

flugvallarmála höfuðborgarsvæðisins og hvers konar flugvelli væri rétt að gera ráð fyrir á Álftanessvæðinu. Ágreiningurinn er í stuttu máli fólginn í því, sem kemur fram í skýrslu síðustu flugvallarnefndar, sem skilaði áliti 18. maí 1967. Meiri hl. nefndarinnar lagði til, að framtíðarmiðstöð millilandaflugs höfuðborgarsvæðisins yrði á Keflavíkurflugvelli, en á Álftanesi væri tekið frá svæði vegna þarfa innanlandsflugs eftir megintilhögun. Minni hl. nefndarinnar taldi rétt að gera ráð fyrir framtíðarmiðstöð alls innanlands- og millilandaflugs annars en hernaðarflugs á Álftanesi og að framkvæmdir samkv. megintilhögun yrðu hafnar sem fyrst. Síðan yrði Reykjavíkurflugvöllur og innlend starfsemi á Keflavíkurflugvelli lögð niður. Heitin X og L eru sprottin af innbyrðis afstöðu flugbrauta miðað við þessar tvær till.

Í meginatriðum verður að fallast á sjónarmið meiri hl. nefndarinnar. Sýnist ekki raunhæft að gera ráð fyrir, að Keflavíkurflugvöllur verði lagður niður, meðan flug er rekið í svipaðri mynd og nú er. Gildir þetta einnig, þótt byggður yrði flugvöllur samkv. till. L á Álftanesi, enda eru flugbrautir í Keflavík nú þegar lengri og fleiri en mögulegt er að koma fyrir á Álftanesi. Verður að álíta, að Keflavíkurflugvöllur verði um langa framtíð talinn ómissandi flugvöllur fyrir alþjóðlegt Atlantshafsflug, hver sem verður þróun herstöðvar þar, auk þeirra nota, sem íslenzk flugstarfsemi mun hafa af vellinum. Kemur ekki til mála annað en hin miklu mannvirki Keflavíkurflugvallar verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt.

Við ákvörðanir um frátöku lands undir fyrirhugaðan flugvöll á Álftanesi virðist rétt að hafa hliðsjón af því fyrirkomulagi, sem nefnt hefur verið tilhögun X, og eru í því sambandi einkum hafðar í huga þarfir innanlandsflugs. Með því fyrirkomulagi mætti koma fyrir 1800 og 1400 m flugbrautum og nauðsynlegum öryggissvæðum og aðflugsljósum að mestu leyti á landi ríkissjóðs á Bessastaðanesi. Þess má geta, að sú lengd flugbrauta mundi nægja minni gerðum af þotum, þ. á m. þotu þeirri, sem Flugfélag Íslands nú á. Ef ástæða þætti til, mætti lengja flugbrautirnar báðar í 2300 m. Þó er ekki fyrirsjáanlegt, að þörf verði svo langra brauta miðað við það hlutverk, sem flugvelli af X-gerð yrði ætlað, a. m. k. alls ekki þverbraut flugvallarins.

Fyrirkomulag þetta hefur þrjá meginkosti í sambandi við annað. Í fyrsta lagi yrði tiltölulega útgjaldalítið að tryggja land samkv. því, þar sem kaupa þarf fremur lítið land í einkaeign og eingöngu land, sem ekki er talið vel hæft til íbúðarhúsabygginga. Í öðru lagi yrði forsetasetrið að Bessastöðum utan marka flugvallarins og í beinum tengslum við íbúðahverfið á Álftanesi. Í þriðja lagi liggja byggð svæði eða byggileg í nokkurri fjarlægð frá flugbrautum og flugbrautarendum, þannig að tæplega yrði veruleg truflun af hávaða í byggð í nágrenni hans miðað við þess konar umferð, sem gert er ráð fyrir, þ. e. umferð tiltölulega léttra flugvéla að degi til, enda færi umferð, sem truflaði meira, um Keflavíkurflugvöll.

Fyrir meginbyggð höfuðborgarsvæðisins virðist truflun af hávaða fljótt á litið vera meiri í tilhögun X en í tilhögun L. Þegar betur er að gáð, breytist þó viðhorfið, enda fara óþægindi af hávaða í nágrenni flugvallarins eftir umferðarmagni og þyngd flugvéla auk fjarlægðar og brautarstefnu. Verður að ætla, að umferð yrði minni og léttari um X en L og öll umferð, sem veruleg truflun væri að, færi um Keflavíkurflugvöll.

Niðurstaðan er því sú, að flugvöllur með fyrirkomulagi X sé í samvinnu við Keflavíkurflugvöll fullnægjandi fyrir það hlutverk, sem honum væri ætlað í flugstarfsemi í framtíðinni. Jafnframt er sú skipun hagkvæmust fjárhagslega af þeim, sem til greina koma og eru fullnægjandi lausn, þegar gert er ráð fyrir örum vexti á flutningum í lofti. Um leið væri fjáröflun vegna landakaupa innan viðráðanlegra marka, og ætti ekki að þurfa að draga úr fjármagni til mikilvægra þátta flugstarfseminnar víða um land.

Samkv. hugmynd meiri hl. síðustu flugvallarnefndar, sem virðist aðgengilegust lausn, mundi þurfa að tryggja ríkinu til ráðstöfunar eftir 1985 nokkurt land, sem nú er í einkaeign, þ. e. land jarðanna Breiðabólstaðar, Akraness og Landakots á Álftanesi. Að gera flugvöll af L-gerð samkv. till. minni hl. síðustu flugvallarnefndar mundi krefjast eignarnáms eða kaupa á 16 jörðum á Álftanesi, og auk þess væri þá útilokað, að forsetasetur gæti áfram verið að Bessastöðum, og gera þyrfti ráð fyrir fé til að byggja nýtt forsetasetur.

Niðurstaðan af athugunum rn. í málinu í heild er sú, að æskilegt sé að tryggja land fyrir flugvöll af gerð X eftir 1985. Mun rn. fljótlega óska viðræðna án allra skuldbindinga við eigendur þeirra þriggja jarða í einkaeign, sem slíkur flugvöllur mundi ná til, um kaup jarðanna miðað við afhendingu eftir 1985, takmörkun varanlegrar mannvirkjagerðar, en venjulega ábúð að öðru leyti. Reynt verður að ljúka viðræðum og öðrum athugunum fyrir haustið og afla þá fjár til kaupanna, ef aðgengilegir kostir bjóðast um verð og greiðsluskilmála.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir það svar, sem hann var að gefa við þeirri fsp., sem ég hef borið fram. Það er greinilegt, og hefur verið um það bæði rætt og ritað mikið, að allur sá langi dráttur, sem orðinn er, síðan hin svokallaða flugvallarnefnd skilaði áliti sínu, en það var 18. maí 1967, um það, hvernig standa skuli að þörfum flugsins og hvort byggja eigi nýjan flugvöll á höfuðborgarsvæðinu, er mjög til baga og hlýtur í framtíðinni að kosta okkur talsverð aukaútgjöld. Ég vil aðeins benda á, að meðan engin ákvörðun er tekin um, hvort Reykjavíkurflugvöllur á að verða áfram notaður hér sem aðalflugvöllurinn fyrir innanlandsflugið í landinu, eru framkvæmdir unnar þar fyrir millj. og stundum tugmillj. kr. ár frá ári, sem síðar kunna að verða verðlitlar, ef horfið yrði að því ráði að byggja annan flugvöll hér fyrir innanlandsflugið í næsta nágrenni Reykjavíkur. Það eitt út af fyrir sig sýnir, að ákvörðun um, hvort byggja eigi flugvöll hér á höfuðborgarsvæðinu eða ekki, má ekki dragast lengur.

Mér er kunnugt um þau tvö álit, sem koma fram í þessari álitsgerð flugvallarnefndar, sem nú er orðin milli þriggja og fjögurra ára gömul, eins og ég vék að. En það er ekki einasta fyrir flugið, sem þessi dráttur allur veldur miklum óþægindum og kemur til með að kosta þjóðina sem heild stórfé, heldur kemur þetta einnig illa við ýmsa ábúendur á Álftanessvæðinu. Í því

sambandi leyfi ég mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp lítinn hluta úr bréfi, sem mér hefur borizt frá einum ábúanda í hreppnum, en þar segir svo:

„Eini hreppurinn í nágrenni Reykjavíkur, sem verður fámennari með hverju árinu sem líður, er Bessastaðahreppur, og eru fyrir löngu orðin vandræði af fámenninu. Þessi þróun í hreppnum stafar einvörðungu af því, að nauðsynleg skipulagning byggðar í hreppnum hefur verið tafin vegna hugmyndar um flugvöll á Álftanesi, fyrst fyrir millilandaflug, en síðar fyrir innanlandsflugið eitt. Enn er hluti hreppsins, þrjár jarðir, í banni um skipulagningu, en slíku vill sveitarstjórnin ekki una, og gengur því hvorki né rekur um þetta áhugamál sveitarstjórnarinnar. Hversu lengi á enn að hindra eðlilega þróun þessa eina sveitarfélags?"

Þetta sjónarmið er sem sagt til staðar á Álftanessvæðinu, þar sem komið hefur til umr. að byggja nýjan flugvöll. Ég vil því leggja áherzlu á það, að hæstv. ráðh. og flugmálayfirvöld láti það nú ekki lengur dragast að taka ákvörðun um, hvort byggður verður flugvöllur í næsta nágrenni Reykjavíkur, og sá dráttur og þau vandræði, sem hafa orðið í þessu sérstaka sveitarfélagi vegna þeirra bollalegginga, sem uppi hafa verið um þessi efni, verði ekki lengur til þess, að menn standi í vafa um það, hvort þarna á að koma flugvöllur eða ekki, og ef ekki verður byggður flugvöllur á þessu svæði, þá verði íbúum þessa sveitarfélags og sveitarstjórninni ekki lengur meinað að ganga frá skipulagningu þessa svæðis.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Eins og hv. þm. er öllum kunnugt, hafa þessi flugvallarmál verið á dagskrá nú um nokkuð langan tíma. Það hefur verið starfandi nefnd í sambandi við þetta og komið fram hjá henni fleiri en ein till. í sambandi við flugvallargerð. Það, sem að mínum dómi hefur virzt vera ríkjandi hjá þeirri nefnd, sem hefur haft þetta mál til skoðunar, er, að það sé ekki nema um einn einasta stað að ræða til þess að byggja flugvöll, er mundi leysa þann flugvöll af hólmi, sem nú er notaður fyrir innanlandsflug, þ. e. flugvöllinn hér í Reykjavík, en í skipulagi Reykjavíkurborgar er ekki gert ráð fyrir þeim flugvelli eftir 1983. Ég hefði álitið öllu skynsamlegra, að það hefði verið leitað til fleiri staða, ef ekki verður á annað borð hægt að nota Keflavíkurflugvöll bæði fyrir utanlandsflugvöll og innanlandsflugvöll. Ég er þeirrar skoðunar, að eftir að Reykjanesbrautin hefur verið lögð og þegar verið er enn að bæta vegagerð hér suður á Reykjanesið, þá sé sá tími, sem fari í það að aka til Keflavíkurflugvallar, hverfandi og þá komi menn til með að sjá, að það er skemmra til flugvallar hér hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu á Íslandi heldur en annars staðar.

Það er út af fyrir sig ekkert við það að athuga, að ráðh., sem fer með þessi mál, kaupi jarðir á mjög þýðingarmiklum svæðum hér á höfuðborgarsvæðinu, en ég er alveg ósammála hv. 2. þm. Reykn., að það sé á valdi ráðh. eða flugmálastjórans að ákveða það, hvar og hvenær flugvöllur verður byggður. Það getur ekki nema Alþ. Það hlýtur að verða Alþ., sem ákvarðar það, hvar nýr flugvöllur verður byggður og þá hvenær, og m. a. í sambandi við það fluttum við hér þm. Reykn. á s. l. þingi frv. til l. um, að þetta svæði, sem hér er um rætt, verði sérstaklega varið og það útbúið, eins og þar var sagt, sem fólkvangur, gert ráð fyrir byggð, en það náttúrulíf og það sérkennilega svæði verði varið, til þess að fólk hér á höfuðborgarsvæðinu hafi tækifæri til útivistar.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram og leggja á það höfuðáherzlu, að það hlýtur að vera hv. Alþ., sem ákvarðar um byggingu flugvallar, en hvorki ráðh. eða flugmálastjórinn, eins og hv. 2. þm. Reykn. gerði ráð fyrir. Ég er honum hins vegar sammála um, að það ætti að taka ákvörðun um það hið fyrsta af Alþ., að á Álftanesi yrði ekki byggður flugvöllur í framtíðinni.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Að því er ég bezt veit eru skipulagsmál á Álftanesi á því stigi nú, að fyrir skömmu hefur hreppsnefnd Bessastaðahrepps fengið heildarskipulag af hreppnum að öðru leyti en því, að haldið mun vera eftir svæði vegna hugsanlegs flugvallar, en það svæði tekur til þriggja jarða, þeirra, sem hæstv. ráðh. nefndi hér áðan. Nú veit ég ekki, við hvað skipulagsstjóri eða rn. styðst í ákvörðun sinni varðandi þessar jarðir. Ég minnist þess ekki, að Alþ. hafi á neinn hátt mælt fyrir um slíkar ráðstafanir, og hér mun ekki vera um það að ræða, að beitt hafi verið ákvæðum 12. gr. skipulagslaga, þar sem gert er ráð fyrir því, að fresta megi í allt að 10 ár ákvörðun um skipulagningu á hluta af svæði, sem fellur undir svæðaskipulag, þ. e. skipulag, sem tekur til samliggjandi sveitarfélaga. Um hvorugt skilst mér, að sé að ræða, beitingu þessa sérstaka ákvæðis í skipulagslögum eða sérstaka ákvörðun Alþ. En ég tel nauðsynlegt, að Alþ. hugi að þessari ráðstöfun að halda eftir landssvæði, sem tekur til þriggja jarða, vegna þess að mér sýnist, að mál standi nú svo varðandi þessa jarðeigendur, að þegar þeim eru meinuð réttindi til að byggja á jörðum sínum eins og aðrir hreppsbúar, þá geti þeir hvenær sem er krafizt eignarnáms á jörðum sínum öllum eða a. m. k. þeim hluta af jörðunum, sem ætlað er að fara undir þennan hugsanlega flugvöll. Nú má vel vera, að það geti talizt rétt eða réttlætanlegt, að ríkið eignaðist þessar jarðir eða hluta þeirra, hvað sem flugvelli líður, hvort sem af byggingu hans yrði eða ekki, en alla vega sýnist mér, að það sé Alþ. sjálft, sem eigi að taka ákvarðanir um þessa hluti, en málin eigi ekki að bera að á þann veg, að rn. eða aðrar stofnanir ríkisins grípi til ráðstafana, sem sjálfkrafa kalla fram skyldur ríkisins til kaupa á löndum, án þess að áður liggi fyrir ótvíræður vilji Alþ. um þau kaup. Ef svo er, að með því að taka frá land á Álftanesi sé verið að binda ríkið skyldum til þess að kaupa landið, ef landeigendur krefjast, tel ég, að verið sé að fara aftan að hlutunum og verið sé að gera ráðstafanir, sem Alþ. sé síðan ætlað að standa frammi fyrir sem gerðum hlut. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðh., hvort hann telji, að sú ákvörðun að taka frá land eða hluta af landi þriggja jarða á Álftanesi, þegar gengið er frá skipulagi á þessu svæði, hafi þær afleiðingar, að ríkinu sé e. t. v. þess vegna nú þegar skylt að kaupa þessar jarðir eða hluta þeirra, ef farið er fram á það, og ef svo er, hvers vegna málið hafi ekki verið lagt fyrir Alþ., áður en til slíkrar skyldu væri stofnað, og reynt á það, hvort meirihlutavilji væri fyrir því á hv. Alþ., að ríkið tæki eignarnámi lönd á Álftanesi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú

eðlilegt, að nokkrar umr. verði um þetta mál, þegar það ber hér að á hv. Alþ.

Hv. fyrirspyrjandi var ekki alveg ánægður með mín svör, og hafði ég þó vonazt eftir því, að í svörunum fengi hann allt, sem hann vildi vita um þessi mál. En hv. þm. talaði um langan drátt til ákvörðunar á þessu máli, drátt, sem hefði orðið þjóðinni til skaða og flugmálunum til óþæginda. Það er mikill misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, ef hann heldur, að hér sé um óhæfilegan drátt að ræða. Eins og fram kom í svari mínu áðan, þá voru gerðar tilraunir með það að prófa annað flugvallarstæði heldur en Álftanes, sem er Kapelluhraun. Það er ódýrast að gera flugvöll þar, og ef þessi staður hefði verið heppilegur frá flugtæknilegu sjónarmiði, þá væri ekkert áhorfsmál að gera þar flugvöll fyrir innanlandsflugið. En eftir ítarlegar athuganir, sem ekki var lokið fyrr en í haust, og þegar álit kom frá flugmálastjórninni og flugöryggisstjóranum 8. des., þá kemur það í ljós að Kapelluhraun er ekki sá heppilegi staður, sem menn höfðu búizt við. Og sannleikurinn er nú sá, að það getur verið dýrast að flýta sér of mikið og taka ákvarðanir um framkvæmdir án þess að hafa rannsakað málin til hlítar áður. Og ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi ætlist ekki til þess, að þannig sé unnið að málunum, þótt þannig mætti skilja hann áðan.

Það er nú svo, að það er gert ráð fyrir því, að Reykjavíkurflugvöllur verði notaður a. m. k. til ársins 1958 og kannske lengur. Og það vill svo til, að ríkið á landið að langmestu leyti undir Reykjavíkurflugvelli, og allir vita nú það, hvort land hér í Reykjavík, sem býður sig fram til þess að verða lóðir undir íbúðarhús, er að lækka í verði eða ekki. Gæti það ekki verið, að ef land á Álftanesi hefði hækkað í verði s. l. þrjú ár, hefði land, sem ríkið á á Reykjavíkurflugvelli, hækkað nokkru meira, þannig að ríkið beinlínis gæti hagnazt á drættinum? Og þegar ekki er um það að ræða að leggja niður Reykjavíkurflugvöll að sinni, þá er vissulega nógur tími til athafna og ekki ástæða til þess að rasa um ráð fram, heldur gera það, sem skynsamlegast er í þessu máli. Það er þess vegna mishermi hjá hv. fyrirspyrjanda, þegar hann talar um, að þjóðin hafi skaðazt um fjárhæðir í þessu tilliti.

Þá talar hv. fyrirspyrjandi um óþægindi Bessastaðahrepps. Hann talar um það, að ekki hafi verið hægt að skipuleggja þarna í hreppnum landið og ekki láta land undir íbúðir, vegna þess að dráttur hafi verið mikill hjá flugmálastjórn. Þetta er algerlega út í hött, því að það er langt síðan rn. skrifaði hreppsnefnd Bessastaðahrepps og tilkynnti, að það væri ekkert til fyrirstöðu frá rn. hálfu að skipuleggja byggingarlóðir í Bessastaðahreppi að undanteknum þessum þrem jörðum, sem hér hefur verið minnzt á. Bréfið er dagsett 2. júlí og hljóðar svo:

„Í framhaldi af bréfi rn., dags. 4. júní 1967, og með skírskotun til viðræðna við yður varðandi hugsanlega flugvallargerð á Álftanesi, vill rn. taka fram eftirfarandi:

Ákveðið er, að ekki kemur til flugvallargerðar samkv. till. minni hl. síðustu flugvallarnefndar, sem nefnd hefur verið L. Till. meiri hl. nefndarinnar, sem nefnd hefur verið till. X, er enn í athugun, og verður væntanlega unnt að taka endanlega afstöðu í málinu á næsta vetri.“ — En það var verið að bíða eftir endanlegri athugun á Kapelluhrauni, eins og áður hefur verið sagt, og þess vegna dróst sú ákvörðun. — „Rn. sér því ekkert því til fyrirstöðu, að Álftanessvæðið verði skipulagt og leyfðar á því byggingar, nema þar sem þessi till. nær til, sem mun vera Bessastaðanes og land jarðanna Breiðabólstaðar og Arakots.“

Talið er, að stór hluti af því landi, sem fylgir þessum jörðum, sé ekki heppilegt til íbúðarbygginga. Það er því algerlega orðum aukið, að dráttur sá, sem hér er talað um, hafi tafið fyrir því, að hægt væri að skipuleggja Bessastaðasvæðið. Hreppurinn býr ekki við fámenni af þeim ástæðum.

Þá var minnzt á það hér áðan, að rétt væri að athuga, hvort Keflavíkurflugvöllur gæti ekki þjónað bæði innanlandsflugi og utanlandsflugi. Ég tel það alveg fráleitt. Það er alveg útilokað að ætlast til þess, að Keflavíkurflugvöllur verði fyrir innanlandsflugið. Það mundi skapa ótrúlega mikil óþægindi fyrir fólk, sem ætlar að fljúga út á land. Það er komið til Keflavíkur, ætlar að fljúga, við skulum segja til Ísafjarðar, og þá er allt í einu orðið ófært þar, því að veðrið hefur versnað. Sama gildir, hvert sem flogið er. Það getur komið fyrir, að þegar fólkið væri komið út á flugvöll, þá væri ófært að fljúga til þess staðar, sem átti að fara til. Það væri stórt spor aftur á bak og er ekki boðlegt að hugsa sér það, að Keflavíkurflugvöllur verði fyrir innanlandsflugið, en það er sjálfsagt, að hann verði notaður sem millilandaflugvöllur.

Þá er talað um það, hvar valdið sé til þess að kaupa land og til þess að taka endanlega ákvörðun í þessu máli. Rn: hefur nú aldrei efazt um það, að ef hægt er að gera samningstillögu og ná samkomulagi við eigendur jarðanna á Álftanesi, þá verður að bera það undir Alþ., hvort slík kaup verða samþykkt. Og rn. hefur aldrei efazt um það, að áður en byrjað verður að gera flugvöll, hvort sem það verður á Álftanesi eða annars staðar, þá verður að bera það undir Alþ., en rn. hefur talið það skyldu sína að gera till. í þessu máli til Alþ. og leita eftir samþykkt þess um það, sem að vel athuguðu máli er talið vera skynsamlegast. Og þetta er í rauninni það, sem ég þurfti að segja við hv. síðasta ræðumann. Það er í rauninni sama svarið til hans og 1. þm. Reykn. varðandi ákvörðun Alþ. og varðandi hlutverk rn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér ýkja mikið í þessar umr. um flugvöll hér á Álftanesi, en hins vegar rifjast eitt og annað upp fyrir manni, þegar farið er að tala um flugmálin almennt á hv. Alþ., því að sannleikurinn er sá, að flugmálin hafa verið eins konar olnbogabarn hér í umr. á hv. Alþ., eins konar olnbogabarn í samgöngumálum, og ég held, að þetta hafi komið mjög greinilega fram í þeim bréfum, sem okkur voru skrifuð, þm., líklega öll samhljóða, af stjórn atvinnuflugmanna um þessi efni. Þar kemur það einmitt greinilega fram, hvernig ástandið er í flugmálunum, sérstaklega ástandið á flugvöllunum almennt í landinu. Og verst er þetta ástand náttúrlega á flugvöllunum úti um landið. Og einmitt vegna þessa, að þetta hefur komið til umr. hérna og við erum hér í fsp.-tíma, þá langar mig til þess að leyfa mér að spyrja hæstv. samgrh., hvort nokkuð nýtt sé á döfinni í þessum efnum, hvort fyrirhugað sé að gera sérstaka áætlun um endurbætur á flugvöllum í landinu, t. d. slíkar, sem

gætu komið til framkvæmda í sumar eða síðar. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði, og ég vildi gjarnan, ef hæstv. samgrh. gæti eitthvað upplýst um þessi efni, að hann gerði það hér undir þessum umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 1. þm. Reykn. sagði hér áðan. Ég vil taka það fram, að að sjálfsögðu er mér það ljóst, eins og vafalaust öllum alþm., að það er Alþingis að taka endanlega ákvörðun um þetta mál, hvort hér verður gerður flugvöllur og hvar hann verður gerður. Hitt er þó ljóst, að flugmálayfirvöld með hæstv. ráðh. í broddi fylkingar hljóta að hafa alla forustu um þetta og undirbúa málin, eins og þau raunar hafa gert með þeirri athugun, sem gerð hefur verið á þessu, og síðan er það væntanlega þeirra að leggja fyrir Alþ. það, sem þau vilja í þeim málum gera.

Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ég hafi haldið því fram áðan, að skipulagsmálum sveitarfélagsins alls væri haldið í klemmu út af þessum bollaleggingum um flugvallargerð á Álftanesi. Ég tók það fram, að það væru þrjár jarðir, sem haldið væri í klemmu út af þessum umr., og ég las því til undirstrikunar upp úr bréfi, sem mér hafði borizt frá eiganda og ábúanda einnar þessarar jarðar, svo að ég vona, að hæstv. ráðh. taki þessa leiðréttingu til athugunar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að Reykjavíkurflugvöllur mundi gegna áfram hlutverki sínu sem innanlandsflugvöllur allt til ársins 1985, og væntanlega mundi það land, sem flugvöllurinn nú stendur á, hækka í verði til þess tíma, að hann yrði lagður niður, er að því kemur. Ekki skal ég um það segja. Það er þó mjög sennilegt, en hitt leyfi ég mér að draga fyllilega í efa, að allar þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á Reykjavíkurflugvelli flugsins vegna, og allar þær framkvæmdir, sem koma til með að verða gerðar á Reykjavíkurflugvelli til ársins 1985, fáist greiddar, þó að land þetta verði tekið undir íbúðarbyggingar einhvern tíma í framtíðinni. Og það er m. a. þetta atriði, sem ég á aðallega við, þegar ég segi, að þjóðfélagið sem heild tapi á því, að ákvörðun í þessum efnum sé ekki tekin.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Út af þeim umr. sem hér hafa spunnizt um flugvallarmál, vildi ég aðeins láta það koma fram, að það er mín skoðun, að nauðsynlegt sé að skoða betur álit minni hl. flugvallarnefndar, það álit, er hné að því að byggja fullkominn millilandaflugvöll á Álftanesi, áður en ákveðið er að takmarka sig við minni flugvöll þar. Ég á ekki við með þessari skoðun minni, að í henni felist, að nauðsynlegt sé eða fært sé að ráðast strax í framkvæmdir við gerð fullkomins millilandaflugvallar á Álftanesi, en hér er um svo öra þróun að ræða á sviði flugmála og svo mikil verðmæti í húfi og miklir hagsmunir varðandi flugsamgöngur, að ekki er tiltökumál að taka frá nokkurt landssvæði, þótt það væri gert aðeins um nokkurt árabil, til þess að eiga fleiri kosta völ, þegar endanlegar ákvarðanir verða teknar. Því vil ég láta það koma fram í þessum umr., að ég tel nauðsynlegt að skoða minnihlutaálitið nánar, áður en menn takmarka sig við minni gerð flugvallar á Álftanesi.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Vegna þess að hæstv. ráðh. leiddi hjá sér að svara þeirri spurningu, sem ég beindi hér til hans áðan, þá vildi ég gjarnan ítreka hana, en hún var á þá leið, hvort hæstv. ráðh. telur, að með ákvörðunum samgrn. og skipulagsyfirvalda hafi ríkið nú þegar verið bundið skyldum til þess að kaupa þrjár jarðir á Álftanesi eða hluta þeirra, en ég hef fyrir mér álit skipulagsfróðra og lagafróðra manna um það, að einmitt þannig sé þessu nú komið, en það kalla ég að fara aftan að hlutunum.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa spunnizt varðandi flugvallargerð á Álfftanesi, og það, að mjög er skírskotað til skipulags Reykjavíkurborgar miðað við 1985 og þess skipulagsuppdráttar, sem mér er ekki ljóst, hvort er samþykktur af þar til bærum aðilum, þá vildi ég mega beina því til hæstv. ráðh., að eins og tekið er tillit til þess skipulagsuppdráttar og skipulags Reykjavíkurborgar, þá verði ekki síður tekið tillit til þeirra sveitarfélaga, sem liggja enn þá nær því svæði, sem gert er ráð fyrir í þeim umr., sem hér hafa farið fram, að flugvöllur verði byggður á. Þar á ég við sveitarfélögin í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði, sem ég held, að hafi látið til sín heyra í sambandi við þetta mál.

Ég vil svo aðeins ítreka þá hugmynd, sem hér hefur komið fram á þingi í sambandi við verndun þessa svæðis, og af því að ég tók svo eftir í ræðu hæstv. ráðh. áðan, að hann segði, að rn. væri búið að gera till. í þessu máli, þá langaði mig til þess að spyrja, hvar þá till. væri að finna.

Ég veit, að flugvallarnefndin hefur klofnað og gerir tvær mismunandi till., en ég veit hins vegar ekki til og hef ekki orðið var við, að rn. eða ríkisstj. sé búin að gera till. um byggingu flugvallar á Álftanesi, né heldur þá, með hvaða hætti sá flugvöllur yrði byggður. Fari ég með rangt mál eða hafi ekki athugað nógu vel, hvar þessa till. er að finna, þá hygg ég, að hæstv. ráðh. upplýsi mig um það.

Í sambandi við skipulagið á Álftanesi, þá hefur, held ég, örlítið borið hér á milli. Það er rétt, sem ráðh. hefur getið um, að með bréfi 2. júlí og með bréfi frá árinu áður hefur rn. sem slíkt leyst eða losað hreppinn við þá kvöð, sem á var sett í sambandi við skipulagið, og það bréf barst skipulagsstjóra, en engu að síður, ég segi engu að síður og þrátt fyrir að rn. hefur losað það bann eða tekið af það bann, sem það hafði áður sett, þá hefur skipulagsstjóri ekki viljað fara í skipulagningu á öðrum svæðum þar á Álftanesi, þannig að leyfið frá rn. hefur verið veitt, en skipulagsstjórn ríkisins hefur ekki notfært sér það leyfi, og það hefur verið í trássi við þá aðila, sem eru forsvarsmenn íbúa í Bessastaðahreppi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er verið að spyrja um það, hvar till. rn. væru í sambandi við flugvallargerðina. Ég var að lýsa þeim till. áðan og hef ekki meira um það að segja, vona, að hv. 1. þm. Reykn. hafi heyrt það, sem ég sagði hér áðan. Till. rn. um gerð flugvallar á Reykjavíkursvæðinu er að fara eftir meirihlutatillögu nefndarinnar, X-tillögunni, og byggja minni flugvöll, sem þó gefur möguleika til þess að hafa flugbrautir allt að 2300 m langar og getur orðið fyrir allar léttari flugvélar og einnig minni þotur. Þetta

eru till. rn., sem ég var hér að lýsa áðan. (Gripið fram í.) Till. rn., sem ég var að lýsa hér áðan, verður væntanlega borin undir Alþ., því að rn. hefur aldrei dottið í hug, að *það hefði vald til slíkrar ákvörðunar, en eins og sagt var* hér áðan, þá telur rn. það skyldu sína að koma með till. í þessu máli, sem er byggð á undangenginni rannsókn og að athuguðu máli er talin skynsamlegust. Að sjálfsögðu verður við gerð flugvallarins gert allt, sem unnt er, til þess að taka tillit til sveitarfélaganna, nálægra sveitarfélaga, líkt og Reykjavíkur, þegar talað er um það, að flugmálastjórnin og ríkisstj. vilji ekki brjóta í bága við skipulag Reykjavíkur. Það er ekki annað, sem hér er um að ræða gagnvart Reykjavík, heldur en það að hlíta skipulagi Reykjavíkur, eins og lög reyndar mæla fyrir um, þegar skipulag hefur verið staðfest.

Hv. 6. landsk. sagði, að ég hefði smokrað mér fram hjá því að svara áðan. Það var alls ekki meiningin. Í svari mínu áðan tók ég það fram, að rn. mundi hefja viðræður við eigendur hinna nefndu þriggja jarða á Álftanesi og leita eftir að ná samkomulagi bæði í verði og greiðslukjörum. Síðan mun rn. bera þetta undir Alþ., en rn. er ljóst, að það getur á engan hátt bundið Alþ. Alþ. getur ekki verið bundið af samkomulagi, sem rn. er að reyna að gera, og það samkomulag, sem rn. gerir við eigendur þessara jarða, verður með þeim fyrirvara, að Alþ. fallist á það. Nú vona ég, að hv. 6. landsk. þm. hafi fengið svar við því, sem verið er að tala um.

Hv. 12. þm. Reykv. talaði um það, að æskilegt væri að athuga þetta mál nánar, kasta ekki fyrir borð till. minni hl. flugvallarnefndar. Í því felst það, að hann og sjálfsagt fleiri telja ekki útilokað að gera stóran flugvöll á Álftanesi og að hafa tvo millilandaflugvelli, hér nálægt Reykjavík og í Keflavík. Þessu telur rn. ekki þörf á, og eins og var reyndar tekið fram í svari mínu áðan, þá er ekki unnt að gera nægilega langar flugbrautir á Álftanesi til þess, að það geti nokkurn tíma orðið full*nægjandi millilandaflugvöllur miðað við þær stóru* flugvélar, sem nú eru á ferðinni. Og auk þess þyrfti að leggja mikla fjármuni fram við að taka eignarnámi 16 jarðir, og eins og áður er sagt, þyrfti að byggja nýtt forsetasetur, ef flugvöllur yrði byggður á Álftanesi eftir till. minni hl. Ég hygg, að að athuguðu máli geti nú Alþ. fallizt á þá skoðun, sem rn. hefur á þessu, en það er vitanlega Alþingis, þegar að því kemur, að ákveða það, hvor leiðin verður valin. Hér var einn hv. þm. áðan að tala um, að flugvellir úti á landi væru ekki nægjanlega útbúnir að öryggistækjum eða öðru, sem talið er nauðsynlegt að hafa á flugvöllum. Og þetta er rétt. Ég sagði hér í vetur, þegar talað var um flugmál og öryggismál, að það væri æskilegt, að betra ástand væri á þessu heldur en er. Og það kom greinilega fram í svari rn. við bréfi flugmanna, atvinnuflugmanna, að það er talið nauðsynlegt að gera margt fleira í öryggismálum flugvalla en enn hefur verið gert, enda þótt það verði ekki viðurkennt, að hér sé um algert neyðarástand að ræða, eins og stundum hefur verið sagt.

Spurt er um það, hvort gerð hafi verið áætlun í sambandi við flugvelli úti á landi og öryggismálin. Það kom fram í erindi rn., að það hefur verið gert, og það kom einnig fram, að þessi áætlun, sem er frá árunum 1969—1973, er nú í endurskoðun með það fyrir augum að fullnægja óskum atvinnuflugmanna. Atvinnuflugmenn hafa komið tvisvar til viðræðna við mig í rn. um þessi mál, og þeir skilja það, að þetta verður ekki allt gert í einu, en hafa góðfúslega bent á það, sem þeir telja eðlilegt að gera, og þeir hafa raðað verkefnunum upp, eftir því sem þeir telja nauðsynlegast vera. Það er þess vegna ekki um annað að ræða en að endurskoða þá áætlun, sem fyrir hendi er, og reyna að uppfylla sem fyrst þær óskir, sem flugmenn bera fram öryggginu til handa, því að allir eru sammála um það, að það eigi að hafa fyllsta öryggi í þessum málum. Og hvernig ætti annað að vera en eitthvað væri enn ógert í flugmálum eins og öðrum málum í okkar þjóðfélagi, í okkar stóra og strjálbýla landi, og ég held, að við verðum ásakaðir um eitthvað annað en athafnaleysi, framkvæmdaleysi í uppbyggingu hinna ýmsu mála.

Ég held, að það sé þá ekki fleira, sem ég hef skrifað niður og þörf er á að svara í sambandi við þessi mál. Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi hafi fengið nægileg svör við sinni fsp. og þessar umr. hafi orðið til þess að skýra málin nokkuð.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Um þessar mundir eigum við að stríða norður í landi einhverja verstu deilu, sem hér hefur komið upp, og hefur hún sprottið af opinberum framkvæmdum, sem þar voru fyrirhugaðar. Ég held, að flestir séu sammála um það, að við hefðum getað komizt hjá þessari deilu að öllum líkindum, ef fyrr hefði verið tekið tillit til ýmissa sjónarmiða, sem hafa nú í mjög hraðvaxandi mæli áhrif á fólk í þessu landi, svo sem náttúruumhverfis og annars slíks, á meðan málið var á undirbúningsstigi. Ég rifja þetta upp, vegna þess að mig langar fyrst og fremst til þess að varpa fram þeirri spurningu í sambandi við undirbúning á væntanlegri flugvallargerð á Reykjavíkursvæðinu og þá einna helzt á Álftanesi, hvort þetta mál hafi verið athugað frá einhverjum fleiri sjónarmiðum en bara *sjónarmiðum flugmálaáhugamanna og hagsmuna*manna. Þær nefndir, sem talað er um, eru flugvallarnefndir, og í þeim eru að sjálfsögðu sérfræðingar í þeim efnum. En hefur rn., sem virðist vera svo að segja tilbúið með till. í þessu máli, að því er ráðh. segir, talað við heilbrigðisyfirvöld á þessu svæði, hefur það talað við náttúruverndarnefnd á þessu svæði, hefur það talað við þá, sem hafa með félagsmál íbúanna á þessu svæði að gera, hefur það athugað þessi mannlegu sjónarmið og spurt þessa aðila, hvort þeir telji æskilegt og hvort þeir telji heilbrigt að fá slíkt mannvirki sem stóran flugvöll sett niður á mitt mesta þéttbýlissvæði þjóðarinnar? Ég vil bæta einni spurningu enn við: Hefur hæstv. ráðh. spurt forseta Íslands, sem býr þarna, hvaða álit hann hafi frá sínu embættissjónarmiði á því að fá flugvöll fyrir utan svefnherbergisgluggann hjá sér? Það mætti nefna ýmsa fleiri aðila, sem eðlilegt væri miðað við nútíma viðhorf að spyrja um þessa hluti, og ég vil aðeins vara við því, að menn gangi of langt í ákvörðunum og tillögugerð, áður en þessar hliðar, hinar mannlegu umhverfishliðar, hafa verið kannaðar til hlítar. Við ættum að hegða okkur eins og brennt barn og reyna að læra af reynslunni. En því vil ég spá, að ef yfirvöld halda því fast fram að byggja stóran flugvöll á Álftanesi, þá muni rísa á Reykjanessvæðinu mótmælaalda almennings, sem muni ekki verða minni, ef ekki tölu-

vert miklu meiri en nokkuð það, sem við höfum kynnzt í þeim efnum til þessa.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. Ég verð enn að lýsa óánægju minni yfir svörum hæstv. ráðh. Mér finnst hann hafa farið alveg fram hjá kjarna þess, sem ég spurði um. Ég var ekki að spyrja um það, hvort rn. mundi taka upp viðræður við landeigendur á Álftanesi á næstunni um kaup á jörðum þeirra, og ég var ekki að spyrja um það, hvort rn. mundi einhvern tíma í framtíðinni leggja málið fyrir Alþ., heldur hitt, hvort ráðh. teldi, að vegna aðgerða, sem gerðar hafa verið af hálfu rn. varðandi þessar þrjár jarðir með því að taka þetta land frá, þá sé ríkinu nú þegar skylt að kaupa þessar jarðir, og þegar málið þá loksins verður lagt fyrir Alþ., hvort Alþ. eigi þá að standa frammi fyrir þessu sem gerðum hlut.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru nú ekki tök á því í þessum fsp.-tíma að fara að ræða almennt um þetta stóra mál, en það liggur ljóst fyrir að mínu viti eftir þær umr., sem hér hafa orðið, að þrátt fyrir allmikinn undirbúning og töluverðar rannsóknir í því sambandi, hvernig flugvallarmálum hér á höfuðborgarsvæðinu verði skipað til frambúðar, þá virðist vera langt í land, að búið sé að skoða þau mál niður í kjölinn. Og mér virðist, að enn þurfi að líta á margar hliðar þessara mála, eins og m. a. kom glögglega fram hjá hv. 5. þm. Vesturl.

Það liggur, að því er mér virðist, alveg ljóst fyrir eftir þessa umr., að þrír af forustumönnum stærsta stjórnmálaflokks landsins, Sjálfstfl., hafa þrjár alveg gagnstæðar skoðanir, ef svo má segja, í þessu stórmáli, að því er hér hefur komið fram. Hæstv. samgrh. hefur lýst þeirri skoðun sinni og rn., að Keflavíkurflugvöllur verði til frambúðar aðalmillilandaflugvöllurinn, en síðan sé rétt að byggja eða gera ráð fyrir, að byggður verði síðar lítill flugvöllur á Álftanesi fyrir innanlandsflug. Hv. 12. þm. Reykv., borgarstjórinn í Reykjavík, taldi, að full ástæða væri til að kanna nánar till. minni hl. þeirrar nefndar, sem síðast fjallaði um þessi mál, þ. e. till. hans um tiltölulega stóran millilandaflugvöll hugsanlega á Álftanesi. Og það var ekki á hv. þm. annað að heyra en hann hallaðist mjög að þeirri skoðun. Loks er svo skoðun hv. 1. þm. Reykn., forseta Nd. Alþ., að alls ekki komi til mála að byggja neinn flugvöll á Álftanesi, þar eigi að vera fólkvangur í þess stað.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þetta mál virðist allt þurfa könnunar við, og í sambandi við það, sem fram hefur komið hér, þá vildi ég aðeins beina þeirri fsp. til hæstv. samgrh., hvort sú till., sem hann hefur nú lýst hér í þessum umr., um að gera ráð fyrir litlum flugvelli á Álftanesi, er till. samgrn. eins eða hvort það er till. ríkisstj. í heild.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 5. þm. Vesturl. vakti athygli á því, að ástæða væri til að taka tillit til hins mannlega, ef það ætti nú að fara að byggja stóran flugvöll á Álftanesi. En ég vil þá einnig vekja athygli á því, að till. rn. er ekki að byggja stóran flugvöll, heldur lítinn flugvöll. Og það hefur verið athugað frá mörgum hliðum, hvort það gæti brotið í bága við það mannlega, og svo virðist ekki vera.

Hv. 6. landsk. þm. spyr að því enn, — af því að mér tekst aldrei að svara svo skýrt, að hann geti skilið það, sem ég segi, — hvort Alþ. verði skuldbundið til þess að kaupa þessar þrjár jarðir á Álftanesi, vegna þess að það hafi verið meinað að stofna þar til framkvæmda. Ég held, að alls ekki sé um það að ræða, að það hafi neitt komið þar fram enn sem komið er með framkvæmdir á þessum jörðum. Mér er ekki kunnugt um það, og þess vegna hefur rn. ekki orsakað neina skaðabótaskyldu eða getur búizt við neinum skaðabótakröfum. Þess vegna er það, sem ég legg áherzlu á, að sem fyrst verði teknar upp viðræður við eigendur þessara jarða, svo að sem fyrst megi verða úr því skorið, hvort jarðirnar verða keyptar eða ekki.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þótt ég hafi aðeins talað einu sinni, skal ég vera stuttorður og ekki tefja fundarstörf, en úr því að skoðanir voru eftir mér hafðar hér úr ræðustól áðan af hv. þm. Gils Guðmundssyni, þá vil ég aðeins skýra nánar skoðun mína á þessu máli. Ég tók ekki afstöðu til þess, hvort byggja ætti stóran eða lítinn flugvöll á Álftanesi. Ég tók það aðeins fram sem skoðun mína, að það ætti að kanna það mál nánar, m. a. áður en horfið væri frá minnihlutaáliti nefndar þeirrar, sem um þetta mál hefur fjallað, og einkum lagði ég áherzlu á, að það væri e. t. v. hagkvæmt að taka frá meira en minna landssvæði þegar í upphafi til þess að eiga fleiri kosta völ, þegar fram liðu stundir og þróunin væri ljós.

---

59. Þungaskattur af bifreiðum samkvæmt ökumæli.

Á deildafundum 17. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um þungaskatt af bifreiðum samkvæmt ökumæli [214. mál, 5] (A. 371).

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 371 hef ég ásamt hv. 5. þm. Austf. leyft mér að flytja fsp. til hæstv. samgrh. út af innheimtu á þungaskatti af bifreiðum. Fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hafa tekjur Vegasjóðs af þungaskatti reynzt svipaðar og áður, eftir að farið var að innheimta hann samkv. ökumæli, en ef svo er ekki, hafa þær þá aukizt eða minnkað?

2. Er fyrirhuguð endurskoðun á gjaldskrá fyrir þungaskatt?

3. Telur ráðh., að núgildandi fyrirkomulag um álagningu þungaskatts geti orðið til frambúðar, þótt af því leiði mjög aukinn mismun á flutningskostnaði til byggðarlaga eftir fjarlægð þeirra frá markaðsstað."

Ástæðan til þess, að ég og við hv. 5. þm. Austf. gerum þessa fsp., er sú, að þegar breytt var yfir í gjaldmæla frá þeirri reglu, sem áður hafði gilt um innheimtu á þungaskatti, þá var því haldið fram, að breytingin mundi ekki leiða af sér aukið gjald hjá bifreiðum yfirleitt, nema þá hjá þeim, sem mest keyrðu. Reglan mundi verða slík, að ekki væri um nýja álagningu að ræða í sambandi við þungaskattinn. Og ég minnist þess, að þegar breyting var gerð á vegalögunum fyrir jólin í vetur, þá rökstuddi hæstv. samgrh. þá breytingu á þungaskattinum þannig, að með henni væri unnið upp aftur það hlutfall, sem hefði breytzt í innheimtu á þungaskatti miðað við benzínskatt frá því vorið 1969, þegar benzínskatti var breytt, en þungaskatti ekki. Nú hafa hins vegar farið fram nokkrar umr. í landinu, bæði blaðaskrif og ræður manna, sem bent hafa á, að það hafi orðið veruleg breyting á þungaskattinum með þessari breyttu innheimtuaðferð og þessi breyting leiði til þess, að þeir, sem lengst búa frá aðalmarkaðsstaðnum, Reykjavík, þurfi að greiða miklu meira en áður, svo að þetta verði til þess að auka enn á það misrétti, sem er á milli fólksins í landinu, eftir því hvar það er búsett. Af þeirri ástæðu er nú þessi fsp. fram komin, og vildi ég nú heyra, hvað hæstv. ráðh. hefur um hana að segja.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Vegna vinnustöðvana í júní 1970 var ekki unnt að láta hið nýja innheimtukerfi á þungaskatti af dísilbílum yfir fimm tonn að eigin þunga taka gildi 1. júlí 1970, eins og áformað hafði verið, og var ákveðið, að þessi nýja innheimtuaðferð tæki gildi 1. ágúst 1970. Hér var miðað við bifreiðaskrá alls um að ræða 1900 bifreiðar, sem hið nýja innheimtukerfi náði til. Hins vegar voru tæknilegir annmarkar á ísetningu mælanna í sumar tegundir bifreiðanna, og þurfti að smíða sérstök millistykki til að koma mælunum fyrir, og einnig þurfti að athuga á hverri bifreið fyrir sig af þeim, sem eru með framdrifi og urðu að nota svonefnda ökurita, á hvern hátt unnt væri að koma þeim fyrir í stað mæla. Allt þetta olli því, að mælarnir hafa verið að koma í notkun smátt og smátt allt til þessa, og um síðustu áramót voru mælar eða ökuritar í stað mæla komnir í notkun í 1805 bifreiðar af u. þ. b. 1900, sem nýja kerfið gæti náð til miðað við bifreiðaskrá 1970. Hins vegar er ekki vitað, hve margar þeirra bifreiða, sem margar eru gamlar, hafa nú verið afskráðar, og það kann að vera meginhlutinn af þessum bifreiðum og kemur vitanlega í ljós nú næstu vikurnar. Af þessu leiðir, að enn liggur ekki fyrir álestur, sem sýnir notkun allra þeirra bifreiða, sem hið nýja kerfi á að ná til, á heilum ársfjórðungi, hvað þá lengri tíma.

Afleiðingin af þessu er, að erfitt er að segja með fullri nákvæmni, hvort hið nýja kerfi gefur Vegasjóði meiri tekjur en hið gamla gerði. Þó liggur nú fyrir, að þungaskattur samkv. ökumæli af hinum 1805 bifreiðum, sem mælar voru komnir í um s. l. áramót, nemur um 5.8 millj. kr. meira en þungaskattur af sömu bifreiðum mundi hafa numið eftir gamla kerfinu eða 9.9%. Athugandi er, að þessar bifreiðar hafa sumar hverjar ekki fengið ökumæli fyrr en nokkru eftir 1. ágúst og því einnig greitt þungaskatt samkv. eldri reglunum fram að þeim tíma. Afleiðingin af þessu mundi vera, að mismunurinn mundi hækka sem þessari greiðslu samkv. eldri reglunum nemur hjá viðkomandi bifreiðum. Hins vegar er ekki á þessu stigi málsins unnt að segja nákvæmlega fyrir um, hverju þessi viðbót kann að nema.

Samkv. framansögðu virðist mega ætla, að þungaskattur á viðkomandi bifreiðum hafi aukizt um u. þ. b. 10%. Hins vegar verður einnig að hafa í huga, að þungaskattur samkv. ökumæli er mismunandi eftir árstímum og verkefnum, en s. l. ár var atvinna með meira móti, eins og kunnugt er.

Þá er spurt að því, hvort fyrirhuguð sé endurskoðun á gjaldskrá fyrir þungaskatt. Við breytingu á vegalögum, sem gekk í gildi 1. jan. þ. á., var hinn almenni þungaskattur hækkaður um 50%. Gert er ráð fyrir, að þessi hækkun nái einnig til kílómetragjaldsins og breyting þeirra verði gefin út fyrir næsta álestur í lok þessa mánaðar. Áður hefur verið lofað, að afsláttur verði gefinn á kílómetragjaldinu fyrir þær bifreiðar, sem ekið er yfir 30 þús. km árlega. Er í athugun, hve mikill sá afsláttur getur orðið miðað við það, að Vegasjóður haldi tekjum samkv. því, sem áður var áætlað, en gert er ráð fyrir, að það verði ákveðið í sambandi við fyrrnefnda reglugerðarbreytingu. Má reikna með, að sá afsláttur verði talsverður, afsláttur, sem um munar.

Þá er spurt, hvort ráðh. telji, að núgildandi fyrirkomulag um álagningu og þungaskatt geti orðið til frambúðar, þótt af því leiði mjög aukna mismunun á flutningskostnaði til byggðarlaga eftir fjarlægð þeirra frá markaðsstað. Benda má á, að Alþ. hlýtur að hafa verið ljóst, er það veitti ráðh. heimild til að innheimta þungaskatt með kílómetragjaldi samkv. ökumæli árið 1968, að af því hlyti að leiða, að þær langferðabifreiðar og flutningabifreiðar, sem lengsta vegalengd aka árlega, mundu greiða hærri þungaskatt en áður. Verður að líta svo á, að þetta sé hliðstætt hjá dísilbifreiðum og benzínbílum, sem greiða gjald til Vegasjóðs fyrir hvern benzínlítra, sem bifreiðin notar, sem er í beinu sambandi við ekna vegalengd. Má benda á, að telja verður, að með vegalögum frá 1963 hafi sú stefna verið mörkuð, að vegagerð skyldi að langmestu leyti kostuð af tekjum af umferðinni og gjöldum, sem lögð skyldu á umferðina, þannig að bifreiðar greiddu raunverulega mismunandi mikið miðað við mismunandi mikil not þeirra af vegunum. Liggur því nærri að líta á eldra þungaskattsfyrirkomulagið frekar sem undantekningu frá hinni almennu reglu en hina raunverulegu reglu. Ekki hefur mér nú komið til hugar önnur hentugri regla til tekjuöflunar fyrir Vegasjóð en sú, sem nú er notuð. Með fyrirhuguðum afslætti fyrir þær bifreiðar, sem mest er ekið, verður þungaskatturinn ekki eins tilfinnanlegur og margir hefðu búizt við.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. samgrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við þeirri fsp., sem ég lýsti hér áðan, enda þótt svörin væru á engan hátt fullkomin eða upplýstu að verulegu leyti það, sem um er spurt.

Það má til sanns vegar færa, að sú reynsla, sem fengin er af þungaskattinum, sá reynslutími sé of stuttur til

þess, að hægt sé að svara þessu, svo að tæmandi sé. Hins vegar virðist mér augljóst, að þrátt fyrir þennan stutta tíma, sem þessi innheimta á þungaskattinum hefur gilt, hefur það gengið í þá áttina að auka tekjurnar af honum um 10%, og þegar tillit er tekið til þess, að það er að verulegu leyti seinni hluta ársins, má gera ráð fyrir því, að þessi tekjuaukning verði meiri en 10%, þegar á árið í heild er litið. Ég verð því að segja, að mér sýnist, að það komi þar fram, sem margir óttuðust, að þessi breyting á innheimtunni mundi verka eins og hækkaður skattur.

Út af því, sem hæstv. ráðh. gat um, að heimildin, sem hefði verið gefin hér á hv. Alþ., um það, að þannig mætti innheimta skattinn, þá minnist ég þess ekki, að það hafi þá verið verulega rætt hér á hv. Alþ., og ekki heldur, að það hafi verið túlkað á þann veg, að með þessum hætti mætti auka tekjurnar af þungaskatti. Ég tel, að það hafi ekki verið gert, heldur hafi verið talið, að meðaltalið mundi verða svipað, þó að mismunurinn yrði nokkur á milli bifreiða eftir notkun þeirra. Þá verður einnig að hafa það í huga í sambandi við þetta, að hér er um að ræða þær flutningabifreiðar, sem flytja þær vörur, sem mestu máli skiptir, að verðlagi sé haldið niðri á, þ. e. nauðsynjavörur eins og mjólk og aðrar landbúnaðarafurðir og ýmsar nauðsynjavörur, út um landsbyggðina. Þess vegna hefur hér á hv. Alþ. alltaf verið reynt að stuðla að því, að þessi skattheimta fylgdi ekki eins fast eftir annarri skattheimtu í sambandi við vegina.

Hæstv. ráðh. gaf fyrirheit um það, að þegar akstur væri kominn yfir 30 þús. km, þá yrði gefinn talsverður afsláttur, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Eðlilegt hefði verið, að þetta væri sett inn í reglugerðina, svo að það væri ekki á valdi ráðh. eða rn. að ákveða, hver þessi fjárhæð yrði. Það er því nauðsynlegt, að minni hyggju að endurskoða þessa reglugerð, a. m. k. þegar ár verður liðið frá því, að hún var sett eða farið var að starfrækja innheimtuna eftir henni, og binda þá fastmælum, hve mikill þessi afsláttur á að vera.

Hér er líka um fleiri atriði að ræða eins og vöruflutningabílana, sem verða að flytja lífsnauðsynjarnar út um landsbyggðina og frá landsbyggðinni vegna markaðserfiðleika. Ég vil því undirstrika það, að ég tel, að það eigi ekki að nota þessa aðferð til skattheimtu til þess að auka á það misræmi, sem er í búsetu landsmanna. Það má ekki nota innheimtuaðferðina, svo að hún verki á þann veg. Þess vegna verður að endurskoða reglugerðina og taka tillit til þess.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi var nú eftir atvikum ánægður með svörin, að mér skildist, miðað við það, að tæplega væri unnt að gefa tæmandi svör við öllu, sem spurt var um, vegna þess hve stutt væri liðið síðan þessi nýja regla var upp tekin.

Hv. fyrirspyrjandi talaði um afsláttinn og taldi nauðsynlegt að endurskoða reglugerð í því sambandi. Þess skal getið, að það verður sett ný reglugerð, þar sem afslátturinn verður ákveðinn. Og afslátturinn verður hafður eins hár og mögulegt er. Hv. fyrirspyrjandi veit það, að Vegasjóður þarf að fá ákveðna upphæð í tekjur af þungaskatti, sem ákveðið er í vegáætlun, til þess að vegáætlunin verði ekki með allt of miklum halla. Og það standa vonir til, að seint í þessum mánuði eða í byrjun næsta mánaðar megi gefa út reglugerð og þá verði enn ljósara en nú, hversu afslátturinn megi verða mikill til þess þó að Vegasjóður fái þær tekjur, sem reiknað hefur verið með. Og þegar þessi regla var upp tekin á miðju ári eða upp úr miðju s. l. ári, átti að miða við það og var reynt að miða við það, að samkv. nýju reglunni yrðu tekjurnar ekki minni og ekki heldur neitt verulega meiri en hefði orðið með gömlu reglunni. Og þarna var vitanlega ekki unnt að spá nákvæmlega fyrir fram upp á 100 þús. kr. eða millj., því að þungaskatturinn, þegar hann er tekinn eftir ökumæli, fer mikið eftir atvinnuástandinu í landinu. Eins og ég áðan sagði, var atvinnuástandið gott á s. l. ári og ekki sízt seinni hluta ársins við ýmsar framkvæmdir, og var því um mikinn akstur bifreiða að ræða. Við skulum vona, að svo verði áfram, að það verði atvinna fyrir þessar bifreiðar, sem eiga að borga þungaskatt. Það mun gefa Vegasjóði meiri tekjur.

Ég skal viðurkenna, að það er slæmt, ef héruðum verður mismunað með þessari aðferð. En ég held, að það verði aldrei hjá því komizt, að þeir, sem fara langar leiðir og flytja vörurnar langar leiðir með bifreiðum, borgi verulega meira fyrir þær en þeir, sem ekki þurfa að aka nema stutta leið. Og þótt við viljum gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að minnka aðstöðumuninn, eins og hann er kallaður, þá held ég, að það verði alltaf útilokað að gera það að fullu.

Áreiðanlega hafa hv. alþm. gert sér grein fyrir því, hvað af þessu mundi leiða, þegar þungaskatturinn var ákveðinn með þessum hætti og heimild var gefin til þess að setja ökumæla í hinar stærri vörubifreiðar og fólksbifreiðar. Það er enginn vafi á því, að alþm. hafa allir gert sér grein fyrir því, hvað af þessu kynni að leiða. En það er gott að geta gefið afslátt til þeirra, sem aka mest. Þungaskatturinn samkv. gömlu reglunni var miðaður við 30 þús. km árlegan akstur, og þess vegna er nú ákveðið, að þegar menn hafa ekið 30 þús. km, þá fái þeir afslátt fyrir það, sem umfram er. Þess njóta fyrst og fremst langferðabifreiðar og vöruflutningabifreiðar, sem aka mikið árlega, en þær eru margar, sem aka 50 og 60 þús. km, og sumar kannske meira.

Ég sé ekki, að það sé nokkur aðstaða í sambandi við Vegasjóðinn og framkvæmd vegamálanna að jafna það, sem kallað er aðstöðumunur, með öðrum hætti en þeim, sem hægt er að gera með fyrrnefndum afslætti, og afslátturinn verður hafður eins hár og mögulegt er. En það verður að hugsa um það að ná þeim tekjum, sem reiknað er með í vegáætluninni, og við skulum vona, að þær verði ríflegar og allmiklu meiri, til þess að unnt verði að veita þeim, sem versta hafa aðstöðuna, því meiri afslátt.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika, að það, sem fram kom í ræðu hæstv. samgrh. nú, í seinni ræðu hans, var miklu aðgerðarmeira og miklu nær því, sem ég vildi fá út úr svari við þessari fsp., þar sem ráðh. lýsti því afdráttarlaust yfir, að reglugerð yrði sett og afsláttur yrði veittur af þungaskattinum, þegar komið væri fram yfir 30 þús. km, og það verulegur afsláttur. Það hefur aldrei verið mín hugsun, að gengið yrði lengra í þessu en svo, að þungaskatturinn skilaði sér svipað og áður var, heldur

hitt, að þessi innheimtuaðferð yrði ekki til þess að ná inn verulegum fjármunum og það af þeim, sem sízt skyldi, bara aðferðin sjálf yrði til þess að auka skattinn. Það er mergur málsins, og það tel ég, að hafi komið fram í ræðu hæstv. ráðh. nú, að að því mundi verða stefnt, og þá tel ég tilgangi náð með þessari fsp.

60. Læknaþjónusta í héruðum.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til heilbrmrh. varðandi tillögur um læknaþjónustu í héruðum o. fl. [226. mál] (A. 416).

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Á Alþingi 22. apríl 1970 var samþykkt þál. um endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafar. Með þessari ályktun var heilbrmrh. falið að skipa „nú þegar", eins og það er orðað í ályktuninni, nefnd til að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðislöggjafarinnar og þá sérstaklega um læknaskipun og sjúkrahús í þeim tilgangi, að komið verði á betri heilbrigðisþjónustu í landinu og m. a. með það fyrir augum, að læknar fáist til starfa í þeim héruðum, sem nú eru læknislaus. En þessi læknislausu héruð eru nú orðin nokkuð mörg og hafa sum verið læknislaus árum saman, og má í raun inni segja, að þar ríki víða alveg óviðunandi ástand í þessum efnum. Samkv. till. átti nefndin að vera skipuð fimm mönnum. Formaður nefndarinnar skyldi vera landlæknir eða ráðuneytisstjóri í heilbrmrn. Í nefndinni skyldu enn fremur vera tveir menn tilnefndir af Læknafélagi Íslands, og skyldi þar vera um að ræða héraðslækni og sjúkrahúslækni. Einn nm. skyldi tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Með því að gera ráð fyrir slíkri skipan nefndarinnar var sýnilega að því stefnt að koma á samstarfi ýmissa aðila, sem líklegastir eru til þess í sameiningu og samstarfi að geta gert till. um að ráða bót á þessum vanda. Þá var enn í till. mælt fyrir um það, að nefndin skyldi þegar hefja störf og skila till. sínum til úrbóta eigi síðar en 1. marz n. k., þ. e. 1. marz 1971.

Í byrjun þessa þings, þegar liðið var nokkuð mikið á sjötta mánuð, frá því að till. hafði verið samþykkt, gerði ég fsp. um það til hæstv. ríkisstj., hvað liði störfum þessarar nefndar, sem ég gerði þá ráð fyrir, að mundi hafa verið skipuð „nú þegar", eins og mælt var fyrir í þál., þ. e. þegar eftir að hún var samþykkt, og mátti þá líklegt telja, að eitthvað væri vitað um störf hennar. Því miður kom það í ljós, að nefndin hafði ekki verið skipuð „nú þegar", heldur var hún skipuð um það leyti, sem fsp. kom fram á Alþ., eða kannske rétt áður. Hún var skipuð 12. okt. og hafði um það leyti, sem fsp. var svarað, varla hafið störf. Nú fékk ég hins vegar upplýsingar um það, hverjir ættu sæti í þessari nefnd, og eru það allt mætir menn. Frá heilbrmrn. er það ráðuneytisstjórinn, Páll Sigurðsson læknir, frá Læknafélaginu eru það læknarnir Ásmundur Brekkan og Brynleifur Steingrímsson, frá læknadeildinni Tómas Helgason prófessor og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri.

Nú er liðinn sá tími, sem nefndinni var ætlaður til starfa samkv. ályktuninni, og því hef ég talið rétt, þar sem hér er um mjög brýnt mál að ræða, að bera fram í annað sinn á þessu þingi fsp. varðandi þetta mál. Fsp. er á þskj. 416, svo hljóðandi:

„Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var 12. okt. 1970 samkv. ályktun Alþingis 22. apríl sama ár til þess að gera till. um heilbrigðismál, m. a. með það fyrir augum, að læknar fáist til starfa í þeim héruðum, sem eru læknislaus, og átti samkv. þál. að skila till. sínum til úrbóta eigi síðar en 1. marz 1971?"

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur nú sagt margt af því, sem ég vildi segja, sem eru skýringar á því, hvað nefndin tók seint til starfa, að öðru leyti en því, að hann gat ekki þeirrar ástæðu, sem til þess lá, að nefndin tók ekki fyrr til starfa en 12. okt. s. l., en það var fyrst og fremst af því, að það stóð á tilnefningu þeirra aðila, sem samkv. þál. var skylt að leita til um tilnefningu á mönnum í nefndina. Það var höfuðástæðan. Eins og skýrt var frá á s. l. hausti, þegar fsp. sama efnis kom fram um þetta mál, í okt., þá var þeim aðilum, sem unnu að till., skrifað þá þegar og þeir beðnir um að tilnefna menn í nefndina. En nefndin reyndist ekki fullskipuð, eins og áður er sagt, núna í októbermánuði og hafði nýlega hafið störf, þegar fsp. var borin fram, og var skýrt frá því á þeim tíma. Enn fremur lágu aðrar ástæður til þess, að það dróst, að nefndin tæki til starfa, og olli því annars vegar það, eins og fyrr er sagt, að tilnefningar drógust, og hins vegar það, að um þetta sama leyti varð breyting á skipan rn., þannig að nýr sérstakur ráðuneytisstjóri var að taka til starfa, og tók hann við formennsku í nefndinni.

Eins og skýrt var frá í okt. s. l., hefur verið lögð á það rík áherzla af rn. hálfu, að störfum þessarar nefndar yrði hraðað, en einnig var lögð á það áherzla, að nefndin tæki til gaumgæfilegrar athugunar og endurskoðunar flest þau lög og lagaákvæði, er að þessum málum lúta, og gerði heildarbrtt. um þau mál. Nefndin hefur þannig tekið til endurskoðunar sjúkrahúsalög frá 1964, læknaskipunarlög frá 1965, með áorðnum breytingum, heilsuverndarlög frá 1955, lög um læknahéraðasjóði frá 1970 og lög um heilsuvernd í skólum frá 1957. Auk þess hefur hún tekið til athugunar reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt þessum lögum.

Nefndarstarf þetta er nú komið vel á veg, þó að komið sé fram yfir umræddan tíma, enda hefur verkefnið reynzt umfangsmeira en upphaflega var búizt við, og fjallar nefndin nú um drög að lögum um heilbrigðisþjónustuna almennt, þar sem ákvæði þeirra laga, sem hér hafa verið nefnd, hafa ekki verið sett saman í einn lagabálk. En þessi drög eru enn á umræðustigi og of snemmt að segja til um, hvernig þau muni verða í endanlegri gerð. Enn þá er hins vegar lögð á það mikil

áherzla að geta lagt fram lagafrv. frá nefndinni á yfirstandandi þingi.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa svarað fsp. minni á þskj. 416, þó að svarið væri raunar á annan veg en ég hefði vonazt eftir, því að ég hafði gert mér von um það, að nefndin hefði lokið till. sínum og ráðh. gæti skýrt í meginatriðum frá efni þeirra. Það voru skýlaus fyrirmæli Alþ., þegar till. var samþ. hinn 22. apríl, að till. yrði skilað eigi síðar en 1. marz, og sá tími er liðinn.

Ég gat um það áðan í ræðu minni, að það hefði dregizt mjög lengi að skipa nefndina, og hæstv. ráðh. gaf á því sömu skýringuna og hann gaf í haust, sem ég hef enga ástæðu til þess að draga í efa, að nefndin hefði ekki verið skipuð fyrr vegna þess, að ekki hefðu fengizt tilnefningar á nm., fyrr en liðnir voru nærri sex mánuðir frá því, að tilnefna átti í nefndina „nú þegar". Ég verð að harma það, að slíkur seinagangur skuli hafa orðið á tilnefningunum og að þeim aðilum, sem áttu að tilnefna menn í nefndina, skuli ekki hafa tekizt að hafa hraðari hendur en þarna hefur reynzt. Eigi að síður, þó að nefndin væri ekki skipuð fyrr en 12. okt., hefur hún nú haft allmarga mánuði til þess að starfa. Og ég vil mega vænta þess, að fulltrúar þessara aðila, sem tilnefndu menn í nefndina, hafi tök á því að bæta drátt-inn, sem varð á tilnefningunni, með því að hraða því meira störfum. Og hræddur er ég um, að mörgum þeim, sem eiga við læknisleysi að stríða víðs vegar um landið, þyki hér vera um nokkuð mikið tómlæti að ræða, þó að á því séu kannske einhverjar eðlilegar skýringar.

Hæstv. ráðh. gat um það, að nefndin hefði endurskoðað ýmis lög um heilbrigðismál, sem í gildi eru, og nefndi þau lög. Auðvitað var til þess ætlazt, að nefndin endurskoðaði alla þessa lagabálka. En ég hef gert ráð fyrir því, að hún mundi gera meira en að koma fram með breytingar á lögum, að hún mundi líka koma fram með aðrar till., sem ekki byggðust kannske fyrst og fremst á lögum, því að þetta mál verður e. t. v. ekki fyllilega leyst með löggjöf, heldur með skipulagningu. En það held ég, að sé margra manna mál, að þeim aðilum, sem hér er um að ræða, læknasamtökum og öðrum, sem tilnefnt hafa í nefndina, beri nokkur skylda til þess að ráða fram úr þessu máli á sómasamlegan hátt og að það hafi þegar dregizt of lengi. Ég er ekki viss um, að lagabreytingar nægi til þess, að það verði gert á viðunandi hátt, og held, að fleira þurfi til að koma en lagabreytingar.

Um þetta hef ég svo ekki fleira að segja og vil aðeins beina þeirri ósk til hæstv. ráðh., að hann geri það, sem í hans valdi stendur, til þess að nefndin hraði störfum og skili áliti og till., áður en þessu þingi verður slitið, því að við þessa nefnd og störf hennar, eins og hún er samsett, eru miklar vonir bundnar.

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með 1. þm. Norðurl. e., að það ber skýlaust að harma það, hversu mjög dróst, að þessi nefnd yrði fullskipuð og gæti tekið til starfa. Ég var einn af þremur flm. þessarar þáltill. fyrir hálfu öðru ári, sem afgreidd var 22. apríl í fyrra, og þessi þáltill. var ekki byggð á neinu skrumi, heldur á þeirri alkunnu þörf, sem við allir þekkjum að er víða úti um landsbyggðina fyrir úrbætur í læknaþjónustu. Þrátt fyrir það, að þessir ágætu menn hafi setzt á rökstólana, þá lít ég svo á, að enn hafi lítil breyting til batnaðar orðið víða úti um landið hvað læknamálin og heilbrigðisþjónustuna snertir.

Ég hefði kosið það, og mér hefði þótt það ágætt, að hæstv. heilbrmrh. hefði getað látið Alþ. í té einhverjar upplýsingar um það, hvað í poka áminnztrar nefndar kann að vera, hvaða úrræði hún sér. En það, sem í pokanum kann að vera, ætla ég ekki að dæma, fyrr en ég heyri eitthvað um það. Ég geri mér fullkomlega ljóst, að með lagabreytingum til batnaðar getur marghátt uð úrlausn fengist, því að lagabreytingar geta einmitt fjallað um þau skipulagslegu vandræði, sem læknaþjónustan í landinu á við að stríða.

Í Austurlandskjördæmi er ástandið mjög svo alvarlegt, einkum og sér í lagi hvað syðri hlutann áhrærir. Það vita allir, sem við læknisleysi hafa átt að stríða, hversu mjög það dregur úr öryggiskennd íbúanna, hversu mjög má segja að það dragi úr byggðarfestu í hinum einstöku byggðarlögum að njóta ekki læknisþjónustu. Á nokkrum stöðum í Austurlandskjördæmi blasir nú við algert neyðarástand, ef ekki verður úr bætt á næstu vikum. Í því sambandi vil ég nefna t. d. Djúpavogslæknishérað, en læknir sá, sem þeir hafa að undanförnu haft, er nú senn á förum og ekki séð fyrir endann á því vandamáli, sem skapast við brottför hans. Djúpavogslæknishérað hefur svo sem áður verið læknislaust, og þá hefur verið gripið til þess úrræðis að láta Hornafjarðarlækni þjóna því héraði, sem er langan veg norðan við hans stóra hérað. En næsta héraði norðan við Djúpavogshérað, Fáskrúðsfjarðarhéraði, gegnir aldraður læknir, sem átti lögum samkvæmt að láta af störfum um s. l. áramót. Þá sótti hins vegar enginn um héraðið, og vegna tryggðar við sitt gamla hérað og fólk heldur hann enn þá áfram. Ef Djúpavogslæknishérað verður mannlaust, þá má búast við því, að honum verði gert að gegna nyrðri hluta þess, og ég kalla, að það sé til of mikils ætlazt af gömlum manni, sem hefur gott og mikið starf að baki og mikil ferðalög, að ætla honum að gera það, þegar fer að halla undan hvað aldur snertir fyrir honum. Það verður eflaust gripið til þess gamla úrræðis að láta eina lækninn í A.-Skaftafellssýslu þjóna syðri hluta Djúpavogshéraðs, en eins og ég segi, þá er aðeins einn læknir í allri A.-Skaftafellssýslu, en vegalengdir enda á milli í sýslunni munu sem næst 230 km fyrir utan alla króka heim til einstakra bæja. Og mannfjöldi í sýslunni fer vaxandi, einkum þó á Höfn í Hornafirði, þar sem íbúar munu nú vera rúm 900 og athafnalíf mikið, og í sveitunum, þar sem íbúar eru á sjöunda hundrað, er byggðin, eins og við vitum, mjög dreifð. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að þarna væri tilvalinn staður fyrir læknamiðstöð, og þegar ofan á þetta bætist, að fyrir utan heimamenn er alla tíð mikið af aðkomusjómönnum og verkafólki á Höfn, þá er þörfin fyrir tvo lækna a. m. k. þarna í sýslunni gífurlega mikil. Í gærkvöld sat hreppsnefnd Hafnarhrepps í Hornafirði á fundi og samþykkti að hefja undirbúning að byggingu sjúkraskýlis á Höfn, þar eð brýn nauðsyn ræki á eftir. Með þessari samþykkt, sem ég veit að hugur fylgir fullkomlega, hafa heimamenn þessa myndarlega athafnabyggðarlags stigið stórt spor í átt til bættrar heilbrigðisþjónustu, en þarfirnar kalla jafnframt á þjónustu fleiri lækna á svæðinu.

Þarfirnar víða úti um landið kalla mjög á, að þessi nefnd, að þessir ágætu menn ljúki störfum sem allra fyrst, og ég vil beina þeim orðum til hæstv. heilbrmrh., að hann láti þá finna það, að það sé til þess ætlazt, að þeir ljúki starfi sínu sem allra fyrst, þannig, eins og hann sagði áðan, að þetta mál geti komið í frv.-formi fyrir Alþ., áður en það lýkur störfum núna. Ég held, að þetta sé eitt af þeim málum, sem allir eru sammála um að þurfi að fá jákvæða afgreiðslu sem fyrst, og ég hef ekki trú á því, að hv. Alþ. sjái eftir því fjármagni, sem fer til þess að gera heilbrigðislegt öryggi íbúanna í landinu sem traustast.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þakka þeim tveimur hv. alþm., sem tekið hafa til máls um fsp., fyrirspyrjanda og hv. 2. þm. Austf. Ég hygg, að við getum allir verið á einu máli um það, að æskilegra hefði verið, að þetta nál. lægi nú þegar fyrir, og ég hef fulla ástæðu til þess að ætla og veit það reyndar af sambandi mínu við nefndina, að hún hefur setið á allmörgum fundum og rætt málið við marga þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, og unnið mjög vel að mínu viti að þessu máli. Um einstakar till. hennar eða hvað í hennar pokahorni endanlega verður, get ég ekki á þessu stigi málsins sagt, fyrr en nefndin hefur lokið störfum. En ég hygg þó, að það sjái allir, að rn. verður ekki með neinum rétti sakað um þennan seinagang, sem að meginhluta til er seinagangurinn á því að fá tilnefnda menn frá þeim aðilum, sem Alþ. hefur uppálagt rn. að ná fulltrúum frá. Þar skapaðist bil, þegar annars hefði mátt vinna töluvert mikið. En ég tek einarðlega undir óskir þessara þm. beggja og vonast til, að till. nefndarinnar liggi fyrir, áður en þessu Alþ. lýkur.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef nú þegar talað tvisvar og skal ekki segja hér nema örfá orð. En hæstv. ráðh. gat þess í ræðu sinni áðan, að nefndin, sem við höfum verið að ræða hér um, mundi hafa rætt við mjög marga aðila. Af því tilefni vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort honum sé kunnugt um, að hún hafi t. d. rætt við sveitarstjórnir í hinum læknislausu héruðum. Að öðru leyti ætla ég ekki að segja annað en það, af því að hér hefur nokkuð verið minnzt á lög og lagabreytingar og þær úrbætur, sem gera ætti með lögum, að ég hygg, að það muni ekki verða talin úrbót í þessu máli að leggja niður læknislaus héruð. Það vil ég gjarnan að fram komi hér.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umr., uppálagði Alþ. rn. ákveðið að leita tilnefningar ákveðinna aðila í nefndina, og ég hygg, að sú hugmynd flm., að í nefndinni skyldu eiga sæti fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, hafi átt að tryggja það, að samband væri við sveitarfélögin haft. Um samband þeirra við einstök sveitarfélög veit ég ekki, en ég veit, að fulltrúi sveitarstjórnasambandsins hefur setið hvern fund nefndarinnar, og ég hygg, að hann hafi alveg á því ráð og rænu að kynna sér þau mál á þeim stöðum, sem verst eru settir í dag með þessi mál. En eins og ég segi, um samband nefndarinnar við einstök héruð eða héraðastjórnir get ég ekki upplýst á þessari stundu.

61. Stofnlán fiskiskipa.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til forsrh. um stofnlán fiskiskipa [239. mál, 2] (A. 454).

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. forsrh.:

„Hefur ríkisstj. ákveðið að lækka stofnlán út á fiskiskip smíðuð innanlands úr 90% í 85%?

Sé svo, við hvaða tíma verður lækkunin miðuð?

Verður lækkunin látin ná til þeirra, sem höfðu gert samninga um skipasmíði innanlands og sótt um stofnlán, áður en ákvörðun var tekin um lækkun?"

Mér hefur skilizt, að þessi ákvörðun hafi verið tekin, en vildi fá það staðfest hér á Alþ., ef svo er. Þá tel ég einnig, að það skipti miklu máli, ef til þessarar lækkunar á að koma, að það liggi ljóst fyrir, með hvaða hætti á að framkvæma hana, því að það er greinilegt, að hún getur haft allmikil áhrif á þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar hafa verið í þessum efnum. Ég sé ekki þörf á því að útskýra fsp. frekar, en vænti þess, að hæstv. forsrh. veiti hér svör við þessum spurningum.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Varðandi 1. lið þessarar fsp. um það, hvort ríkisstj. hafi ákveðið að lækka stofnlán út á fiskiskip smíðuð innanlands úr 90 í 85%, vil ég gefa nokkuð frekari skýringu. Ríkisstj. hefur í sjálfu sér ekki ákveðið að lækka stofnlánin úr 90 í 85%. Hins vegar hefur ríkisstj. tekið ákvarðanir, sem miða að því, að viðbótarstofnlán, sem voru 10% á árunum 1969 og 1970, gætu haldið áfram, en verði ekki nema 5%. En til viðbótar við 10% lánin á þessum tveimur árum veitti Atvinnujöfnunarsjóður 5% lán, þannig að lánin út á fiskiskip smíðuð innanlands voru fyrst 75% úr Fiskveiðasjóði, síðan þessi 10% lán, sem ríkisstj. hlutaðist til um og síðar komu frá atvinnumálanefnd ríkisins, og til viðbótar við þau þessi 5% að jafnaði frá Atvinnujöfnunarsjóði, sem ég geri ráð fyrir, að haldi áfram, en ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um. En með þessu móti mundu stofnlánin verða 75% + 5% + 5%, eða 85% út á fiskiskip smíðuð innanlands. Lækkunin er miðuð við 20. jan., þegar Fiskveiðasjóði var tilkynnt um þetta, og lækkunin verður ekki látin ná til þeirra, sem höfðu gert samninga um skipasmíði innanlands og sótt um stofnlán, áður en ákvörðunin var tekin með þessum tímamörkum, þegar hún var tilkynnt 20. janúar.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin, en á svörum hans er ljóst, að það hefur verið tekin ákvörðun um það að lækka þessi stofnlán úr 90 í 85%, því að 10% viðbótarlánin frá atvinnumálanefnd ríkisins giltu fyrir alla ný-

smíði, og heildarstofnlánin námu því 90%. En með því að lækka viðbótarlánin úr 10% í 5% er augljóst, að það er ekki um möguleika á hærri lánum að ræða en sem nemur 85%.

Það liggur líka ljóst fyrir af svari hæstv. ráðh., að ætlunin er, að þessi breyting á stofnlánum verði miðuð við 20. jan. á þessu ári, en það þýðir, að allir þeir, sem höfðu gert byggingarsamning fyrir þann tíma og höfðu sótt um lán, eiga þá að halda áfram möguleikum til 90% láns, en hinir, sem hafa samið eftir 20. jan. og lagt inn umsóknir sínar eftir þann tíma, verða þá með lægri stofnlánin. Nú hlýtur þetta að koma mjög misjafnlega niður, því að í nokkrum tilfellum voru menn búnir að sækja um stofnlán fyrir 20. jan., þó að ekki verði byrjað að smíða viðkomandi skip fyrr en ári þar á eftir. En hinir, sem mundu í rauninni fá skip sín fullsmíðuð á undan þessum aðilum, yrðu þá með lægri lánin. Ég vil aðeins segja það í sambandi við þessa breytingu, að ég tel hana ekki hafa verið tímabæra. Ég álít, að lánin hefðu áfram átt að vera 90% og það muni koma sér mjög illa fyrir marga, að þessi breyting skuli verða gerð.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég miðaði svar mitt við það, að það væri sem allra stytzt og beint svar við spurningunum, en það hefur færzt í vöxt í seinni tíð, bæði hjá fyrirspyrjendum og ráðh., að stytta þennan tíma sem mest. En ég held, að það sé nauðsynlegt, að ég rifji svolítið upp þessi viðbótarlánamál og gefi frekari skýringu á þeim, þar sem nokkurrar gagnrýni gætti á þessari ráðstöfun í ræðu hv. 4. þm. Austf.

Til þessara viðbótarlána var upphaflega stofnað af hálfu ríkisstj. Mig minnir, að það hafi verið í byrjun jan. 1969, sem ríkisstj. tók ákvörðun um það á fundi sínum að afla fjár til 10% viðbótarlána, og þá var það gert í því skyni að stuðla að verkefnasköpun í skipasmíðastöðvunum. En eftir hin erfiðu áfallaár 1967 og 1968 urðu skipasmíðastöðvarnar verulega varar við erfiðleika í útveginum, eins og málmiðnaðurinn yfirleitt, og þær voru mjög verkefnalausar, og menn voru einnig ófúsir að ákvarða þá um skipakaup og þá m. a. vegna fjárskorts. Til þeirra lána, sem veitt voru svo á þessu ári, útvegaði ríkisstj. sérstaklega fé, en eftir að atvinnumálanefnd ríkisins hafði verið sett á laggirnar, þá tók við á s. l. ári 10% viðbótarlán af því fé, sem atvinnumálanefndin hafði til ráðstöfunar. Það fé var þrotið um s. l. áramót og þó kannske nokkru fyrr. Lögin höfðu ekki lengri gildistíma en til áramóta, og þá hafði þeim fjármunum verið ráðstafað og verulega miklum hluta af þeim einmitt til fiskiskipa, bæði kaupa og bygginga hér innanlands. Spurning var þess vegna um það, hvort þar með ætti að láta þessi viðbótarlán niður falla. Það gat verið ástæða til þess af tveimur sökum. Þau voru ekki lengur til þeirrar verkefnasköpunar í skipasmíðaiðnaðinum, sem þau upphaflega voru veitt til, því að allar skipasmíðastöðvarnar hafa veruleg verkefni, sennilega flestar um það bil til tveggja ára. Í öðru lagi voru engir fjármunir fyrir hendi. Það var búið að ráðstafa fé, sem þarna var um að ræða, og fyrir áramótin höfðu bæði Fiskveiðasjóður og Seðlabankinn aðvarað ríkisstj. um það, að hér yrði að taka einhverjar ákvarðanir, ef ekki ætti algerlega að hætta þessum viðbótarlánum. Og það er á þessu stigi málsins, sem ríkisstj. tekur ákvörðun af sinni hálfu um að útvega fé til þess að halda áfram 5% viðbótarlánum og hefur gert og mun gera ráðstafanir til þess. Fiskveiðasjóður var þess alls ómegnugur að auka lánin hjá sér, bæði vegna þess að það þótti út af fyrir sig hæpið, en einnig hafði hann ekki fjármuni til þess. Það eru nú ekki aðrar atvinnugreinar hér á landi, sem hafa aðgang að meiri stofnlánum en 85%, að ég hygg, með þeim kjörum, sem þau eru veitt.

Ég vil minnast þess líka, að eftir að ríkisstj. hafði átt hlut að máli um að byrja þessi 10% viðbótarlán og Atvinnujöfnunarsjóður bætti við 5% og þeir, sem byggðu fiskiskip innanlands, fengu þannig 90% af stofnkostnaði skipsins, þá varð ég töluvert var við það í röðum útgerðarmanna, að út af fyrir sig væri þetta góðra gjalda vert, en sannast að segja væru 90% stofnlán allt of há stofnlán, því að fiskiskip og bátar, sem hafa beðið um þau, ættu í mjög miklum erfiðleikum við að bera slík stofnlán. Í raun og veru þyrfti að gera kröfu til meira eigin framlags. Þetta varð ég var við í mörgum verstöðvum landsins, meðan málin stóðu svona. En það skýrir dálítið, hvernig þessi mál stóðu, þegar bréf kom frá Seðlabankanum 13. jan. eða formanni Fiskveiðasjóðs, Davíð Ólafssyni. Þeir höfðu, bæði Fiskveiðasjóður og Seðlabankinn, skrifað ríkisstj. um málið fyrir áramót, í desembermánuði, og ég held, að það sé rétt, að ég leyfi hv. þm. að heyra þetta bréf. Það tekur stuttan tíma að lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta. Það er svo hljóðandi:

Vísað er til bréfs bankastjórnar Seðlabankans til forsrh., dags. 2. des. s. l., „. . . eins og þar var getið, hafa umsóknir um lán út á nýbyggingar fiskiskipa hrannazt upp síðustu vikurnar, og voru 8. jan. óafgreiddar lánsbeiðnir í Fiskveiðasjóði fyrir 36 báta, og einhverjar bætast við síðan. Byggingarkostnaður þessara báta er áætlaður 438 millj. kr., og yrði 10% lán því nær 44 millj. til viðbótar þeim 38 millj., sem áætlað var, að þyrfti vegna þeirra skipa, sem samþykktar höfðu verið lánveitingar til 2. des. s. l. Er nú alveg óhjákvæmilegt að taka ákvörðun um framhald þessa máls, enda þótt öllum, sem sótt hafa um lán úr Fiskveiðasjóði í seinni tíð, hafi verið tjáð, að með öllu sé óvíst um framhald 10% viðbótarlánanna. Má gera ráð fyrir, að a. m. k. nokkur hluti eigenda hinna 36 fyrrgreindu báta gæti ekki tryggt aukningu í framlagi, sem næmi 10%. Með því að Fiskveiðasjóður afgreiðir ekki lánsbeiðnir, nema fyrir liggi, að umsækjandi geti séð fyrir eigin framlagi, orsakar þessi óvissa algera stöðvun á afgreiðslu lánsloforða til skipabygginga. Eins og kom fram í fyrrgreindu bréfi 2. des. s. l., mæla öll rök með því, að 10% viðbótarlánin verði nú niður felld eða a. m. k. látin hverfa smám saman. Í fyrsta lagi eru erfiðleikar skipasmíðaiðnaðarins, sem voru frumástæðan til þessara lánveitinga, nú yfirunnir, þar sem verkefni eru þegar næg fram á árið 1972 og jafnvel lengur í vissum tilvikum. Afkoma útgerðarinnar hefur verið góð undanfarin ár, og ef litið er fram til ársins, sem er nýbyrjað með 25% hækkun á fiskverði, má óðara gera ráð fyrir verulega batnandi afkomu. Góð afkoma útgerðarinnar leiðir óhjákvæmilega til aukinnar eftirspurnar eftir skipum, og ef allt fer að líkum í ár, má gera ráð fyrir eftirspurnaraukningu, eftirspurnarsprengingu, þegar líða tekur á árið. Þörfin fyrir viðbótarlán er því ekki fyrir hendi nú, eins og var um tíma, og áframhaldandi óbreytt framkvæmd þeirra

mundi væntanlega leiða til óeðlilegrar eftirspurnar á þessu ári."

Um þetta skal ég svo ekki hafa fleiri orð. Það er að sjálfsögðu svo, að þegar miðað hefur verið við ákveðið lánsmark og menn hafa getað gengið að því vísu, þá veldur það vissulega nokkrum erfiðleikum, eins og hv. 4. þm. Austf. sagði, þegar breytt er til, en eins og kemur fram í þessu bréfi, var flestum aðilum fullljóst um óvissuna í þessu efni, þar sem engir fjármunir voru fyrir hendi. Það hefur verið ákveðið að miða við janúarbyrjun, bæði að umsóknir væru komnar fyrir þann tíma og eins þótt samningar væru ekki gerðir fyrr en eftir 20. jan., því að það er stundum svo, að umsóknin liggur fyrir hjá Fiskveiðasjóði, án þess að búið sé að ganga frá samningum um skipasmíðina. Vissulega má segja, að æskilegt hefði verið að geta haldið þessum lánum áfram, eins og ég sagði áðan, en Fiskveiðasjóður er í mikilli fjárþröng í sambandi við afgreiðslu útlána og fjárvöntun hjá Framkvæmdasjóði það mikil, að ákveðið var að brúa bilið með um 100 millj. kr. í erlendu láni til Fiskveiðasjóðs, sem mun verða norskt lán með sæmilega hagstæðum kjörum. Með þessu móti held ég, að a. m. k. þetta mál liggi skýrt fyrir og eftir atvikum megi vel við una.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þó að ég viðurkenni það, sem hæstv. forsrh. sagði, að stofnlán í sambandi við byggingu fiskiskipa séu hærri en önnur stofnlán, sem nú eru fyrir hendi, þá verð ég að telja mjög miður, að ekki skyldi hafa tekizt að halda stofnlánum til byggingar fiskiskipa í sama horfi og verið hefur fram til 20. jan. Það liggur alveg ljóst fyrir, að það eru mjög mikil verkefni fram undan í sambandi við endurnýjun fiskiskipaflotans, ekki síður hinna smærri báta en stærri fiskiskipa, og tel ég togarana þar með. Og ef við gerum okkur það ljóst, að fiskiskipaflotinn er undirstaða að efnahagsafkomu þjóðarinnar og annarra atvinnugreina, sem mjög eru háðar beint og óbeint sjávarútveginum, þá tel ég, að það verði að gera allt, sem mögulegt er, til þess að fiskiskipastóllinn verði endurnýjaður eins og þörf krefur.

Við erum, ef litið er í sjómannaalmanakið, hvað bátaflotann snertir með mjög gamlan fiskiskipastól, og endurnýjun hafði lengi vel ekki átt sér stað, eins og eðlilegt var. Nokkur fjörkippur kom í þetta, þegar stofnlánin voru verulega hækkuð, og verð ég að telja það mjög vel farið. Ég óttast það nokkuð, að það dragi úr endurnýjun fiskiskipaflotans, ef ekki tekst að halda stofnlánunum eins og þau voru fram til síðustu áramóta. Það er einnig annað, sem hefur komið í ljós við byggingu fiskiskipa hér innanlands, að þau hafa í raun, því miður, orðið allverulega dýrari en menn höfðu ætlað fyrir einu til tveimur árum, þegar endurbygging flotans hófst að nýju að nokkru marki, þannig að ég tel, að einmitt þess vegna sé enn frekar þörf á því, að stofnlánin verði eins há og frekast er kostur, og hefði talið mjög nauðsynlegt, að þau yrðu ekki lækkuð frá því, sem áður var.

Það mun vera rétt, að skipasmíðastöðvarnar þurfa ekki sérstakar ráðstafanir vegna verkefnasköpunar. Þær skipasmíðastöðvar innanlands, sem ráða við að taka að sér byggingu fiskiskipa, hafa fengið nægjanlegt verkefni nokkuð fram í tímann, og má segja, að það sé út af fyrir sig mjög gott, en ef það fer ekki að verða meiri mismunur á lánum til byggingar fiskiskipa innanlands og til kaupa á nýlegum skipum erlendis frá, þá hygg ég, að það eigi eftir að fara mjög á þann veg, að menn fari heldur í að kaupa nýleg skip erlendis frá, sem Fiskveiðasjóður hefur talið lánshæf, en að skipin verði byggð innanlands.

Ég vildi láta þetta koma fram hér, af því að þegar ég frétti af þessu, að lánin hefðu lækkað, þó að ekki sé um að ræða nema 5%, þá taldi ég það mjög miður, þó að ég hins vegar viðurkenni, að þessi stofnlán séu hærri en stofnlán annarra atvinnuvega.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég tel það mjög miður, að það hefur verið horfið að því ráði að lækka þessi stofnlán, svo sem hér hefur verið gert ráð fyrir. Það er sjálfsagt rétt, að út af fyrir sig er ekki sá verkefnaskortur hjá skipasmíðastöðvum sem var, þegar þessi lán voru ákveðin, og má þess vegna segja, að sú ástæða sé að einhverju leyti niður fallin. Hins vegar held ég, að þó að það væri vitaskuld æskilegt, að þeir, sem í útgerð leggja, væru svo vel efnum búnir, að þeir gætu lagt eigið fé fram, sem nemur 15% eða kannske meira, ef felld væru líka niður þessi lán, sem veitt hafa verið úr Atvinnujöfnunarsjóði, það væri æskilegt, að þeir gætu lagt það fram, en ég held, að því miður verði nú að horfast í augu við þá staðreynd, að margir þeir, sem hafa áhuga á því að leggja í útgerð, margir þeir, sem eru að basla við að eignast skip til atvinnubóta í þorpum víðs vegar um landið, eru ekki svo efnum búnir, að þeir geti lagt þetta fé fram. Ég hygg, að þeim veiti ekki af sömu lánskjörum og verið hafa. Og í þessu sambandi vil ég segja það, að við höfum tveir þm. flutt í hv. Ed. frv. um það, að lán úr Fiskveiðasjóði út á skip, sem byggð eru innanlands, verði 85%. Ég tel það raunar miklu eðlilegra, að útgerðarmenn eða skipabyggjendur geti gengið á einn stað og fengið þessa lánsupphæð í Fiskveiðasjóði, en þurfi ekki að vera að ganga á milli margra aðila í því efni. Og ég held, að það muni ekki veita af því að hafa þetta mark 85%, og það álít ég, að eigi að veita Fiskveiðasjóði. Ef maður kemst að þeirri niðurstöðu, verður auðvitað að gera þær ráðstafanir, sem til þarf, til þess að honum verði kleift að standa undir slíkum lánum. En ég held, að það sé nauðsyn.

Þó að það sé svo í bili, að skipasmíðastöðvarnar hafi næg verkefni og að það hafi verið, ef ég tók rétt eftir, í bréfi stjórnar Fiskveiðasjóðs talað um einhverja eftirspurnarsprengingu, þá held ég, að við verðum að smíða hér skip og leggja allt kapp á að smíða skip, og ég held, að það sé langt frá því, að það sé komið svo fyrir okkur, að við eigum of mikið af skipum. Ég held, að við eigum einmitt að leggja aukna áherzlu á það atriði.

Þetta sjónarmið mitt vildi ég aðeins láta koma fram í sambandi við þetta mál, en að sjálfsögðu er þetta frv., sem ég minntist á, enn til meðferðar í Ed., og ég er náttúrlega alls ekki vonlaus um, að það muni fá góðar undirtektir þar, og vona einnig, að því lánist að komast til Nd., þess vegna ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta mál hér.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki bæta miklu við þessar umr., en þannig er mál með vexti, að

lán þau, sem hér hefur verið rætt um, er numið hafa 10% af stofnverði fiskibáta, hafa undanfarið verið veitt í erlendum gjaldeyri, þannig að þar er um gengistryggingu að ræða. Nú á ekki að veita þessi lán lengur, en í staðinn koma lán, sem eru aðeins 5% af stofnverði, og ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvernig fari með þau lán, hvort þau verði veitt í íslenzkum eða erlendum gjaldeyri. Má vera, að hann hafi upplýst það áðan, en ég hef þá ekki tekið eftir því, en ég vil gjarnan fá þetta upplýst. Jafnframt vil ég nota tækifærið til að taka undir það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að eðlilegast væri nú, að fiskveiðasjóðslánin yrðu hækkuð upp í 85% og að auki kæmu svo þessi 5%, sem Atvinnujöfnunarsjóður veitir eða telur á sínu starfssviði að veita.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfáar aths. í sambandi við síðari ræðu hæstv. forsrh. Ég vil benda á, að það er mjög óheppilegt, að stofnlán til fiskiskipa séu mjög misjöfn að upphæð til hinna einstöku aðila, sem stofnlána njóta, og það meira að segja á sama byggingartíma, og það er því vægast sagt mjög óheppilegt að hringla til með stofnlánin á þann hátt, sem þarna er verið að gera.

Það atriði, að hér hafi verið einhver vandi á höndum með það að útvega nægilegt fjármagn til þessara lána, tel ég ákaflega lítilvægt. Hér gæti verið um það að ræða að útvega 25—30 millj. kr. til viðbótar. Ríkisstj. hafði útvegað 20 millj. kr. til þess að geta haldið áfram 5% viðbótarlánunum. Það er kannske aðeins of lágt. Hér var aðeins um það að ræða að útvega 25—30 millj. kr. til viðbótar, og það þarf auðvitað enginn maður að halda því fram, að það hafi verið neitt vandamál fyrir ríkisstj. að útvega þá fjárhæð í þessu skyni.

Það er vitanlega líka alveg út í hött, þegar því er haldið fram, að m. a. vegna góðrar afkomu hjá útgerðinni í landinu og hækkandi fiskverðs nú í ársbyrjun sé hægt að minnka þessi stofnlán. Því fer víðs fjarri, að afkoman hjá útgerðinni sé þannig, að þess sé að vænta, að hún leggi þannig fjárhæð upp, að hún geti lagt meira fram en hún hefur gert. Það er alveg ábyggilega víst.

Ég skildi hæstv. forsrh. þannig, að það væru allar líkur til þess, að að því væri stefnt að lækka þessi 10% viðbótarlán í áföngum, nú fyrst um 5%, og síðar ætti maður von á því, að síðari 5% af viðbótarlánunum ættu að hverfa einnig. Ég tel þetta mjög miður farið, og ég trúi því varla, að það verði stætt á þessu. Það er enginn vafi á því, að við stöndum frammi fyrir mikilli endurnýjunarþörf í okkar fiskiskipaflota, og það er ekki tími nú til þess að draga úr þessum stofnlánum. Og þó að skipasmíðastöðvarnar hafi sumar hverjar nægileg verkefni nú, þá fer því líka fjarri, að þær hafi allar samið langt fram í tímann, og það hefði því ábyggilega verið þörf á því einnig fyrir þær, að þessi lán til innanlandsbyggingar yrðu eins há og þau hafa verið, því að þessi ungi iðnaður, skipabyggingarnar hér innanlands, er ekki þannig á vegi staddur, að hann þoli mikinn mótblástur. Ég undirstrika því það, sem ég sagði hér áður, að ég tel, að það sé illa farið, að þetta skuli vera gert, og hefði talið miklu eðlilegra, að ríkisstj. athugaði þetta mál betur, áður en hún fer að framkvæma þessa lækkun í reynd.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma hér fram, að ég tel þetta mál mjög þýðingarmikið, einnig, að mér er persónulega kunnugt um það, að eftir að fréttist um þessa fyrirhuguðu breytingu, þá hafa samningar gengið til baka um innanlandssmíðaða báta.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér kemur ekkert á óvart viðhorf hv. þm. í þessum fsp.-tíma. Það er komið að því, að við þurfum að ákveða kjördag, sennilega 13. júní, eins og látið er í veðri vaka, og því skyldu ekki allir vera með því að lána mönnum, ef menn óska eftir því?

Það er lítilfjörlegt atriði, segir hv. 4. þm. Austf., að útvega peninga í þetta, það er ekkert atriði, það er bara að hafa það öruggt, að menn geti fengið lán, en hitt er aukaatriði að afla fjárins. Stundum hefur það nú bæði fyrir hann og aðra reynzt nokkur þröskuldur í vegi til framkvæmda, hvar á að taka féð.

Varðandi það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði og vísaði til frv. síns í Ed. um að hafa 85% lán úr Fiskveiðasjóði, þá vil ég aðeins taka það fram, að það hefur alltaf verið ákveðin stefna fiskveiðasjóðsstjórnarinnar, að hún vildi ekki og teldi ekki rétt og ráðlegt að hafa fyrsta veðréttar lánin hærri en 75%, menn geta verið ósammála því, en það er rétt, að hún standi fyrir sínu máli og menn viti, hvaðan sú skoðun er komin. Og hún hefur verið þeirrar skoðunar, að það væri ekkert óeðlilegt að hafa fleiri tegundir lána í sambandi við smíði fiskiskipa og minni lánin, sem ekki væru með 1. veðrétti, væru þá kannske með öðrum kjörum og til annars tíma. Svona hefur þetta alltaf verið. Það er auðvitað fjöldi skipa, sem voru byggð hér innanlands, — það voru nú mest tréskip í þá tíð, því að stálskipabyggingarnar eru svo ungur atvinnuvegur hjá okkur, — sem höfðu 90% lán og yfir 90% meðan fiskveiðasjóðslánin voru bara 75%, og engin ákvörðun var tekin um þessi viðbótarlán hjá Atvinnujöfnunarsjóði eða ríkisstj. Auðvitað kæmi það til athugunar og kemur sjálfsagt til álita, að menn, sem af einhverjum sérstökum ástæðum eiga í bili erfitt með að ganga frá sínum bátakaupum, geti útvegað sér einhver önnur lán annars staðar núna eins og endranær. Þess vegna er þetta í sjálfu sér ekki óeðlilegt, en hins vegar tók ég sérstaklega fram, að ríkisstj. hefur ekki ákveðið að fella þessi lán niður í áföngum, heldur hefur hún tekið ákvörðun um að útvega áfram 5% viðbótarlán, án þess að nokkur ákvörðun hafi verið tekin um það á Alþ. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að teknar séu mismunandi ákvarðanir á mismunandi tímum um lán, einmitt viðbótarlán.

Ég vil sérstaklega taka það fram varðandi það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að það mundu margir eiga erfitt með skipakaup, sem standa til atvinnubóta, að það getur vel verið rétt, en þorri þessara manna er ekki í skipakaupum af þessum sökum. Það eru fyrirsvarsmenn sveitarfélaganna miklu meira, sem af þeim sökum eru að reyna að afla tækja til þorpanna og útgerðarstaða, þar sem erfiðlega blæs. Þar getur Atvinnujöfnunarsjóður auðvitað komið til aðstoðar, eftir því sem hann hefur bolmagn til, og lánað meira, ef aðstæður eru þannig, eða að slíkum aðilum verði lánað úr öðrum sjóðum, eins og oft hefur verið gert. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur lánað töluvert mikið fé til þess að kaupa skip til slíkra staða. Hann gæti auðvitað

alveg á sama hátt, ef hann hefur fé til þess, sem líklegt er, að vaxi mjög mikið hjá honum, aðstoðað í slíkum tilfellum, í sérstökum tilfellum. En það er einmitt þessi mikla eftirspurn eftir skipabyggingum núna, af því að útgerðin gengur vel og af því að menn hafa meira fé, sem í útgerðinni eru, enda þótt hv. 4. þm. Austf. teldi það ekki neinu máli skipta í sambandi við skipakaupin, að það blési vel fyrir útgerðinni, bæði veiddist vel og markaðsverðið væri í hæsta máta. Ég skal nú ekki eyða meiri tíma í þetta og sé ekki ástæðu til að taka upp neinar frekari deilur um það.

Mér var það ljóst, að auðvitað mundu þm. segja, að það væri slæmt að gera þetta. Því er m. a. haldið fram, að það sé mjög slæmt að hafa mismunandi lán, mismunandi stofnlán út á báta. Auðvitað urðu lánin mismunandi, þegar viðbótarlánin voru veitt. Þá voru margir búnir að fá lán og byggja sína báta rétt áður, og þeir, sem byggðu rétt á eftir þeim, fengu meiri lán. Þetta misræmi er alltaf fyrir hendi, en það er á báða bóga. Það var þá þannig, að þeim, sem byggðu á eftir, var ívilnað fram yfir hina, ef menn vilja kalla það svo. Nú eru það þeir, sem síðar byggja, sem hafa ekki alveg sömu aðstöðu og hinir, en vegna þessara aðstæðna er líka öðruvísi í þessari atvinnugrein og þjóðfélaginu yfir höfuð til lánsútvegunar en áður.

Ég sagði áðan, að ég vonaðist til þess, að þetta skapaði ekki nein verulega tilfinnanleg vandræði, og ég minnti á það í fyrri ræðu minni, og ég vil gjarnan ljúka máli mínu með því, að það eru einmitt útgerðarmenn sjálfir, sem hafa mjög eindregið látið mig heyra það og létu mig óspart heyra það á sínum tíma, að hér væri gengið allt of langt með 90% lán út á bátana. Eins og ég sagði áðan, er mönnum vissulega ekki allur greiði gerður með því að skapa þeim aðstöðu til þess að hafa svo og svo mikið lánsfé í þeim fyrirtækjum, sem þeir vilja ráðast í. Það er augljóst mál.

62. Starfsmannaráðning á Keflavíkurflugvelli.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um starfsmannaráðningu á Keflavíkurflugvelli [239. mál, 4] (A. 454).

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Um allmargra ára bil var sú starfsemi, sem ríkið rak á Keflavíkurflugvelli, svolítið svipuð óhreinu börnunum hennar Evu, hún var falin og það talið stappa nærri goðgá að láta það vera á alþjóðar vitund, hvað þar fór fram. Nú rekur ríkið þarna þrenns konar starfsemi, sem mannaráðningar þarf til. Fyrst og fremst er það tollgæzlan, sem er hluti af almennum afgreiðslustörfum fyrir farþega, sem fara úr landinu og koma inn í það, það er almenn löggæzla með lögreglumönnum, og það eru verzlunarstörf í sambandi við fríhöfnina og hennar sölubúðir á Keflavíkurflugvelli. Á síðari árum hafa menn tekið að líta þessa starfsemi allt öðrum augum en áður var og það góðu heilli. Engu að síður er það mörgum ráðgáta, hvers vegna hefur þurft að draga þessa almennu starfsemi ríkisins undan því að lúta sömu lögum og önnur starfsemi ríkisins. Vænti ég þess, að það hafi á sínum tíma verið mest af misskilningi, sem nú er ýmist að leiðréttast eða kannske leiðréttur þegar. Í 5. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir á þessa leið í upphafi greinarinnar:

„Lausar stöður skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu, venjulega með fjögurra vikna fyrirvara", o. s. frv.

Í þessari sömu grein er málsgrein, sem segir, að ákvæði þessarar greinar taki ekki til starfa í þágu utanríkisþjónustunnar. Sjálfsagt hefur það á sínum tíma verið undir því yfirskini, að allt væri þetta utanríkisþjónusta, sem hér var farið öðruvísi að en í almennum efnum. En eftir þeim skilningi, sem ég legg í orðið utanríkisþjónusta og ég ætla, að allur þorri manna geri, þá heyrir ekkert af þessu, hvorki tollgæzlan, löggæzlan né heldur verzlunin í fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, undir utanríkisþjónustuna í þeim skilningi, enda þótt öll þessi starfsemi á Keflavíkurflugvelli lúti yfirstjórn utanrrn. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja fram fsp. um þessi efni, og er fsp. í fjórum töluliðum:

„1. Eru stöður, sem ríkið veitir á Keflavíkurflugvelli, ekki auglýstar, svo sem 1. mgr. 5. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gerir ráð fyrir?

2. Hvað hafa margir lögregluþjónar verið ráðnir til starfa á Keflavíkurflugvelli síðasta áratug, og hvað margar af þeim stöðum hafa verið auglýstar lausar til umsóknar?

3. Í hvað margar stöður tollþjóna og yfirmanna í tollgæzlu hefur verið ráðið sama tímabil, og hve margar þeirra hafa verið auglýstar?

4. Hvað margir fríhafnarstarfsmenn hafa hafið störf á sama tímabili, og hve mörg þeirra starfa hafa verið auglýst?"

Vænti ég þess, að hæstv. ráðh. geti gefið við þessu greið svör, enda spurningarnar ekki flóknar.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir, þá er í upphafi 5. gr. laga nr. 38 frá 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins tekið fram, að lausar stöður skuli auglýstar í Lögbirtingablaði, venjulega með fjögurra vikna fyrirvara. Hins vegar, eins og hann líka sagði, hljóðar niðurlag greinarinnar á þessa leið:

„Ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfa í þágu utanríkisþjónustunnar."

Á þessu er allverulegur munur, hvort það er í starfi „hjá utanríkisþjónustunni" eða „í þágu utanríkisþjónustunnar". Um það hefur aldrei ríkt neinn ágreiningur, að störf í sjálfri utanríkisþjónustunni þurfi ekki að auglýsa, enda er það sjaldnast gert, sökum þess að þar koma til greina ýmis sjónarmið, sem ekki gilda um önnur opinber störf. En auk þeirra starfa, sem ég hef nú nefnt, heyra opinber störf á Keflavíkurflugvelli undir utanríkisþjónustuna, þ. e. undir utanrrh. Gilda þar að nokkru leyti sömu sjónarmið um val manna í þau eins

og að framan getur, en þó hafa lausar stöður þar oftast verið auglýstar, eins og nánar verður vikið að síðar. Það er annað, að þær séu auglýstar, en að það sé skylda að auglýsa þær. Við höfum í rn. gengið út frá því, að það væri ekki skuldbindandi fyrir utanrrn. að auglýsa þessar stöður, þar sem segir í greininni, að hér sé átt við störf í þágu utanrrn. Þetta byggist á orðalagi greinarinnar, þar sem talað er um störf í þágu utanríkisþjónustunnar, og er því víðtækara en ef orðalagið er einskorðað við störf í utanríkisþjónustunni eða því um líkt. Hefur þetta valfrelsi utanrrh. ekki verið vefengt fram að þessu, það hlýtur að vera ákveðin meining með hinu víðtækara orðalagi. Getur það þá ekki átt við önnur störf en þau, sem utanrrh. hefur yfir að ráða á Keflavíkurflugvelli og vissulega varða meira eða minna samskipti við útlendinga. Þetta er mitt svar við 1. fsp.

Önnur fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Hvað hafa margir lögregluþjónar verið ráðnir til starfa á Keflavíkurflugvelli síðasta áratug, og hve margar af þeim stöðum hafa verið auglýstar til umsóknar?"

Þessu get ég svarað þannig, að alls hafa verið ráðnir átta lögregluþjónar og tvær lögreglukonur á þessu tímabili, og hafa þær stöður allar verið auglýstar. Fjöldi tollþjóna og yfirmanna í tollgæzlu, sem ráðnir hafa verið á tímabilinu, eru samtals 10 manns. Staða við tollgæzluna hefur ekki verið auglýst síðan 1959. Fimm af þessum 10 mönnum, sem að framan getur, voru í öðrum störfum hjá því opinbera, er þeir hófu störf við tollgæzluna. Fjórir þessara manna störfuðu hjá flugvallarstjórninni í Keflavík og voru fluttir til, þegar Loftleiðir tóku við flugumsjón þar. Einn var áður lögregluvarðstjóri og síðar ráðningastjóri og er nú deildarstjóri í tollgæzlu. Af þeim, sem ekki störfuðu áður hjá því opinbera, eru tveir, sem ætíð hafa starfað í tollfrjálsri forðageymslu Loftleiða á flugvellinum, en hinir hófu starf sem sumarafleysingamenn, en vegna aukinnar flugumferðar og flugfragtar fengu þeir að halda störfum sínum áfram.

Þetta var um 3. lið. 4. liður er svo hljóðandi:

„Hvað margir fríhafnarstarfsmenn hafa hafið störf á sama tímabili, og hve mörg þeirra starfa hafa verið auglýst?"

Svarið við þessu er svo hljóðandi: 10 manns hafa verið ráðnir hjá fríhöfninni á tímabilinu. Voru sex stöður auglýstar, þ. e. allar stöður yfirmanna. Stöður afgreiðslumanna hafa ekki verið auglýstar, en í þær stöður hafa verið ráðnir menn, sem allir höfðu gegnt störfum sumarafleysingamanna eitt eða fleiri sumur, en síðan fengið að starfa áfram vegna aukinna verkefna í nokkur ár, þar til þeir að lokum voru ráðnir vegna starfsreynslu þeirrar, er þeir höfðu öðlazt.

Ég vil í fyrsta lagi undirstrika það, að ég tel, að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gefi utanrrn. heimild til þess að haga framkvæmd ráðninganna á þann veg, sem ég nú hef lýst, þannig að rn. sé í sjálfsvald sett, hvort um auglýsingu verður að ræða eða ekki. Þó að þetta sé sett í sjálfsvald rn., þá hefur meginhlutinn af þessum störfum verið auglýstur í blöðum, en hins vegar hafa starfsmenn, sem hafa verið lausráðnir til þess að byrja með, t. d. menn, sem hafa leyst af í sumarleyfum, og raunar aðrir, verið fastráðnir í störf, þegar þeir pössuðu inn í starfið, þ. e. voru búnir að æfast í þeim störfum, sem ráða þurfti í.

Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi telji, að spurningunum sé svarað með þessum orðum.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Þau voru skýr og greinileg, og ég hef í sjálfu sér ekki mjög miklu við svör hans að bæta eða út á þau að setja. Þó vil ég vekja athygli á því, að telja má, að málin hafi gengið sinn eðlilega gang eða nokkurn veginn eðlilegan gang varðandi bæði lögregluþjóna og fríhafnarstarfsmenn. En ég er ekki alveg sannfærður um það, að gangurinn hafi verið nákvæmlega eins eðlilegur með tollgæzlumennina. Mér er sem sagt kunnugt um það, að eftir að bæði ég og ýmsir fleiri menn höfðu lengi flutt brtt. við fjárlög, sem miðuðu að því að draga úr kostnaði á Keflavíkurflugvelli, og þær till. jafnan verið felldar, þá tók ríkisstj. sig eitt sinn til og fækkaði um einhverja menn í tollgæzlunni. Nú mun segja svo í hinum sömu lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að sé starf starfsmanna lagt niður, þá eigi hann um ákveðinn árafjölda rétt á því að fá starfið að nýju, sé það tekið upp, eða jafngilda stöðu í þjónustu ríkisins. Ég hef nokkurn grun um, að á þessu hafi orðið viss misbrestur. En ég fagna því, að þessi mál hafa nú tekið miklu frjálslegri blæ á sig en þau höfðu um eitt skeið, og það virðist vera nokkuð samdóma álit, sem ríkisstj. sem heild og þá væntanlega hæstv. utanrrh. einnig hefur, að ekki sé ástæða til þess að láta þessa undanþáguheimild til handa utanrrn., að þurfa ekki að auglýsa stöður í sinni þjónustu, ná yfir hin hversdagslegustu störf, jafnvel þótt þau tengist utanrrn. á einhvern hátt. Það sannar nýtt frv., sem lagt hefur verið fram hér á Alþ., um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar er gert ráð fyrir því, að auglýstar verði allar stöður, einnig í utanríkisþjónustunni, a. m. k. innan þeirrar stofnunar, nema stöður sendiherranna eða ambassadoranna. Tel ég þá, að fyrirheit um lausn á þessu máli, sem hér hefur verið til umr., að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar fengin, felist í því frv. til l., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram um endurskoðun á eða um nýja skipan mála varðandi réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

63. Hreinsitæki í Áburðarverksmiðjunni.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um hreinsitæki í Áburðarverksmiðjunni [239. mál, 1] (A. 454).

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Á mengunarráðstefnu, sem haldin var hér í Reykjavík fyrir nokkru, gerði Hörður Þormar efnafræðingur Áburðarverksmiðjuna að umtalsefni. Hann sagði, að Áburðarverksmiðjan hefði um 20 ára skeið mengað umhverfi sitt með eiturefnum, og hann taldi, að magnið væri um 500 tonn á ári. Taldi hann, að allt of mikið kæruleysi hefði verið sýnt í þessu sambandi og þarna væri um að ræða mengun, sem væri talsvert fyrir ofan það, sem leyft væri í nágrannalöndum, þar sem hann þekkti til. Þau efni, sem þarna er um að ræða, eru einkum köfnunarefnisoxíð, NO_2, og N_2 og N_4, og það er NO_2, sem veldur þessum sterka gulbrúna lit, sem er á reyknum frá verksmiðjunni og hv. alþm. kannast vafalaust við. Þetta köfnunarefnisoxíð er ekki talið valda skaða á gróðri, nema þá í mjög sterkri mengun. Hins vegar er það hættulegt mönnum og dýrum, ef um einhverja umtalsverða mengun er að ræða. Það sýrir andrúmsloftið, og geta þær sýrur haft ertandi áhrif á slímhúðir líkamans, t. d. augu og öndunarfæri, og valdið sjúkdómum í lungum, hjarta og æðakerfi. Auk þess getur köfnunarefnisoxíð bundið heimoglobinið í blóðinu.

Nú er það ekki kunnugt, hvort nokkur slík sjúkdómsáhrif hafa gert vart við sig í nágrenni Áburðarverksmiðjunnar, enda hefur það mál alls ekki verið rannsakað. En mörg slík áhrif eru þess eðlis, að menn taka ekki eftir þeim, a. m. k. ekki lengi vel. Hins vegar taldi Hörður Þormar, eins og ég sagði áðan, að mengunin frá Áburðarverksmiðjunni væri talsvert fyrir ofan þau mörk, sem eru heimiluð annars staðar. Nú er svo ástatt um þessa verksmiðju, að verið er að breyta henni og stækka hana, og þar með er verið að endurskoða allan vélakost verksmiðjunnar. Ég lít svo á, að það sé algerlega óhjákvæmilegt, að í sambandi við þessa endurskipulagningu verði sett upp hreinsitæki í verksmiðjunni, og þetta ætti raunar að vera þeim mun auðveldara fjárhagslega séð sem köfnunarefnisoxíð er verðmætt efni, og það er í sjálfu sér fjárhagsleg sóun að láta það sleppa á þennan hátt út í andrúmsloftið. Og þess vegna hef ég leyft mér að bera upp þá spurningu við hæstv. landbrh., hvort ekki sé ráðgert, að sett verði upp hreinsitæki í sambandi við þessar breytingar á verksmiðjunni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. hljóðar svo:

„Er ráðgert að koma upp hreinsitækjum í Áburðarverksmiðjunni til þess að takmarka mengun?"

Það hefði verið eðlilegra að segja: til þess að útiloka mengun, ef það er á annað borð hægt. En stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur áhuga fyrir því að útiloka mengun við verksmiðjuna, að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Og þess má geta, að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur oft á liðnum árum rætt um mengunarmöguleika þá, sem felast kynnu í útblæstri köfnunarefnisoxíða frá verksmiðjunni. Á árinu 1970 gerði stjórn Áburðarverksmiðjunnar samþykkt um, að fram færi rannsókn á mengun frá verksmiðjunni og tiltækum ráðum til að takmarka eða koma í veg fyrir hana.

Hv. fyrirspyrjandi kallaði það áðan kæruleysi, að verksmiðjan skuli hafa starfað í nærri 20 ár og það skuli ekki hafa verið athugað fyrr en nú á seinustu árum, að um mengunarhættu gæti verið að ræða. Þetta flokkast nú ekki undir kæruleysi. Stjórn Áburðarverksmiðjunnar og aðrir hafa ekki gert sér grein fyrir því, að þarna væri um mengun að ræða, fyrr en nú í seinni tíð, að mengunarmálin eru komin á dagskrá og menn farnir að gera sér nánari grein fyrir þessu en áður. Stjórn verksmiðjunnar hefur í höndum grg. frá verksmiðjustjóra verksmiðjunnar um loftmengun frá Áburðarverksmiðjunni, og í þessari grg. segir svo m. a.:

„Þegar ræða skal og athuga loftmengun frá Áburðarverksmiðjunni, þarf fyrst að gera sér grein fyrir, um hve mikla mengun frá verksmiðjunni er að ræða. Þegar er vitað, að sum efni, sem frá verksmiðjunni koma, eru skaðlaus, svo sem köfnunarefni og súrefni, og eru það raunar þau efni, sem í mestu magni er sleppt út í andrúmsloftið frá verksmiðjunni. Um önnur efni er vitað, að þau geta verið hættuleg og/eða skaðleg, séu þau til staðar í ákveðnu magni, og er þar fyrst og fremst um samband köfnunarefnis og súrefnis að ræða, svonefnt köfnunarefnisoxíð.

Nú er ekki vitað, á hvern hátt þessi efni dreifast um nágrenni verksmiðjunnar, þó að vitað sé um magn þeirra og útblásturshraða. Hins vegar munu eiturefnanefnd ríkisins og Rannsóknastofnun iðnaðarins nú í þann veginn að hefja rannsóknir á dreifingu köfnunarefnisoxíða frá Áburðarverksmiðjunni. Munu þær rannsóknir eiga að leiða í ljós samhengi á milli magns köfnunarefnisoxíða í andrúmsloftinu og fjarlægðar frá útblástursstað við ýmis veðurskilyrði. Ættu niðurstöður þeirrar rannsóknar að geta orðið gagnlegar við ákvörðun um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru álitnar, þegar kemur til ákvörðunar um, að hve miklu leyti þurfi að draga úr útblæstri köfnunarefnisoxíða frá verksmiðjunni eða hvort eyða þurfi þeim algerlega.

Til þess að draga úr eða eyða algerlega köfnunarefnisoxíðum frá sýruverksmiðjum er um ýmsar leiðir að ræða. Ísog og/eða þvottur með ýmiss konar upplausnum er tiltækur til að minnka þessi efni í útblástursreyk. Þurfi að eyða oxíðunum algerlega, er það gert með því að breyta þeim, t.d. vatnsefni, ammoníaki eða jarðgasi, í köfnunarefni og vatnsgufu.

Hvaða leið væri hagkvæmust hérlendis, ef á þarf að halda, er ekki hægt að fullyrða neitt um á þessari stundu. Ákvörðun um slíkt er háð mörgum þáttum, sem enn eru óþekktir, enda sérfræðileg og skipulögð rannsókn málsins mjög skammt á veg komin enn sem komið er, en unnið er að henni nú með þeim hraða, sem mögulegt er.

Í framhaldi af ofanrituðu skal bent á, að stækkun sú, sem nú stendur yfir á Áburðarverksmiðjunni, mun ekki valda neinni aukningu á útblæstri köfnunarefnisoxíða frá verksmiðjunni umfram það, sem nú er. Þá hefur stjórn Áburðarverksmiðjunnar þegar farið þess á leit við Rannsóknastofnun iðnaðarins, að rannsökuð verði vandlega dreifing köfnunarefnisoxíða frá verksmiðjunni og magn þeirra á ýmsum stöðum. Er þess að vænta, að sú rannsókn geti hafizt mjög fljótt. Þegar niðurstöður liggja fyrir, mun stjórnin að sjálfsögðu gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess, að verksmiðjan valdi ekki skaða á umhverfi sínu, og þá

með því að setja upp hreinsitæki til þess að útiloka eitraðan útblástur frá verksmiðjunni."

Ég hef rætt um þetta við framkvæmdastjóra verksmiðjunnar, og hefur hann tjáð mér, að ákveðið væri að gera allar tiltækar ráðstafanir til þess að þetta mætti gerast svo fljótt sem unnt er, en af eðlilegum ástæðum verður rannsókn að fara fram á því, hvaða aðferð er tiltækust, en þess er vænzt, að það taki ekki marga mánuði að finna réttu leiðina í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og fyrir jákvæðar undirtektir við þá afstöðu, sem ég lýsti hér í ræðu minni áðan. Hann fann að því, að ég hefði verið svo hófsamlegur að tala aðeins um ráðstafanir til þess að takmarka mengun, en ekki útiloka hana með öllu. Ég gerði þetta nú vitandi vits. Ég hygg, að það muni verða mjög erfitt að útiloka mengun að öllu leyti, jafnvel þótt hægt sé að útiloka hin eitruðustu efni, sem þarna eru. Það voru ekki heldur mín orð, sem hæstv. ráðh. vitnaði til, þegar talað var um kæruleysi. Ég vitnaði þar í ummæli Harðar Þormar efnafræðings.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að það er ekki nema nýtilkomið, það er ekki fyrr en núna seinustu árin, sem menn gera sér grein fyrir þeim háska, sem getur stafað af útblæstri eða reykefnum frá verksmiðjum af þessu tagi og af þessu geti stafað háski fyrir umhverfið. Og ég er ekki að bera það á hæstv. ráðh. að hann hafi sýnt neitt kæruleysi sjálfur í þessu efni, en ég var að vitna í orð þess sérfræðings, sem taldi, að þessi háttur væri kæruleysi.

Það er mjög gott, að verið sé að framkvæma rannsókn á þessu efni, og sjálfsagt, að því verði haldið áfram. En ég vil benda á, að það kom fram hjá Herði Þormar, að mengunarmagnið frá Áburðarverksmiðjunni sé nú þegar fyrir ofan þau mörk, sem heimil eru í nágrannalöndum okkar. Og ég held, að við þurfum ekki að standa í neinum grundvallarrannsóknum hvað atriði af þessu tagi snertir. Við eigum að geta lært af reynslu annarra og tekið upp þær varúðarráðstafanir, sem eru orðnar almenn regla í öðrum löndum. Og það á raunar að vera þeim mun sjálfsagðara, að þetta sé gert nú þegar, vegna þess að verið er að endurskipuleggja verksmiðjuna og endurnýja allan tækjakost hennar. Það er miklu auðveldara að koma við hreinsitækjum í sambandi við slíka breytingu en að koma henni í samband einhvern tíma síðar. Og þess vegna vil ég leggja á það áherzlu við hæstv. ráðh., að þetta atriði verði tekið til ákvörðunar einmitt í sambandi við þessa endurskoðun á vélakosti og framleiðsluháttum Áburðarverksmiðjunnar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt, að mengunarráðstefnan ætlar að verða frjó til fsp. og umr. Það sýnir, að hún hefur verið þarft þing og vakið athygli á þessum mikilvægu málum.

Ég er dálítið kunnugur Áburðarverksmiðjunni. Því langar mig til þess að koma með nokkrar viðbótarupplýsingar.

Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að það eru köfnunarefnissýrlingar eða oxíð, sem einkum eru í þessu sambandi hættuleg. Þau ganga gjarnan í samband við vatn og mynda sýru, sem getur valdið tjóni á vefjum skepna og manna.

Í Bandaríkjunum er verið að setja strangar reglur um slíka mengun. Er mér tjáð, að þar muni annaðhvort vera búið að ákveða eða verða ákveðið, að ekki verði leyfðir nema 500 hlutar í millj., sem samsvarar 0.05% af þessum efnum í afgangsefnum við slíka framleiðslu.

Við eðlilegan rekstur sýruverksmiðjunnar í Áburðarverksmiðjunni eru efni þessi um það bil 0.1% eða um það bil tvöfalt meiri en mun verða leyft í Bandaríkjunum. Hins vegar er það alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að vitanlega er þessi hundraðstala ekki ein næg til skýringar, því magnið fer vitanlega eftir stærð verksmiðjanna, og umrædd verksmiðja er mjög lítil.

En svo er það annað mál, að þessi sýruverksmiðja hjá Áburðarverksmiðjunni er rekin í dag með mjög miklu yfirálagi, því hún fullnægir ekki framleiðsluþörf verksmiðjunnar. Þá aukast úrgangsefnin mjög mikið, eins og sjá má af því, að þá verður liturinn töluvert dekkri. Ég hygg, að oftast séu úrgangsefnin þannig 0.2—0.3% eða fjórum til sex sinnum meiri en leyfilegt er eða á að leyfa í Bandaríkjunum. Þá er mjög líklegt, að komið sé að hættumörkum. Því er ljóst, að gera verður einhverjar ráðstafanir.

Mér er einnig kunnugt um það, að þetta er nú í athugun, en málið er hins vegar nýtt og töluvert flókið og ekki eins einfalt að leysa og e. t. v. mátti ráða af orðum hv. fyrirspyrjanda.

Það er rétt, að það er verið að stækka verksmiðjuna, en sýruverksmiðjan verður ekki stækkuð og henni verður ekki breytt, og þá mun sannast, að það er oft erfiðara að lagfæra en að koma í veg fyrir í upphafi. Þegar þessi verksmiðja var byggð, var hún eins fullkomin að þessu leyti og tíðkaðist, en í dag munu engar verksmiðjur vera byggðar án þess að hafa langtum betri hreinsunartæki. Hreinsunin getur farið fram á marga vegu, en einna algengast mun þó vera, að þessi köfnunarefnissýrlingur er brotinn upp í frumefni sín, köfnunarefni og súrefni, en þannig eru þau að sjálfsögðu skaðlaus. Þetta er gert með því að hita útblásturinn upp í 100—200 gráður og leiða síðan yfir ákveðinn hvata. Í verksmiðju þessari er útblásturinn kaldur, og töluverðan hita þarf til að hita upp allt það magn, sem þarna kemur út, því að hita verður að sjálfsögðu miklu meira en aðeins köfnunarefnissýrlinginn. Í nýjum verksmiðjum mun það gert með því að nota afgangshita, sem er mikill í slíkum verksmiðjum, og veldur þannig tiltölulega litlum aukakostnaði. Þetta er því vandamál, sem mér er kunnugt um, að verksmiðjustjóri og sérfræðingar verksmiðjunnar eru að kynna sér og munu áreiðanlega koma með tillögur um.

En svo er það annað mál, að þessa sýruverksmiðju þarf að stækka í framhaldi af annarri stækkun Áburðarverksmiðjunnar, og mér er raunar ekki grunlaust um, að það geti orðið ódýrara að leggja þessa verksmiðju beinlínis til hliðar, ef ég má taka svo til orða, og byggja algjörlega nýja með fullkomnari tækjum og betri nýtingu, ekki aðeins að þessu leyti, heldur að ýmsu öðru.

En ég vil taka undir það, sem einnig kom fram á fyrrnefndri og oftnefndri mengunarráðstefnu, að enginn á að hafa heimild til þess að menga. Það er mín persónulega skoðun, að við Íslendingar eigum að setja hin ströngustu ákvæði í okkar heilbrigðislög um

hreinsunartæki, bæði í verksmiðjur eins og Áburðarverksmiðjuna og álbræðslu eða olíuhreinsunarstöð eða það annað, sem hér kann að rísa. Ég hygg, að við munum aldrei sjá eftir því. Þessar kröfur verða stöðugt strangari, og það er ekki ólíklegt, að umhverfi okkar sé það verðmætasta, sem við eigum.

64. Friðlýsing Eldborgar.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um friðlýsingu Eldborgar [239. mál, 5] (A. 454).

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég held, að það skýri þessa fsp. bezt, að ég lesi hérna efnisútdrátt úr bréfi, sem ég ritaði Náttúruverndarráði fyrir tæplega þremur árum eða 23. apríl 1968. Það er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Vestur af Bláfjöllum, nálega syðst og austur af Stóra-Kóngsfelli er eldborg mjög fágæt að feguröð, og m. a. eru þar afar skarpar gjallbríkur í börmunum, óskemmdar, eins og annað þarna, því að enn þá er þetta alveg úr alfaraleið, þó að ruðningur sé að vísu fyrir jeppa á vegum Ferðafélagsins suður með Bláfjöllum.

Nú vonum við, að brátt verði rudd þarna betri leið, vegna þess m. a., að syðst í Bláfjöllunum virðist okkur bezta skíðaland í grennd við Reykjavík. Yrði þá farið enn nær Eldborginni en nú, og er það mikill kostur, því að margir mundu þá vilja skoða hana.

Út af þessu vil ég benda á, hvort ekki væri nauðsynlegt að gera strax ráðstafanir til að friða þessa eldborg, svo að ekki fari um hana eins og eldborgina norðan við Höskuldarvelli, sem ekki tókst að bjarga, en var tekin í ofaníburð og byggingarefni."

Til skýringar má geta þess, að eldborg er eldstöð, sem er með heila barma, þar sem hraunstraumurinn hefur farið út um vegginn. Hér er um svo fágæta hluti að ræða, að Náttúruverndarráð hefur sagt og stuðzt þar við sína sérfræðinga, að það sé ekki vitað um fleiri en þrjár slíkar eldborgir á Íslandi, og hvergi annars staðar í heiminum eru slíkar eldstöðvar. Hefur þessi friðun ekki enn verið auglýst, mér til undrunar, satt að segja, og veit ég þó, að Náttúruverndarráð hefur samþykkt, að þessi friðun skyldi gerð. Og nú er spurningin: Hvers vegna er ekki búið að friða þessa eldborg? Ég vil, áður en hæstv. ráðh. svarar þessu, enn á ný rifja það upp, hversu hér er um fágætan hlut að ræða, og líka minna á, í gamni kannske og alvöru þó, að eldborg af þessu tagi verður ekki keypt uppstoppuð frá London, þó að hægt reyndist að hafa þá aðferð við geirfuglinn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Með bréfi dags. 19. ágúst 1970 tilkynnti Náttúruverndarráð menntmrn., að ráðið hefði samþykkt að friðlýsa gíginn Eldborg við Drottningu í Gullbringusýslu. Með bréfi til Náttúruverndarráðs dags. 25. sama mánaðar samþykkti rn. friðlýsingu þessa fyrir sitt leyti. Í bréfi rn. er jafnframt bent á, að rn. hefði ekki yfir sérstökum fjárveitingum að ráða til að standa straum af hugsanlegum skaðabótum eða hugsanlegum fjárútlátum, sem af friðlýsingunni kynni að leiða. Samkv. gildandi náttúruverndarlögum er framkvæmd friðlýsingarmála af slíku tagi með þeim hætti, að Náttúruverndarráð tekur fyrst ákvörðun um friðlýsingu, en ákvörðunin kemur ekki til framkvæmda fyrr en menntmrn. hefur lagt samþykki sitt á hana. Að fengnu samþykki rn. skal formaður Náttúruverndarráðs hlutast til um, að friðlýsingin sé birt almenningi, og hefur það jafnan verið gert með auglýsingu í Lögbirtingablaði. Náttúruverndarráð hefur ekki enn auglýst friðlýsingu Eldborgar, og mun ástæðan vera sú, að erfitt mun vera að gera sér fyrir fram fyllilega grein fyrir, hvort eða hvaða skaðabótakröfur eða fjárútlát kunni að fylgja í kjölfar friðlýsingarinnar. Agnúar núgildandi náttúruverndarlaga eru, eins og kunnugt er, margir. En einn þeirra er einmitt fólginn í því, hversu reglurnar um aðferðir við friðlýsingu eru óþjálar og ótraustar í framkvæmd.

Með hinu nýja náttúruverndarfrv. eða frv. til laga um náttúruvernd, sem nú liggur fyrir Alþ., hefur m. a. verið leitazt við að setja nýjar reglur um þetta efni, sem ættu að tryggja örugga og ábyrga framkvæmd friðlýsingarmála. Það hefur verið stefna rn. að samþykkja ekki friðlýsingar nema með fyrirvara um kostnaðarhlið málsins í hverju tilviki. Reynslan hefur sýnt, að á slíkum fyrirvara er fyllsta þörf, og má sem dæmi nefna náttúruverndaraðgerðirnar í tilefni af vegarlagningu kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn. Er enginn vafi á, að nauðsynlegt er hverju sinni að huga vandlega að þeim lögfylgjum, sem friðlýsing og aðrar náttúruverndaraðgerðir kunna að hafa í för með sér. Verði náttúruverndarfrv. að lögum, eins og það er nú úr garði gert, þá mundu þau lög mjög auðvelda stjórnvöldum allar friðlýsingaraðgerðir og tryggja forsvaranleg og fjárhagslega ábyrg vinnubrögð í þeim efnum. Mundi Náttúruverndarráð þá væntanlega öðlast skilyrði til að friðlýsa Eldborg og aðrar náttúrugersemar með skjótara og öruggara hætti en nú virðist unnt að óbreyttum lögum.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svar hæstv. ráðh., því að í því liggur í raun og veru, að hann er í vafa um, að þjóðin hafi ráð á því að friðlýsa Eldborgina, sem er svona ástatt um eins og ég lýsti áðan. Mér þykir það sannast að segja vera dálítið hart, að hæstv. ráðh. skuli vera í vafa um, að Íslendingar hafi ráð á því að friða eldstöð af þessu tagi og taka á sig þær bætur, sem þar kynnu að geta komið til greina.

Það sýnir kannske betur en nokkuð annað, hvernig ástatt er hjá okkur í þessum náttúruverndarmálum, að það fæst ekki einu sinni friðuð eldstöð af þessu tagi, af

því að hæstv. ráðh. getur ekki gert það upp við sig, hvort þjóðin hafi ráð á því peningalega eða ekki, því að það er raunverulega þetta, sem hér hefur skeð. Það er ekki Náttúruverndarráð, sem hefur fjárráð eða getur skorið úr um þetta, og Náttúruverndarráð hefur án nokkurs fyrirvara lagt það til, að þessi eldborg verði friðuð. En það er hæstv. ráðh., sem svarar í raun og veru út í hött og getur ekki gert það upp við sig, hvort þjóðin hefur ráð á þessu. Ef hann var í vafa, þá átti hann að láta fara fram athugun á því, hvaða bótakröfur væru þarna hugsanlegar, og hafa síðan samráð t. d. við Alþ. og kanna, hvort það var sömu skoðunar og hann, að vafi léki á, hvort þjóðin hefði ráð á að friða náttúrugersemi af þessu tagi.

Ég hef það fyrir satt, að það standi mjög svipað á um Lakagígi t. d. og Hvannalindir og nú kemur í ljós, að á stendur með þessa eldborg. Þetta er ekkert náttúruverndarlögunum að kenna. Það eru alveg nægilega skýr ákvæði í þeim um þetta, og það þarf engum lögum að breyta til að koma þessu fram. Það þarf aðeins að ákveða, að við höfum ráð á því að borga þær bótakröfur, sem kynnu að koma fram, til þess að friðlýsa þessar stöðvar.

Nýja náttúruverndarfrumvarpið frá stjórninni bætir hér ekkert úr, því að það er búið að plokka út ákvæðið um náttúruverndarsjóðinn, þannig að Náttúruverndarráð verður jafnfjárvana eftir sem áður, ef frv. verður ekki breytt. Þess vegna er það náttúrlega ekkert annað en að draga athyglina frá aðalatriðinu að segja, að hér hafi verið beðið eftir nýjum náttúruverndarlögum.

Náttúruverndarráð var búið að leggja það til fyrirvaralaust, að þessi eldstöð yrði friðuð, og það var ekkert annað eftir að gera en að ráðh. gæfi út auglýsinguna um það og staðfesti það, sem ráðið lagði til, og svo vitanlega tæki ríkið á sig þær skuldbindingar, sem því fylgdu. Væri ráðh. í vafa um, að við gætum tekið þetta á okkur, sem sé þjóðin í heild, þá átti hann vitaskuld að leita til Alþ. bæði um þetta atriði og önnur hliðstæð og fá þá fjárveitingu fyrir væntanlegum skaðabótum.

Um tímaskort er hér ekki heldur að ræða. Það eru þrjú ár síðan þetta mál var lagt fyrir Náttúruverndarráð og mjög langt síðan Náttúruverndarráð skrifaði hæstv. ráðh.

Ég varð sem sagt fyrir miklum vonbrigðum. Ég hélt, að hæstv. ráðh. mundi hér hreinlega lýsa því yfir, að þessi eldstöð yrði friðuð, en ekki halda áfram að skrifast á við Náttúruverndarráð um það, að menn vissu ekki, hvað af því kynni að leiða. Við þessu er ekkert að gera nú annað en að draga þetta mál fram í dagsljósið, og það er það, sem ég vil gera til dæmis um það, hvers konar óskaplegt ástand er hér í náttúruverndarmálunum, því að það má segja, að öll friðunarmál séu gjörsamlega strönduð á því viðhorfi, sem er í stjórnarráðinu, og með því, að ekki eru neinir fjármunir veittir til þessara mála.

Það er ekki nóg að fá náttúruverndarfrv. eins og stjórnin lagði það fyrir, ef á að bæta úr þessu. Hér verða að koma fjármunir til. Ég vil vonast eftir því, að hæstv. ráðh. verði með í því að lagfæra náttúruverndarfrv. og drífa það í gegnum þetta þing. En Eldborgina getur hann að sjálfsögðu friðað strax á morgun. Ég er ekki í neinum vafa um það, að ekki er hér einn einasti þm., sem ekki telur landið hafa ráð á því að friða eldstöð af þessu tagi, eftir þær upplýsingar, sem Náttúruverndarráð hefur veitt, að það séu aðeins þrjár slíkar eldstöðvar til í heiminum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég kemst ekki hjá að láta í ljós mikla undrun mína út af því, að það skuli vera fyrrv. fjmrh., sem hélt þá ræðu, sem hann nýlega var hér að halda. Það, sem ég sagði í svari mínu orðrétt, — það er skrifað hér, — var það, að menntmrn. staðfesti friðlýsingaráform Náttúruverndarráðs sex dögum eftir að rn. fékk bréf Náttúruverndarráðs, en hlaut að taka fram, — það var skylda mín að taka það fram, — að rn. hefði þá ekki yfir sérstökum fjárveitingum að ráða til þess að standa straum af hugsanlegum skaðabótum eða öðrum fjárútlátum, sem af friðlýsingunni kynnu að leiða. Ég var starfsbróðir hæstv. fyrrv. fjmrh. í stjórn Hermanns Jónassonar, en ef ég hefði látið undir höfuð leggjast að taka fram í bréfi til Náttúruverndarráðs þá setningu, sem hér stendur, þá veit ég, hvað hann hefði látið mig heyra á ráðherrafundi. Þá hefði ég fengið að heyra það, að ég gerði ráðstafanir, sem ég hefði enga heimild til að gera. Hann mundi aldrei borga það, sem ég hefði ákveðið að borga. Svo vel þekki ég hv. þm., að ég veit vel, hvað ég segi í þessu efni. Því er það alveg furðulegt, að hann skuli leyfa sér hér, þó ekki meira en 10 árum eftir að hann hverfur úr ráðherrastól, að tala eins og hann talaði. Mér finnst það alveg furðulegt.

Um efni málsins er það annars að segja, að það hefur ekki tekizt að fá neina skynsamlega vitneskju um, hvað friðlýsingin mundi kunna að kosta. Rn. hefur reynt með hjálp hinna dómbærustu manna að gera sér einhverja grein fyrir því án árangurs. Ég hefði verið fús til að bera það upp í ríkisstj. og fara þess á leit við núverandi starfsbróður minn í sæti fjmrh. að fá fjárveitingu 1971 í þessu skyni. Ég hefði verið reiðubúinn til þess, en ég hefði ekki getað fengið að vita hjá neinum dómbærum manni, um hvað ég hefði átt að biðja. Ef hv. þm. hefði getað gefið mér upplýsingar um það, þá væri ég þakklátur fyrir það, en ég veit, að hann getur það ekki. Það er þessi óvissa, sem hefur tafið málið. Óvissan um það, um hvaða peninga væri hér í raun og veru að ræða. Nú skiptir það þm. kannske engu máli, hvort upphæðin er 100 þús. eða 10 millj., en það skipti máli fyrir 10—15 árum.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að láta Eldborgina gjósa neitt, en aðeins að segja nokkur orð frá sjónarmiði Náttúruverndarráðs um þetta atriði, sem hér er á dagskrá.

Það er alveg rétt, að þetta er búin að vera nokkuð löng saga um kannske ekki mjög stórt mál. Eysteinn Jónsson hreyfði málinu fyrst 1968, að mig minnir, og síðan var það tekið til meðferðar í Náttúruverndarráði, og ég er hér með það, sem þar gerðist, ef ég mætti lesa upp, með leyfi forseta, bréf, sem var skrifað menntmrn. á sínum tíma og hljóðar þannig:

„Náttúruverndarráð hefur samþykkt að friðlýsa gígginn Eldborg við Drottningu í Gullbringusýslu. Nánari grein er gerð fyrir staðsetningu og mörkun hins friðlýsta svæðis á meðfylgjandi korti og frummynd.

Eldborg við Drottningu er ein af þremur eldborgum, sem vitað er um í landinu, en þessi tegund eldstöðva er

ekki þekkt utan Íslands. Fyrirhuguð vegarlagning til þessa staðar mun auka mjög umferð almennings, en gígmyndun þessi er mjög viðkvæm fyrir átroðningi og umferð gangandi fólks. Náttúruverndarráð mun beita sér fyrir því, að komið verði upp leiðbeiningum fyrir ferðamenn á merktum gönguleiðum.

Ráðið leyfir sér hér með að senda hinu háa rn. uppkast að auglýsingu um friðlýsingu Eldborgar við Drottningu ásamt loftmynd, korti, sem sýnir staðsetningu friðaða svæðisins."

Við fengum svo svar, sem hæstv. ráðh. las hér upp áðan, og þar var okkur ætlað að kanna, hvaða kostnað þetta mundi hafa í för með sér. Okkur hefur ekki tekizt það fremur en honum, og hef ég ekki heyrt áður, hversu mikla vinnu rn. hefur lagt í að kanna það. Hitt held ég, að augljóst sé, að aldrei munu verða gerðar mjög háar fjárkröfur af hendi eigenda fyrir þessa spildu, sem þarna er um að ræða, svo að mér er nær að halda, að óhætt væri að friðlýsa þennan stað, án þess að mjög mikil áhætta væri tekin. Það hvarflar ekki að mér, að háar fjárkröfur geti komið þarna til greina, þótt enn hafi ekki tekizt að fá það staðfest, hverjar þær mundu verða, ef nokkrar yfirleitt.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér náttúruverndarmál almennt, vegna þess að þau koma hér til umr. í deildinni vonandi fljótlega eftir að frv. það, sem nú liggur fyrir þinginu, hefur verið rætt í Ed. og afgr. þaðan, en ég vildi mjög taka undir það, sem þm. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., sagði um þetta mál. Það er ágætt út af fyrir sig, að það skapist umr. um það á löggjafarsamkundunni, því að þetta sýnir okkur, hvað við höfum verið skammsýnir og smámunalegir í okkar náttúruverndarmálum. Þegar náttúruverndarfrv. verður rætt, skal ég færa fram tölur, sem sýna, hvað hlutur Íslands í náttúruverndarmálum stendur langt að baki því, sem þekkist í öðrum siðmenntuðum löndum, hvað fjárframlög ríkis og hins opinbera til þeirra hluta áhrærir.

Ég vil vænta þess, að þessu frv. verði vel tekið hér í d., en sé ekki ástæðu til að deila um þetta Eldborgarmál að öðru leyti en því, að upp hefur komið allsmámunalegur ágreiningur um, hjá hverjum auglýsingarskyldan sé í þessu efni. Sá háttur hefur verið á hafður að undanförnu, að eftir að menntmrn. hefur samþykkt aðgerðir eða gert samþykktir um friðlýsingu eða þjóðgarða eða annað því um líkt, hefur það auglýst þau fyrirmæli, en nú virðist vera ætlunin, að Náttúruverndarráð annist það. Nú skal það ekki vera til fyrirstöðu út af fyrir sig, þó að við höfum ekki mikla peninga til auglýsingakostnaðar.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Hæstv. ráðh. lét að því liggja, að ég hefði ætlazt til of mikils af honum, að hann svaraði skörulega um friðlýsinguna. Ég yrði að skilja það, að hann hefði orðið að tala við fjmrh. o. s. frv. Þetta er mér ákaflega vel ljóst. Ráðh. bar auðvitað skylda til þess að ræða málið við fjmrh. og ríkisstj. Það er það, sem hann átti að gera. Ef ríkisstj. hefði verið sömu skoðunar og hann, að það væri of mikil áhætta fyrir landið að friða þennan gjallhól, þá hefðu þeir að sjálfsögðu átt að leita til Alþ., þegar um svo merkilegt náttúrufyrirbrigði væri að ræða, og fá heimildir til þess að leggja í þetta.

Annars tek ég undir það, sem kom hér fram hjá 5. þm. Reykv., Birgi Kjaran, formanni Náttúruverndarráðs, að það hvarflar ekki að nokkrum kunnugum manni, að hér geti verið um stórfelldar fjármálakröfur að ræða.

Ég tel, að tilgangi mínum með fsp. sé náð, því að ég ætlaði að leiða athygli manna á hv. Alþ. að því, hvílíkt ofboðslegt ástand ríkir í þessum friðunarmálum. Það var tilgangur minn með því að draga fram þetta dæmi. Þetta er ekkert einsdæmi. Það mætti ræða hér hliðstætt um ýmis önnur mál, eins og raunar kom hér fram áðan.

Maður er orðinn leiður á því, að menn skuli endurtaka það hver upp í annan, að þeir hafi þennan óskaplega áhuga á náttúruverndarmálum og öllu slíku, þegar allt stendur svo gjörsamlega blýfast í toppinn, eins og hér hefur greinilega komið fram.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Nú var talsvert annar tónn í hv. þm. en var áðan. Ég vænti, að allir þm. hafi veitt því athygli, að hann sagði það skýrt og skorinort í sinni fyrstu ræðu, að það, sem hér stæði á, væri það eitt, að mig vantaði skilning á því, að þjóðin hefði efni á því að friðlýsa Eldborgina. Ef ég hefði þennan skilning á því, að þjóðin hefði efni á þessu, þá væri allt í himnalagi. Það var þetta, sem mér mislíkaði við málflutning hv. þm. Ég skal gjarnan endurtaka það hér, að það, sem hefur staðið á í þessu máli, er það, að ekki hefur tekizt að fá neitt samkomulag eða neinar upplýsingar um það, um hvaða fjárhæð væri hér að ræða. Ég hef gert ítrekaðar tilraunir til að kanna það, og hv. þm. Birgir Kjaran, formaður Náttúruverndarráðs, upplýsti einnig, að Náttúruverndarráði hefði heldur ekki tekizt að kanna, um hvað hér væri að ræða. Ég eða ráðuneytisstjóri minn gerði eina slíka tilraun í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, en án árangurs. Ég skal gjarnan gera hv. þm. þá ánægju að láta þessa fsp. — og vona ég, að ég gleðji hann með því, — láta hana verða til þess, að úrslitatilraun sé gerð til þess að fá úr því skorið, um hvað mætti semja í þessum efnum. Reynslan hefur nefnilega sýnt það, eins og í miklu, miklu stærra máli en hér er um að ræða, t. d. Grábrókarmálinu, að þegar slíkir samningar hafa fengizt, þá hefur ekki staðið á fjárveitingum. Þær fengust umyrðalaust og voru greiddar á tveimur árum, og var þá um miklu stærri fjárhæð að ræða en hér getur verið. En einhverja vitneskju þarf maður að hafa til þess að vera ekki ofurseldur ósanngjörnum hagsmunum á eftir. En ég hef ánægju af því að gleðja gamlan samstarfsmann, og ég skal gjarnan láta þessa fsp. verða til þess, að gerð verði úrslitatilraun til könnunar á málinu, og ef það er rétt, sem hér hefur verið haldið fram, að ekki sé um verulega fjárhæð að ræða, þá efast ég ekki um, að ég muni fá góðar undirtektir hjá mínum starfsbróður í fjmrn. um þetta efni eins og önnur, sem ég ræði við hann um.

65. Læknadeild háskólans.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um læknadeild háskólans [239. mál, 6] (A. 454).

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð.með 32 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru ekki fáir hv. alþm. í þessum sal, sem hafa barizt við læknamál dreifbýlisins áratugum saman, og vitaskuld er þetta okkur mörgum afar ofarlega í huga og leiðir til þess að bæta úr læknaskortinum. Það hafa verið gerðar margar skynsamlegar ráðstafanir til þess að búa í haginn fyrir héraðslækna, og satt að segja hélt maður, að læknaskortur dreifbýlisins væri að leysast smátt og smátt, eftir því sem miðað hefur þó í áttina í þessu efni. En þó fer því náttúrlega fjarri, að héraðslæknum séu enn sem komið er búnir nægilega góðir kostir, þó að margt hafi verið lagfært í því efni. En til þess að hafa ekki langan formála að þessari fsp., þá vil ég snúa mér beint að því að segja þá skoðun mína, að ég er orðinn alveg sannfærður um, að læknaskorturinn í dreifbýlinu verður aldrei læknaður, hversu vel sem búið er í haginn fyrir héraðslæknana, nema fleiri læknar útskrifist en verið hefur. Læknarnir eru ekki til. Það vantar lækna. Við getum ekki bannað íslenzkum læknum að leita sér atvinnu erlendis. Slíkt kemur ekki til greina. Það fer alltaf nokkur hluti þeirra, sem útskrifast, utan til þess að vinna, og við því er ekkert að segja. Það verður að hafa það. En við fáum alltaf verulegan kvóta til þess að starfa innanlands af þeim, sem útskrifast, og ég er alveg sannfærður um, að þessi hópur er hreinlega of lítill. Það þarf að útskrifa fleiri lækna. Ég held, að þeir, sem eru nauðakunnugir þessum málum, eins og við erum margir þm. eftir áratuga starf að þessum efnum, séu alveg sannfærðir um þetta. Ég þori ekki að nefna neina tölu í þessu sambandi. Ég býst ekki við, að það þyrfti að vera stór hópur, sem bættist við tölu þeirra, sem nú þegar útskrifast, til þess að sæmilega væri séð fyrir þessum málum, en hitt vil ég fullyrða, að læknarnir eru of fáir.

Út frá þessu vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh., því ég vil gjarnan fá umr. um þetta og skýringar á því, hvers vegna ekki útskrifast fleiri læknar. Varla er það vegna þess, að það séu ekki fleiri Íslendingar hæfir til þess að nema læknisfræði en þeir, sem verða læknar, eða að það séu svo fáir af þeim, sem hæfir eru, sem vilja leggja þetta nám fyrir sig. Það hlýtur að vera eitthvað annað, sem hér kemur til greina. Það hljóta að vera einhverjir þröskuldar í læknadeildinni af einhverju tagi, sem þyrfti að vinna að því að lækka eða taka á brott. Eitt af því, sem manni kemur í huga, er þetta, sem hér er spurt um, en fsp. er á þessa lund:

„Skortir læknadeild Háskólans húsrými eða aðra aðstöðu til þess að útskrifa fleiri lækna en gert hefur verið undanfarin ár?"

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hér hefur hv. 1. þm. Austf. hreyft mjög mikilvægu máli. Hér er um að ræða mál, sem ég hef orðið var við á undanförnum árum og raunar ekki aðeins ég, heldur forvígismenn Háskólans og forvígismenn heilbrigðismála, að mjög alvarlegur þekkingarskortur ríkir um, ekki aðeins hjá öllum almenningi, heldur einnig hjá hv. alþm. Ríkjandi eru um þetta skoðanir, sem eiga ekki við minnstu rök að styðjast, og mönnum eru ekki ljósar mikilvægar staðreyndir í málinu. Og þetta kom greinilega fram í framsöguræðu hv. þm. fyrir fsp., þegar hann sagði m. a., að læknaskorturinn í dreifbýlinu, sem sannarlega er stóralvarlegt vandamál, ætti rót sína að rekja til þess, að það vantaði lækna, að hópurinn sem brautskráðist úr læknadeildinni væri of lítill, að það væri um að ræða óeðlilega þröskuldi á vegi læknanema í Háskólanum og þar fram eftir götunum. Þessar skoðanir, sem heyrast engan veginn í fyrsta skipti úr munni hv. þm., eru mjög algengar, og þess vegna er ástæða til þess að sinna þessari fsp. sérstaklega vandlega, og þess vegna hef ég gert ráðstafanir til þess, að ég geti í svari við þessari fsp. gefið hinu háa Alþingi ítarlega skýrslu um þetta mjög svo mikla og brýna vandamál. Það veldur því, að mál mitt verður eilítið lengra en ég venjulega kýs nú að hafa svör við fsp., en ég vona, að hæstv. forseti virði mér það til vorkunnar, vegna þess að ég tel, að hér sé um að ræða brýnt vandamál, og er feginn því, að athygli skuli hafa verið vakin á því, og tel alþm. og þjóðina alla eiga rétt á því að vita sannleikann um þetta mikla vandamál.

Í reglugerð Háskóla Íslands eru nú svofelld ákvæði um inntöku stúdenta til náms í læknadeild:

„Aðgang að fyrsta árs námi í læknadeild hafa þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi við íslenzkan menntaskóla eða öðru tilsvarandi prófi. Sé fjöldi stúdenta, sem stenzt fyrsta árs próf, meiri en svo, að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, getur deildin takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Jafnan skal þó a. m. k. 24 stúdentum veittur kostur á að halda áfram námi. Skal ákvörðunin hverju sinni tilkynnt fyrir upphaf hvers misseris, er prófið er haldið. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur fyrsta árs prófs eftir nánari ákvörðun deildarinnar. Þeir stúdentar, sem standast fyrsta árs próf, en eiga ekki kost á að halda áfram námi svo og þeir, sem standast ekki próf, mega endurtaka prófin næsta ár og keppa þá við nýstúdenta á jafnréttisgrundvelli."

Hér lýkur tilvitnun í reglugerð um læknadeild Háskólans. Framangreind ákvæði voru sett í júní 1970. Svo sem þau bera með sér, er aðgangur að námi í læknadeild Háskólans ekki takmarkaður, heldur hafa rétt til inngöngu allir þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi við íslenzkan menntaskóla eða öðru tilsvarandi prófi. Læknadeild er hins vegar heimilt að takmarka fjölda þeirra, sem veittur er kostur á að halda áfram námi í deildinni að loknu fyrsta árs prófi, við 24. Þessari heimild hefði í fyrsta sinn mátt beita á vori komanda, en læknadeild hefur fyrir nokkru ákveðið, að henni skuli ekki beitt að þessu sinni, og munu því allir stúdentar í læknadeild, sem standast fyrsta árs próf í vor, eiga kost á að halda áfram námi í deildinni. Áður en núgildandi reglugerðarákvæði komu til, var um stutt skeið heimild í reglugerðinni til þess að læknadeild gæti sett lágmarkseinkunnir á stúdentsprófi sem skilyrði

inntöku. En til þess kom aldrei, að þeirri heimild yrði beitt.

Í námi í læknadeild eru nú í vetur 278 stúdentar. Þar af innrituðust í deildina s. l. haust 73 stúdentar. Fjöldi kandídata, sem brautskráðst hafa úr læknadeild Háskóla Íslands undanfarin ár, er sem hér segir: 1960 14, 1961 24, 1962 26, 1963 18, 1964 19, 1965 16, 1966 12, 1967 16, 1968 19, 1969 21, 1970 16. Í janúar 1971 brautskráðust 8 kandídatar, og er gert ráð fyrir, að 18 ljúki prófi í vor, þannig að líklegt er, að tala brautskráðra kandídata á þessu ári verði samtals 26.

Samkv. upplýsingum, sem aflað hefur verið frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er fjöldi þeirra, sem lokið hafa læknisprófi frá háskólum í þessum löndum frá 1965, sem hér segir:

Danmörk: 1964—1965 246, 1965—1966 270, 1966—1967 298, 1967—1968 320, 1968—1969 320, 1969—1970 485.

Noregur: 1965 132, 1966 133, 1967 141, 1968 140, 1969 174, 1970 180. Þess skal getið, að allmargir norskir stúdentar fara utan til læknanáms og ljúka þar prófi, en til þess að öðlast lækningaleyfi í Noregi verða þeir að þreyta sérstakt viðbótarpróf. Þeir, sem slíku prófi hafa lokið, eru ekki taldir með í tölunum hér að framan, heldur þeir, sem háskólarnir í Noregi hafa brautskráð.

Svíþjóð: 1964—1965 339, 1965—1966 314, 1966—1967 390, 1967—1968 435, 1968—1969 634 og 1969—1970 412.

Finnland: 1965 216, 1966 266, 1967 198, 1968 251, 1969 319 og 1970 400. Auk þess hafa nokkrir finnskir stúdentar lokið læknisprófi erlendis.

Ef reiknaður er meðalfjöldi þeirra, sem lokið hafa læknisprófi frá háskólum í þessum fjórum löndum á ári hverju þau ár, sem framangreindar tölur taka til, verður hann sem hér segir: Danmörk 323 á ári, Noregur 150, Svíþjóð 421 og Finnland 275. Meðalfjöldi brautskráðra læknakandídata á ári frá Háskóla Íslands sömu ár er 16.7, tæplega 17. Er það hlutfallslega talsvert hærri tala en í hinum löndunum fjórum, ef miðað er við fólksfjölda. Séu íbúatölur landanna 1969 lagðar til grundvallar, mundi brautskráningartala hér frá Háskóla Íslands, talan 16.7 svara til 400.8 í Danmörku, en talan er 323. Íslenzka talan svarar til 317.3 í Noregi, en hún er 150. Íslenzka talan mundi svara til 651.3 í Svíþjóð, en hún er 420.7, og íslenzka talan mundi svara til tölunnar 387 í Finnlandi, en hún er 275.

Af þessum tölum er augljóst, að Háskóli Íslands brautskráir hlutfallslega miklu fleiri læknakandídata á ári miðað við fólksfjölda en háskólarnir í hinum fjórum Norðurlöndunum.

Í áætlunum læknadeildar í sambandi við undirbúning reglugerðarákvæða um nýja námsskipan í deildinni, sem tók gildi haustið 1970, var læknaþörf á Íslandi metin þannig, að áætlað var, að brautskrá þyrfti 20—25 lækna á ári hverju. En eins og áður var getið, munu væntanlega brautskrást 26 læknakandídatar á þessu ári. Menntmrn. leitaði umsagnar heilbr.- og félmrn. um þessa áætlun. Það rn. fól dr. Kjartani Jóhannssyni að gera athugun á læknaþörf hérlendis á árabilinu 1974—1988.

Dr. Kjartan reisti álitsgerð sína á spá um mannfjölda 1978 og 1988 og miðaði við þrjá mismunandi kosti um fjölda íbúa á hvern lækni, a) einn lækni á 500 íbúa, b) einn lækni á 600 íbúa og c) einn lækni á 700 íbúa. Samkv. mannfjöldaspánni þyrfti fjöldi lækna árið 1978 að vera 460, ef miðað væri við einn lækni á hverja 500 íbúa, 390, ef miðað væri við einn lækni á hverja 600 íbúa, en 330, ef miðað væri við einn lækni á 700 íbúa. Árið 1988 væru hliðstæðar tölur 530, 440 og 380. Til samanburðar er bent á, að árið 1969 töldust hér á landi 729 íbúar á hvern lækni, sem hér var búsettur og hafði lækningaleyfi. Séu kandídatar taldir til lækna, svo sem tíðkast mun víða erlendis, fæst hlutfallið einn læknir á hverja 577 íbúa. Í Svíþjóð er hlutfallið 910 íbúar á lækni og í Sviss 710 íbúar á lækni. Í skýrslu dr. Kjartans Jóhannssonar er tekið fram, að samkv. reynslu undanfarinna ára séu um 25% læknislærðra manna við nám og störf erlendis. Sé gert ráð fyrir, að þetta hlutfall haldist óbreytt, mundi fjöldi læknislærðra manna árið 1978 þurfa að vera 610 miðað við einn lækni á 500 íbúa, 520 miðað við einn lækni á 600 íbúa og 440 miðað við einn lækni á 700 íbúa. Hliðstæðar tölur fyrir árið 1988 væru 710, 590 og 510.

Niðurstöður dr. Kjartans eru þessar. Nú les ég orðrétt:

„Ef einn læknir er á hverja 700 íbúa, mundi um 50 læknum ofaukið árið 1978, og útskrifa þyrfti einungis 10 á ári áratuginn þar á eftir. Þetta hlutfall íbúa á lækni er þó mun hærra en nú er hér á landi, og er sú þróun ólíkleg, enda öfug við þróun undanfarinna ára. Sé litið á hina kostina, er niðurstaða læknisfræðinnar þessi: Árin 1974—1978 þarf að útskrifa samtals 30—120 lækna, eftir því hvort læknum á íbúa fjölgar, ef hlutfallið helzt nokkurn veginn óbreytt frá því, sem nú er. Í mesta lagi þarf að útskrifa 24 lækna á ári þessi ár, og er þá gert ráð fyrir, að einn læknir sé á hverja 500 íbúa. Er það um 13% aukning læknafjölda á íbúa frá því, sem nú er. Áratuginn 1979—1988 þarf samkv. þessu að útskrifa 18—30 lækna á ári, eftir því hvernig læknafjölda á íbúa verður háttað. Það er gert ráð fyrir, að fjórðungur lækna sé erlendis á hverjum tíma, og einn læknir á hverja 500 íbúa er mun meiri þéttleiki en hjá nágrannaþjóðum okkar. Verður að telja, að hér sé um algjört hámark á útskrifunarþörf að ræða. Væri t. d. gert ráð fyrir, að 20% en ekki 25% læknislærðra á hverjum tíma væru erlendis og einn læknir væri á hverja 500 íbúa, mundi þurfa að útskrifa 85 lækna á árunum 1974—1978, eða 17 á ári, og 25 á ári áratuginn 1979 til 1988. Áætlun læknadeildar um 20—25 útskrifaða lækna á ári er því innan þeirra marka, sem vænta má, að eðlileg þróun geti borið í skauti sér. Efra mark hennar mun þó frekar í hærra lagi en hitt."

Hér lýkur tilvitnun í álitsgerð dr. Kjartans Jóhannssonar. Heilbr.- og trmrn. hefur í bréfi til menntmrn. tjáð sig samþykkt niðurstöðum dr. Kjartans.

Af því, sem hér hefur verið sagt, verða tvö meginatriði ljós. Í fyrsta lagi, að fjöldi þeirra, sem fengið hafa aðgang að námi í læknadeild Háskóla Íslands, hefur ekki verið takmarkaður, og í öðru lagi, að tala brautskráðra lækna frá Háskóla Íslands undanfarin ár er í góðu samræmi við eðlilega læknaþörf og hlutfallslega sízt lægri, heldur þvert á móti mun hærri en með grannþjóðum okkar á Norðurlöndum. Hið alvarlega vandamál, sem læknaskortur dreifbýlisins er, á því ekki rót sína að rekja til læknafæðar, enda hafa aðrar ná-

grannaþjóðir sömu sögu að segja af læknaskorti í dreifbýli. En um læknaskortinn í dreifbýlinu og orsakir hans skal ég ekki ræða hér, því að um það efni fjallar fsp. ekki, heldur eingöngu um það, hver sé tala brautskráðra lækna.

Ég hef mínar skoðanir á því, hver sé skýringin á læknaskortinum í dreifbýlinu, og geri mér fullkomlega ljósa nauðsyn á því að ráða bót á honum með sem rækilegustum og sem myndarlegustum hætti, en þessi skýrsla ætti að taka af öll tvímæli um það, að engin trygging er fyrir því, að fjöldi brautskráðra lækna mundi leysa þann vanda, sem skorturinn í dreifbýlinu er, enda sýna þessar tölur ótvírætt, að það er ekki hægt að rekja læknaskortinn í dreifbýlinu til þess, að Háskóli Íslands hafi ekki staðið í sínu stykki og ekki brautskráð nógu marga lækna. Það eru aðrar ráðstafanir, sem þarf að grípa til í þessum efnum, og það leiði ég hjá mér í þessum fsp.-tíma.

Á hinn bóginn skal tekið fram, að húsnæðisþrengsli valda nú sem stendur nokkrum erfiðleikum á framkvæmd læknakennslunnar, en með bættri skipulagningu á sambandi læknadeildar við Landsspítalann og önnur sjúkrahús í Reykjavík má gera sér vonir um betri nýtingu á þeirri aðstöðu, sem fyrir hendi er. Jafnframt er unnið kappsamlega að undirbúningi fyrirhugaðra byggingarframkvæmda, og er nú lokið frumhönnun framtíðarhúsnæðis læknadeildar. Hefur hún verið framkvæmd af húsameistara ríkisins og brezkum sérfræðingi. Frumniðurstöður hins síðarnefnda eru nú að berast til landsins, en endanlegar niðurstöður munu liggja fyrir um mitt sumar. Byggingar þær, sem áformaðar eru, er ætlunin að reisa sunnan Hringbrautar á hinni nýfengnu lóð Landsspítalans. Í áætluninni er á þessu stigi gert ráð fyrir, að í hverjum árgangi verði 30—40 stúdentar, þegar fram kemur í námið. Í framkvæmdaáætlun Háskólans fyrir árið 1971, yfirstandandi ár, sem háskólaráð hefur fyrir nokkru samþ. fyrir sitt leyti, er gert ráð fyrir, að 2 millj. kr. skuli varið á þessu ári til að greiða kostnaðarhluta Háskólans í undirbúningi þessara framkvæmda. En gert er ráð fyrir byggingu hins nýja læknadeildarhúss í framkvæmdaáætlun Háskólans fyrir næstu ár.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar, sem hann gaf, en því miður get ég ekki að sama skapi verið þakklátur fyrir ályktanirnar, sem hann dró. Þeim er ég alveg ósammála. Mér finnst það mikill ljóður á ráði hæstv. ráðh., að hann skuli vera sannfærður um það nú þegar, að það séu útskrifaðir nægilega margir læknar. En það er náttúrlega atriði, sem menn geta haft mismunandi skoðanir um. Hann minntist á, að gert hefði verið álit um læknaþörfina á Íslandi, og það mun vera rekstrarhagfræðingur, dr. Kjartan Jóhannsson, sem hefur gert þessa skýrslu, sem hæstv. ráðh. las upp. Þar virðist talsvert mikið byggt á því, hve margir læknar séu útskrifaðir í nálægum löndum og miðað við fólksfjölda þar og svo hvernig ástatt er hér í þessu tilliti. En ég fullyrði, að þetta er ekki á nokkurn hátt sambærilegt. Við þurfum miklu fleiri lækna miðað við íbúa en þeir í nágrannalöndunum af þeirri einföldu ástæðu, að okkar læknar nýtast ekki nándar nærri eins mörgu fólki hver og þar á sér stað. Þetta munar svo miklu, að ég geri ekki ráð fyrir því, að þeir, sem hafa haft þessi mál með höndum, hafi gert sér grein fyrir því, hversu munurinn er stórkostlegur, og ég vildi leyfa mér að fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann láti þessi mál í skoðun og þá skoðun hafi með höndum ekki aðeins einn maður, hversu góður sem hann er, og ekki aðeins læknar, heldur einnig aðrir menn, sem þekkja til annarra hliða þessara mála. T. d. yrði í því sambandi gaumgæfilega skoðað, hvernig spítalalæknar notast hér samanborið við það, sem gerist á Norðurlöndum. Ég hef hugmynd um, að spítalalæknar notist hér miklum mun verr, enda er það ekkert einkennilegt, þegar okkar spítalar eru litlir, en þeir hafa stóra spítala samanborið við okkar aðstæður. Einnig að sérfræðingar í hinum vandasömustu greinum hér hljóti að nýtast miklu verr en nokkurs staðar annars staðar. Það eru einmitt þessi atriði, sem valda því, að ég tel, að menn sjái þessi mál hér í algjörlega röngu ljósi. Útkoman er sú, að þótt leitað sé með logandi ljósi og í boði séu einhverjar hæstu tekjur á Íslandi, þá er ekki hægt að fá menn til að taka að sér héraðslæknisstörfin.

Getur nokkur maður með heilbrigða skynsemi haldið því fram, að þegar svona er ástatt áratug eftir áratug, þá sé nóg af læknum? Það er ekki hægt að benda á neina lækna, sem ekki geta skapað sér aðstöðu, sem þeir meta meira en þessa, sem þarna er hægt að fá. Það er óhugsandi, að það geti verið nægilega mikið af læknum til. Ég skora þess vegna á hæstv. ráðh., að hann láti skoða þessi mál, setja við skulum segja þrjá eða fimm menn, sem hafa mismunandi sjónarmið í þessu, til þess að bera saman bækur sínar.

Að lokum vil ég svo þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann upplýsti, að ætlunin væri að bæta á næstunni úr húsnæðisskorti læknadeildarinnar, þannig að það ætti ekki að standa á húsnæði. En áætlanir um læknaþörf Íslands þarf alveg tvímælalaust að endurskoða, og það er áreiðanlega ekki hægt að sannfæra nokkurn mann, sem stendur í því að reyna að útvega héraðslækna í dreifbýlið, um að það sé til nóg af læknum. Það er alveg útilokað, að hægt sé að sannfæra nokkurn mann um það, sem í því stendur ár út og ár inn, og skilyrðin eins og alþekkt er. Auðvitað þarf ekki að bæta þau á ýmsum stöðum. Það hljóta að vera í þessu einhverjir faktorar, sem ekki hafa verið teknir nægilega til greina, og ég vil enn endurnýja þetta við hæstv. ráðh., að hann láti skoða þessi mál betur og fleiri komi til.

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Það er ástæða til þess að fara viðurkenningarorðum um þessa skýrslu Kjartans Jóhannssonar, sem hæstv. menntmrh. flutti hér. Hún var vel flutt, eins og von og vísa var, og eflaust byggð á allgrundvölluðum athugunum. En þó held ég, að það sé nú dálítið vafasamt, eins og hv. 1. þm. Austf. tók fram, að vitna sýknt og heilagt í nágrannalönd í þessu sambandi. Ég skal passa mig á því að fara ekki að tala allt of mikið um læknaskortinn úti á landinu, þó að hann liggi okkur mjög á hjarta, sem við hann eigum að búa, en ég vildi í sambandi við fsp. aðeins rifja upp gamla kennisetningu, sem hæstv. menntmrh. sem stjórnmálamaður, er aðhyllist borgaralega hagfræði, ætti að kannast við. Og það er lögmálið um framboð og

eftirspurn. Eftir því sem fleiri læknar eru í framboði, þeim mun betra ætti að verða að fylla þau héraðslæknasæti og þjónustulæknasæti, sem eru auð.

Ég fékk ekki annað skilið af ræðu hæstv. ráðh. eða af hans svari en að hemlarnir væru enn þá fyrir í læknadeildinni, og hann taldi það upp í tölul. 2, að deildin gæti takmarkað fjölda námsmanna, ef svo bæri undir, ef fjöldinn færi fram úr því, sem deildin teldi sig ráða við. En þá kemur spurningin: Ber hinni þjóðfélagslegu nauðsyn á öllum tímum saman við þær aðstæður, sem deildin telur sig ráða við? Ég vil undirstrika það, að ég trúi því, að það sé fullur þingvilji fyrir því, að það verði sem bezt og sem fljótast bætt úr aðstöðu læknadeildarinnar.

En það var líka eitt, sem ég hjó eftir í ræðu hæstv. ráðh. Það kann að vera óviðkunnanlegt að vera að höggva eftir aukasetningum. En það var, þegar hann sagði: „Þar sem kandídatar eru taldir til lækna, eins og viðgengst víða erlendis.“ Ég vil undirstrika það, að það viðgengst líka hérlendis, því að það eru til héruð, sem ár eftir ár hafa ekki fengið annað en kandídata, sem hafa komið frá hinu bóklega námsborði og reynslutíma spítalanna út í héruðin fullir af góðum vilja, en reynslulausir, skort þá reynslu, sem einn héraðslæknir þarf að hafa, þegar hann á að standa einn og ábyrgur í lífinu frammi fyrir öðrum. Menn hafa líka rekið sig á það, og það hef ég heyrt forráðamenn læknastéttar og læknamála viðurkenna, að í sjálfu læknanáminu við Háskólann væri of mikið ýtt undir sjálft sérnámið, sem á eftir kæmi, en ekki nægjanlega mikil áherzla lögð á hinar almennu heimilislækningar, sem eru þó hin daglega þjónusta við borgara landsins.

Ég skal ekki hafa þessi orð hér fleiri. En til þess að fara ekki of mikið út í það, sem málið fjallar ekki um, vildi ég aðeins segja. Fleiri læknar hljóta samkv. þeim lögmálum, sem við þekkjum úr mannlífinu, að þýða, að betur gangi að fylla þær læknastöður, sem eru mannlausar í dag, og læknadeildin þarf á hverjum tíma að hafa hliðsjón af tvennu að mínum dómi: því bezta, sem þekkist í vísindum læknislistarinnar, og einnig hinu þjóðfélagslega ástandi, sem ríkir í landinu. Það er ekki nóg að draga dám af nágrannaþjóðum í þessum efnum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér er alveg ljóst, að hér er um mjög mikilvægt og afar vandmeðfarið mál að ræða, og ég skal því gjárnan verða við tilmælum hv. 1. þm. Austf. um að láta skoða nánar þær upplýsingar, sem ég gerði hér grein fyrir, og þau miklu gögn, sem fyrir hendi eru í menntmrn. og Háskólanum um þetta mál, og skal með ánægju lýsa því yfir, að ég skal hafa samráð við hann. Og ef forustumenn annarra stjórnarandstöðuflokka óska eftir aðild að þeirri athugun, þá er sjálfsagt að veita hana, og ég mundi kveðja til hennar auk embættismanna í menntmrn., sem gerþekkja málið, fulltrúa frá Háskólanum og fulltrúa frá heilbr.- og trmrn., sem einnig hafa grandskoðað málið.

Um mörg undanfarin ár hefur einmitt þetta vandamál verið skoðað, að því er ég tel, af fyllstu samvizkusemi. Og meginniðurstaðan er sú, sem ég gat um áðan, að aðstaða læknadeildarinnar til þess að brautskrá stúdenta sé nú nægileg. En ég geri mér alveg ljóst, og hv. 1. þm. Austf. fer þar með engar ýkjur, að læknavandamáli dreifbýlisins verður ekki lýst með nógu sterkum orðum. En það, sem menn hefur greint á um, er það, hvernig á því vandamáli eigi að taka. Það er áratuga gamalt hér á hinu háa Alþingi, áratuga gamalt. Löngu áður en talað er um nokkurt vandamál í sambandi við læknadeildina, þá er þetta vandamál fyrir hendi og hefur aldrei tekizt að finna á því viðunandi lausn, því að ég kalla ekki ástandið í læknamálum dreifbýlisins viðunandi, því fer víðs fjarri. En sérstaklega nákvæmlega lét ég athuga þetta mál um læknaþörfina og getu læknadeildarinnar til þess að brautskrá stúdenta, þegar hin nýja reglugerð um læknanámið var sett núna fyrir rúmu ári. Og niðurstaðan varð sú, að læknaþörfin væri á næstu árum eins og ég gat um áðan í skýrslunni, niðurstöður hennar voru 20—25. Þegar læknadeildin óskaði eftir heimild til þess að takmarka fjölda þeirra, sem héldu áfram læknanámi eftir fyrsta ár, eftir að hún hafði fallizt á það sjónarmið mitt að takmarka ekki inngöngu til fyrsta árs námsins, þá setti ég það skilyrði, að ekki mætti takmarka fjölda þeirra, sem héldu áfram, við lægri tölu en 24, til þess að hún væri í hærri kantinum af þeirri áætlun, sem í gildi var, 20—25 læknar á ári næstu árin, og um þetta var fullkomið samkomulag á sínum tíma. Við þetta bætist svo, að læknadeildin notaði ekki þessa heimild núna á þessum vetri mér persónulega til mikillar ánægju, svo að búast má við því, eins og ég gat um raunar áðan og skal ekki endurtaka hér, að þeir læknar, sem brautskrást á allra næstu árum, verði mun fleiri en þessi áætlun, sem gerð er að beztu manna yfirsýn, hefur leitt í ljós, að eðlileg þörf væri fyrir.

Ég skal fyllilega viðurkenna, að verið gæti, að önnur sjónarmið þyrftu að ríkja í landi, þar sem byggð er háttað eins og hér á Íslandi, en á sér stað t. d. í öðrum nálægum löndum, þó að ég sjái nú ekki betur en að aðstæður séu mjög svipaðar hér og t. d. í Norður-Noregi og Norður-Svíþjóð. Eins má vel vera, að það sé nokkuð til í því, sem hv. þm. sagði, að kostur spítalalækna nýtist hér með öðrum hætti vegna smæðar spítalanna en á sér stað í nálægum löndum. Þessi atriði tel ég sem sagt sjálfsagt, að athuguð séu nánar og ekkert nema gott geti af því hlotizt, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar hér á hinu háa Alþingi, sem ekki eiga aðgang að jafnítarlegum skjölum í stjórnarráðinu og við eigum, þeir fái aðgang að þeim öllum og skoði þau og fái aðstöðu til þess að ræða þau við þá menn, sem við, sem í stjórninni sitjum, byggjum okkar skoðanir á í þessum málum. Ég held, að nánari skoðun og umr. geti ekki gert nema gott, og þess vegna er ég fús til þess að efna til þeirra.

Að því er orð hv. þm. Kristjáns Ingólfssonar snertir, vildi ég aðeins bæta við örfáum setningum. Ég teldi vafasamt að byggja brautskráningu lækna úr háskóla á þeim gamalkunnu hagfræðilögmálum um framboð og eftirspurn, vegna þess að ég er ekki viss um, að það hefði góð áhrif á menntun læknastéttarinnar og þá þjónustu, sem henni er ætlað að veita og nauðsynlegt er, að hún veiti þeim, sem þurfa á þjónustu hennar að halda. Hann sagðist telja, að hemlarnir væru enn í gildi í deildinni. Þeir eru eins og ég gerði grein fyrir, reglugerðin hljóðar þannig, að læknadeildin má takmarka tölu þeirra, sem halda áfram námi, við 24, en hún hefur ekki gert það, þannig að til þessarar stundar hefur aldrei komið til neinnar takmörkunar á inngöngu hvorki á fyrsta ári í læknadeildinni né heldur í fram-

haldsnámi. Hvort svo verður í framtíðinni, skal ég ekkert um segja. Það er undir mati deildarinnar komið. En til þessarar stundar hefur engum, sem hefur viljað stunda læknisnám eða halda áfram læknisnámi, verið meinað að gera það, og það er mergurinn málsins. Hitt er rétt, sem hv. þm. Kristján Ingólfsson sagði, að eftir gömlu reglugerðinni mátti með sanni segja, að það væri með óeðlilegum hætti ýtt undir það, að læknar byggju sig undir það að verða sérfræðingar, og óeðlilega margir læknar hafa orðið að mínu viti sérfræðingar hér á landi, en óeðlilega fáir tekið að sér að stunda svo kallaðar almennar heimilislækningar. Ég tel eiginlega eina af mikilvægustu breytingunum, sem gerðar voru á læknanáminu fyrir ári, þar sem allt læknanámið var endurskipulagt frá grunni og gert miklu fastara í skorðum en það hefur verið hingað til, árlegur námstími lengdur, en námsárum fækkað, þá tel ég, að til viðbótar þeirri skipulagsbreytingu, sem gerð var á náminu, þá hafi það verið stærsta framfarasporið, að tekin var upp sérstök kennsla einmitt í heimilislækningum, sem hingað til hefur á skort. Í gildandi reglugerð eru skýr ákvæði um víðtæka kennslu í heimilislækningum, sem á að gera mönnum kleift að verða heimilislæknar með hliðstæðri starfsaðstöðu og réttindum og sérfræðingarnir hafa nú. Þetta tel ég vera eitt mesta framfarasporið, sem stigið var með hinni nýju læknadeildarreglugerð.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða sérstaklega um þá fsp., sem hér liggur fyrir, en vænti þess, að forseti gefi mér leyfi til að beina fsp. til hæstv. menntmrh. um efni, sem er þessu máli skylt. Það er kannske ofmælt hjá mér að segja, að ég beri þessa fsp. fram að áeggjan heilbrmrh., en ég geri það a. m. k. með fullri vitund hans og vilja að geta hennar hér í sambandi við þetta mál.

Fyrr í vetur hefur nokkrum sinnum verið rætt um það, að mikill skortur væri á hjúkrunarfólki og hjúkrunarkonum á spítölunum og þess vegna væri svo komið t. d. hér við Landsspítalann, að það væri ekki hægt að fullnýta margar deildir þar, og þó væri hjúkrunarkvennaskorturinn enn þá tilfinnanlegri úti um land. Í þessum umr., sem hér hafa farið fram, hefur hæstv. heilbrmrh. upplýst, að það væri nóg pláss, nóg húsrými við Hjúkrunarkvennaskólann, fjárveitingin til hans væri nægileg og það væri ekki heldur skortur á hæfum kennurum til að kenna þar. En samt er ástandið þannig við skólann, að hann útskrifar ekki, eða það er ekki líklegt, að hann útskrifi á næstunni nema um 60 nemendur, en hefur þó pláss fyrir 90 nemendur. Og það er að allra dómi meginorsökin til hjúkrunarkvennaskortsins, að Hjúkrunarkvennaskólinn er ekki fullnýttur. Nú mun þetta vera þannig, en kannske hafa ekki allir þm. gert sér það ljóst, að Hjúkrunarkvennaskólinn heyrir ekki undir heilbrmrh., heldur undir menntmrh. Og í framhaldi af því vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvaða ráðstafanir hann hafi undirbúið og ætli að framkvæma til þess að tryggja það, að Hjúkrunarkvennaskólinn verði fullnýttur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ef ég hefði vitað, að hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, mundi bera þessa fsp. fram, þá hefði mér verið innan handar að svara henni miklu ítarlegar en ég treysti mér til að gera alveg óundirbúið, og skýringin á því er sú, að á skrifborðinu í menntmrn. liggur mjög ítarleg skýrsla frá landlækni, sem er formaður skólanefndar Hjúkrunarskólans, um þetta vandamál allt, og ég treysti mér ekki til þess að endursegja efni hennar án þess að hafa hana fyrir framan mig, en í henni er fjallað um þetta vandamál, sem vissulega er mjög alvarlegt og krefst sérstakra ráðstafana. En á þessu stigi held ég, að rétt sé, að ég segi alveg hreinskilnislega, í hverju sá vandi, sem þarna er um að ræða, er fólginn að mínu viti, — og skal þar engan annan gera ábyrgan fyrir þeim orðum mínum, — en hann er persónulegs eðlis, hann lýtur að stjórnunarvandamálum í Hjúkrunarskólanum, og slík vandamál eru ekki auðveldari úrlausnar en t. d. fjárhagsmál eða byggingarmál, nema það öfuga eigi sér stað. Ég sé enga ástæðu til þess að láta umr. fara fram um þetta mál hér á hinu háa Alþingi fund eftir fund og á öðrum vettvangi án þess að segja sannleikann um málið, og hann er þessi. En að því mun verða unnið af velvilja að fá lausn á því máli. Sú lausn getur ekki komið til framkvæmda, hver svo sem hún kann að verða, — ég hef enga lausn á málinu fundið enn og finn hana að sjálfsögðu ekki nema að undangengnum mjög ítarlegum umræðum í stjórnarnefnd Hjúkrunarskólans, við skólastjóra hans og kennara, ekki síst kennara skólans, en kennaraskorturinn er það, sem fyrst og fremst hefur háð honum að undanförnu, nú á þessum vetri, en ekki húsnæðisskortur eða fjárveitingar. En þær viðræður mun ég leggja mig fram um að eiga strax og þingönnum lýkur. Ég geri mér grein fyrir því, að málið mun taka mikinn tíma og mun verða mjög torleyst, en ég og mínir embættismenn ásamt stjórnarnefndinni munum gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að finna farsæla lausn á því stjórnunarvandamáli, sem hér er um að ræða og er meginorsök þess, að Hjúkrunarskólinn er ekki fullskipaður.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svar hans. Ég get vel skilið það, að hann gat ekki gefið öllu ítarlegra svar að þessu sinni. Í raun og veru fannst mér hann nú gefa sama svarið og hæstv. heilbrmrh. var búinn að gefa hér áður og fólst í þeim orðum hans, að vandinn í þessu máli væri að finna vandann. Mér sýndist það, að hæstv. menntmrh. væri heldur ekki búinn að finna vandann fullkomlega fremur en hæstv. heilbrmrh. En frá leikmannssjónarmiði og samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hafa hér flutt og sérstaklega hæstv. heilbrmrh., þá finnst mér, að vandinn liggi nokkurn veginn í augum uppi og það ætti að vera tiltölulega auðvelt að fást við hann. Það er upplýst, að það er miklu meira en nóg húsnæði við Hjúkrunarkvennaskólann. Það er upplýst, að það er nóg fjárveiting til Hjúkrunarkvennaskólans til þess, að hann sé fullnýttur. Það er upplýst, að það er nóg af hæfum kennurum til þess að kenna við skólann. Og þegar menn eru nú búnir að fá allar þessar upplýsingar, þá held ég, að það hljóti að vera tiltölulega auðvelt að leysa þetta mál. Að lokum vildi ég svo leggja áherzlu á, að það er mjög mikilvægt, að þetta mál sé leyst sem fyrst, en ekki dregið, vegna þess að þetta er ein meginorsökin í hinum mikla hjúkrunarkvennaskorti, sem ekki aðeins veldur því, að ýmsar spítaladeildir hér í

Reykjavík eru vannýttar, heldur líka því, sem er ekki síður alvarlegt, að það er mjög erfitt að reka marga spítala úti um land, vegna þess að þar vantar hjúkrunarfólk, jafnvel enn tilfinnanlegar en lækna.

66. Störf íslenzkra starfsmanna í Kaupmannahöfn.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um störf íslenzkra starfsmanna í Kaupmannahöfn [239. mál, 7] (A. 454).

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svofelldar fsp.:

„Hvernig er háttað samstarfi sendiráðs Íslands, íslenzka prestsins og fulltrúa tryggingaráðuneytisins í Kaupmannahöfn, og hver er verkaskipting milli þeirra?

Hver er árlegur kostnaður af starfsemi hins sérstaka fulltrúa tryggingaráðuneytisins annars vegar og íslenzka prestsins hins vegar?"

Ástæðurnar til þess, að ég ber fram þessar fsp., eru í stuttu máli þessar. Fyrir nokkrum árum var tekinn upp sá háttur að ráða til starfa í Kaupmannahöfn íslenzkan prest. Þótti mörgum það að vísu nokkuð undarleg ráðstöfun, að þjóðkirkjan íslenzka færi að stunda trúboð í borginni við sundið, enda kom það í ljós mjög fljótlega, að það var erfitt að finna verkefni fyrir þennan ágæta prest. Þá var tekinn upp sá háttur að fela honum að annast ýmiss konar fyrirgreiðslu fyrir Íslendinga, íslenzka sjúklinga og aðra, sem þurftu að fara til Kaupmannahafnar, sérstaklega í sambandi við sjúkrahúsvist, og fóru sögur af því, að presturinn hefði rækt það starf af mikilli prýði. Hins vegar er þetta verkefni, sem að öllu eðlilegu ætti að eiga heima í eðlilegum störfum sendiráðs, og það þyrfti að ráða sérstaklega menntað fólk til slíkra starfa, enda fór það einnig svo, að presturinn í Kaupmannahöfn var ráðinn til starfa í sendiráðinu og vann þar að ýmsum fleiri verkefnum en þessari fyrirgreiðslu við sjúkt fólk. Síðan kom að því, að það var ákveðið hér á þingi að leggja þetta embætti niður. Það voru samþykkt hér sparnaðarfjárlög, eins og menn kunna að muna, og einn liður í þeim var að fella niður þetta prestsembætti. En í sama mund og sú ákvörðun kom til framkvæmda, þá bárust af því fréttir, að annað rn. en fjmrn., þ. e. trmrn., hefði ráðið í sína þjónustu Íslending í Kaupmannahöfn til þess að rækja þessi störf, sem presturinn hafði haft með höndum. Ekki var þessi ráðstöfun þó neitt borin undir Alþ. og ekki greint frá henni opinberlega, fyrr en farið var að spyrjast fyrir um hana í blöðum. Nú hefur það svo enn gerzt, að Alþ. hefur ákveðið á nýjan leik, að prestur skuli taka upp störf í Kaupmannahöfn og að hann skuli fara m. a. í þau verkefni, sem presturinn hafði áður, að sinna þessari fyrirgreiðslu í þágu sjúkra Íslendinga. Menn hefðu þá getað búizt við því, að þessi sérstaki fulltrúi trmrn. mundi hætta störfum, en það hefur ekki gerzt, þannig að þarna eru nú tveir íslenzkir embættismenn í verkefni, sem ekki var talin ástæða til, að neinn íslenzkur embættismaður rækti fyrir nokkrum árum, og á því er ekki gefin nein skýring, hvernig á þessari útþenslu stendur. Þarna virðist vera að verki eitt af hinum alkunnu lögmálum Parkinsons um útþenslu skrifinnskunnar, og ég hef sem sé borið fram þessar fsp. til þess að fá á þessu nánari skýringar frá hæstv. ríkisstj.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það er spurt um, hvernig háttað sé samstarfi sendiráðs Íslands og íslenzka prestsins í Kaupmannahöfn, og enn fremur er spurt um kostnað af starfsemi hans. Eins og hv. þm. er að sjálfsögðu í fersku minni, er í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og kristnisjóð, sem samþ. voru á s. l. ári, heimilað að ráða prestvígðan mann til kirkjulegra starfa með Íslendingum í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum, eftir því sem við verður komið, eins og segir í 9. gr. þessara laga. Þessari starfsemi hafði, eins og hv. fyrirspyrjandi reyndar vék að í sinni ræðu, verið haldið uppi áður um sex ára bil og lengst af á grundvelli fjárveitinga á fjárlögum, en einnig um skeið á grundvelli almennrar fjársöfnunar, þegar fjárveitingin hafði fallið niður. Eins og fram hefur komið í umr. um starfið í þessu sambandi, hefur auk þess kirkjulega starfs, sem presturinn hefur með höndum, höfuðþáttur starfsins verið heimsóknir til og aðstoð við íslenzka sjúklinga við komu þeirra, dvöl og brottför af sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn, og sá þáttur starfsins hefur óefað tekið mestan tíma af öllum störfum prestsins. Frá s. l. hausti fólu forsetar Alþingis með samþykki kirkjumálaráðherra prestinum umsjá húss Jóns Sigurðssonar, og presturinn hefur þar aðsetur og jafnframt starfsaðstöðu vegna hins almenna starfs síns. Presturinn hefur sjálfsagt óhjákvæmilega vegna starfa sinna töluverð tengsl við sendiráð Íslands, þar sem vandamál margra Íslendinga, sem dvöl eiga í Danmörku, geta orðið úrlausnarefni beggja þessara aðila.

Um kostnað af prestsembættinu skal ég gefa þessar upplýsingar: Laun prestsins hafa verið 4220 d. kr. á mánuði, en s. l. ár, árið 1970, nam kostnaður prestsstarfsins í Kaupmannahöfn, laun og útlagður embættiskostnaður, 676 265 ísl. kr.

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hef um starfið að gefa, og ég vonast til þess, að hv. fyrirspyrjandi telji þær fullnægjandi af minni hálfu.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þeim hluta þessarar fsp., sem heyrir undir mitt rn., vildi ég mega svara á eftirfarandi hátt. Það, sem snýr að heilbr.- og trmrn. í þessari spurningu, er annars vegar, hvernig starfi fulltrúa heilbr.- og trmrn. í Kaupmannahöfn hefur verið varið, hverja samvinnu hann hefur haft við íslenzka sendiráðið og hvaða störf

hann vinnur þar. Hins vegar, hvaða kostnað rn. hefur haft af þessu.

Til þess að rekja gang þessa máls stuttlega og rifja upp fyrir þm. og öðrum þeim, er sýnt hafa þessum málum áhuga, hvað gerzt hefur, þá er frá því að segja, að sumarið 1969 lét ég sem þáv. félmrh. fara fram könnun á því að gefnu tilefni, hve mikil þörf væri fyrir opinbera aðstoð við Íslendinga, sem þurfa að leita læknishjálpar eða sjúkrahúsvistar í Kaupmannahöfn, auk þeirrar hjálpar, sem þá var veitt af prestinum þar. Könnuninni var fyrst og fremst beint að því að athuga, hvort æskilegt væri að koma á fót heimili eða annarri aðstoð í Kaupmannahöfn fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. En eins og kunnugt er, þá þurfa margir sjúklingar enn þá að leita til Kaupmannahafnar og eru þá jafnan aðstandendur í för með þeim að ósk læknanna sjálfra. Slíkar till. um þessi efni hafa oft áður verið hafðar uppi, m. a. af forstjóra elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, og slíkt heimili var áður beinlínis starfrækt af hjónunum Steinunni Ólafsdóttur — (Gripið fram í.) Ég er nú dálítið hás, en ég skal reyna að skerpa röddina. Það var áður beinlínis starfrækt af hjónunum Steinunni Ólafsdóttur og Þórði Jónssyni í Nörre-Frihavnsgade 31 í Kaupmannahöfn. Þessa könnun fól félmrh. Gísla Friðbjarnarsyni, sem þá dvaldist í Kaupmannahöfn annarra erinda. Fyrrgreind athugun leiddi það í ljós, að mikil þörf væri á því fyrir þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, sjúklinga og aðstandendur þeirra, að komið yrði upp gistiaðstöðu í einhverju formi fyrir þá, áður en þeir færu á sjúkrahús, og eins eftir að þeir kæmu af sjúkrahúsi, svo og ekki sízt fyrir aðstandendur þeirra, meðan þeir þyrftu að dveljast í Kaupmannahöfn, sem oft er svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir. Í ársbyrjun 1970, þegar þáv. prestur þar réðst til annarra starfa um stundarsakir hér heima og óvíst var um framhald prestsstarfa í Kaupmannahöfn, tók heilbr.- og trmrn. þá ákvörðun að ráða Gísla Friðbjarnarson til þess að annast þjónustu á sínum vegum í Kaupmannahöfn, m. a. með það fyrir augum að koma upp gistiaðstöðu fyrir sjúklinga eftir dvöl þeirra á sjúkrahúsum og fyrir aðstandendur þeirra, er þeim fylgja.

Á s. l. ári gerðist það síðan, að prestsstarfið í Kaupmannahöfn var lögfest, en rn. taldi samt eftir eftirgrennslan, að það undirbúningsstarf, sem sendimaður þess hafði þá unnið í Kaupmannahöfn við að koma upp heimili, ætti ekki að leggjast niður, og varð það að ráði, að hann tæki sjálfur á leigu íbúð að Vesterbrogade 110 í Kaupmannahöfn, sem síðan hefur hlotið nafnið Íslenzka heimilið í Kaupmannahöfn og hann hefur sjálfur rekið. Rn. hefur ekki haft neinn veg eða vanda af leigumálum, þau eru gerð á hans eigin vegum, og hann annast persónulega rekstur heimilisins, og hefur heilbr.- og trmrn. ekki tekið neinn þátt í stofnkostnaði, en hins vegar hefur hann sjálfur fengið greidd mjög lág mánaðarlaun um þennan tíma. Auk þess sem starfsmaður heilbrrn. í Kaupmannahöfn hefur komið á fót og annast rekstur þessa heimilis að Vesterbrogade 110, þá hefur hann einnig séð um fyrirgreiðslu fyrir sjúklinga, því að lengst af þeim tíma, sem hann var í Kaupmannahöfn á s. l. ári, þá var ekki starfandi prestur þar af orsökum, sem mönnum eru kunnar.

Síðan prestur kom aftur til Kaupmannahafnar, hefur ekki verið glögg verkaskipting um þessa aðstoð við sjúklingana, þ. e. að liðsinna þeim við komuna til Kaupmannahafnar og aftur við brottför frá Kaupmannahöfn. Þeir hafa báðir unnið þessi störf, hann og presturinn, eftir því sem þörf hefur verið á og um hefur verið beðið af einstaklingunum sjálfum, ýmist héðan að heiman eða úti í Kaupmannahöfn. En gistiaðstöðuna hefur Gísli annazt einn. Hann hefur einnig heimsótt sjúklinga og annazt ýmiss konar fyrirgreiðslu fyrir þá jöfnum höndum og presturinn.

Hvað viðkemur samstarfi við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn, þá hefur ekki um neitt slíkt samstarf verið að ræða milli sendimanns heilbr.- og trmrn. og sendiráðsins. Hvað snertir samvinnu sendimanns heilbr.- og trmrn. og prestanna, sem verið hafa á þessum tíma, þá hafa þeir að mestu unnið hvor á sínu sviði, eins og ég áðan tók hér fram, en sendimaður heilbr.- og trmrn. hefur jafnan gætt þess, að presturinn fengi vitneskju um alla þá sjúklinga, sem komið hafa á sjúkrahús í Kaupmannahöfn og hann hefur ekki sjálfur getað tekið á móti.

Samkv. skýrslum, sem borizt hafa til rn. um starfsemina í Kaupmannahöfn, þá höfðu á tímabilinu 1. jan. til 30. ágúst 1970 komið 37 sjúklingar til Kaupmannahafnar og með þeim 22 aðstandendur, sem starfsmaður rn. hafði afskipti af og fyrirgreiðslu fyrir, og af þessum 22 dvöldu 16 lengri eða skemmri tíma á gistiheimilinu eða frá einni viku og upp í sex vikur, meðan þeir biðu aðgerðar eða árangurs eftir aðgerðir á vandamönnum sínum.

Hvað rekstri gistiheimilisins viðkemur, þá er honum hagað þannig, að sendimaður rn. tók persónulega á leigu íbúð í sambýlishúsi, fimm herbergja íbúð, og er þar hægt að hýsa 6—8 manns í senn. Þeir, sem dvalizt hafa þar, hafa borgað fyrir dvölina sjálfir, svo að nægt hefur fyrir húsaleigu og öðrum rekstrarkostnaði fyrir íbúðina, og hafa einstaklingar borgað 25 kr., en hjón 40 kr. fyrir nóttina, en aðstöðu hafa þeir haft til að sjá um mat sinn sjálfir, hafi þeir óskað þess. Rn. hefur ekki kostað neinu til þessa húsnæðis, og það, sem til hefur verið kostað, hefur starfsmaðurinn greitt sjálfur eða fengið sem framlög frá ýmsum aðilum, og hafa þessu heimili borizt gjafir í húsmunum, málningu, gólfteppum og öðru, sem nemur að mati rúmlega 200 þús. kr. Þeir aðilar, sem látið hafa af hendi slíkar gjafir, eru Emil Hjartarson, verksmiðjan Dúna, trésmiðjan Víðir, Stálhúsgagnagerð Steinars Jóhannessonar, Slippfélagið í Reykjavík, Sæmundur Sigurðsson málarameistari, Skeifan h/f, bókaútgáfan Þjóðsaga og elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík.

Þegar prestsembættið í Kaupmannahöfn var lögfest á s. l. ári, var gert ráð fyrir því í heilbr.- og trmrn., að sendimaður þess kæmi heim, og var honum sagt upp starfi frá og með 1. sept. 1970. Þegar hins vegar kom í ljós, að ekki lá beint fyrir, að það væri embættisskylda prestsins að annast sjúklinga í Kaupmannahöfn heða sjá um rekstur þeirrar starfsemi, sem rn. hafði komið á stofn, þá ákvað ráðh., í þessu tilfelli ég, að starfsemi þessari skyldi haldið áfram enn um óákveðinn tíma, enda bárust þá rn. fjölmargar óskir þar að lútandi, bæði frá einstaklingum og öðrum, sem með þessi mál hafa að gera og skrifað hefur verið um í dagblöð hér á landi,

eins og hv. fyrirspyrjandi minntist á. Starfsemin hefur því verið rekin áfram og er nú rúmlega ársgömul.

Það er samdóma álit allra þeirra, sem gert hafa vart við sig í rn. með einum eða öðrum hætti, bréflega eða munnlega, að á meðan við þurfum á því að halda að senda sjúklinga til Kaupmannahafnar í þeim mæli, sem nú er, sé þörf fyrir þessa starfsemi. Mjög stór hluti þeirra sjúklinga, sem fara til Kaupmannahafnar, kemur af taugasjúkdómadeild Landsspítalans eða í tengslum við þá lækna, sem þar starfa. Yfirlæknar þeirrar deildar eru Kjartan R. Guðmundsson og Gunnar Guðmundsson dr. med. Þeir sendu heilbr.- og trmrn. bréf dags. 7. jan. 1971 vegna þess að þá hafði kvisazt, að þessi starfsemi mundi leggjast niður um áramótin, og var bréf þeirra svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir yfirlæknar taugasjúkdómadeildar Landsspítalans förum þess hér með á leit við hæstv. heilbrmrn., að það hlutist til um, að haldið verði áfram að veita þeim sjúklingum, sem senda þarf til ríkisspítalans í Kaupmannahöfn til frekari rannsókna og aðgerða, þá aðstoð, sem veitt hefur verið að undanförnu. Hér er um að ræða margþætta aðstoð, m. a. móttöku sjúklinga á flugvelli, aðstoð við að koma þeim inn á sjúkrahúsið, túlkun við danska hjúkrunarliðið og útvegun húsnæðis fyrir þann aðila, ættingja eða hjúkrunarfólk, sem fylgir sjúklingunum og þarf að dvelja eftir atvikum mismunandi lengi erlendis, meðan á rannsókn eða aðgerð stendur. Útvegun húsnæðis um tíma er þýðingarmikið, bæði fyrir sjúklinginn og þá, sem sendir eru með honum, því oft er það vegna þess, hvernig stendur á flugferðum, að senda þarf sjúkling til Kaupmannahafnar nokkrum dögum áður en hann á að leggjast inn á sjúkrahús. Mikil andleg raun er það fyrir sjúklinga, sem í flestum tilfellum eru alvarlega veikir, að vera settir í svo framandi umhverfi sem raun ber vitni um, því að margir þeirra koma úr fámenni og kunna oft og tíðum lítil sem engin skil á erlendu máli og eiga því erfitt með að tjá sig eða skilja það, sem sagt er við þá. Áðurnefnd hjálp hefur mjög bætt úr þessum erfiðleikum, auk þess sem kunnugt er, að hún hefur komið sér mjög vel fyrir hið danska hjúkrunarlið. Æskilegt væri, að hlutazt yrði til um, að íslenzkar hjúkrunarkonur, sem unnið hafa á taugadeild Landsspítalans, fengju vinnu við heilaskurðardeild ríkisspítalans í Kaupmannahöfn um tíma, t. d. í sex mánuði í sumar, en með því gætu þær orðið sjúklingum til mikillar hjálpar og auðveldað mjög fyrir hinu danska hjúkrunarliði, auk þess sem þær mundu öðlast dýrmæta reynslu, sem kæmi sér aftur vel í starfi þeirra hér heima. Mörg undanfarin ár höfum við notið sérstakrar velvildar og fyrirgreiðslu hjá dönskum læknum og hjúkrunarfólki, og væri því æskilegt, að við sýndum þakklæti okkar á þann hátt, á annan hátt en eingöngu í orði. Við viljum því í þessu tilefni leyfa okkur að benda á meðfylgjandi ljósrit af bréfi, sem sent var til orðunefndar í sambandi við heiðrun á læknum, dönskum læknum."

Þetta er bréf þeirra yfirlæknanna á taugadeild Landsspítalans, og verður ekki efað, að þeir menn ættu að þekkja gerst til þessara hluta. Í þessu sambandi má einnig minna á það, að Íslendingar fara nú aðallega á tvo staði erlendis til að leita læknishjálpar, til Kaupmannahafnar og til London, og í des. s. l. barst rn. bréf frá félagi Íslendinga í London, þar sem rætt er um vandkvæði þeirra sjúklinga, sem þurfa að sækja til London, og óska þeir eftir því, að rn. taki það mál upp til athugunar.

Eins og málum er háttað í dag, þá hefur rn. ekki treyst sér til að hætta því starfi, sem það lét hefja í janúar 1970, þegar prestlaust var í Kaupmannahöfn um tíma og enginn var þar til að sinna sjúklingum. Enda þótt prestur hafi nú aftur komið til Kaupmannahafnar, þá er sendimaður rn. enn í þessu starfi og mun gegna því áfram um sinn. Rn. mun því við gerð næstu fjárlaga gera ráð fyrir því, að það standi fyrir hjálp eða aðstoð við sjúklinga í samráði við Tryggingastofnun ríkisins bæði í London og Kaupmannahöfn á svipuðum grundvelli og nú er í Kaupmannahöfn. Og kemur þá til kasta Alþ. að ákveða, hvort rn. hefur hér farið að vilja meiri hl. Alþ. í þessum málum. A. m. k. er maður vanari því, að fundið sé að því, sem ekki er gert, en því, sem gert er.

Hvað snertir síðari hluta spurningar Magnúsar Kjartanssonar, hv. þm., hver sé hinn árlegi kostnaður heilbr.- og trmrn. af þessu starfi í Kaupmannahöfn, þá er því til að svara, að árið 1970 voru greiddar frá rn. alls 231 064 kr. Af þessari upphæð endurgreiddi Tryggingastofnunin 60 þús. kr., en Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki tekið þátt í kostnaði við þetta starf síðari hluta ársins. Hins vegar hefur stofnunin nýlega gert sérstaka afsláttarsamninga um flutning, afsláttarsamning á fargjöldum vegna flutnings þessa fólks, sjúklinga og aðstandenda þeirra.

Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi telji þetta fullnægjandi svar.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessi fsp. mín fjallaði nú ekki um neitt af stóru málunum, en samt gerðust nú þau tíðindi, að það þurfti tvo hæstv. ráðh. til að svara, og sá einkennilegi atburður er til marks um það, að þarna er eitthvað dálítið einkennilegt á seyði, sem við höfum nú, held ég, ekki fengið eðlilega skýringu á enn þá.

Ég tók eftir því, að hæstv. dómsmrh. forðaðist algerlega að svara þeim lið fsp. minnar, hvernig háttað væri samstarfi sendiráðs Íslands og íslenzka prestsins og fulltrúa trmrn. í Kaupmannahöfn. Hins vegar skýrði hæstv. ráðh. frá því, hver væri kostnaður við starfsemi prestsins í Danmörku, m. a. að hann hefði í mánaðarlaun 4220 kr. danskar eða rúmar 50 þús. ísl. kr. á mánuði. Einnig gat hæstv. ráðh. um heildarkostnað af starfsemi prestsins á síðasta ári. Sú tala, sem hæstv. ráðh. nefndi, er nú lægri en talan, sem ég tel mig nú hafa örugga vitneskju um, en það getur stafað af því, að í þeirri tölu, sem ég er með, er húsnæðiskostnaður prestsins að sjálfsögðu meðtalinn sem tekjur, en með því móti yrði heildarkostnaður ásamt launum af starfsemi prestsins 1 096 754 kr. á s. l. ári. Auk þess mun presturinn hafa farið fram á nokkra hækkun núna vegna starfa sinna við hús Jóns Sigurðssonar, og hann hefur full diplómatísk hlunnindi hjá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn.

En aðalspurningin hjá mér var sú, hvernig háttað væri samstarfi þeirra aðila í Kaupmannahöfn, sem að sögn eru að vinna að sömu verkefnunum. Og svar við

því kom fram í ræðu hæstv. félmrh. Hann komst svo að orði:

„Hvað viðkemur samstarfi við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn, þá hefur ekki um neitt slíkt samstarf verið að ræða milli sendimanns heilbr.- og trmrn. og sendiráðsins."

Þarna er íslenzkur maður að starfa að sérstökum verkefnum á vegum eins rn. hér, og það er ekki um neitt samstarf að ræða milli hans og sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn. Þetta er alveg furðuleg yfirlýsing að minni hyggju. Og enn fremur sagði hæstv. ráðh.:

„Hvað snertir samvinnu sendimanns heilbr.- og trmrn. og prestanna, sem verið hafa á þessum tíma, þá hafa þeir að mestu unnið hvor á sínu sviði, eins og fram hefur verið tekið hér að framan."

Þarna eru tveir menn, sem eiga að vera að starfa að sömu verkefnunum, og þeir hafa ekki heldur samvinnu sín á milli. Kannske mæta þeir stundum báðir við íslenzku vélarnar, sem koma með sjúka menn að heiman, og togast hreinlega á um þá. Eða hvernig eiga þeir að vita það, hver tekur að sér verkefnið, ef þeir hafa ekki neina eðlilega samvinnu um slíka hluti? Auðvitað er þetta ástand algerlega fráleitt. Það nær ekki nokkurri átt, að hæstv. ríkisstj. sé með starfsmenn úti í Kaupmannahöfn, sem ekki geta unnið saman. Hvers konar endileysa er það eiginlega?

Hæstv. heilbr.- og félmrh. gerði ítarlega grein fyrir störfum hins sérstaka fulltrúa síns í Kaupmannahöfn, og skal ég ekki gera neina aths. við þá frásögn. Ég skal ekki efa það, að hann og aðrir, sem þarna eru, reyni að láta sem mest gott af sér leiða. Hæstv. ráðh. sagði, að kostnaðurinn af störfum hans hefði á síðasta ári verið 231 064 kr. Hins vegar er þess ekki getið, hver væru laun hans nú á mánuði, og væri fróðlegt að fá vitneskju um það. Ástæða er til þess að vekja athygli á því í þessu sambandi, að hér er um að ræða mann, sem gegnir kaupsýslustörfum í Kaupmannahöfn. Þetta er ekki hans aðalstarf, þetta er aukageta. Og það væri mjög fróðlegt að fá að vita, hver vinnutími hans er í þágu rn. í samanburði við þessa upphæð, sem þarna er nefnd.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það er mikil þörf á því, að Íslendingar, sem sendir eru til Kaupmannahafnar og raunar Lundúna einnig, eigi kost á fyrirgreiðslu af hálfu íslenzkra aðila, sem þar eru. Margt af þessu fólki er ekki vant að tala erlent mál og getur átt í margs konar vanda, þegar það þarf að sækja til erlendra aðila um lækningar. En ég tel það alveg einsætt, að slík fyrirgreiðsla á að vera í verkahring sendiráðanna á þessum stöðum. Það hefur verið mikið um það rætt, að það þyrfti að endurskoða starfsemi sendiráða vegna breyttra aðstæðna, og það tel ég rétt vera, en ég tel, að sendiráðin eigi einmitt að rækja það verkefni alveg sérstaklega að aðstoða Íslendinga, sem komnir eru þarna í slíkum erindagerðum. Til þess þarf að ráða fólk, sem er sérstaklega til þess lært. Það er orðin sérstök námsgrein í skólum að aðstoða fólk í slíkum vanda, og það á að velja sérfróða menn til slíkra starfa, en ekki telja þau einhverja aukagetu prestlærðra manna, hversu góðir sem þeir kunna að vera, eða einhverja aukagetu kaupsýslumanna á vegum Alþfl., sem kunna að vera á lausum kjala um stundarsakir.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í tilefni af síðari ræðu hv. fyrirspyrjanda. Hann sagði, að ég hefði forðazt eins og heitan eldinn að gefa nokkrar upplýsingar um, hvernig væri háttað samstarfi prestsins og fulltrúa heilbrmrn., sem í Kaupmannahöfn er starfandi, eða starfsmanns þess. Ég skal segja það alveg eins og er, að ég vék ekki að því, vegna þess að ég gat ekki neinar upplýsingar um það gefið, hafði ekki neina skýrslu um það, hvernig slíku samstarfi væri háttað.

Út af þeim upplýsingum, sem ég gaf um kostnað af prestsembættinu í Kaupmannahöfn, — ég man nú ekki alveg töluna, hef ekki tekið með mér plöggin hér upp í ræðustólinn, en hv. þm. nefndi hins vegar aðra tölu. Ég hygg, að inni í þeirri tölu, sem hann nefndi, muni vera m. a. ferðakostnaður, flutningskostnaður á búslóð þess prestsins, sem heim kom, og hins, sem út fór, og enn fremur fargjöld fyrir fjölskyldur þeirra, bæði eiginkonur þeirra og börn. Ég held, að það, sem þarna ber á milli, skýrist af því.

Þá talaði hv. þm. um það, að eðlilegast væri að fela sendiráðunum þessa fyrirgreiðslu við sjúklinga eða fólk, sem leitar sér lækninga erlendis. Það má vel vera, að það sé réttasta leiðin. Hitt er annað, að þegar prestsembættið í Kaupmannahöfn er ákveðið, þá er beinlínis gengið út frá því, að presturinn hafi slíka þjónustu með höndum. Það má vel vera, að því sé hægt að skipa á heppilegri veg, en það er a. m. k. ekki orðið enn, hvað sem síðar kann að verða.

Mér dettur í hug eitt í sambandi við þessa þjónustu við sjúklinga. Það þykir nú kannske ekki stórt mál, en það rifjaðist upp fyrir mér fyrir nokkru síðan, að einhvern tíma var ég á ferð í Kaupmannahöfn og hitti þar fólk, sem var í fylgd með sjúklingi, sem var verið að flytja þangað á spítala. Þá sagði við mig gömul vinkona mín, sem var gift og búsett í Kaupmannahöfn og hafði verið þar árum saman og orðin það roskin, að hennar börn voru komin vel á legg og hún ekki bundin af sínu heimili mikið, hún sagðist furða sig á, að það skyldi ekki hafa verið komið á einhverjum samtökum meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn, húsmæðra íslenzkra, sem eru fjöldamargar búsettar í Kaupmannahöfn, um að stofna til einhvers þjónustustarfs við Íslendinga, sem liggja þar á sjúkrahúsum. Ég sagði nú við hana, hvers vegna hún gerði þetta ekki sjálf. Hún sagði, að hún hefði kannske ekki svo góða aðstöðu til þess, en ég skal viðurkenna, að það var eiginlega nú nýlega, sem þetta rifjaðist upp fyrir mér, og ég mun nú a. m. k. koma þessu áleiðis til þeirra aðila, sem hugsanlegt væri, að beittu sér fyrir slíku. Ég fyrir mitt leyti legg mikið einmitt upp úr slíkri — ég veit ekki, hvort við eigum að nefna það þjónustu, mikið upp úr því að mynda einmitt tengsl milli sjúklinganna og slíks fólks. Í sumum tilfellum álít ég, að það græðist ýmislegt meira á því en ef þarna væri beinlínis um að ræða embættismenn, oft störfum hlaðna. Þetta er þá þjónusta eða fyrirgreiðsla, sem látin yrði í té að sjálfsögðu án nokkurrar þóknunar eða endurgjalds.

Eitt atriðið í fsp., sem ég athugaði nú reyndar ekki áðan, var um tengsl íslenzka prestsins við sendiráðið í Kaupmannahöfn. Á sínum tíma þegar sr. Jónas Gíslason fór fyrst út, 1964 minnir mig, að það hafi verið, þá mun hann hafa verið tilkynntur til danska utanrrn. sem sendiráðsprestur og fékk að því leyti vissa diplómatíska

stöðu eða starfssvið, ef ég mætti nú nota það orð. Hins vegar er mér ekki fullkunnugt um, hvort enn þá hefur átt sér stað slík tilkynning eða verið fengin slík viðurkenning fyrir prestinn, sem nú starfar í Kaupmannahöfn. Ég mun hins vegar athuga, hvort svo hefur verið gert eða hvort talið yrði rétt að óska eftir því.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það var aðeins út af tveimur atriðum til að fyrirbyggja misskilning. Í fyrsta lagi spurði hv. fyrirspyrjandi, hver væru mánaðarlaun hins umrædda sendimanns. Hann er ekki á neinum föstum mánaðarlaunum. Það hefur verið metið eftir skýrslum, sem staðfestar eru af öðrum aðilum, hver hans fyrirhöfn er í þessu sambandi hverju sinni, enda maðurinn ekki fastur starfsmaður.

Um samstarfsleysið, sem hv. fyrirspyrjandi lagði mikið upp úr, þá er kannske þarna um að ræða misritun í svari mínu, sem hv. þm. hefur nú haft til umráða um nokkurra daga skeið. Ég lét honum það í té skriflega. Það, sem ég vildi leggja áherzlu á í sambandi við það, var það, að maðurinn væri ekki attaseraður við sendiráðið og þess vegna ekki starfsmaður sendiráðsins. Þetta er það, sem ég á við um sambandsleysið, sem um er rætt og ég vil, að komi skýrt fram.

Í þriðja lagi vil ég svara því, sem þm. hnýtti í endann, að hér væri um eitthvert náðarbrauð að ræða til Alþfl.-manna. Fyrir mér vakir það eitt, að þessi starfsemi haldi áfram, en ekki hver gegnir henni.

Það var vel og drengilega undirstrikað af hæstv. dómsmrh. hér áðan, að á slíku heimili er full þörf og það væri varla hægt að fara fram á það, að sendiráð annaðist rekstur slíkra heimila. Ég hygg, að það samrýmdist ákaflega illa verkefnum sendiráðs erlendis að reka slík heimili. Spurningin er því ekki sú, hver gegnir starfinu, heldur að það sé rækt og þeir, sem þarna eiga um sárt að binda, sjúklingar og aðstandendur, fái þessa aðstöðu, sem þarna er um að ræða, og hefur skilningur á þessu sýnt sig mjög vel í því, hve mörg fyrirtæki hafa þarna af frjálsum og fúsum vilja lagt þessu heimili lið fjárhagslega.

67. Samgöngur við Austurland.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til samgrh. um samgöngur við Austurland [239. mál, 3] (A. 454).

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 34. og 36. fundi í Sþ., 16. og 23. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fsp. fyrir hæstv. samgrh. á þessa leið:

„Hvað hefur ríkisstj. hugsað sér að gera til þess að tryggja Austfirðingum sambærilega aðstöðu við aðra landsmenn um vöruflutninga erlendis frá?

Vill ríkisstj. beita sér fyrir því, að komið verði upp einni eða fleiri umskipunarhöfnum á Austfjörðum?“

Síðan þessi fsp. var lögð fram, hefur það gerzt, að tilkynnt hefur verið, að Eimskipafélag Íslands hafi fallizt á það að gera eina höfn á Austurlandi sambærilega við þær hafnir í öðrum landsfjórðungum, sem ákveðnar hafa verið sem innflutningshafnir. Vissulega er það spor í rétta átt, en því fer vitanlega víðs fjarri, að það sé nóg til þess að koma þessum málum á Austurlandi í sæmilegt horf. Ég vænti, að hæstv. samgrh. svari þessum spurningum mínum, svo að það liggi ljóst fyrir, hvað ríkisstj. getur hugsað sér að gera í þessum málum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hafði nú hugsað mér að svara þessari fsp. fyrir viku, en hv. fyrirspyrjandi var þá ekki staddur í salnum, svo að ekki var hægt að ljúka því.

Eins og hv. fyrirspyrjandi vék að núna, þá hefur það skeð í þessari viku, að Eimskipafélag Íslands hefur ákveðið að gera Reyðarfjörð að aðalhöfn. Ég kallaði til mín forstjóra Eimskipafélags Íslands og forstjóra Skipadeildar SÍS og ræddi þessi mál við þá. Þeir gáfu ýmsar skýringar á þessum málum, og þykir mér rétt að greina nokkuð frá því.

Samkv. upplýsingum frá Eimskipafélagi Íslands fá móttakendur vöru utan Reykjavíkur sama farmgjald frá útlöndum og varan væri flutt á til Reykjavíkur, ef um er að ræða a. m. k. 20—30 tonn í einu og einhver fyrirvari hafður á um flutning vörunnar. Eru þetta upplýsingar, sem mér eru mjög kærkomnar, því að ég hafði ekki búizt við því, að menn ættu kost á þessu, en það sýnir, að skipafélögin gera öllu meira en menn höfðu reiknað með. Árið 1969 var Eimskip með 801 viðkomu í 48 höfnum utan Reykjavíkur og árið 1970 með 804 viðkomur á 49 höfnum utan Reykjavíkur. Eru nú fjórar hafnir, þegar þetta var tekið saman, en nú fimm, eftir að Reyðarfjörður er kominn, á landinu utan Reykjavíkur, sem Eimskip kemur reglulega til, svo kallaðar aðalhafnir, en það eru Ísafjörður, Akureyri, Húsavík, Vestmannaeyjar og Reyðarfjörður.

Samkv. upplýsingum frá Sambandi ísl. samvinnufélaga fara um 90% af flutningum þess með skipum beint á ákvörðunarhöfn. Er þá gert ráð fyrir, að lágmarksflutningur sé 50 tonn. Á árinu 1969 hafði SÍS 130 viðkomur á svæðinu frá Vopnafirði til Hornafjarðar fyrir utan olíuflutninga.

Hinn 22. þ. m. barst rn. svo hljóðandi bréf frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, dags. 19. þ. m.:

„Eins og yður er ljóst, búa íbúar strjálbýlisins við mjög misjafnan hlut að því er flutningskostnað á vörum snertir, síðan framhaldsflutningur á vörum með Ríkisskip var almennt felldur niður nema til þeirra hafna, sem skipafélögin viðurkenna sem aðalinnflutningshafnir. Einkum er hlutur Austfirðinga óviðunandi í þessum efnum, þar sem skipafélögin viðurkenna enga höfn þar sem aðalinnflutningshöfn, en einnig með sérstöku tilliti til þess, að þeir eru auk annars verulega

háðir flutningum með flugvélum, sem eru söluskattsskyldir. Það eru því vinsamleg tilmæli stjórnar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi til yðar, að þér beitið atfylgi yðar til að fá þeirri mismunun milli þjóðfélagsþegna, sem hér um ræðir, að einhverju leyti af létt." — Ég vil taka það fram, að þegar bréfritarinn talar um, að flutningar með flugvélum séu söluskattsskyldir, þá er þar ekki rétt með farið. — „Afrit af samhljóða bréfi til skipafélaganna, þar sem nánar er fjallað um þessi mál, fylgir hér með."

Þetta segir nú eiginlega allt, sem bréfritarinn vildi segja, en það er Bergur Sigurbjörnsson, sem skrifar undir fyrir hönd Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Forstjóri Eimskip sagðist nú fyrr hafa viljað viðurkenna aðalhöfn á Austurlandi en þetta, ef Austfirðingar hefðu komið sér saman um það, hvaða höfn það ætti að vera. Það hefur oft verið rætt um Seyðisfjörð, það hefur verið rætt jafnvel um Norðfjörð og Reyðarfjörð, en nú hefur sveitarstjórnasambandið komið sér saman um, að Reyðarfjörður væri bezta höfnin, og það sýnist nú flestum með tilliti til samgangna við Egilsstaði, sem nú eru að verða tiltölulega stór staður á Austurlandi. Eftir þetta viðtal mitt við forstjóra Eimskip skrifaði hann mér svo hljóðandi bréf, sem ég vildi lesa, með leyfi hæstv. forseta, en bréfið er örstutt:

„Með tilvísun til fundar fyrir hádegi í dag og bréfs móttekins eftir hádegi frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi staðfestist hér með, að Reyðarfirði verði bætt við svo kallaðar aðalhafnir, og munu gilda sömu reglur um flutninga til Reyðarfjarðar eins og til annarra aðalhafna, t. d. Ísafjarðar og Akureyrar."

Þá segir forstjóri Eimskipafélagsins og forstjóri Skipadeildar SÍS, að það verði að teljast óheppilegt að hafa sérstaka umskipunarhöfn á Austfjörðum, aðallega vegna þess, að milli hafna þar eru miklu færri ferðir en frá Reykjavík til einstakra hafna á Austfjörðum. Mundi þjónusta við einstakar Austfjarðahafnir því verða minni með því móti að öllu öðru óbreyttu.

Þá telja þeir forstjórarnir, að það sé engan veginn hægt að segja, að skip Eimskipafélagsins og SÍS hafi ekki haft töluverðar viðkomur á Austfjarðahöfnum undanfarin ár. Skulu nefnd eftirfarandi dæmi um viðkomur þeirra árið 1969: Vopnafjörður 29 viðkomur, Seyðisfjörður 52, Norðfjörður 38, Eskifjörður 23, Reyðarfjörður 56, Fáskrúðsfjörður 46, Stöðvarfjörður 21, Hornafjörður 47. Og auk þessa eru viðkomur vegna olíuflutninga og strandferðaskipanna, þannig að reikna má með því, að það sé til jafnaðar 1½ ferð á viku á þessar hafnir og á sumar tvær í viku, en það er vitanlega matsatriði, hvort það þykir nægilegt, hvort hægt er að kalla það góða þjónustu, þótt tvær ferðir séu á viku. Ég ætla ekkert að fullyrða um það. En það munu flestir geta verið sammála um, að æskilegt sé, að það séu þéttari viðkomur á þessar hafnir. En þess má geta, að það má reikna með bættri þjónustu hjá Skipaútgerð ríkisins, eftir að skipakosturinn hefur verið aukinn. Nýja Esja á að koma í gagnið um næstu mánaðamót með nýrri og betri áætlun fyrir íbúana á ströndinni.

Svar við þessum fsp. er þá það í stuttu máli, að Austurland mun njóta sama réttar og aðrir landshlutar, og það hefur nú fengið viðurkennda aðalhöfn, sem er Reyðarfjörður. Og panti íbúar á Austurlandi 20—30 tonn í einu frá útlöndum, þá geta þeir fengið þessar vörur fluttar á sama verði og þær væru fluttar til Reykjavíkur. Í öðru lagi verður að svara því til, sem forstjórar skipafélaganna sögðu, að það muni ekki vera hagstætt að hafa sérstaka umskipunarhöfn á Austfjörðum vegna fjarlægðar á milli hafna í fjórðungnum og tiltölulega strjálla ferða þar á milli. Þörfin fyrir umskipunarhöfn verður því minni sem skipaferðirnar verða þéttari og fleiri, en það mun verða með bættri þjónustu hjá Skipaútgerð ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér. Mér þykir einsýnt, að þessi fsp. mín hafi þegar komið að talsverðu gagni, því að hvort tveggja er, að hæstv. ráðh. hefur brugðizt vel við og kallað forstjóra skipafélaganna fyrir sig og fleiri hafa tekið upp á því að halda fund um málið og gert samþykktir um málið, sem síðan hefur þó leitt til þess, að nokkur árangur hefur fengizt í máli, sem við þm. Austf. höfum unnið að hér á Alþ. m. a., að hæstv. ráðh. veitti sína aðstoð við að leysa.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði, þá þykir mér ástæða til þess að benda á, að það er alveg fráleitt, þegar forstjórar skipafélaga nefna talsvert háar tölur um viðkomufjölda skipa þeirra á stöðunum sem dæmi um það, hvað samgöngur séu tiltölulega góðar eða a. m. k. sæmilegar við þessa staði. Og ég gat varla heyrt annað á hæstv. ráðh. en að hann teldi þetta nú bara allnokkuð, jafnvel 1—2 ferðir í viku. Það er ekki kvartað undan því, að þessi skipafélög, sem halda uppi þessari þjónustu, sendi ekki sín skip á þessa staði. Vissulega senda þau sín skip á þessa staði til þess að hirða útflutningsvörur frá þessum stöðum. Það hafa þau gert. Þau hafa t. d. orðið að koma til Neskaupstaðar, svo að ég nefni dæmi, um 40 sinnum á einu ári til þess að taka þær þúsundir tonna af framleiðsluvörum, sem þar hafa legið til útflutnings. En á sama tíma sem skipafélögin hafa gert þetta, að koma á þessa staði til þess að taka útflutningsvöruna, þá neita þau þessum stöðum um eðlilega þjónustu með vöruflutninga til staðanna. Það er um það, sem málið snýst.

Það ákvæði hjá Eimskipafélaginu, að ef aðili flytur inn 20—30 tonn í einu, þá geti hann notið sömu flutningsgjalda eins og þegar varan er flutt til Reykjavíkur, leysir vitanlega ekki þann vanda, sem hér er við að eiga, nema í örfáum tilfellum. Á þessum framleiðslustöðum er iðulega verið að flytja inn margs konar vörur, sem ekki ná þessum þunga og verða skiljanlega að flytjast með þessum skipum meira og minna erlendis frá til Reykjavíkur. Hér verða vörurnar að liggja og Austfirðingar verða síðan að borga sérstakt aukaflutningsgjald á þessar vörur frá Reykjavík og til sín. Það er þetta, sem þarf að leiðrétta. Og ég tel, að það, sem hæstv. ráðh. hefur nú gert í þessum málum, sem er nokkuð í áttina, sýni einmitt það, sem við þm. Austf. höfum bent hér á hvað eftir annað í þessum umr., að auðvitað er hæstv. ráðh. það í lófa lagið að kippa þessum málum í lag, því að skipafélögin, bæði Eimskipafélagið og Skipadeild SÍS, verða vitanlega að taka tillit til sanngjarnra krafna, sem koma frá samgrn. um það, að þau eigi að hafa vissar skyldur gagnvart þessum byggðarlögum, sem þau hirða allan útflutninginn frá,

og með þeim hætti, sem þau gera, því að þau koma bara til þess að sækja útflutninginn án nokkurrar áætlunar og yfirleitt þannig, að menn á stöðunum hafa enga aðstöðu til þess að nota þær ferðir. Þær falla því til eingöngu vegna þarfa skipafélaganna sjálfra. En það er ekki tími til þess að ræða þetta frekar hér í þessum fsp.-tíma.

Ég þakka sem sagt hæstv. ráðh. fyrir svör hans og fyrir það, hvað hann hefur gert í þessu máli. Það hefur þegar áunnizt nokkuð, en það er nauðsynlegt, að hann og allir átti sig á því, að það þarf að gera meira, til þess að hér sé um viðunandi ástand að ræða.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það var tvennt, sem kom fram í svörum hæstv. ráðh., sem mér finnst, að geti valdið svolitlum misskilningi. Þegar taldar eru upp allar viðkomur skipanna á Austfjarðahöfnum, þá verða menn að hafa það í huga, sem hv. fyrirspyrjandi benti raunar á, að mikið af þeim viðkomum er eingöngu til þess að taka útflutningsvörur án þess að aðrar vörur séu fluttar um leið. Þannig er því nú varið. Eins er hitt, að þegar segir í bréfi frá Eimskip, að það hafi ekki verið ákveðin innflutningshöfn á Reyðarfirði fyrr, vegna þess að Austfirðingar hafi ekki verið sammála um höfnina, þá held ég, að þetta sé nú nánast fyrirsláttur. Það hefur áreiðanlega ekki staðið á Austfirðingum að taka ákvörðun um það, hvar innflutningshöfnin ætti að vera, ef þeir hefðu átt kost á því að fá hana ákveðna.

Mér þótti vænt um, þegar þessi fsp. kom fram. Þetta er mál, sem við Austfirðingar höfum haft á oddi og reynt að vinna að að undanförnu. Í þingbyrjun flutti ég fsp. um svipað efni, og þá sagði hæstv. ráðh., að nauðsynlegt væri að ræða við skipafélögin, og gaf til kynna, að hann mundi gera það. Ég var satt að segja, eins og hv. fyrirspyrjandi, forvitinn að heyra, hvað gerzt hefði í málinu. Nú hafa svörin komið fram. Það hefur þegar verið tekin ákvörðun um, að Reyðarfjörður verði gerður að innflutningshöfn fyrir Austurland, og jafnframt upplýsir ráðh., — ég hafði nú haldið, að markið væri nokkru hærra, — að allar hafnir, sem skipin á annað borð koma á, geti fengið vöru án aukakostnaðar, ef magnið nær 20—30 tonnum. Ég vil láta það koma í ljós sem mína skoðun, að um þýðingarmikinn áfanga sé að ræða, að því er varðar innflutningshöfn á Reyðarfirði, en þó sé með því engan veginn nóg að gert.

Á árunum 1962—1968 voru þau réttindi, sem dreifbýlið hafði í sambandi við framflutninga innfluttrar vöru, þrengd smátt og smátt. Framhaldsfragtirnar voru felldar niður í áföngum og innflutningshöfnum var fækkað. Ég lít svo á, að það sé algert lágmark, að þessu verði kippt til baka og við fáum ekki verri kjör úti á landsbyggðinni en við höfðum 1962, áður en þessi óheillaþróun hófst. En hún hlýtur að hafa verið gerð annaðhvort með vitund eða a. m. k. án mótaðgerða af hálfu stjórnarvalda, því að fragtir hafa yfirleitt verið undir verðlagsákvæðum. Þetta hygg ég, að þyrfti að gerast eftir ýmsum leiðum, með því að skipafélögin tækju aftur þátt í framhaldsfragtinni að nokkru leyti, að Ríkisskip veiti afslátt, a. m. k. af öllum stærri slöttum, þegar um innfluttar vörur er að ræða, eða kannske í öllum tilfellum, og einnig að stuðla að því, að skipafélögin sjálf flytji sem allra mest beint.

Ég vil leyfa mér að láta í ljósi þá eindregnu von, að stjórnarvöld, samgrh. í þessu tilfelli, láti ekki hér staðar numið, heldur beiti áhrifum sínum til þess, að frekari lagfæringar fáist á þessum málum.

68. Fræðslumyndasafn ríkisins.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um starfsemi Fræðslumyndasafns ríkisins [239. mál, 8] (A. 454).

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 34. og 36. fundi í Sþ., 16. og 23. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 454 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi fsp. til menntmrh. um starfsemi Fræðslumyndasafns ríkisins:

„Er það með vitund og vilja menntmrn., að Fræðslumyndasafn ríkisins sendir frá sér áróðursmyndir frá NATO til notkunar við landafræðikennslu í barna- og unglingaskólum?“

Tilefni þessarar fsp. er kvikmynd, sem sýnd var við landafræðikennslu í einum bekk unglingaskóla hér á næstu grösum fyrir um það bil fjórum vikum eða nokkrum dögum áður en ég flutti þessa fsp. Kennarinn hafði ákveðið að nota þennan tíma til þess að sýna nemendum kvikmyndir frá ýmsum þeim löndum, sem þeir höfðu verið að læra um undanfarið, og af hálfu skólans hafði því fyrir þennan tíma verið leitað til Fræðslumyndasafns ríkisins og beðið um kvikmyndir frá þessum löndum. Myndirnar höfðu verið sendar og kennslustundin hófst með því, að sýndar voru myndir frá Egyptalandi, Hong Kong og Japan. Þessar myndir voru eðlilegar landafræðikennslumyndir, þar sem sýnt var landslag, byggingar og atvinnuvegir þessara þjóða. Aðalgalli þessara kvikmynda var sá, að þær voru hvorki með íslenzku tali eða íslenzkum texta. Að öðru leyti voru þær góð og gild kennslugögn í landafræði. Þá var gripin mynd, sem var innan um hinar og var frá Tyrklandi. Fyrst birtust á tjaldinu nöfn ýmissa ríkja ásamt nafni Tyrklands, nöfn, sem hvorki nemendur né kennarar, sem viðstaddir voru, sáu í hendingu, hvað komu sérstaklega Tyrklandi við né hvað áttu yfirleitt sameiginlegt, þar til yfir allt tjaldið birtust bókstafirnir NATO. Þá rann ljós upp fyrir áhorfendum. Þeim var ljóst, hvaða þjóðir voru hér spyrtar saman í upphafi landafræðikennslumyndarinnar um Tyrkland. Þessi kvikmynd, sem Fræðslumyndasafn ríkisins sendi til notkunar við landafræðikennslu, var með öðrum orðum búin til af NATO, enda þótt þess sæjust engin merki á umbúðunum. Þar stóð aðeins Tyrkland.

Um myndina er það að segja, að hún hafði það fram yfir allar hinar myndirnar frá Fræðslumyndasafninu, að hún, þessi NATO-mynd, var með íslenzku tali. Þar var lögð áherzla á mikilvægi Tyrklands fyrir Atlantshafsbandalagið og hversu ómissandi liður í hernaðarbandalaginu her þessarar þjóðar væri. Það er sá sami her, sem þessa dagana er að segja stjórnmálamönnum þar fyrir verkum og hótar beinni valdatöku. Inn á milli landslagsmynda og kafla í kvikmyndinni, sem gátu talizt eðlilegir þættir í fræðslumynd og kennslumynd fyrir skóla, var skotið köflum frá heræfingum, þar sem sýnd var meðferð á tilheyrandi morðtólum, sprengjuvörpum, skriðdrekum, fallbyssum og þess háttar útbúnaði hersins. Enn eitt í þessari NATO-kvikmynd kom áhorfendum kynduglega fyrir sjónir. Svo mikil áherzla sem lögð hefur verið á fræðslu um skaðsemi reykinga og áróður gegn sígarettunotkun, einkum unglinga, þá þótti áhorfendum undarlegur sá kafli myndarinnar, þar sem sýndir voru saman við borð bandarískur hershöfðingi, grískur hershöfðingi og tyrkneskur í kófi af sígarettureyk, en frá andlitum þeirra og reykkófinu umhverfis þau var kvikmyndavélinni síðan beint að öskubakka á borðinu og út í myndrammann fylltu þrír sígarettupakkar hlið við hlið, Lucky Strike frá Bandaríkjunum, Hellas frá Grikklandi og einhver tegund, sem augsýnilega hlaut að vera frá Tyrklandi. Þarna var auk hernaðarbandalagsins búið að koma á einhverju táknrænu sígarettubandalagi, sem sérstaklega varð að vekja athygli skólabarnanna og unglinganna á. Þessi sígarettusvipmynd var eitt af því, sem Fræðslumyndasafni ríkisins virðist þykja brýn þörf á að koma fyrir augu íslenzkra ungmenna í landafræðikennslu. Og þessi áróðurskvikmynd fyrir tiltekið hernaðarbandalag, sem Fræðslumyndasafnið læðir inn í skólana með öðrum nothæfum og ágætum myndum, var sú eina, sem svo mikið var haft við, að henni fylgdi íslenzkt tal. Hinar, sem voru án áróðurs og voru eðlilegar kennslukvikmyndir, eru sendar út án íslenzks tals eða íslenzks texta.

Í lögunum um Fræðslumyndasafn ríkisins er á þann hátt lögð áherzla á pólitískt hlutleysi þessarar stofnunar, að sérstaklega er tekið fram, að auk útlána til skóla og fræðslusafna skuli einungis lána myndir til félaga, sem standa öllum opin án tillits til stjórnmálaskoðana, þ. e. í lögunum er gert ráð fyrir svo mikilli varfærni, að bannað er í rauninni að lána pólitískum flokkum venjulegar fræðslumyndir. Mönnum getur sýnzt sitt hvað um þörfina á svo ströngum reglum, en þær sýna afstöðu löggjafans á sínum tíma. Þrátt fyrir þennan anda laganna leyfir stofnunin sér að senda skólum áróðursmyndir frá hernaðarbandalagi til kennslu í landafræði. Ég veit til þess, að skólar hafa fengið kvikmyndir frá erlendum sendiráðum og tekið þeim með eðlilegri varfærni og aðgát. En að sjálfsögðu hafa skólayfirvöld talið, að óhætt væri að treysta sjálfu Fræðslumyndasafni ríkisins, en reynslan sýnir, að því trausti hefur stofnunin brugðizt.

Samkv. því, sem ég hef hér rakið og ég veit með fullri vissu, að hefur átt sér stað, tel ég óumdeilanlegt, að Fræðslumyndasafn ríkisins er bert að því að hafa sent frá sér til landafræðikennslu áróðurskvikmynd, útbúna af NATO, og það tel ég gróft hneyksli. Ég tel, að hv. Alþ. eigi rétt á að fá að vita, hvort þær athafnir stjórnenda Fræðslumyndasafnsins hafa verið með vitund og vilja menntmrn., og því er þessi fsp. borin fram. Sé það svo, að þessi útbreiðslustörf Fræðslumyndasafnsins í þágu NATO hafi verið unnin án vitundar og vilja menntmrn., þá óska ég eftir upplýsingum frá hæstv. ráðh., sem er æðsta yfirvald þessarar stofnunar, hvernig hann hyggst bregðast við því, sem orðið er, hvort rn. muni beita sér fyrir því, að Fræðslumyndasafnið leggi í eitt skipti fyrir öll niður þessa þjónustu fyrir hernaðarbandalagið, eða hvort hæstv. rn. hyggst láta það afskiptalaust, að stofnunin haldi áfram uppteknum hætti í þessu efni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda, á hann í fsp. við 13 kvikmyndir, sem eru í Fræðslumyndasafni ríkisins og Atlantshafsbandalagið lét gera á sínum tíma um jafnmörg aðildarríki þess.

Þessar myndir bárust Kvikmyndasafni ríkisins, sem þá var, sem hér segir: Sex myndir 14. sept. 1956, um Holland, Lúxembúrg, Frakkland, Belgíu, Danmörku og Ítalíu. Fjórar myndir 1. ágúst 1957, um Grikkland, Noreg, Bretland og Kanada. Ein mynd 15. nóv. 1957, um Ísland, og tvær 21. jan. 1958, um Portúgal og Tyrkland. Myndir þessar eru með íslenzku tali og hafa því verið nokkur fengur fyrir safnið á sínum tíma. Þær fjalla almennt um viðkomandi lönd, en sýna flestar stuttar svipmyndir af landvörnum og nefna þátttöku viðkomandi lands í Atlantshafsbandalaginu.

Í kvikmyndaskrá, sem Fræðslumyndasafnið, sem nú er, gaf út 1965 og notuð hefur verið síðan, er þess getið um allar þessar myndir, hver sé uppruni þeirra. Kennarar og skólastjórar ráða sjálfir, hvaða myndir þeir sýna, og safnið hefur ávallt lagt áherzlu á, að þeir skoði myndir, áður en þeir sýna þær nemendum. Umræddar kvikmyndir voru nokkuð notaðar í fyrstu, en jafnskjótt og safnið hefur getað aflað sér nýrra litmynda um þessi lönd, hefur notkun gömlu myndanna minnkað verulega.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Það kemur fram af þeim, að honum er kunnugt um það, að Fræðslumyndasafn ríkisins á og sendir til notkunar í skólum a. m. k. 13 kvikmyndir, sem eru útbúnar af hernaðarbandalagi. Þær eru ætlaðar til notkunar við venjulega landafræðikennslu, og mér er kunnugt um það, að í þessum skóla höfðu þeir kennarar, sem þessar kvikmyndir ætluðu að nota, enga hugmynd um uppruna þeirra. Óskjurnar, sem utan um þessar kvikmyndir voru, báru það á engan hátt með sér, hvaðan þær voru upprunnar, hverjir hefðu búið þær til eða hvers eðlis þær voru. Og mér finnst það algjört hneyksli, að slíkum myndum sé lætt innan um venjulegar fræðslumyndir, myndum, sem eru áróðursmyndir fyrir ákveðið og tiltekið hernaðarbandalag. Áróðurinn í þessum myndum er fólginn í því, að fá börn, skólaunglinga, til þess að líta á hernaðarbrölt og morðtóladýrkun hernaðarbandalags eins og NATO sem nauðsynlegt og sjálfsagt fyrirbæri og síðan í beinu framhaldi af því, að nauðsynlegt sé og sjálfsagt, að Íslendingar séu aðilar að bandalaginu. En um aðild Íslands hafa staðið meiri deilur hér á Íslandi en um flest annað, og því fer mjög fjarri, að því

verði haldið fram með gildum rökum, að svo mikið sem einfaldur meiri hluti þjóðarinnar styðji aðild Íslands að hernaðarbandalaginu. Það er því ósvífni og fáheyrt hneyksli, að stofnun sem Fræðslumyndasafnið, sem á að sjá skólum fyrir hlutlausri fræðslu, skuli taka við áróðurskvikmyndum útbúnum af hernaðarbandalaginu sjálfu til þess að læða innan um venjulegar fræðslumyndir, sem skólum eru sendar. Og þegar hæstv. ráðh. hefur nú upplýst, að þetta á sér stað og staðfest það, þá tel ég, að hæstv. Alþ. eigi rétt á því, að hann taki í taumana og sjái til þess, að tekið verði fyrir þennan hluta af starfsemi Fræðslumyndasafnsins í þágu hernaðarbandalags, en þörf væri hins vegar á því, að Fræðslumyndasafnið gæti sinnt betur því hlutverki sínu að sjá íslenzkum skólum fyrir eðlilegum fræðslumyndum og gæti útbúið þær myndir a. m. k. til jafns við þær, sem nú hafa verið sýndar frá NATO, þ. e. að þær væru með íslenzku tali og texta, en að það viðgangist ekki lengur, að einu myndirnar, sem sýndar eru með íslenzku tali og texta, séu frá hernaðarbandalagi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mál þetta er mér ekki óskylt, þar sem ég hef nú í tæplega tvö ár veitt Fræðslumyndasafninu forstöðu. Hins vegar bera upplýsingar ráðh. með sér, að þessar myndir komu til safnsins fyrir rúmlega hálfum öðrum áratug. Sá ágæti maður, sem þá veitti safninu forstöðu, er nú fyrir nokkru látinn, en eini starfsmaðurinn, sem hann hafði, hefur veitt mér þær upplýsingar, að eitthvað hafi verið klippt úr myndunum.

Í þessu safni eru yfir 1400 kvikmyndatitlar í rúmlega 1600 eintökum, svo að það er augljóst, að nýr starfsmaður getur ekki skoðað nema brot af þeim, og ég játa það hér, að ég hef ekki séð nema nokkrar af umræddum NATO-myndum. Mér virðast þær vera ákaflega misjafnar að gæðum og hafi tiltölulega lítið notagildi nú, þó að þær kunni að hafa haft það fyrir 15 árum. Safnið hefur ávallt búið við þröngan fjárhag og ekki getað keypt nema brot af þeim kvikmyndum, sem það vildi fá. Þess vegna hefur safnið haft, svo lengi sem ég þekki til, mjög vinsamlegt samband við ýmsa aðila og getað fengið bæði frá sendiráðum, stofnunum og ýmsum öðrum aðilum myndir, sem talið hefur verið æskilegt að fá.

Þegar menn deila um mál eins og áróður, þá þyrftu þeir helzt að gera sér grein fyrir því fyrir fram, hvað þeir meina með orðinu áróður. Hann getur verið grófur og augljós, en hann getur verið eins og mengun, mjög erfitt að draga hættumörkin. Ég skal játa, að ég hef verið heldur frjálslyndur í þessum efnum, en allar þær myndir, sem safnið hefur fengið, síðan ég kom þar, hafa að sjálfsögðu verið skoðaðar. Ég gæti t. d. sýnt hv. þm. eða hverjum sem vildi ágætar sovézkar myndir, sem við höfum nýlega fengið, sem eru um efni, er ýmsir mundu vafalaust telja áróður, en ég tel þær vera fróðlegar. Ég vil leggja á það megináherzlu, að Fræðslumyndasafnið hefur, að því er ég bezt veit, ávallt sagt, hvaðan myndir væru upprunnar, og ekki viljað blekkja nokkurn mann, hvað þetta snertir. Starfsmenn þess segja mér, að þeir geti þess ávallt við þá, sem fá NATO-myndir lánaðar, hvaðan þær eru komnar.

Það væri að sjálfsögðu æskilegt að geta sett íslenzka texta á miklu fleiri kvikmyndir, en það er því miður mjög dýrt og ekki hægt að gera það nema að nokkru leyti hér á Íslandi. Ég held, að hvað sem mönnum kann að finnast um þær myndir, sem hér hafa verið gagnrýndar, liggi það fyrir, að þær eru orðnar svo gamlar, að not þeirra verða héðan í frá sjálfsagt lítil sem engin.

Ég vil benda mönnum á, að það er alls ekki vandalaust að ákveða, hvaða myndir hafa áróðursgildi og hvaða myndir hafa það ekki. Myndir eru fengnar úr ýmsum áttum. Hv. þm. nefndi myndir frá Japan, sem eru til mjög góðar. Þær eru þó fengnar frá japönskum stjórnvöldum og sýna vafalaust landið í því ljósi, sem þau vilja. Ég held, að það sé ekkert af hættulegum áróðri í slíkum myndum, en þvert á móti geta slíkar myndir komið að mjög góðu gagni.

Ég vil vænta þess, að þessi áhugi á Fræðslumyndasafninu verði til þess, að því verði í framtíðinni gert kleift að kaupa fleiri myndir og þá beztu fræðslumyndir, sem það getur fengið, svo og það, sem kostar því miður mjög mikla peninga, að setja íslenzkan texta við myndirnar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend hér upp til þess að láta í ljós furðu mína yfir málflutningi hæstv. menntmrh. og forstjóra Fræðslumyndasafns ríkisins, hv. 5. þm. Vesturl. Það er ljóst af ræðum þessara manna, að þeir telja ekkert athugavert við það, að kvikmyndir, sem útbúnar eru af hálfu hernaðarbandalagsins NATO, af einhverri áróðursmiðstöð þessa bandalags, að sjálfsögðu í þeim tilgangi að reka áróður fyrir því sem hernaðarbandalagi, þ. e. beinan og óbeinan áróður fyrir hernaði, að slíkar myndir skuli vera notaðar og þeim skuli vera dreift um landið sem fræðslumyndum handa unglingum og börnum. Ég veit ekki, hvað veldur þessu viðhorfi, hvort þessir hv. þm., þessi hæstv. ráðh. og hv. þm. líta svo á, að NATO hafi öðlazt svona álíka rétt í fræðslukerfi okkar eins og Lútherstrú. Það er talið sjálfsagt, sem kunnugt er, þó að við séum ekki tiltakanlega vel kristnir, að mínum dómi, Íslendingar, eða kannske einmitt vegna þess, að hafa uppi kristindómsfræðslu í skólum. En að hvorugur þessara manna skuli hafa uppi minnstu tilburði til þess að afsaka þetta og þaðan af síður, að þeir lýsi því yfir, að þessu skuli hætt, það er vægast sagt furðulegt eða vægast sagt hneykslanlegt. En það leiðir hugann að því og vekur athygli á því, hver þörf er á, að menn hafi vakandi auga með þessum stofnunum, sem bera sakleysisleg nöfn, eins og t. d. Fræðslumyndasafn ríkisins.

Það er m. ö. o. niðurstaðan af málflutningi þessara tveggja hv. manna, hæstv. ráðh. og hv. þm., að í landafræðikennslu sé heppilegt eða að það sé ekkert athugavert við það, að í landafræðikennslu sé notuð áróðursmynd um hernað Tyrkja. Hvernig væri nú t. d. í þjóðfélagsfræði að hafa fræðslumynd frá Grikkjum og þá með sérstöku tilliti til lýðræðis? Það er önnur NATO-þjóð. Eða þá eina fræðslumyndina frá enn einni NATO-þjóðinni, Portúgölum, um mannréttindi almennt og t. d. nýlendustefnuna í framkvæmd?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tel það ekki skyldu menntmrh. né starfsmanna menntmrn. að skoða það, hvaða myndir berast Fræðslumyndasafni ríkisins eða hvaða myndir það býður skólastjórum til sýnis. Menntmrn. tekur ekki

að sér og hefur aldrei átt að taka að sér neina þess konar ritskoðun eða kvikmyndaskoðun hjá Fræðslumyndasafninu. Það ætlast hins vegar að sjálfsögðu til þess, að þarna sé gætt sjálfsagðs hlutleysis, og af ræðu forstöðumanns safnsins, sem er safninu kunnugur, hefur það komið greinilega fram, að að hans skoðun er hér ekki um neitt að ræða, sem kalla mætti hneykslanlegan áróður. Ég er þm. að sjálfsögðu sammála um, að ef um slíkt væri að ræða, þá ætti það ekki að eiga sér stað.

Ég lít sem sagt þannig á, að hér sé ekki um neitt slíkt að ræða. Þær myndir, sem safnið býður upp á, innihalda ekki neitt, sem kalla mætti hneykslanlegan áróður. Ég vek enn athygli á því, sem ég sagði í upphafi, að skólastjórum er það í sjálfsvald sett, hvaða myndir þeir panta og hvaða myndir þeir sýna, og að Fræðslumyndasafnið leggur á það áherzlu, að þeir skoði jafnan sjálfir áður þær myndir, sem þeir sýna. Ábyrgðin í þessu efni er því hjá hlutaðeigandi skólastjórum og hlutaðeigandi kennurum, en ekki á herðum Fræðslumyndasafnsins né menntmrn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend upp aftur til þess að ítreka hneykslun mína yfir málflutningi hæstv. ráðh. Ég má segja, að hann bæti ofan á nú í síðustu ræðu sinni, því að eftir þær upplýsingar, sem við fengum hér um þessa tilteknu kvikmynd frá hv. þm. Geir Gunnarssyni, þá er það niðurstaða hans, að það sé ekkert við þessar kvikmyndir að athuga, og hann fullyrðir raunar, að það sé ekkert athugavert við þær allar, eins og þær leggja sig. Þær eru 13 talsins. M. ö. o., hæstv. ráðh. hefur skoðað allar þessar myndir, öðruvísi getur hann ekki fullyrt þetta. (Gripið fram í.) En treystir m. ö. o. þá dómi flokksbróður síns, forstjóra Fræðslumyndasafnsins. Mér finnst hvort tveggja jafnathugavert. Það liggur sem sé ljóst fyrir, að ýmsir aðilar geta komið á framfæri þeim fróðleik, sem þeir hafa hug á að koma á framfæri við íslenzk skólabörn, í gegnum Fræðslumyndasafn ríkisins. Eftir þessu virðist mér t. d. ekkert því til fyrirstöðu, að Fræðslumyndasafnið dreifi fræðslumyndum frá stjórn Suður-Afríku um kynþáttamál. Það ætti að nægja að dómi hæstv. ráðh. og forstjóra Fræðslumyndasafnsins að skrifa utan á, að myndin sé frá Suður-Afríku.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður er mjög duglegur við það að leggja mér og hæstv. ráðh. skoðanir og jafnvel orð í munn og rangtúlka það, sem við höfum hér sagt. Ég vil ítreka það, að Fræðslumyndasafnið hefur reynt að afla sér margvíslegra mynda víða að. Ég er nýbúinn að leggja þó nokkra áherzlu á að ná í enska mynd frá Kína, eins og það er í dag, og ég get nefnt fjöldamargar slíkar myndir, sem ég tel vera fróðlegar og gjarnan megi nota, en við þessi skilyrði, að það sé sagt, hvaðan myndirnar eru og um hvað, og að kennararnir skoði þær og velji sjálfir.

Það er hægt að tala um hlutleysi sem algjört skoðanaleysi, en ég er hræddur um, að fjölmiðlunartæki, hvort sem eru kvikmyndir eða blöð eða bækur eða leikrit, muni þykja því betri, sem meiri skoðanir eru í þeim.

Ég vil ítreka það, að það eru í Fræðslumyndasafninu yfir 1400 titlar af kvikmyndum, og ég hef ekki getað skoðað nema brot af þeim. Það er algjörlega útilokað. Ég hef skoðað hverja einustu, sem hefur komið til safnsins, síðan ég kom þangað, og ég vil reyna að fá sem mesta fjölbreytni í myndum úr öllum mögulegum áttum. Ég tel mig hafa sýnt að því leyti til fullkomið hlutleysi, að ég hef reynt að afla mynda, — ja, ekki frá Suður-Afríku, ég verð að játa það, ég hef engan áhuga á því, — en t. d. bæði úr austri og vestri, frá þeim aðilum, sem hafa meginlífsskoðanir og viðhorf, sem ganga í gegnum landafræði, sögu og félagsfræði í nútímakennslu. Ég gæti sýnt hv. þm. nokkrar sovézkar myndir, sem er mjög hæpið að mundu teljast hlutlausar eftir mælikvarða hans, en ég tel vera þess virði, að kennarar eigi kost á þeim, ef þeir vilja nota þær, af því að þær eru mjög fróðlegar, þær sýna, hvernig ástand er í stóru landi, eins og yfirvöld þar kynna sjálf sig. Ég gæti nefnt fjöldamargar fleiri. Það má að vísu taka pólitískan áróður sérstaklega, en það er til alls konar annar áróður, sem við rekum vísvitandi. Ég kaupi myndir, sem eru áróður á móti tóbaksreykingum, áfengi og eiturlyfjum. Ég kaupi myndir, sem eru áróður fyrir hugsjónum eins og Sameinuðu þjóðunum og stofnunum þeirra. Hvar á að draga línurnar? Ég held, að það hafi ekki orðið neitt tjón, og ég held ekki, að það sé ástæða til að æsa sig upp á þann hátt sem hv. síðasti ræðumaður gerði.

Ég treysti íslenzkri kennarastétt fullkomlega til þess að velja kvikmyndir, sem viðkomandi kennarar telja, að komi að gagni. Þeir hafa mismunandi skoðanir, og sumir vilja þessar myndir, en aðrar ekki. Það er þeirra frelsi. Til þess er gefin út kvikmyndaskrá með upplýsingum, og í þeirri skrá er vandlega tekið fram um þessar umræddu myndir, sem safnið fékk fyrir 15 árum síðan, hvaðan þær eru upprunnar. Fræðslumyndasafnið segir engum kennara, hvað hann eigi að sýna. Það reynir af litlum efnum að afla eins mikils og fjölbreytts kvikmyndakosts og það getur. Síðan geta þeir íslenzkir kennarar, sem mestan áhuga hafa á að nota kvikmyndir, valið. Þeir hafa frelsi til þess að velja og hafna.

69. Náttúrugripasafn.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um náttúrugripasafn [239. mál, 9] (A. 454).

Á 33. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 34. og 36. fundi í Sþ., 16. og 23. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég spyrst fyrir um það, hvenær áformað sé að koma upp fullgildu náttúrugripasafni í Reykjavík. Ástæðan

til þess, að ég ber þessa fsp. fram, er sú, að nýlega var safnað hér á Íslandi allverulegri upphæð til þess að kaupa uppstoppaðan geirfugl til landsins. Þessi kaup voru gerð. Fuglinn er kominn hingað. En þá hlýtur maður að leiða hugann að þeirri staðreynd, að ástandið á Náttúrugripasafninu er þannig, að mjög verulegur hluti af þeim náttúrugripum, sem við eigum, er lokaður niðri í kössum og ekki hægt að sýna þá, hvorki hægt að sýna þá almenningi né veita t. d. nemendum í þessum fræðum aðstöðu til þess að vinna úr þeim.

Það er mjög slæmt ástand á þessu sviði, eins og raunar fleirum, og um það hefur verið talað langa hríð, að úr þessu verði að bæta. En sem sagt, það er þannig ástatt núna, að aðeins er um að ræða lítinn en mjög smekklegan sýningarsal í húsakynnum Náttúrufræðistofnunarinnar á Laugavegi 105. En mest af eigum okkar af náttúrugripum er lokað niðri í kössum.

Það hefur lengi verið um það talað, að það þurfi að sameina Náttúrufræðistofnunina og Háskólann, og það tel ég vera mjög rétta stefnu til þess að nýta sem bezt sameiginlegar eignir: gripi, tæki og bækur. En öll framkvæmd á þessu sviði hefur gengið ákaflega seint.

Annað atriði í þessu sambandi er einnig íhugunarefni. Það er staðreynd, að áhugi almennings hér á Íslandi á náttúrufræði er mun almennari en tíðkast í öðrum þjóðfélögum. Hreinar fræðibækur um náttúrufræðileg efni seljast hér á Íslandi í stórum upplögum. Þess vegna ber okkur skylda til þess að auka sem bezt við getum tengslin á milli vísindamanna og fræðimanna annars vegar og hins vegar almennings, og það verður mjög vel gert einmitt með stofnun eins og náttúrugripasafni, þar sem almenningur getur skoðað slíka muni, aukið þekkingu sína og hagnýtt sér þá vitneskju í sambandi við ferðalög sín og náttúruskoðun.

Áhuginn á þessu efni kom fram, eins og ég sagði áðan, í kaupunum á hinum uppstoppaða geirfugli, en áhugi á þessu sviði hefur einnig birzt á annan hátt. Hér hafa verið stofnuð mörg lítil söfn af ýmsu tagi, tengd náttúrufræðum, af miklum vanefnum af einkaaðilum. Þetta sýnir áhugann, en þetta er að sjálfsögðu ekki sú lausn, sem við þurfum að stefna að. Ef við ætlum að hafa hér myndarlegt náttúrugripasafn, þá verður það að vera skipulagt á vegum ríkisins og í tengslum við Háskóla Íslands. Ég tel þetta vera býsna stórt mál og vænti þess, að hæstv. ráðh. geti grein Alþ. frá því, hvernig áformin eru nú um þessar mundir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Náttúrugripasafnið í Reykjavík var stofnað árið 1889. Fyrstu ár safnsins var það í leiguhúsnæði á hinum og þessum stöðum í bænum, en haustið 1908 fékk það inni í hinu nýbyggða safnahúsi við Hverfisgötu og var þar óslitið til haustsins 1960. Þá fékk það til umráða nýtt og rúmgott húsnæði að Laugavegi 105. Húsnæðið, sem safnið hefur haft til umráða, er 600 m² og auk þess 290 m² leiguhúsnæði í sama húsi fyrir geymslu eða samtals 890 m². Stærð sýningarsalar, en hann er hluti af 600 m², sem ég nefndi áðan, er 100 m², og er það rétt, að sýningarhúsnæðið þyrfti að vera stærra.

Árið 1965 voru sett ný lög um Náttúrufræðistofnun Íslands, þar sem skýrari ákvæði voru sett um hlutverk stofnunarinnar. Nú er hafin kennsla í náttúrufræðum við Háskólann. Í því sambandi hefur verið rætt um það, hvernig haga eigi tengslum Náttúrufræðistofnunarinnar og Háskólans. Það er skoðun mín, og hana hef ég tjáð bæði Háskólanum og Náttúrufræðistofnun, að tengja ætti Náttúrufræðistofnun Háskólanum til þess að efla rannsóknir og styrkja aðstöðu við kennslu, en koma í veg fyrir tvíverknað. Starfandi er nefnd með einum fulltrúa frá Náttúrufræðistofnun og tveim frá Háskóla Íslands til þess að semja álitsgerð og gera tillögur um hugsanlega samvinnu þessara aðila um sameiginlegt húsnæði, og er þar bæði höfð í huga þörf náttúrufræðikennslunnar við Háskólann, rannsóknaraðstaða við Náttúrufræðistofnunina og aðstaða til sýningar á náttúrugripum Náttúrufræðistofnunarinnar.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um nýbyggingu fyrir Náttúrufræðistofnunina, enda er slíkt tæplega tímabært, á meðan ákvörðun hefur ekki verið tekin í sambandi við þau tengsl Náttúrufræðistofnunar og Háskóla, sem nú eru til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þann fróðleik, sem hann miðlaði þm. Það kom fram í máli hans, að ekki er um að ræða nein áþreifanleg áform um byggingu náttúrugripasafns eða þær aðgerðir aðrar, sem því ættu að vera tengdar. Það er aðeins starfandi nefnd á þessu sviði, sem á að semja álitsgerð og gera tillögur, en nefndirnar, sem starfa á vegum hæstv. menntmrh., eru nú svo margar, að á þær verður naumast komið tölu. Og þegar maður heyrir þær fregnir, að nefnd hafi verið falið að gera eitt eða annað, þá tekur maður nú ekki mikið mark á því, eins og nú er komið. En hæstv. ráðh. sagði, að það hefði engin ákvörðun verið tekin um nýbyggingu. Sem sé, það eru ekki horfur á neinum framkvæmdum á næstunni á þessu sviði, og mér finnst vera full ástæða til þess að harma það.

70. Rafvæðingaráætlun á Vestfjörðum.

Á deildafundum 22. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til raforkumrh. um rafvæðingaráætlun á Vestfjörðum [289. mál, 1] (A. 589).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. raforkumrh. um rafvæðingaráætlun á Vestfjörðum.

Við vitum, að raforkumálin í sveitum landsins eru mál málanna, og af eðlilegum ástæðum er það brennandi spurning, hvenær fólkið megi búast við að fá rafmagnið. Og þó að farið sé til sérfræðinga eða stofnana hér í bænum og leitað upplýsinga, þá eru svörin frekar lítil, því að það eru viðkomandi ráð, sem eiga eftir að taka ákvarðanir. Þessar spurningar eru í þremur liðum:

„1. Hafa verið gerðar rafvæðingaráætlanir fyrir eftirtalin byggðarlög:
a) Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu,
b) Ísafjarðardjúp,
c) í Strandasýslu: Óspakseyrarhrepp, Fellshrepp, Kaldrananeshrepp?
2. Hve margir bæir á ofangreindu svæði er áætlað, að fái rafmagn frá samveitum árið 1971, og hvenær er áætlað, að rafvæðingu þessara byggðarlaga verði lokið?
3. Hafa verið gerðar áætlanir um nýjar vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum?"

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Spurningunni um það, hvort gerðar hafi verið rafvæðingaráætlanir fyrir eftirtalin byggðarlög: Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu, í Strandasýslu: Óspakseyrarhrepp, Fellshrepp og Kaldrananeshrepp, er þannig svarað: Á vegum Orkustofnunar hafa verið gerðar frumáætlanir um rafvæðingu allra þessara byggðarlaga, að svo miklu leyti sem hugsanlegt er, að unnt sé að tengja þær samveitum.

Í öðru lagi. „Hve margir bæir á ofangreindu svæði er áætlað, að fái rafmagn frá samveitum fyrir árið 1971, og hvenær er áætlað, að rafvæðingu þessara byggðarlaga verði lokið?" Svarið er eftirfarandi: Á þessu svæði mun ekkert byggðarlag órafvætt, sem uppfyllir skilyrði um 1.5 km meðalfjarlægð á milli bæja. Af þeim sökum er ekki um rafvæðingu frá samveitu að ræða á þessu ári. Þó skal bent á, að í Vestur-Barðastrandarsýslu er þéttbýlt svæði, sem út af fyrir sig uppfyllir nefnd skilyrði, ef ekki er talin með löng aðfærslulína. Til þess að unnt verði á næsta ári að rafvæða þessa sveit, hefur nú verið ákveðið að leggja háspennulínu frá Patreksfirði um Kleifaheiði að Holti á Barðaströnd á þessu ári. Framkvæmdaáætlun þessa árs er ekki enn fullfrágengin, en verður tekin fyrir í orkuráði einhvern næstu daga. Sömuleiðis er verið að vinna að heildaráætlun næstu ára. Fyrr en þessum áætlunum er lokið, er ekki unnt að gefa endanlegt svar við þessum lið fsp.

Í þriðja lagi. „Hafa verið gerðar áætlanir um nýjar vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum?" Svar er þetta: Gerð hefur verið vinnsluáætlun fyrir allt Mjólkársvæðið. Sem liður í þeirri heildaráætlun er stíflugerð í Langavatni til vatnsmiðlunar fyrir núverandi Mjólkárvirkjun, sem Rafmagnsveitur ríkisins byggðu á þessu ári. Stífla þessi er einnig gerð með það fyrir augum, að virkja megi síðar fallið milli Langavatns og Borgar. Fengist með því 2800 kw ný virkjun, en núverandi Mjólkárvirkjun er 2400 kw. Þá hefur verið gerð áætlun um virkjun í Suðurfossá á Rauðasandi, en ákvörðun um framkvæmdir hefur ekki verið tekin. Rafveita Snæfjalla hefur fengið leyfi ráðh. til að reisa 200 kw virkjun í Blævardalsá í Nauteyrarhreppi. Hyggst rafveitan byggja þessa virkjun nú á næstunni með rafvæðingu Nauteyrar- og Snæfjallahrepps fyrir augum.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. raforkumrh. fyrir þessar upplýsingar, en ég veit, að fólk verður fyrir vonbrigðum, því að enn þá er miðað við sömu fjarlægðir á milli bæja, 1.5 km, og þó að búið sé að gera frumáætlanir, þá veit enginn í dag, hvað það þýðir, en ég treysti því, að það verði leitazt við að koma rafmagninu sem allra fyrst til sveitanna.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. minntist ekki á virkjun í Strandasýslunni, Þiðriksvallarvatnsvirkjun. Uppi eru háværar raddir um það, að til einhverra framkvæmda komi þar. A. m. k. hafa Rafmagnsveitur ríkisins boðið þar í tvær jarðir, Víðidalsá og Hnitbjörg, samtals 2.3 millj. eða nálægt því, og hefur það vakið nokkra furðu íbúa þessa svæðis. Góðar skýringar hafa hins vegar ekki fengizt á fyrirætlun rafmagnsveitnanna. Ganga þær sögur, að fyrst og fremst sé sótzt eftir laxveiðinni, sem er mjög í eftirspurn, eins og allir vita. Ég held, að það væri æskilegt að fá þetta upplýst, ef unnt er, þannig að enginn vafi megi vera um fyrirætlun Rafmagnsveitna ríkisins í þessu sambandi. Ég vil geta þess, að það hefur mætt mikilli andstöðu, að jarðir þessar séu keyptar. Hefur hreppurinn mikinn hug á því að nota forkaupsrétt sinn, ef jarðirnar verða seldar.

Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það vakti athygli mína, að ekki var minnzt á þær áætlanir um veitur á þessu svæði, sem mér hefur skilizt, samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá Rafmagnsveitum ríkisins, að séu í undirbúningi og eigi að ná allt til 2 km meðalfjarlægðar á milli bæja. Í þeim flokki eru vitanlega margar sveitir, eins og t. d. Bjarnarfjörðurinn og Fellshreppurinn í Strandasýslunni og Barðaströndin og eflaust fleiri. Væri gott að fá það staðfest eða upplýst, hvort þetta séu ekki réttar upplýsingar, sem ég hef fengið, um það, að slíkar sveitir verði teknar inn í þá næstu áætlun, sem nú er verið að vinna að.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get engin svör gefið hér um laxveiðiáhuga einhverra manna hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og ég vísa hv. þm. beint á rafmagnsveiturnar. Bæði er þar sérstök stjórn, eins og kunnugt er, og sérstakur framkvæmdastjóri, svo að það ætti að vera auðvelt fyrir þm. að fá upplýsingar um þennan sérstaka áhuga. Hitt er svo annað mál, að það hefur enginn frá Rafmagnsveitum ríkisins haft umboð til þess að fullyrða það, að rafmagn í sveitunum yrði lagt á þá bæi, þar sem 2 km eru á milli. Ég hef sagt hér, held ég, oftar en einu sinni í þinginu, að þegar 1.5 km meðalfjarlægðinni væri náð, sem verður á þessu ári, þá yrði gerð heildaráætlun, og að henni er verið að vinna, um það, hvernig skuli staðið að framtíðarrafvæðingu í sveitunum. Og ég hef ekki haft ríkan áhuga fyrir því að miða endilega við einhverja fjarlægð á milli bæja, heldur gera sér grein fyrir því í heild, hvaða bæir geti orðið aðnjótandi samveitna í sveitunum, og að mönnum verði það sem fyrst ljóst. Ég veit svo ekki, hvort það, sem ég hef um þetta sagt, þarf að valda svo miklum vonbrigðum. Við í rn. höfum þarna á þessu svæði farið út fyrir þau takmörk, sem fram til þessa hafa gilt, til þess að geta rafvætt myndarlegt svæði á Vestur-Barðaströndinni á næsta ári, og ég hef fengið sérstakar þakkir frá þeim, sem þar eru í fyrirsvari, fyrir það. En þetta var gert með því, að við lokaafgreiðslu fjáröflunar til rafvæðingar í sveitunum hækkaði ríkisstj. framlagið um 50%, og hefur hlutaðeigandi sveitarstjórnaraðilum þar verið tilkynnt um það. Því sagði ég

áðan, að á næsta ári yrði þetta svæði rafvætt, vegna þess að háspennulínan yfir Kleifaheiði yrði lögð á þessu ári.

71. Raforkumál Þistilfjarðarbyggða.

Á deildafundum 22. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til iðnrh. um raforkumál Þistilfjarðarbyggða [289. mál, 5] (A. 589).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp., sem hljóðar svo:

„Hefur rn. gert nokkrar ráðstafanir til að leysa raforkumál Þistilfjarðarbyggða, og hvernig þá, og hvenær hyggst það hrinda þeim fyrirætlunum í framkvæmd?"

Tilefni þessarar fsp. er það, að fyrir liggur að taka ákvörðun um, hvernig Þórshöfn á Langanesi, um 450 manna kauptún, skuli öðlast vatnsaflsraforku, en kauptúnið og nokkrir sveitabæir í næsta nágrenni hafa nú rafmagn frá dísilrafstöð. Það er, eins og allir vita, dýrt, en þó verra hitt, hve áhættusamt er að búa við slíkt í landshluta, þar sem hafís getur lokað olíuflutningaleiðum, jafnvel svo vikum skiptir. Tvær eru þær leiðir, sem helzt hafa þótt koma til greina til þess að afla Þórshöfn rafmagns frá vatnsorku, virkjun Sandár í Þistilfirði og lína frá Laxárvirkjun. Eftir því sem ég veit bezt, er það álit Orkustofnunarinnar, að hagkvæmara sé að koma Laxárrafmagni til Þórshafnar en virkja Sandá, en þá er eftir að ákveða línuleiðina, og hefur verið rætt um línu ýmist frá Raufarhöfn eða Kópaskeri. Nú er sveitarbyggðin í Þistilfirði fremur strjál og skiptist lítið í hverfi. Fellur byggðin þannig öll utan þeirra rafvæðingarmarka, sem nú er fylgt í framkvæmdum sveitarafvæðingar, 1.5 km í meðalfjarlægð milli bæja. Von Þistilfirðinga um rafmagn frá vatnsaflsstöð er því bundin því, að bæirnir og kauptúnið séu helzt tekin sem ein heild til rafvæðingar frá Sandárvirkjun eða öllu heldur um Laxárlínu frá Raufarhöfn eða Kópaskeri til Þórshafnar og hún verði ekki háspenntari en svo, að spennutengja megi við hana alla Þistilfjarðarbæi í leiðinni. Af rafmagnsfróðum mönnum er mér tjáð, að á þessu séu ekki tæknileg vandkvæði, meðan orkuþörf Þórshafnar er ekki meiri en enn er. Nú er það mikið áhugamál Þistilfjarðarbúa, að þeim sé búinn hagkvæmasti kosturinn í þessu efni og engir settir hjá, en benda þó á, að Kollavíkurbæir tveir að tölu lenda út úr dæminu, sé Laxárlínan lögð beint frá Kópaskeri. Telja þeir, að lína frá Raufarhöfn lægi betur við. Að beiðni ýmissa Þistilfjarðarbúa er því fsp. mín borin fram, ef ljósara mætti vera, hver þessara kosta verði valinn eða hvers þessir íbúar megi vænta í raforkumálum sínum á næstunni.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Sennilega hefði hv. fyrirspyrjandi eins getað svarað þessari fsp. og ég. Ef ég man rétt, á hann sæti í orkuráði, sem um þessi mál fjallar, og er þess vegna kunnugur öllum hnútum um fjárreiður rafvæðingarinnar og viðhorf iðnrn. Í þessum efnum eru einnig hæg heimatökin að fá upplýsingar hjá ráðuneytisstjóranum, sem situr fundi orkuráðs og hefur gert það síðan orkumálin féllu undir iðnrn.

Spurt er, hvort rn. hafi gert nokkrar ráðstafanir til þess að leysa raforkumál Þistilfjarðarbyggðar og hvernig þá og hvenær það hyggist hrinda þeim fyrirætlunum í framkvæmd. Svarið er eftirfarandi: Á vegum Rafmagnsveitna ríkisins hefur verið gerð áætlun um tengingu Raufarhafnar og Þórshafnar með 30 kw háspennulínu og tengja þar með þessa staði Laxársvæðinu. Háspennulögn milli Kópaskers og Raufarhafnar er nú að ljúka. Að lokinni þessari háspennulögn er ráðgerð rafvæðing Þistilfjarðarbyggðar út frá Þórshöfn frá Kollavík við vestanverðan Þistilfjörð að Eiðisvík á Langanesi. Þá er rétt að geta þess, að gerðar hafa verið fyrstu athuganir á virkjun við Sandá í Þistilfirði. Þessi frumathugun bendir ekki til sérlegrar hagkvæmni. Þessi valkostur verður þó athugaður nánar og borinn saman við fyrrgreinda tengingu við Laxársvæðið. Framangreindar ráðagerðir falla að öðru leyti inn í þær framtíðaráætlanir um rafvæðingu sveitanna, sem nú er unnið að og ég hef áður gert grein fyrir.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svörin, en vil benda á, að það er ekki alls kostar rétt, að ég hefði getað spurzt fyrir um þetta í orkuráði, því að verksvið orkuráðs er nú harla lítið. Það hefur aðeins tillögurétt um rafvæðingu sveitabæja og ekkert um það, hvernig háspennulínurnar eru lagðar, þ. e. þær línur, sem rafmagnið er tekið úr. Það er fyrst og fremst iðnrh. eða orkumrh., sem slíku ræður. Á síðasta orkuráðsfundi gerðum við einmitt fsp. um þetta, hvort línan yrði lögð frá Kópaskeri eða Raufarhöfn, og þá vissi ráðuneytisstjóri ekki um þetta mál, og enn virðist mér ekki liggja alveg ljóst fyrir, hvort heldur línan verður lögð frá Raufarhöfn eða Kópaskeri. En það, sem ég tók fram í minni fsp., var það, að Þistilfjarðarbúar telja sér hagkvæmara, til þess að tenging allra bæja komi inn í dæmið, að línan sé lögð frá Raufarhöfn. Nú er ég ekkert viss um, að þetta sé endilega réttur skilningur, en ég var að leita eftir því, hvort rn. væri búið að taka fullnaðarákvörðun um þetta mál.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé nú ástæðu til þess að þakka hv. 9. landsk. þm. fyrir þann áhuga, sem hann hefur fyrir rafvæðingu Þistilfjarðarbyggðar, og ég hygg mega ganga út frá því, að hann muni sem starfandi í orkuráði stuðla að þeirri rafvæðingu og þá ekki sízt rafvæðingu sveitanna, sem eiga við erfiðleika að stríða í þessu sambandi vegna vegalengda milli bæja. Þar sem hv. þm. talar um Þistilfjarðarbyggðir, þá geri ég ráð fyrir, að hann eigi við hreppana þrjá austan heiðar í Norður-Þingeyjarsýslu, Svalbarðshrepp, Sauðaneshrepp og Þórshafnarhrepp, en líklega ekki það, sem Efnahagsstofnunin kallar í Norðurlandsáætlunarskýrslu sinni Þistilfjarðarbyggð, sem er reyndar miklu

stærra svæði. En það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það hefur verið rætt um það undanfarið, að lögð yrði lína frá Laxá austur, allt til Þórshafnar, og er búið að leggja nokkuð mikið af þessari línu, þ. e. um sýsluna vestan heiðar. En eftir er að leggja línuna fyrir austan heiði. Í þessu sambandi er þess að geta, að fyrir nokkuð mörgum árum var veitt lagaheimild til þess að fela rafmagnsveitunum að reisa orkuver við Sandá í Þistilfirði. Og af ýmsum ástæðum hefur verið áhugi á því hjá mörgum innan héraðs, að sú heimild verði notuð. En stærð orkuvers við Sandá yrði sem svarar 2000 eða 2100 kw og mundi nægja fyrst um sinn til þess að sjá allri Norður-Þingeyjarsýslu fyrir rafmagni og e. t. v. einnig tveimur nyrztu hreppum Norður-Múlasýslu norðan Smjörvatnsheiðar, Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi að meðtöldu Vopnafjarðarkauptúni. Það er ýmislegt, sem mælir með því, að þessi leið verði valin eða að hún verði a. m. k. nákvæmlega athuguð, og eins má geta þess í þessu sambandi, að við höfum þrír þm. leyft okkur að flytja á þskj. 549 þál. um að fela ríkisstj. að láta hefja undirbúning að virkjun Sandár.

Ég vil þakka hæstv. raforkumrh. fyrir það, sem hann sagði áðan, að þessi möguleiki yrði að nýju tekinn til endurskoðunar, að virkja Sandá þó að um sinn hafi Orkumálastofnunin frekar hallazt að því, að rafmagnið kæmi frá Laxá. En þó að horfið yrði að virkjun Sandár, þá er það að sjálfsögðu mjög gagnlegt, að þessi háspennulína hefur verið lögð, bæði af því að mestur hluti hennar kæmi að notum við dreifingu raforku frá Sandá um þau svæði, en einnig er það að sjálfsögðu mjög heppilegt að tengja saman væntanlegt orkuveitusvæði Sandár og orkuveitusvæði Laxár, sem gert yrði með því, að línan lægi einnig um Reykjaheiði og yrði þannig í sambandi við Laxárvirkjun.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en mér þykir vænt um það, að þetta mál hefur komið hér á dagskrá, og vænti þess, að það ásamt till., sem ég nefndi áðan og flutt hefur verið, verði til þess, að það verði úr því, sem hæstv. ráðh. vék að hér áðan, að rækilega verði bornir saman þessir valkostir, sem hér er um að ræða, og þykir mér ekki ólíklegt, að sá samanburður mundi leiða það í ljós, að af ýmsum ástæðum yrði virkjun Sandár heppilegasta leiðin.

72. Fiskmat.

Á deildafundum 15. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvrh. um fiskmat [256. mál] (A. 498).

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 36. og 38. fundi í Sþ., 23. og 30. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

73. Vestfjarðaáætlun.

Á deildafundum 22. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um Vestfjarðaáætlun [289. mál, 2] (A. 589).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

74. Flugvellir á Vestfjörðum.

Á deildafundum 22. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgrh. um flugvelli á Vestfjörðum [289. mál, 3] (A. 589).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

75. Sjóvinnuskóli.

Á deildafundum 22. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um sjóvinnuskóla o. fl. [289. mál, 4] (A. 589).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

76. Sláturhús á Húsavík.

Á deildafundum 22. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til landbrh. varðandi sláturhús á Húsavík [289. mál, 6] (A. 589).

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.